

13. SUNDAG
JULIÚSSONAR
SÖGVAÐAÐS

EFTIR SKYLDU MÍNS EMBÆTTIS

[Prestastefnudómar
Þórðar biskups
Þorlákssonar
árin 1675–1697]

MÁR JÓNSSON OG
GUNNAR ÖRN HANNESSON
TÓKU SAMAN

Eftir skyldu míns embættis

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

13. bindi

Eftir skyldu míns embættis

Prestastefnudómar Þórðar biskups Þorlákssonar árin 1675-1697

MÁR JÓNSSON og GUNNAR ÖRN HANNESSON
tóku saman



REYKJAVÍK 2008
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 13

Eftir skyldu míns embættis

Prestastefnudómar Þórðar biskups Þorlákssonar árin 1675-1697

MÁR JÓNSSON og GUNNAR ÖRN HANNESSON

tóku saman

REYKJAVÍK 2008

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846-1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sálnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639-1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698-1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2008

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentun og bókband: Leturprent

ISBN 978-9979-54-784-6

Efnisyfirlit

Formáli	21
Inngangur	23
Þórður Þorláksson	23
Prestastefnur og dómar	30
Handrit og frágangur texta	35
Ritaskrá	44
 Prestastefnur Þórðar biskups Þorlákssonar	47
 <i>Anno 1675 að Þingvöllum</i>	
<i>Synodus</i> álit um Skálholtsstiftis jarðir til uppheldis uppgjafaprestum	49
Hjónabandsmál Magnúsar Jónssonar og Ástríðar Jónsdóttur	49
Dómur herra sýslumanns Daða Jónssonar í máli Ámunda Brands- sonar og Bjarna Sigurðssonar	50
Séra Halldórs Jónssonar á Miðhúsum og séra Jóns Brandssonar á Hítarnesi ölmusutillag	52
Símonar Brandssonar sjötta frillulífisbrot	52
<i>Supplicatia</i> séra Jóns Magnússonar yngra á Eyri í Skutulsfirði	53
Seyðarfjarðar- og Mjóafjarðarþinga prestsþjónusta	53
Dómur Björns Gíslasonar valdsmanns í Barðastrandarsýslu um helgidagsbrot	53
Sigurðar Sigurðssonar fyrirspurn um málsfærslu og skuldakröfu	54
Einars Þorsteinssonar og Sigurðar Hákonarsonar valdsmanna í Skaftafellssþingi dómur um dauða tvævetra barns Sigurðar Jónssonar	54
Dómur í hjónabandsmáli Bjarna Tómassonar og Þórunnar Halldórs- dóttur	55
 <i>Anno 1675 að Ögri</i>	
Hjónaskilnaður Magnúsar Jónssonar og Ástríðar Jónsdóttur	58
Um jörðina Sléttu í Aðalvík	60

Anno 1676 að Þingvöllum

Biskupi sáluga <i>magister</i> Brynjólfi Sveinssyni gefinn vitnisburður af <i>synodo</i>	62
Jörðin Slétta í Aðalvíkurhrepp er kristfjárförð gefin til Vatnsfjarðar en þar á að forsgast ómagi úr Aðalvíkurhrepp	62
Hjónabandsmál Sigmundar Jónssonar og Kristínar Jónsdóttur	63
Séra Páls Ámundasonar fyrirspurn um Kolfreyjustaðarkirkju eignir ...	64
<i>Synodi</i> álit um dóm prófests séra Björns Snæbjörnssonar og hans sýslupresta í hjónabandsmáli Bjarna Tómassonar og Þórunnar Halldórsdóttur	64
Sýslumanns Jóns Þorlákssonar ósk að mega byggja hálfkirkju á jörð sinni Víðivöllum	64
Upplesin konungleg <i>confirmation</i> á veitingarbréfi til séra Þorkels Steingrímssonar fyrir jörðum og staðaskiptum	65
Upplesnir vitnisburðir stúdents Árna Ámundasonar	65
Séra Jóns Ólafssonar fyrirspurn um hálfar leigur af kúgildum á <i>annexiu</i> hans Norðtunga	66

Anno 1677 að Indriðastöðum í Skorradal

Álit prófests séra Halldórs Jónssonar um fríheit Þorvarðs Hallssonar	66
--	----

Anno 1677 að Þingvöllum

Þorvarðs Hallssonar barneignarmál	68
Sýslumanns Daða Jónssonar fyrirspurn um skilnað Guðrúnar Jónsdóttur við mann sinn	68
Forlíkun milli séra Einars Torfasonar og hans sóknarmanna	69
Guðrúnar Halldórsdóttur fríheit	69
Séra Sigurðar Halldórssonar prests í Neshrepp kvörtun um vanhöld á rentu sinni af Ingjaldshólskirkju, einkum hálfum leigum eftir þrjú kúgildi	70
Hjónabands- og trúlofunarmál í Breiðafjarðardölum	71
Upplesinn og samþykktur vitnisburður sáluga herra lögmanns Sigurðar Jónssonar	71
Séra Sigurður Helgason prestur í Breiðavík við Snæfellsjökul uppberi hálfar leigur eftir sex kirkjukúgildi í Lóni	71
Lík séu ei flutt til kirkju fyrr en að fullri jafnlengd eða tveim dægum eftir andlátíð og ekki jörðuð fyrr en á þriðja dægri	71
Séra Böðvars Sturlasonar fyrirspurn um Valþjófsstaðar og kirkju uppbot	71

Tilsögn um Guðrúnu Halldórsdóttur til veraldlegra uppá þeirra aðgjörðir um hennar barnsfaðernislýsing	72
Guðrúnar Halldórsdóttur faðernislýsing og friðheit	73

Anno 1677 að Egilsstöðum á Völlum

Séra Böðvars Sturlasonar ákæra mót erfingjum síns næsta formanns séra Einars Þorvarðssonar	73
Upplesin <i>visitatia</i> kirkjunnar að Möðrudal á Fjalli	74
Umkvörtun séra Magnúsar Hávarðssonar yfir Desjarmýrarkirkju tapaða <i>inventario</i>	74

Anno 1677 að Kirkjubæjarklaustri

Prófasts séra Magnúsar Péturssonar bréf til biskups <i>magisters</i> Þórðar Þorlákssonar um séra Þorleif Árnason	75
Séra Þorleifur Árnason grunaður fyrir galdra	76

Anno 1678 að Þingvöllum

Um komu prófasta og presta til <i>synodum generalem</i>	78
Um galdraáburð Rögnvalds Sigmundssonar uppá séra Árna Loftsson	78
Um hjónabandsmál Magnúsar Jónssonar og hans konu Guðrúnar Jónsdóttur	80
Umtal og óhróður uppá galdrameðferð séra Þorleifs Árnasonar.....	80
Fjórar skólapersónur opinberast að meðferð óleyfilegra <i>characterum</i>	81
Forlíkun sýslumannsins Jakobs Benediktssonar og séra Sigurðar Halldórssonar um leigur eftir kirkjukúgildi á Ingjaldshóli	81
Bréf lögmansins Sigurðar Björnssonar til biskupsins Þórðar um afturhald á okri og helgra daga brotum, sem og andsvar herra biskupsins	81
Um Adrian Munk sem borið hafði Örnólf Jónsson galdraáburði	83
Um dagsverk prestum til handa	83

Anno 1678 að Mannamótsflötum í Borgarfirði

Herra Sigurðar Björnssonar lögmans ansvar og <i>resolutio</i> uppá þann níunda póst alþingis <i>synodals</i> 1678	84
--	----

Anno 1679 að Þingvelli

Afsökunarbréf séra Einars Torfasonar, hvörn Guðrún Halldórsdóttir lýsti föður að laungetnu barni sínu Teiti.....	85
---	----

Hjónabandsmál Þorláks Ólafssonar og Margrétar Finnbjarnardóttur ...	87
Upplesnar áminningar séra Jóns Grímssonar og lögmanns Sigurðar Björnssonar áminningarbréf	88
Séra Árni Loftsson hreinsar sig með eiði af galdarákærum	88
Upplesið bréf séra Einars Torfasonar og ályktun gjörð um það	89
Dansleikur á jólanóttina afskaffist og á öðrum helgum og straffist sem helgidagsbrot	89
 <i>Anno 1680 að Þingvelli</i>	
Upplesið konunglegt <i>missive</i> um þakklætishátið fyrir friðinn	91
Prestar í Vestmannaeyjum eiga hlut af trosfiski eins og þorski sem dómar þar um hljóða	91
Sá sem lætur dreggjað eða óhreint vín til <i>sacramentis mulkerist</i> til næsta <i>hospitals</i>	91
Hjónaljóstollur má minni vera en þrjár álnir til vöru eða sex fiskar til vigtar en ógiftra helmingi minni	91
Skólapersónur sem útendað hafa sína skólavist, iðka stúderingar, predika opinberlega og lifa heiðarlega en giftast og gefa sig til veraldlegra sýslana eftir landsins lélegheitum séu frír frá skattgjaldi og skyldum eins og prestar	92
Um frívist prestabarna gildi ályktun herra Gísla Oddssonar 1637	92
Svar uppá fyrirspurn séra Odds Eyjólfssonar um Holtskirkju undir Eyjafjöllum	92
Forlíkun milli séra Jóns Halldórssonar og séra Þorsteins Þórarínssonar	93
Víðivallnakirkja hafi fullan hálfkirkjurétt eftir dómi höfuðsmannsins, biskupa beggja og tveggja lögmanna 1598	93
 <i>Anno 1680 að Óskholti í Borgarfirði</i>	
Prestastefnuálit prófastsins í Mýrasýslu séra Sæmundar Oddssonar um mál séra Þorsteins Þórarínssonar	94
Álit biskupsins um þessa prestastefnu	96
 <i>Anno 1681 að Þingvelli</i>	
<i>Supplicatia</i> Guðrúnar Ögmundsdóttur sem orðin var brotleg með þrem barneignum upplestin	97
Jóni Jónssyni og Guðrúnu Þorláksdóttur leyft að giftast.....	97
Séra Hannes Tómasson í Guttormshaga fær ölmutillag	97
<i>Synodus</i> álit um aðskilnað Ketils Árnasonar og Ingunnar Ingimundardóttur	98

Engum kennimanni í Skálholtsstifti leyfist undir <i>mulkt</i> að breyta eða afrækja viðteknar <i>ceremoniur</i> í kirkjunni	98
Verðsleg yfirvöld hindri ólögmetan hjónaskilnað	98
Þakkargjörð fyrir fríun frá stríðsskattinum	98
Fyrirspurn hvort Jón Jónsson megi giftast Guðrúnu Þorláks- dóttur sem var ekkja þess manns með hvörs systur Jón áður átt hafði barn	99

Anno 1681 að Ólafsvöllum

Héraðsdómur um hjónabaandssaðskilnað Ketils Árnasonar og Valdísar Nikulásdóttur	100
Sami dómur staðfestur af biskupinum	101

Anno 1682 að Þingvelli

Upplesin tvö kóngsbréf um þrjá bænadaga 2., 3. og 4. ágúst 1682 og ályktað að þeir skuli haldast 2., 9. og 16. ágúst.....	102
Upplesið kóngsbréf um útsigling fjöggra manna uppá <i>taxtann</i>	102
Trúlofunarmál Ólafs Einarssonar og Halldísar Hákonardóttur	103
Um Hruna kirkjueign	103
Upplesnir vitnisburðir stúdents Jóns Jónssonar	103
Forlíkun milli séra Árna Þorvarðssonar og séra Jóns Halldórssonar ...	104
Álit <i>synodi</i> um misklíð næstnefndra presta	106
Fríheit Sunnefu Bjarnadóttur	106
Fríheitaseðill útgefinn Ólafi Einarssyni útlægum	107
Málefni Odds Tómassonar	108

Anno 1682 að Staðarbakka í Helgafellssveit

Prestastefna í máli Þorgilsar Jónssonar og Ingibjargar Þorláksdóttur	108
--	-----

Anno 1683 að Þingvelli

Upplesið kóngsbréf um þrjá bænadaga	111
Um misgreiningu milli séra Jóns Sigmundssonar og Sigurðar Einarssonar	111
Hjónabandsmál Sveins Arnþórssonar og Guðrúnar Jónsdóttur	112
Álag Staðarkirkju á Snæfellsnesi.....	112
Ölmusutillag séra Einars Ólafssonar á Mosfelli	113
Kærumál sóknarmanna móti séra Einari Torfasyni á Reykhólum	113
Um fríheit Odds Tómassonar	113
Bygging Staðarkirkju á Reykjanesi	113
Skólameistari gefi presti sanngjarnlega þóknun fyrir sig og sitt fólk ...	114

Anno 1683 að Garpsdal

Prestastefna að Garpsdal í misklíðarmáli séra Einar Torfasonar og sóknarmanna hans í Reykhólasókn	114
<i>Portions</i> reikningur Gufudalskirkju	119

Anno 1684 að Þingvelli

Upplesið kónigsbréf um þrjá bænadaga og brotakopar á kirkjum og klaustrum	119
Upplesið kónigsbréf um lasinna kirkna endurbygging.....	119
Upplesið kónigsbréf til biskups um kirkjur, betl og iðjuleysi	119
Upplesið og álitíð bréf sem Bjarni Árnason skrifaði undir nafni heilagrar þrenningar	120
Hjónabandsmál úr Þverárþingi milli Hjálmars Árnasonar og Sigríðar Hinriksdóttur	120
Upplesnar þrjá áminningar og forboð prófasts séra Torfa Jónssonar undir votta gjörðar Magnúsi Jónssyni	121
<i>Contract</i> milli séra Einar Torfasonar og séra Ísleifs Þorleifssonar ...	121
Ektaskaparviðleitni Hjalta Steinssonar til Þrúðar Jónsdóttur	122
Biskupsleyfi að messað sé tvo helga og tvo rúmhelga daga á ári í bænhusi á Dagverðarnesi	123
Um kirknareikning í Skálholtsstifti	124

Anno 1685 að Þingvelli

Stafholtsey eigi kirkjusókn að Bæ í Borgarfirði en ei að Stafholti	125
Séra Halldór Jónsson lúki eitt hundrað og 70 álnir sem Staðarhrauns- kirkja á hjá hönum af hennar <i>inventario</i>	126
Aflausn Guðmundar Jónssonar á Stokkseyri	126
Gifting Þorsteins Jónssonar og Kristínar Sveinsdóttur	126
Um tíu aura sem gjaldast skyldu árlega til Fróðárkirkju af bóndanum á Ingjaldshvoli	126
Setbergs- og Knararkirkjur eigi allan reka fyrir Grafarlandi	127
Um friðheit Guðmundar Hálfðánarsonar eftir framið hórdómsbrot	128
Legkaup gjaldist til Brautarholtskirkju	128
Friðheit Þorsteins Högnasonar	129
Misklíð milli séra Jóns Halldórssonar og Jóns Einarssonar jafnast ...	130
Guðlöstunarmál Halldórs Finnbogasonar	130
Skikkun <i>magisters</i> Brynjólfs Sveinssonar um tillag uppgefina presta af Holtsstað undir Eyjafjöllum árið 1655	139

Anno 1686 að Þingvelli

Hjónabandsmál Þórðar Oddssonar og Sigríðar Marteinsdóttur út af hórbroti hans	140
Hjónabands- og hórdómsmál Ingimundar Kolbeinssonar og Ólafar Teitsdóttur	141
Trúlofunarmál Einars Ólafssonar og Hólmfríðar Ögmundsdóttur	142
Upplesið kónigsbréf til biskupsins og enn annað þrykkt <i>patent</i> , bæði um þann almenna bænadag 4. föstudag eftir páska, en á yfirstandandi ári 27. ágúst	144
Staðarfellskirkju fé innkrefjist með dómi	144
Hjónaljóstollur sé ei minni en þrjár álnir vöru eður sex fiskar til vigtar, búlausir menn sem tíund gjalda greiði helmingi minna	145
Solveigar Styrkársdóttur málefni	145
Steinakirkja liggi til Hóla svo lengi ei fullbevísast hún eigi að fylgja Holti	145
Trúlofunarmál Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundardóttur ...	146

Anno 1687 að Þingvelli

Séra Rafns Ólafssonar forsömun í að halda þann af kóngi tilskipaða bænadag	147
Frillulífisbrot Helgu Einarsdóttur frá Oddagörðum	150
Barneignarmál Sigríðar Hallsdóttur úr Ölvesinu	151
Stóradalskirkja í Mýrdal er nauðsynleg og á prestur þar að hafa hálfar kúgildaleigur	151
Staðarkirkju á Reykjanesi eign og <i>inventarium</i>	152
Trúlofunarmál Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur	152
Prófastar óska að fá árlega afskrifuð <i>acta synodalia</i> fyrir tvö mörk dönsk eða 1½ ríxdal	153
Áminning biskups að biðja á hvörjum sunnudegi móti Tyrkjanum ...	153
Séra Rafns Ólafssonar ástand	154

Anno 1687 að Stað í Grindavík

Prestastefna í máli séra Rafns Ólafssonar	155
---	-----

Anno 1688 að Þingvelli

Upplesið kónigsbréf til biskupsins af 31. mars 1688 sem befalar hönum að innsenda registur yfir öll prestaköll, þeirra inntektir, kirkjur, presta <i>etc.</i>	157
---	-----

Upplesnar þær ályktanir sem gjörðar hafa verið um <i>synodi</i> hald 1639 og 1640, hvörjar síðan hafa verið staðfestar	158
Upplesinn seðill áhrærandi málssókn um Brekku í Skagafirði	159
Jóni Sigmundssyni og Guðlaugu Árnadóttur leyfist ekki að giftast saman	159
Upphafin trúlofun Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundssonar sökum óráðvendni hans	159
Upplesið reskript til beggja biskupanna að þeir yfirskoði andlegu lögin	160
Upplesinn afsetningardómur séra Rafns Ólafssonar genginn að Stað í Grindavík	161
Fríheit Ingibjargar Þórarinsdóttur	161
Fríheit Sigríðar Hallsdóttur	162
Á Hraunhafnarkirkju sé embættað eftir hentugleikum en sóknarmenn sáu þó skyldir að sækja en betali presti sitt ómak	162
Tilheyrilegt er að þeir sem brotlegir verða veiti yfirvaldinu þá virðingu að finna það og afplána við þá sitt misferli eftir kóngs- bréfi af 16. febrúar 1621	162
Prófastskosning í Árnespingi í stað séra Torfa Jónssonar	163
Vitnisburður gefinn biskupi <i>magister</i> Þórði Þorlákssyni af kenni- dóminum	163
Fríheit Sigríðar Hallsdóttur	164
 <i>Anno</i> 1688 að Arnarbæli í Ölvesi	
Hjónabandsskilnaður Hákonar Jónssonar og Guðrúnar Markúsdóttur	165
Hjónabandsskilnaðardómur milli Bergs Benediktssonar og Ingveldar Jónsdóttur	167
Rafns Ólafssonar fyrrum prests fríheit	170
Tveir hjónabandsaðskilnaðardómar.....	171
Biskup staðfestir vitnisburð gefinn séra Torfa Jónssyni	171
<i>Copia</i> af bréfi Bergs Benediktssonar til herra amtmannsins um viðskilnað hans konu	172
 <i>Anno</i> 1689 að Þingvelli	
Hjónabandsskilnaðardómur milli Jóns Jónssonar og Ingibjargar Jónsdóttur	173
Hjónabandsskilnaðardómur Þorleifs Jónssonar og Arnleifar Jóns- dóttur	173

Prófasts séra Þorsteins Gunnarssonar fyrirspurn um þær persónur sem fallið hafi í hór en vilji ei skilja	174
Ráðin bót á uppheldisskortu séra Arngríms Péturssonar prests til Knarar-, Laugarbrekku- og Lónskirkna	174
Kirkjubændur á Hoffelli í Hornafirði og aðrir mega sækja þau kirkjukúgildi sem ei komast fyrir á kirkjueignina fyrir varanlega og þarflega hluti með lénsmanns og biskups ráði	176
Séra Helgi Jónsson frá Staðarhrauni fær tillag	176

Anno 1690 að Þingvelli

Dómur séra Guðbrands Jónssonar prófasts í máli Gísla Eiríkssonar og Giríðar Indriðadóttur	177
Af Stóradal í Mýrdal uppberi presturinn 40 álnir í haustgjöldum, helst í smjöri	179
Sigurðar Hannessonar kristilegu fríheit	180
Séra Helga Jónssonar á Staðarhrauni tillag er staðfest framvegis	181
Barneignarbrot Jóns Jónssonar með Sesselju Sigurðardóttur	181
Ráðin bót á nauðsynjum nokkra presta	182
Skoðun barns í Strandasýslu	183

Anno 1691 að Þingvelli

Upplesið umboðs- og fullmaktarbréf prófastsins séra Björns Þorleifssonar hönum gefið af biskupinum <i>magister</i> Þórði Þorlákssyni	183
Upplesið kóngsbréf um kirknatillag til biblíuprentunar	183
Séra Árni Þorvarðsson valinn prófastur í Árnessýslu	184
Upphafin trúlofun Jóns Jónssonar og Sesselju Sigurðardóttur	184
Giftingarviðleitni Jóns Jónssonar og Þuríðar Snæbjörnsdóttur	184
Fátækra presta styrkur	185
Ólafi Markússyni gefið leyfi til að giftast Ragnhildi Ólafsdóttur	186
Upplesinn dómur um Galtardalstungu hálfkirkju	186
Séra Arnbjörn Jónsson og Oddur Jónsson klausturhaldari settast	186
Presturinn á Staðastað fái fyrir hvörja messu sem hann flytur á Hraunhafnarkirkju sex álnir á sumardag en níu álnir á vetrum	186

Anno 1692 að Þingvelli

Trúlofunaraðskilnaður Arngríms Sigurðssonar og Guðlaugar Jónsdóttur	187
--	-----

Magnús Þorsteinsson og Vilborg Benediktsdóttir standi ekki opinberar skriftir	188
Upplesið embættisbréf <i>vice</i> biskupsins Björns Þorleifssonar	188
Samþykktur máldagi bænhússins að Kirkjubóli í Skutulsfirði	189
Upplesinn máldagi Brautarholtskirkju	190

Anno 1693 að Þingvelli

Amtmaður Christian Muller stefnir prófasti séra Páli Gunnarssyni til <i>synodum generalem</i> til að forsvara dóm sinn	191
Sýslumaður Jón Eyjólfsson mætir eftir fullmagt amtmannsins Mullers fyrir hans hönd	192
Meðhöndlun máls amtmanns Mullers og prófasts séra Páls Gunnarssonar á <i>synodo</i>	193
Mál amtmanns Christian Mullers móti séra Jóni Jónssyni frá Hítarnesi	209
Gjörð <i>synodi</i> milli prófasts séra Árna Þorvarðssonar og prestsins séra Jón Jónssonar í Hítarnesi	215
Mál séra Jóns Jónssonar í Hítarnesi móti prófasti séra Ásmundi Eyjólfssyni	216
Upplesið <i>expectans</i> bréf útgefið séra Hannesi Halldórssyni fyrir Reykholti	222
Prestar eru skyldugir að hlýða sinna prófasta <i>citatum</i>	222
Hjónabandsmál Gunnar Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur	223
Fríheit Guðmundar Jónssonar á Ingjaldssandi	223
Dómur prófasts séra Páls Ketilssonar genginn að Dagverðarnesi í hjónabandsmáli Páls Jónssonar og Hallfríðar Jónsdóttur	224
Prófastur tilhaldi prestum að gjalda séra Guðmundi Ketilssyni hans fulla tillag af þeirra köllum	224
Fátækir prestar fá uppheldisstyrk	225
Fjórtán kirkjukúgildi á Skarði á Landi mega innleystast með sjö hundruðum í jörðinni Eskiholdi	225
Um kirkjur sem ei geta sjálfar sinn kúgildafjölda forsorgað tilkynni prófastur æðri yfirvöldum	226
Fáraðlingsins Jóns Björnssonar kristilegu fríheit	227
Svar uppá fyrirspurn prófastsins séra Jón Salomonssonar hvort líðast skuli að prestar án löglegra forfalla komi ekki til <i>synodum generalem</i> af prófasti viðvaraðir	228
Þegar prestur verður félaus skal prófastur aðgæta hvort það sé af hans eyðslusemi eða hirðuleysi	228

Prestar á klausturkirkjum eiga kost og tæring í mat og drykk fyrir utan þeirra <i>deputerað</i> kaup.....	228
Forsómun í að leggja til nóg brauð og vín til altaris <i>sacramentisins</i> á ekki að líðast	228
Ferðalag á laugardegi eður sunnudagsmorgni frá sinni sóknarkirkju straffist	229
Þeir sem um messuna eru úti í kirkjugarði eða slá sér laust við kirkjuna með skrafi og skvaldri áminnist fyrst opinberlega	229
Prestar leyfi ei sóknarfólkinu eftir embætti að slá sér í veraldlegar erindagjörðir	229
Rekinn til Kálfafells í Hornafirði við Smyrlabjargafjöru innkallist ...	230
Séra Hannesi Björnssyni gefinn vitnisburður	230
Tilmæli biskupsins að kalinn milli amtmannsins og prestanna út af dóminum í Krossholti mætti niðurfalla	231
Sáttargjörð milli amtmanns Mullers og prestanna er dæmdu dóminn í Krossholti	232
Séra Daði Halldórsson uppberi fullar hálfar leigur af tólf kúgildum Núpskirkju, Steinhólts <i>beneficii annexiu</i>	233

Anno 1694 að Þingvelli

Upplesioð fullmagtarbréf biskups <i>magisters</i> Þórðar Þorlákssonar gefið biskupi <i>magister</i> Birni Þorleifssyni til að halda prestastefnu að Þingvöllum í sínum forföllum	233
Trúlofun Klemensar Jónssonar og Guðrúnar Svartsdóttur skal vera dauð og maktarlaus.....	234
Prófastur séra Magnús Einarsson og séra Einar Torfason forlíkast fullkomlega um <i>inventarium</i> Staðarkirkju í Steingrímsfirði	234
Af Stokkseyri hafi prestur árlega sex fjórðunga smjörs og þar til eitt hundrað að landsvísu	234
Upplesinn og staðfestur héraðsdómur prófastsins séra Odds Eyjólfssonar í hórðómsmáli Þorláks Gunnlaugssonar og Margrétar Magnúsdóttur	235
Upplesinn og staðfestur skilnaðardómur prófasts séra Odds Eyjólfssonar milli Ólafs Nikulásssonar og konu hans Þorgerðar Brandsdóttur framhjá hvörri hann hafði tekið	236
Héraðsdómur viðvíkjandi kirkjukúgildum að Felli í Kollafirði	236
Innleggi sýslumanns Andrésar Andréssonar um Laugarbrekkukirkju-byggingu vísast heim í hérað til prófasts aðgjörða.....	236

Prestar staðfesta með eiði vitnisburð sinn um orð þau er Eiríkur Sigurðsson í Skagafirði hafi talað við biskup <i>magister</i> Björn Þorleifsson	236
Séra Daði Halldórsson fái það hönum ber af Núpskirkju	237
Fátækra presta tillag	237
Hvort Pétur Daðason sem framið hafði meinlaust frillulífisbrot skuli aftur inntakast í skóla	238
Prófastar og prestar gefi frá sér registur allra þeirra sem standa opinberar skriftir hvör til síns sýslumanns	238
 <i>Anno 1695 að Þingvelli</i>	
Upplesið kongsbréf af 16. apríl 1695 að kirkjur á Íslandi leggi nokkuð til Ingjaldshólskirkju byggingar	239
Gunnars Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur hjónaband upphafið sökum hórbrots hennar	239
Ef nokkur óskar að jarðsetjast á annari en sinni sóknarkirkju þá skal hvorug kirkjan þar fyrir missa sín réttugheit	239
Prestaekkjur meðan þær eru í erlegu ekkjustandi skulu vera fríar frá álögum og þyngslum	240
Þegar prestaskipti verða á <i>beneficiis</i> á hvört kúgildi að vera leigu- fært og hundraðsvirði	240
Enginn skal aflausn fá nema sá sem vill biðja þann fyrirgefningar er hann hefir móti brotið	240
Sigríður Þorleifsdóttir sem í átta ár hefir ei til altaris gengið og lifir óguðlega áminnist iðuglega af prestinum til afturhvarfs	240
Upplesið innlegg umboðsmannsins í Vestmanneyjum Hans Kristjánssonar Raufn móti séra Gissuri Péturssyni	241
Meðferð á því máli fyrir <i>synodo</i>	242
Sóknarfólkið leggi eftir efnum til fátækrar Laugarbrekkukirkju byggingar	242
Um uppbót fyrir hrörnun á Setbergsstaðar húsum í Eyrarsveit	243
Gróa Þórðardóttir úr Álfaneskirkjusókn biðji opinberlega og auð- mjúklega fyrirgefningar á sínu með saurlífisbroti gefna hneyksli ...	243
Prófastur séra Oddur Eyjólfsson hlutist til að misklíð milli prest- anna séra Odds Eyjólfssonar yngra og séra Gissurar Péturssonar mætti sæmilega niðurfalla	244
Persónur sem brotlegar verða í saurlifnaðar- og legorðsmálum vitji síns verðslegs yfirvalds þá því verður viðkomið	245

Upplesið tillag uppgefinna presta af <i>beneficiis</i> í Sunnlendinga- fjórðungi	245
---	-----

Anno 1696 að Þingvelli

Upplesið fullmagtarbréf biskups <i>magisters</i> Þórðar Þorlákssonar gefið <i>magister</i> Birni Þorleifssyni til að halda prestastefnu að Þing- völlum í sínum forföllum	246
Faráðlingurinn Jón Björnsson meðtakist til opinberrar aflausnar	247
Upplesið veitingarbréf gefið séra Jóni Tómassyni fyrir Söndum í Dýrafirði	247
Það sem Stokkseyri á til prestsins að gjalda takist af kirkjujarðanna landskuldum, svo vítt kúgildaleigur kirkjunnar ei til hrökkva	247
Hannes Sveinsson og Solveig Jónsdóttir skulu skilja sitt hjónaband vegna hórdómsbrots hennar	247
Tillag til fátækra presta	248
Séra Jón Halldórsson innkalli það sem vantar uppá <i>inventarium</i> Hítarneskirkju	248

Anno 1697 að Þingvelli

Upplesið bréf <i>officialis</i> Skálholtsstiftis séra Jóns Þorkelssonar í hvörju hann gefur séra Árna Þorvarðssyni prófasti fullkomið umboð	249
Skólameistarinn Þorlákur Þórðarson og samarfi hans Brynjólfur Þórðarson uppberi að fullu þá peninga sem þeirra sálugi faðir <i>magister</i> Þórður Þorláksson hefir lagt fátækum prestum stiftisins fram yfir það sem stiftisins jarða afgjald hefir hrokkið til	249
Sú skreiðarvætt sem hvör skattbóndi úr þeim þingum á að gjalda Saurbæjarkirkju á Rauðasandi er sanngjarnlegt að í fiskileysis- árum megi gjaldast í öðrum landaurum	250
Fátækra presta styrkur	251
Sá prestur sem tekur flakkara ósjúka og prestsseðilslauslausa til altaris sektist fimm aukum til fátækra presta þar í nálægð sem prófasturinn útbýti	252
Ungmennir sem eru á ómagaaldri og fara með foreldrum sínum, er segja að börnin séu til altaris meðtekin, eiga þó að hafa sinn prestsseðil	252
Vitnisburður af <i>synodo</i> gefinn sáluga biskupi <i>magister</i> Þórði Þorlákssyni	252

Upplesið innlegg herra Páls Jónssonar ásamt tveimur því fylgjandi sýslumannsdómum og ályktað að sóknarfólkið skuli gjöra allt torfverk að kirkjunni í Kollafirði	254
Viðauki	255
Áminningarbréf til Guðrúnar Halldórsdóttur 15. janúar 1677 um auglýsing hennar barnsfaðernis	257
Opið bréf sóknarmönnum í Staðarþingá í Steingrímsfirði tilskrifað sama dag áhrærandi þeirra sóknarprest séra Einar Torfason	258
Bréf séra Magnúsi Einarssyni tilskrifað sama dag um áminningar- seðils upplesning fyrir Guðrúnu Halldórsdóttur og meðtekning til heilags altarisins <i>sacramentis</i> nokkra persóna í Staðarþingá ...	261
Andsvar sama dag uppá bréf séra Árna Einarssonar	261
Bréf séra Einari Torfasyni tilskrifað sama dag um kærumál hans sóknarmanna	263
Bréf prófastinum séra Guðbrandi Jónssyni tilskrifað sama dag um mál séra Einars Torfasonar og hans sóknarmanna	264
Seðill prestum í vestara parti Ísafjarðarsýslu tilskrifaður að koma á prestastefnu í Steingrímsfirði	267
Bréf prófastinum séra Guðbrandi Jónssyni tilskrifað 14. febrúar um mál séra Einars Torfasonar og Steingrímsfirðinga	267
Um heimuglega aflausn Guðrúnar Halldórsdóttur 25. febrúar	268
Bréf séra Einari Torfasyni tilskrifað 3. apríl um málefni hans og Steingrímsfirðinga og annað aðskiljanlegt.....	269
Afbatanir séra Einars Torfasonar á <i>synodo</i> 1677	271
Bréf prófastinum séra Halldóri Jónssyni tilskrifað 2. mars 1677 um aflausn Þorvarðs Hallssonar	280
Um opinbera aflausn Þorvarðs Hallssonar frá 14. júlí til 1. október ...	282
<i>Citatia</i> til Bergs, Eiríks og Halls Einarssona 23. ágúst 1677 vegna Valþjófsstaðar	284
Sendibréfs útskrift til séra Böðvars Sturlasonar degi síðar	284
Bréf biskupsins prófastinum séra Magnúsi Péturssyni tilskrifað 17. september 1677.....	285
<i>Citatia</i> til presta í Hornafirði sama dag	286
Seðill til séra Þorleifs Árnasonar 20. september 1677 um sóknar köllun <i>in visitatione</i>	286
Bréf séra Magnúsi Péturssyni tilskrifað 14. febrúar 1678 um málefni séra Þorleifs Árnasonar	286

Bréf séra Þorleifi Árnasyni tilskrifað degi síðar um hans undan- færslu	288
Sendibréf séra Jóns Ólafssonar að Hvammi í Norðurárdal 24. júní 1678 til séra Halldórs Jónssonar í Reykholti	289
Bréf til séra Eiríks Vigfússonar að Hjarðarholti að koma til alþingis <i>synodum</i> 1678	290
Seðill til prófastsins séra Björns Snæbjörnssonar 4. júlí 1678 um köllun presta til Hvamms prestastefnu	290
<i>Citatiu</i> seðill til prestanna í Strandasýslu degi síðar að koma á Hvamms prestastefnu	291
Bréf séra Eiríki Vigfússyni tilskrifað haustið 1678 um Hvamms prestastefnuálit	291
Bréf séra Eiríki Vigfússyni tilskrifað 9. nóvember 1678 eiðvætti séra Árna Loftssonar	292
Bréf séra Eiríki Vigfússyni tilskrifað 8. apríl 1679 um mál Rögnvalds og séra Árna	293
Innlegg Ólafs Einarssonar 5. júlí 1681 í hvörju hann afsegir að eiga stúlkukindina	293
Boðunarseðill til Halldísar Hákonardóttur 10. apríl 1682 að koma fyrir alþing í <i>synodum</i>	294
Póstur úr bréfi prófastinum séra Sigurði Sigurðssyni tilskrifuðu sama dag um trúlofunarmál Ólafs Einarssonar og Halldísar Hákonardóttur	295
Boðunarseðill til Ólafs Einarssonar 10. apríl 1682 að koma fyrir alþing í <i>synodum</i>	295
<i>Citatia</i> til séra Einars Torfasonar og hans mótparta 25. ágúst 1683 til Garpsdals	295
Bréf séra Eiríki Vigfússyni tilskrifað degi síðar um hans komu og þriggja presta úr hans prófastsdæmi á Garpsdals prestastefnu	296
Um andsvar og viðmót séra Einars Torfasonar við biskupinn <i>magister</i> Þórð Þorláksson þann sama dag	297
Bréf séra Guðbrandi Jónssyni tilskrifað 27. ágúst 1683 um hans nálægð að Garpsdal	297
Bréf prestum í Barðastrandarsýslu tilskrifað 30. ágúst 1683 uppá Garpsdals prestastefnu	297
Bréf séra Torfa Jónssyni tilskrifað 16. janúar 1685 um prestastefnu að Ólafsvöllum	298
<i>Citatia</i> til presta nokkra í Árnessýslu sama dag	299

<i>Citatia</i> til sóknarfólksins Ólafsvallnakirkju 22. janúar 1685	299
<i>Sacramentis</i> seðill Þorsteini Högnasyni útgefinn 3. febrúar 1685	300
Opinn seðill til prófesta 13. júní <i>anno</i> 1685 um biskupinn <i>magister</i> Jón Vigfússon	300
Bréf séra Páli Ketilssyni tilskrifað 6. júlí 1686 um trúlofun Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur	301
Sama bréfs innlagður seðill	302
<i>Citatia</i> til séra Rafns Ólafssonar að Stað í Grindavík 27. maí 1687 ...	302
<i>Citatia</i> til prestanna í Kjalarnesþingi til Staðar í Grindavík sama dag um málefni séra Rafns	303
Opinn seðill til prófastsins séra Einars Einarssonar sama dag	304
Bréf séra Sigurði Eyjólfsyni að Kálfatjörn tilskrifað sama dag.....	304
<i>Citatu</i> seðill til sóknarmanna í Grindavík 5. september 1687	305
<i>Citatia</i> til prestanna í Kjalarnesþingi sama dag að koma til Grindavíkur prestastefnu	305
Línur skrifaðar 3. apríl 1689 á áminningarbréf séra Daða til séra Rafns Ólafssonar	306
Bréf séra Rafni Ólafssyni tilskrifað 8. ágúst 1689 um <i>sacramentis</i> meðtekning hans	306
Opíð bréf sent fjórum próföstum 23. febrúar 1688 um bæn á móti Tyrkjanum	308
Stefna amtmanns til séra Jóns Jónssonar í Hítarnesi 12. ágúst 1692 ...	309
Prestastefna að Syðri Görðum í Staðarsveit 12. október	310
Uppllestursbréf séra Jóns Jónssonar sama dag	311
Afbötun séra Jóns 31. október	313
Prestastefna að Syðri Görðum 31. október	314
Vitnisburður um tréstock sama dag	316
Bréf Þórðar biskups Þorlákssonar til amtmanns 25. nóvember	317
Annað bréf biskups til amtmanns 15. desember	318
Prestastefna að Syðri Görðum 19. maí 1693	319
Bréf um Skarð á Landi 28. október 1693.....	325
Registur	327

Formáli

Ofit hefur það orðið hlutskipti mitt á liðnum árum að leiða gesti í gegnum svonefnda staðarkynningu í Skálholti. Umfjöllun um kirkjuna sjálfa hef ég gjarnan lokið við nafnaröð Skálholtsbiskupa á vesturveggnum. Þegar um íslenska hópa er að ræða bið ég fólki stundum að benda á þau nöfn sem þeim séu kunnugust eða hugleiknust. Þá er bent á nöfn einstakra biskupa bæði fyrir og eftir siðaskiptin. Sjaldan hefur einhver bent á nafn Þórðar Þorlákssonar. Margir benda hins vegar á nöfn þeirra Brynjólfs Sveinssonar og Jóns Vídalín. Þannig hefur Þórður nokkuð fallið í gleysku með þjóðinni. Er það ómaklegt vegna þess að hann var biskup sem farsællega stýrði stifti sínu á tímum breytinga og ólgu í álfunni. Eins og meðal annars má sjá af þessari bók gætti hann vel embættis síns, og honum hafa fylgt nýir menningarstraumar.

Þórður biskup var hámenntaður maður á mælikvarða síns tíma. Eftir útskrift úr Hólaskóla tók hann guðfræðipróf við Kaupmannahafnarháskóla. Aftur lá leið hans út og stundaði hann háskólanám í Rostock og Wittenberg, sem voru viðurkennd lærdómssetur. Síðan ferðaðist hann um Þýskaland og Niðurlönd og dvaldi nokkra mánuði í París. Eins og sést af verkum Þórðar biskups var hann fjölfræðingur eins og menntaðir menn gjarnan leituðust við að vera á þeirri tíð. Eftir hann liggja landakort, Íslandslýsingar og þýðingar verka sem hann lét prenta. Í þriðju utanlandsferð sinni hlaut Þórður meistaranafnbót við Kaupmannahafnarháskóla og vonarbréf fyrir Skálholtsbiskupsdæmi, þó að ekki tæki hann við biskupsþjónustunni fyrr en tveimur árum seinna.

Þessi aðkoma hans að embættinu minnir á það sem fyrr var sagt um breytingatíma. Friðrik 3. Danakonungur hafði orðið einvaldur 1661. Þar með voru veitingar allra æðri embætta í höndum konungs ef honum sýndist svo. Á undan voru gengnir miklir erfiðleikar Danaveldis, sem virtust ætla að sigla ríkinu í strand. Alþýða manna stóð með konungi gegn ráðalausum aðli. Tvennt er það sem Danir helst hafa eftir þessum fyrsta einvaldi sínum nú orðið. Annars vegar er að þegar hann gekk vasklega fram í vörnum Kaupmannahafnar gegn Svíum neitaði hann að yfirgefa borgina með þeim orðum, að hann vildi deyja í eigin hreiðri. Hins vegar segja þeir frá því að konungur hafi haft áhuga á guðfræði, sögu, listum og náttúrufræði, og að hið mikla bókasafn hans hafi myndað grunninn að Konungsbókhöðunni. Líklegt er því að þeir konungur og Þórður biskup hafi haft um nóg að tala er fundum þeirra bar saman. Þar kemur til

meðal annars áhugi og þekking Þórðar á fornfræðum og landafræði. Hjá Þórði var svo framundan að laga stjórnsýslu kirkjunnar að gerbreyttu umhverfi einveldisins. Liggur ljóst fyrir að í því efni var hann gætinn og farsæll.

Sautjándi öldin var mikil ófriðaröld í Evrópu. Snemma á öldinni geisaði þrjátíu ára stríðið þar sem hvert skemmdarverkið kom af öðru í menningarlegu tilliti. Á stórum svæðum var ástandið þannig að heil kynslóð fólks hafði alist upp án formlegrar menntunar, án áreiðanlegra dómstóla og í kirkjulegri upp-
lausn. Þegar friður komst á tóku kirkja og ríkisvald gjarnan höndum saman um að koma skipan á samfélagið, og gerðist það bæði í löndum Rómarkirkjunnar og mótmælenda. Af þessu leiddi að guðfræði þessa tíma einkenndist af rétttrúnaði eins og stjórnarfarið einkenndist af strangleika. Nú átti hver hlutur að vera á sínum stað.

Í þessu andrúmslofti mótaðist Þórður á námsárum sínum, en við sjáum af kirkjustjórn hans og áherslum í bókaútgáfu, að hann skildi hvar hann var staddur þegar heim var komið. Fleira var það sem einkenndi samtíð Þórðar biskups út í Evrópu. Fram voru að koma kenningar sem voru undanfari þess sem við um hríð höfum kallað vísindalega hugsun. Á sviði lista ríkti einnig gróska, og miðað við þá staði sem hann heimsótti er ekki að undra þó hann kæmi með „Real og Symphon“ til að leika á við brúðkaup bróður síns á Hólum og færði kirkjunni „positiv“. Þórður biskup var auðugur af arfi og bar sig að hætti evrópskra höfðingja. Flutti hann t.d. með sér steikara fyrir sitt borð. Gerðu sér sumir áhyggjur af því að þetta væri kostnaðarsamt. Sýnir það hver fésýslumaður Þórður var, að þrátt fyrir eyðslu alla, heilsuleysi hin síðari ár og harðindi í landinu, dó hann ekki fátækur og oft var staðurinn verr settur en þá. Harðindi komu beint niður jafnt á einstaklingum og kirkju meðan allur auður grundvallaðist á landeignum og afurðum landbúnaðar.

Eitt hið glæsilegasta sem Þórður biskup skilur eftir sig er prentverkið, sem hann fékk frá Hólum og stórbætti. Ætla ég ekki að rekja þá sögu en get sagt frá því að í verðmætu bókasafni Skálholtsstaðar er til afar gott eintak af grallara þeim sem Þórður biskup lét prenta. Hann er í því broti sem síðan var notað og í þessum grallara eru leiðbeiningar um sönginn, sem margir hafa kallað fyrstu söngfræðina á íslensku. Hann munum við sýna hér í Skálholti í sumar, enda í augum okkar ein höfuðgersemi safnsins. Þannig er það líka að þeim sem fær tækifæri til að reyna það mikla sögulega áreiti sem í því felst að eiga heima í Skálholti og starfa þar, horfa þaðan á sögu staðarins, að í augum hans skiptir Þórður biskup Þorláksson verulegu máli.

Að lokum vil ég fagna útgáfu þessarar bókar og þakka þeim sem hér hafa verið að verki. Bókin er mikilvæg viðbót í þeirri viðleitni að lyfta hulunni af sögu Skálholts, sögu sem vonandi verður seint fullskrifuð.

Sigurður Sigurðarson

Inngangur

Þórður biskup Þorláksson hefur fallið í skuggann af embættisbræðrum sínum Brynjólfi Sveinssyni og Jóni Vídalín, svo sem vikið er að í formála og birtist til að mynda í því að prestastefnudómar hans koma út síðastir. Þó fékk Þórður ritgerðasafn á undan Brynjólfi og miklu minna hefur verið skrifað um Jón, ennþá. Má því vona að framvegis gæti meira jafnræðis á meðal þessara þriggja mætu Skálholtsbiskupa en hingað til.¹ Dómar herra Þórðar eru, ef eitthvað er, ennþá skemmtilegri og fjölbreyttari en dómar hinna. Einkum setja litríkir prestar svip sinn á prestastefnurnar sem nú líta dagsins ljós á prenti, svo sem séra Einar Torfason, séra Rafn Ólafsson og séra Jón Jónsson í Hítarnesi, að ógleymdum séra Árna Loftssyni og séra Þorleifi Árnasyni sem bornir voru galdri en tókst að hreinsa sig af þeim áburði. Alþýða manna hafði hægar um sig en fyrr og síðar, að virðist, en málaflokkar eru hinir sömu, eins og fram kemur hér síðar í þessum inngangi.

Þórður Þorláksson

Þórður Þorláksson fæddist að Hólum í Hjaltadal þann 14. ágúst 1637. Hann var sonur Þorláks Skúlasonar biskups og Kristínar Gísladóttur, Hákonarsonar lögmanns í Bræðratungu. Á æskuárum dvaldist Þórður ýmist hjá foreldrum sínum að Hólum eða hjá Hallgrími Guðmundssyni lögréttumanni á Gröf á Höfðaströnd þar skammt frá.² Gæti dvöl Þórðar þar verið vísbending um að Þorlákur hafi metið Hallgrím frænda sinn það mikils að hann treysti honum til að taka þátt í uppeldi Þórðar. Að minnsta kosti var vinátta Þorláks og Hallgríms mikil, líkt og ráða má af hjartnæmu afsökunarbréfi Þorláks í nóvember 1630.³ Að

-
- 1 *Frumkvöðull vísinda og mennta. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti*. Ritstjóri Jón Pálsson. Reykjavík 1998; *Brynjólfur biskup, kirkjuhúfðingi, fræðimaður og skáld*. Ritstjórar Jón Pálsson, Sigurður Pétursson og Torfi H. Tulinius. Reykjavík 2006.
 - 2 Jón Halldórsson, *Biskupasögur I*. Reykjavík 1903-1910, bls. 309.
 - 3 *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*. Útgefandi Jón Þ. Þór. Reykjavík 1979, bls. 32. Hallgrímur kemur talsvert við sögu í bréfum Þorláks biskups, sjá bls. 17, 25, 81, 140, 182, 183, 264 og 266.

Gröf var Þórður frá Þriggja ára aldri „og lærði allt það er svo göfugra höfðingja barni var nytsamlegast, svo sem kristindóm, siðsemi, að lesa og skrifa og annað þvífíkt“, eins og séra Árni Þorvarðsson segir í líkpredikun yfir honum löngu síðar.¹ Tíu ára gamall var Þórður settur til frekari mennta hjá séra Sigfúsi Egilssyni í Hofspingum á Höfðaströnd, er var mikils metinn lærdómsmaður og latínuskáld.²

Á unga aldri þótti Þórður fámáll og spaklyndur. Hann var hugvitssamur og hneigður til smíða.³ Víst er að Þórður var drátthagur og bendir margt til þess að hann hafi bæði skorið út í við og málað myndir síðar á ævinni.⁴ Heimildir um ævi Þórðar fram til þess að hann fór að sýna tilþrif í lærdómi á erlendri grundu eru annars af skornum skammti. Hann settist ungur á skólabekk í Hólaskóla og naut meðal annars kennslu af hendi Gísla bróður síns, er var rektor skólans um skeið.⁵ Þórður útskrifaðist árið 1656, sama ár og faðir hans lést. Það haust sigldi Þórður til Kaupmannahafnar, samskipa Gísla bróður sínum er fór utan til biskupsvígslu yfir Hólabiskupsdæmi. Þórður innritaðist í Hafnarháskóla 27. nóvember 1656 og valdi sér þann lærða og víðfræga Thomas Bartholín eldri sem kennara. Bartholín var áhrifamaður innan háskólans og urðu allir synir hans fjórir prófessorar um tvítugt.⁶ Þórður hafði herbergi hjá Bartholín á meðan á námi hans stóð.⁷ Varð hann *attestatus* árið 1658 og sneri þá heim til Íslands. Næstu tvö árin dvaldist Þórður hjá móður sinni og hefur vafalaust á þeim tíma gefið sig að hugðarefnum sínum og lagt á ráðin um framtíðina. Rektor Hóla-skóla varð hann árið 1660 og gegndi því starfi til ársins 1663. Þá sigldi hann að nýju til Kaupmannahafnar og hafði þar vetursetu.

Vorið 1664 hélt Þórður suður á bóginn. Var hann við nám í háskólanum í Rostock í hálft ár en því næst í Wittenberg í hálft annað ár. Hann notaði tækifærið til ferðalaga og fór um Þýskaland og Frakkland. Til að mynda innritaði hann sig í háskólann í Strasbourg í apríl 1666. Þaðan lá leiðin til Parísar og þar dvaldist hann veturinn 1666-1667. Á heimleiðinni kom Þórður við á Niður-

1 „Líkpredikun séra Árna Thorvarðssonar yfir Þórði biskupi Þorlákssyni.“ Útgefandi Kolbeinn Þorleifsson. *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 282.

2 Jón Halldórsson, *Skólameistarasögur*. Reykjavík 1916, bls. 199; *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 190.

3 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* I, bls. 309; Páll Eggert Ólason, *Seyjándá öld. Hið fuðþættir*. Saga Íslendinga V. Reykjavík 1942, bls. 177.

4 Þóra Kristjánsdóttir, *Mynd á þili. Íslenskir myndlistarmenn á 16., 17. og 18. öld*. Reykjavík 2005, bls. 74-77.

5 Jón Halldórsson, *Skólameistarasögur*, bls. 197.

6 *Kjöbenhavns Universitets Matrikel* I. Kaupmannahöfn 1890, bls. 267; Bjarni Jónsson, *Íslenzkir Hafnarstúdentar*. Akureyri 1949, bls. 31; Már Jónsson, *Árni Magnússon. Ævisaga*. Reykjavík 1998, bls. 31.

7 „Líkpredikun séra Árna Thorvarðssonar yfir Þórði biskupi Þorlákssyni“, bls. 282.

löndum.¹ Í Kaupmannahöfn að nýju lauk hann meistaraþrófi í heimspeki við sinn gamla háskóla. Er hér var komið sögu stóð meistari Þórður á Þrítugu, sprenglærður og sigldur, og vel með á nótunum í því sem efst var á baugi í evrópskum vísindum. Á það hefur verið bent að líklega hafi enginn Íslendingur á 17. öld lifað í jafn nánu andlegu sambýli við evrópska menningu og Þórður Þorláksson.² Hann var með lærðustu mönnum íslenskum og benda ritstörf hans á fyrri árum til þess að hann hafi haft burði til að verða merkur vísindamaður, hefði hann haldið ótrauður áfram á þeirri braut.³ Þórður var einn fárra íslenskra Hafnarstúdenta sem fór í námsferðir um Evrópu á 17. öld, en vitað er um átta til viðbótar.⁴ Þessi fámenni hópur Íslendinga átti margt sameiginlegt með ungum dönskum aðalsmönnum er fóru í námsferðir um álfuna. Tilgangur ferðanna var ekki síst sá að nema nýjar tungur og góða siði, sýna sig og sjá aðra. Námsferðir Þórðar um Evrópu endurspegluðu stöðu hans í íslensku samfélagi. Hann var laus við fjárhagsáhyggjur og gat helgað sig lærdómi og vísindum. Frá árinu 1657 naut Þórður afgjalda Miðfjarðarjarða konungs og var svo uns hann varð biskup. Þar að auki tók hann myndarlegan arf eftir föður sinn.⁵ Efnahagur Þórðar var ætíð traustur og jafnan hefur hann, þar að auki, átt bakhjarl í bróður sínum Hólabiskupi, áður en hann varð sjálfur biskup. Eitt sinn er Þórður sneri heim til Hóla úr siglingu gaf Gísli biskup bróðir hans honum 300 ríkisdali.⁶ Til samanburðar má geta þess að árslaun rektors Hólaskóla voru þá 60 ríkisdalir, og þóttu dágóð.

Hinn 15. júní 1669 fékk Þórður vonarbréf frá Friðriki konungi þriðja fyrir því að verða varabiskup í Skálholtsbiskupsdæmi. Tæpu ári síðar eða 20. maí 1670 fékk hann þetta staðfest með bréfi Kristjáns konungs fimmta og því aukið við að hann yrði biskup þegar embættið losnaði. Varð Þórður fyrstur manna til að fá vonarbréf fyrir biskupssembætti á Íslandi.⁷ Brynjólfur Sveinsson sat enn sem fastast á biskupsstólnum, hálf sjötugur að aldri, og ekki annars að vænta en að svo yrði um sinn, þótt nokkuð væri farið að draga úr kröftum hans. Þórður sat að Hólum veturinn 1670-1671 en sigldi í framhaldi af því til Hafnar og var

1 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* I, bls. 309-310; Páll Eggert Ólason, *Seyjánda öld*, bls. 177-178; *Íslenzkar æviskrár* V, bls. 122-123.

2 Loftur Guttormsson, „Á andlegu ferðalagi um evrópska menningu.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 27.

3 Þórður Þorláksson, *Ísland. Stutt landlýsing og söguýfirlit*. Umsjónarmenn Haraldur Sigurðsson og Þorleifur Jónssonar. Reykjavík 1982, bls. XV.

4 Gunnar Örn Hannesson, *Íslenskir Hafnarstúdentar 1611-1711*. BA-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2006, bls. 68-71.

5 *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*, bls. 286-287; *Íslenzkar æviskrár* V, bls. 122-123.

6 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* II. Reykjavík 1911-1915, bls. 120-121.

7 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* I, bls. 311.

vígður biskup 1672. Þá fékk hann líka veitingu fyrir einu besta og eftirsóttasta brauði landsins, Hofi í Vopnafirði. Ekki fór hann þó að Hofi sjálfur, heldur hafði hann séra Sigfús Vigfússon frænda sinn fyrir aðstoðarprest og dvaldist áfram að Hólum.¹ Sátu þeir bræður, Gísli og Þórður, saman þar um veturinn 1672-1673 og var Þórður eldri bróður sínum innan handar í veikindum hans, sem fóru versnandi, og vígði presta.² Sumarið 1673 gerði hann sér ferð suður á Þingvöll og birtist þar í lok prestastefnu, en árið eftir nefndi hann prófasta og presta til dómsálita ásamt Brynjólfi biskupi.³ Þá um vorið hafði Brynjólfur gefið upp Skálholtsstól og settist Þórður á stólinn, eftir nálega fjögurra ára bið. Hafði Þórður meistara Brynjólf „í æru og agti, svo sem virðulegan föður; leitaði hans ráða og atkvæða í öllum stærri efnum.“⁴ Var Brynjólfur um kyrrt í Skálholti þar til hann andaðist 5. ágúst 1675 á meðan Þórður var í sinni fyrstu vísitasíuferð.

Þórður biskup var samviskusamur og skyldurækin kirkjuhöfðingi sem gerði sér far um að vanda til verka, þótt ekki sé jafnvíst að honum hafi ávallt þótt umstangið áhugavert eða skemmtilegt. Í áminningarbréfi til Guðrúnar Halldórsdóttur 14. janúar 1677 birtast eins og lykilorð hans, sem notuð eru í heiti þessarar bókar, þegar hann segir: „þá neyðist ég til eftir skyldu míns embættis að hlutast nokkuð hér til, hvörs vegna ég áminni þig nú í Guðs nafni að þú gætir Guðs og þinnar sáluhjálpar“ (bls. 257). Svipað orðalag kemur víðar fyrir. Þórður gerði sér far um að gera hlutina rétt og tímanlega, svo að ekkert færi úrskeiðis eða hann yrði sakaður um vanrækslu, eða eins og hann orðaði það í bréfi til séra Magnúsar Péturssonar prófests 14. febrúar 1678: „því ei vil ég að mér sé umkennt um nokkurn undandrætt eður forsómun hér úti“ (bls. 287).

Aldrei varð Þórður sami stjórnskröngur og Brynjólfur forveri hans, en tók engu að síður kirkjustjórn hans til fyrirmyndar, ef marka má orð séra Jóns Halldórssonar í Hítardal sem þekkti hann vel.⁵ Vildi biskup hafa góðan tíma og ráðrúm til þess að velta fyrir sér hinum stærri málum, en ekki ana að neinu. Má sem dæmi nefna viðbrögð hans á prestastefnu árið 1688 við tilmælum konungs um að hann tæki saman tölulegar upplýsingar um fjölda prestakalla, kirkna og kapelána. Það treysti Þórður sér ekki til að gera fyrir haustið og fékk stuðning

1 Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi I*. Reykjavík 1949, bls. 4; *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 198-199.

2 *Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar*, bls. 344 og 346.

3 *Guðs dýrð og sálmanna veiferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639-1674*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2005, bls. 350 og 362-369.

4 Jón Halldórsson, *Biskupasögur I*, bls. 303.

5 Jón Halldórsson, *Biskupasögur I*, bls. 341; Hjalti Hugason, „Kirkja Þórðar Þorlákssonar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 61-81.

viðstaddra við þá ósk „að þessi framkvæmd mætti líðast þetta yfirstandandi ár uppá það að þeim yrði heldur með góðum skilum fullnægja gjörð með prófastanna styrk og aðstoð“ (bls. 158). Beiðni um endurskoðun kirkjulaga til samræmis við Norsku lög frá 1687 fékk sams konar viðbrögð biskups og kennimanna (bls. 160). Skipuð var nefnd sem reyndar lauk störfum innan árs.¹

Veikindi settu líka strik í reikninginn og gerðu biskupi erfitt fyrir. Af heimildum að dæma fór Þórður síðast í vísitasíureið árið 1687 og var í Saurbæ á Kjalarnesi 1. september.² Fimm nánir samverkamenn hans voru viðriðnir vísitasíugerðir það árið, þeir Þórður Þorkelsson Vídalín er varð rektor í Skálholts-skóla ári síðar, Hjalti Þorsteinsson síðar í Vatnsfirði, Styr Þorvaldsson fyrrum setjari á Hólum, séra Árni Þorvarðsson á Þingvöllum og síðast en ekki síst séra Hannes Björnsson prestur á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.³ Ekki er útilokað að Þórður hafi treyst séra Hannesi fyrst og fremst fyrir vísitasíugerðunum og ætlað hinum fjórum að styðja við hann.

Næsta sumar er eins og Þórður hafi gefist upp fljótlega. Í vísitasíubók hans kemur fram að 28. ágúst 1688 „byrjaði biskupinn *magister* Þórður Þorláksson sína vísitasíureið að heiman austur í Skaftafellsping.“⁴ Þegar kirkjan að Stóra Hofi er heimsótt tveimur dögum síðar virðist biskup horfinn úr reiðinni. Séra Þorsteinn Gunnarsson prófastur í Árnessýslu vísiteraði Suðurland í umboði biskups það árið, sem og hin tvö næstu.⁵ Forveri Þórðar, Brynjólfur, fór nær árlega í vísitasíuferðir um Skálholtsbiskupsdæmi á sinni biskupstíð.⁶ Í þessu efni er því ólíku saman að jafna, því Brynjólfur sleppti varla úr ári en Þórður vísiteraði ekki kirkjur í umdæmi sínu síðasta áratug embættistíma síns.

Skólastjórn Þórðar biskups var aftur á móti með miklum ágætum. Bæði var hann vel til þess fallinn að reka Skálholtsskóla, með reynslu til að bera sem fyrrum rektor í Hólaskóla og þar fyrir utan fjölmenntaður vísindamaður. Þar að auki naut hann ávaxtanna af áratuga uppbyggingarstarfi meistara Brynjólfs, er hafði á sinni tíð lagt sérstaka alúð við skólann, eflt hann og styrkt með öllum tiltækum ráðum og laðað til sín afar hæfa menn til kennslustarfa. Í biskupstíð Þórðar árin 1674-1697 sigldu 36 stúdentar til náms, að jafnaði þrír á hverjum tveimur árum, samanborið við 49 stúdenta í biskupstíð Brynjólfs árin 1639-

1 Gísli Baldur Róbertsson, „Áform um endurskoðun íslenskra laga.“ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2004, bls. 44-45.

2 ÞÍ. Bps. A-II, 11. Vísitasíubók Skálholts 1675-1695, bls. 578-579.

3 ÞÍ. Bps. A-II, 11. Vísitasíubók Skálholts 1675-1695, bls. 574-597.

4 ÞÍ. Bps. A-II, 11. Vísitasíubók Skálholts 1675-1695, bls. 615.

5 ÞÍ. Bps. A-II, 11. Vísitasíubók Skálholts 1675-1695, bls. 615-667, 685-717, 719-751, 757-774, 779-780 og 784-802.

6 Guðrún Ása Grímsdóttir, „Biskupsstóll í Skálholti.“ *Saga biskupsstólanna*, bls. 55.

1674 eða næstum því tveir á ári.¹ Þess ber þó að geta að skipasamgöngur voru ótryggari og óreglulegri í biskupstíð Brynjólfs, meðal annars vegna tíðra átaka Dana og Svía, sem og annarra þjóða í norðanverðri Evrópu. Fjöldi stúdenta er þar að auki enginn mælistika á gæði skólastarfs eða kennslu. Hvað sem því líður var Þórður farsæll skólastjórnandi, lét sér annt um hag og velferð nemenda sinna, innan skóla sem utan. Sem dæmi má nefna bréf hans um veikindi skólapiłtsins Björns Þorleifssonar, er síðar varð biskup á Hólum. Þar reynir Þórður að sefa áhyggjur foreldranna og leggur til góð ráð. Í öðru bréfi reynir Þórður að greiða úr vanda uppvöðslusams skólapiłts, Hallgríms litla, sem átti bágt með að laga sig að námi og aga skólans. Þórður hafði meira að segja komið honum í einhvers konar sérkennslu hjá presti einum í sveitinni. Prestur sá gafst upp á Hallgrími og bauðst Þórður þá til við föður hans að koma honum í iðnnám erlendis. Þá mætti minnst á bréf um matvandan skólapiłt, Þorlák Guðbrandsson, sem aðlagðist illa að skólastarfinu og vildi helst af öllu liggja fyrir og tyggja tóbak. Vildi Þórður fyrir alla muni leigja hest undir Þorlák svo að hann kæmist sem fyrst til föðurhúsanna enda var hann orðinn tóbakslaus.²

Helsta yndi Þórðar biskups var að dunda við og dytta að prentverki sínu. Hann fékk leyfi konungs fyrir því að flytja Hólaprentsmiðju suður í Skálholt og lét árið 1685 útbúa vandað prenthús. Gísli Hólabiskup hafði látist á árinu áður og prentsmiðjan var formlega séð eign afkomenda Guðbrands biskups Þorlákssonar, en ekki biskupstólsins. Því var ekki óeðlilegt að Þórður skyldi falast eftir prentverkinu. Afar umdeildur maður, Jón Vigfússon, auknefndur „Bauka-Jón“, var nýlega orðinn biskup. Telur Einar Gunnar Pétursson næsta víst „að prentverkið hefði ekki farið frá Hólum ef einhver, sem féll Þórði og hans frændum betur í geð, hefði sest þar að stóli.“³ Á prenthúsinu voru miklir gluggar á báðum hliðum og vandaðir ofnar innandyrar til húshitunar. Aftur af prenthúsinu var bókbandsstofa. Þórður gaumgæfði prentstílinn og öll letur, sem sum hver voru orðin máð og slitin. Lét hann steypa upp nýja stafi og flutti inn danskan prentara, Henrik Kruse, sem fyrrum hafði verið prentari á Hólum.⁴ Þórður gerðist síðan frumkvöðull í útgáfu íslenskra fornrita með prentun á Landnámu, Íslendingabók Ara fróða Þorgilssonar, Ólafs sögu Tryggvasonar og Grænlandsriti Arngríms Jónssonar lærða. Þá lét hann endurprenta guðsorðabækur af ýmsu tagi og var þar að auki mikilvirkur þýðandi nýlegra erlendra

1 Gunnar Örn Hannesson, *Íslenskir Hafnarstúdentar*, bls. 54-57.

2 Þf. Bps. A-IV, 2. Bréfabók Skálholts 1680-1683, bls. 59; Bps. A-IV, 3. Bréfabók Skálholts 1684-1689, bls. 71-72 og 634.

3 Einar G. Pétursson, „Bókaútgáfa á biskupsstólunum.“ *Saga biskupsstólanna*, bls. 592-593.

4 Jón Halldórsson, *Biskupasögur I*, bls. 325-326; Páll Eggert Ólason, *Seyjándi öld*, bls. 180.

rita. Nokkuð sinnti hann söfnun handrita, þótt ekki hafi hann sinnt því verki af sömu ástríðu og öðrum áhugamálum.¹ Þórður biskup hneigðist raunar fremur í átt til raunvísinda, einkum stjarnfræði og landmælinga. Íslandslýsing hans, ásamt þremur uppdráttum af Íslandi, skipar honum í fremsta sæti á meðal íslenskra landfræðinga á 17.öld.²

Þórður biskup unni fögrum listum. Bæði skapaði hann sjálfur og ýtti undir sköpun annarra. Er hann sneri heim úr fyrstu utanferð sinni 1658 hafði hann meðferðis „hljóðfæri tvö útlensk, Real og Symphon, og lék á þau í kirkju og stofu, þá brúðargangur var genginn.“³ Frægasti skjólstæðingur Þórðar er án efa séra Hjalti Þorsteinsson í Vatnsfirði. Gísli biskup Þorláksson „uppgötvaði“ hinn fjölbæfa Hjalta er hann sat á skólabekk í Hólaskóla og mæltist til þess að hann skyldi „læra málverk“ erlendis. Eftir andlát Gísla komst Hjalti undir verndarvæng Þórðar í Skálholti.⁴ Þórður kenndi Hjalta eitt og annað í málalalist og kostaði hann til náms. Þar varði Hjalti öllum auðum stundum sem hann mátti frá náminu til þess að nema hljóðfæraleik, höggmyndagerð og málalalist. Eru margar gersemar hans varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands, þar á meðal málverk af Þórði biskupi og eiginkonu hans frú Guðríði Gísladóttur.

Þórður biskup var einnig afar áhugasamur um garðrækt. Hann var tengdasonur mesta ræktunarfrömuðar 17. aldar, Gísla Magnússonar sýslumanns á Hlíðarenda í Fljótshlíð.⁵ Finna má marga samnefnara með þeim tengdafaðgum, en Gísli hafði menntað sig víða um Evrópu á ungdomsárum sínum, var fjölmenntaður og margfróður í ýmsum greinum. Hafa þeir sjálfsagt skrafað mikið saman og átt sálufélaga hvor í öðrum, einkum á efri árum Gísla er hann bjó í Skálholti. Þá hélt Þórður „útlenskan steikara eða kokkapíku“, var veitingasamur og gestrisinn, en ekkert féll honum verr í geð en drykkjuskapur eða van-skikkun presta.⁶ Sjálfur var hann vandlátur í mataræði, var sælkeri og sólginn í framandi matvöru og vönduð klæði. Bregða bréfabækur hans nokkru ljósi á hvað hann pantaði hjá kaupmönnum. Árið 1678 leggur hann inn stóra

1 Guðrún Ingólfssdóttir, „En að sá helgi stíll saurgist af sögum. Útgáfustarf Þórðar biskups Þorlákssonar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 161-177; Már Jónsson, „Þórður biskup Þorláksson og söfnun íslenskra handrita á síðari hluta 17. aldar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 179-196.

2 Þórður Þorláksson, *Ísland. Stutt landlýsing og söguýfirlit*, bls. xv; Össur Skarphéðinsson, „Magisters Þórðar landakort.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 95-116; Jón Ólafur Ísberg, „Læknisfræði Þórðar biskups Þorlákssonar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 117-140.

3 *Annálar* I, bls. 352.

4 Þóra Kristjánsdóttir, *Mynd á þili*, bls. 90-105; *Íslenskar æviskrár* II, bls. 363-364.

5 Ingólfur Guðnason, „Vísbendingar um garðrækt í Skálholti á fyrri öldum.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 148-153.

6 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* I, bls. 340 og 342.

pöntun hjá kaupmanni. Meðal þess sem hann pantar eru sex malttunnur, ein af humal og önnur af byggi, en jafnframt hálf tunna af ertum, 30 pottar af vín-ediki, þar af vönduðum skóm og 30 pottar af öli. Þá kaupir hann „eina silfur-hálsfesti, vel gyllta, tveggja álna langa, og ei stórgjörða“ handa frú Guðríði. Handa sjálfum sér kaupir hann pund af „Borras til að kveinka með silfur“, nokkra málarafarva og pensla, 2 potta af línóleum og „nokkur vínstein, tvö eður þrjú pund.“¹ Fimm árum síðar eða í júlí 1683 pantar Þórður sjö malttunnur „af því sem gott er,“ eina tunnu humals, aðra af hafragrjóni, gott sigtað mjöl, hveiti, góð stígvél fyrir sig og syni sína tvo, járn, blý og bókaskinn, svo að nokkuð sé nefnt.²

Í fasi var Þórði lýst sem staðföstum rólyndismanni sem óttaðist Guð og elskaði friðinn „og gekk hann ei hraðar í einn tíma heldur en annan, hvort sem úti var hret eður hiti, skúr eður skin, og varla mátti segjast hann riði hesti skeið.“³ Reisn hefur verið yfir öllum heimilisbrag í Skálholti um daga Þórðar biskups og húsfreyju hans frú Guðríðar. Þau áttu tvo syni, Þorlák síðar rektor í Skálholti og Brynjólf síðar sýslumann og bónda á Hlíðarenda. Þorlákur lést fyrir aldur fram af veikindum 4. nóvember 1697, aðeins 22 ára. Þá var Þórður faðir hans nýlega látinn eða 16. mars, eftir langvinn veikindi. Ekki er þorandi að fullyrða neitt um eðli veikinda biskups. Til þess þyrftu heimildir að vera ljósari. Hafa fræðimenn getið sér til að hann hafi ef til vill verið holdsveigur og verður engu slegið á fast um það hér.⁴

Prestastefnur og dómar

Þórður Þorláksson viðhélt þeirri hefð sem Brynjólfur forveri hans hafði komið á fót. Hann boðaði árlega til almennrar prestastefnu á Þingvöllum um sína embættistíð eða fékk einhvern til þess fyrir sína hönd þegar heilsa hans stóð tæpt. Ekki var mikill munur á úrlausnarefnum, þegar á heildina er litið, eins og sjá má hér í töflu 1 sem tekur til biskupsára Brynjólfs, Þórðar og Jóns Vídalíns. Hún fyllir upp í töflur sem birtust í inngangi að prestastefnudómum Jóns.⁵ Brynjólfur sat lengst þessara manna á biskupsstóli eða í 36 ár en Þórður og Jón

1 Þí. Bps. A-IV, 1. Bréfabók Skálholts 1676-1679, bls. 354; sbr. Gísli Gunnarsson, „Bú Þórðar biskups og sambönd hans.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 45-60.

2 Þí. Bps. A-IV, 2. Bréfabók Skálholts 1680-1683, bls. 218-219.

3 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* I, bls. 340.

4 Sigurjón Jónsson, *Sóttarfar og sjúkdómar á Íslandi 1400-1800*. Reykjavík 1944, bls. 125; Jón Ólafur Ísberg, „Læknisfræði Þórðar biskups Þorlákssonar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 132-134.

5 Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. *Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698-1720*. Útgefendur Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson. Reykjavík 2006, bls. 26-37.

sátu stólinn í 23 ár, hvor um sig. Dálkar töflunnar eru kenndir við karlana þrjá en ekki árin sem þeir gegndu embætti. Umsvifin voru greinilega mest í tíð Þórðar, sem vissulega er ánægjulegt og segir vafalítið einhverja sögu, en munurinn er þó varla nógu mikill til að draga megi miklar ályktanir af því. Að minnsta kosti yrði að athuga frammistöðu biskupa á 18. öld til að segja nokkuð um breytingar í tímans rás, en það verður ekki gert að þessu sinni.

Tafla 1. Flokkun prestastefnudóma 1639-1720 í prósentum.

	<i>Brynjólfur</i>	<i>Þórður</i>	<i>Jón</i>
Embætti presta	16	28	36
Kirkjur og jarðir	15	17	10
Hjúskapur	11	17	19
Siðferði	18	6	13
Trúmál	10	13	8
Tilkynningar	6	6	14
Stefnumótun	21	13	0
Annað	3	0	0
Samtals	100	100	100
Fjöldi mála	256	207	182
Á ári	7,1	9,0	7,9

Meiri munur er á því hvernig mál voru afgreidd, eins og fram kemur í töflu 2. Óhætt er að tala um þáttaskil í tíð Jóns Vídalíns, þar sem meira var um að mál drægjust á langinn eða hlytu ekki afgreiðslu. Vart verður þó fullyrt að það stafi af áhugaleysi hans eða dugleysi, heldur átti hann um langt skeið í harðvítugum deilum við æðstu fulltrúa konungs í landinu, sem gerðu sitt besta til að þrengja að honum. Slíkrar tilhneigingar var ekki farið að gæta í tíð Þórðar Þorlákssonar, nema hugsanlega alveg í blálökin. Fyrsti fulltrúi veraldlegs valds, Christian Muller amtmaður, tók sæti á prestastefnu sumarið 1688 (sjá hér á bls. 157 og 163). Samstarfið gekk vel og meira að segja kríumálinu svonefnda lauk með sátt, þótt augljóst sé að amtmanni misbauð meðferð málsins af hálfu prófests og jafnvel biskups. Hins vegar féllu hinar ríflegu skaðabætur sem hann hlaut vegna málsins honum vel í geð (bls. 231-232).

Tafla 2. Lyktir mála 1639-1720 í prósentum.

	<i>Brynjófur</i>	<i>Þórður</i>	<i>Jón</i>
Dómur	27	26	33
Úrskurður	42	54	16
Sýkna	2	2	11
Sættir	3	3	4
Áminning	2	2	2
Frestun	17	2	20
Frávísun	6	10	13
Samtals	99	99	99
Fjöldi mála	242	197	159

Þótt Þórður biskup hafi vissulega verið samviskusamur embættismaður virðist á stundum eins og hann hafi gert eins lítið í málum og hann komst upp með. Hann var upptekinn af því að gera skyldu sína og verða ekki uppvís að vanrækslu en hugsanlega náði áhugi hans ekki út fyrir það. Varla er hægt að segja að hann hafi jafnan tekið af skarið á prestastefnum um lausn mála, sem þó þarf ekki að hafa verið merki um veikleika. Hann fór ætíð eftir bókinni og gætti formsatriða í hvívetna. Síðustu árin reið hann hins vegar hvorki til alþingis né vísiteraði hann kirkjur í umdæmi sínu. Árið 1694 var hann orðinn burðalítill og rúmfastur sjúklingur og sagði fyrir úr sæng sinni. Séra Björn Þorleifsson varabiskup sinnti embættisverkum Þórðar, hélt prestastefnur og vígði presta í hans stað.¹

Árið 1691 er Þórður biskup fjarverandi á prestastefnu á Þingvöllum en gefur Birni fullmagt og umboð „í sínum veikleika og vitanligum forföllum fyrir framan að vera í þetta sinn“ (sjá hér á bls. 183). Árin 1692 og 1693 sat Þórður prestastefnu „í nálægð og viðurvist“ meistara Björns, eins og segir fyrra árið (bls. 187 og 209), en 1694 og 1696 sat Björn í forsæti fyrir prestastefnum (bls. 233 og 246). Fyrra árið notaði hann tækifærið og lét hrekja gífuryrði Eiríks nokkurs Sigurðssonar að Hólum í Hjaltadal við sig haustið áður og fjórfaldan fingrasmell (bls. 236-237). Málinu fylgdi Björn svo eftir af ærnu yfirlæti á alþingi þremur árum síðar, sem hann var tekinn við embætti að Hólum.² Jón Vídalín tók aftur á móti við mannaforráðum í Skálholti að Þórði látnum og fékk séra Árna Þorvarðsson prófast á Þingvöllum fyrir sig til að standa fyrir prestastefnu árið 1697 (bls. 249).

1 Jón Halldórsson, *Biskupasögur I*, bls. 339-340.

2 *Alþingisbækur IX*, bls. 37-39.

Tafla 3. Sakborningar 1639-1720 í prósentum.

	<i>Brynjólfur</i>	<i>Pórður</i>	<i>Jón</i>
Kennimenn	39	24	47
Aðrir karlar	42	51	34
Konur	19	25	19
Samtals.....	100	100	100
Fjöldi mála	134	95	143

Nokkur þeirra mála sem gefur að líta í prestastefnudómabók Þórðar biskups voru honum allsnúin af ýmsum ástæðum. Ekki síst voru prestar honum erfiðir, þótt athugun leiði í ljós að miðað við Brynjólf og Jón, svo sem gefur að líta í töflu 3, komu færri prestar fyrir dóm hjá honum en þeim. Þeir hafa þá verið þeim mun illskeyttari. Skal nú vikið stuttlega að nokkrum þessara mála. Það fyrsta, mál séra Árna Loftssonar og Rögnvalds Sigmundssonar, snerist um átök innan fjölskyldu um peninga (sjá hér á bls. 78-80 og 290-293). Séra Árni átti í deilum, þrasi og málaflækjum við ýmsa menn alla sína starfsævi. Er hann var prestur á Stað í Aðalvík veiktist hann og kenndi um gerningum og göldrum.¹ Rögnvaldur Sigmundsson, stórbóndi og síðar sýslumaður í Strandasýslu, og séra Árni voru mágar, en sá síðarnefndi var giftur Álfheiði systur hins. Árið 1678 var séra Árni embættislaus og hugðist heimta fé er hann átti inni hjá Rögnvaldi, sem brást illa við. Taldi Rögnvaldur séra Árna valdan að veikindum sínum og konu sinnar og sakaði séra Árna um að hafa þar á ofan „pening sinn suman deytt og drepð, en suman pín og plagað með göldrum og öðru fleira.“² Skal vakín sérstök athygli lesanda á þessu máli, ekki síst einkennilegu varnarbréfi séra Árna (sjá bls. 79-80).

Málaferli séra Einars Torfasonar snúast aftur á móti um embættisafglöp og barneign utan hjónabands. Séra Einar var bæði greindur og vel að sér. Páll Vídalín lét til að mynda mikið yfir lagavisku séra Einars og sagði hann hafa verið mestan allra lagamanna sinna tíma.³ Á séra Einari lá hins vegar þungt orð og átti hann í viðvarandi málaþrasi við sveitunga sína og aðra. Brynjólfur biskup Sveinsson neitaði að ráða hann sem rektor Skálholtsskóla á sínum tíma og er sennilegt að hann hafi bægt Einari frá því embætti vegna skapgerðarbrestra frekar en skorts á lærdómi. Séra Einar og Þórður biskup voru samtíða í Hafn-

1 Íslenzkar æviskrár I, bls. 59-60.

2 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* I, bls. 315-316.

3 Íslenzkar æviskrár I, bls. 388-389.

arháskóla og hafa þekkt mætavel, enda vinsamlegur tónn í bréfum biskups til prests. Einar innritaðist í Hafnarháskóla ári fyrr en Þórður eða 1. nóvember 1655 og fékk Stað í Steingrímsfirði fyrst eftir langa mæðu árið 1670.¹ Þá þegar upphófst óeining á milli séra Einars og sóknarmanna hans, eins og fram kemur í meðferð Brynjólfs Sveinssonar og presta hans á málinu.² Þórður frétti af málum séra Einars í janúar árið 1677 og stóð fyrir því að ekkjan Guðrún Halldórsdóttir yrði áminnt að segja til föður að barni sem hún eignaðist árið áður. Sveitarmenn töldu að séra Einar ætti barnið en hann þvertók fyrir það. Í eftirskrift bréfs til séra Einars þakkar Þórður fyrir sendingu „með Ísleifi litla í haust. Hann lærir finlega eftir vonum og er efstur í neðra bekk“ (bls. 263-264). Ísleifur hafði komið í Skálholtsskóla haustið áður, sonur Guðrúnar og séra Þorleifs Einarssonar, sem var látinn.³ Á prestastefnu sumarið 1677 flutti séra Einar magnaða málsvörn (bls. 271-280) og að frumkvæði Þórðar var ákveðið í lögréttu að Guðrún skyldi ekki tekin til leynilegrar aflausnar nema hún lýsti föður að barni sínu.⁴ Það gerðist þó ekki fyrr en árið 1679 og var séra Einari þá ekki undankomu auðið (bls. 85-87 og 89). Nokkrum árum síðar má segja að hann hafi svarað fyrir sig „með háareysti og óþýðu viðmóti í sínum andsvörum mót biskupsins friðsamlegu og hógværu ávarpi, honum til styggðarefnis og óþökkunar“ (bls. 297). Málaferli séra Einars eru margbrotin og áhugaverð, ekki síst fimlegar varnir fyrir völdum og erfiðum málstað.

Að síðustu skal vikið að kríumálinu, er svo var kallað. Eru atvik þessa máls svo undarleg að þau minna á gamanleik á köflum. Upphaf málsins má rekja til furðulegs uppátækis séra Jóns Jónssonar, sem hafði verið aðstoðarprestur föður síns að Hítarnesi um langt skeið og vildi fá brauðið að honum látnum.⁵ Jón yngri ákvað að koma umsókn um kallið til Danadrottningar og setti plaggið í bikaðan tréstokk, með það í huga að straumar Atlantshafsins myndu bera „flöskuskeytið“ frá flæðarmáli vesturstrandar Íslands, austur og suður til Danmerkur! Mætti draga þá ályktun af þessari háttsemi að séra Jón hafi verið dómgreindarlaus fremur en heimskur. Ekki vildi betur til en svo að tréstokkurinn fannst í flæðarmálinu og var komið í hendur viðeigandi yfirvalds, nefnilega Magnúsar Hrómundssonar sýslumanns í Hnappadalssýslu. Til að

1 *Kjöbenhavns Universitets Matrikel* I, bls. 261; Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta* II. Reykjavík 1951, bls. 209.

2 *Guðs dýrð og sálnanna veiferð*, bls. 307-313.

3 *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 404-405.

4 *Alþingisbækur* VII, bls. 379-381.

5 Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi* I, bls. 140; *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 174-175.

bæta gráu ofan á svart var umsóknarbréf séra Jóns dagsett sjö dögum síðar en það fannst. Christian Muller krafðist aðgerða af hálfu Þórðar biskups, góðvinar síns, en Muller var kvæntur Margréti Bartholín, dóttur Thomasar eldra, læriföður Þórðar sem fyrr er getið.¹ Enn versnaði í málinu þegar Magnús sýslumaður misritaði nafn Mullers í stefnu til séra Jóns og ritaði *Chrían* í stað *Christian*, en sem menn vita er blessuð krían lítill en hávær og herskár fugl, vægast sagt þreytandi til lengdar. Verður þetta ekki rakið frekar, en vísað til skjala í þessari bók (sjá bls. 191-222 og 309-319). Má og geta þess að sýslumaður missti embættið, eins og séra Jón, og undrudust bændur í sýslunni það ákaflega í vitnisburðum sem lesnir voru á alþingi 1693 að svo skyldi fara fyrir þann misgáning „að eitt mannsnafn misskrifað hafi sjálfráður“, enda höfðu þeir aldrei orðið varir við að slíkt „misskrif fundist hafi í hans dómum, kopíum eður öðrum þeim gerningum, sem frá sér gefið hefur, heldur athugasamlega vandað að orðastílnun og stafagerð.“² Önnur afleiðing málsins var að ári síðar hnykkti Muller á því ákvæði í erindisbréfi sínu frá 1688 að allar bænarskrár til konungs færu um hendur hans, að viðlagðri refsingu.³ Þórður hafði komið á sáttum og eins og þegar er getið fór lítið fyrir honum á landsvettvangi næstu árin vegna veikinda, en rétt að fram komi að eitt hans síðasta verk var að kveða á um dreifingu guðsorðabóka til fátæks fólks. Á fundi presta í Reykholti 14. nóvember 1697 var 17 bókum deilt á viðstadda til dreifingar í Borgarfirði.⁴

Handrit og frágangur texta

Prestastefnudómar Þórðar Þorlákssonar eru í frumriti í skjalasafni biskups í Þjóðskjalasafni Íslands í Reykjavík sem *Bps. A-III, 2. Prestastefnubók Skálholts 1675-1697*. Bókin er í arkarboti og liggur nú í lausum örkum, án bands. Hún er 341 blaðsíða samkvæmt nálægt því upprunalegu blaðsíðutali, en bæði vantar allnokkrar síður (sjá ögn neðar) og ófáar eru auðar, nefnilega 57, 58, 78, 90, 96, 109, 130-132, 140, 146, 166, 177, 178, 194, 242, 288, 302, 306, 319 og 320. Sé mark tekið á blýantsmerkingu skjalavarðar neðst á blöðum eru þau 155 talsins. Í þessari útgáfu birtast prestastefnudómar í biskupstíð Þórðar í heild og ýmis gögn sem þeim fylgja í bók hans. Við útgáfuna voru þó gerðar fáeinar tilfæringar í þágu tímaraðar. Bréf Magnúsar Jónssonar lögmanns 1. júlí 1681

1 Jón Halldórsson, *Biskupasögur* I, bls. 332 og 340.

2 *Alþingisbækur* VIII, bls. 428-429.

3 *Alþingisbækur* VIII, bls. 455-456.

4 ÞÍ. Skjalasafn prófesta. Borgarfjarðarprófastdæmi AC/1. Héraðsbók Halldórs Jónssonar 1663-1699, bl. 410r-v.

er fyrir framan prestastefnu þess árs en var flutt aftur fyrir hana (bls. 99-100; í handriti á bls. 95 og 110). Skjöl frá sumrinu 1682 eru í bókinni fyrir aftan prestastefnu 1683 og voru færð fram fyrir hana (hér á bls. 104-108.) Áður en blaðsíðutal var skrifað í prestastefnubókina brenglaðist hins vegar röðin á þeim síðum og væri rétt í handriti svo sem hér segir: 126, 123, 124, 127, 128, 129, 107, 108, 125). Bréf séra Einars Torfasonar frá 1677 liggur sjálfstætt í bókinni (bls. 35-42), ekki í frumriti, og var flutt í viðauka (hér á bls. 271-280). Þar er einnig bréf um Skarð á Landi frá 1693 sem strangt tekið tilheyrir ekki bókinni, en fyrst það tengist dómi þótti ekki stætt á að sleppa því (sjá hér á bls. 325-326 en fremst í handriti án blaðsíðutals og er afrit frá lokum 18. aldar).

Prestastefnudómum og álitum prófaste í héraði er öllum haldið (sjá hér á bls. 55-58, 66-67, 75-76, 94-96, 100-101, 108-110, 130-139, 164-172 og 192-195). Nokkru af slíku efni er síðan bætt við í viðauka (bls. 282-284, 289-290, 309-325) en ekki hefur verið gerð kerfisbundin leit að héraðsprestastefnudómum þótt vissulega séu þeir ekki síður áhugaverðir en hinir almennu. Ýmsu efni öðru sem hefur verið fært í bókina er haldið, svo sem ósk um bænhús í Dagverðarnesi (bls. 123-124) og skikkun *magisters* Brynjólfs um tillag uppgefínna presta af Holtsstað undir Eyjafjöllum (bls. 139-140). Þar er hún án dagsetningar, en bréfið var skrifað í Skálholti 23. apríl 1655 og er í einni bréfabóka Brynjólfs í Stofnun Árna Magnússonar.¹

Tveimur prestastefnum Þórðar er skotið inn í úr öðrum heimildum og er önnur úr héraði en hina vantar í prestastefnubókina:

Þórður átti það til, eins og forveri hans, að kalla presta saman til dóma í héraði þegar hann var á ferð (sjá hér á bls. 73-78, 114-118, 129-130, 155-157). Ein slík prestastefna fór fram í Ögri við Ísafjarðardjúp 31. ágúst 1675 og hefur verið skráð í vísitasíubók Þórðar í Þjóðskjalasafni, nánar tiltekið Bps. A-II, 11. Vísitasíubók Skálholts 1675-1690, bls. 37-39 (sjá hér á bls. 58-61). Afrit þessa dóms er í dóma- og bréfabók prófaste í Holti í Önundarfirði, einnig í Þjóðskjalasafni.²

Prestastefna ársins 1678 á Þingvöllum hefur verið rifin úr bók Þórðar eftir að blaðsíðutalið var skrifað í hana (bls. 43-54 og líklega 56-74). Eitt blað hefur þó varðveist (sjá hér aðeins neðar). Vísað er til prestastefnunnar í bréfi Sigurðar Björnssonar lögmanns (bls. 55; sjá hér á bls. 84). Svo vel vill til að í bók sinni um galdur og galdramál nefnir Ólafur Davíðsson afrit séra Jóns Halldórssonar í Hítardal frá um 1700 í Lbs. 101 4to í handritadeild Landsbókasafns-Háskóla-

1 AM 269 fol. Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar 1654-1656, bls. 229-230.

2 Þí. Skjalasafn prófaste. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi AC/1. Skjalabók Jóns Jónssonar og Sigurðar Jónssonar 1333-1708, bls. 202-206.

bókasafns.¹ Í þeirri bók eru margar prestastefnur Brynjólfs Sveinssonar og Þórðar, sumar í heilu lagi en aðrar bútaðar í sundur og efnið sett með ólíkum efnisþáttum. Þá er vísað til blaðsíðutals að hætti þess góða fræðimanns sem séra Jón óvæfengjanlega var. Árið 1678 er þannig að stofni til á bls. 318-321 í handritinu en sumir úrskurðanna á bls. 67-68, 106, 115-117 og 281-287. Prentað er eftir þessu handriti hér á bls. 74-82 en sleppt ágripi af prestastefnudómi um séra Árna Loftsson að Hvammi í Hvammssveit 15. ágúst 1678, enda var sá dómur í heild gefinn út nýverið.² Plássins vegna er hér einnig sleppt aðgjörðum og eiðatöku séra Árna 15. október og áfrýjun Rögnvalds Sigmundsson 4. nóvember. Prestastefnan 1678 er einnig í handritinu Lbs. 91 4to með hendi samtíðarmanna Þórðar biskups, bl. 149r-154r. Þar fyrir miðju leynist samantrotið blað úr prestastefnubók Þórðar með dómi yfir séra Þorleifi Árnasyni og er textinn öllu ítarlegri en sá sem hér birtist (bls. 80-81). Því miður uppgötvaðist þetta of seint til að hægt væri að skjóta þessum tveimur blaðsíðum inn í útgáfuna en vonir standa til þær og aðrir textir sem nú eru nefndir rati fljótlega á prent í heildarsafni galdradóma.

Bréfabækur Þórðar eru varðveittar frá árunum 1676-1689. Þar eru ófá bréf sem tengjast málum sem komu fyrir prestastefnu og var ákveðið að birta sem flest þeirra í viðauka (bls. 257-326), svo sem hér segir, með vísun í blaðsíðutöl heimildar fyrst og blaðsíðutöl í útgáfunni innan sviga.

a. Bps. A-IV, 1. Bréfabók Skálholts 1676-1679 (tveir hlutar):

Málefni Guðrúnar Halldórsdóttur og séra Einars Torfasonar, bls. 120-128, 137-138 og 159-162 (hér á bls. 257-271).

Aflausn Þorvarðs Hallssonar, bls. 139-141 (bls. 280-281).

Um Valþjófsstað, bls. 212-213 (bls. 284-285).

Málefni séra Þorleifs Árnasonar, bls. 222-224 og 261-263 (bls. 285-288).

Getuleysi Magnúsar Jónssonar, bls. 313-314 (bls. 289-290).

Málefni séra Árna Loftssonar, bls. 299, 317-318, 320-321, 356, 358-360 og síðari hluti, bls. 29-30 (bls. 290-293).

b. Bps. A-IV, 2. Bréfabók Skálholts 1680-1683:

Trúlofun Ólafs Einarssonar og Halldísar Hákonardóttur, bl. 88v-89r, 130v-131v (bls. 293-295).

Málefni séra Einars Torfasonar og sóknarmanna hans, bl. 222v-224r (bls. 295-297).

1 Ólafur Davíðsson, *Galdur og galdramál á Íslandi*. Reykjavík 1940-1943, bls. 66. Sjá einnig Ólaf Davíðsson, „Tóbaksnautn að fornu.“ *Eimreiðin* 4 (1898), bls. 128-129. Ég þakka Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur fyrir ábendingu um þá grein.

2 *Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*. Útgefandi Matthías Viðar Sæmundsson. Reykjavík 2001, bls. 318-327.

c. Bps. A-IV, 3. Bréfabók Skálholts 1684-1689:

Málefni Þorsteins Högnasonar, bls. 107-109, 111 (bls. 298-300).

Málefni Jóns Vigfússonar Hólabiskups, bls. 150-151 (bls. 300-301).

Trúlofun Greips Andrússonar og Sigríðar Guðmundsdóttur, bls. 277-278 (bls. 301-302). Má geta þess að lýst var eftir Greip á alþingi 1688, illa kynntum, stuttleitum, herðabreiðum og hraustlegum, lesandi og skrifandi.¹

Málefni séra Rafns Ólafssonar, bls. 393-397, 401, 432, 644, 666-668 (bls. 302-308).

Um bæn á móti Tyrkjanum, bls. 485-487 (bls. 308-309). Sú útgáfa sem þar er getið og hefur verið prentuð í árslok 1676 eða ársbyrjun 1677 er ekki varðveitt, en vera má að hún hafi líkst tólf blaða bæklingi með bænnum sem átti að nota á almennum bænadegi samkvæmt skipun konungs og fylgdi þykkri bók fyrir presta sem Þórður gaf út í Skálholti 1686.²

Í öðrum gögnum eru líka bréf og dómar sem ófært var að leyfa ekki að vera með og á það einkum við um hið óborganlega kríumál séra Jóns Jónssonar í Hítarnesi og Christians Mullers amtmanns (sjá hér á bls. 191-216 og 231-233):

d. Þí. Borgarfjarðarprófastsdæmi AC/1. Héraðsbók Halldórs Jónssonar 1663-1699:

Aflausn Guðrúnar Halldórsdóttur, bl. 216v-217r (bls. 268).

Aflausn Þorvarðs Hallssonar, bl. 232r-234v (bls. 282-284, sett í tímaröð).

e. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. AM 445 fol. Gögn jarðabókarnefndar VIII:

Málefni séra Jóns (hér á bls. 309-316 og 319-325) sem hér er raðað öðruvísi en í frumriti, svo sem eftir fylgir: stefna Mullers 12. ágúst 1692 (bl. 6r, með vottun á bl. 11r-11v); dómur 12. október (12r-v); upplestur séra Jóns sama dag (16r-17r); afbötun hans 28. október (19r-v); dómur 31. október (15r-v); dómur 19. maí 1693 (21r-24v). Ástæða þess að Árni Magnússon lét taka þessi gögn saman mun vera að hann sá í þeim tækifæri til að klekkja á amtmanni, sem hann stóð í illdeilum við árin 1707-1708, en ekki verður þess vart að hann hafi nýtt sér þau.

f. Þí. Skjalasafn stiftamtmanns III-227. Ýmislegt um dómsmál 1691-1803. Synodalskjöl 1691-1750:

Mál séra Jóns er hér í óvottuðu samtíðar afriti í 15 blaðsíðna hefti með blýantsmerktu blaðatali safnvarðar og geymir að hluta sömu gögn og AM 445 fol., en jafnframt nokkur fleiri sem skotið er á milli hér (sjá bls. 316-319): vitnis-

1 *Alþingisbækur* VIII, bls. 197.

2 *Dominicale, það er guðspjöll og pistlar*. Skálholti 1686. Bæninir hafa sérstaka forsíðu með sama útgáfustað og ári, en blaðamerking kemur í beinu framhaldi af öðru efni sem örk V bl. i-vi.

burður um tréstock séra Jóns (bl. 240v) og tvö bréf Þórðar biskups (bl. 241r-242r). Ákveðið var að birta ekki þýska supplicatiu séra Jóns frá 12. júní 1691, sem er bæði í heftinu (bl. 240r) og AM 445 fol., bl. 2-3. Kríumálið er því engan veginn tæmt og verðskuldar nákvæma umfjöllun sem táknmynd áhugaverðs samfélags.

Ekki er því fylgt eftir öllum aðgerðum í þeim málum sem koma við sögu í prestastefnubók Þórðar. Það gildir um séra Einar Torfason, eins og þegar er getið, en líka Þorvarð Hallsson, sem áhugaverð gögn eru um í margnefndu Lbs. 91 4to, bl. 140r-145r. Eins er öllu aukaefni sleppt um skilnað tvennra mektarhjóna á Suðurlandi árið 1688 eftir tvöfalt hórdómsbrot, enda til á prenti greinargerð um það mál.¹ Ekki hvað síst á þetta þó við um málefni Jóns Vigfússonar biskups á Hólum, sem er rannsóknarefni út af fyrir sig og norðlenskir prestar kærðu, aðallega fyrir tóbakshöndlun. Þórður sat í dómi með Christofer Heide-mann landfógeta á Þingvöllum 3. og 4. júlí 1685 (sjá stefnu hér á bls. 300-301). Dómurinn er ekki í prestastefnubókinni, en varðveittur í Lbs. 101 4to, bls. 176-191, og sjálfsagt víðar. Síðari dómurinn í máli Jóns, sem Þórður kvað upp ásamt Christian Muller amtmanni á alþingi 9. júlí 1690, er þar í beinu framhaldi á bls. 191-201.²

Um efnisyfirlitið hér (bls. 5-20) er það að segja að byggt er á efnisyfirliti sem er fremst í prestastefnubókinni og unnið seint á 18. öld, að virðist, en texti víða stytur eða lagaður til. Efnisyfirlit viðaukans miðar við fyrirsagnir bréfa-anna sjálfra eða innihald.

Útgefinn texti í þessari bók er 112 þúsund orð. Skrift í handritum er víðast skýr og vandalítið að ráða fram úr henni. Texti er sjaldan torræður. Smávægilegar og augljósar ritvillur eru leiðréttar athugasemdalaust. Athugasemdum neðanmáls er haldið í lágmarki og aðeins breytinga frá hendi skrifara getið sem gætu skipt máli fyrir merkingu. Hornklofar [] eru settir utan um fáeina bókstafi sem ekki verða lesnir vegna skemmda og líkleg lausn sett innan klofans, sjá hér á bls. 326.

Víða vantar fyrirsagnir í upphafi ára og þeim er þá bætt við, ýmist *Í nafni heilagrar þrenningar* eða *In nomine Domini* eftir samhengi. Ekki er fiktad í númerum á málsgreinum, þótt ekki virðist þau vera í rétttri röð (sjá til dæmis á bls. 133).

Undirskriftir eru settar í dálka sem líkast því sem er í handritinu. Það er þó ekki alltaf hægt, til dæmis þegar nöfnin eru í þremur dálkum eða misjafnlega

1 Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Íscajjarðarsýslu 1711-1729. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2002, bls. 15-17.

2 Um dómana yfir Jóni, sjá Ólaf Davíðsson, „Tóbaksnautn að fornu“, bls. 131-132.

mörg nöfn eru í dálki. Því ber að forðast túlkun á virðingarröð manna án athugunar á handriti. Afbrigði auðkenningar fyrir yfirlýsingu manna um undirskrift *með eigin hendi* og *eigin hendi* eru hér samræmd sem *meh* eða *eh*, en latínuaufbrigðið *manu propria* sem *mpp*.

Þar sem spássíugreinar koma fyrir, til dæmis í varnarskjali séra Einars Torfasonar (bls. 271-280), eru þær settar á spássíu og komið fyrir sem næst setningum sem þær vísa til. Tilvísanir hans, og annarra hér og þar í dómum, til texta úr Biblíunni ættu að vera auðrekjanlegar. Við treystum okkur hins vegar ekki til að rekja vísanir séra Einars í Rómarlög og ekki tókst að hafa uppi á þeim Schard. eða Schn. sem hann nefnir oft. Brochmann sá sem hann nefnir mun vera Caspar Erasmus Brochmand, guðfræðingur og prófessor við Hafnarháskóla, ofurvirtur í sinni tíð og gaf árið 1638 í Leipzig út tvö hnauspykk bindi með innbyrðis samfelldu blaðsíðutali sem geymdu heildarsýn allrar guðfræði eða *Universæ theologiæ systema*. Á næsta aldarfjórðungi kom ritið út í sex útgáfum. Ekki verður séð hvaða útgáfu séra Einar hafði undir höndum en fullvíst að setningarnar sem hann hefur eftir Brochmand (bls. 278) eru úr þessu verki.¹ Um skipanir konunga og aðra lagatexta vísast til Jónsbókar, *Lovsamling for Island* og *Forordninger, Recesser og andre kongelige Breve* í útgáfu Vilhelms Adolfs Secher, sem getið er í heimildaskrá, en *Ein Kirkju Ordinantia* var gefin út á íslensku að Hólum árið 1635.

Erlend orð, úr latínu og grísku eða dönsku, eru að jafnaði skrifuð með settlettri í handriti. Þau eru skáletruð hér, óháð því hvort þau beygjast á íslenska eða erlenda vísu í handriti. Stundum er vandgreint á milli erlends orðs sem slíks og erlends orðs sem hafði öðlast sess í íslensku ritmáli, og er því eins víst að ósamræmis gæti í skáletrunum. Þegar fyrir koma orð sett saman úr tveimur hlutum, þar sem annar er íslenskur en hin erlendur, er erlendi hlutinn hafður skáletraður, svo sem *synodals* dómur. Mánaðaheiti eru á latínu í handriti en höfð á íslensku hér. Danskir textar eru samræmdir að mestu en fornlegri stafsetningu haldið þar sem breyting yfir í nútímamál gæti valdið misskilningi.

Orðið *Guð* er hér með stórum staf, en þannig er að jafnaði í handritinu og á vel við í prestastefnudómum. Orðin *biskup*, *embætti*, *staður*, *sýslumenn*, *lög* og fleiri eru aftur á móti stundum með stórum staf í handriti en eru hér höfð með litlum. Að jafnaði er leyst úr skammstöfunum og haft *séra* þar sem táknað er *s.* eða *sr.* í handriti, en *magister* fyrir lærdómstitil Þórðar og annarra biskupa, sem í handriti er ávallt auðkenndur með stóru *M*. Þegar konungur er nefndur fylgir

1 Caspar Erasmus Brochmand, *Universæ theologiæ systema*. Fyrsta útgáfa, Leipzig 1638, og fimmta útgáfa, Ulm 1658, bls. 1021-1022 og 1037. Eintökin eru í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn.

ávallt stýtt aukaheiti *Majst.* sem þó er stundum skrifað fullum fetum, þá oftast *Majestet*, sem notað er hér, reyndar með litlum staf. Þegar svo ber undir að orðið kemur fyrir sem *Majestatis* er því vitaskuld haldið. Skammstafanir í kveðjuorðum hér og þar eru tilgáta, en slík tilvik eru nefnd neðanmáls. Rómverskum tölum í handriti er breytt í arabískar en þegar tölur eru skrifaðar með orðum er því haldið.

Setningaskipan handrita er virt eftir því sem unnt er, en víða varð ekki hjá því komist að hagræða henni í þágu rennslis og merkingar með því að hnika til punktum og kommum. Enginn punktur er hafður í fyrirsögnum þótt svo sé í handriti. Greinarmerki eru höfð nokkurn veginn með nútímahætti og reynt að hafa kommur sem fæstar. Greinaskilum er víða bætt við til að létta lesturinn og tvípunktum á undan beinum tilvitnunum í mál manna.

Uppskriftin er orðrétt og stafsetning færð til nútímahorfs miðað við reglur sem Haraldur Bernharðsson hefur sniðið og lýst.¹ Lítið er um sértákn í handriti og þeim þá ekki fylgt, en sem dæmi má nefna að orðið *sálmur* er skrifað með gaffaltákni sem táknar *ps.* Nöfn íslenskra manna eru að jafnaði skrifuð að nútíðarhætti. Myndin *Solveg* er þó látin halda sér og fáein afbrigði sérnafna, meira til skemmtunar, til dæmis munur á *Hítarnesi* og *Hítárnesi*. Nöfn danskra manna, sem stundum lúta íslenskri beygingu í handriti, eru höfð eins og þau koma fyrir en stafsetning samræmd. Ýmislegt ósamræmi annað fær að njóta sín, svo sem *egtaskapur/ektaskapur*, *stigi/stifti* og *iðrun/ iðran*, *ekki/eigi/ei*, *eða/eður* og *milli/millum*. Einnig er haldið beygingum á borð við *lýsing* og *kenning* í þolfalli og þágufalli eða *föðurs*. Beyging orðsins *dóttir* víkur á fáeinum stöðum frá því sem tíðkast í nútímamáli, eins og oft á þessum árum. Í handriti er þá skrifað *-dóttir* fyrir *-dóttur* eða öfugt. Þessu er leyft að standa, sem og orðmyndunum *vér* og *vær*. Eins er haldið í *öngvan* og *engan*, *hvör* og *hver*, en vitaskuld haft *hvor* þegar tveir einstaklingar eiga í hlut, sem með fáeinum undantekningum er greinilegt af samhenginu; enn fremur *annara* með einu *r*-i og *þessarra* með tveimur. Orðið *erlegur* fyrir *ærlegur*, sem einnig kemur fyrir, er látið standa, og endingarnar *-lig* og *-leg* sömuleiðis. Beygingarmyndum sagna sem einkenna 17. öld er haldið, til dæmis miðmynd *meðkennustum* og *þykjunst*. Af orðmyndum öðrum sem haldið má nefna *orðsök*, *öðruvís*, *samvitska*, *góts* og *þrjótska*. So er samræmt sem *svo* en *svoddan* sem *soddan*! Sérhljóðar eru samræmdir og fjöldi samhljóða lagaður að nútímahætti, svo sem *ransak* -> *rannsak*. Stafsetning *ph* fyrir *f* í mannaöfnum er ekki látin

1 Sjá *Guðs dýrð og sálnanna veiferð*, bls. 36; Haraldur Bernharðsson, „Málfar og stafsetning.“ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, bls. 55-74; sami höfundur, „Samræmt nútímamál á fornum heimildum. Um málstefnu við útgáfu fornra texta.“ *Skírnis* 179 (vor 2005), bls. 181-197.

halda sér, til dæmis *Stephan* -> *Stefán*. Þannig skrifaði Þórður föðurnafn sitt ávallt *Thorlaxsson* og er því breytt í *Þorláksson*.

Samræming á einu orði og tveimur er með þeim hætti að frekar eru höfð löng orð en keðjur orða, séu orðhlutar ekki fleiri en þrír, til dæmis *Skálholtsstifti* en *Hafnarkirkju sóknarmenn*. Á þessu eru þó undantekningar, til dæmis *Valþjófstaðarkirkjusókn*. Reynt er að hafa sem flestar samsettar sagnir í einu orði, jafnvel þótt það kunni að verka framandlega á lesendur. Má nefna *tilsegja*, *tildæma*, *eftirfylgja*, *framkoma* og svo framvegis. Lítil von er að algjört samræmi takist í þessu efni og verður að virða viljann fyrir verkið. Fyrir kemur, til dæmis, að sagnorð og forsetning eða atviksorð skrifast í tveimur orðum en lýsingarháttur með sömu orðum í einu orði: *saman koma*, en *samankomnir*. Í einu orði er skrifað *uppá*, *úti* og svo framvegis, líkt og í handritinu.

Registur í bókarlok (bls. 327-377) er ofurnákvæmt að fyrirmynd útgáfu- raðar Þjóðskjalasafns á bókum Hólabiskupa og unnið með aðstoð orðstöðulykilforritsins WordSmith (sjá vefslóðina www.lexically.net/wordsmith). Á endasprettinum raskaðist próförk á fáeinum stöðum og einhverjar vísanir í blaðsíðutöl kunna að vera rangar, en þá er skammt að leita einni blaðsíðu framár eða aftar. *Íslenzkar æviskrár* nýttust við sundurgreiningu á prestum, sem vonandi hefur ekki mistekist í þeim tilvikum að alnafnar, sumir bræður, voru uppi á sömu árum.

Þakkir

Vinna við þessa bók hófst um leið og prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns komu út vorið 2005. Þjóðskjalasafn lagði til myndir af prestastefnubók Þórðar og skiptu útgefendur með sér verkum við uppskriftir og yfirlestur. Nemendur í skjalalestri við sagnfræði- og fornleifaskor hugvísindadeildar Háskóla Íslands á vormisseri 2007 tóku nokkrar blaðsíður hver, og er þakkað kærlega fyrir: Anna Karen Símonardóttir, Arna Björk Stefánsdóttir, Bryndís Sigurðardóttir, Einar Einarsson, Elínbjörg Helgadóttir, Hugrún Lukka Guðbrandsdóttir, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, Jakob Trausti Arnarson, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, Jón Torfi Arason, Kirstín Dóra Árnadóttir, Sigrún Ísleifsdóttir, Símon Hjaltason og Þórleif Kristín Hauksdóttir. Gunnar Örn skrifaði æviágrip Þórðar og Már um frágang texta, en báðir um dómana. Skúli S. Ólafsson lagði til töflur um dóma, sem unnar eru með sama hætti og í inngangi að prestastefnudómum Jóns Vídalíns. Gottskálf Jensson þýddi lengri klausur úr latínu og er þýðing hans neðanmáls. Hafi þeir báðir þakkir fyrir. Undir lokin var efnt til hópeflis um fáein torskild orð og tóku þátt í því Anna Agnarsdóttir, Björk Ingimundardóttir, Hrefna Róbertsdóttir og Gísli Baldur Róbertsson. Haraldur

Bernharðsson átti síðasta orðið um nokkur stafsetningaratriði. Síðast en ekki síst skal þakka Aðstoðarmannasjóði og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir úthlutanir sem nýttust til verksins og Menningarsjóði heitnum fyrir fjárframlag til sjálfrar útgáfunnar. Skálholtsstóll styður útgáfuna veglega og skrifar Sigurður Sigurðarson vígslubiskup formála að þessari bók, en Kristinn Ólason rektor Skálholtsskóla studdi framkvæmdina með ráðum og dád. Alda Lóa Leifsdóttir og Sverrir Sveinsson unnu óaðfinnanlega að sínum verkþáttum nú sem endranær.

Heimildaskrá

Handrit:

Þjóðskjalasafn Íslands

Biskupsskjalasafn

Bps. A-II, 11. Vísitasíubók Skálholts 1675-1690.

Bps. A-III, 2. Prestastefnubók Skálholts 1675-1697.

Bps. A-IV, 1. Bréfabók Skálholts 1676-1679,

Bps. A-IV, 2. Bréfabók Skálholts 1680-1683.

Bps. A-IV, 3. Bréfabók Skálholts 1684-1689.

Skjalasafn prófesta

Borgartjarðarprófastsdæmi AC/1. Héraðsbók Halldórs Jónssonar 1663-1699.

Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi AC/1. Skjalabók Jóns Jónssonar og Sigurðar Jónssonar 1333-1708.

Skjalasafn stiftamtmanns

Stift. III-227. Ýmislegt um dómsmál 1691-1803: Synodalskjöl 1691-1750. Mál séra Jóns Jónssonar í Hítarnesi.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

AM 269 fol. Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar 1654-1656.

AM 445 fol. Gögn jarðabókarnefndar VIII: dómsmál.

Handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns

Lbs. 91 4to. Konungsbréf, höfuðsmanna skikkanir, alþingis, lögmanna og héraðs-dómar með hendi séra Torfa Jónssonar og séra Hannesar Björnssonar um 1700.

Lbs. 101 4to. Höfuðsmannabréf og skikkanir, biskupadómar, synodalia, áminningar og önnur bréf með hendi séra Jóns Halldórssonar í Hítardal um 1700.

Lbs. 1091 4to. Registur yfir bréfabækur Brynjólfs biskups Sveinssonar eftir Pál Eggert Ólason, unnið árið 1908.

Prentuð rit:

Alþingisbækur Íslands. Sautján bindi. Reykjavík 1912-1990.

Annálar 1400-1800. Sex bindi. Reykjavík 1922-1987.

- Bjarni Jónsson, *Íslenskir Hafnarstúdentar*. Akureyri 1949.
- Björn Karel Þórólfsson, „Inngangur.“ *Biskupsskjalasafn. Skrár Ejóðskjalasafns III*. Reykjavík 1956, bls. 7-76.
- Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*. Útgefandi Jón Þ. Þór. Reykjavík 1979.
- Brochmand, Caspar Erasmus, *Universæ theologiæ systema*. Fyrsta útgáfa, Leipzig 1638; fimmta útgáfa, Ulm 1658.
- Brynjólfur biskup, kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld*. Ritstjórar Jón Pálsson, Sigurður Pétursson og Torfi H. Tulinius. Reykjavík 2006.
- Dominicale, það er guðspjöll og pistlar*. Skálholti 1686.
- Ein Kirkju Ordinantia, eftir hvörri að allir andlegir og veraldlegir í Noregs ríki skulu leiðrétta sig og skikka sér*. Hólum 1635.
- Einar G. Pétursson, „Bókaútgáfa á biskupsstólunum.“ *Saga biskupsstólanna*, bls. 569-605.
- Forordninger, Recesser og andre kongelige Breve, Danmarks Lovgivning vedkommende 1558-1660*. Sex bindi. Ritstjóri Vilhelm Adolf Secher. Kaupmannahöfn 1887-1918.
- Frumkvöðull vísinda og mennta. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti*. Ritstjóri Jón Pálsson. Reykjavík 1998.
- Gísli Gunnarsson, „Bú Þórðar biskups og sambönd hans.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 45-60.
- Gísli Baldur Róbertsson, „Áform um endurskoðun íslenskra laga.“ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, bls. 35-54.
- Guðrún Ása Grímsdóttir, „Biskupsstóll í Skálholti.“ *Saga biskupsstólanna*, bls. 21-243.
- Guðrún Ingólfssdóttir, „En að sá helgi stíll saurgist af sögum. Útgáfustarf Þórðar biskups Þorlákssonar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 161-177.
- Guðs dýrð og sálnanna veiferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639-1674*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2005.
- Gunnar Örn Hannesson, *Íslenskir Hafnarstúdentar 1611-1711*. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2006.
- Haraldur Bernharðsson, „Málfar og stafsetning.“ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*, bls. 55-74.
- „Samræmt nútímamál á fornum heimildum. Um málstefnu við útgáfu fornra texta.“ *Skírnir* 179 (vor 2005), bls. 181-197.
- Hjalti Hugason, „Kirkja Þórðar Þorlákssonar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 61-81.
- Ingólfur Guðnason, „Vísbendingar um garðrækt í Skálholti á fyrri öldum.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 148-153.
- Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698-1720*. Útgefendur Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson. Reykjavík 2006.

- Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940. Fimm bindi. Páll Eggert Ólason tók saman. Reykjavík 1948-1952.
- Jón Halldórsson, *Biskupasögur*. Tvö bindi. Reykjavík 1903-1915.
- *Skólameistarasögur*. Reykjavík 1916.
- Jón Ólafur Ísberg, „Læknisfræði Þórðar biskups Þorlákssonar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 117-140.
- Jónsbók. Lögbók Íslendinga. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2004.
- Kjöbenhavns Universitets Matrikel. Tvö bindi. Kaupmannahöfn 1890-1894.
- „Líkprédikun séra Árna Thorvarðssonar yfir Þórði biskupi Þorlákssyni.“ Útgefandi Kolbeinn Þorleifsson. *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 279-292.
- Loftur Guttormsson, „Á andlegu ferðalagi um evrópska menningu.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 27-43.
- Lovsamling for Island. Tuttugu og eitt bindi. Kaupmannahöfn 1853-1889.
- Már Jónsson, Ární Magnússon. *Ævisaga*. Reykjavík 1998.
- „Þórður biskup Þorláksson og söfnun íslenskra handrita á síðari hluta 17. aldar.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 179-196.
- Ólafur Davíðsson, „Tóbaksnautn að fornu.“ *Eimreiðin* 4 (1898), bls. 124-135 [timarit.is].
- *Galdur og galdramál á Íslandi*. Reykjavík 1940-1943.
- Páll Eggert Ólason, *Seyjánda öld. Hífuðþættir*. Saga Íslendinga V. Reykjavík 1942.
- Píslarsaga séra Jóns Magnússonar. Útgefandi Matthías Viðar Sæmundsson. Reykjavík 2001.
- Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar. Útgefendur Bjarni Vilhjálmsson og Júníus Kristinsson. Reykjavík 1983.
- Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára – 2006 – Hólar 900 ára. Ritstjóri Gunnar Kristjánsson. Reykjavík 2006.
- Sigurjón Jónsson, *Sóttarfar og sjúkdómar á Íslandi 1400-1800*. Reykjavík 1944.
- Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófaða á Íslandi*. Þrjú bindi. Önnur útgáfa með viðaukum eftir Hannes Þorsteinsson. Björn Magnússon sá um útgáfuna. Reykjavík 1949-1951.
- Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísajjarðarsýslu 1711-1729. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2002.
- Þóra Kristjánsdóttir, *Mynd á þili. Íslenskir myndlistarmenn á 16., 17. og 18. öld*. Reykjavík 2005.
- Þórður Þorlákson, *Ísland. Stutt landlýsing og söguþfirlit*. Umsjónarmenn Haraldur Sigurðsson og Þorleifur Jónsson. Reykjavík 1982.
- Össur Skarphéðinsson, „Magisters Þórðar landakort.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta*, bls. 95-116.

Prestastefnur Þórðar biskups Þorlákssonar

Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1675 þann 30. júní að settri Skálholtsstiftis almennilegri prestastefnu voru þessir heiðurlegir kennimenn til dóms, aðkvæða og úrlausnar nefndir af *magister* Þórði Þorlákssyni um öll þau mál sem til þessarar *synodi* eiga með réttu að koma og kennidóminum ber eftir kónglegrar *majestets mandatum* og vorri kristilegri *ordinantiu* yfir að dæma, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Jón Ólafsson, séra Jón Daðason, séra Árni Halldórsson, séra Einar Einarsson, séra Hannes Björnsson, séra Jón Grímsson, séra Þórður Þorleifsson, séra Páll Gunnarsson, séra Guðmundur Halldórsson, séra Guðmundur Bjarnason og séra Eiríkur Magnússon, prófastar og prestar Skálholtsstiftis.

1. *In primis*. Var upplesið kónglegrar *majestets* náðarbréf *daterað* Havníæ anno 1674 og hljóðandi um jarðir í Múlaþingi í Austfjörðum hvörjar kóngleg *majestet* leggur fátækum prestum hér í stiftinu til uppheldis fyrir þann *capital* sem áður hefur verið útleystur af stiftisins yfirfljótanligu *inventario*. Er biskupinum til sagt í sama kóng *majestets* bréfi árlega að útdeila afgjaldinu af greindum jörðum, hvörs vegna hann nú óskar *synodi* góðra ráða hvörninn hann skuli hér með höndla, þar þessar jarðir eru svo fjarlæggar, hvort sér muni ei vítalaust nokkrar af oftgreindum jörðum að leggja til þeirra fátækustu plátsa sem þess helst meðþurfa í Austfirðingafjórðungi og hinna annara afgjald að leggja til fátækra kennimanna í Austfjörðum, þangað til annað hentugra kann að sjást og önnur skikkun verður ágjörð. Hvar uppá *synodus* einfaldliga and-svarar að eftir því kónglegri *majestet* sýnist það sett hafa í biskupsins Skálholtsstiftis *liberam dispensationem* sjái hún ei annað hentugra en biskupinn sjálfur þar til *dispenseri* eftir því honum hentugast sýnist fátækustu prestaköllum til aðstoðar og nú helst í Austfjörðum þar nú mest viðliggur.

2. Kom fyrir *synodum* hjónabandsmál Magnúsar Jónssonar og Ástríðar Jónsdóttur, hvört hingað var *citerað* til þessa árs *synodum* í fyrirasumar og þeim báðum persónunum til sagt hingað að koma með öll sín lagaskjöl þetta mál áhrærandi eður senda sína lögliga umboðsmenn. Nú kemur bréf Magnúsar Jónssonar *daterað* að Vigur anno 1675 þann 11. júní en tilskrifað biskupinum báðum, virðuligum herra *magister* Brynjólfi Sveinssyni og *magister* Þórði Þorlákssyni, hvar inni hann meðkennir sig meðtekið hafa þann 28. mars þessa

árs boðunarbréfið og *citatiuna*, hvörri tilsögn *synodi* hann segir sig hafa viljað vel gegna eftir tilbæriligum hætti, en með því hann formerki bréfliga af séra Jóni Jónssyni og Ástríði Jónsdóttur að hvorki hans né hennar né nokkurs af þeirra hálfu löglígs umboðsmanns sé til þessarar prestastefnu að vænta, þá virðist sér ei heldur þörf að sinni komu né neins umboðsmanns af sinni hálfu. Og með því að nú er svo komið að hvorugt þessara persóna er hér nálægt né nokkur af þeirra hendi, þá þykist *synodus* afsökuð þó hún gjöri hér ei frekara að, að svo komnu. Sérdeilis þar eð merkist af bréfi Ástríðar að henni sé ljúft þó ei gjörist endilegur skilnaðardómur í þetta sinn þeirra í milli, heldur bíði til *visitatiu* ferðar biskupsins sem nú í sumar næst Guðs hjálp tilstendur um Vestfjörður.

3. Kom fram fyrir *synodum* dómur virðulígs sýslumanns Daða Jónssonar *dateraður anno 1675*, 17. maí, að Heggstöðum, genginn um málefni Ámunda Brandssonar og Bjarna Sigurðssonar, hvar innfært er vitnisburðarbréf fjögra manna svolátandi:

Það vottum og viðurkennum¹ vér undirskrifaðir að vér vorum þar viðstaddir í Skálholti í Biskupstungum nú á þessum vetri 1674 og heyrðum á orð þeirra Bjarna Sigurðssonar og Ámunda Brandssonar, búandi á Varmalæk í Borgarfirði, hvar inni Bjarni Sigurðsson spurði Ámunda Brandsson að, hvort hann bæri sig því að hann hefði með leynd tekið úr bréfi sonar hans (Ámunda tilskrifuðu) tvo ríxdali, hvar til Ámundi þessum og þvílíkrar meiningar orðum tilsvaraði: Já það gjöri ég eftir lýsingu hans Eyjólfs. Á þessari vorri meðkenningu viljum vér meiri staðfestu gjöra, nær sem þurfa þykir. Og þessu fyrirskrifuðu til fullkomligrar staðfestu, sannindamerkis og vitnisburðar skrifum vér vor nöfn með eigin höndum hér undir að Skálholti *anno 1674*, 10. apríl. (Undir hafa skrifað) Gissur Pétursson, Jón Torfason, Þórður Guðmundsson og Bjarni Erlendsson.

Á móti hvörjum vitnisburði Ámundi Brandsson hefur fyrir sýslumannsins dómi tilsvarað að sér líkaði hann ekki ósannaður. Nú hefur fyrrgreindur virðuligur sýslumaður með sínum dómsmönnum ályktað að þeim virðist Bjarna Sigurðssyni full nauðsyn til vera sökum útkomins óhróðurs og ófrægðar með eiði sig að fría, en með því rannsókn vottanna, sem um er getið, sýndist að vera undir rannsókn þeirra andlegu, svo vel sem Bjarni og Brynjólfur áðurgreindir, þá setur sýslumaðurinn með sínum dómendum þetta mál inn fyrir háeruverðugan herra biskupinn *magister Þórð Þorláksson* og *synodum generalem* á næstkomandi Öxarárþingi, etc.

1 og viðurkennum: fyrir ofan línu

Er það andsvar og ályktun *synodi* að hún metur nauðsynligt og tilbæriligt vera að undirskrifaðir tveir af fjórum sem vitnisburðina hafa útgefið, einkum nefniliga erligar persónur Þórður Guðmundsson og Bjarni Erlendsson, staðfesti með eiði og sanni sinn útgefinn vitnisburð sem í dóminn er innfærður nú eð fyrsta forsómunarlaust fyrir andligu yfirvaldi. Hvað þeir og samdægris framkvæmdu og sóru tildæmdan eið og sönnuðu sína vitnisburði með svolátandi eiðstaf sem eftirfylgir:

Til þess legg ég Þórður Guðmundsson og ég Bjarni Erlendsson hönd á helga bók, og það segi ég (hvor um sig) Guði almáttugum að Bjarni Sigurðsson frá Leirárgörðum aðspurði Ámunda Brandsson frá Varmalæk, hvort hann bæri sig því að hann hefði með leynd tekið úr bréfi sonar hans Ámunda tilskrifuðu tvo ríxdali, hvar til Ámundi þessum og þvílíkrar meiningar orðum tilsvaraði: Já það gjöri ég eftir lýsingu hans Eyjólf. Og að þessi spurn Bjarna Sigurðssonar og játun Ámunda sé gjörð og framkomin á biskupsstólnum í Skálholti þann 10. apríl *anno Christi* 1674, og¹ sé svo í sannleika framfarin, staðfesti ég Þórður Guðmundsson og ég Bjarni Erlendsson nú með sannindum svo að vera skeð. Og að svo stöfuðum eiði hjálpi mér Guð og hans heilaga *evangelium*.

Í annari grein áhrærir sýslumannsins dómur hvað hár eiður Bjarna Sigurðssyni bera skuli í sögðu máli, og er andsvar og ályktun *synodi* þar uppá samhljóðandi sýslumannsins og dómsmannanna meiningu að Bjarna Sigurðssyni virðist nú framar en í fyrrasumar nauðsyn til vera með eiði sig að fría, með því Ámundi hefur síðan á leiðarþingi fyrir sýslumanninum játað að hann hefði Bjarna framar öðrum grunsaman um þessa tveggja dala töku. En sökum þess að erligur dándisveinn Bjarni Sigurðsson er svo vel kynntur og trúanligur til sanninda, en þar á móti Ámundi ekki kominn til andvara eftir ályktun dómsins eður hans löglig forföll, þó þess hafi opinberliga hér á Öxarárþingi krafist verið, og þar með kunnum vér ei óprófaðan framburð Ámunda svo fullkominn að taka að svo komnu að fullnaðar sjöttareidur skuli fyrir koma. Þar fyrir virðist oss að Bjarni vinni lýrittareið hinn meiri, eftir því sem segir í mannhelgi og víðar annarstaðar í landsins lögum, og nefnir herra biskupinn þessa dándisveina til að sanna með Bjarna Sigurðssyni, Ólaf Ásmundsson, Högna Ámundason, Guðmund Ólafsson og Vigfús Hannesson, og hafi tvo af þeim sem sanna og sverja fullan lagaeið eftir lögmáli, með því inntaki að Bjarni Sigurðsson hafi aldrei leyniliga tekið eður stolið neinum dölum frá Ámunda Brandssyni eður hans syni Brynjólfi Ámundasyni eður úr þeirra bréfum eður umbúningi, og í öngvum ráðum eður vitorði þar um verið, hvorki leynt né ljóst fyrr eður seinna í nokkurn máta. Og að þeim eiði unnum ályktum vér Bjarna Sigurðsson aldeilis

1 og: vantar í handrit

frí og saklausan frá öllu því hneyksli sem hann hefur fengið af áðurnefndum dölum.

Hefur nú Bjarni Sigurðsson samdægris fyrir dómi í herra biskupsins og *synodi* viðurvist svolátandi eið svarið fyrir prófastinum séra Torfa Jónssyni opinberliga sem eftirfylgir: Til þess legg ég Bjarni Sigurðsson hönd á helga bók, og það segi ég Guði, að ég hefi aldrei leyniliga tekið eður stolið nokkrum dölum frá Ámunda Brandssyni eður hans syni Brynjólfi Ámundasyni, eður úr þeirra bréfum eður umbúningi, og í öngvum ráðum eður vitorði þar um verið, hvorki leynt né ljóst fyrr eður seinna í nokkurn máta, og að svo stöfuðum eiði sé mér svo Guð hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg. Og sönnuðu tilnefndir vottar Ólafur Ásmundsson og Guðmundur Ólafsson þennan fyrrskrifaðan eið með Bjarna Sigurðssyni sem eftirfylgir: Til þess legg ég Ólafur Ásmundsson og ég Guðmundur Ólafsson hönd á helga bók, og það segi ég Guði almáttugum, að sá eiður sem Bjarni Sigurðsson hér nú samstundis sór fyrir dala misgrun Ámunda Brandssonar hygg ég honum vel særan vera og hann saklausan af þeirri dalatöku, og að svo stöfuðum eiði sé mér svo Guð hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg. Og eftir því nú framkomnu og með fyllilegum eiði staðfestu, þá virðist herra biskupinum og *synodo* þessi erligur dándisveinn Bjarni Sigurðsson ánægjanliga og lögliga afsakaður í greindu máli.

4. Kom fram séra Halldór Jónsson á Miðhúsum og óskaði auðmjúkliga viðbættis á sínu tillagi eftir séra Vigfús Helgason fráfallinn, eftir því sem hann þykist fyrrum þar uppá góð tilmæli öðlast hafa af yfirvaldinu í *synodo*, hvar uppá hann fékk þá úrlausn að til hans uppheldis skyldi leggjast 2 hundruð af Staðarstað og 10 aurar af Stafholti. *Item* venjuligt tillag af Hítárdal sem er 1^{1/2} hundrað. En hér með skal séra Halldór um sinn sjá af og afturgefa hundraðs tillag af Setbergi, hvört hundrað nú tilleggst og skikkast séra Jóni Brandssyni í Hítarnesi, með því hann hefur bæði þar um auðmjúkliga beðið virðuligan herra biskupinn að sér mætti nokkuð tilleggjast í sínum aldurdóms nauðsynjum. Tjáist og þar með að hann sé burðaveikur, hafi og lengi og kostgæfiliga þjónað í sínu embætti. En það kall sem hans sonur séra Jón nú heldur ei fært til þá báða fylliliga að annast. Ei er heldur forskotið að til þessa hundraðs af Setbergi megi séra Jóni Brandssyni leggjast af þeim öðrum stöðum á Vestfjörðum sem til þessarar ölmusu hafa tileinkaðir verið uppgefnum kennimönnum til uppheldis. Hvar um ei verður í þetta sinn fyllileg regla sett. Hefur nú séra Halldór full 4 hundruð í sitt ölmusutillag, hvar með hann láti sér nægja að svo stöddu.

5. Kom fyrir *synodum* Símon Brandsson, hvör opinber var orðinn að sjötta frillulfisbroti eftir handskriftuðum seðli valdsmannsins í Þverárþingi Guðmundar Jónssonar *dateruðum* Einarsnesi 18. maí 1675. Vill Símon nú til ekta

Anno 1675
1. júlí

taka þá kvensnift sem hann hefur nú síðast meðfallið að nafni Aldísi Ófeigsdóttir. Og með því ekkert kemur það nú fram sem menn sjái að þetta hjónabandsáform þurfi að hindra, einkum svo nefndar persónur mættu frá þyngri vandræðum frelsast, þá er aðkvæði *synodi* að fyrrnefndra persóna sóknarpresti sé fjálst og vítalaut hjónaband með þeim að gjöra á hentugum tíma, svo framt sem engin lögmæt hindrun þá framkemur sem þeirra hjónaband hindri.

6. Var upplesið bréf eður *supplicatio* séra Jóns Magnússonar yngra að Eyri í Skutulsfirði, hvar uppá svo er svarað af biskupinum og prestunum, að þeir þykjast afsakaðir þó í þetta sinn þar um ekkert úrskurði, einkum þar öngvir eru til löglígra svara þar í móti, en vona fylliliga að enginn muni því framfara, hvorki prestsins, hans kvinnu né barna rétt að skerða í nokkurn máta sem þeim ber að lögum.

7. Lagði herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson fram fyrir *synodum* til álita og úrgreiðslu um Seyðartjarðar- og Mjóafjarðarþing í Austfjörðum, hvörju svo er varið að séra Ólafur Sigfússon, sem áður þjónaði þeim hvorutveggju sóknum til samans í nokkur ár, hafi nú Seyðartjarðarsókn fyrir tveimur árum uppsagt til prestlígrar þjónustugjörðar, en sé nú Skriðuklausturs prestur en annist þó að nokkru leyti Mjóafjarðarþing þegar hann kann því við að koma. Hvað að sýnist sökum torfæru og vegalengdar einum kennimanni næsta ómöguligt, svo hvorki forsómist nauðsynlig skylduþjónusta utan kirkju og innan, né heldur komist í neitt hirðuleysi eður afrækt. Og eftir því herra biskupinn tjáir að til reiðu sé í Austfjörðum séra Sigfús Vigfússon (nú uppheldislaus) sem átakast vilji þessi Mjóafjarðar- og Seyðartjarðarþing til samans að annast til kennimannlígrar þjónustu, þá virðist kennimönnunum full orðsök og nauðsyn til vera þeirra safnaða nauðsyn að álíta. Þar fyrir sé slík nauðsyn í biskupsins forsjá og honum vítalaut og velforsvaranligt einn fróman og góðan kennimann til þeirra safnaða að setja eður skikka eftir því sem honum sýnist best henta.

8. Kom virðuligur höfðingsmann Björn Gíslason valdsmaður í Barðastrandarsýslu fyrir *synodum* og auglýsti einn pósti úr héraðsdómi gengnum í Berufirði í Reykhólahrepp 9. febrúar *anno* 1675, hljóðandi uppá helgidagsbrot nokkra manna úr Saurbæjarhrepp í Dalasýslu, hvörju svo er varið, að þeir á sjálfri allraheilagramessu 1673 hafi þann þrætuómaga Margrétu Ormsdóttur flutt til Brekku við Gilsfjörð, hvör ómagi til Brekku fluttur hafi verið þegar Teitur Þórðarson var við sína sóknarkirkju að Garpsdal. Óskar nú téður valdsmann af herra biskupinum og kennidóminum úrlausnar þar uppá eftir því sem í dóminum stendur, og fyrir *synodum* hefur dæmt verið, hvörsu há sekt á því helgidagsbroti vera skyldi, svo og hvörjum sú sekt ætti til að heyra.

Er úrlausn og dómsaðkvæði *synodi*, að sektarinnar hæð fyrir helgibrotið

skuli vera þrjú mörk af sérhvörjum þeirra er ómagann fluttu, eftir kónglegrar *majestets ordinantiu og recessinum*, sem og dómi þar eftir gjörðum, virðuligs og hálærðs herra *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, hvör dómur genginn er í Vallanesi í Austfjörðum *anno* 1641. En hvörjum sú sekt skuli tilheyra kunnum vær ei svo lögfulla úrlausn á að gjöra, heldur setjum það með vorri ósk til guðhræðslu og framkvæmdar¹ valdsmannanna í Barðastrandarsýslu, að fátækir ölmusumenn þeirrar sýslu mættu téðra sekta njóta, eftir því að á móti þeirri fyrri boðorðatöflunni er brotið með ótilheyrilegri vanhelgun hátíðardagsins. Viljandi þó ei í neinn máta vors náðuga herra kóngrsins rétt hér úti skerða.

9. Kom heiðurligur og vellærður ungur mann Sigurður Sigurðsson fyrir *synodum* með þá spurning hvort sér ei rétt og vítalaust væri að óskertum sínum *privilegiis* sín og sinna systra svaramál að hafa til varnar eður sóknar með þeirra ljúfum vilja og samþykki. Einnin vitanligar skuldir að heimta og útgreiða, einkum meðan þeirra systkina góts fast og laust þannin óskipt stendur. Svar *synodi* þar uppá að hún ei sjái annað sannara hér úti en velnefndum Sigurði Sigurðssyni sé aldeilis vítalaust og rétt sínum og þeirra málum að gegna að svo stöddu, bæði vegna náttúrunnar og laganna leyfis, sem og hans sjálfs burða og skynsemi.

Þetta allt í fyrirfarandi níu póstum framfór á þessari Skálholtsstiftis Þingvalla prestastefnu með úrskurð og samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar ásamt tilnefndra heiðurligra kennimanna vitund og samþykkiligu ráði, hvörjir ásamt herra biskupinum setja sín nöfn hér undir til fullkominnar staðfestu og sanninda vitnisburðar uppá þetta allt fyrrskrifað, sama stað og ár, degi síðar en upphafliga greinir.

Þórður Þorláksson mpp
Jón Daðason meh
Páll Gunnarsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Jón Grímsson prestur meh
Þórður prestur Þorleifsson meh

Torfi Jónsson mpp
Árni Halldórsson meh
Jón Ólafsson meh
Guðmundur Bjarnason eh
Guðmundur Halldórsson meh
Eiríkur Magnússon eh

Anno 1675 þann 1. júlí að Þingvelli settri prestastefnu kom fram fyrir *synodum* dómur virðuligra valdsmanna í Skaftafellssþingi, Einars Þorsteinssonar og Sigurðar Hákonarsonar, hvörs inntak var um tvævett barn, Sigurð Jónsson að nafni, hvört í læk hafði fallið og þar drukknað, hvörs ungbarns móðir um þann tíma á barnssæng legið hafði en faðirinn heima að sinni bússýslu, en vinnukonan burtsend þeirra nauðsynjaerinda vegna. Vottuðust þessa barns foreldrar frómir og

1 með vorri ósk til guðhræðslu og framkvæmdar: breytt úr til guðhræðslu

erligir af öllum þar samankomnum þingsóknarmönnum sem og prófastinum séra Magnúsi Péturssyni þeirra þingapresti, hvör dómur sér líkast hermir og gengið hafði að Kleifum við Fjall *anno* 1675, 14. maí. Er ályktun herra biskupsins og *synodi* að faðir barnsins vegna vangætslu taki opinbera aflausn í söfnuðinum, og það af héraðsprófastinum, en móðirin sýnist sjálf afsökuð þar hún í svo vitanligum veikleika var haldin þann tíma. Hvað annars féútlátum viðvíkur fyrir þetta tilfelli lætur kennidómurinn standa til úrlausnar veraldligs yfirvalds, þó svo að þau útlát verði ei minni en eitt hundrað og leggist til næsta *hospitals*. *Actum Þingvelli anno et die ut supra*.

Copie af dóms útskrift gengins að Staðarbakka í Helgafellssveit um hjónabandsmál anno 1675 3. júní Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1675 þann 3. dag júní að Staðarbakka í Helgafellssveit vorum vér undirskrifaðir prestar Þórnessþings prófastsdæmis til dóms nefndir af prófastinum séra Birni Snæbjörnssyni, séra Gísli Einarsson, séra Ásmundur Eyjólfsson, séra Illugi Vigfússon, séra Jón Sigurðsson, séra Sigurður Helgason og séra Sigurður Halldórsson, um það hórdómsmál sem á umliðnu ári hefur í Helgafellssveit tilfallið, eftir því sem Bjarni Tómasson augljóslega í söfnuðinum játað og meðkennt hefur, undir sína aflausn, og enn nú fyrir vorum dómi meðkennir, í þann máta að Bjarni Tómasson áðurgreindur auglýsir og vottar sig í sínu hjónabandi með barneign brotligan orðið hafa með þeirri kvenpersónu Rósu Þorleifsdóttur framhjá sinni ektakvinnu Þórunni Halldórsdóttur. Tjáist nú og skrifliga framkemur að síðan hafi sátta og sama þeirra í millum leitað verið við votta og í sóknarprestsins náveru með eftirleitni um þeirra samgang aftur til hjónabandsins (hvar um vitnisburðir þá nálægra sér líkast herma sem og um þeirra samtal og andsvar). Og enn nú var Þórunn Halldórsdóttir fyrtréð aðspurð af prófastinum og oss, einninn líka af Bjarna Tómassyni, að meðfylgjandi bón Bjarna og ljúfri eftirleitni, hvort nefnd Þórunn Halldórsdóttir vildi hann ekki aftur til hjónabandssamvista meðtaka. Hvar til hún alvarligt nei og afsvar sagði. Var þetta aftur í virðuligs sýslumannsins Jakobs Benediktssonar¹ nálægð og áheyrslu ítrekað og var hennar sama svar sem fyrr. Meðkenndi nú Bjarni Tómasson og Þórunn Halldórsdóttir sig réttilega og skjalliga á þennan samfund fyrirkölluð og lofuðu sig sáttsamliga hér til laga að leggja og hvort öðru eftir rétti og tilsögn svara og gegna.

1 Jakobs Benediktssonar: breytt úr *Benedikt Jakobssonar*

Einnin meðkennir fyrirtéð Þórunn Halldórsdóttir að hún hafi ekki hingað til sig í ljósi látið fyrir yfirvöldunum eður nokkrar skýrslu eður úrgreiðslu beðist í þessu máli, ekki heldur Bjarna sínum manni tiltalað eður tiltala látið eftir *ordinantiunni* eður hjónabands *articulunum*, svo þau bæði fyrir sitt leyti hvort um sig ámæla eður álasa í öngvan máta¹ sínum yfirvöldum, andligum eður veraldligum, heldur hafa þau í allan máta afsökuð í téðu máli, þó ei hafi hingað til *tracterað* eður rannsakað verið. Voru nú þessar oftskrifaðar persónur Bjarni Tómasson og Þórunn Halldórsdóttir innvirðiliga aðspurð, hvort þau hvort um sig hefði nokkrar afbatanir eður hvað helst það vera kynni sem þeim mætti til málsbóta horfa í þráttnefndu máli, framar en fram væri komið, hvar til þau nei sögðu. Annars bar Bjarni Tómasson sinni kvinnu Þórunni Halldórsdóttir góðan, fróman og erligan vitnisburð í allan máta, bæði í því sem hjónabandið áhrærði og öllu öðru, og meðkenndi að hún í öngvan máta hefði sér tilefni verið eður gefið til þvílíks brots, heldur hagað sér við sig og hegðað sem frómri dándi-kvinnu ber að gjöra við sinn egtamann² og húsbónda, hvörn sama vitnisburð þingmenn nálægir hér sama staðar meðkenna sannan vera, bæði persónanna og sinna vegna það framast hvör um sig tilvissu.

Einnin aflagði og sór nú samstundis Rósa Þorleifsdóttir, sem Bjarni segist brotligur með orðið hafa, sínum framburði en meðkenningu Bjarna til styrkingar fyrir veraldligum soddan eið sem eftirfylgir: Til þess legg ég Rósa Þorleifsdóttir hönd á helga bók, og það segi ég Guði almáttugum satt að vera, að ég hefi aldrei á minni ævi framið holdliga samlifnaðarsynd með nokkrum manni, núlifandi eður dauðum, ungum eður gömlum, utan alleinasta með Bjarna Tómassyni, hvörn ég hefi lýst föður að því mínu barni sem ég hefi í heiminn fætt, Hildur Bjarnadóttir. Og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg.

Hyggja þingmenn henni þennan vitnisburð vel særan og bera henni þar að auki góðan og fróman vitnisburð það framast þeir tilvita, að undantekinni þessari hórdómsávirðing sem hún með Bjarna Tómassyni er í fundin eftir sjálfra þeirra eigin meðkenningu og viðgöngu og þeim fleirum rökum sem áður eru framsett og fyrir oss hafa komið.

Framar var aðspurð hvort Þórunn Halldórsdóttir hefði ekki samrekkst sínum manni Bjarna Tómassyni eftir það hún vís varð um fyrrskrifað hans brot, hvar til hún nei sagði, hvað sama einninn ljóst má sýnast af undanförunum frómligum þingmanna vitnisburðum og aflögðum eið hér sama staðar á þennan hátt: Til þess legg ég Þórunn Halldórsdóttir hönd á helga bók og það segi ég Guði

1 í öngvan máta: skrifað yfir línu

2 egtamann: breytt úr herra

almáttugum satt að vera að ég hefi ekki snert til líkamligrar lostasemdar eður holdligrs samræðis minn egtamann (sem var) Bjarna Tómasson, eður nokkurn annan mann lifandi eður dauðan, síðan Rósa Þorleifsdóttir hann föður að sínu barni lýsti, og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg.

Að þessu svo undanfögnu list oss að oftnefnd Þórunn Halldórsdóttir hafi ekki af sér brotið þau saklausrar persónu fríheit sem hjónabands *articularnir* umgeta, hvar fyrir hún ei saklausrar persónu frelsis¹ njóta megi. Því í herrans nafni að svo prófuðu og fyrir oss komnu virðist oss áðurnefndum prestum að þrátttæðar persónur, Bjarni Tómasson og Þórunn Halldórsdóttir, megi að Guðs og kóngligum lögum að sínum egtaskap aðskilin vera svo framt sem hér í mót ekkert það lögmætt framkemur sem þessu áðurskrifuðu hrinda kunni. Setjum þó þennan vorn dóm undir fullkomligan úrskurð og frekari aðgjörð heiðurligs og hálærðs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, og erum auðmjúkliga umbiðjandi að hann vilji hann ljúfliga meðtaka, það umbæta, viðauka eður aftaka sem þörf má til vera og honum sýnist eftir Guðs og laganna tilsögn og síðan oss aftur skjalliga vissu senda uppá fyrrskrifað efni. Samþykkti með oss þennan vorn dóm fyrrgreindur prófasturinn séra Björn Snæbjörnsson og skrifaði sitt nafn hér undir með oss á sama stað, ári og degi sem upphaflega greinir.

Þetta allt framan- og ofanskrifað var upplesið nú samstundis í heyrn persónanna sem það áhrærir, nefniliga Þórunnar Halldórsdóttur og Bjarna Tómassonar, að hvörju heyrðu þau bæði handsöluðu prófastinum það þau sér líka léti hvort um sig allt það sem í þessum dómi stendur og sérhvort þeirra áhrærir. Til merkis vor nöfn *ut supra*, Sigurður Helgason meh, Sigurður Halldórssen prestur meh, Illugi Vigfússon prestur meh, Jón Sigurðsson meh, Björn Snæbjörnsson meh, Gísli Einarsson meh, Ásmundur Eyjólfsson meh.

Þetta framan- og ofanskrifað er útskrift af þeim prestadómi sem á Staðarbakka í Helgafellssveit framfór *anno* 1675 þann 3. dag júní um hórdómsmál Bjarna Tómassonar, hvörja ég undirskrifaður hefi tilsagt Árna Ámundasyni fyrir heiðurligan og hálærðan biskupinn *magister* Þórð Þorláksson fram að bera, með inniligri andsvarbón og eftirleitni sem hentugleiki hið fyrsta leyfir. Til merkis mitt nafn að Staðarstað 1675 dag 26.² júní.

Yðar heiðursemi þénari velviljaður alltið.³ (Undir hefur skrifað) Björn Snæbjörnsson meh.

Að þessi fyrir framan og ofan skrifuð dómsútskrift með handskriftaðri meðkenningu héraðsprófastsins séra Björns Snæbjörnssonar uppá dómsins rétta

1 *frelsis*: breytt úr *fríheita*

2 26: breytt úr 27

3 *Yðar heiðursemi þénari velviljaður alltið*: í handriti er skammstöfunin *y.h.t v.v.a.t.*

útskrift sé hér rétt út *coperuð* meðkennum vér undirskrifaðir er sáum og samanlásu, Skálholti 1675 7. júlí.

Bjarni Jónsson eh

Árni Þorvarðsson eh
Bjarni Hallgrímsson eh

Þessa fyrir framan skrifaða dóms *copiu* um hjónabandsaðskilnað Bjarna Tómassonar og Þórunnar Halldórsdóttur hef ég undirskrifaður lesið og yfirskoðað og kann ég ei annað að sjá að svo prófuðu og fyrir mig komnu en að dómurinn sé eftir lögum saminn og samsettur. En með því að í soddan málum sýnist vera eiga tólf manna dómur og þessi straxnefnd dóms *copia* kom mér ei fyrr til handa en að afstaðinni *generalí synodo* þessa árs á Þingvelli 1675, þá óska ég að heiðurligur prófasturinn séra Björn Snæbjörnsson vildi dóminn í góða tíð senda til næstkomandi alþingis *synodum* 1676 svo hann mætti þar með *clericiesins* ráði og samþykki fullkomliga staðfestast og lögtakast. Einnin að Þórunn Halldórsdóttir um þessa tíð til þess dómurinn er fullkomliga staðfestur áminnist sér tilbæriliga að hegða og haga, og sig ekki í hjónabandsstétt á meðan að gefa. En um hina þá sökuðu persónuna eru hjónabands *articularnir* augljósir.

Til sannindamerkis hér um skrifa ég mitt nafn hér undir, Skálholti þann 7. júlí *anno* 1675.

Að þetta ofanskrifað álit¹ virðuligs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar uppá framanskrifaða dóms *copiu* sé rétt *coperuð* eftir sínum *original* vottum vér undirskrifaðir er sáum og samanlásu, Skálholti *anno* 1675 þann 7. júlí.

Bjarni Jónsson eh

Árni Þorvarðsson eh
Bjarni Hallgrímsson eh

Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1675 þann 31. dag ágústmánaðar að Ögri við Ísafjörð settri prestastefnu voru þessir heiðurligir kennimenn til dóms nefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, séra Halldór Jónsson prófastur í Borgarfjarðarsýslu að sunnan, séra Gunnlaugur Snorrason, séra Sigurður Gíslason, séra Jón Magnússon, séra Nikulás Guðmundsson, séra Hannes Benediktsson, séra Snorri Ásgeirsson, séra Björn Þorleifsson, séra Jón Torfason, séra Teitur Halldórsson, séra Guðmundur Halldórsson og séra Vernharður Erlendsson, um þá hjónabandsmisklíð sem til var fallin milli þessara erligrar persóna, Magnúsar Jóns-

10 álit: breytt úr *samþykki*

sonar og Ástríðar Jónsdóttur, hvörri svo var varið að Magnús Jónsson hafði brotligur orðið með Ólufu Jónsdóttir í opinberu barneignarbroti, framhjá sinni egtakvinnu Ástríði Jónsdóttur, hvörju barneignarbroti lýstu af Ólufu Jónsdóttur á hendur Magnúsi en af honum meðkenndu þau hafa hvort um sig undir heilaga opinbera aflausn játað og uppá sömu játning heilagt altarisins *sacramentum* meðtekið. Voru þessar fyrrgreindar erligar persónur, Magnús Jónsson og Ástríður Jónsdóttir, bréfliga kallaðar og boðaðar á þennan prestasamfund að Ögri af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, hvörri biskupsins boðun þau ljúflega hlýddu, játandi sig réttlíga fyrirkölluð.

Var fyrst af biskupinum og kennidóminum á leit farið hvort fyrrgreindar persónur, Magnús Jónsson og Ástríður Jónsdóttir, vildu ekki aftur góðfúslega samantaka í sínum hjónabandssamvistum, hvað ekki var að merkja þeirra eiginlegt geð, einkum hennar og hennar elskuligs föðurs prófastsins Jóns Jónssonar.

Síðan var upplesið gjómingsbréf milli Magnúsar og Ástríðar, *daterað* Holti í Önundarfirði 13. ágúst *anno* 1674, undirskrifað af prófastinum séra Jóni Jónssyni, Magnúsi Jónssyni, Ástríði Jónsdóttur, Snorra Jónssyni, Jóni Guðlaugssyni og Ásmundi Ketilssyni, sérhvörrar þessara persóna með eigin hendi. Í hvörju bréfi Ástríður Jónsdóttir afneitar fyrir tilfallna hjónabandsaðskilnaðar orðsök hann (Magnús Jónsson) aftur að taka til hjónabandssamvista framvegis. Var Ástríður nú fyrir dómi aðspurð af biskupinum hvort hún enn nú stæði við þessa sína afneitun, hvörju hún játaði. Þess vegna þykjast ei fyrrskrifaðir dómsmenn samvitsku hafa frekar á hana að ganga hér um margra orðsaka vegna.

Voru nú upplesnir vitnisburðir beggja persónanna, Magnúsar Jónssonar gefnir af þingsóknarmönnum Ögursþings og hans heimilisfólki, en Ástríðar Jónsdóttir útgefnir af kirkjusóknarmönnum í Holtskirkju í Önundarfirði og þingsóknarmönnum Ögursþings, hvörjir vitnisburðir hljóða um ærliga og ráðvandliga hegðun beggja þessara persóna, Magnúsar og Ástríðar, fyrir utan það misferli sem Magnúsi hefur tilfallið með óleyfiligri barneign. Einnin framlagði Ástríður Jónsdóttir sinn lagaeið, unninn og aflagðan fyrir sýslumanninum Páli Torfasyni á Mosvöllum við Önundartjörð 1675 þann 14. maí. Hvörs eiðs inntak svo er látandi, að hún segir það Guði að hún hefur aldrei á sinni ævi nokkurn mann kennt til holdligrs samræðis sem til barnsgetnaðar heyrir, hvorki lifandi né dauða, unga né gamla, ríka né fátæka, útlenska né innlenska um alla sína ævi, að fráteknum¹ sínum lögligum egtamanni Magnúsi Jónssyni, sem sé holdligur faðir sinna barna svo sem hún sé holdlig móðir. Og að svo stöfuðum eiði, *etc.*

1 að fráteknum: fyrst skrifað allt til en strikað yfir

Aðspurði biskupinn eftir hjónabands *articulunum* Magnús Jónsson hvort hann gæfi sinni egtakvinnu Ástríði nokkra sök að hún hefði sér nokkurt sérlegt tilefni gefið til áðurgreinds brots, hvörju hann neitaði. Sömuleiðis sannprófast að Magnús Jónsson og Ástríður Jónsdóttir hafi ekki hjónasamlag haft síðan brotið auglýstist.

Því að svo prófuðu og undanfögnu virðist fyrrgreindum dómsmönnum að oftnefnd heiðurskvinna Ástríður Jónsdóttir hafi ekki af sér brotið þau saklausrar persónu fríheit sem hjónabands *articular* umgeta. Hvörs vegna vér fyrrnefndir dómendur í nafni heilagrar þrenningar að heilags anda náð með oss tilkallaðri dæmum og ályktum fyrrgreint hjónaband millum Magnúsar Jónssonar og Ástríðar Jónsdóttir sundurlaust og þessar báðar þráttnefndar persónur hér upp frá að lögum aðskildar, og að sérhvör þeirra haldi sig eftir því sem fyrirskilur í hjónabands *articulum*. Ei að síður lofa þessar heiðurligar persónur Magnús Jónsson og Ástríður Jónsdóttir hvort öðru til æru og aðstoðar að vera í kærleika og öllu kristiligu og tilbæriligu. Sömu játaði og svo heiðurligur prófasturinn séra Jón Jónsson fyrir sig og sína heiðurskvinnu að hann vildi góðri og náungaligri vináttu framhalda við Magnús Jónsson, hvað Magnús Jónsson aftur lofar að ske skuli af sinni hendi.

Samþykkti þennan vorn dóm biskupinn *magister* Þórður Þorláksson, setjandi sína handskrift með vorum hér undir til fullkomligrar staðfestu og vitnisburðar uppá allt áðurgjört og skrifað. Sama stað, ár og dag sem í upphafi greinir.

Þórður Þorláksson mpp
Halldór Jónsson eh
Gunnlaugur Snorrason eh
Sigurður Gíslason eh
Jón Magnússon meh
Nikulás Guðmundsson mpp
Hannes Benediktsson mpp

Björn Þorleifsson prestur meh
Jón Torfason meh
Teitur Halldórsson meh
Guðmundur Halldórsson meh
Vernharður Erlendsson meh
Snorri Ásgeirsson meh

Sama stað, ár og dag sem fyrr greinir bar Bjarni Jónsson fram sendibréf hreppstjóranna í Aðalvík biskupinum *magister* Þórði tilskrifað, hvar inni þeir biðja biskupinn tilhlutunar vegna Guðs og hans embættis á sínu ákærumáli til heiðurligs prófastsins séra Guðbrands Jónssonar að Vatnsfirði um jörðina Sléttu í Aðalvíkurhrepp, hvort hún sé¹ kristtjárnjörð og í því nafni til Vatnsfjarðar gefin að einn ómagi af sveitinni Aðalvík hafi uppheldi í Vatnsfirði fyrir afgjald þessarar jarðar. Sendu fyrrgreindir hreppstjórar nokkur skjöl og vitnisburði

1 sé: strax á eftir er yfstrikað *ei*

áhrærandi þessa jörð, hvörja þeirra bréfberari Bjarni Jónsson bauð sig til að auglýsa. En með því heiðurligur prófasturinn séra Guðbrandur Jónsson segir sér slíkt í þetta sinn aldeilis óforvarandis fyrirkoma, meðkennandi sig öngvan-eginn réttiliga fyrirkallaðan, þá þóttist kennidómurinn ekki kunna frekar hér að að gjöra í þetta sinn. Ei að síður bauð biskupinn prófastinum séra Guðbrandi og oftgreindum hreppstjórum að lögleggja sig um þetta mál, með öll sín skjöl og skilríki af beggja hendi, til næstkomandi alþingis *synodum anno* 1676. En prófasturinn taldist undan, meinandi sér fyrst í héraði lögliga eiga til að talast. Stendur þetta því svo búið að svo komnu, en svo framarliga sem Aðalvíkur hreppstjórar vilja þessu sínu kærumáli framhalda fátækra vegna, þá óskar biskupinn að þeir sendi með skilvísu ferðum á næstkomandi alþingispresta-stefnu riktugar undirskrifaðar *copiur* að minnsta kosti, allra sinna skjala og skilríkja þetta mál áhrærandi, meðfylgjandi þeirra eigin tilskrifti biskupinum og kennidóminum til handa.

Actum Ögri við Ísafjörð þann síðasta ágúst anno 1675.

Þórður Þorláksson mpp
Gunnlaugur Snorrason eh
Nikulás Guðmundsson mpp
Snorri Ásgeirsson meh
Jón Torfason meh
Guðmundur Halldórsson meh

Halldór Jónsson eh
Sigurður Gíslason eh
Jón Magnússon meh
Hannes Benediktsson meh
Björn Þorleifsson prestur meh
Teitur Halldórsson meh
Vernharður Erlendsson meh

In nomine Domini

Anno 1676 síðasta júní að Þingvöllum að settri almenniligri Skálholtsstiftis prestastefnu voru þessir eruverðugir og heiðurligir kennimenn samankomnir og tilnefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni til álits og úrlausnar þeirra mála og stiftisins nauðsynja sem til þessarar *generalis synodi* koma eður koma kynni og kennidóminum ber til að svara og yfir að taka. Séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjálarnesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá, séra Sæmundur Oddsson prófastur í sama þingi fyrir vestan Hvítá, séra Oddur Eyjólfsson, séra Jón Ólafsson, séra Árni Halldórsson, séra Einar Einarsson, séra Hannes Björns-son, séra Jón Grímsson, séra Daði Halldórsson, séra Jón Guðmundsson, séra Helgi Jónsson, séra Þorleifur Árnason, séra Páll Ámundason, séra Oddur Árna-son, séra Helgi Grímsson, séra Þórður Bárðarson, séra Þorleifur Guðmundsson, séra Þórður Þorleifsson, séra Eiríkur Magnússon, prestar Skálholtsstiftis.

1. Óskaði og beiddi heiðurligur og vellærður kennimann séra Torfi Jónsson frá Gaulverjabæ, prófastur í Árneshöfði, auðmjúkliga, bæði virðuligan herra biskupinn *magister Þórð Þorláksson*, eruverðan *superintendentem* Skálholtsstiftis, sem og einninn heiðurligan kennidóminn, samankominn í *synodo generali*, almennilígs sannleiks vitnisburðar þess virðuliga og ágæta framfarna sáluga herra *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, fyrrum eruverðugs biskups að Skálholti blessaðrar minningar, um hans lífveris háttalag, bæði í lífnaði, lærðómi og allri embættismeðferð leynt og ljóst, það framast sérhvörjum af oss er vitanlígt, hvör vitnisburð og einfalda sannleiks meðkenning vér þess góðfúslegar í ljósi látum sem einum og sérhvörjum af oss er sá loflígi dyggðaherra að öllu bestu alkunnur, og meðkennum því fyrir öllum og sérhvörjum að áðurskrífaður eruverðugur heiðurlígur og hálærður herra *magister* Brynjólfur Sveinsson var vor og þessa Skálholtsstiftis loflígur og dyggðaríkú biskup í 35 ár. Bæði áður og um þann allan tíma hagaði hann sér og skikkaði almennilíga og sérlíga sem loflígu, virðulígu og dyggðaríkú herra best samdi í allan máta, svo mikið sem vér kunnum að skilja eður heyrð höfum, meðkennandi í sannleika að hans frekasta iðni og ástundan var, svo mikið sem honum var mögulígt, að framfylgja Guðs dýrð og gagni og eflíngu þessa Skálholtsstiftis og vors almennilíga föðurlands, hvar úti aðfylgdust hans stóru vitsmunir og lærðómur, með hvörjum hann var af Guði á himnum begáfaður fram yfir aðra, rögsemd og alvarlegleiki, þar með og svo hans innlígi guðhræðsla og umhyggja í öllum pörtum embættisins sem viljann örvaði Guði til dýrðar, hönum sjálfum til æru en oss öllum til góða. Því er vor allra, bæði nú nálægara sem vér vonum og svo vera muni fjarlægara Skálholtsbiskupsdæmis kennimanna, einföld ályktun uppá þessa vora meðkenning að vér þökkum af hjarta Guði á himnum fyrir þann blessaða loflíga herra og vorn elskulígan andlígan föður, og meðkennum bæði fyrir oss og alla aðra að Drottinn gaf og Drottinn tók í burtu, hvörs nafn veri blessað að eilífu. Befölum svo hér með Guðs börn og sannleíkans elskendur Guði og orði hans náðar, og óskum af hug og hjarta að þessi loflígi Guðs og vor sæli ástvinur megi verða dyggðaspegill allra þeirra sem Guðs dýrð og vors föðurlands gagni og æru vilja framfylgja.

2. Framkom Einar Ólafsson fyrir *synodum* með bréf hreppstjóra í Aðalvíkurhrepp, hvar inni þeir óska úrræða og aðkvæða *synodi*, hvort jörðin Slétta í Jökulfjörðum, nefnd kristfjárjörð í *visitatiu* máldaga virðulígs herra *magisters* Brynjólfs Sveinssonar loflígrar minningar, hvörs *datum* er *annus* 1639, ætti ekki einhvörjum fátækum í þeirra hrepp til nota og forsorgunar að vera [héð]an af sem [híng]að til.¹ Sendu fyrrgreindir hreppstjórar Aðalvíkurhrepps með sínu

1 ætti ekki ... hingað til: skrifað fyrir ofan línu og yfir á skerta spássíuna

bréfi marga vitnisburði aðskiljanligna persóna, hvörra flestallra vitnisburða inntak er að jörðin Slétta hafi verið gefin til Vatnsfjarðar af Þórdísi nokkri, þénustukvinnu Kristínar í Vatnsfirði, með soddan skilyrði að einn ómagi úr Aðalvíkurhrepp forsorgaðist jafnan af afgjaldi oftnefndrar Sléttu, og til sannindamerkis meðkenna þeir sem vitnisburðina hafa útgefið að vitað hafi ómaga framfærðan verið hafa af Vatnsfjarðarpresti í þessu nafni, svo sem vitnisburðirnir sér líkast herma.

Hér að auk auglýsir göfugur höfðingsmann Ari sálugi Magnússon í sínu skrifi *dateruðu* 1632 að hann haldi jörðina Sléttu að vera kristfjárfjörð, eftir því sem alrómað hafi verið fyrr og síðar, og það þenki hann í raun réttari vera, ráðleggjandi góðum mönnum að hafa það ei af fátækum sem þeim með réttu tilheyrir.

Er því fullkomlig meining og álit *synodi* hér uppá að svo prófuðu og fyrirkomnu að einhver fátækur ölmusumaður í Aðalvíkurhrepp eigi að njóta afgjalds oftgreindrar jarðar Sléttu sér til uppheldis, ei síst vegna þess að þessi jörð nefnist *expressè* og ljósliga kristfjárfjörð skilin undir Vatnsfjörð í áðurnefndum máldaga. En kunni hér nokkur lögmæt skjöl á móti koma að jörðin hafi að lögum undangengið, þá viljum vér þeim öngvan veginn forskotið hafa, ef til mega vera og fram eru lögð.

3. Kom fram í *synodo* hjónabandsmál Sigmundar Jónssonar og Kristínar Jónsdóttur, hvörju svo er varið að Sigmundur Jónsson hafði brotligur orðið með opinberu barneignarbroti framhjá sinni egtakvinnu Kristínu Jónsdóttur, vegna hvörs brots hann var útlægur gjörður af fjórðungi. Hafði fyrrnefnd Kristín óskað af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni og heiðurligum prófastinum séra Torfa Jónssyni að mega með dómi skilja við sinn egtamann til hjónabandssamvista og sambúðar, hvörs vegna þessar báðar persónur Sigmundur og Kristín voru *citeraðar* og kallaðar fyrir þessa alþingis *synodum*, með öll sín skjöl og skilríki sem þessu þeirra máli tilhlýða kynni. Óskaði nú Kristín fyrir dómi enn að nýju skilnaðardóms milli sín og þessa síns egtamanns, fyrrgreinds Sigmundar Jónssonar, og afsagði hann aftur að taka.

Sömuleiðis auglýsti hún góðra manna vitnisburði um sína góða og ráðvandliga hegðun til orðs og æðis fyrr og síðar, svo vel í hennar hjónabandsrauna tilfelli sem endrarnær. Auk þessa framlagði hún skriflega meðkenning nokkra frómra persóna, leikmanna og kennimanna, flestallra sinna heimilismanna, hvörjir játa sig í sannleika hyggja Kristínu Jónsdóttir þann eið í allan máta særan vera, að hún aldrei hafi líkamligt samræði til barngetnaðar haft við sinn egtamann Sigmund Jónsson síðan honum tilféll það barneignarbrott framhjá henni sem flestir vita, hvörju Sigmundur og svo samsinnti og játaði, en Kristín handsalaði biskupinum að þvílíkan eið sverja vildi sem strax var umgetið að

hún hefði aldrei við þennan sinn egtamann samantekið til hjónabandssamfara síðan hans hórdómsbrot augljóst og opinbert varð.

Hvörs vegna að öllu svo prófuðu og undanfögnu *synodus* dæmir og ályktar þetta hjónaband millum oftnefndra persóna Sigmundar Jónssonar og Kristínar Jónsdóttur slitið og sundurlaust og sérhvort þeirra hér upp frá skyldugt sér að hegða og haga eftir því sem fyrr segir í hjónabands *articulum* Friderici secundi háloflegar minningar.

4. Sama stað og dag kom fram heiðurligur kennimann séra Páll Ámundason að Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði í Múlaþingi og óskaði úrlausnar af biskupinum og *synodo* hvort sér bæri ekki eftir sínu *collationis* bréfi og öðrum kóngligum *mandatis* sem þar að hníga að halda undir Kolfreyjustaðarkirkju landi og rekum og öðru því sem henni tilheyrði, eftir því hans forverjarar staðarhaldarar á Kolfreyjustað hafa haldið og notið átölulaust svo lengi sem menn kunna af að segja, svo vel á Vöðlasandi allt að Kirkjubólsá, sem öðru því sem kirkjunni og hennar réttugheitum viðvíkur, hvar uppá biskupinn og nálægir kennimenn andsvöruðu að séra Páli væri vítalaust og í allan máta skyldugt undir Kolfreyjustaðarkirkju að halda, hvort sem væri rekatré eður aðrir gagnsmunir, þar sem hún hefði því haldið 20 ár eður 20 árum lengur, þar til lögleg eignarskjöl koma¹ á móti. Vonandi að andligar persónur muni sér frá ólöglegum gripdeildum halda, því hvör á sitt með lögum og rétti að sækja.

5. Var upplesinn í *synodo* dómur virðuligs prófastsins séra Björns Snæbjörnssonar² og hans prófastsdæmis presta sex að tölu, hljóðandi um hjónabandsaðskilnað Bjarna Tómassonar og Þórunnar Halldórsdóttur, hvörs dóms *copia* er áður fyrr í þessa bók innskrifuð. Virðist biskupinum og nálægum heiðurligum kennimönnum dómurinn rögsamliga og fullkomliga stílaður og samsettur eftir lögum, hvörs vegna þeir hann samþykkiliga staðfesta og lögtaka í öllum sínum punktum og pörtum.

6. Kom erligur sýslumaður í Múlaþingi Jón Þorláksson fyrir *synodum* með sína skrifliga ósk að hann mætti uppbyggja hálfkirkju á sinni eignarjörðu Víðivöllum ytri, hvar áður vottast hálfkirkja og hálfkirkjuréttur verið hafi af Vilkinsmáldaga og meðkenning erligr manna sem áður hafa tilvitað. Býðst hann til að láta byggja og uppsmíða nýja, sæmiliga og dugliga hálfkirkju í þeim sama stað og plátsi sem hún áður staðið hefur, og ljós merki tilsjást. *Item* að leggja þar til dugligar tvær heilar klukkur, hökul, slopp, kaleik með patínu og *corporal*, allt vænt og sæmiligt. Og hér að auk kirkjunni gefa til uppbóta og viðhalds reka þrjú hundruð faðma langan og þar til tvö hundruð úr heimalandi til ævinligrar

1 koma: strax á eftir er strikað yfir orðið ekki

2 Björns Snæbjörnssonar: breytt úr Snæbjörns Björnssonar

eignar. En sóknarpresti fyrir sitt ómak vill hann gefa 10 aura á ári hvörju, en lætur sér nægja 6 messur á ári, 3 á vetur og 3 á sumar. En hér í móti skilur hann sér kirkjuskyldur allar af jörðunni Viðivöllum ytri. Meðkennir heiðurligur prófasturinn séra Stefán Ólafsson að sér virðist ekki nauðsynjalaust að hálfkirkja sé á Viðivöllum, þar hann viti enn nú hálfkirkjur við magt haldast sem miklu nauðsynjalausari séu, verandi þess vegna fyrir sitt leyti öngvan veginn móttfelldur hálfkirkjugjörðinni í nefndum stað, miklu heldur hana samþykkjandi sem framast má hann. *Reccomenderandi* allt þetta efni yfirvaldinu og *clericiinu* til fullkomligar framkvæmdar.

Virðist *synodo* sýslumanninum Jóni Þorlákssyni þessi sín ósk ekki afsláandi, þar hann svo vel býður, vonandi að heiðurligur sóknarpresturinn séra Böðvar Sturlason muni þessu ekki móttæðligur vera, hvar til biskupinn lofar að leggja sína ósk og tilhlutan.

7. Var upplesið kóngligrar *majestets* Christiani qvinti bréf sem er *confirmatio* uppá kóng *majestets* bréf Friderici tertii hljóðandi bæði uppá umskipti á stöðum fyrir heiðurligan kennimann séra Þorkel Arngrímsson að Görðum á Álftanesi, hvör bæði kóng *majestets* bréf honum hafa útgefin verið, það fyrra *daterað* Kaupenhafn þann 7. maí 1664, en þetta síðara sem nú var upplesið eftir bón séra Þorkels *in synodo* útgefið Kaupenhafn þann 21. maí *anno* 1672.

8. Óskaði heiðurligur og vellærður ungur mann Árni Ámundason að upplestast mætti hans vitnisburðir í *synodo*, hvað eftir hans ósk var látið, og fyrst upplesinn vitnisburður virðuligs og hálærðs herra *magisters* Brynjólfs sáluga Sveinssonar lofligrar minningar, hljóðandi um Árna Ámundasonar erligt uppfóstur, heiðurliga skikkun og góðan *perfectum* í hans skólalærdómi. Síðan var upplesinn þingsóknarmanna vitnisburður, tekinn að Miðgörðum í Staðarsveit á héraðsþingi 1675 þann 24. nóvember, hvör vitnisburður og svo hljóðar um oftnefnds heiðurligs manns Árna Ámundasonar heiðurliga umgengni og mjög góða skikkun og framferði til orðs og æðis, eins fyrir hans meinalaust og einfalt barneignarbrot með Þorbjörgu Björnsdóttur sem eftir það, hvört brot þeir játa og meðkenna fyrirgefið af Guði og mönnum, nákomnum og fjærkomnum, og til bevísingar þar uppá hafi hann þá sömu persónu sem hann brotligur með varð til ekta tekið, með foreldranna góðum vilja og samþykki. Og með því nú er vel hálftríðja ár liðið frá því þetta brot tilféll fyrir Árna Ámundasyni, þá er hann nú auðmjúkliga leitandi endurnýjunar og staðfestingar uppá sín fyrri andlig *privilegia*, hvörja heiðurligum kennimönnum hér nálægum sýnist biskupinum vítalaut honum í té að láta eftir álit og ályktun *synodi generalis anni* 1667, og fyrrgreinda heiðurliga persónu Árna Ámundason hér eftir óhindraðan vera á sínum *privilegiis* það viðvíkur hans *promotion* til andligs embættis sem hann verður réttlíga og löglíga tilkallaður.

9. Óskaði heiðurligur kennimann séra Jón Ólafsson álits *synodi* hvort sér ei bæri hálfar leigur eftir kirkjukúgildi á sinni *annexiu* Norðtungu. Hvar til kennidómurinn svaraði að hann ætti þær að meðtaka og uppbera eftir sem að fornu verið hefur. En sé stærri kostnaður fyrir prestinum hafður en til stendur og venjulegt er, komi til góðrar forlíkunar milli prestsins og kirkjuhaldarans.

Þetta allt fyrrskrifað í 9 póstum hefur svo framfarið á almenniligri Skálholtsstiftis prestastefnu með fullkomligu samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og tilnefndra prófasta og kennimanna sem ásamt biskupinum setja sínar handskriftir hér undir til fullkomligrar staðfestu uppá fyrrskrifað. *Actum* Þingvelli *anno ut supra*, degi síðar en í öndverðu greinir.

Þórður Þorláksson mpp

Halldór Jónsson mpp

Séra Hannes Björnsson eh

Séra Helgi Jónsson meh

Þórður prestur Þorleifsson meh

Þorleifur prestur Guðmundsson meh

Páll Ámundason elsti meh

Þorleifur Árnason meh

Eiríkur Magnússon meh

Torfi Jónsson mpp

Sæmundur Oddsson mpp

Oddur Eyjólfsson meh

Einar Illugason handsalaði

Séra Jón Ólafsson handsalaði

Helgi Grímsson eh

Jón Grímsson prestur meh

Oddur Árnason prestur mpp

Jón Guðmundsson manu sua

Álit prófastsins séra Halldórs Jónssonar um fríheit Þorvarðs Hallssonar

Anno 1677 24. apríl að Indriðastöðum í Skoradal voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Hannes Björnsson, séra Helgi Jónsson, séra Benedikt Pétursson og séra Eiríkur Eyjólfsson ásamt héraðsprófastinum eruverðugum séra Halldóri Jónssyni, samankomnir að heyra þessar persónur Þorvarð Hallsson og Þórunni Jónsdóttur, nefnilega hennar barnsfaðernisáburð á Þorvarð Hallsson búandi á Gröf í Skilmannahrepp, hvör svo hljóðar: Að hann væri sannur og svo holdlegur faðir að því barni er hún í heiminn fæddi 1675 í septembermánuði sem hún væri holdleg móðir, *etc. Item* og í annari grein andsvar Þorvarðs á móti hennar áburði, hvör svo er hljóðandi: Að hann gengur í gegn fyrrsögðum framburði Þórunnar um þetta efni, segjandi sig aldrei með henni hórast hafa. Höfðu nefndar persónur fyrir dóm komið og honum tylftareður dæmdur á leiðarþingi 1676 að Leiðmóti, hvörjum eið hann ei fram kom, heldur hafa sjö af tilnefndum nefndarvottum svarið sína hyggju að tildæmdan eið hyggði Þorvarði heldur ósæran en særan, en tveir, Jón Indriðason og Þorgeir Þorsteinsson, hafi heldur haft hyggju með Þorvarði en mót.

Að þessu gjörðu hafði Þorvarður Hallsson leitað til eruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar þess erindis að óska sinna kristilegra friðheita og alvarlega umbiðjandi að ei lengur haldist þar frá, hvörra hann þykist alls of lengi þarfnast hafa, en lætur þó í ljósi fyrir biskupinum að hann kunni ei uppá sig að játa sem hann vissi fyrir Guði og sinni samvisku saklausan að vera, lofi þó í hlýðni tilbærilegri að vera við yfirvaldið það fésektum og öðru viðvíkur. En biskupinn hafði tilsagt prófastinum prestana saman að kalla og eftirgrennslast hvör þeirra meining væri um aflausnarform sem Þorvarði skyldi tilhlýða í þessu máli. Þessari tilsögn hlýddi prófasturinn, *citeraði* alla héraðsprestana sem og persónurnar Þorvarð og Þórunni á nefndan stað og dag. Og komu fyrir ofan skrifaðir, en tveir ókomnir (vitanlega forfallaðir). Bað nú prófasturinn nálæga heiðarlega kennimenn sína meining og samvitsku auglýsa um aflausnarhátt í þessu eiðfallsmáli Þorvarðs Hallssonar, hvort tækilegt væri að hann meðtækist til opinberrar aflausnar með þeirri játningu að hann viðurkenni sig dómfallinn, undir hvörja aflausn hann sig auðmjúklega býður, hvað þeir gjörðu á þennan hátt að Þorvarði hlyti að vera undir kristilegrar kirkju lögum og reglu, nefnilega *ordinantiunnar* og *recess* Christiani 4, hvar uppá vér skiljum byggðan vera dóm alþingis *synodi* genginn 1639. En hvað æðra yfirvald vill hér úti náða stendur til þess líkinda og úrlausnar, því vér vitum í slíkum eiðfallamálum þá friðheittanna notið hafa með opinberri aflausn sem þannin hafa í hlut átt og hennar hafa auðmjúklega leitað, eftir því sem tilheyrir. Þessari prestanna meiningu var einnig samþykktur héraðsprófasturinn séra Halldór Jónsson. Til merkis vor nöfn hér undirskrifuð *anno, die et loco ut supra*. (Undirskrifuð nöfn) Halldór Jónsson eh, séra Hannes Björnsson eh, séra Helgi Jónsson mpp, Eiríkur Eyjólffsson prestur eh, Benedikt Pétursson prestur eh.

Að þetta hér fyrir framan og ofan skrifað álit séra Halldórs Jónssonar um friðheit Þorvarðs Hallssonar sé rétt *copierað* eftir sínum handskriftuðum *original* vottum vér er sáum og samanlásam, Skálholti *anno* 1677 dag 27. apríl.

Bjarni Hallgrímsson mpp

Ólafur Ásmundsson meh

Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1677 þann 30. júní að settri almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu í kirkjunni að Þingvöllum voru þessir heiðurlegir prófastar og prestar stiftisins til dóms og atkvæða nefndir og kallaðir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni um öll þau mál og stiftisins nauðsynjar sem hingað eru settar og hér eiga að *tracterast* af kennidóminum eftir kónglegrar *majestets ordinantiu* og *mandatis*. Séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason

prófastur í Kjalarnesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Borgartjardarsýslu að sunnan, séra Sæmundur Oddsson prófastur í Mýrasýslu, séra Einar Torfason, séra Árni Halldórsson, séra Hannes Björnsson,¹ séra Einar Einarsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Daði Halldórsson, séra Teitur Halldórsson, séra Þórður Bárðarson, séra Sigurður Halldórsson og séra Snæbjörn Einarsson, prestar Skálholtstiftis.

1. Um mál Þorvarðs Hallssonar sem borinn var hórdómsmáli af Þórunni Jónsdóttur, eftir hennar barnsföðurslýsingu, hvört mál hafði af héraðsprestum úr Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá sett verið til eruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, einkum um aflausnarhátt Þorvarðs Hallssonar er hingað til dags hefur neitað barneignaráburði Þórunnar Jónsdóttur, en óskað sinna kristilegra fríheita með opinberri aflausn fyrir eiðfallið. Hafði Þorvarður fyrir biskupinn komið á fyrirfaranda vetri og sinna fríheita óskað en herra biskupinn honum frá sér vísað til heiðurlegs héraðsprófastsins séra Halldórs Jónssonar að rannsaka þetta hórdómsmál Þorvarðs og Þórunnar, og tilsagt honum og hans héraðsprestum sína meining að segja um aflausnarform Þorvarðs sem sig játa vildi dómfallinn en framar ekki, hvörju prestarnir hlýddu og á þennan hátt gjörðu að þeim virtist Þorvarður hlyti að vera undir kristilegrar kirkju lögum og reglu, nefnilega *ordinantiunnar* og *recess* Christiani 4ti, hvar uppá þeir segjast skilja byggðan vera alþingisdóm biskupsins *magisters* Brynjólfs Sveinssonar genginn 1639.

Var nú Þorvarður Hallsson persónulega fyrir þessari prestastefnu og gekk til hlýðnis opinberlega aflausn að taka með soddan hætti, að hann játaði sig sérdeilislega brotlegan móti sjötta Guðs boðorði með Þórunni Jónsdóttur og sig lögfallinn að því hórdómsmáli sem nefnd Þórunn uppá hann borið hafði. Þessa sína játning handsalaði Þorvarður Hallsson herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni opinberlega í *synodo*, ásamt því að standa í tilbærilegri hlýðni við Guð og yfirvaldið andlegt og veraldlegt. Er því álit og ályktun *synodi* að öllu svo prófuðu og trúlega höldnu af Þorvarði Hallssyni sem áður er skrifað, að oftnefndur Þorvarður megi til opinberlegrar aflausnar takast þá hann þess kristilega óskar með iðran og auðmýkt af heiðurlegum prófastinum séra Halldóri Jónssyni, annaðhvort að Reykholtskirkju eður sinni eigin sóknarkirkju Görðum á Akranesi. En framfari þessi opinberleg aflausn að Reykholti þá sé hneykslið samt opinberlega afbeiðð af predikunarstólnum að Garðakirkju.²

2. Óskaði erusamur sýslumann Daði Jónsson úrlausnar þar á hvort Guðrún Jónsdóttir kvinna Daða sáluga Daðasonar, sem arfsali selst hafði frómri

1 séra Hannes Björnsson: á spássú

2 Sjá einnig viðauka á bls. 280.

heiðursstúlku Þórunni Hallgrímsdóttur, skyldi þess vegna skyldug vera hjónabandssamvistir að skilja við sinn ektamann, þar hann eftir þann fyrsta gjörning við Ólaf Hallgrímsson vistum fór til síns náfrænda sýslumannsins Daða Jónssonar, eftir því sem þeim hafði þar um öllum samankomið, og nefnd Guðrún alvarlega afsagt annarstaðar vistir að hafa en hjá sínum ektamanni meðan hann væri lífs. Er andsvar kennidómsins þar uppá að þeir viti engin lög þau skuli skilja án löglegra orðsaka jafnvel þó próventan væri í tvennu lagi gefin.

3. Um óeining millum heiðurlegs kennimanns séra Einars Torfasonar og nú nálægra sóknarmanna þessara, Ögmundar Bjarnasonar, Jóns Bjarnasonar og Kolbeins Jónssonar, fyrir orð og meðalgöngu herra biskupsins og kennimannanna svo gjörðist að þeir sættust heilum sáttum. Skyldi öll misklíð er þeirra á millum hafði hingað til farið aldeilis kvitt og klár á báðar síður í allan máta, og það með handsölum við herra biskupinn af báðum pörtunum séra Einari og nefndum mönnum, að því tillögðu að enginn þessara hér eftir ýfi annan leynt eður ljóst án löglegra orðsaka hér með því tilskildu að dauðir og maktarlausir séu þeir vitnisburðir sem af beggja hendi uppá fyrrgreinda óeining hingað til hafa teknir verið. Í sama máta forlíkuðust vinsamlega oftnefndur séra Einar og Árni Einarsson með sama skilyrði og áður er greint um hina þrjá, Ögmund, Jón og Kolbein.¹

4. Um fríheit Guðrúnar Halldórsdóttur, er í veikleika sínum þjónustuð² var af séra Einari Torfasyni, var svo ályktað af *synodo* að hún skyldi ekki til heimuglegrar aflausnar takast á meðan hún lýsir ekki sinn barnsföður, nema í sinni stærstu nauðsyn og stórum sjúkdómi, ef hún þá með sanniðrandi hjarta og tilbærilegri viðurkynningu játar sannleikann og sína synd. Hvað einkanlega sett er til sannrar guðhræðslu og greindar þess kennimanns sem slíkum hennar nauðsynjum yrði að gegna að hann þar úr ráði í hæstu nauðsyn hennar sem hann vill forsvaranlegur vera fyrir Guði og góðri samvitsku.³ Skal Guðrún Halldórsdóttur skyldug vera hið allra fyrsta strax á þessu sumri að víkja úr Staðarkirkjusókn í Steingrímsfirði að minnsta kosti, ellegar úr héraðinu, eftir *recessins Christiani* 4ti 25. *articula* fyrstu bókar *capitula* 2. Veraldlegt yfirvald er hér með áminnt alvarlega að tilhlutast að sína embættisskyldu gjöri í þessu efni, nefndri Guðrúnu rögsamlega til að halda að satt segi til faðernis barns síns, svo sem lög og réttur þeim fyrirskrifa og sérdeilis kónglegrar *majestets* Friderici 3tii bréf *anno* 1650 útgefið. Er virðuglegur sýslumaður Magnús Jónsson

1 Um málefni séra Einars, sjá einnig viðauka á bls. 252.

2 *þjónustuð*: breytt úr *heimuglega þjónustuð*

3 *Hvað einkanlega ... góðri samvitsku*: bætt við á spássíu

vinsamlega beðinn þetta álit kennidómsins yfir Guðrúnu Halldórsdóttur að lesa eður lesa láta, og það fyrsta því viðkoma kann og að fyrstu hentugleikum.

Þann 3. júlí í sama stað þessum heiðurlegum kennimönnum viðaukið nefndina sem í fyrstu er skrifuð og síðar komu, sem eru séra Sigurður Eyjólfsson, séra Hallkell Stefánsson, séra Jón Stefánsson, séra Jón Oddsson, séra Árni Ámundason, séra Jón Snorrason, séra Páll Ámundason, séra Jón Halldórsson og séra Pétur Ámundason.¹

5. Kom séra Sigurður Halldórsson sóknarprestur í Neshrepp og kvartaði um nokkur vanhöld á sinni rentu af Ingjaldshvolskirkju, einkum hálfum leigum eftir þrjú kúgildi, hvörju svo er varið að *visitatiu* bók sáluga *magisters* Brynjólfs Sveinssonar eignar kirkjunni² eftir *visitatiu* bók herra Gísla Jónssonar níu málnytukúgildi, en kirkjuhaldarinn sem nú á býr, Þórður Steindórsson, hefur auglýst og vænst að hann hafi afgreitt sálugum Matthías Guðmundssyni níu kúgildi kirkjunnar vegna þegar hann við jörðina skildi, en nú síðar þegar hann til jarðarinnar aftur kom í seinna sinn hafi hann ei meir en sex kirkjukúgildi meðtekið, svo sem innfært er í *visitatiu* bók biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar *anno* 1676. Hér að auki ber séra Sigurður Halldórsson fram meðkenning frómrar sæmdarkvinnu Jórunnar Illugadóttur, kvinnu séra Guðmundar sáluga Jónssonar sem var sóknarprestur í Neshrepp næst fyrir séra Sigurð, hvar inni hún auglýsir að um þann tíma er Matthías sálugi Guðmundsson hafði bú og aðsetur að Ingjaldshvoli þá hafi hann greitt og tillátið í kirkjukúgildaleigur þaðan níu fjórðunga smjörs sínum ektamanni sáluga séra Guðmundi. *Datum* meðkenningarinnar að Staðarhrauni þann 27. júní *anno* 1677 með undirskriftuðu nafni Jórunnar Illugadóttur.

Einninn auglýsir séra Sigurður Halldórsson að sálugi Matthías Guðmundsson hafi í því nafni greitt sér níu fjórðunga smjörs það fyrsta haust sem séra Sigurður var þar sóknarprestur, sem var það síðasta ár Matthíasar sáluga er hann lifði, hvar uppá kennidómurinn svarar að biskupinn vildi tilhlutast kirkjunnar og prestsins vegna við velaktaðan sýslumanninn Jakob Benediktsson að kirkjan aftur fái þau þrjú kúgildi sem á töluna vantar. Hvörs vegna biskupinn leggur sína vinsamlega ósk ásamt með *synodo* þar til að velnefndur valdsmaður vildi hér úti vel viðsnúast og fyrirgreiða, svo bæði kirkjan og presturinn mætti sinnar innstæðu og uppheldis³ framvegis njóta, hvar til hans erlegheitum og guðhræðslu er allvel treyst. Um það hálf árið annað hundrað sem Ingjaldshvolskirkju er eignað eftir Vilkinsmáldaga að fornu ráðleggur biskupinn séra Sigurði Hall-

1 séra Páll Ámundason, séra Jón Halldórsson og séra Pétur Ámundason: á spássú

2 eignar kirkjunni: á spássú

3 og uppheldis: á spássú

dórssyni þar úti að leita úrlausnar æðra yfirvalds, viljandi prestinn einninn þar til styrkja.

6. Lét biskupinn *magister Þórður Þorláksson* upplesa það bréf sem hann hafði útgefið til úrlausnar og atkvæðis uppá það hjónabands- og trúlofunarmál sem til var fallið í Breiðafjarðardölum og sókn séra Þorleifs Jónssonar að Kvennabrekku, hvört herra biskupsins álit kennimönnunum rögsamlega og rétt¹ virðist gjört vera í allan máta. En það viðvíkur um það atrið sem biskupinn ánefnir að presturinn nokkra muni í té láti fátækum, þess vegna að hann sýnist heldur fljótlega hafa trúlofunina gjört fram um tilbærilega skikkun og siðsemi, þá virðist nú biskupinum og kennimönnunum að þau útlát séu fimm aurar og greiðist biskupi sjálfum hið fyrsta, en hann lofar að fátækar prestaekjur þess njótandi verði.

7. Var upplesinn og auglýstur vitnisburður þess loflega sáluga herra, herra Sigurðar Jónssonar lögmanns, og í allan máta fullkomlega staðfestur og alúðlega samþykktur af biskupinum *magister Þórði Þorlákssyni* og nálægum próföstum og prestum Skálholtsstiftis.

8. Bar erlegur sæmdarmann Einar Eyjólfsson fram fyrir kennidóminn umkvörtun heiðurlegs kennimanns séra Sigurðar Helgasonar sóknarprests í Breiðavík við Snæfellsjökul, þar presturinn þykist ei annað uppbera af sex kirkjukúgildum í Lóni en mat og drykk þegar hann þar aðber og embættar. Virðist biskupinum og kennimönnunum prestinum fullkomlega bera hálfar leigur eftir kirkjukúgildin og hann hljóti þá sjálfur að annast um sinn kost, eftir því sem hann kann þar um að forlíkast og honum þykir sér haga.

9. Kom til tals og greina um greftran framliðinna manna hvað fljótt ske skyldi frá því líkaminn væri örendur, með því að úr sumum stöðum heyrir að þar um gangi ýmislega til, hvar fyrir að hér um svo fullkomlega ályktaðist af kennidóminum að lík séu ei til kirkju færð fyrr enn full jafnlengd eður tvö dagar eru liðin frá því þau dáið eru og ekki jörðuð fyrr en á þriðja dægri, síðar ef að svo sýnist presti uppá það að tilbærileg skikkun og siðsemi haldist í þessu og öðru sem kristilega tilheyrir.

10. Frambar erlegur ungur mann Jón Böðvarsson opið bréf eður innlegg síns föðurs heiðurlegs kennimanns séra Böðvars Sturlasonar, áhrærandi þann brest á Valbjófsstaðar og kirkju uppbót af erfingjum sáluga séra Einaris Þorvarðssonar og óskar úrlausnar, hvort hann skuli halda sig heldur eftir kvittantiu prófastsins séra Vigfúsar Árnasonar eður því áleti sem síðar skeði af séra Halldóri Eiríkssyni og tilnefndum mönnum með honum eftir forlagi herra biskupsins sáluga *magisters Brynjólfs Sveinssonar*. En með því Bergur Einarsson lögréttumaður,

1 rögsamlega og rétt: breytt úr rögsamlega, rétt og löglega

sem með sínum samörfum stendur til andsvara hér í móti, kom einninn fyrir *synodum* og afsagði í þetta sinn hér til að svara, þar eð hann væri hvorki þar um viðvaraður né fyrirkallaður, og óskaði að þar um væri ekkert ályktað að svo stöddu. Með því og þau skjöl sem í þessu máli er vænst eru ei öll fyrir hendi, einkum lofun sáluga séra Einars Þorvarðssonar uppá kirkjuuppbótina og samþykki biskupsins sáluga uppá álit séra Halldórs Eiríkssonar, þá þykist biskupinn og prestarnir afsakaðir fullkomlega að svo stöddu þó þeir þessu efni frá sér víki. En þar sem herra landsfógetinn Jóhann Pétursson Klein hefur áður tilsagt valdsmanninum Þorsteini Þorleifssyni hér um að rannsaka, þá sýnist sem séra Böðvar verði kóngsvaldsins atkvæða hér um að leita í héraði að svo prófuðu.

Þetta allt fyrrskrifað í 10 póstum hefur svo framfarið á almennilegri presta-stefnu Skálholtsstiftis, með fullkomlegu samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar ásamt tilnefndra og nálægra prófasta og kennimanna, sem með biskupinum setja sínar handskriftir hér undir til fullkomlegrar staðfestu uppá fyrrskrifað. *Actum Þingvelli anno ut supra* og undirskrifað þann þriðja júlí.

Þórður Þorláksson mpp
Einar prestur Torfason meh
Einar Einarsson eh
Séra Jón Halldórsson eh
Séra Hallkell Stefánsson eh
Jón Stefánsson prestur mpp
Árni Ámundason eh
Sigurður Eyjólfsson prestur mpp
Snæbjörn Einarsson meh
Jón Oddsson prestur meh

Torfi Jónsson mpp
Árni prestur Halldórsson eh
Árni prestur Þorvarðsson eh
Einar Illugason prestur eh
Séra Hannes Björnsson eh
Páll Ámundason prestur meh
Pétur Ámundason meh
Sigurður Halldórsson prestur mpp
Jón Snorrason meh

Tilsögn um Guðrúnu Halldórsdóttur til veraldlegra uppá þeirra aðgjörðir um hennar barnsfaðernislýsing

Það framast ég má og mér ber míns embættis vegna þá óska ég alvarlega að lögmennirnir rögsamlega tilhlutist að sýslumaður fullkomlega eftir skyldu síns embættis alvarlega tilhaldi Guðrúnu Halldórsdóttur sannleikann að meðkenna og síns barns föður auglýsa, svo það í öngvan máta forsómist og þar verði ei frekari vandræði af, því ég afhendi nú og tilsegi fullkomlega þessa fyrirgreiðslu og framkvæmd veraldlegu valdi, til þeirrar framkvæmdar og aðgjörða sem því ber hér úti að hafa. Þessu til staðfestu skrifa ég mitt nafn hér undir að Þingvelli dag 2. júlí *anno* 1677.

Þórður Þorláksson

Um Guðrúnu Halldórsdóttur og hennar fríheit

Anno 1678 18. ágúst að Hvammi í Hvammssveit lét biskupinn *magister* Þórður Þorláksson birta fyrir Guðrúnu Halldórsdóttur þennan næst ofanskrifaðan seðil um hennar málefni, sem og einnin kennidómsins álit um hennar fríheit og sáluhjálparefni svo sem það var ályktað á alþingi 1677 og hér fyrir framan handskrifað finnst. Hér með tilsagði biskupinn henni að hún skyldi hér eftir sjá sig við allri¹ þverúð eður óhlýðni svo hún væri ei sjálf orðsök til hindrunar uppá sín kristileg fríheit. Til merkis þeirra undirskrifuð nöfn sem nálægir og áheyrandi voru, *anno, die et loco ut supra*.

Séra Hannes Björnsson prestur eh

Jón Grímsson prestur eh

Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1677 þann 3. dag september að Egilstöðum á Völlum settri héraðsprestastefnu af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni til álits og atkvæða þeirra málefna sem andlegri *jurisdictioni* tilheyra kunna í prófastsdæminu voru ásamt með héraðsprófastinum séra Stefáni Ólafssyni og sýslumanninum Jóni Þorlákssyni eftir biskupsins ósk og forlagi þessir heiðurlegir kennimenn samankomnir og tilnefndir, séra Eiríkur Ólafsson,² séra Böðvar Sturlason, séra Þorsteinn Jónsson, séra Bjarni Gissursson, séra Hannes Björnsson,³ séra Einar Jónsson, séra Ólafur Gíslason, séra Guðmundur Jónsson, séra Þorleifur Guðmundsson, séra Ólafur Sigfússon, séra Magnús Hávarðsson, séra Pétur Þorvarðsson, séra Guttormur Sigfússon, séra Árni Sigurðsson, séra Pétur Rafnsson,⁴ séra Sigfús Vigfússon, séra Sigurður Högnason og séra Eiríkur Þorvarðsson.

Í fyrstu kom fyrir ákæra sú er séra Böðvar Sturlason þóttist hafa til erfingja síns næsta formanns séra Einars sáluga Þorvarðssonar sem helst kemur uppá uppbætirs tiltölu bæði kirkjunnar og staðarins að Valþjófsstað, en með því á næstu alþingisprestastefnu taldist lögréttumaðurinn Bergur Einarsson undan og afsagði í þann tíma þessarri áfrýjun séra Böðvars að gegna, þar hann hefði ei fyrrum viðvaraður verið,⁵ hvörs vegna að biskupinn með prestunum hélt sig afsakaðan þó þar um yrði ei úrlausnaratkvæði gjört.

1 *allri*: breytt úr *neinni*

2 *séra Eiríkur Ólafsson*: á spássíu

3 *séra Hannes Björnsson*: á spássíu

4 *séra Pétur Rafnsson*: strax á eftir á spássíu er strikað yfir *séra Magnús Hávarðsson*

5 *þar hann hefði ei fyrrum viðvaraður verið*: á spássíu

Hafði nú biskupinn í þessari sinni *visitatiu* umreið bréflega tilsagt bæði séra Böðvari Sturlasyni sem og þeim bræðrum Bergi, Eiríki og Halli Einarssonum til andsvara að koma hvörjum við aðra til Egilstaða á Völlum á þennan 3. dag september svo þar mætti svo mikið aðgjörast sem kennidóm-inum bæri með að hafa annaðhvort með dómi eður forlíkun. Voru nú persónulega fyrir tveir af nefndum bræðrum, Bergur og Eiríkur, en með því að þetta mál sýndist öngvan veginn svo undirbúið í þetta sinn að þar kynni endilegur dómur á að gjörast, en auðsjáanlegt að það mætti lengi undandragast áður en til lykta gengi, þar með þarf kirkjan að Valþjófstöðum bráða bót, hvörrar hún má ei lengi bíða, þá samdist svo fyrir tilhlutun og meðalgöngu nálægra heiðurlegra manna að erfingjar séra Einars sáluga Þorvarðssonar fyrir utan kvinnu séra Böðvars legðu ofan á kirkju og stað gild og góð tólf hundruð. Þar með skyldu þeir klárir og kvittir vera um frekari uppbót, hvörju Bergur og Eiríkur Einars-synir samþykkilega játuðu sérhvor fyrir sína persónu og séra Böðvar lét sér lynda, en afskildi þó að upp í þessi 12 hundruð betöluðust trébúsgögn og far-leikar, og skyldi allt greitt og goldið að annarri Mikaelismessu *anno* 1678 nema fyrri sé.¹

2. Lét biskupinn *magister* Þórður Þorláksson upplesa kirkjunnar *visitatiu* og húsa reikningsskap að Möðrudal á Fjalli, sem og einnin sína áminning og prestsins loforð uppá þessa alls bygging, rækt og forbetrun. Sýnist prestunum biskupinn afsakaður þó hann fyrst tilreyni að svo stöddu hvörja bót séra Narfi hér á gjörir um hvört fyrir sig, bæði biskupsins áminningar og sitt loforð að rækja eftir því sem skrifað er í biskupsins *visitatiu* bók, en verði nokkur brígd eður vanrækt hér úti af hendi séra Narfa, þá felur biskupinn þá tilsjón héraðsprófastinum heiðurlegum kennimanni séra Stefáni Ólafssyni þar um að rannsaka sem tilhlýðir.

3. Umkvartaði heiðurlegur kennimann séra Magnús Hávarðsson um það sem Desjarmýri vantar uppá sitt *inventarium* og fargast hefur fyrir séra Jóni Sigmundssyni sem á staðnum var fyrir séra Magnús, og með því að lítil eður engin von er að meira náist hjá séra Jóni en það komið er af því sem hann var staðnum skyldugur, þá virtist biskupinum og nálægum heiðurlegum kennimönnum að þau 8 hundruð 68 álnir sem séra Magnús meðtók í virtum álnaireitum og skipi einu standi fyrir þeim 10 hundruðum sem *visitatiu* bók *magisters* Brynjólfs Sveinssonar eignar kirkjunni í fríðum og ófríðum peningum. En séra Magnús eða hans erfingjar útsvari þessum aurum kirkjunni í tölufé, en ekki skylduglega í fríðum né fríðvirtum aurum. En séra Jón Sigmundsson skyldugur

1 Sjá einnig viðauka á bls. 284.

kirkjunni að svara því sem vantar og ábrestur þau 10 hundruð fríð og ófríð sem með kirkjunni vera eiga, það fyrsta hann hefur þar föng og færi á.

Þetta allt fyrrskrifað í þremur póstum hefur svo framfarið, samþykkt og ályktað verið af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni ásamt héraðsprófastinum og tilnefndum kennimönnum, hvörjir sínar handskriftir hér undirsetja sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Þórður Þorláksson mpp
Böðvar Sturluson meh
Eiríkur Ólafsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Ólafur prestur Gíslason eh
Pétur prestur Rafnsson mpp
Magnús Hávarðsson meh
Sigfús Vigfússon eh
Sigurður Högnason eh
Pétur Þorvarðsson mpp
Eiríkur Þorvarðsson meh

Stefán Ólafsson meh
Bergur Einarsson eh
Þorsteinn Jónsson eh
Einar prestur Jónsson eh
Guttormur Sigfússon meh
Þorleifur prestur Guðmundsson eh
Árni Sigurðsson elsti meh
Jón Þorláksson meh
Eiríkur Einarsson eh
Bjarni Gissursson meh
Guðmundur Jónsson meh
Ólafur Sigfússon meh

Inntak úr bréfi prófastsins séra Magnúsar Péturssonar
áhrærandi prestamót að Kirkjubæjarklaustri
um undanfærslu séra Þorleifs Árnasonar á Kálfafelli
Salutem amorem ad observantiam

Eruverðugi og hálærði herra, minn elskulegi andlegi faðir í Drottni *magister* Þórður Þorláksson. Guð almáttugur blessi yðar herradóm og yðar erugöfugt hús með andlegri og líkamlegri blessun í Jesú nafni *amen*.

Hér næst yðar eruverðugheitum með einfaldri undirgefni ávísandi að ég orðsakast fyrir vigtug tilefni að biðja yðar eruverðugheit að vera eftir yðar guðlegu embætti forsvar og vernd kennimönnum Drottins sem í þessari sýslu eru, hvörjum einum svo sem nauðsyn kann að að þrengja (þó ég viti til sanns að andi Guðs og embættisins mun yður hér best á) svo einn eður annar verði ei svo ranglega eður ótilbærilega með eiturlugu höggormsbiti ásóttur saklaus með heiftarlegri eður hatursamlegri hreyfingu eður impringu óbótamála svo sem þeir héldi sig rétt gjöra og rétt tala við saklausa og um saklausa það illa sem þeir aðhafast.

Því bið ég yðar eruverðugheit að álíta með réttssinnuðu hjarta og opnum augum í herrans nafni hvörn þann sem fyrir yðar eruverðugheit kemur með soddan móti, svo hann kunni sitt erligt nafn að forsvara með svörnum eiði, á

meðal hvörra herrans kennimanna að nærverandi er séra Þorleifur Árnason sem nú framber yðar eruverðugheitum þetta mitt handskriftað bréf, fyrir hvörju ég hefi sagt og síðan handskriftað, hvört ég bið yðar herradóm að akta og álíta svo sem honum dregur nauðsyn til, því ég veit ei betur fyrir blessuðum Guði en honum sé full nauðsyn til þess að vinna eið fyrir óryktunarmál fjölkynngis aðgjörða, svo að í sömu meiningu sem sumir hvörjir hafa nú *inhære*¹ ekki héðan af margir hvörjir sem hingað til hafa verið eftir orðspori eður illmæli þess eina sem slíkt hefur látið framhlaupa af sínum munni, því ég þoli ei slíkt bullt og þvílíkt illrykti um þá einn eður annan sem mér skynjast fyrir Guðs anda innlifan að saklausir muni vera, á meðal hvörra að er eftir minni vitund og einfaldri hyggju séra Þorleifur Árnason. Og væri vel ef mögulegt væri að þér *citeruðu* kennimenn þessarrar sýslu nú strax í yðar *ordinaria visitatione* bæði að austan og vestan og hélduð *synodum* á Kirkjubæjarklaustri, svo séra Þorleifur mætti eiðnum framkoma í yðar *præsentia* jafnvel þó ei verði tylftareidur.

Þessu svo framsögðu bið ég yðar eruverðugheit að gegna vegna stórnauðsynja þessa kennimanns, um hvörn Guði sjálfum og guðhræddum mönnum kunnugum er vitanlegt. Ég óska að andi Drottins stjórni yðar hjarta að vera saklausum til verndar.

Að þetta fyrir framan og ofan skrifað sé af mér undirskriftuðum fyrirsagt votta ég með minni eigin handskrift hér undirskrifaðri, Hörslandi 6. september anno 1677, (undirskrifað nafn) Magnús Pétursson meh.

Þetta hér næst fyrir framan og ofan skrifað bréf heiðurlegs prófastsins séra Magnúsar Péturssonar rétt *copierað* vera eftir sínum handskriftuðum *original* votta undirskrifaðir er sau og samanlásu að Skálholti dag 30. október anno 1677. Bjarni Hallgrímsson eh, Ólafur Ásmundsson eh.

Citatiu biskupsins til prestanna í Skálholtsþingi um þetta mál má sjá af bréfabókinni þessa árs 1677.²

Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1677 þann 24. september að Kirkjubæjarklaustri á Síðu að settri presta-stefnu af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni í hans *ordinaria visitatione* um þau málefni sem til kynni að vera fallin í héraðinu og kennidóminum bæri yfir að segja. Voru þessir heiðurlegir kennimenn samankomnir eftir ósk og forlagi biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, séra Magnús Pétursson prófastur í Skaftafellssþingi, séra Hannes Björnsson, séra Jón Eiríksson, séra Þor-

1 *inhære*: merking óljós en gæti verið að *hengja sig á*

2 Sjá viðauka á bls. 285.

leifur Árnason, séra Ketill Halldórsson, séra Gísli Finnbogason, séra Bjarni Hallason og séra Einar Bjarnason.

Í fyrstu aðspurði biskupinn prófastinn séra Magnús Pétursson hvort hann vissi nokkuð tilfallið í þessu prófastsdæmi sem biskupsins aðkvæða eður úrlausnar útkrefði, hvað hann sagði sér ei vitanlegt væri fyrir utan það viðvíkur séra Þorleifi Árnasyni um nokkurra manna grunsemi að valdur megi vera af galdrameðferð óleyfilegri. Bauðst séra Þorleifur til fyrir nefndan róm eður rykti að synja með eiði á þessum samfundi, að aldrei hefði á sinni ævi galdur eður fjölkyngi brúkað eður framið mönnum eða fénaði til tjóns eður skaða, leynt eður ljóst, og ei þess valdandi verið fyrir sína persónu eður annarra í nokkurn máta. En með því í þetta sinn kom ei fyrir svo fullkomlegt lagarykti að laga-eiður virtist eiga fyrir að standa, þar með og voru ei svo margir prestar sam-ankomnir sem þurfa þótti til slíks vandamáls rannsóknar, þess vegna setur biskupinn til héraðsprófastsins heiðurlegs kennimanns séra Magnúsar Péturssonar þetta efni innvirkðulega að skoða og þar úr að ráða sem réttast má vera fyrir Guði og góðri samvitsku.

Samt sem áður aðspurði biskupinn prófastinn sjálfan og hans hér saman-komna héraðspresta, hvörja samvitsku þeir hefðu um sakleysi séra Þorleifs í greindu galdragrunsemdarmáli, hvar til prófasturinn séra Magnús sem og séra Gísli Finnbogason og séra Einar Bjarnason svöruðu að sín samvitska væri sú að séra Þorleifur af greindu grunsemdarmáli aldeilis saklaus væri, hvar þeir vildi frekari sannindi ágjöra ef þurfa þætti. Sömuleiðis báru allir nálægir heiðurlegir kennimenn séra Þorleifi ærlegan og heiðurlegan vitnisburð fyrir sig og sitt heimkynni.

Sömuleiðis bar sóknarfólkið að Kálfafelli eftir biskupsins forlagi þar sam-ankomið prestinum séra Þorleifi góðan og heiðurlegan vitnisburð uppá hans lærdóm og kennimannlega embættisþjónustu og lét sig enginn í ljósi í það sinn sem honum annað tiltalaði en vel og ærlegt, en kynni nokkrir þar vera sem honum hefði nokkuð til að tala uppá hans persónu og embætti undir kenni-dómsins atkvæði, þá tilsagði biskupinn að sá mætti¹ á þennan prestasamfund koma og lét sig enginn í ljósi til þess ámælis uppá hans síðu úr hans sókn, hvorki þar né í þennan stað.

Og með því ekkert annað framkom sem umtals þótti meðþurfa á þessum samfundi, þá er þetta fyrrennfærð svo staðfest með eigin handskriftum biskupsins, prófastsins og tilnefndra kennimanna sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

1 þá tilsagði biskupinn að sá mætti: breytt úr þá mætti á

Þórður Þorláksson mpp
Séra Hannes Björnsson eh
Jón Eiríksson mpp
Séra Ketill Halldórsson prestur meh
Bjarni Hallason mpp

Magnús Pétursson handsalaði að
sitt nafn mætti hér undirskrifast
Þorleifur Árnason mpp
Gísli prestur Finnbogason meh
Einar Bjarnason prestur meh

Ágrip og inntak úr alþingis *synodalibus magisters* Þórðar Anno 1678

1. Um komu prófasta og presta til *synodum generalem*. Voru auglýstar og upplæsnar tvær ályktanir sáluga *magisters* Brynjólfs Sveinssonar, sú fyrri *dateruð* Þingvelli anno 1639 *calendis* júlí, hljóðandi þar um að *generalis synodus* haldist árlega að Þingvelli nær alþing stendur, og prófastar skyldaðir á þann samfund koma forfallalaust sérhvor með sínum skynsömustu héraðsprestum úr áður-nefndum sýslum, sem eru Árnesþing, Rangárþing, Kjalarnesþing, Þverárþing, bæði fyrir sunnan og vestan Hvítá, og Snæfellssýsla til úrgreiðslu og atkvæða þeirra mála sem fyrir koma og Skálholtsstiftis kennidómi ber um að dæma. Sú önnur einnig *dateruð* í alþingis *synodo* að Þingvelli anno 1640 um sektir og *multam* þeirra tileinkaðra prófasta og presta sem ei koma í nefndan tíma forfallalaust eftir því fyrra atkvæði. Hvörjar tvær ályktanir biskupinn *magister* Þórður Þorláksson ásamt þessari *synodo* staðfesta, samþykkja og endumýja, og óskar biskupinn að heiðurlegir kennimenn vilji sig hér eftir rétta svo lengi sem æðra yfirvald aðra skikkun ei ágjörir, en þeir sem lögliga forfallaðir eru sendi sína skrifliga afsökun fyrir *synodum* í góðan tíma.

2. Um galdraáburð Rögnvalds Sigmundssonar uppá séra Árna Loftsson. Á almennilegri stiftisins prestastefnu að Þingvelli um stórmæli og galdraáburð sem Rögnvaldur Sigmundsson hafði með stefnu fyrir biskupinn borið séra Árna Loftsson varð ei útkljáð, því verjandinn séra Árni kom eigi né neinn hans umboðsmaður til svara; þar fyrir var þetta mál sett fyrir sjálfan biskupinn *magister* Þórð Þorláksson á prestamót heima í héraði til Hvamms í Hvammssveit á þann 15. ágúst þessa árs.

Stefna Rögnvalds til séra Árna:

Ég Rögnvaldur Sigmundsson stefni þér Árni prestur Loftsson á næstkomandi *synodum* að Óxarárþingi anno 1678 fyrir herra biskupinn *magister* Þórð Þorláksson á þann dag sem hann þar tilsetur, undir þann dóm sem hann með tilnefndum prestum um okkar mál útnefnir. Stefni ég þér fyrir þá fyrstu sök, að þú hefur með fjölkynngi og fordæðuskap og óleyfilegri galdrabrukun ollað og á mig hleypt þeim veikleika sem ég undir lá um haustið fyrir jól anno

1674. Einninn hefur þú með sama móti ollað veikleika minnar kvinnu Ragnheiðar Torfadóttur, sem hún af þvingaðist á sama vetri og um vorið eftir. Einninn hefur þú með fjölkynngi minn pening deytt og drepið, og suman pínt og plagað. Gef ég þér fullar og allar sakir á áðurtjáðu kærumáli, það framast ég má að lögum gjöra.

Í annan máta stefni ég þér fyrir þá sök og reiðugligt tilræði, að ég ei betur veit að þú með heiftugri hendi sundur rifir mitt skjal í Sælingsdalstungukirkju sjálfan sunnudaginn eftir embætti. Set ég í rétt hvort þetta þitt tilræði virðist ei rán, þar þú þann bréfspart er þú af reifst, burt hafðir og mér síðan ei aftur skilað, hvar um herra biskupinn með sínum dómsprestum álykti og með fullu dómsatkvæði grein á gjöri, hvort þú hefur ei með þessu þínu áðurgreindu atviki rofið á mér kirkjufrið, landsins lög og konungligan *recess*, gefandi þér á þessari minni ákæru þær hæstu sakir sem ég má og lög útvísa.

Í þriðja máta stefni ég þér undir lagapróf og rétt rannsak, hvörra svara og sekta þú skulir skyldugur vera fyrir þau illyrði er vitni bera að þú talað hafir við minn sæla föður Sigmund sáluga Gíslason, hvör orð svo hljóða, eftir vottanna vitnisburði: Þú ert skálkur, ærulaus, ónýtur, ómyndugur, ófriðhelgur þjófur, því þú hefur stolið frá öðru barninu og gefið öðru. *Item*: Þú ert nú gamall maður og áttu nú ei annað fyrir höndum en að loga í helvíti.

Stefni ég þér með öll þín varnargögn og afbatanir, sem þínu máli mega til gagns og bata koma á móti sakargiftum mínum, stefni ég þér að vitni allra erlegra manna sem hér eru viðstaddir og orð mín heyra.

Undir stefnuna hafa skrifað prófasturinn séra Eiríkur Vigfússon, séra Páll Ketilsson, séra Jón Ormsson.

Inntak og atriðisorð úr afbötunarskrá séra Árna Loftssonar er hann sendi til alþingis, móti stefnu Rögnvalds Sigmundssonar:

Lectori salutem. Sá prestsmaður séra Árni Loftsson kveður kvæði síns vinar. Þér eruð sem til annars spillvirkja gengnir¹ með sverðum og stöngum að grípa mig, daglega hefi ég þó hjá yður verið og kennt í musterinu, *etc.* En af hvörjum atvikum, merkjum eða teiknum sá einstaki Rögnvaldur svo dæmi eður ráði, það veit sá lygigestur og sturlunar djöfull sem í honum býr, eins og forðum í Saul og Achabs spámönnum. Það villuljós sem Sathan uppkveikti í Rögnvalds sálu er fánýtur skuggi. Sá maður er að hégóma orðinn í sínum hugrenningum og hans hjarta er formyrkvað. Guð þessarar veraldar hefur forblindað hjarta þess vantrúaða manns. Slík ofdirfð, dramb, heift, hefndargirnd og blóðþorsti, svo sem hórgetnar systur eru af þessa manns vantrú til Guðs upp-

1 gengnir: breytt úr útsendir

runnar, og af ágirnd hans til systra arfsins og þess tjár sem séra Árni eftirklagar, og því er Rögnvalds dómur rangur og hans áburður ónýtur. En þeim skilgetnu systurum sem fylgja eiga réttum dómi hefur Rögnvaldur uppsagt og burtu vísað, sem er trúnni, þolinmæðinni, elskunni, lítilætinu og miskunnseminni, allt þetta er ljóst af Rögnvalds áburði og stefnu. Sá endurfæddi hlýtur að játa: Í mínu holdi býr ekkert gott og það vonða, sem ég vil ekki, gjöri ég. Hvað miklu framar má sá játa sem á lygar hefur sig vanið og ágirnd, sem ljóst er um Rögnvald af Þóru máli. Sá Evu niðji Rögnvaldur, mátti meir girnd sína í álnir séra Árna og systra sinna en Guð og það 5. og 8. Guðs boðorð. Af því dalirnir og jarðirnar voru girnilegar til sællífis og metorða. Sathan blés og að þeim kolum, þvingaði svo fríviljann að djöfullinn varð kröftugur í barni vantrúarinnar. Þá skal líka gá að Guði, sem yfirgefið hefur Rögnvald í fráleitt sinni sökum hans óvana, og megnan villudóm honum sent, svo hann trúi lyginni og verði dæmdur, fyrst hann sannleiknum ekki trúði en hafði lysting á ranglætinu. Þar að auki hefur Guð hönd á fríviljanum, svo sem á öllu öðru, annars mundi hann afgeipa hlaupa og of mikinn skaða gjöra bæði Guði og mönnum, en Guð hefur lagt hring í nasir Rögnvalds og bitil í hans munn, svo hann hlýtur að standa við. Séra Árni er inn í hellumúrnum Kristo, augað Guðs er á sérhvörju hans höfuðsári, fyrr lætur Guð stinga í sitt auga sjáaldur og taka í burtu sitt líf en hann missi litla séra Árna. En á aðra síðuna er skýlaus, saklaus, skilvís, ólíklegur í öllum pörtum til ills athæfis, fyrirlitinn, fátækum út af kominn, fráhverfur heiminum, fýsn holdsins, girnd augnanna og drambseminnar, etc.

3. Um hjónabandsmál Magnúsar Jónssonar og hans konu Guðrúnar Jónsdóttur frá Höll í Borgarfirði, hvört til prestastefnudóms komið hafði í héraði fyrir prófastinum séra Sæmundi Oddssyni og af honum til alþingis sett undir ályktun herra biskupsins og *synodi generalis*. Höfðu þessar persónur saman verið í hjónabandi sjö ár, en konan fyrir fimm árum uppborið fyrir sínum sóknarpresti, séra Jóni Ólafssyni í Hvammi, að þessi Magnús sinn ektamaður væri *impotens* og óduganlegur til hjúskaparsamfara, hvað Magnús ljúfliga meðkenndi að hann þennan brest hefði, og óskuðu þess vegna bæði aðskilnaðar á sínu hjónabandi, en séra Jón auglýsti skrifliga konunnar umkvörtun fyrir sér um þennan brest fyrir fimm árum, hvör meðtekin og metin voru í staðinn þeirra þriggja ára sem hjónabands *articularnir* tileinka, og vegna annara fleiri atvika í þessu efni voru fyrrnefnd ektahjón Magnús og Guðrún og þeirra hjónaband af þessari *synodo* með dómsatkvæði fullkomlega aðskilin hér eftir.¹

4. Frambar séra Þorleifur Árnason á Kálfafelli fyrir *synodum* að hann hefði

1 Sjá viðauka á bls. 289.

orðið fyrir illu umtali og óhróðri uppá galdrameðferð. Hafði þetta mál komið fyrir herra biskupinn *magister Þórð Þorláksson* á héraðsprestastefnu á Kirkjubæjarklaustri í hans *visitatiu* á næstliðna hausti *anno* 1677 en varð ei til endalyktar dregið vegna vissra orsaka, og ei heldur af héraðsprófastinum séra Magnúsi Péturssyni síðar vegna forfalla. Nú hafði séra Þorleifur öngvan sakar- ábera í þessu máli, en hafði þó þar jafnframt góða og lofliga vitnisburði all- margra góðra manna, bæði andlegra og veraldlegra, sem hann afsökuðu og af þessari óhæfu saklausan héldu. Samt álitur þessi *synodus* að honum sé nauð- synligt að fría sig hér frá með æru, hvað og svo er hans alvarlig eftirleitni. Sór nú hér fyrir *synodo* séra Þorleifur Árnason lýrittareid hinn meira¹ með þessum eiðstaf, að hann hafi aldrei á sinni ævi galdur eður fjölkynngi lært, brúkað eður framið, hvorki mönnum eður fénaði til tjóns, skaða né lækningar, leynt eður ljóst, og aldrei hafi hann þessa neins samvitandi verið fyrir sína persónu eður annarra í nokkurn máta *etc.* Til eiðvætta nefndi herra biskupinn séra Þorleifi þessa kennimenn, séra Jón Gíslason, séra Rafn Ólafsson, séra Hallkel Stefánsson og séra Sigurð Eyjólfsson, en fyrrgreindan eið sönnuðu með honum séra Jón Gíslason og séra Hallkell Stefánsson, en eiðana tók eftir tilsögn biskupsins prófasturinn séra Torfi Jónsson. Og hér með var séra Þorleifur ályktaður öldungis óhindraður uppá sína æru og embætti vegna þessa illmælis *etc.*

5. Var í *synodo* ályktað um fjórar skólapersónur, sem eru Björn Þorleifsson að norðan, Arngrímur Jónsson, Henrik Pétursson og Guðmundur Guðmundsson að austan, sem í Skálholtsskóla höfðu opinberast á næstliðna vetri að meðferð óleyfilegra *characterum* eður fjölkynngis tegundar, að þeir skyldu opinbera aflausn taka í dómkirkjunni í Skálholti.

6. Í *synodo* framfór forlíkun sýslumannsins Jakobs Benediktssonar og séra Sigurðar Halldórssonar um leigur eftir 3 kirkjukúgildi á Ingjaldshóli og úr tölunni höfðu fækkað í tíð sáluga Matthíasar Guðmundssonar, og presturinn þess vegna í nokkur ár þarfnast hálfrar leigu eftir þau. Lofaði Jakob séra Sigurði nú 2 hundruðum hér fyrir, einnin kúgildunum útsvara, svo þau komist aftur inn í kirkjunnar reikning á Ingjaldshóli. Þetta með handsölum staðfest og hand- skriftað *in synodo* bæði af sýslumanninum Jakob og séra Sigurði Halldórssyni.

7. Bréf lögmannsins herra Sigurðar Björnssonar til herra biskupsins *magis- ters* Þórðar um afturhald á okri og helgra daga brotum, sem og andsvar herra biskupsins þar uppá.

Eruverðugan herra biskupinn *magister Þórð Þorláksson* blessi og bevari vor Guð í Jesú nafni. Ég undirskrifaður með minni vinsamligri heilsan til hans

1 *meira*: breytt úr *minna*

herradóms óska alúðliga að hann af sinni góðri rækt og umhyggju fyrir þessa fátæka lands velferð og æru vildi láta það aðnjóta sinnar tilhlutunar á þann veg að góðir og guðhræddir kennimenn í Skálholti stígti með aðsjón hreppstjóra sinna meðhjálpara, sérhvor í sinn stað, ásamt öðrum góðum og kristiligum áminningum við sín sóknarbörn, þreytist ei að vara almúgann alvarliga við, svo hann ei framvegis óhæfiliga þróist í skaðligum og óvirðingarligum landsins ósóma, hvar til þó marvíslegt vitanlig mætti nefnast, svo sem ólíðanlegar helgidaga vanbrúkanir, óttaleysi og agaleysi barna og annarra undirgefina, óriktugar trúndagjörðir, okur og óréligheit í kaupum og sölum og fleira. Þá gef ég nú í þessum seðli einkanligast nafn þeirri ljótligri tóbaksokurs aðferð sem víða í þessu landi tíðkast, hvar af auðsýnilegt er að út af vilji vaxa vors fátæka lands fordjörfun með höyyfirvaldsins, sem og landsins innbyggjara skaða, nema kristilig yfirvöld, andlig og veraldlig, sem Guði og háyfirvaldinu hafa heitið trú og hollustu til landsins velferðar, alvarliga vandi um þetta og þvílíkt skaðvænlegt, eftir þeirri náð sem Guð vill sérhvorjum í hjarta gefa, þeim sama dýrðarherra vorn eruverðuga herra biskupinn og honum nálæga heiðursverða kennimenn ég trúliga befala. *Datum* í lögréttu á Öxarárþingi dag 3. júlí anno 1678. Heiðurlegs herradóms þénari velviljaður ætíð.¹ Sigurður Björns-son eh.

Andsvar herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar hér uppá:

Er hann fyrst virðugligum og hávísu herra lögmanninum alúðliga þakkandi fyrir þessa sína guðrækiliga og næsta nauðsynliga tilhlutan, hvörri hann segir sig gjarnsamliga reiðubúinn að hlýða og framfylgja af fremsta megni og mætti, óskandi að allir aðrir úti frá vildu þessu og svo tilbæriliga hlýðni veita, og fyrir herrans náð og fulltingi fullkomna og framkvæma.

Því er ég Þórður Þorláksson Guðs og míns embættis vegna alvarliga áminnandi og tilsegjandi öllum kennimönnum þessa Skálholti stíftis að gæta vel og vandliga síns embættis, sem vor æðsti kennimaður og biskup vorra sálna herrann Jesús Kristur hefur þeim tiltrúað, og forsómi ekki kristiliga vandlæting og áminning til síns tiltrúaðs safnaðar, sem Guðs orð umbýður. Á meðal hvorra kristilegra áminninga eru þessar, sem virðuglegur herra lögmaðurinn af Guðs anda innblæstri hefur uppátekið og innfært í sitt áðurgreint bréf, sem er fyrst um Drottins hvíldardags réttiliga og tilbæriliga helgun, og að ei brúkaður sé til veraldligrar sýslana eður ills athæfis, heldur til hræsnislausrar guðsþjónustu í kristiligu bænákalli, Guðs orða heyrn og eftirtekt, svo sem sjálfur Guð tilsett hefur. Þar næst að aðstoða hreppstjórana til þess að framfylgja sínu tiltrúuðu embætti Guði til þóknunar og fátækum voluðum til nota og aðstoðar. *Item* að

1 Heiðurlegs herradóms þénari velviljaður ætíð: í handriti er skammstöfunin *h. h. d. th. v. æ.*

áminna foreldrana um kostgæfiliga og guðrækiliga umhugsun sinna barna, svo þau mættu upp alast í góðum og kristiligum siðum, en ekki í löstum og ósóma, sem nú (Guð náði) að helst of víða sker í þessu fátæku landi.

Einnin tilsegi ég hér með prestum þessa stiftis að líða ei svo mikið sem þeim er möguligt, og þeim ber til að hlutast, okur og rán, einkum á þeim ónauðsynligustu og skaðsamligustu hlutum, sem er tóbak og annað þvífíkt, heldur áminni ég alvarliga þá sem þetta eða slíkt gjöra að leggja það af eður ávísi yfirvaldinu ef þrjótuskast vilja og prestanna góðum og guðrækiligum áminningum ei hlýða. Og með því soddan óviðurkvæmilig höndlan er ljót og lastlig hjá veraldligum mönnum, hvort þeir eiga meira eður minna að sér, þá viti kennimennirnir eður andligrar stéttar menn að hún er enn ljótari og óviðurkvæmiligri þeirra á meðal sem eiga að vera Guðs trúir tilsjónarmenn, einskis skemmiligs ávinnings gírugir heldur spegill fyrirmyndan Guðs hjarðar. Þar með og svo er öllum augljóst að kónglegrar *majestets ordinantia* befalar að prestar skuli ei kaupmannsskap brúka af öðru en því sem þeirra kall og *beneficia importera* og af sér gefa.

Þessa mína velmeinta áminning fulltreysti ég öllum heiðurligum og guðhræddum kennimönnum á besta veg virða, hvar úti þeir ei aðeins minni, heldur sjálfs Guðs og vors æðsta yfirvalds skikkun og boði sig hlýðuga og eftirláta auðsýna. Hér með oss alla eilífum Guði og orði hans náðar trúliga befallandi.

Til merkis áðurskrifuðu skrifa ég mitt nafn hér undir með eigin hendi. *Actum Þingvelli in synodo* þann 4. júlí, en undirskrifað að Skálholti dag 20. febrúar *anno* 1679, Þórður Þorláksson.

8. Um Adrian Munk, sem borið hafði Örnólf Jónsson í Hnífsdal galdra-áburði, en Örnólfur hefur fyrir þann áburð svarið tylftareid með fangavottum, ályktaðist af *synodo* að þessi Adrian taki opinbera aflausn fyrir bráðan stórmælisáburð og biðji sérdeilis Örnólfs fyrirgefningar hér fyrir undir aflausnina.

9. Um dagsverk prestum til handa. Þann 4. júlí á Þingvalla prestastefnu kom til tals og greina um dagsverk sem prestarnir þykjast tiltölu eiga hjá húsmönnum eður öðrum sem ei eru í skiptitíund og í þeirra sóknum heimilisfastir eru, hvar uppá hljóðar kónglegrar *majestets Rípur articuli* sá 14. Einnin alþingisdómur *anno* 1604. Hér með einninn alvarlig skikkun sáluga herra Guðbrands Þorlákssonar *dateruð* Hólum *anno* 1606, sem og annað fleira þar að hnígandi. Því virðist biskupinum og *synodo generali* rétt og tilheyrilegt að prestarnir þessara fríheita njóti, en höndli þó þar úti guðrækiliga og miskunnsamliga við fátæka alþýðu, svo sem þeir vilja forsvaranlegir vera fyrir Guði og góðri samvisku, og séu einninn skyldugir þá sömu að fæða sem dagsverkið vinna.

Confirmatio landfógetans uppá þetta synodale:

Paa hans *excellents* den høyædle velbaarne herre, herr Hendrik Bielkes vegne, vil jeg alt forskrevne paa hans *excellents* vegne *confirmere*, hvor efter jeg formoder enhver som det vedkommer sig skyldigst ved at rette. *Actum* Bessested *die* 26. juli 1681, Johann Petersen Klein.

Herra lögmannsins sunnan og austan á Íslandi
Sigurðar Björnssonar ansvar og *resolutio* uppá þann
níunda póst alþingis *synodalis* 1678
sem hér er næst fyrir framan skrifaður um dagsverk

Eftir því sem eruverðugur herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson hefur í *synodo generali* álitid eður ályktað, nefnilega á Öxarárþingi 1678 þann 4. dag júlí, um dagsverk er prestarnir í hans stifti skulu mega útheimta af þeim sem ei eru í skiptitíund, þá skilst mér ei betur en velnefndur herra biskupinn hafi nauðsynlega og forsvaranlega hér úti skikkað og gjört, og þess vegna er ég því samþykkur, svo að á móti kónglegum forordningum missi ei kennimennirnir sína tilbærilega rentu sem þeim að fornu er tilskikkuð, að samhljóðandi loflegs yfirvalds hér í landi kristilegri tilhlutan. Þó veit ég eigi forsvaranlegt að sýslumennirnir, sérhvör í sinn stað, taki nokkurn toll svo sem í eftirmyndum þessa af þeim fátækum mönnum, í kóns vísieyrirs nafni, sem öngva tíund gjöra eða ekki eru í skiptitíund, því að kóngur sjálfur forbannar að sínir fátækir undirsátar hér í landi skuli þvingast ótilheyrilega á móti lögum og landsrétti. Því sómir mér allra síst, þar mér viðkemur móti soddan loflegum skikkunum, sem og góðri samvisku, það að samþykkja fyrri en ég sæi þar um útpykkilegt háyfirvaldsins *mandat*. Þessu til merkis skrifa ég mitt nafn hér undir með eigin hendi á Mannamótsflötum í Borgarfirði *anno* 1678 20. ágúst.

Undirskrifað nafn, Sigurður Björnsson.

Þetta fyrir ofan skrifað herra lögmannsins Sigurðar Björnssonar opið bréf er orð fyrir orð samhljóða sínum *original*, hvör af velnefndum herra lögmanna-inum var með eigin hendi undirskrifaður.

Og til staðfestu og sannindamerkis hér um skrifum við okkar nöfn hér undir er sáum og samanlásu að Skálholti *anno* 1678 5. október.

Bjarni Hallgrímsson prestur eh
Árni Álfsson mpp

Afsökunarbréf séra Einars Torfasonar

Heiðurlegum og hálærðum herra biskupi *magister* Þórði Þorlákssyni, vellærðum próföstum og guðhræddum kennimönnum að Þingvelli *in synodo* saman-
komnum, óska ég undirskrifaður Guðs hylli, Jesú Kristi vinganar, heilags anda
ástgjafa, tímanlegrar blessunar, eftirkomandi fagnaðar og óendanlegrar gleði.

Það auglýsi ég Einar prestur Torfason, að fyrir mig er komið að uppá Guð-
rúnu Halldórsdóttur vandhaldna og skelfda sé skrifað á Breiðabólstað í Húna-
vatnssýslu, fyrst 1679 14. maí, að hún fyrir alvarlega aðspurn sýslumannsins
Magnúsar Jónssonar í Strandasýslu undir Guðs nafn hafi átt mig að lýsa hold-
legan föður að sínu laungetna barni, Teiti, er uppskrifið diktaran sér líkast
hermir. En með því ég veit, og ei heldur girnist að við svo komið standa bíði,
þá hefur mér tilhugsast þetta mitt undirskrifað blað á landsþingið kennidóm-
inum senda og til kynningar gefa andsvar mitt, og ásett úrræði, svo að það
mætti í friðarboðs stað af mér setjast, en mínum herra biskupi og kennidóm-
inum til ihugunar yfirvegast, áður en sig til málsins gefa.

Fyrst gef ég soddan svar, að svo undirbúnu sem komið er voga ég og vil eigi
við málinu taka án *tracterunar* í minni viðurvist, sérhvörs þess sem undan er
farið eður framkomið, og ég má eftir Guðs orði, kristilegum kærleika og rétt-
skildum lagarétti uppátala, þar mér er hórdómssök tillögð, en konan forsvars-
laus eftir mínum þóttu óforréttuð, því ég hefi svo meðtekið að sérhvor sé dóms
og laga verður. *Item* enginn eigi með réttarganginum að yfirýlast. *Item articuli*
20, 1. *capitula* kveður að orði, *nos jurati sumus nisi sceleris convictum et ex*
animi nostri sententia damnatuos esse neminem,¹ að hvörjum málsgreinum
sýslumanna eiður hnigur.

Pennan pósti hefi ég íhugað hásigldan verða kunna og til óróa með skaðræði
horfa mega, máske víðar en í einn stað, en tvennslags persónur hljóta að málinu
ganga, en ég þeim báðum vandabundinn.

1. Landsins háyfirvöld, hvör ég gjarnan ei styggja vildi og með undirgefni
mig hjásneiða.

2. Er Magnús sýslumaður mágur minn, hvörn ég vil og gjarnan hjá mér
leiða, kærleikans og konu minnar vegna. En oft bregðast ötlun kann, svo og, oft
skjáttlar fyrir skýrum, því í annan stað eru mín alvarleg ásett úrræði í náðar-
trausti míns herra og Drottins þó með leyfi míns herra biskups eftir loflegri máls-
grein lögspakra, *quod melius sit intacta jura servare, quam post vulneratam*

1 Þýðing: Vér erum svarnir að dæma ekki eftir geðþóttu neinn sem uppvís hefur orðið að glæp.

*causam remedium qvære*re,¹ að komast á fund míns náðuga herra konungs og út af landinu að sigla, með því ég hefi nauðsynjaerindi önnur til lénsherrans atkvæða, þó ei sem landflóttu maður og ei heldur sá er að svo prófuðu á baki sök vill bera, heldur að sérhvört sem ég máske mætti mig hafa úti forséð kynni af kónglegri náð að *resolverast* og álítast, en tilstandandi órói annars dempast, því heilags Davíðs orð og eftirdæmi set ég mér fyrir sjónir ef ég finn náð fyrir Drottni, þá lætur hann mig koma aftur og leyfir mér að sjá sig og sitt hús. En ef hann segir svo, ég hef ekki þóknun á þér, sjá þá er ég hér, gjöri hann við mig sem hönum vel líkar. Þessi minn síðari póstur er mér alvarlega í hug festur, hvörn ég með undirgefni og af alúð bið minn andlega föður og herra biskup *magister Þórð Þorláksson* eftir mér að láta, en samþykkja að kapeláninn, sem hér í söknum og af minni veitingu uppheldi í átta ár haft hefur í minni fráveru mínum kirkjum og söfnuðum fyrir uppásett laun í mínu veitingarbréfi 3 hundruð auk Kaldaðarness sóknar góða, minna vegna þjóna mætti, í hvörju hljóði ég vinsamlega bið nærstadda prófasta og kennimenn minna vegna að vera. Einkum kveð ég þar til *facundissimum* séra Torfa Jónsson og *svavissimum* séra Sæmund Oddsson báða mína tiltreystandi elsku vini, svo að ég hér með heldur vægja mætti mínum geðsmunum en sneiða hjá annars tilstandandi óróa, því þó mér sé viðhaldið og þar tilskyldaður mun málsins kraftur á flot með mér fara ef mér þykir mér í nokkru áþyngt, því heldur kys ég að deysja með æru en lifa með skömm eður ranglæti sekkja, síst náunga, *etc.* Ég kann og ekki heldur að sjá að þessi mín bön sé lögum á móti, einkum ef Guðrún Halldórsdóttir því ei á mót stendur ef hún skal minn mótpartur réttilega nefnast. Svo sem orð Fridrichs 2 fortak umgefa, befallandi hér með sérhvörn yðar náðinni Drottins, að tillagðri minni auðmjúkri bön og vel virðið þetta af mér lítt vandað, en veitið þó þá virðing og viðurtekt sem ég vona til sérhvörs yðvara.

Til merkis mitt undirskrifað nafn að Stað við Steingrímsfjörð *anno* 1679 14. júní.

Yðar herradóms kær og velviljaður vin.²

(Undir hefur skrifað) Einar prestur Torfason eh.

Þetta bréf bið ég undirskrifaður hálærðan herra biskup *magister Þórð Þorláksson* leyfa að upplesa láta *in synodo* að Þingvelli á þessu ári 1679, og mér andsvar hér uppá með undirskriftum á þetta bréf gefa, og afhenda svo Ísleifi Þorleifssyni svo mér það aftur færa kunni til eftirtekta, því ég þarf sjálfs bréfsins að upplesið verið hafi, svo ég kunni að hafa mér það fyrir skjal á fram-

1 Þýðing: Að betra sé að varðveita lögin ósnortin en leitast við að bjarga málinu eftir að það er komið í óefni.

2 *Yðar herradóms kær og velviljaður vin*: í handriti er skammstöfunin *Y H D Q V V*

andi stöðum, hvar um ég vinsamlega bið, og sem flestir með herra biskupinum hér undirskrifti. Heilagur andi Drottins stjórni oss öllum í Jesú nafni.

Til merkis mitt nafn *anno, die et loco ut supra*. Yðar herradóms kær og velviljaður vin.¹ Einar prestur Torfason eh.

Þetta innlegg séra Einars Torfasonar fyrir *synodum coperað* að vera eftir sínum handskriftuðum *original* votta er sáu og samanlásu að Skálholti *anno* 1679 dag 27. júní.

Bjarni Sigurðsson meh

Ólafur Ásmundsson meh

In nomine Domini!

Anno 1679 þann 1. dag júlí að Þingvelli settri almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu voru þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og atkvæða nefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni um þau mál og stiftisins erindi sem til þessarar prestastefnu réttilega heyra mættu og kennidóminum ber með réttu yfir að segja og til að svara eftir kónglegrar *majestets ordinantiu* og *statutum*, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalar-nesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Þverárþingi að sunnan, séra Oddur Eyjólfsson, séra Einar Einarsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Þorleifur Kláusson, séra Sigurður Eyjólfsson, séra Hannes Björnsson, séra Jón Grímsson, séra Eiríkur Þorvarðsson, séra Hallkell Stefánsson, séra Magnús Einarsson og séra Guðmundur Halldórsson.

1. Kom fyrir *synodum* hjónabandsmál Þorláks Ólafssonar og Margrétar Finnbjarnardóttur, hingað sett og dæmt af heiðurlegum prófasti í Kjalarnesþingi og hans héraðsprestum, hvörju svo er varið að nefndur Þorlákur veik frá sinni konu áðurskrifaðri Margrétu að liðnu fyrsta ári þeirra hjónabands, og það í aðra landsfjórðunga norður og vestur, síðan heil átta ár burt verið og hennar ekki vitjað fyrr en á næsta vetri eftir jól. En hann á héraðsprestastefnunni aðspurður hvort hans egtakvinna nefnd Margrét hefði honum á nokkurn máta orðsök gefið til aðskilnaðar, svo og hvort hann hefði ei neitt það fyrir sig að bera er hans mál bæta kynni í þessu efni, hvörju hvorutveggju hann neitaði, bæði þá sem og einnin nú persónulega nálægur. Framvegis er í prófastsins álitni innfært að Þorlákur Ólafsson hafi meðkennt sig að barneign í hórdómi brotlegan orðið hafa á fyrrsögðum tíma og það í sókn séra Sigurðar Halldórssonar í Snæfellsnes-hrepp, hvar um skriflegir vitnisburðir framkomu Halldórs Guðmundssonar og Sigurðar Jónssonar, hvað og staðfestir valdsmaðurinn í Þórnesþingi Jakob

1 Yðar herradóms kær og velviljaður vin: í handriti er skammstöfunin *Y H D Q V V*

Benediktsson nú persónulega nálægur. *Datum* héraðsdómsins Kálfatjörn 1679 þann 6. maí.

Komu nú fram fyrir *synodum* vitnisburðir bæði hennar sóknarprests séra Hallkels Stefánssonar sem og annara uppá konunnar fráma og ærlega kynning til máls og gjörða, bæði um mannsins fráverutíma sem og þeirra hjónabands-samvista. Þar með birtist og vottuð og handskriftuð eftirleitni mannsins vegna, að konan vildi hann aftur til hjónabands-samvista taka fyrir áðurgreint misferli, en hún það fullkomlega afsagt og óskað að sér væri þar ekki af yfirvaldinu tilþrengt, en lét þó jafnframt í ljósi að hún hönum þessi sín brot og misgjörðir fyrirgæfi gjarnsamlega og í herrans nafni. Og að þessu svo prófuðu og athuguðu sem hér nú framkemur og fyrrskrifað er, er herra biskupsins og kennimannanna ályktun og fullkomið dómsatkvæði í herrans nafni að hjónaband áður nefndra persóna, Þorláks Ólafssonar og Margrétar Finnbjarnardóttur, sé hér eftir og framvegis öldungis sundurlaust og aðskilið eftir hjónabands *articulum* svo sem þar um greinir, en hann skyldugur burt að víkja eftir sömu *articulum*.¹ En það viðvíkur fríheitum Þorláks Ólafssonar og kristilegrar kirkju aga fyrir hans fjærvistir og *desertionem* (þar eð hann áður hefur opinbera aflausn tekið fyrir hórdómsbrotið) þá virðist *synodo* í þessu efni svo tilhlýða að héraðs-prófasturinn séra Einar Illugason veiti nefndum Þorláki opinbera og alvarlega áminning, og sé einninn hneyksli þess misferlis afbeðið í Hvalsnesskirkjusöfnuði.

2. Voru upplestar fyrir *synodo* opinberar áminningar heiðurlegs kennimanns séra Jóns Grímssonar,² einkum fjórar, allar handskriftaðar og í kirkjusöfnuðinum framfarnar, og þar með einninn herra lögmansins Sigurðar Björnssonar rögsamlegt áminningarbréf, sem allt hlýðir uppá Guðmund Jónsson búanda á Klafastaðagrund, hönum til viðvörunar og leiðréttingar vegna hans óhlýðni og þverúðar, og virðist biskupinum og kennimönnunum séra Jón Grímsson hér úti hafa gjört rétta skyldu síns embættis, svo og hann þar um fullkomlega afsakaður að svo komnu. Og er nú þetta málefni það kennidóminn snertir hér með veraldlegu yfirvaldi afhent og tilsagt til þeirrar framkvæmdar og aðgjörða sem kóng *majestets mandata* tilsegja svo að slík óhlýðni og óguðleg þverúð sé ei strafflaus liðin kristilegri kirkju til fyrirlitningar.

3. Kom fram um eið séra Árna Loftssonar, hvörn hann eftir Hvamms prestastefnudómi unnið hefur fyrir prófastinum séra Eiríki Vigfússyni að Hjarðarholti. Var svo álitíð af biskupinum og kennidóminum að þeir halda séra Árna sig afsakað hafa uppá æru og embætti fyrir galdraáburð Rögnvalds Sigmunds-

1 en hann skyldugur burt að víkja eftir sömu *articulum*: á spássú

2 heiðurlegs kennimanns séra Jóns Grímssonar: bætt við á spássú

sonar, þar hann sjálfur fullkominn eið eftir dómnum svarið hefur 15. október næstumliðins árs og fimm kennimenn með honum í þann tíma. En vegna auglýstra forfalla hafi ei fleiri í það sinn fyrir orðið, þó séra Árni þeirra skriflega lofun þar framlegði, þá hafa nú sex kennimenn þann meðsónnunareið aflagt þann 14. júní nú næsta umliðinn, og þó nokkuð í milli beri um inntak eður eiðsstíln þessara sex við hina fimm, og þar með eitt af þeim ellefu eiðvættum tjáist nú í þrímennings skyldsemi við séra Árna, þá þykjunnst við ei kunna að svo prófuðu það fyrir fullkomið eiðfall að taka uppá síðu séra Árna Loftssonar, einkum þar enn fleiri hafa tilboðist honum að gagnast til þessarar eiðssönnunar, samt og áður sýnist kennidóminum ei þar fyrir þessi eiður Rögnvaldi til stærri áfellis horfa, hvað að sett er til atkvæða veraldlegs yfirvalds. Með þetta fyrrskrifað atkvæði og úrlausn kennidómsins uppá þetta mál létu sér nú einninn vel nægja bæði séra Árni Loftsson og Rögnvaldur Sigmundsson, hvað þeir báðir handsöluðu biskupinum *magister Þórði Þorlákssyni* og öðrum kennimönnum.¹

4. Var upplesið í *synodo* opið bréf séra Einars Torfasonar *daterað* á Stað við Steingrímsfjörð *anno* 1679 þann 14. júní, svo sem það hér fyrir framan innskrifað finnst og sér líkast hermir, hvar uppá herra biskupinn með kennidómsins ráði svo svarar, að nær séra Einar Torfason hefur rétt og vafalaust svarað til barnsfaðernislýsingar Guðrúnar Halldórsdóttur, hvör lýsing skriflega framkom frá prófastinum séra Guðbrandi Jónssyni, svo og af herra lögmannsins hálfu Magnúsar Jónssonar í *synodo* auglýst, við hvörja barnsfaðernislýsing Guðrún Halldórsdóttir hér persónulega nálæg nú fullkomlega stendur óneydd í allan máta, með handsölum við biskupinn, þá sé ei séra Einari Torfasyni meint né² fyrrmunað frá að víkja, sinna nauðsynlegra erinda vegna, svo mikið sem í biskupsins valdi er og hönum viðkemur, með því skilorði að hann það eina framberi fyrir háyfirvaldið í þessu máli sem hann veit rétt og sannast fyrir Guði og góðri samvisku. Þó virðist kennidóminum vel tilheyrilegt að annar kennimaður en séra Einar Torfason annist kirkjunnar og safnaðarins nauðsynjar til heilagrar þjónustugjörðar og embættis svo lengi sem að þetta mál er ei til lykta leitt eður önnur skikkun ágjörst af yfirvaldinu, hvar til biskupinn nefnir séra Magnús Einarsson að Kaldaðarnesi, en hann nú þetta ómak átekst fyrir sanngjarnleg laun sem biskupinn lofar fyrir framan um að vera.

5. Var upplesið í *synodo* virðuglegs herra lögmannsins norðan og vestan á Íslandi herra Magnúsar Jónssonar opið bréf, hvar inni hann af guðlegri vanlætingu kvartar yfir einum og öðrum ósóma sem því verr og miður í þessu

1 Sjá einnig viðauka á bls. 290.

2 *né*: breytt úr *eður*

fátæka landi allvíða tíðkast, hvar til velnefndur herra lögmaðurinn sérdeilis¹ tilnefnir Þorskatjarðarþing, hvar allvíða það vonda óskikk tíðkist einkum á jólanótt árlega að fólk saman samnefnist til dansleika og annars apaspils² með slæmum kveðskap og öðru þvílíku sem greint herra lögmansins bréf glöggvast útvisar. Nú með því að soddan vont athæfi er anstyggilegt og ólíðanlegt þá er það alvarleg skikkun og áminning þessarar *synodi* að það öldungis afleggist³ og kennimennirnir gæti síns embættis að áminna söfnuðinn hér um og líði ei soddan óskikk hvorki á jólanótt né öðrum helgum dögum. Veraldlega valdstjórn umbiðjum vér og svo sína skyldu hér úti gjöra, að láta þá ei óstraffaða vera sem heilaga Drottins hvíldardaga þannin vanbrúka Guði til styggðar og náunganum til stórs hneykslis. Virðist kennidóminum hér við liggja fullkomleg helgibrots-sekt, vonandi að guðhræddir valdsmenn muni hér eftir alvarlega ganga eftir skyldu síns embættis.

Þetta allt áðurskrifað í fimm póstum framför á almennilegri stiftisins prestastefnu að Þingvelli með fullkomlegu samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvör sitt nafn ásamt öðrum heiðurlegum kennimönnum hér undirskrifar með eigin hendi þrem dögum síðar en upphaflega greinir.

Þórður Þorláksson mpp

Einar Illugason mpp

Einar Einarsson eh

Jón Grímsson prestur meh

Guðmundur prestur Halldórsson eh

Eiríkur Þorvarðsson meh

Hallkell prestur Stefánsson mpp

Torfi Jónsson mpp

Oddur Eyjólfsson meh

Þorleifur Kláussón meh

Árni prestur Þorvarðsson eh

Sigurður Eyjólfsson prestur mpp

Magnús Einarsson meh

In nomine Domini amen!

Anno 1680 þann 29. júní að settri almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli voru þessir heiðurlegir kennimenn til álits og atkvæða nefndir af herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni um þau mál og stiftisins nauðsynjar sem andlegum ber yfir að segja eftir *ordinantiunni* og hingað kunna réttilega að heyra, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Illugason prófastur í Kjalarnesþingi, séra Sæmundur Oddsson prófastur í Mýrasýslu, séra Halldór Jónsson prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Sigurður Jónsson út-

1 *sérdeilis*: breytt úr *einkum*

2 *annars apaspils*: breytt úr *ýmsum apaleikum*

3 *afleggist*: breytt úr *afgakist*

valinn prófastur í Ísafjarðarsýslu að vestan, séra Oddur Eyjólfsson, séra Einar Einarsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Ásmundur Eyjólfsson, séra Benedikt Pétursson, séra Helgi Jónsson, séra Snæbjörn Einarsson, séra Daði Halldórsson, séra Oddur Eyjólfsson yngri, séra Eiríkur Magnússon.

1. *In primis* lét herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson birta og upplesa kónglegrar *majestets missive*, *daterað* Pinneberg 31. október 1679, hljóðandi um almennilega þakkargjörð af prædikunarstólnum fyrir friðstillung í hans *majestets* löndum og ríkjum.

2. Kærði heiðurlegur kennimann séra Oddur Eyjólfsson yngri að sér væri tregðun nokkur gjörð á því tillagi sem kóngleg *majestet* Christianus 3ius hefur prestum í Vestmanneyjum til uppheldis tileinkað, nefnilega undirgift af þeim bændaskipum sem þar á kóngsins grunni er til fiskiafla haldið, hvar úti presturinn þykist einkum vanhaldinn um hlutskipti á trosfiski utan vertíðar. Er kennidómsins skilningur hér á í þann máta að prestunum í Vestmanneyjum beri svo fullkomið hlutskipti á öllu trosfiski sem öðrum þorskafla, svo sem dómar og álit mega þar um sjást. Setjandi þetta til herra landfóvetans og lögmanna úrlausnar og góðrar framkvæmdar að prestarnir ei þarfnist hér úti þess sem þeim með réttu bera kann, eins utan vertíðar sem innan.

3. Óskaði herra biskupinn góðra ráða og aðkvæða *synodi* hvörninn höndla skyldi um þann *casum*, ef svo ske mætti, að vín sem látið væri á altarið til heilagrar þjónustugjörðar reyndist vegna dreggja, óhreininda eður slæms íláts, og athugaleysis þeirra sem til eiga að láta, eigi svo frambærilegt sem ber og hæfir og hvort sá sem vínið á að forvara og tilláta skuli vítalaus vera ef hann hér úti athugalaus er eður hirðulaus reynist. Svaraðist af *synodo* hér til að kennidómurinn og kirkjuverjararnir mundi gæta Guðs og guðlegrar skikkunar í heilögum hlutum og *sacramentorum administratione*, en væri sá nokkur hér í móti sig forséði (sem Guð láti ekki vera) sé hann undir héraðsprófastsins aðkvæði og tilsögn, hvörsu háa *mulctam* gjalda skuli til næsta *hospitals* eftir *circumstantiis* sem í þeim *casu* ske kunna, af því óviðurkvæmilegt sýnist að þvílíkt hneyksli megi strafflaust líðast.

4. Aðspurði heiðurlegur kennimann séra Einar Einarsson hvort hann mætti ekki útheimta ljóstolla af Álfthaness sóknarmönnum til Garðakirkju að jafnaði við Bessastaðakirkju. Tjáist hér að þriggja fiska ljóstollur gjaldist til Bessastaðakirkju en ekkert til Garðakirkju, þar þó annarstaðar í því héraði eru goldnir sex fiskar í ljóstoll. Er andsvar og meining *synodi* að hjónaljóstollur megi ei minni vera en þrjár álnir vöru eður sex fiskar til vigtar, en ógiftra sem tífund gjöra helmingi minni, eftir gömlum kirkjunnar lögum og fornu verði vaxins, sem þá var í ljóstolla rétt goldið. Því er ósk og beiðni *synodi* að háttaktaður landsfóvetinn Jóhann Pétursson Klein vildi styrkja prestinn séra Einar Einarsson.

son hér úti og almúga nefndrar sóknar tilhalda fullum ljóstolli að svara, svo ei heldur Garðakirkja en aðrar síns missi.

5. Kom til tals í *synodo* um þær persónur sem í skóla hafa verið og sína skólavist með tilbæriligri *dimissione* endað, síðan gefið sig til veraldliga sýslana, hjónabands og ærligrar handlanar sér til uppheldis, eftir þessa lands lélegheitum, hvort þær skyldu ekki álagalausar vera af veraldligu valdi, í þann máta að frjálsar væri frá skattgjaldi og skyldum, svo sem prestar. Er hér uppá einföld og samþykkilig meining *synodi* að þær persónur sem fyrst með góðum og tilbæriligum hætti útenda sína skólavist, síðan heiðarliga og kostgæfiliga í iðkun heilagrar skriftar og kristiligu líferni stunda eftir prestligu embætti, muni njóta þeirra fríheita og linkindar sem hingað til dags verið og viðgengist hefur, vonandi uppá Guðs og háyfirvaldsins náð þvílíkum persónum þessarar vægðar framvegis að unna. En kennidóminum sýnist tilheyrligt að þess háttar menn láti sjá sína iðkun og ástundan með Guðs orðs kenningu í predikunarstólnum, eftir því sem kirkjulögin þeim tilhalda, en þær persónur skólagengnar sem sig forsjá með einföldu og meinalausu frillulífi sýnist kennidóminum að vera muni verða undir *jure politico* inn til þess að öðlast hafa sína *restitutionem*.

6. Um fríheit prestabarna stendur *synodus* við ályktun herra Gísla Oddssonar *dateraða* á alþingi 1637 í hvörri ályktað skal vera að prestabörn njóti þeirra fríheita sem Guð og kóngurinn hefur þeim gefið, svo lengi sem þau eru undir fjárhaldsmönnum, þó að fullorðin séu, nema þau taki við fjárhaldi sínu eður þeim falli til arfar þeir, þar fyrir utan, sem skattar eiga af að gjaldast.

7. Aðspurði heiðurlegur kennimann séra Oddur Eyjólfsson:

1. Hvort sér bæri í nokkru til þeirrar ákæru að svara sem komin væri uppá lönd og landamerki kirkjunnar að Holti undir Eyjafjöllum fyrir utan sérdeilis skikkan og bifalning þeirra sem kirkjunnar *patroni* eru eftir kóng *majestets* forordningum.

2. Kynni kirkjan öllum þessum löndum að tapa, hvort hann og hans erfingjar ættu ekki að virðast og metast af Holtskirkju eftirkomandi forsvarsmönnum alls skaða- og eftirtalslausir í því efni, þó sér yrði af kirkjunnar *patronis* bifalað því sem hann vissi og mætti Holtskirkju vegna til þessa máls svara.

3. Hvort hann megi ekki þessi lönd sem Holtskirkju í langa tíma eignuð verið hafa með frí og frelsi brúka svo lengi sem þau gangi ei undan kirkjunni með réttum og skjallægum laga *process*.

Til fyrstu spurningar séra Odds er andsvar *synodi* að honum beri ekki til þessa máls að svara fyrr en hann hefur fengið skikkun kirkjunnar *patroni* þar uppá, hvörn vér höldum þann sem *jus conferendi* hefur. Til annarar, að séra Oddur og hans erfingjar séu afsakaðir þó það undan kirkjunni gangi sem á talið

verður, ef það stendur eftir lögum og réttum úrskurði. Þriðju spurning séra Odds víkjum vér frá oss til lögréttunnar.

8. Samdist og niðursettist á milli séra Jóns Halldórssonar og séra Þorsteins Þórarinssonar um ágreining landskuldanna af Ferjubakka og Stangarholti, sem í vor áttu að lúkast og til samans eru 2 hundruð og 20 álnir, að séra Þorsteinn uppberi þar af þriðjung en séra Jón tvo hluta.

9. Í viðurvist herra landfógetans Jóhanns Péturssonar Klein upplás heiðurlegur kennimann séra Böðvar Sturlason í *synodo* eitt skrif sem hann fyrir nokkrum árum þar sama staðar hafði auglýsa látið, þess innihalds að hann vildi ei það Víðivalla hálfkirkja væri að nýju uppbyggð Valþjófstaðarkirkju til afdráttar, hvað hið sama kennidómurinn hefur ei í þann máta ályktað að kirkjan eður presturinn skyldu þar fyrir í neinu óforréttast. En með því af máldaga og vitnisburðum bevisast að á Víðivöllum hafi hálfkirkja verið að fornu, en prófast þó ei að yfirvaldið hafi hana nefnilega afskipað. Hér með er af héraðsprófastinum séra Stefáni Ólafssyni meðkennt að hún ei nauðsynjalaus væri og vilji þess vegna hennar uppbygging samþykkja, hvað og einninn af kennidóminum svo álititið en af biskupinum staðfest verið hefur, að hún sínum fullum hálfkirkjurétti og myndugleika framvegis haldi, einkum þar eignarmaðurinn virðuglegur Jón Þorláksson hefur hennar máldaga endurnýjað með tillögum, bæði í fasteign, *inventario* og *ornamentis*, svo sem máldaginn skýrlega útvisar, og þar með Valþjófstaðarpresti viss ómakslaun tileinkað fyrir þjónustugjörðina.

Þar fyrir er enn nú að nýju biskupsins og kennimannanna fullkomið álit og atkvæði að nefnd hálfkirkja að Víðivöllum ytri í Fljótsdal skuli sinn óskertan hálfkirkjurétt og myndugleika hafa eftir því sem um aðrar hálfkirkjur greinir í þeim alþingisdómi höfuðsmannsins Jóhanns Bockholts ásamt biskupa beggja og lögmanna 1598, að kirkjutúnd niðurfalli fyrir vín og bakstur og heima þar takist ljóstollar allra heimamanna og einn heytollur heimabóndans, en sóknarpresti að Valþjófstað lúkist árlega 12 aurar í sitt messukaup eftir samningi sýslumannsins Jóns Þorlákssonar og séra Böðvars Sturlasonar, hvörn vér látum að svo stöddu óraskaðan standa með þessu voru álititi að svo prófuðu, svo lengi og þar til æðra yfirvald gjörir þar ei á aðra skikkun. Sömuleiðis er fullkomin ályktun kennidómsins¹ að sóknarprestinum beri sín preststúnd auk messukaupsins af hálfkirkjubóndaeigninni Víðivöllum svo sem lausafénu eftir kónglegar *majestets ordinantiu* og náðarbréfum. Einninn að heimilisfólk á hálfkirkjujörðinni sé prestsins og höfuðkirkjunnar rétt sóknarfólk til allra þeirra nauðsynja og fríheita sem prestinum ber þeim að veita eftir sínu embætti. En það sem sýslumanninn Jón Þorláksson og séra Böðvar Sturlason kann hér fyrir utan að

1 ályktun kennidómsins: breytt úr ályktun synodi

ágreina verður ei í þetta sinn fullkomlega úrskurðað, þar Jón Þorláksson er nú ei persónulega nálægur, heldur eru þeir báðir hér með alvarlega áminntir af biskupinum að þeir haldi óbrigðanlega þá sáttargjörð og forlíkun sem þeirra á millum framför 1677 þann 31. ágúst á Ytri Víðivöllum í Fljótsdal eftir því sem hún sér líkast hermir og hér eftir í kristilegu og náungalegu samþykki lifi sem Guðs börnum hæfir.

Þessir fyrrskrifaðir 9 *articular* hafa svo framkomið og ályktaðir verið sem fyrrskrifað stendur, hvörju til staðfestu biskupinn og nálægir kennimenn skrifa sín nöfn hér undir þann 5 júlí *anno et loco ut supra*.

Þórður Þorláksson mpp
Einar Illugason prestur eh
Einar Einarsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Helgi Jónsson prestur meh
Böðvar Sturlason eh
Magnús Einarsson eh

Torfi Jónsson mpp
Sæmundur Oddsson mpp
Oddur Eyjólfsson meh
Árni prestur Þorvarðsson eh
Snæbjörn Einarsson eh
Sigurður Jónsson eh
Halldór Jónsson eh

Denne forskrevne 9. post om seigneur Jon Torlaksson og seigneur Bodvar Sturleson, Videvelle halvkirke angaaende, er saaledes med min videnskab skrevet, hvilket jeg og i alle maader samtøkker. *Actum Øxaraa alting ut supra*.

Johan Petersen Klein mpp

Copie af prestastefnuáliti prófastsins í Mýrasýslu séra Sæmundar Oddssonar um mál séra Þorsteins Þórarinssonar In nomine Domini

Anno 1680 þann 7. desember að Óskholti í Borgarhrepp að settri prestastefnu nefndi prófasturinn séra Sæmundur Oddsson þessa heiðarlega kennimenn, séra Pál Gunnarsson eldra, séra Hannes Björnsson, séra Jón Guðmundsson, séra Pál Gunnarsson yngra, séra Jón Eyjólfsson og séra Halldór Jónsson, til álits og yfirskoðunar með sér um það efni sem uppá er fallið fyrir guðhræddum kennimanni séra Þorsteini Þórarinssyni að Ferjubakka í Borgarhrepp, hvörju svo er varið að hans ektakvinna Guðrún Bjarnadóttir hefur fyrir nokkrum tíma barn alið, en af því að nokkru þykir mismuna um barnsins fæðing við þeirra hjónavígslutíma að reikna, þá orðsakaðist prófasturinn þennan prestasamfund halda. Auglýsir nú séra Þorsteinn að sín ektakvinna hafi barnið í heiminn fætt þann 8. nóvember næstliðinn, en þeirra hjónavígsla framfarið þann 1. sunnudag eftir *trinitatis* sem var 13. júní og trúlofun til hjónabandsins þann 8. febrúar

skeð á þessu sama ári. Meðkennir nú séra Þorsteinn ljúflega þann barngetnað af sínum völdum og mannlegum breyskleika millum kaups og festingar orðið hafi, og sig að barninu sannan föður. Nú sökum þess fyrsskrifaður barnburðartími sýnist nokkuð mótsæðilegur þeirri reglu sem konunglegt lögmál gjörir ráð fyrir í slíkum efnum, þá framlagði séra Þorsteinn eftir prófastsins ósk og tilsögn þetta sér til afbötunar sem eftirfylgir:

1. Að hann óski leiðréttingar hvort sama gildi um trúlofaðar persónur sín á milli eður ei trúlofaðar það atkvæði *recessins articula lib. 1, cap. 1, art. 32*, um eins kennimanns ektakvinnu sem fyrir þá réttu tíð eitt fullkomið barn fæðir, einkum þar þessa lands óhentugleiki tíðum orðsakar lengri tíma millum kaups og festingar en *ordinantian* sýnist ráð fyrir gjöra, hvar að hönum þykir einnin hníga sú grein, kvennagiftingar í *5. cap.*, um legorðssök, rétt og ráðspjöll á þeirri konu sem maður hefur sér festa eður handselda.

2. Færir séra Þorsteinn undir leiðrétting yfirvaldsins þann sinn skilning að nokkur mismunur sé gjörður, þar einn prestur skuli aðeins missa sitt kall sem *recessins articuli* ákveður, eður og skuli hann þar með sitt embætti missa, hvað hann skilja þyrist fyrir kennimanlegt uppheldi og *præbendur*, en ekki sjálft embættið, af kallsglósunni, og þar til leiðir hann þessar eftirfylgjandi greinir:

1. *Ordinantium* 9. art. að öngvir skuli vígjast til presta nema þeir hafi víst kall.

2. Christiani 4ti *recess, lib. 1, cap. 1, art. 1, item cap. 1, art. 2, 20, 21, 22*, og svo 23, þar eð um prestsins yfirsjón í *sacramentisins* útdeilingu getur, og ákveður að hann skuli sitt kall og embætti forbrotið hafa. Sömuleiðis 25. art. um bændanna greiftran og aflausn. *Item cap. 2, art. 24. Item cap. 3, art. 1*, eður hvar víðar finnast kann og afskiljast, að sitt sé hvort kall og embætti að missa.

Hér næst óskar prófasturinn almennilegs orðróms um prestsins séra Þorsteins dagfar og framferði, hvar á herra lögmaðurinn Sigurður Björnsson, Guðmundur Sigurðsson og nálægir Borgarkirkju sóknarmenn, ásamt séra Halldór Jónsson úr Álfþaneshrepp, gáfu einn heiðurlegan vitnisburð. Og að þessum innfærðum prestsins afbötunum yfirveguðum er tilnefndra kennimanna einfaldur skilningur:

1. Það sem viðvíkur um þær trúlofuðu persónur, að ei sýnist svo þunglega horfa uppá prestsins síðu eftir því sem hér á stendur, svo sem þeirra sem ei eru trúlofaðar.

2. Sömuleiðis virðist þeim sem sjálfur *recessinn* í nokkrum stöðum *distingveri* og aðgreini kall og embætti í þeim sökum sem kennimaðurinn skal á hvoru tveggju eður öðru hvörju straffast, hvörjum prestanna skilningi prófasturinn sjálfur er í þessu efni samhljóða.

Þar fyrir í herrans nafni, og að svo prófuðu, eftir *recessins* hljóðan, virðist

oss séra Þorsteinn Þórarinnsson hljóti sitt kall að missa nema herra biskupinn sjái hér úti nokkra vægð og linkind verða mega, hvar fyrir vér setjum þetta vort álit til herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar atkvæða og úrskurðar, með öllum þessum málsvexti og kringumstæðum er hér að lúta, að tillagðri vorri auðmjúkri bón vegna þessa guðhrædda og velskikkaða kennimanns, að hann mætti náð og aðstoð hjá yfirvaldinu öðlast. En séra Þorsteini að svo stöddu tilsegist sig frá kennimannlegri embættisþjónustu að halda þar til æðra yfirvald hér á aðra skikkan gjörir. Samþykkti Sæmundur prestur Oddsson (undirskrifuð nöfn), Páll Gunnarsson eldri meh, Páll Gunnarsson eh, Jón Eyjólfsson eh, séra Halldór Jónsson meh, séra Hannes Björnsson eh, Jón Guðmundsson prestur meh.

Þessi fyrir ofan og framan skrifuð dóms *copie* er orðrétt samhljóða handskriftaðri útskrift sem prófasturinn séra Sæmundur Oddsson biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni sendi og hann meðtók affangadaginn fyrir jól *anno* 1680. Til merkis okkar undirskrifuð nöfn er samanlášum að Skálholti dag 8. janúar *anno* 1681.

Árni Álfsson meh

Frans Ibsson mpp

Samþykkt biskupsins uppá áðurskrifað prestaálit

Þórður Þorláksson *superintendens* Skálholtsstiftis heilsar góðum mönnum er þessi bréfsorð lesa eður heyra með kveðju Guðs og góðum óskum.

Hér með auglýsandi að nú nýlega er fyrir mig komin handskrifuð *copie* af því prestaáliti er framfór að Óskholti í Borgarhrepp þann 7. desember *anno* 1680 að forlagi heiðurlegs héraðsprófastsins séra Sæmundar Oddssonar, hljóðandi um barneignarmisferli séra Þorsteins Þórarinnssonar, svo sem greint álit gjörst útvísar, hvört ég hefi yfirséð og athugað. Sýnist mér prófastsins séra Sæmundar og hans tilnefndra dómspresta atkvæði rétt og löglegt, þar þeim virðist séra Þorsteinn Þórarinnsson hljóti sitt kall að missa eftir kónglegrar *majestets* Christiani 4ti *recess* ljósum orðum og úrskurð, *lib. 1, cap. 1, art. 32*, hvört áðurgreint prestaálit ég þess vegna fyrir mína persónu í herrans nafni samþykki. En það viðvíkur embætti séra Þorsteins og hans *promotioni* mun standa hljóta til æðra yfirvalds náðar, en að svo stöddu haldi séra Þorsteinn sig frá kennimannlegri embættisgjörð bæði í Mýrasóknum og annarstaðar. Til merkis undirskrifað nafn að Skálholti dag 8. janúar *anno* 1681.

Þórður Þorláksson

Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1681 þann síðasta dag júní að Þingvelli settri almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu, þessir heiðurlegir kennimenn af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni nefndir til atkvæða og úrlausnar þeirra stiftisins nauðsynja sem á þessa prestastefnu réttilega koma, og kennidóminum ber yfir að segja eftir kónglegrar *majestets ordinantiu* og *mandatis*. Séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Þverárþingi fyrir sunnan Hvítá, séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Oddur Eyjólfsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Jón Grímsson, séra Oddur Árnason, séra Daði Halldórsson, séra Gísli Álfsson, séra Eiríkur Magnússon, séra Páll Sveinsson, séra Hallkell Stefánsson, séra Jón Gíslason, séra Jón Eyjólfsson, séra Pétur Ámundason.

1. Var upplesið í *synodo* opið bréf og *supplicatio* Guðrúnar Ögmundsdóttur, hvör eð tjáist brotleg orðið hafa með þremur barneignum með skyldmenni sínu í annan lið en síðan með einu frillulífisbroti meinalausu. Óskar nefnd Guðrún þeirra linkinda njótandi verða mætti að fríast frá útleigðarstraffi með hjónabandi við þann mann sér vandalausán sem hún síðast með brotleg varð, er nefnist Jón Magnússon. Er kennidómsins svar og álit hér uppá að ei færilegt sjái það hjónaband leyfist né viðgangist án hærra yfirvalds náðar og tillátsemi, einkum þar því lík opinber meinabrot hafa undan farið.

2. Kom fyrir sá *casus* hvort þær persónur Jón Jónsson og Guðrún Þorlákssdóttir sem sín á milli brotleg orðið hafa í einföldu frillulífisbroti mættu samangefast í hjúskaparstétt, þar Jón Jónsson tjáist áður barn átt hafa í einföldu frillulífi við systur Jóns Björnssonar sem var egtamaður nefndrar Guðrúnar Þorlákssdóttur, og þá var andaður er seinna brotið skeði. Þykist kennidómurinn að svo prófuðu sem nú framkemur ei sjá þær lögmætar orðsakir sem þetta hjónaband hindri, þar hvorki sýnast í vegi vera skyldugleiki né mægðir.

3. Auglýsti biskupinn *magister* Þórður Þorláksson sendibréf þess fróma aldraða kennimanns séra Hannesar Tómassonar að Guttormshaga, þess innihalds að hann alúðlega óskar styrks og uppheldis sem öðrum öldruðum og uppgefnum kennimönnum unnt og tillagt verið hefur. Því tilsegir og skikkar biskupinn nú séra Hannesi þetta tillag af *beneficiis* í Sunnlendingafjórðungi sem skikkað og ákveðið var anno 1643 af biskupinum *magister* Brynjólfi Sveinssyni sællrar minningar, nefnilega af Holtsstað undir Eyjafjöllum 15 aura, af Breiðabólstað í Fljótshlíð 1^{1/2} hundrað,¹ af Oddastað 15 aura, af Bæ í Flóa

1 af Breiðabólstað í Fljótshlíð 1^{1/2} hundrað: á spássíu

10 aura, af Hruna 10 aura, af Reykholti 10 aura, af Görðum á Álftanesi 10 aura. Reiknast þetta til samans 5 hundruð. Er vinsamleg ósk biskupsins að heiðurlegir kennimenn sem nefnd *beneficia* nú halda láti þetta greiðuglega í té séra Hannesi Tómassyni til handa, helming í fríðum peningum í fardögum en annan helming í dauðu sem séra Hannesi er þarflegt til uppheldis og þeim best umsemur.

4. Um aðskilnað og fjærvistir Ketils Árnasonar sjónlausa og Ingunnar Ingimundardóttur var svo tilskikkað í *synodo* að hreppstjórar í þeirri sveit sem þær persónur eru sveitfastar tilhlutist eftir skyldu síns embættis að af þeirra návistum verði ekkert hneyksli, sérdeilis að minnsta kosti svo að nefndur Ketill sé ekki til hýsingar fluttur á þann bæ sem konan er vistföst er hann hefur með fallið og líðið þar ei heldur til neinnar hneykslisveru.

5. Var dæmt og ályktað af biskupinum og samankomnum kennimönnum að öngvum kennimanni í Skálholtsstifti væri leyfilegt að umbreyta eður í nokkurn máta afrækja að nauðsynjalausu viðtekið skikk eður *ceremonia* í kristilegri kirkju, hvort heldur áhræra mættu venjulegar hringingar, sálmasöng eður messuklæðabrukun eður hvörju nafni sem heita má. En gjöri nokkur hér á mót og vilji ei af prófasti áminntur aðgjöra *multerist* tilbærilega, en sú *mulcta* leggist fátækum prestaekkjum til nota.

6. Eftir því að merkja er það í sumum stöðum svo viðgangist að þau hjón sem vegna fátæktar eður annara ýmislegra orðsaka skilja hjónabandssamvistir af eiginlegu sjálfræði, sum hvör fyrir ósamlyndis sakir eður með ólöglegri tilhlutan sveitamanna, í þann máta að nær þau bæði eður annað hvort verða bjargbrota hverfur hvort til sinnar sveitar fyrir utan löglega tilhlutan yfirvaldsins. Þar fyrir er alvarleg ósk biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og nálægra kennimanna að veraldlegt yfirvald láti ei slíkt ósæmilegt háttalag viðgangast heilögu hjónabandi til stórrar afvirðingar og niðrunar móti Guðs orði og guðhræddra yfirvalda gamallri skikkun, einkum þar hjónabandið er jafnan dóms og laga verðugt.

Eftir því að herra landfógetans komu seinkar uppá þetta Öxarárþing, þá treysta nálægir kennimenn sér ekki til lengri samkomu að halda í þetta sinn sökum annara vitanlegra nauðsynja sem þeim og þeirra embætti viðkoma, en eru þó allir samhuga ásamt herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni auðmjúklega þakkandi með stærstu undirgefni Guði og kónglegri *majestet* þá náðuga mildi og konunglega *clementiam* um linun á tiltekinni krigshjálp, hvað vér biðjum með hjartans undirgefni almáttugan Guð, konung allra konunga, ríkuglega að umbuna vorum náðugasta arfaherra og kóngi og öllum öðrum ypparlegum mönnum sem oss hafa lið lagt með sinni *intercessione*. En um útgreiðslu á þeim útlátum sem nú eru tilsett viljum vér einn og sérhvör með

stærstu auðmýkt og undirgefni skylduga hlýðni veita eftir sérhvörs efnum og fátæklegri formegan. Biðjandi auðmjúklega vorn allra náðugasta arfaherra og konung vægðarsamlega¹ að álíta í Guðs nafni vorn stóra fátækdóm og örbirgð sem vær í þessu fátæka landi eigum oftast að reyna og vænta, en þó sérdeilis í þessu almennilegu fiskleysisári og háskalegu tilstandi sem nú áhorfist, nema herrann því náðarsamlega afvendi.

Fór allt áðurskrifað fram á fyrrgreindri Þingvalla *synodo* með fullkomlegu áliti kennimannanna en samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvör ásamt prestunum til vitnisburðar og staðfestu öllu áðurgreindu skrifar sitt nafn hér undir með eigin hendi, *anno et loco ut supra*, degi síðar en upphaflega greinir.

Þórður Þorláksson mpp
Einar Einarsson eh
Oddur Eyjólfsen meh
Jón Grímsson prestur meh
Pétur Ámundason meh
Hallkell prestur Stefánsson eh
Jón Eyjólfsen meh

Torfi Jónsson mpp
Oddur Árnason mpp
Jón prestur Gíslason eh
Séra Hannes Björnsson eh
Páll Sveinsson meh
Gísli Álfsson meh
Eiríkur Magnússon meh

Heiðurligum hálærðum herra *magister* Þórði Þorlákssyni ásamt heiðurligum kennimönnum nú samankomnum að Þingvöllum óska ég undirskrifaður náðar og friðar af Guði fyrir Jesúm Kristum, hér með yðar herradæmi vinsamlega ávísandi um skeð tilfelli á Vestfjörðum í Gufudalskirkjusókn, að sá maður Jón Jónsson hefur brotlegur orðið, fyrst með systur manns og síðan með þess sama eftirlátinni ekkju, og það skeði eftir mannsins dauðlegan afgang á umliðnum vetri, bæði þau brot í frillulífi meinalaust að mínu viti. Óskar nú nefndur maður Jón Jónsson í hinn undirgefnasta máta úrlausnar af yðar herradæmi hvort hann má ei þessa síðari kvensvipt er hann með féll til ekta taka, að nafni Guðrúnu Þorlákسدóttur, þó hann hafi á fyrri árum brotlegur orðið með systur hennar manns, hvar á hvorki mun sjást skyldugleiki né mægðir standa. Bið ég og svo alúðlega herra biskupinn að gefa hér um andsvar eftir sem hans herradæmi sér lög til standa og leyfilegt vera. Hér með hans herradóm ásamt með nærverandi heiðurlegum kennimönnum Guðs náð trúlega befallandi í Jesú Kristi náðar nafni.

Skrifað við Öxará þann 1. dag júlí *anno* 1681 með mesta hast.

Yðar herradæmis ævarandi þénari.² Magnús Jónsson eh

1 vægðarsamlega: breytt úr *miskunnsamlega*

2 Yðar herradæmis ævarandi þénari: í handriti stendur *Y H D Æ Þ*

PS. Jón Jónsson átti fyrst barn með Sigríði Björnsdóttur í frillulífi. Þar eftir deyði Jón Björnsson bróðir þeirrar Sigríðar og átti svo téður Jón Jónsson barn með Guðrúnu Þorláksdóttir sem sami Jón Björnsson hafði áður átt fyrir ektavinnu, og er þar enginn skyldugleiki né mægðir að sjá.¹

Héraðsdómur um hjónabandsaðskilnað Ketils Árnasonar og Valdísar Nikulásdóttur genginn á Ólafsvöllum *anno* 1681

Anno 1681 þann 3. ágúst að Ólafsvöllum á Skeiðum að settri héraðsprestastefnu voru þessir heiðurlegir og vellærðir kennimenn til dóms og álita nefndir af héraðsprófastinum séra Torfa Jónssyni, séra Jósef Loftsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Daði Halldórsson, séra Oddur Árnason, séra Björn Stefánsson, séra Jón Snorrason, séra Þórður Þorsteinsson, séra Gísli Álfsson, séra Gísli Jónsson, séra Jóhann Þórðarson og séra Eiríkur Magnússon, um það hórdómsbrot sem Ketill Árnason var í fallinn með Ingunni Ingimundardóttur, hvört brot opinberaðist með barneign þeirra á millum í vetur um jólatíma, hvörju broti Ketill hefur ljúflega viðgöngu veitt og þar uppá heilaga aflausn öðlast af kennivaldinu, sem og einnin líkamlega refsing af kóngsvaldinu. Maðurinn eigingiftur og girnist nú sem fyrrum að komast til hjónabandssátta og samvista við sinn egtamaka Valdísi Nikulásdóttur. En hún afneitar öldungis hann til hjónabands sambúða aftur að taka, þó hún bæði hafi og vilji enn nú hönum þetta misferli fyrirgefa, óskandi af heiðurlegum prófastinum og nálægum kennimönnum fullkomlegs skilnaðardóms og ályktunar á millum sín og fyrrnefnds manns Ketils Árnasonar.

Leituðust nú prestarnir eftir grandkvæmlega hvort hans egtakvinna Valdís Nikulásdóttir hefði gefið fyrrnefndum Katli nokkra orðsök til fyrrnefnds misferlis, hvörju hann öldungis neitaði fyrir vorum dómi. Framar þessu var einnin kostgæfilega viðleitast bæði af prófastinum og heiðurlegum kennimönnum hvort enginn vegur til væri að Valdís Nikulásdóttir vildi aftur taka þennan sinn brotlegan egtamann Ketil Árnason til egtaskapar og hjónabandssamvista, en þess var enginn kostur af hennar hálfu. Þess vegna í herrans nafni að Guðs náðaranda tilkölluðum ályktum vér og dæmum fullkomlega þennan oftnefndan Ketil Árnason og Valdísi Nikulásdóttur aðskilin í sínum hjúskap, eftir Guðs heilaga orði Matth. 19 og kónglegu lögmáli, hjónabands *articula* 1, svo greindur Ketill Árnason má ei komast aftur til hjónabandsstéttar án orðlofs æðsta yfirvalds og ekki dvelja til langvista í sömu kirkjusókn og Valdís Nikulásdóttir

1 Aftan á er skrifað: Heiðurlegan kennimann séra Hannes minn Björnsson bið ég þetta á *synodo* láta upplesa.

er til veru ef til hneyksla mætti horfa. Og að síðustu sættust nú heilum sáttum þráttnefndar persónur Ketill Árnason og Valdís Nikulásdóttir, biðjandi hvort annað fyrirgefningar í Guðs nafni og staðfestu það með heilögum kærleikskossi. Setjum vér þennan vorn dóm til umbóta og staðfestingar vors veleruverðuga yfirvalds herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar en undirskrifum vor nöfn hér að neðan, sama stað, ári og dag er fyrr greinir.

(Hér hafa undirskrifað) Torfi Jónsson mpp, Jósef Loftsson mpp, Guðmundur Bjarnason eh, Daði Halldórsson mpp, Björn Stefánsson mpp, Oddur prestur Árnason mpp, Jón Snorrason meh, Gísli Álfsson meh, Þórður Þorsteins-son mpp, Gísli Jónsson meh, Jóhann Þórðarson eh, Eiríkur Magnússon meh.

Þennan fyrir framan og ofan skrifaðan dóm bið ég undirskrifaður minn veleruverðugan og hálærðan herra *magister* Þórð Þorláksson að *approbera* eður lagfæra að hentugleikum og mér síðan aftur senda. Til merkis hér undir skrifa ég mitt nafn með eigin hendi hér að neðan.

Gaulverjabæ í Flóa 13. ágúst 1681. (Undirskrifað nafn) Yðar heiðurlegum herradómi¹ í undirgefni, Torfi Jónsson mpp.

Þessi fyrir ofan og framan skrifuð hjónabandsdóms *copie* er rétt skrifuð eftir handskriftaðri *copie* af prófastinum séra Torfa Jónssyni. Til merkis okkar nöfn er samanlásuð að Skálholti dag 30. október *anno* 1681.

Árni Álfsson eh

Jón Jónsson eh

Þennan hér fyrir framan skrifaðan dóm hljóðandi um hjónabandsaðskilnað Ketils Árnasonar og Valdísar Nikulásdóttur hef ég undirskrifaður athugað og yfirséð, hvörn dóm ég fyrir mitt leyti fullkomlega staðfesti og samþykki. Til merkis undirskrifað nafn að Skálholti dag 30. október 1681.

Þórður Þorláksson

In nomine Domini amen!

Anno 1682 þann 30. júní á almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli voru þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og atkvæða nefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni um þau mál og stiftisins nauðsynjar sem hér kynnu fram að koma og kennidóminum ber með réttu yfir að segja, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Sæmundur Oddsson prófastur í Mýrasýslu, séra Sigurður Sigurðsson prófastur í Stapasýslu, séra Halldór Jónsson prófastur í Þverárþingi að sunnan, séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Halldór Eiríksson, séra Eirík-

1 Yðar heiðurlegum herradómi: í handriti er skammstöfunin *Y H H*

ur Eyjólfsson, séra Daði Halldórsson, séra Þórður Bárðarson, séra Bjarni Hallgrímsson, séra Eiríkur Magnússon, séra Egill Helgason, séra Bjarni Er-
lendsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Árni Ámundason, séra Magnús Einarsson.¹

1. Birti biskupinn og lét upplesa í *synodo* tvö kónglegrar *majestets* bréf, annað þrykkt *patent* og annað *missive* með kónglegrar *majestets* innsigli undirþrykktu, hvör bæði bréf hljóða uppá þrjá almennilega bænadaga sem hans konungleg *majestet* af háloflegri guðrækni befalar að haldast skuli hér á Íslandi þann 2., 3. og 4. ágúst þessa árs, með stærstu alúð og alvöru svo sem greind kónglegrar *majestets* bréf mjög merkilega framar útvísa. Svarar kennidómurinn hér til að gjarnan vilji með skyldugri undirgefni þessari hans *majestets* kristilegustu skikkun hlýða, eftir þeirri náð sem Guð fyrir sinn góða heilaga anda þar til gefur. En með því þessir tilsettir bænadagar eru strandlengis hvör við annan þann 2., 3. og 4. ágúst og þessa lands háttalagi er svo varið að nokkuð bágst sýnist fyrir suma presta, einkum þá sem langan og slæman veg hafa að ferðast til sinna kirkna, að reisa á svo naumum tíma svo ekkert forsómist, þar með og svo máské sumur hvör almúgi sé heldur tregur og óþolinmóður að sækja þessa bænadaga svo samfleytt um stærsta heyannatíma, þá vill þessi *synodus* góðra ráða leitað hafa til herra landfógetans *seigneur* Jóhanns Péturssonar Klein, hvort ei mundi leyfilegt vera að þessir þrír bænadagar héldust hér í landi, svo sem í Danmörk og Noreg, sinn í hvörri viku, sá fyrsti á réttum tilsettum tíma þann 2. ágúst, sá annar viku síðar þann 9. sama mánaðar og sá þriðji þann 16. *ejusdem*. Auglýsir kennidómurinn sig með þessari ráðfæringu öngvaneg-
inn vilja mótlþróast hans konunglegrar *majestatis* allranáðugustu skikkun, heldur leita lags við að hans *majestatis* guðrækilegasti náðarvilji sem best framgang fengi hjá oss í því að þessir bæna- og iðrunardagar mættu sem best og kostgæfilegast haldnir verða af öllum með réttri alúð og guðrækni.

Er hér uppá herra landfógetans svar að það muni hættulaust og leyfilegt vera að umbreyta nokkuð bænadaganna tíma, svo sinn haldist í hvörri viku, vegna greindra orðsaka og annara fleiri, einkum þar slíkt er gjört helst í þeirri mein-
ingu að hans konunglegrar *majestets* náðugasti vilji og ásetningur sem bestan framgang fá mætti. Og því í Guðs trausti og hans kónglegrar *majestets* með herra landfógetans ráði og samþykki lætur biskupinn og kennidómurinn hér við standa.

2. Lét herra landfógetinn upplesa í *synodo* kónglegrar *majestets* náðugast *missive* til léns herrans hljóðandi um útsigling fjöggra forstandugra manna af Íslandi á þessu ári sem með landsins skriflegri fullmakt skyldu með kaup-

1 séra Árni Ámundason, séra Magnús Einarsson: á spássú

mönnum *accordera* um billegt og líðanlegt kaup á allra handa vöru til landsins nauðsynja.

3. Kom undir kennidómsins álit trúlofunarmál millum Ólafs Einarssonar og Halldísar Hákonardóttur, hvörju svo er varið að eftir trúlofunina auglýstist Halldís brotleg að frillulífisbarneign með Snorra Jónssyni, hvörs vegna Ólafur Einarsson hefur bréflega auglýst sinn fullkominn vilja og alvöru frá nefndri trúlofun laus verða, og afsegir hana til egta að taka þó leitað væri. Síðan hefur prófasturinn séra Sigurður Sigurðsson að biskupsins forlagi til tals haft í héraði þetta efni og kemur fram að Halldís hafi í ljósi látið það henni einnin þægast væri við fyrrnefnda trúlofun laus verða, eftir því sem skriflegt framkom.

Framvegis hefur biskupinn með *citatiu* hingað kallað báðar þessar persónur uppá þann 30. júní nú næstan, svo sem það auglýstist skrifað og vottað, og kom Ólafur Einarsson persónulega á nefndan dag fyrir þessa *synodum*, en Halldís Hákonardóttir ekki né neinn hennar svaramaður. Samt tjáir hún nokkur forföll, að vegna vanheilsu sinnar kunni ei hingað koma, hvörja hennar skriflega afsökun prófasturinn séra Sigurður einnin styrkir, að forföllin muni ei öldungis tilslegin heldur sönn vera. Óskar nú enn á ný Ólafur Einarsson að þessari trúlofun verði fullkomlega uppsagt með endilegum úrskurði, svo hann sé við það efni löglega skilinn. Þar fyrir í herrans nafni að svo prófuðu, og þeim kringumstæðum innvirðuglega athuguðum sem hér að hníga á báðar síður, ályktar biskupinn *magister* Þórður Þorláksson, ásamt tilnefndum kennimönnum með fullu dómsatkvæði, þessa fyrrnefnda trúlofun Ólafs Einarssonar og Halldísar Hákonardóttur öldungis lausa og uppsagða, og greindar persónur hvörja frá annari fullkomlega skildar í allan máta upp héðan, svo mikið sem áðurtéðu trúlofunarmáli viðvíkur og kennivaldinu ber yfir að dæma.¹

4. Var upplesið í *synodo* sendibréf heiðurlegs kennimanns séra Árna Halldórssonar að Hruna, hljóðandi helst um máldaga Hrunakirkju, Vilkins biskups og herra Gísla Jónssonar, hvörjir tveir máldagar hér voru nú upplesnir og geta þeir báðir að Hrunakirkja eigi fjöggra vetrunga eldi í Langholt, hvörju einnin samhljóða² er *visitatiu* bók *magisters* Brynjólfs Sveinssonar. Virðist *synodo* staðarhaldaranum séra Árna Halldórssyni ekki aðeins vítalaust heldur einnin skyldugt þessari ískyldu undir kirkjuna að halda eftir máldögum og langvarandi hefðarhaldi, svo hún ei fyrir hans forsömun missi nokkuð það sem henni með réttu ber og tilheyrir.

5. Kom fram heiðurlegur og vellærður ungur mann, Jón Jónsson frá Vífilsdal í Dölum, og óskaði að sínir vitnisburðir mættu heyrast og upplesast í

1 Sjá einnig viðauka á bls. 293.

2 *samhljóða*: breytt úr *samþykk*

synodo. Voru þess vegna lesnir þessir hans vitnisburðir, fyrst skólameistarans Ólafs Jónssonar sem vottar um hans góða og erlega kynning og framferði þá tíð er hann í Skálholts dómkirkjuskóla dvaldi, sem og einnegin hans góða iðkun og framför í lærdóminum. Hér að auk voru upplesnir tveir aðrir vitnisburðir Jóni Jónssyni útgefnir af heiðurlegum kennimönnum, prófastinum séra Eiríki Vigfússyni og séra Jóni Hannessyni að Snóksdal, hvörjir einninn vitna um hans gott og ærlegt framferði, fyrir utan einfalt og meinalaust barneignarbrot sem hönum tilviljað hafi fyrir hálfu fjórða ári, en hafi þó samt síðan sem fyrr sér erlega og ágætlega hagað. Virðist heiðurlegum kennimönnum þessarar *synodi* biskupinum vítalaust að *promovera* þessa heiðurega persónu Jón Jónsson til andlegs embættis, verði hann þar til réttilega kallaður, eftir því sem hingað til hefur viðgengist um slíkar persónur og ályktað verið hefur hér að Þingvelli *anno* 1667.

Þetta allt fyrrskrifað í fimm póstum hefur svo framfarið með atkvæði og úrlausn herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, ásamt kennidómsins, svo sem það hér fyrir framan skrifað stendur og sér líkast hermir. Hvörju til fullkominnar staðfestu biskupinn og nálægir kennimenn sín nöfn hér undirskrifa.

Þingvelli dag 1. júlí *anno ut supra.*

Þórður Þorláksson mpp
Sæmundur Oddsson mpp
Einar Einarsson eh
Daði Halldórsson eh
Þórður Bárðarson eh
Eiríkur Magnússon eh
Séra Hannes Björnsson eh

Torfi Jónsson mpp
Halldór Jónsson
Sigurður Sigurðsson eh
Árni prestur Þorvarðsson eh
Jón Grímsson prestur meh
Egill Helgason eh
Bjarni prestur Erlendsson eh

Forlíkun milli séra Árna Þorvarðssonar og séra Jóns Halldórssonar

Anno 1682 þann 5. júlí á almennilegri prestastefnu að Þingvelli óskaði léns-herrans fullmektugur og landfógeti yfir Íslandi herra Jóhann Pétursson Klein ásamt biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni af samankomnum heiðurlegum kennimönnum álits uppá misklíð milli séra Árna Þorvarðssonar og séra Jóns Halldórssonar, sem rís út af Þingvallastað, hvörju efni svo er varið, að séra Jón Halldórsson hefur öðlast kónglegrar *majestets* opið bréf þess helsta inntaks að hann skuli vera sóknarprestur að Þingvallastað við alþing, í staðinn þess sóknarprests sem þar nú er sem til annars kalls skuli vera kallaður. Í *origin-*

alnum stendur svo (som til eitt andet kald skal vere *voceret*). Kom nú séra Jón að vestan til Þingvalla þann 11. maí þessa árs 1682 og talaði þessum orðum við séra Árna eftir handskriftuðum vitnisburði Jóns Jónssonar og Tómasar Bjarnasonar, að hann fyrirbyði hönum frá næstu fardögum veru eður brúkun á Þingvallastað það framast sér leyfilegt væri eftir kónglegrar *majestets* náðarbréfi sér útgefnu. Ríður svo síðan til Skálholts og auglýsir biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni að hann vilji nú strax Þingvallastað að sér taka eftir kónglegrar *majestets* bréfi. En biskupinn aftur á mót ráðlagði hönum að hann frestaði þessum aðgjörðum fyrst til alþingis eður þar til léns herrans fullmektugur til landsins kæmi, því ei mundi líklegt sýnast að það mundi vera vors allranáðugasta arfaherra og konungs vilji að séra Árni skyldi þannin uppheldislaus burt rekast frá staðnum með sinni egtakvinnu, ungu barni og hjúum, svo sem opinn seðill biskupsins skrifaður og undirskrifaður að Skálholti þann 13. maí framar útvisar. Síðan lögfestir séra Jón Halldórsson Þingvallastað með öllum sínum eignum og fyrirbyður hvörjum manni þar eftir í að vinna eður sér að nytja nema sitt sé leyfi til, *etc.* Datum lögfestunnar 1682 14. maí að Þingvelli.

Og samstundis las séra Jón upp einn opinn seðil, hvar inni hann auglýsir og vitanlegt gjörir sóknarmönnum Þingvallakirkju að hann í herrans nafni hafi fyllilega áformað sig til Þingvalla að færa að næstkomandi fardögum og að þeim liðnum heilaga embættisgjörð að fremja með öllu því prestlegu embætti tilheyrir og það í trausti Guðs og leyfi kónglegs náðarbréfs sér útgefnu. Að þessi seðill hafi upplesinn verið að Þingvallakirkju söfnuðinum áheyrandi votta Jón Jónsson meh og Tómas Bjarnason meh.

Eftir þetta ríður séra Árni suður til Bessastaða og ávísar allt þetta efni landsfógetans fullmektugum Laurits Gottrup, af hvörjum hann fékk það andsvar að með því hann *præsumeri* að það sé ekki hans *majestets* náðugasti vilji og mein-ing að hann svo með kvinnu og börnum fyrir utan nokkuð annað uppheldi skuli útrekast, þá hafi hann uppá hánefndrar konunglegrar *majestets* allranáðugasta behag í hans *excellents* léns herrans og landfógetans fráveru tillátið nefndum séra Árna Þorvarðssyni við Þingvallasókn og stað að mega blífa til næstkomandi alþingis¹ þá herra landfógetans væri væntandi *etc.* Datum þessa bréfs Bessested dag 17. maí 1682 með undirskriftuðu nafni, Laurits Gottrup.

Var nú einnin samstundis upplesið bréf prófastsins séra Torfa Jónssonar séra Árna tilskrifað 1. júní 1682 nær sömu meiningar sem umboðsmannsins Laurits Gottrups bréf. Nefnilega að séra Árni muni halda sér við kallið og kristilega þjónustugjörð í kallinu þangað til léns herrans fullmektugur með biskupsins

1 næstkomandi alþingis: breytt úr næstkomandi fardaga

consens skæri úr þeirri þætu. Vænist séra Árni að hann upplesið hafi séra Jóni Halldórssyni áheyrandi áðurgreint bréf umboðsmannsins Laurits Gottrups laugardaginn í fardögum í tveggja votta viðurvist, hvað Þorsteinn Jónsson á Ölvesvatni hér nú persónulega viðstaddur einnin meðkennir. Hefur nú séra Jón síðan þess tíma hér á Þingvöllum dvalið með sinn farangur og annað.¹

En að þessu undanfögnu² samdist nú svo og niðursettist sú misklíð og ágreiningur sem innfallið hefur á ofanskriðuð milli séra Árna Þorvarðssonar og séra Jóns Halldórssonar fyrir orða tillögur herra landfógetans Jóhanns Péturssonar Klein, að vitund og viðurvist herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, í þann máta að séra Jón Halldórsson fullkomlega lofaði með handsölum við áðurskrifuð yfirvöld héðan frá Þingvöllum sig og allt sitt að flytja það fyrsta hönum mögulegt væri. En herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson lofaði af sínum góðvilja vegna friðar og einingar séra Jóni Halldórssyni greiða láta fjögur hundruð að tileinkuðum sex ríxdölum og hinu öðru í gagnlegum og gildum landsaurum af stiftisins jarða afgjaldi fyrir austan, hvar til og einnin herra landfógetinn lofaði til að leggja eitt hundrað eður fjóra ríxdali svo þetta til samans verði full fimm hundruð, fyrir utan það hálft þriðja hundrað sem séra Jón hefur áður af biskupsins hálfu meðtekið.

Og að þessu svo framfögnu forlíktust áðurskrifaðir kennimenn, séra Árni Þorvarðsson og séra Jón Halldórsson, fyrir tillögur virðuglegra nálægra manna, svo þeir skyldu nú hér eftir að öllum þessum viðskiptum og ágreining aðskildir, svo hvor af öðrum átölulaus væri upp héðan. Framfór ofanskriðuð sami milli séra Árna Þorvarðssonar og séra Jóns Halldórssonar *anno et die ut supra* í viðurvist landfógetans herra Jóhanns Péturssonar Klein. Til sanninda-merkis eru undirskriðuð nöfn.

Þórður Þorláksson mpp
Torfi Jónsson mpp
Sigurður Sigurðsson eh
Einar Einarsson eh
Séra Hannes Björnsson eh

Johan Petersen Klein mpp
Árni prestur Þorvarðsson eh
Séra Jón Halldórsson mpp
Jón Grímsson prestur meh
Árni Ámundason eh

Fríheit Sunnefu Bjarnadóttur

Þann 6. júlí *anno ut supra* kom fyrir *synodum* um fríheit Sunnefu Bjarnadóttur eftir skrifi prófastsins séra Guðbrands Jónssonar til herra biskupsins, hvörju efni svo er varið að nefnd kvensvipt hefur hefur tvo menn lýst feður að sínu

1 *annad*: breytt úr *öðru fleira*

2 *En að þessu undanfögnu*: skrifað fyrir ofan línu

laungetnu barni, en þeir báðir fyrir synjað. Hún síðan refst og þó við sína sögu staðið og stendur enn nú eftir prófastsins bréfi, einkum svo að báðir þeir sem hún áður lýsti hafi samt með sér í frillulífi fallið og afneitar opinbera aflausn taka fyrir áttunda boðorðs brot, en sé þó bæði af prófasti og presti áminnt sig að leiðrétta ef nokkuð sannara vissi um faðerni á fyrrnefndu barni.

Er nú andsvar og álit kennidómsins að fyrrnefndri Sunnefu Bjarnadóttur beri vissulega opinber aflausn fyrir meðkennd frillulífisbrot, en með því hér kemur ei fyrir hvörninn þeirra manna undanfæri og eiðar hafa formaðir og stílaðir verið, hvort þeir megi þess vegna fjálsir vera frá barnsfaðerninu eður eigi, vegna tímalengdar, þar fyrir þykjast ei kennimennirnir geta að svo prófuðu þar svo skíra grein ágjört sem þyrfti uppá aflausnarformið sem viðvíkja kann broti á móti því áttunda boðorði, og víkja því þess vegna til héraðsprófastsins séra Guðbrands Jónssonar guðrækilegrar röksemdar og úrræða í héraðinu, svo sú veslings kona þurfi ei fram úr máta sinna kristilegra sáluhjálparmeðala að missa, né þar þurfi frekari vandræði af að hljótast, einkanlega þar hún tjáir sig auðmjúka og guðrækilega í þeirri eftirleitni sinna fríheita. Því sé slíkt undir héraðsprófastsins og konunnar sóknarprests tilhlutan komið í þessu efni.

Actum Þingvelli in synodo.

Þórður Þorláksson mpp
Torfi Jónsson mpp
Sigurður Sigurðsson eh
Einar Einarsson eh
Séra Hannes Björnsson eh

Sæmundur Oddsson eh
Árni prestur Þorvarðsson eh
Árni Ámundason eh
Jón Grímsson prestur meh

Fríheitaseðill útgefinn Ólafi Einarssyni útlægum! Þingvelli 8. júlí anno 1682

Eftir því Ólafur Einarsson leitar úrlausnar um sín kristileg fríheit og heilaga aflausn, einkum þar hann til landsútlegðar dæmdur er af veraldlegu valdi, og vill því heldur láta sér nauðsynlega umhugað vera sín sáluhjálparefni, þar fyrir gjöri ég heiðurlegum kennimönnum þessa Skálholtsstiftis vitanlegt það þeim sérhvörjum fyrir sig er að svo vöxnu hans máli vel fjálst og leyfilegt, þar með einnig af mér tilsagt að þeir þennan fyrrnefndan mann Ólaf Einarsson til opinberrar aflausnar og Drottins kvöldmáltíðar meðtaki nær og hvar sem hann sig þar til réttilega reiðir með sannri iðran og tilbærilegri betrunarlofun. En sérhvör kennimaður sem þetta kann fyrir að koma formi svo og stíli á þessu efni við Ólaf Einarsson hans aflausnar innihald eftir því sem útleigðardómurinn hönum meðfylgjandi innibindur og uppáhljóðar. Sérdeilis tileinka ég þetta efni

og fríðeita úrlausn prófastinum séra Einari Einarssyni svo framt sem Ólafur Einarsson kann sér til útsiglingar að koma í Kjalarnesþingi.

Daterað Þingvelli og samanlesið við originalinn af séra Hannesi Björnssyni og Árna Álfssyni anno et die ut supra.

Árni Álfsson eh

Málefni Odds Tómassonar

Anno 1682 þann 12. júní að tilsettri kennimanna *synodo* að Laugardal í Tálkna-firði framlagði séra Halldór Pálsson málefni Odds Tómassonar, frá hvörjum glöggvast skýrir dómur lögmannsins genginn að stærri Laugardal anno 1681, 29. október, og síðar umboðsmannsins Árna Guðmundssonar eiðatekt af þeim bræðrum á Sellátrum móti framburði þessa Odds. Þar að auki vitum vér á Odds heimili sekta og kóngrsréttar krafið verið hafa, svo flestum mun sýnast téður Oddur á þessum málum lögföllinn vera. Hefur hann að mestu verið fyrir utan kristileg fríheit ár umkring, eigi síst vegna kælu og haturs sem milli hans og hans mótparta verið hefur, og svo vér hér um eigi margyrðum þá skyldum vér Odd og áminnum að hann eftir Guðs og manna lögmáli lítillátlega sérhvörn af sínum mótparti fyrirgefningar biðji, að minnsta kosti í tveggja votta viðurvist, og síðan opinberlega fyrir kórðyrum með opinberri aflausn framhleypti sinnar tungu viðurkenni og kvittun öðlist. En vilji Oddur eigi þessu gegna innan misseris, þá viljum vér hann ekki þeirrar atfarar sem Guðs lögmál, kóngrsins *ordinantia* og forordning aðkveða, sem er að þá til bannfæringar horfa vilji og af kennidóminum undir veraldlegar aðgjörðir dæmast. En prestur áminni hann heimuglega þar á milli til hlýðni að snúa og opinberlega bæn fyrir hans velferð gjöri, til hvörrar bænar vér einninn viljum vorar tilleggja að góður Guð vildi draga þessa skepnu úr því dýki í hvört hún sýnist fallin, svo hann mætti náð og miskunn öðlast bæði hjá Guði og mönnum, *etc.* (Undirskrifuð nöfn) Páll Björnsson meh, Halldór Pálsson meh, Sigurður Hallsson meh, Jóhann Jónsson meh, Bjarni Bjarnarson meh.

Í nafni heilagrar þrenningar!

Anno 1682 þann 22. september að Staðarbakka í Helgafellssveit voru þessir eftirskrifaðir heiðurlegir kennimenn til samans komnir af héraðsprófastsins í Snæfellssýslu virðuglegs séra Sigurðar Sigurðssonar boðan og forlagi, séra Gísli Einarsson, séra Ásmundur Eyjólfsson, séra Sigurður Helgason, séra Jón Jónsson og séra Jón Sigurðsson, til að rannsaka og álíta málefni Þorgils Jónssonar og Ingibjargar Þorlákssdóttur.

Í fyrstu auglýsti prófasturinn séra Sigurður Sigurðsson *citatiu* og fyrirkall Þorgils Jónssyni og Ingibjörgu Þorláksdóttir opinberlega lesið, hvar inni þau boðuð voru til andsvara hvort við annað á þennan sama stað og dag, sem þau bæði hvort fyrir sig meðkenndu sig heyrt hafa, og þar eftir sig hingað nú til svara komin vera. Frambar nú Þorgils Jónsson, svo sem hann áður auglýst hafði, að téð Ingibjörg Þorláksdóttir sín egtakvinna hefði með öðrum manni hórast sem með barneign opinbert væri, að hvörju hann neitaði sig föður vera, hvörn hans framburð Ingibjörg Þorláksdóttir óneydd lostuglega meðkenndi og lýsti enn sem fyrri föður að því¹ barni sem hún fætt hefði á fyrirfarandi ári Sigmund Guðmundsson, hvörri hennar lýsingu til styrkingar heiðurlegur kennimaður séra Gísli Einarsson sýndi og framlagði kvittantuseðil með undirskriftuðu nafni Björns Jónssonar svo mikið sem kóngsvaldið áhrærði, svo og einninn á sama seðli kvittantiu Þorgils Jónssonar áðurnefndum Sigmundi og Ingibjörgu til þeirra kristilegra fríheita.

Bad nú Ingibjörg Þorláksdóttir eftir orðum og tilsögn prófastsins og samankomnara kennimanna Þorgils Jónsson sig aftur til egtaskapar og heilagrar hjónabandssambúðar náða og aftur taka, hvar til kennimennirnir og svo góð orð tillögðu við Þorgils, sem hann þverlega neitaði og afsagði hana aftur til egtaskapar að taka. Aðspurði nú prófasturinn ásamt nálægum kennimönnum Þorgils Jónsson hvort hann hefði ekki líkamlega sambúð haft með Ingibjörgu síðan að hann vissi hana framhjá sér hórast hafa, hvörju Þorgils Jónsson neitaði² og staðfesti það með handsölum við prófastinn og tilbauðst með eiði að sanna ef þörf sýndist að hann ekki líkamlega sambúð haft hefði með Ingibjörgu síðan hann vissi af hennar hórdómi með öðrum.

Í annan máta aðspurði prófasturinn ásamt nálægum kennimönnum Ingibjörgu Þorláksdóttur hvort oftnefndur Þorgils Jónsson hennar egtamaður hefði henni nokkra orðsök gefið til þessa misferlis með hórnahaldi, harðúð ellegar með öðrum hætti, svo hún það skjallega bevísa kynni, hvörju hún neitaði og með handsölum við prófastinn staðfesti. Framar aðspurði prófasturinn títtnefnda Ingibjörgu Þorláksdóttir hvort hún vissi eður bevísa kynni Þorgils Jónsson með nokkurri annarri kvenpersónu lífs eða dauðri líkamlegt samræði haft hafa síðan fyrst þau í egtaskap vígð voru allt til þessa, hvar til hún svaraði að hún það hvorki vissi né heldur grunaði, og þessa meðkenning handsalaði Ingibjörg prófastinum.

Í þriðja máta aðspurði prófasturinn Ingibjörgu Þorláksdóttur hvort hún óneydd og nauðungarlaust hefði til samræðis með Sigmundi Guðmundssyni

1 því: breytt úr *téðu*

2 *neitaði*: fyrst er skrifað *játaði* og breytt í *neitaði* með yfirstrikun en síðan aftur skrifað *játaði* á spássú sem ekki stenst út frá framhaldinu

leiðst og lokkast, hvar til hún svaraði að það hefði ekki meir verið hans skuld en sín, og það sama handsalaði hún prófastinum.

Að þessu svo yfirveguðu og rannsökuðu tilbauð prófasturinn sig ásamt nálægum kennimönnum að þessu máli gjöra til endilegrar ályktunar, svo mikið sem hönum síns embættis vegna vítalaust vera mætti. En með því að hér nú ekki persónulega nálægir voru utan upphaflega nefndir fimm kennimenn þóttist prófasturinn ekki einhlítur né heldur þeir hér endilega ályktun á að gjöra, þó þeim málið annars eftir hjónabands *articulunum* einlægt sýnist.

Fór allt ofan- og framanskrifað fram sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir. Til merkis undirskrifuð nöfn. (Undir hafa skrifað) Sigurður Sigurðsson eh, Gísli Einarsson meh, Ásmundur Eyjólfsson eh, Jón Sigurðsson meh, Sigurður Helgason mpp, Jón Jónsson meh.

Að þessu framan- og ofanskriфуðu enduðu og handskriftuðu að áliðnum degi kom til auk áðurnefndra fimm presta heiðurlegur kennimaður séra Árni Ámundason, hvörjum þetta allt framan- og ofanskriфаð rannsак um mál Þorgils Jónssonar og Ingibjargar Þorláksdóttur var auglýst og lesið, og játaði hann sína meining vera samhljóða prófastsins og prestanna í áðurtjáðu efni. Og með því ekki framkemur að þessu sinni það friheit Þorgils Jónssonar veiki til fullkomlegs aðskilnaðar eftir hjónabands *articulunum*, þá í herrans nafni setjum vér vora meining og álit, hjónabands *articulunum* samhljóða, það framast vér megum aðgjöra, fyrir herra biskupinn eruverðugan *magister* Þórð Þorláksson og *synodum* til þeirra atkvæða og dómsályktunar sem hönum löglegt vera þykir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr greinir. (Undir hafa skrifað) Sigurður Sigurðsson eh, Jón Sigurðsson meh, Árni Ámundason meh, Gísli Einarsson meh, Jón Jónsson meh, Ásmundur Eyjólfsson meh, Sigurður Helgason mpp.

Þetta fyrnskriфаð dómsálit er orðrétt samhljóða við sína handskriftaða forskrift. Til merkis þeirra nöfn er samanlásu, Þingvelli dag 4. júlí *anno* 1682.

Árni Álfsson eh

Jón Jónsson eh

Þetta fyrnskriфаð dómsálit prófastsins séra Sigurðar Sigurðssonar og hans presta í héraði um aðskilnaðarmál Þorgils Jónssonar og Ingibjargar Þorláksdóttur, vegna hennar hórdómsbrots, var upplesið að Þingvalla prestastefnu þann 1. júlí *anno* 1682, og var svo ályktað með fullu dómsatkvæði af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni og nálægum kennimönnum að áðurnefndra persóna hjónaband sé öldungis sundurlaust og aðskilið hér eftir, svo sem hjónabands *articularnir* og áðurgengnir dómar um slík efni hljóða.

Actum Þingvelli *in synodo* dag 4. júlí *anno ut supra*.

Þórður Þorláksson mpp
Magnús Einarsson prestur meh
Bjarni prestur Hallgrímsson eh
Bjarni prestur Erlendsson meh

Torfi Jónsson mpp
Einar Einarsson eh
Árni prestur Þorvarðsson eh
Jón Grímsson prestur meh

In nomine Domini amen

Anno 1683 þann síðasta júnímánaðar að Þingvelli setti almennilegri Skál-holtsstiftis prestastefnu voru þessir eruverðugir og heiðurlegir kennimenn til atkvæða og úrlausnar nefndir um stiftisins mál og nauðsynjar sem kennidóminum ber yfir að segja og hingað með réttu heyra kunna. Séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Sigurður Sigurðsson prófastur í Snæfellsþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Þverárþingi að sunnan, séra Guðmundur Bjarnason, séra Þórður Bárðarson, séra Halldór Eiríksson, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Bjarni Hallgrímsson, séra Oddur Jónsson, séra Oddur Árnason, séra Jón Jónsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Björn Stefánsson, séra Gísli Álfsson, séra Pétur Ámundason.

1. Var upplesið kónglegrar *majestets* allranáðugasta opið bréf um þrjá almennilega bæna- og föstudaga sem haldast eiga í Guðs söfnuðum hér á landi þann 27. júlí, þriðja og 10. ágúst þessa árs. Sömuleiðis var upplesið kónglegrar *majestets* náðugasta *missive* til biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar uppá sama efni, nefnilega bænadagahaldið, hvar úti hánefnd konungleg *majestet* frammar tiltekur og befalar að þar sem presturinn býr í sókninni sé bænin all-einasta af predikunarstólnum lesin eftir miðdegi en allur söngur annar fyrir altarinu haldist sem á hámessu, hvörri hans konunglegrar *majestets* kristilegri befalingu og skikkun kennidómurinn segir sig til reiðu með allri auðmýkt og undirgefni að hlýða og framkvæma eftir því ráði sem góður Guð vill hér til gefið hafa.

2. Var framborið um misgreiningu millum Sigurðar Einarssonar ábúanda Þykkvabæjarklausturs og sóknarprests þar sama staðar, séra Jóns Sigmundssonar,¹ í þann máta að nefndur Sigurður vilji ei fyrir sig og sína kvinnu taka kennimannlega þjónustu af nefndum klausturspresti. Eru þó í þetta sinn hvorugur þeirra hér fyrir *synodo* fyrir hendi til andsvara jafnvel þó Sigurði Einarssyni væri hér um kostur ágjörður af herra biskupinum svo sem skjallega framkom bæði á næsta vori og á þessu Öxarárþingi.² En af því sem upp hefur verið lesið sömu misklíð áhrærandi millum Sigurðar Einarssonar og séra Jóns

1 séra Jóns Sigmundssonar: á spássú

2 Öxarárþingi: í beinu framhaldi er strikað yfir að Sigurði hafi verið undirvísað

Sigmundssonar á þessu efni sem prestinum sé til lögmætra sakargifta uppá hans embætti utan kirkju eður innan sem að hann skerði í nokkurn máta, kunnum vér ei að sjá að svo stöddu.

Þar fyrir að svo prófuðu og auglýstu er fullkomleg ályktun kennidómsins að Sigurður Einarsson og hans fólk séu skyldug¹ að þiggja og meðtaka með guðrækilegri alúð alla kennimannlega þjónustu af séra Jóni Sigmundssyni svo lengi sem hann þeirra sálusorgari er og ei berast á hann þær löglegar sakir sem hann hindri frá prestlegu embætti, en vilji nokkur prestinum tiltala þá gjöri það með tilheyrilegum lagarétti, og séu svo hér með báðir alvarlega áminntir að halda friðsamlega eining og forlíkun sín á milli sem Guðs börnum ber og hæfir.

3. Kom til greina um hjónaband Sveins Arnþórssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, hvör Guðrún í hórdómi var brotleg orðin framhjá sínum egtamanni Sveini, og það nú í áheyrn kennidómsins Svein fyrirgefningar á því sínu broti, sem og þess að hann vildi sig aftur til hjónabands náða, lofandi framvegis bót og betran uppá sinn lifnað og ærlegt framferði. Lét og í ljósi að hún misþenkti hann ei í nokkurn máta uppá hórdómsverknað framhjá sér, og ei hafi hann sér orðsök gefið hér til með óhæfilegri sambúð og segist hún honum öngvan vansa bera um soddan efni. Hér á móti er andsvar Sveins Arnþórssonar að hann afsegir fullkomlega nefnda Guðrúnu til hjónabands aftur að taka þó þar um góðmannlega leitað væri við hann bæði af herra biskupinum sjálfum og nálægum kennimönnum.

Þar fyrir að svo prófuðu er fullkominn úrskurður og ályktan kennidómsins að hjónaband fyrrskrifaðra persóna Sveins Arnþórssonar og Guðrúnar Jónsdóttur sé hér eftir öldungis aðskilið og sundurlaust eftir því sem kónglegar *majestets ordinantia* um hjónaband útvísar, og eru þau hér með áminnt að halda sig eftir þeirri reglu ærlega og kristilega í allan máta svo þau séu ekki bæði heimilisföst í sömu sókn eður héraði, eftir því sem þeim var það nú auglýst út af hjónabands *articulunum*.

5. júlí

4. Frambar heiðurlegur prófasturinn séra Sigurður Sigurðsson um hrörnun og lasleika sinnar kirkju að Stað á Snæfellsnesi, hvör kirkja að virt hafði verið prófastinum sáluga séra Birni Snæbjörnssyni í hönd þá hann viðtók í 35 hundruð, en viðirnir í kirkjunni þá séra Sigurður meðtók *anno* 1681 virtust 16 hundruð auk smíðakaups. Samdist nú svo og tiltalaðist fyrir góðra manna tilhlutun að prófasturinn séra Sigurður Sigurðsson lætur sér lynda 10 hundruð í góðum og gildum peningum ofan á þessa Staðarstaðarkirkju af erfingjum sáluga séra Björns Snæbjörnssonar, og séu þessir peningar greiddir innan næstkomandi Mikaelismessu heima á Staðarstað, hvörju heiðurlegur Snæbjörn

1 skyldug: fyrst skrifað *jafnskyldug*

Björnsson hér nú persónulega nálægur játaði og samþykkur varð fyrir sitt leyti og að svo miklu sem hans *qvot* svaraði, sem eru 4 hundruð. En um aðra samarfa Snæbjarnar tvílast ei að þeir muni einnig greiðuglega af höndum láta það þeirra parti hér úti viðvíkur, hvar til þeir og skyldugir sýnast, einkum þar prófasturinn hefur látið sér svo vel hér úti fara.

5. Var framborin í *synodo* nauðsyn séra Einars Ólafssonar að Mosfelli um hans ölmusutillag¹ sem þess þurfandi væri vegna sinnar fátæktar og elliburða. Og var þar um svo tileinkað og skikkað af herra biskupinum og hans kennidómi það að séra Einar nú að svo stöddu uppberi árlega hált ölmusuprests tillag af þeim stöðum í Sunnlendingafjórðungi sem þar eru tileinkaðir, nefnilega af Holti undir Eyjafjöllum 45 álnir, af Breiðabólstað 90 álnir, af Odda 45 álnir, af Hrunastað 5 aura, af Gaulverjabæ 5 aura, af Görðum 5 aura, af Reykholti 5 aura, svo að séra Einari þetta greiðist með góðum skilum í hagfelldum aukum.

6. Auglýsti biskupinn *magister* Þórður Þorláksson það prestastefnusamtak sem virðuglegur prófasturinn séra Páll Björnsson hafði skrifa látið að Múla á Skálmarnesi þann 4. júní þessa árs 1683, áhrærandi kærumál sóknarmanna Reykhólakirkju til séra Einars Torfasonar. En með því séra Einar var hvorki persónulega nálægur á prestasamfundi prófastsins í héraði, og ei heldur hér, þá þykjast nálægir kennimenn þetta mál ei kunna fyrir sig að taka til nokkra fullkomlegra aðgjörða í þetta sinn, óskandi þó að það mætti til góðra lykta leiðast og einkanlega friðsamlegrar forlíkunar.²

6. júlí

7. Kom fyrir *synodum* um fríheit Odds Tómassonar úr Tálknafirði, hvör eftir auglýstum lögmanssdómi tjáist lögfallinn á sínu máli, hvar uppá einnig héraðsprófastsins séra Páls Björnssonar prestastefnuálit metur nefndan Odd undir kirkjunnar ögun. Þar fyrir að hér svo auglýstu og framkomnu er kennidómsins álit það að prófastsins héraðsatkvæði standi í sínu fullu gildi, en það prófasturinn³ sér nefndum Oddi samviskunnar vegna vægjandi kristilegra fríheita að njóta setur *synodus* til hans úrræða gegndar og guðhræðslu.

8. Uppá kirkjubygging Staðar á Reykjanesi var svo andsvarað og álitit af *synodo* að erfingjar sáluga séra Gunnlaugs Snorrasonar svari til kirkjunnar byggingar það hana breyta kann í þann máta svo hún vel sémileg sé til heilagrar þjónustugjörðar, einkum þar kirkjunni tilheyra þau hlunnindi sem gagnsvon má að vera í eignum og í ítökum, þar með séra Gunnlaugur staðinn svo lengi haldið að kirkjan væri í forsvaranlegan máta standandi uppá sína bygging. En það torfverki kirkjunnar viðvíkur sýnist vel hæfa að sóknarmennirnir þar til stóði eftir sínum eignum.

1 um hans ölmusutillag: á spássfu

2 Sjá einnig viðauka á bls. 295.

3 *prófasturinn*: breytt úr *hann*

9. Innlögðu þessir heiðurlegir menn Ólafur Jónsson skólameistari og séra Björn Jónsson þá spurning fyrir *synodum* hvort velnefndum skólameistara bæri ei prestinum tíund að gjalda af sínu lausagótsi þar hann væri búfastur í hans sókn. Var sú meining kennidómsins að þó þeir þykist ei svo lögfullar laga-greindir fyrir hendi hafa í þetta sinn sem fyllilega greiði úr þessari spurningu þá sýnist þó sanngjarnlegt að presturinn séra Björn uppberi sanngjarnlegan jöfnuð eður þóknun fyrir kennimannlega þjónustu við skólameistarann og hans fólk, hvar um þeir munu sjálfir best forlíkast.

Þetta allt fyrrskrifað í 9 póstum hefur svo framfarið með samþykkt¹ herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og atkvæði² kennidómsins svo sem það hér fyrir framan skrifað stendur og sér líkast hermir, hvörju til fullkominnar staðfestu biskupinn og nálægir kennimenn sín nöfn hér undirskrifa.

Actum Þingvelli anno 1683 þann 6. júlí.

Þórður Þorláksson mpp
Einar Einarsson eh
Guðmundur prestur Bjarnason meh
Séra Hannes Björnsson eh
Jón Grímsson prestur eh
Jón Eyjólfsson yngri meh
Jóhann Þórðarson mpp

Torfi Jónsson mpp
Sigurður Sigurðsson eh
Árni prestur Þorvarðsson eh
Oddur Jónsson prestur
Oddur prestur Árnason mpp
Björn prestur Stefánsson meh
Halldór Eiríksson mpp

In nomine Domini

Anno 1683 þann 18. september settri prestastefnu að Garpsdal við Gilstjörð *in visitatione ordinaria* *magisters* Þórðar Þorlákssonar *superintendentis* Skál-holtsstiftis voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Eiríkur Vigfússon prófastur í Dalasýslu, séra Ásgeir Einarsson, séra Magnús Einarsson, séra Hannes Björnsson, séra Teitur Halldórsson, séra Nikulás Guðmundsson, séra Jón Loftsson, séra Egill Helgason, séra Ísleifur Þorleifsson og séra Jón Jónsson, til dóms og atkvæða nefndir af áðurgreindum biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, um þá óeining og misklíð sem tilfallið hafði í Reykhólakirkjusókn millum sóknarprestsins séra Einars Torfasonar og nokkra hans sóknarmanna, nefnilega herra lögmannsins Magnúsar Jónssonar, Ólafs Jónssonar, Þórðar Halldórssonar, Jóns Björnssonar, Einars Snæbjörnssonar, Einars Hákonarsonar, Ólafs Jónssonar á Skáldstöðum, Jóns Jónssonar, Björns Sveinssonar, Jóns Vigfússonar,

1 *samþykkt*: breytt úr atkvæði og úrlausn

2 *og atkvæði*: breytt úr *ásamt*

Einars Arnfinnssonar, Jóns Jónssonar í Munistungu, Sigurðar Björnssonar og Jóns Jónssonar á Hofstöðum. Hvör óeining einkanlega orðsakast hafði af því efni að séra Einar Torfason á umliðnum vetri ferðaðist norður í Steingrímsfjörð, svo þess vegna forsómaðist kirkjuþjónusta að Reykhólum um nokkurn tíma. Höfðu greindir sóknarmenn kært þetta mál, fyrst fyrir héraðsprófastinum séra Páli Björnssyni, svo sem þeirra skrif þar um ljósast hermir, hvörs *datum* er Berufirði 6. febrúar *anno* 1683. Hvört bréf hér var nú upplesið og óska sóknarmenn þar að prófasturinn tilsetji prestastefnusamfund um greint mál, annaðhvort að Stað á Reykjanesi eður í öðrum stað og plátsi þar nærendis sem hentast sýnist, hvörri þeirra ósk prófasturinn í þann máta gegndi að hann tilsetti prestasamfund að Múla á Skálmanesi þann 4. júní þessa árs 1683, á hvörn samfund komu umboðsmaður herra lögmannsins Magnús Magnússon, einninn Jón Jónsson á Borg, Einar Hákonarson á Berufirði, Þórður Halldórsson á Gillastöðum og Ólafur Jónsson á Skáldstöðum. En með því séra Einar Torfason var þar ei nálægur í það sinn eða nokkur af hans hendi, ei heldur prestar svo margir samankomnir að séttardómsnefnd yrði á komið, þá þóttist prófasturinn ei meir kunna að málinu gjöra að því sinni, víkjandi því svo fyrir *generalem synodum* sem til stóð að haldast skyldi að Þingvelli nú í sumar, hvar séra Einar var ei heldur nálægur, svo þar varð ei heldur frekara að gjört. Ei að síður óskaði herra lögmaðurinn Magnús Jónsson á næsta Öxarárþingi að biskupinn vildi presta-stefnu setja í þessu héraði uppá fyrrtíða misklið nær hann nú í sumar *visiteraði*. Þar með höfðu þeir af Reykhóla sóknarmönnum biskupinum tilskrifað á alþing sína afsögn séra Einar Torfason fyrir sinn sóknarprest að hafa, en óska annars. *Datum* þess seðils Mýrartungu 1683 þann 21. júní. Þar hafa undir skrifað Jón Jónsson, Ólafur Jónsson og Einar Hákonarson.

Leitaðist nú biskupinn alvarlega eftir í þessari *visitatiu* við báða partana að þessi misklið mætti niðurslást og setjast fyrir góða forlíkun, svo ei þyrfti stærra kíf af að verða. En með því það vildi ei hrökkva þá *citeraði* hann og kallaði séra Einar Torfason og hans mótparta til þessa samfundar að Garpsdal. Undir *citatiuna* hafa skrifað með eigin höndum Magnús Jónsson, Jón Jónsson, Jón Vigfússon, Ólafur Jónsson og Einar Hákonarson að Reykhólum 25. ágúst 1683, en séra Einar Torfason skrifaði sitt nafn undir greinda *citatiu* að séð og yfirlesið hefði að Miðhúsum þann 27. ágúst 1683. Aðspurði nú biskupinn *magister* Þórður Þorláksson báða málspartana hvort þeir hefðu nokkuð lögmaett fram að leggja móti þessu fyrirkalli, hvar til herra lögmaðurinn svaraði að hann léti sér það vel líka, sem og nálægir sóknarmenn, Sigurður Björnsson, Þórður Halldórsson og Jón Vigfússon, einninn Jón Jónsson, Ólafur Jónsson og Einar Hákonarson. En séra Einar Torfason færði sér til varnar að þetta málefni væri ei með fyllilegum dómi frá prófastinum til biskups komið, og í annan máta að

Þessi samastaður væri ei sitt varnarþing, hvört hann heldur sérdeilis vera að Reykhólum eður að Stað á Reykjanesi.

Þessa ástæðu séra Einars Torfasonar kunnum vær ei gilda né lögmæta að meta í þessu efni og andlegum sökum, heldur virðist oss slíkt tilhlýða veraldlegum lagasóknum, og þar með þessi samastaður innan sömu þingsóknar þessra allra sem nefnt málefni áhrærir. Og metum¹ þess vegna að biskup hafi fullan myndugleik þar prestamót setja (sérdeilis í sinni yfirreið) sem öllum má hentugt vera er hann til mála úrgreiðslu með sér kallar. Hefur og einninn sálugi *magister* Brynjólfur Sveinsson hér í sama stað prestasamfund haldið í sinni *visitatio anno* 1639 þann 11. september, til atkvæða á ýmsum efnum sem í héraðinu hafa tilborið víðar en í þessari sveit. Vitum ei heldur annars en svo hafi jafnan viðgengist hér í landi víðast þar áskynja orðið höfum. Þar fyrir dæmum vér séra Einar Torfason í þetta sinn réttilega kallaðan á þennan stað og dag eftir því sem biskupsins boðunarbréf inniheldur og útvísar.

Athuguðum vér nú fyrst ákæru sóknarmanna Reykhólakirkju um forsómun á prestlegri þjónustu og embættisgjörð séra Einars Torfasonar, í þann máta að hann hafi forsómað og yfirgefið Reykhólakirkju á Reykjanesi margan löghelgan dag síðan hann var þar innsettur, og ekki samfleytt prestlegt embætti á kirkjunni framflutt frá allraheilagramessu í haust eð var og til jólahátíðar næstliðinnar, svo og eftir jóltíma marga sunnudaga vanrækt á téðri kirkju kennimannlegt embætti fram að flytja, en fordristað til í annað hérað héðan burtvíkja og sig þar uppihaldið, hvörs vegna sóknarmennirnir afbiðja og afsegja séra Einar þar eftir fyrir sinn sóknarprest og sálusorgara sem þeir megi fremst og framast að lögum gjöra.

Hér í mót er vörn og afbötun séra Einars:

1. Að sú þingssamkunda á Berufirði hafi verið honum óaðvöruðum.
2. Ekkjan Kristín Gísladóttir hafi aldrei við sig talað eður kallað til kapelánsþenustu sitt náðarár.
3. Hvorki kostur, hús né jörð afskammtað eður ákvarðað fyrir sig og sína konu.
4. Gengur séra Einar í gegn að hann hafi annarstaðar reisum reist frá allraheilagramessu og til 6. febrúar en til síns bús, kvinnu og barna.

5. Að hann burt hafi verið síðan jól marga sunnudaga frá fyrtréðri kirkju, neitar séra Einar, því að hvort heldur reiknist eftir venju sáluga séra Gunnlaugs eður atkvæði kóngs Christiani 4 þá finnist þeir ekki utan tveir á Reykhólakirkju.

1 metum: breytt úr dæmum

6. Vonar hann náðarsamlega til yfirvaldanna að hann bæði eftir Guðs orði og *ordinantiunnar* atkvæði hefði átt að fá af þessum áklagendum bróðurlega aðvörun eður áminning af sínu yfirvaldi.

Móti þessum 6 póstum svara svo sóknarmenn Reykhólakirkju:

1. Að Berufjarðar þingssamkunda hafi risið út af öðru nauðsynlegu þingsefni, sem fyrr hafi undangengið en samanskrif um séra Einar, þar með viti þeir ei betur en sér hafi frítt fyrirstaðið að skrifa svo vel þar sína ákæru sem í öðrum stað, og séra Einar hafi þá ekki verið innan sýslu að finna og *ordinantian* tilhaldi sérhvorjum sóknarpresti að taka vara á sinni sókn. *Item* landslöggin, að sjálfur skuli hvör sína sök sækja.

2 et 3. Að erfingjar sáluga séra Gunnlaugs Snorrasonar hafi svo efnaðir verið að séra Einari hefðu vel kunnað hús og kost að halda á umliðnum vetri, en hefði það brostið hefði honum borið fyrir yfirvaldinu kvarta og sóknin hefði ekki átt þeirrar hans þagnar að gjalda.

4. Segjast sóknarmennirnir vera því samsinnandi að séra Einar hafi ei annarlegar reisir gjört en hann tiltekur á nefndum tíma, samt sé það önnur sýsla og annað hérað haldið.

5. Þar honum þykir ofaukið uppá sig að hann hafi margan sunnudag forsómað eftir jóltíma, þá hafi hann fimm löghelga daga frá báðum kirkjunum verið, og séra Gunnlaugur sálugi um sína tíð hafi embættað á Reykhólakirkju tvo sunnudaga samfleytt, en þann þriðja á Stað. Og kónglegur *recess* segi: For ord ved hvilke ingen sigtes, þá: sit ærlige rygte og lempe *etc.* *Item* í öðrum stað: Dog skal ekki nogen fordeles for ord som ære og lempe ikke vedkommer, *etc.*

6. Að séra Einar hafi átt að taka svo vara á sinni kallan svo sem hvör annar kennimaður fyrst hann var innsettur til Reykhólakirkju og ekki aktað sinn búnað né veraldlega veru framar því sem sjálfs Kristi orð klárlega bjóði: Hvör hann elskar föður og móður meir en mig, sá er mín ekki verðugur.

Að þessu öllu fyrrskrifuðu svo athuguðu og yfirveguðu á báðar síður sem vér framast kunnum virðist oss fyrrnefndum dómsmönnum séra Einar Torfason ei hafa mátt með sinni frávist sinn tiltrúaða söfnuð svo af að rækja með forsómun kennimannlegrar þjónustu, í svo langan tíma, að ei væri annar kennimaður viss tilsettur kirknanna og sóknanna nauðsynjum í hans fráveru að gegna, einkum þar kónglegrar *majestets* Christiani 4 náðugasta bréf útgefið Kaupinhavn 29. nóvember 1622 svo tiltekur og skipar sem eftirfylgir: Sömu-leiðis viljum vér að prestarnir einn og sérhvor skuli vera skyldugir að halda *ordinarie* og venjulega predikun, kirkjuþjónustu og annað sem *ordinantian* þeim vegna þeirra embættis býður að gjöra í þeirra kirkjum og sóknum, svo það ekki forsómist fyrir neina veraldlega höndlan. En þar sem þeir vegna nauðsynlegra orðsaka fá leyfi af biskupi eður prófasti, um nokkurn tíma, þá skal í

þeirra stað einn annar kennimaður tileinkast sem í þeirra fráveru kunni ánægjanlega að þjóna í prestlegu embætti, *etc.*

Nú þó séra Einari hafi nokkur vorkunn mátt vera sinnar kvinnu og heimilis vitja um þann tíma, þá bar honum þó ei annað meir að meta en þann söfnuð sem honum var falinn af Guði og yfirvaldinu, og sinnar skyldu kostgæfilega gæta eftir Guðs orði, Matt. 10; Lúk. 14; Act. 20; Post. Pét. 5. Þar fyrir í herrans nafni dæmum vér séra Einari Torfasyni fyrir þessa forsömun *mulctam* nú í fyrsta sinni, hvörrar upphæð oss sýnist ei minni vera mega en 1 hundrað sem lúkist með góðum greiðslum biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni til handa í þarflegum landsaurum og sé goldið hið síðasta að næstkomanda Öxarárþingi. En biskupinn útdeili þessum fémunum þeim fátækum prestaekkjum til nota sem honum þykir helst við þurfa, eftir því sem fyrrum hefur viðgengist í slíkum efnum. Framvegis það viðvíkur þeim fjórum Reykhóla­kirkju sóknarmönnum sem sig hafa haldið frá heilögu altarisins *sacramenti* lengur en vera skyldi vegna misklíðar millum þeirra og séra Einars, þá virðist oss að þeir séu tilheyrilega áminntir í söfnuðinum, svo að ei framvegis afræki sín kristileg friðheit heldur haldi frið og góða eining, bæði við sinn sóknarprest og aðra það framast mögulegt er, og séu svo ásamt þeirra heimilisfólki til heimuglegrar aflausnar og heilags *sacramentis* meðteknir nú í þetta næsta sinn, af þeim kennimanni sem biskupinn þar tileinkar bæði áminninguna að gjöra og þjónustuna veita, öðrum en séra Einari Torfasyni. Tók nú biskupinn sjálfur að sér þessa áminning að gjöra áðurgreindum mönnum nú samstundis hér í Garpdalskirkju í viðurvist nálægra kennimanna.

Þennan áðurskrifaðan dóm samþykkti biskupinn *magister* Þórður Þorláksson og setti sína handskrift með oss tilnefndum dómsmönnum hér undir, degi síðar en upphaflega greinir, en á sama ári og stað sem fyrr segir.

Þórður Þorláksson mpp
Ásgeir Einarsson meh
Nikulás Guðmundsson mpp
Ísleifur Þorleifsson mpp
Teitur Halldórsson meh
Jón Jónsson eh

Eiríkur Vigfússon meh
Magnús Einarsson meh
Séra Hannes Björnsson eh
Jón prestur Loftsson meh
Egill Helgason eh

Opinn seðill séra Teiti Halldórssyni útgefinn
um *portionis* reikning kirkjunnar í Gufudal,
datum Garpsdal við Gilsfjörð 20. september anno 1683

Anno 1682 þann 8. september var *portionis* reikningur tekinn að Gufudal af virðuglegum prófastinum séra Páli Björnssyni, eftir minni ósk og forlægi. Reiknaðist þá kirkjan prestinum séra Teiti Halldórssyni skyldug að vera, fjögur hundruð, sjötíu og fjórar og hálf alin, hvörn *portionis* reikningsskap, af prófastinum tekinn, ég fyrir mitt leyti samþykki og staðfesti. Til merkis undirskrifað nafn, að Garpsdal við Gilsfjörð, Þórður Þorláksson

Í nafni heilagrar
guðdómsins þrenningar

Anno 1684 þann 3. dag júlí að Þingvelli var sett almennileg Skálholtsstiftis *synodus* og þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og atkvæða nefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni um þau mál og stiftisins nauðsynjar sem kennidóminum ber eftir kónglegrar *majestets ordinantiu* og *recess* yfir að segja og hingað í þennan stað réttilega koma kunna, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Sigurður Sigurðsson prófastur í Snæfellssýslu,¹ séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Oddur Eyólfsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Jón Eiríksson, séra Oddur Jónsson, séra Þórður Bárðarson, séra Björn Stefánsson, séra Daði Halldórsson, séra Sigurður Eyjólfsson, séra Jóhann Þórðarson.

In primis lýsti biskupinn *magister* Þórður Þorláksson og lét upplesa þrjú kónglegrar *majestets* náðugustu bréf, fyrst þrykkt *patent* með hans *majestets* undirþrykktu *secreti*² hljóðandi um þrjá almennilega föstu- og bænadaga sem hér í landi haldast eiga á þessu ári þann 15., 22. og 29. ágúst. Það annað bréf var kónglegrar *majestets* náðugasta *missive* til biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar um sama bænadagahald. Það þriðja líka hánefndrar kóng *majestets missive* hljóðandi fyrst um brotakopar á kirkjum og klaustrum útflytjast skuli til umsteypingar.

2. Um gamallra lasinna kirkna endurbygging að ei forsómast skuli og árlegur reikningur þeirra handskrifaður af fógetanum og biskupinum útsendist.

3. Að samantak gjörast skuli hvörninn betlerí, leti og iðjuleysi *etc.* megi

1 séra Sigurður Sigurðsson prófastur í Snæfellssýslu: á spássú

2 *secreti*: breytt úr *signeti*

afskaffast og þetta svo af herra biskupinum, landfógetanum, lögmönnum og sýslumönnum yfirvegið og samantekið útsendist til kónglegrar *majestets* náð-ugustu *resolution*. *Datum* þessa bréfs Kaupenhöfn dag 6. maí anno 1684.

2. Eftir ósk og forlagi virðuglegra herra lögmanna var upplesið í *synodo* það ljóta bréf sem Bjarni Árnason skrifað hafði undir nafni heilagrar guðdómsins þrenningar svo sem það sér líkast hermir og í héraðsdóm lögmannsins umboðsmanns Þórðar Björnssonar er innfært. Sömuleiðis var af kennidóminum sama staðar yfirlesið og gaumgæfilega athugað álit og atkvæði virðuglegs héraðsprófastsins séra Páls Björnssonar sem hann hafði með nokkrum sínum héraðsprestum röksamlega samantekið og með Guðs orði merkilega grundvallað, hvörju hans álit kennidómurinn í þessarri *synodo* er fullkomlega samþykkur, einkanlega að soddan skrif Bjarna Árnasonar sé löstunarsalsbréf mót heilagri þrenningu og einingu og eigi hvorki né megi líðast án stórrar og minnilegrar ströffunar svo Guðs dýrð og heiður missi ei þar fyrir síns réttar og verðugleika, hvar um guðhrædd yfirvöld munu láta sér umhugað vera.

3. Kom fyrir kennidóminn hjónabandsmál úr Þverárþingi með skriflegu rannsaki og álit héraðsprófastsins eruverðugs séra Halldórs Jónssonar og hans fimm héraðspresta, hvörju svo er varið að Sigríður Henriksdóttir hefur borið sinn egtamann Hjálm Árnason hórdómsverknaði framhjá sér og það með Þórdísi Þorvarðsdóttur ógiftri, hvör bæði Hjálmur og Þórdís þá hórdómssök meðkennt hafa eftir því sem fram hefur komið vottað og handskrifað, hvað einninn í prófastsins rannsókn tjáist að Hjálmur muni sannri sök á sig játa eftir því sem rykti og rómur hafi áleikið. Voru nú fyrir þessari prestastefnu persónulega Hjálmur Árnason og Sigríður Henriksdóttur hingað komin eftir prófastsins tilsógn. Hafði prófastur í héraði með sínum prestum viðleitast að Sigríður Henriksdóttur vildi taka aftur til hjónabands Hjálm Árnason en hún hefði þar ei kost ágjört í neinn máta. Er því þeirra álit og meining að hún muni þess vegna frá þessu hjónabandi frjáls verða en setja þó skilnaðaratkvæði til biskupsins úrskurðar á þessari prestastefnu.

Nú á ný bað Hjálmur Árnason grátandi Sigríði Henriksdóttur fyrirgefningar á þessu sínu hórdómsbroti og óskaði þess jafnframt að hún vildi náða sig aftur til hjónabandssamvista með því loforði að hann vildi vel og kristilega við hana breyta framvegis, gefandi henni öngvar sakir heldur í allan máta kvitta uppá þeirra hjónabandssamvistir inn til þessa. Hér í mót svaraði Sigríður Henriksdóttur að hún treysti sér ei til að taka Hjálm Árnason aftur til egtaskapar og afsagði það fullkomlega þó þess leitað væri en gaf Hjálm einninn öldungis kvittan bæði um þetta misferli og hvað annað sem í þeirra hjónabandi hefði kunnað milli bera.

Þar fyrir í herrans nafni að þessu svo yfirveguðu og athuguðu er fullkominn

úrskurður og dómsatkvæði herra biskupsins og tilnefndra kennimanna að hjónaband fyrrskrifaðra persóna Hjálms Árnasonar og Sigríðar Henriksdóttur sé hér eftir öldungis aðskilið og sundurlaust eftir hjónabands *articulunum* og þau skyldug að halda sig þar eftir í sérhvörn máta, hvað þeim var nú opinberlega auglýst og fyrirlesið bæði uppá það að Hjálmur mætti sig ei gifta aftur án kónsleyfis né heldur heimilisfastur vera í því sama héraði sem Sigríður er að vistum.

4. Lét eruverðugur prófasturinn í Árneshöfði séra Torfi Jónsson upplesa þær allar þrjár áminningar og forboð sem hann undir votta og opinberlega gjört hefði Magnúsi Jónssyni á ýmsum tímum sérdeilis nú í næstumliðin þrjú ár uppá heimilisveru að Háeyri og návistir í Stokkseyrarsókn við sína barnsmóður Sigríði Benediktsdóttur sakir þess ámælis og hneykslisvona sem þar mætti af verða í nokkurn máta. Virðist nálægum kennidómi prófasturinn afsakaður um þessar sínar aðgjörðir, hvar fyrir valdsmaðurinn í sömu sýslu mun vel vita¹ skyldu síns embættis hér úti, svo til að hlutast sem ber og hæfir í forsvaranlegan máta.

5. Kom til tals *in synodo* um uppgjöf séra Einars Torfasonar á Reykhólasókn við séra Ísleif Þorleifsson í þann máta að hann góðviljuglega uppgaf og aflagði með prestlegri þjónustu og skyldum frá sér og við séra Ísleif Þorleifsson Reykhólasókn að næstkomandi fardögum 1684 og upp þaðan ævinlega um sína tíð fyrir utan þá fimm sóknarbæi sem liggja með Þorskafirði eftir því sem sú *contract* útvísar sem gjörðist að Garpsdal á næstumliðnu hausti dag 19. september, hvör *contract* hér var nú upplesin *in originali* svo vel með eiginhandskrift séra Einars Torfasonar sem annara góðra manna viðstaddra í þann tíma. Kemur nú fram að séra Einar Torfason vilji ei fyrrnefnda Reykhólasókn uppgefa eftir téðu loforði, hvað að sannar hans eigið sendibréf til herra biskupsins *daterað* Stað á Reykjanesi 21. júní 1684, svo vel sem inntak úr öðru sendibréfi séra Einars tilskrifuðu séra Ísleifi Þorleifssyni 1684 1. júní, hvar inni séra Einar svo að kveður: Er yður það alvarlega sagt að ég afsegi að þér yður með hana (Reykhólasókn) drífið því hún er mér veitt, en fyrir vissar orðsakir *revocera* það loforð eður umtal sem yður var heitið. Þess vegna kvartar nú séra Ísleifur bréflega um fyrir herra biskupinum um brigð á því loforði séra Einars í hvörju sínu bréfi hann svo tiltekur: Vildi ég yðar herradóms fullkomlegt álit og andsvar fá þar um hvort ég eftir séra Einars loforði skuli nokkuð tilkall eiga til Reykhólasóknar eður ekki eður hvort séra Einar sé ekki skyldugur þá sína lofun að enda, því ég áfrýja endilega það hann hefur ei þá sína lofun við mig haldið ef ég sýnist mega með rétti þar eftir tala, og sé svo af hans hendi nokkrar orðsakir

1 mun vel vita: breytt úr veit

framkomi hvar fyrir hann hafi brugðið sína lofan óska ég og einninn að metnar séu hvort gilda skuli loforðið að rjúfa, því ég er til reiðu svo sem ásett var sókninni viðtöku veita.

Framar þessu kom fram umkvörtunarbréf Reykhólasóknarmanna með sjö manna undirskriftuðum nöfnum uppá sama efni að séra Einar hafi ei greint loforð haldið og óska tilhlutunar að þeir mættu sem fyrst af vera með séra Einar Torfason, en njóta úrlausnar héraðsprófastsins séra Páls Björnssonar í þann máta að séra Ísleifur sé og verði þeirra sálusorgari, þar hann með sínu atkvæði heldur séra Ísleif vera svo vel sóknarprest Reykhóla- sem Garpsdalskirkna. *Datum* prófastsins úrlausnar Selárdal 1684 12. júní, en þessi sóknarmannanna skrifleg umkvörtun er *dateruð* Berufirði í Reykhóla kirkjusókn *anno* 1684 26. júní. En af því sem frá séra Einari Torfasyni hefur skriflega framkomið í fyrirtéðu sendibréfi til biskupsins eður á annan hátt þykist kennidómurinn ei sjá þar lögmatar orðsakir sem í vegi séu að séra Einar Torfason haldi ei riktuglega sína sjálfviljuga lofun um Reykhóla kirkjusóknar uppgjöf við séra Ísleif, hvar fyrir að þessu öllu svo prófuðu og athuguðu, eftir því sem hér hefur nú framkomið um þetta efni, er það fullkomið álit og dómsatkvæði hér tilnefndra kennimanna að séra Ísleifi Þorleifssyni sé rétt og forsvaranlegt í allan máta, bæði eftir Garpsdals *contract* og þessum kennivaldsins dómi, Reykhóla kirkjusókn að sér að taka til allrar kennimannlegrar þjónustu í sérhvörn máta hér eftir, þó að fráteknun þeim bæjum sem í *contractina* eru innfærðir,¹ og séra Einar skyldugur hér eftir sína lofun og *contract* að halda án allrar undirhyggju og eftirkasta. Sömu leiðis er svo tileinkað það eruverðugur héraðsprófasturinn séra Páll Björnsson *recommenderi* séra Ísleifi Þorleifsson enn nú að nýju Reykhóla kirkjusókn, annaðhvort persónulega eður fyrir annan heiðurlegan kennimann það fyrsta hann því viðkemur. Var þetta kennidómsins atkvæði gjört með ráði, vitund og samþykki kónglegrar *majestets* landfógeta herra Christoffors Heidemanns.

6. Var skriflega framborið fyrir kennidóminn að forlagi séra Halldórs Eiríkssonar frá Eyðölum í Múlaþingi um egtaskaparviðleitni Hjalta Steinssonar til Prúður Jónsdóttur, hvör Hjalti áður hafði verið egtamaður þeirrar kvinnu er Jón Sturlason faðir Prúður hafi fyrrum átt barn með í frillulífi. Tjáist og jafnframt að greindar kvenpersónur, bæði Prúður dóttur Jóns Sturlasonar og hans barnsmóður (hvörja Hjalti áður egtaði), séu sín á millum vandalausar. Er álit kennidómsins hér uppá að ei þykist af kónglegrar *majestets* forordningum né kirkju-lögum eftir sínum skilningi finna það í vegi standa sem fyrirtéðum persónum

1 þó að fráteknun þeim bæjum sem í *contractina* eru innfærðir: á spássú

Hjalta og Þrúður bægi frá heilögu hjónabandi í þessu efni nær það annars tilheyrilega framkvæmist eftir kirkjunnar reglu.

Þetta allt áðurskrifað í sex póstum framfór að Þingvelli með fullkomlegu samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og atkvæði heiðurlegra kennimanna sem sín nöfn hér undir skrifa þann 5. júlí *anno et loco* sem í upphafi greinir.

Þórður Þorláksson mpp
Oddur Eyjólfsson meh
Séra Hannes Björnsson eh
Jón Eiríksson mpp
Sigurður Eyjólfsson mpp
Árni prestur Þorvarðsson eh
Jón Guðmundsson meh

Torfi Jónsson mpp
Sigurður Sigurðsson eh
Einar Einarsson eh
Oddur Jónsson eh
Daði Halldórsson eh
Björn Stefánsson meh
Jóhann Þórðarson mpp

Ósk Skarðskirkju sóknarmanna um embættisgjörð á Dagverðarness bænhusi

Erugöfigum, virðuglegum og hálærðum herra *magister* Þórði Þorlákssyni biskupi yfir Skálholtsstifti, vorum verðugum föður í Kristo, óskum vér undirskrifaðir sóknarmenn að Skarðskirkju á Skarðsströnd, ásamt öðrum almúga hér, náðar, friðar og blessunar af Guði föður, fyrir Jesúm Kristum, í heilögum anda.

Yðar herradæmi hér næst, með undirgefni auglýsandi, það hér í ofan nefndri kirkjusókn er bænhus, ei alls fyrir löngu endurnýjað og uppgjört, að forlægi þess virðuglega í Guði sæla manns, Eggerts Björnssonar (lofsverðrar minningar) á hans, í þá daga, eignarjörðu Dagverðarnesi, en nú hans göfigra erfingja, hvört bænhus mjög haglega nærri stendur þeim eyjum og bæjum sem lengst frá sóknarkirkjunni burtu liggja, hvar og, að góðri siðvenju og bón kringumverandi búenda, hefur embættisgjörð framin verið að misseraskiptum, haust og vor eður tvisvar á ári, á rúmhelgum dögum oftast. Er svo háttur á að margir þar nærri til eyja og lands eru nú aldraðir og með veikum burðum, svo ei kunna, einkum á vetrardag, sóknarkirkjunnar vitja, líka vel sumir hvorki sumar né vetur, sem án mæðu mikillrar til bænhusssins komast kunna, vilja þó fúsir (sem byrjar) Guðs heilaga orð sem tíðast heyra, og ei trautt um þau bágingi, nokkra samvitsku óstyrks aflað fá. En þess bænhusss er engin renta oss vitanleg, hvorki eiganda né presti, til neinnar afgiftar. Nú samt þar soddan nauðsyn á er og vér merkjum núverandi sóknarprest þar tilhneigjanlegan vera, er vor auðmjúk bón, það að greindu Dagverðarness bænhusi mætti oftast embætti framflytjast en verið hefur, einkum ef fást og líðanlegt vera kynni tvo helga daga og tvo rúmhelga á ári

hvörju, um hvörja prestsins ómaksauknings sannsýnilega forlíkun vér viljum gjarnan samþykkilega við hann semja, heldur en hins á mis að ganga, þar eignarmenn öngva rentu í því nafni, þar takandi, munu ei skyldast hér til að svara, framar en góður vilji Guðs safnaðar uppbyggingar fyrir heilags anda innblástur þá þar til vekur. Er því einasta vor bón til yðar herradóms að tillíðun og leyfi fáiast sem áður er áhrært, hvört nauðsynjaefni vér befölum náðugs Guðs og yðar föðurlegri forsjón, biðjandi hann yðar herradóms persónu og ypparlegs embættis gæta og varðveita, efla og ávaxta til alls hönum þægilegs, yður sómasamlegs, í Jesú nafni.

Actum Skarði á Skarðsströnd 1684 5. sunnudag eftir *trinitatis* dag.

Indriði Jónsson handsalar, Eyjólfur Þorbjörnsson meh, Magnús Ólafsson handsalar, Ólafur Bjarnason meh, Ólafur Magnússon handsalaði, Jón Oddsson handsalaði, Gamalíel Höskuldsson handsalaði, Pétur Guðmundsson meh, Bjarni Illugason handsalaði með ljúfum vilja.

Copie af andsvari biskupsins uppá þetta bréf *daterað* Þingvelli, dag 8. júlí *anno* 1684

Þessa hér fyrir framan skrifaða Skarðskirkju sóknarmanna ósk um embættisgjörð á Dagverðarness bænhúsi tvo helga daga og tvo rúmhelga daga á ári hvörju vil ég þeim fyrir mitt leyti í té láta nauðsynja vegna, þó svo að sóknarkirkjan sem síst forsómist. Til merkis undirskrifað nafn, Þórður Þorláksson.

Þetta fyrir framan skrifað á einu blaði er rétt *copierað* eftir sínum *original*. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Sveinn Jónsson eh

Hákon Hannesson eh

Opinn seðill í lögréttnu upplesinn á Öxarárþingi dag 8. júlí *anno* 1684 um kirkna reikning í Skálholtsstifti

Eftir því mér hefur til handa komið kónglegrar *majestets* náðugasta *missive* þess innihalds meðal annars að fornar og lasnar kirkjur hér í Skálholtsstifti skuli ekki aðeins forsómunarlaust og án undandráttar *reparerast* og endurbættar verða, heldur og einnin þeirra reikningskapar fyrir landfógetann og mig árlega framleggjast, og ein ríktug *copie* af þeim með beggja okkar undirskriftum til

kónglegrar *majestets* rentukammers í Kaupenhafn framsendast, þá vil ég hér með alvarlega áminnt hafa alla kirknahaldara í Skálholtsstifti, svo vel *beneficiatos* sem *propriarios* eður kirkjustaða eignarmenn, að þeir með undirgefni rétti sig eftir þessari kónglegrar *majestets* náðugustu befaling og skipun, og sendi mér riktugan reikning sinna kirkna til Skálholts, hvort heldur hann er nýr eður gamall, á sérhvorju því sem ókvitt er og kirkjurnar uppábrestur. Hvörn reikning þeir láti mig fá skýran og skjallega uppskrifaðan, ei síðar en að næstkomandi fardögum, svo að herra landfógetinn og ég kynnum nógan tíma að hafa, hann að *revidera* og yfirskoða. Sömuleiðis tilsegi ég greindum staðahöldurum eður eigendum að þeir forsómunarlaust uppbyggi og endurbæti þær kirkjur sem lasnar og hrörlegar eru og þeim ber umsjón yfir að hafa, uppá það þeir komi þar fyrir ekki í neinn skaða framvegis, eftir því sem kónglegrar *majestets* náðugasta *missive* þeim vara fyrir tekur. Óskandi hér með að þessi mín bréfleg og alvarleg tilsögn í lögréttu upplesist og inntakið í þingbókina innfærast, svo sem flestir góðir menn megi sig þar eftir rétta sem þetta kann viðkoma í nokkurn máta. Undirskrifað nafn, Þórður Þorláksson.

Þessi áðurskrifaður opinn seðill í lögréttu upplesinn á Öxarárþingi sama ár og dag, sem í upphafi greinir, er hér rétt *copieraður* og samanlesinn við sinn *original* að vitni okkar undirskrifaðra.

Skálholti 22. júlí *anno* 1684.

Oddur Jónsson eh

Hákon Hannesson eh

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1685 á almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli þessir heiðurlegir kennimenn til atkvæða og úrlausnar nefndir og tilkallaðir af *magister* Þórði Þorlákssyni á þeim stiftisins erindum og *casibus* sem andlegum ber yfir að segja og hingað með réttu heyra kunna. Séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Halldór Jónsson prófastur í Þverárþingi að sunnan, séra Sigurður Sigurðsson prófastur í Stapasýslu, séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Oddur Eyjólfsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Oddur Jónsson, séra Jón Eyjólfsson eldri, séra Gísli Álfsson, séra Oddur Árnason, séra Þorsteinn Þórarinnsson.

In primis kom fram skrifleg umkvörtun Guðmundar Bjarnasonar búandi að Stafholtsey í Borgarfirði í þann máta að hann telur sér ófærilegt fyrir sig og sitt fólk að sækja til Stafholtskirkju yfir Hvítá, en óskar að til Bæjarkirkju leggjast mætti bæði að sókn og lögskilum, hvar fyrir að þessum nauðsynjum svo yfir-

skoðuðum og vitanlegum er nú biskupsins¹ með ráði nálægra kennimanna² úrlausn hér uppá, að nefnd Stafholtsey sæki hér eftir kirkju til Bæjar og gjaldi þangað kirkju- og prestsskyldur. Er þetta gjört með skriflegu samþykki *beneficiati* að Stafholti séra Páls Gunnarssonar yngra, og óskar biskupinn með kennimönnunum að herra landfógetinn vildi og svo sitt samþykki hér til gefa.

2. Kom fram eftir skrifti prófastsins séra Sæmundar Oddssonar að kirkjuna á Staðarhrauni vanti uppá hennar *inventarium* 1 hundrað og sjötíu álnir sem inni standi enn hjá séra Halldóri Jónssyni. Því er nú svo ályktað af kennidóm-inum hér um að séra Halldóri beri fullkomlega þessum eftirstöðvum að svara tregðulaust svo kirkjan síns ei í missi, því þó hann þykist gamla skuld hjá kirkjunni eiga fyrir hennar aðgjörð, þá ber ei að hennar *inventarium* skerðist þar fyrir. En sýni séra Halldórs nokkra tregðu í þessum útlátum þá virðist kennimönnunum þessar hundrað og sjötíu álnir kirkjunni til besta rétt teknar af tillægi séra Halldórs sem heiðurlegur prófasturinn séra Sæmundur Oddsson honum útsvarar af Hítardals *beneficio*.

3. Um aflausn Guðmundar Jónssonar búandi að Stokkseyri, hvörjum fyrir þjófnaðaráburð Markúsar Bjarnasonar sjöttareidur dæmdur var, en Guðmundur gat ei eiðnum framkomið, hvar fyrir honum dæmd var í lögréttu fjöggra marka sekt fyrir eiðfall. Er ályktun kennidómsins að hann taki opinbera aflausn fyrir greint eiðfall, eftir því sem í viðlíkum *casibus* áður viðgengið hefur.

4. Kom fyrir kennidóminn skrif prófastsins séra Stefáns Ólafssonar um þær persónur Þorstein Jónsson og Kristínu Sveinsdóttir, hvörjum svo er varið að þau bæði ógift hafi barn saman átt og vilji síðan saman giftast, en rómur sé á kominn um þrímenningsmægðir þeirra í millum, hvör rómur ei er enn nú prófaður að mægðirnar sannar séu. Hafa þetta efni veraldlegir nú í lögréttu svo ályktað um sektagjaldið að sýslumanni beri ei frekari kóngssekt fyrir legorðið innkalla en sem fyrir meinalaust og einfalt frillulífi, svo lengi sem nefndar mægðir sannbevísast ekki. Þess vegna er kennidómsins atkvæði hér uppá að svo prófuðu, að fyrrtédar persónur Þorsteinn Jónsson og Kristín Sveinsdóttir megi til hjónabandsins gefast að öðru hindrunarlausu.

5. Kom virðuglegur herra lögmaðurinn Magnús Jónsson og bar fram fyrir kennidóminn það efni sem viðvíkur tileinkuðum tíu aurum sem að fornu hafi átt að gjaldast af bóndanum á Ingjaldshvoli árlega og til Fróðárkirkju, hvar um máldagar einnin hljóða, einkum mjög gamall *transcriptaður* máldægi sem útvisar að í þann tíma hafi Ingjaldshvoll bóndaeign verið, og sá eignarmaður Gunnar bóndi Hringsson hafi þessa skuld í jarðarinnar heimaland lagt nær kirkjan var vígð af Árna biskupi hinum síðara. Þessara tíu aura er og svo getið

1 er nú biskupsins: breytt úr er nú með herra biskupsins

2 nálægra kennimanna: breytt úr kennimannanna

í Vilkins og herra Gísla Jónssonar máldögum. Um þessa ískyldu til Fróðár-kirkju hér á móti svarar velforstandigur mann Þórður Steindórsson, Ingjaldshvols ábúandi, að hann viti ei né heyrta hafi sönn rök þar til að nefndir tíu aurar hafi til Fróðár greiddir verið, hvorki í sinna formanna tíð né síðan Ingjaldshvoll var kóngsjörð kölluð. Hér með bar nú Þórður fyrir sig gamalt, máð og rotið pappírshbréf, handskrifað með undirskriftuðu nafni lögmansins sáluga herra Gísla Hákonarsonar, hvörs *datum* er 1629 þann 4. mars, þess innihalds og vel læsilegt í þeim fyrsta *articula*, að nefndur lögmaður fyrirbýður Steindóri Finns-syni sagðan toll að gjalda af því kónglegri *majestet* tilheyrir fyrir utan höfuðs-mannsins befalling, og afneitar einninn sagður lögmaður að Steindóri beri þann toll af sínu gótsi að greiða, með því ekkert bevísaðist til kirkjunnar, jarðarinnar né ábúandans aftur í staðinn komið sé, og tjáir sig einninn þessa úrlausn gjöra uppá herra höfuðsmannsins vegna. Hér af þykist lögmaðurinn herra Magnús ei merkja að fyrirtéðir tíu aurar skiljast með þessu tolls nafni, né heldur að neinn svaramaður hafi þá fyrir hendi verið er lögmaðurinn þessa úrlausn gjört hafi. En Þórður Steindórsson afsegir fullkomlega sig neina aðra ískyldu eður tolla vita í Ingjaldshólsjörðu liggja né legið hafa og ei hefur það heldur í þetta sinn hér fyrir komið.

Er nú andsvar biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og nálægra kennimanna í þann máta að þeir þykist ei hér endilegt dómsaðkvæði kunna á að leggja, einkum þar slíkt megi snerta kónglegrar *majestets* afgift af Ingjaldshvoli, þess þó samt innilega óskandi af kónglegrar *majestets* landfógeta yfir Íslandi herra Christoffor Heidemann, að hann vilji með sinni meðalgöngu svo tilhlutast og stoða að sú fátæka kirkja á Fróðá (hvörrar *portio* af fastaeignar- og lausafjárstíundum naumlega vinnst fyrir víni og bakstri árlega) mætti þeirra hlunninda og tillags njóta sem henni mætti hér úti með réttu bera. Sömualeiðis er Þórður Steindórsson þess auðmjúklega óskandi að hvorki Ingjaldshvoll¹ né hann mæti hér af neinum þyngslum.

6. Kom fyrir *synodum* lögréttunnar andsvar uppá reka fyrir Grafarlandi í Breiðuvík, svo sem í alþingisbókinni mun ljósast sjást, og er það fullkomin meining og skilningur kennidómsins þar uppá, svo mikið sem andlegum viðkemur þar úr að greiða, að Setbergs- og Knararkirkjur eigi allan reka fyrir Grafarlandi til rétttra helmingaskipta þeirra í millum og þeim báðum beri hönum óskertum að halda eftir máldaganna hljóðan, svo lengi sem eignarmenn Grafar koma ei með þau lögmæt skilríki sem þessu hrindi. Tjáði og einninn nú nálægur og tilkvaddur séra Halldór Jónsson frá Miðhúsum að faðir sinnar kvinnu Tyrfinnur sálugi Ásgeirsson, sem allrar þessarar Grafarjarðar eigandi var, hefði þar engin rekahlunnindi uppborið í landsdrottins nafni og ei séra

1 Ingjaldshvoll: breytt úr Ingjaldshvolskirkja

Halldór sjálfur fyrir sinn fimm hundraða part þar í vegna sinnar sálugu ektakvinnu Guðrúnar Tyrfingsdóttur.

7. Kom fyrir kennidóminn um fríheit Guðmundar Hálfðanarsonar, hvör eftir lýsingu sinnar kvinnu Ingibjargar Ásgrímsdóttur hefur á sig játað hórdómsbroti (þó án barneignar) með Margrétu Bergþórsdóttur ógiftri, hvör Margrét á móti fyrrsagðri lýsing og játun hefur eineiði svarið, eftir lögmannsins herra Magnúsar Jónssonar atkvæði. Voru nú fyrrnefnd hjón hér persónulega nálæg yfirheyrð og áminnt sannleikann í ljósi láta í þessu efni, en standa þó fast svo sem fyrrum á sínum fyrsta framburði, jafnvel þó þau hafi af sínum sóknarpresti heimuglega og opinberlega þar um áminnt verið. Svo og tjáist að nefndur Guðmundur hafi hér fyrir nú á hið þriðja ár fyrir utan kristileg fríheit verið. Og nú uppá það að þessi vandræði mættu um síðir á góðan veg greiðast, svo Guðmundur ei lengur heilagra fríheita þarfnist, einkum þar hann auðmjúklega óskar og biður til þeirra náðast mega í nafni Drottins, þá er álit og atkvæði kennidómsins að Guðmundur taki opinbera aflausn af héraðsprófastinum séra Sigurði Sigurðssyni með slíku aflausnar- og játningarformi að hann meðkenni eið svarinn vera móti sinni hórdómsmeðkenningu, og biðji því Guð og kristilega kirkju fyrirgefningar á sinni ávirðingu í sérhvörn máta. En það viðvíkur Ingibjörgu Ásgrímsdóttur, kvinnu Guðmundar, þá auglýsist hér að hún hafi í sínum barnburðarveikindum heilaga aflausn og *sacramentum* öðlast af sínum sóknarpresti. Því virðist það hún einnig af prófastinum áminnist að vakta vel sinn munn og vanda sínar orðræður svo sem Guðs börnum ber og hæfir.

8. Óskaði heiðurlegur prófasturinn séra Sigurður Sigurðsson úrlausnar þar á hvort ei skyldi legkaup gjaldast að Brautarholtskirkju á Kjalarnesi, einkum þar sóknarmenn þeirrar kirkju mæli þar nokkurneginn í mót þau að gjalda af því það hafi ei þar vani verið. Er þar uppá svar kennidómsins að þeir sem aðrir séu skyldir þau að gjalda eftir kristinrétti svo sem hingað til hér í landi viðgengist hefur, því langur vani gjörir öngva vissa reglu.

Þetta allt fyrrskrifað í átta póstum framför að Þingvelli með nálægri kennimanna atkvæði og biskupsins sjálfs *magisters* Þórðar Þorlákssonar fullkomlegu samþykki, hvör ásamt tilnefndum kennimönnum setti sína handskrift hér undir þann 7. júlí *anno et loco ut supra*.

Þórður Þorláksson mpp
Torfi Jónsson mpp
Oddur Eyjólfsson meh
Þorleifur Árnason mpp
Árni Þorvarðsson eh
Gísli Álfsson meh

Halldór Jónsson eh
Sigurður Sigurðsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Oddur prestur Jónsson eh
Jón Eyjólfsson prestur meh
Oddur Árnason prestur mpp

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1685 þann 23. janúar að Ólafsvöllum á Skeiðum voru þessir heiðurlegir kennimenn samankomnir eftir ósk og forlagi biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, og af hönum til álits og atkvæða nefndir, héraðsprófasturinn séra Torfi Jónsson, séra Guðmundur Bjarnason, séra Oddur Jónsson, séra Þórður Bárðarson, séra Þórður Þorsteinsson, séra Jón Halldórsson¹ og séra Gísli Álfsson. Um fríheit Þorsteins Högnasonar, hvör borinn hafði verið galdraáburði af Páli Jónssyni og tveimur öðrum persónum í Húnavatnsþingi anno 1682. Var Þorsteini greindum dæmt húðlátsrefsing á alþingi sama ár af lögmönnum og lögréttumönnum, hvörja hann þá sama staðar úttók. En ári síðar endurnýjar Páll Jónsson galdraáburð á hendur Þorsteini Högnasyni. Þar uppá svolátandi svar gefið á alþingi anno 1683² sem eftirfylgir:

Hvörs vegna lögmaðurinn Magnús Jónsson alvarlega beiðist og tilskikkar, með ráði og samvitund nokkra nærverandi lögréttumanna, að hérnefndur Þorsteinn Högnason sé til fanga tekinn þar hittast kann og í Húnavatnsþing færður undir réttvíslegt próf og rannsak þess valdsmanns sem í vestra partinn þeirrar sýslu settur verður *etc.*

Hefur nú Þorsteinn Högnason síðan hann tildæmt straff á alþingi 1682 úttók í Borgarfirði dvalið og oftlega heilags *sacramentis* og aflausnar óskað um greindan tíma. Framlagði nú vitnisburði margra góðra manna leikra og lærðra úr Borgarfirði uppá sína fróma og meinlausa umgengni og kristilega ástundan að vitja kirkjunnar og Guðs húss forsómunarlaust, með alvarlegum iðrunarmerkjum, á meðal hvorra virðuglegur herra lögmaðurinn herra Sigurður Björnsson skriflega í ljósi lætur sína meining að hann hyggi að hann hafi jafnan sama samvisku geymt að téður Þorsteinn væri heldur saklaus en sakaður af þeim galdraáburði Páls svo sem hans bréf sér líkast hermir. Hefur enginn það oss er um kunnugt sjáð sig í, oftgreindan Þorstein til fanga að taka síðan í fyrirasumar herra lögmannsins Magnúsar Jónssonar skikkun tilkom á alþingi 1683, en Þorsteinn Högnason enn nú sem fyrr auðmjúklega óskar og beiðist kristilegra fríheita, að hann ei lengur fráhaldist heilagri aflausn og altarisins *sacramenti*. Því í Guðs nafni að heilags anda náð tilkallaðri, og að svo prófuðu, er það vorra áðurnefndra kennimanna álit og dómsatkvæði að oftnefndur Þorsteinn Högnason meðtaki opinbera aflausn í dómkirkjunni að Skálholti fyrir dómfall á alþingi og það hneyksli sem þar af hefur mátt rísa. En hafi nokkur honum löglega til að tala síðar þá er því ei hér með forskotið. Samþykkti þennan vorn

1 séra Jón Halldórsson: fyrir ofan línu

2 á alþingi anno 1683: á spássíu

dóm fyrrgreindur *magister* Þórður Þorláksson, skrifandi sitt nafn hér undir ásamt oss þessu til staðfestu og sannindamerkis *anno, die et loco ut supra*.¹

Þórður Þorláksson mpp
Oddur prestur Jónsson eh
Þórður prestur Bárðarson eh
Séra Jón Halldórsson mpp

Torfi Jónsson mpp
Þórður prestur Þorsteinsson meh
Guðmundur prestur Bjarnason eh
Gísli Álfsson eh

Anno 1685 þann 23. janúar á prestasamfund að Ólafsvöllum voru sóknarmenn Ólafsvallnakirkju velflestir samankomnir eftir orðsendingu biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar. Aðspurði biskupinn greinda sóknarmenn hvort nokkur misklíð væri þeirra á milli og séra Jóns Halldórssonar, eður hvort nokkur þeirra hefði séra Jóni nokkuð til að tala uppá hans persónu, embætti eður embættisþjónustu, hvar til þeir svöruðu nei. En sú lítil misklíð sem var á milli prestsins og Jóns Einarssonar í Ossabæ settist niður friðsamlega þeirra á milli og lofuðu hvor öðrum kristilegum kærleika og vináttu. Gáfu nú allir nálægir sóknamenn Ólafsvallnakirkju sínum sálusorgara séra Jóni Halldórssyni góðan og erlegan vitnisburð bæði í umgengni og embætti, óskandi hönum sem lengst halda mega eftir góðum Guðs vilja og kristilegs yfirvalds. Hvörju til merkis og staðfestu eru undirskrifuð nöfn *anno, die et loco ut supra*.

Torfi Jónsson mpp
Þórður prestur Þorsteinsson meh
Gísli Hallsson meh
Jón Eyjólfsson meh

Guðmundur prestur Bjarnason eh
Otti Ottason meh
Jón Einarsson meh
Oddur prestur Jónsson eh
Þórður prestur Bárðarson eh

Málefni Halldórs Finnbogasonar

Heiðurlegum, guðhræddum og velmenntuðum kennimönnum í Þverárþingi að vestan, séra Jóni Ólafssyni og hans meðhjálpara séra Jóni Eyjólfssyni yngra að Hvammsstað í Norðurárdal, séra Páli Gunnarssyni eldra að Gilsbakka, séra Páli Gunnarssyni yngra að Stafholti, séra Þorsteini Þórarinssyni að Ferjubakka, séra Jóni Eyjólfssyni eldra að Langárfossi, séra Halldóri Jónssyni að Miðhúsum, séra Jóni Guðmundssyni að Staðarhrauni og séra Jóni Jónssyni að Hítarnesi, mínum elskulegum meðbræðrum í Drottni, óska ég Guðs náðar með ádreifingu blóðsins Jesú Kristi til helgunar.

Eruverðugir og elskulegir bræður. Kristus Jesús sem er vegurinn, sannleikurinn og lífið ávísar oss og tilkynnir í opinberingarbókinni að djöfullinn sé

1 Sjá einnig viðauka á bls. 298.

ofan farinn, til þeirra sem á jörðu búa, hafandi mikla reiði í hug, því hann viti sig að hafa stuttan tíma eftir. Þetta sama svo að sannast og fram koma fyrir aðskiljanleg tilfelli sem á hvörju ári heyrast og heldur mjög í vöxt fara, sjáum vér og fornemum með andvarpan, svo að margt guðhrætt hjarta mætti óska og girnast að herrann vildi stytta þá trúarlitlu tíma þessara vonskufullu veraldardreggja og ósómans. Á næstumliðna alþingi var guðrækilega af yfirvöldunum straffaður, ásamt öðrum, einn sá eð laug uppá guð almáttugan bréflega. Nú gengur fram annað ker smánarinnar, af djöflinum nýlega, allt yfir barma fleyti-fullt, með svívirðingu hórunarinnar og annarlegra guða offur og reykelsis veifan, svo ofmettað af meðtekinni dýrsins máltíð, að þessi hefur misst allan góðan smekk, sem Moab forðum, og miður en almennt reikna testamentisins blóð fyrir hvört helgaður var.

Strákurinn heitir Halldór Finnbogason. Hann eftir votta meðkenningu og sinni játningu hefur snúið þeirri helgustu bæn Faðir vor uppá andskotann. *Item* skriftarganginum og skelfilega með orðum óvirt drottinlega kvöldmáltíð, hvörs vegna hann er af kristilegri vandlætingu vors virðuglega sýslumanns Jóns Sigurðssonar til járna tekinn og vöktunar undir dóm og aðgjörðir á þessari stórkostlegu óhæfu. Því í herrans nafni, sem ævinlega veri blessað, hefur okkur sýslumanni eruverðum og mér saman komið að hann þing en vær prestastefnu höldum í miðju þessu héraði vegna jafnlengdar, nefnilega tiltekið á Hjarðarholti í Stafholtstungum þann 14. dag næstkomanda janúar *anno* 1685. Því bið ég og einninn tilsegi yður elskulegir og heiðarlegir sambræður að þér sem andans skuldunautar allir og sérhvör í eigin *persona* komið á áðurskrifaðan stað og dag til að vandlæta fyrir Guðs dýrðar og hans meðkenningar sakir, sem og að for-svara Kristi merkilega og minnisstæða *testamentum*. Forfallist stórkostlega sá 14. tilnefndur dagur þá sá 15. í staðinn. Þetta tímanlega dags sem fyrst verða kann uppá það Guð almáttugur fái sinn rétt hjá oss, en sá forþént laun er þann heilaga Ísrael hefur svo skammarlega yfirgefið og snúið til baka. Hjálpi oss Guð í sínu verki svo hans ríki eflist en djöfulsins eyðist, ódyggðin upprætist en góð skikkan með kristilegu athæfi þróist.¹ Þeim sama góða Guði befala ég yður eruverðugir kennimenn og alla yðar til heilla og velferðar, með óskum gleðilegra jóla og farsællegs nýja árs, í Jesú nafni. Yðar heiðursemi þénari velviljaður alltið.²

Hítardal 23. desember *anno* 1684, Sæmundur Oddsson.

2. Hjarðarholts prestastefnu undirbúningur. *Anno* 1685 þann 15. janúar að Hjarðarholti, að tilsettri prestastefnu, samankomu heiðurlegir kennimenn, séra

1 *þróist*: breytt úr *þroskist*

2 *Yðar heiðursemi þénari velviljaður alltið*: í handriti er skammstöfunin *y.y.y. h.h.s. þ:* v.v.a.t. sem túlka má með þessum hætti

Páll Gunnarsson eldri, séra Páll Gunnarsson yngri, séra Jón Guðmundsson, séra Jón Eyjólfsson yngri og séra Þorsteinn Þórarinnsson, til að skoða og álíta það skelfilega tilfelli sem prófastinum séra Sæmundi Oddssyni hefur til vitundar gefið verið af heiðurlegum séra Jóni Eyjólfssyni eldra bréflega um Halldór

1. Finnbogason, hvör eftir votta meðkenningu hefur játað sig snúið hafa drottinlegri bæn, Faðir vor, uppá andskotann, hvörja hann hafi svo lesið þeim áheyrandi sem eftirfylgir: Skratti vor þú sem ert í víti, bölvað veri þitt nafn, tilkomi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem í víti. Gef oss í dag vort daglegt brauð, fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér fyrirgefum vorum skuldunautum. Vottar að þessu 7. desember 1684. Þórður Þorbjörnsson, Marteinn Jónsson, Sigmundur Sigmundsson.

2. Framar framkemur um nefndan Halldór að hann hafi snúið skriftarganginum uppá andskotann og hans upphaf svo lesið sem eftirfylgir: Minn kæri og verðugi skratti, ég bið þig gjarnan að heyra mína játning og hugga mig með Satans orði, og segja mér svo minna synda fyrirgefning í djöfulsins nafni. Vottar að þessu, Högni Þorbjörnsson, Marteinn Jónsson, Sigmundur Sigmundsson. Hafði heiðurlegur kennimann séra Jón Eyjólfsson eldri 8. desember 1684 að Hofstöðum í Álftaneshrepp aðspurt Halldór Finnbogason hvort það væri satt að hann hefði snúið uppá andskotann þeirri drottinlegu bæn Faðir vor? Hvar til téður Halldór svaraði eftir votta meðkenningu: Ekki get ég haft á móti því. Vottar að þessu, Halldór Jónsson, Jón Gíslason, Guðmundur Jónsson, Gísli Jónsson.

3. Hér að auki framkom vitnisburður sýslumannsins virðuglegs Jóns Sigurðssonar, Guðmundar Jónssonar og Halldórs Árnasonar, útgefinn að Einarsnesi 1685 þann 26. desember, að heiðurlegur kennimann séra Jón Eyjólfsson eldri hefði aðspurt Halldór Finnbogason hvort það væri satt að hann hefði snúið þeim góða sálmi, Eilífur Guð og faðir kær, uppá skrottann, hvar til Halldór Finnbogason hafði svarað: Satt er það prestur minn, og þar eftir svo lesið velviljuglega:

Eilífur skratti og faðir kær,
án upphafs alls og enda,
á þig alleina trúum vær,
sem helvísk skrift oss kenndi,
að hafir þú fyrir þinn hæsta kraft,
himin og jörð af öngvu skapt,
og skepnur allra handa.

Ég trúi og svo á Satan víst *etc.*

Var nú Halldór Finnbogason hér persónulega og opinberlega aðspurður í sýslumannsins, vorri og þingsóknarmannanna viðurvist hvort hann meðkenndi fyrrskrifaða pósta réttilega uppá sig skrifaða, nefnilega að hann hefði snúið drottinlegri bæn, Faðir vor, skriftarganginum og fyrrgreindum sálmi uppá andskotann? Hvað hann játaði satt og rétt vera uppá sig sagt og skrifað.

4. Framar meðkennir Halldór Finnbogason lostuglega sig um heilagt *sacramenti* svo talað hafa: Mér smakkast betur lýs, og þeirra blóð, heldur en berging brauðs og víns í *sacramentinu*. Var nú Halldór Finnbogason *examineraður* um skilning sinnar trúar, sem þar um spurningar og andsvör skrifleg og undirskrifuð votta, og þessu máli meðfylgja skulu, en með því að prestarnir eru svo fáir vegna forfalla, og þar með ei komin sú rannsókn sem að er hjá séra Jóni Eyjólfssyni eldra, þá uppsetjum vér frekari aðgjörðir sem oss viðkoma í þessu skelfilegu máli til annarar prestastefnu, sem með tíð og hentugleika áformað er að ske skuli. En til vitnis uppá áðurskrifað eru vor nöfn með eigin höndum, sama stað, ár og dag sem fyrr segir. (Undirskrifuð nöfn) Sæmundur Oddsson, Páll Gunnarsson eldri, Páll Gunnarsson eh, Jón Guðmundsson, Jón Eyjólfsson yngri meh, Þorsteinn Þórarinnsson.

4. *Examen* Halldórs Finnbogasonar 15. janúar að Hjarðarholti á tilsettum prestasamfundi af séra Sæmundi Oddssyni. Var Halldór Finnbogason *examineraður* og yfirheyrður af heiðurlegum kennimanni séra Páli Gunnarssyni eldra og þessum áheyrandi kennimönnum, séra Jóni Guðmundssyni, séra Jóni Eyjólfssyni og séra Páli Gunnarssyni yngra í eftirskrifuðum spurningum:

1. Trúir þú Halldór Finnbogason á einn Guð skapara himins og jarðar? Þar til svaraði Halldór svo: Já.

2. Var Halldór Finnbogason aðspurður hvað hvör guðdómsins persóna hefði honum til sáluhjálpar gjört? Hann svarar: Guð faðir hefur skapað mig eftir sinni mynd. Guðs sonur Jesús hefur endurleyst mig og frelsað frá dauðanum og djöfulsins valdi. Heilagur andi hefur helgað mig og upplýst með sínum ástgjöfum.

3. Hvör hefur frelsað þig og allt mannlegt kyn frá synd, dauða og djöfuls valdi? Svar Halldórs: Guðs son Jesús Kristus.

4. Með hvörju frelsaði hann þig? Svar: Hann frelsaði mig með sínu dýrmæta blóði.

5. Til hvörrar nytsemdar hefur Guðs son úthellt sínu blóði fyrir þig á krossinum? Svarar Halldór: Mér til syndalausnar og sáluhjálpar.

6. Hvar til vildir þú meðtaka *sacramentið*? Svarar Halldór: Mér til trúarstyrkingar, syndanna fyrirgefningar og sáluhjálpar.

7. Hvað meðtekur þú í *sacramentinu*? Svarar Halldór: Hold og blóð Jesú Kristi undir brauði og víni.

8. Trúir þú Halldór Finnbogason að Guð muni upp reisa alla menn framliðna úr jörðu til eftirkomanda lífs? Svarar Halldór: Já.

9. Trúir þú að heilagur Kristur sé komandi á síðasta degi að dæma lifendur og dauða? Svarar hann: Já.

10. Hvað gjörir heilagur Kristur af guðhræddum og óguðhræddum á þeim síðasta dómi? Svarar Halldór: Hann setur þá guðhræddu sér til hægri handar og óguðhræddu sér til vinstri.¹

11. Hvað verður af börnunum þeim góðu sem til hægri handar eru sett? Svaraði Halldór: Þeir guðhræddu verða í eilífri dýrð en þeir óguðhræddu í helvíti, hvar þeir frjósa og brenna og kenna² fýlu og óðaun.

12. Hvör hefur tilsett og samsett drottinlega bæn? Svar Halldórs: Guð.

13. Hvör hefur komið þér til þess að snúa drottinlegri bæn og öðrum góðum sálum uppá andskotann? Svarar Halldór: Enginn.

Uppá framan- og ofanskriðuð orð og yfirheyrslu Halldórs Finnbogasonar setja heiðurlegir kennimenn sem áheyrandi voru sín nöfn og eigin handskriftir hér undir, sama stað, ár og dag sem fyrr segir. (Undirskriðuð nöfn) Páll Gunnarsson eh, Páll Gunnarsson eldri, Jón Eyjólffson yngri meh, Jón Guðmundsson meh.

No. 5. Önnur *citatia* til prestanna 4. febrúar 1685:

Eruverðum, heiðarlegum og vellærðum kennimönnum í Þverárþingi að vestan, séra Jóni Ólafssyni og hans meðhjálpara séra Jóni Eyjólffssyni yngra, séra Páli Gunnarssyni eldra, séra Páli Gunnarssyni yngra, séra Þorsteini Þórarinssyni, séra Jóni Eyjólffssyni eldra, séra Halldóri Jónssyni, séra Jóni Guðmundssyni, séra Jóni Jónssyni, mínum elskulegum vinum og meðbræðrum í Kristo. *S. cjjficiosam.*

Eftir því aðgjörðir sem andlegum tilhlýða í því forljóta Halldórs Finnbogasonar máli urðu ei með dómsatkvæði til lykta leiddar á afstaðinni Hjarðarholts prestastefnu 15. janúar vegna hindrunar og forfalla heiðurlegra kennimanna í þeim miklu vatnavöxtum. En frekari yfirskoðun og úrlausn tilhlýðir oss í því máli, svo undir veraldleg yfirvöld til fyllilegrar forþéntrar *excentionis* komast megi. Því hef ég enn nú að nýju í heilögu nafni tilsett prestasamfund að Svignaskarði þann 17. febrúar næstkomandi, hvör ef forfallast þá sá 18. *ejusdem* í staðinn. Bið ég yður heiðarlegir bræður og einninn tilsegi míns embættis vegna að þér einkum allir *comparerið* á nefndum stað og degi tímanlega það verður, svo oss orðsakist eigi frekara ómak í þessu efni. Hjálpi oss Guð með sínu orði og anda, svo sérhvör kunni réttilega að framfylgja skyldu síns embættis, Guði

1 *vinstri*: í beinu framhald er strikað yfir *handar*

2 *frjósa og brenna og kenna*: fyrst skrifað *frjósa brenna kenna* en og-unum bætt við fyrir ofan línu

almáttugum til vilja og þóknunar, þeim sama þér og allir yðar með farsældar óskum trúlega befalaðir.

Hítardal 4. febrúar *anno* 1685. Yðar heiðursemi þénari velviljaður alltið.¹ Sæmundur Oddsson.

Svignaskarðs prestastefnudómur

Anno 1685 þann 18. febrúar að Svignaskarði voru heiðurlegir kennimenn til prestastefnu samankomnir eftir tilsettri *citatiu* af prófastinum séra Sæmundi Oddssyni þessir, séra Páll Gunnarsson eldri, séra Páll Gunnarsson yngri, séra Jón Guðmundsson, séra Jón Eyjólfsson eldri, séra Jón Eyjólfsson yngri, séra Halldór Jónsson, séra Þorsteinn Þórarinnsson, til að álíta og yfirvega mál Halldórs Finnbogasonar sem á Hjarðarholts prestastefnu sakir heiðurlegra kennimanna forfalla og hindranar ei komst til þeirrar fyrirgreiðslu sem menn vildu og vera átti. Nefnilega um fyrirtéðs Halldórs stórkostlega yfirsjón, affæring og umbreyting á drottinlegri bæn, Faðir vor, skriftarganginum, *item* hans skelfilegu óvirðingarorð um það blessaða kvöldmáltíðarinnar *sacramenti*, með umbreytingu þess góða sálms, Eilífur Guð og faðir kær. Eftir því sem hans játun á fyrri prestastefnu að Hjarðarholti 15. janúar er stíluð, vottuð og handskrifuð, hvörja hann enn nú meðkenndi rétt og satt vera uppá sig skrifaða.

Framkom nú sú rannsókn sem vænst er og tilætlað í Hjarðarholts undirbúningi af heiðurlegum kennimanni séra Jóni Eyjólfssyni eldra tekin eftir prófastsins séra Sæmundar Oddssonar skikkun í Álfthanessókn með tólf manna nöfnum undirskriftuðum, að þeir haldi nefndan Halldór hafa gott og greinilegt vit á sínum sáluhjálparefnum, marga guðrækilega bæn og sálma kunna, og annað það það² hans kristilegri trú viðkemur, fyrir utan það sem nú er upp um hann komið. En í daglegri umgengni og háttalægi veraldlegu hafi hann sýnt á sér heimskulegt athæfi með ljótu vísnabuldri um aðra menn og öðru þess háttar. *Datum* þessa 1685 þrettánda dag jóla. Einnin í Álfhártungu- og Staðarhraunsóknum af heiðarlegum kennimanni séra Jóni Guðmundssyni fornumin sóknanna meining tvífaltug um téðan Halldór í áðurnefndu efni, sem vegna forfalla er hér ei skrifleg komin, en seinna með Guðs hjálp sendast skal.

Svo og upplesið *examen* Halldórs Finnbogasonar hér af heiðurlegum kennimönnum undirskrifað, sem á Hjarðarholts prestastefnusamfundi vænst er og hér með fylgir.

Var nú Halldór Finnbogason hér persónulega nálægur og svo aðspurður

1 *Yðar heiðursemi þénari velviljaður alltið*: í handriti er skammstöfunin y.y.y. h.s. þ. v.v.a.t. sem tülka má með þessum hætti

2 *það*: í beinu framhaldi er strikað yfir *sem*

uppá sína játning um hans skelfilega afvegaleiðslu, sem eftirfylgir: Hvort hann afneitaði djöflinum og öllum hans verkum og öllu hans athæfi, og einnig afturtæki þau illu orð og óguðlegu sem hann talað hefur Guði til styggðar og kristilegri kirkju til hneykslunar, hvað hann sagðist feginn gjöra vilja.

Nú með því að Guð er dómari á jörðu og hann vill öngvum sína æru gefa og hefur skipað að dæma á milli sín og síns víngarðs, og vér finnum að soddan skaðlegur þyrnir og súrber er hér uppvaxið í herrans akurlendi, orðsakar oss skylduglega Guðs ótti að skilja á millum þessa illgresis og hveitisins, eftir Kristi orðum.

1. Uppá Halldórs Finnbogasonar skelfilega og skaðsamlega umbreyting á þeirri blessuðu Drottins bæn, Faðir vor, fordæmum vér þau fyrstu orð er hann sagt hefur: Skratti vor þú sem ert í víti, bölvað veri þitt nafn. Því það er óguðleg ræða forboðin af Guðs anda, Róm. 2; 1. Tím. 6; Kól. 3; 1. Kór. 16; Matth. 12; Lúk. 6; Sál. 34; Róm. 16; 1. Pét. 3. Hér til það falska og bölvada nafn sem hér er tiltekið finnum vér forboðið í soddan meiningu að nefna, Exod. 23, *item* 20; Deut. 5, 20; Matth. 12. Hvað hvortveggja sýnir í orðunum opinbera afguðadýrkun og *apostasían* móti fyrsta boðorði, kristilegri trú og kristindómsbálki.

2. Fordæmum vér þann annan póst sem Halldór tiltekur í drottinlegri bæn, Tilkomi þitt ríki, þar soddan er uppá andskotann stílað og er hin versta og skaðsamasta bæn á móti Guðs ríki, gagnstæð Guðs náðar ríki hjá oss og Jesú Kristi, móti Guðs vilja, móti Guðs kristni, móti heilsusamlegum lærdómi. Og þar fyrir með fordjörfuninni, falskenningu og öllu illu. Á móti Jesú Kristo sem vill að allir menn verði sáluhólpnir, 1. Jóh. 2, v. 8; 1. Jóh. 3; Róm. 14; Lúk. 11; 1. Tím. 2; Act. 4 *et* 10. Þetta *blasphemia*, guðlöstun á móti öðru boðorði.

3. Halldórs orð: Verði þinn vilji svo á jörðu sem í víti, fordæmum vér og forköstum svo sem annari bölvun, því vér kjósum og viljum með sankti Páli að Guðs vilji verði vor helgan og allra kristinna manna til sáluhjálparinnar, Mark. 3; 1. Tím. 2; 1. Þess. 4. *Blasphemia*.

4. Þar hann segir til djöfulsins: Gef oss í dag vort daglegt brauð, forköstum vér og fordæmum alla þá bölvada dýrsins máltíð, uppfyllta af Guðs reiði og eilífri fyrirdæmingu, Apoc. 14; Ap. 17 og 18. En vonum uppá Drottinn og hans orð með Davíðsál. 147; Sál. 104; Deut. 8, af Kristo innsiglað, Matth. 4. Guðlöstun.

5. Fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér fyrirgefum vorum skuldunautum, fordæmum vér svo sem eina fullkomna guðlöstun, blífandi í fullri trú og von um vorra synda fyrirgefning, alleina hjá Guði og hans Kristo, með Davíð og öllum Guðs börnum, Jes. 43; Sál. 130; Mik. 6; Sál. 51; Matth. 9; Lúk. 7; Act. 4 *et* 10; 1. Jóh. 1. Og viljum fegnir óska að Guð af oss og öllum mönnum hafi sinn heiður en öngva forsmán, 1. Sam. 2; Deut. 32; Sál. 115.

2. Í öðru lægi yfirveguðum vér og athuguðum skriftargangs umbreyting Halldórs uppá andskotann, svohljóðandi: Minn kæri og verðugi skratti. Ég bið þig gjarnan að heyra mína játning og hugga mig með Satans orði, og segja mér svo minna synda fyrirgefning í djöfuls nafni. Og fordæmum hana bölvada og forkastandi svo sem fullkomna guðlöstun og afguðadýrkun.

3. Í þriðja lægi komu til yfirskoðunar þau skelfilegu og ógnarlegu óvirðingarorð um Kristi blessað kvöldmáltíðar *sacramenti* svohljóðandi: Mér smakkast betur lýs og þeirra blóð heldur en berging brauðs og víns í *sacramentinu*, segir Halldór, hvör orð vér fordæmum og höldum heima eiga til Hebreos 10, v. 29, um þann sem son Guðs með fótum treður og testamentisblóðið saurugt reiknar, fyrir hvört hann er helgaður og svívirðir náðarinnar anda.

Vide 1.
Kór. 10.

4. Í síðasta máta kom fyrir um þann góða sálm, Eilífur Guð og faðir kær, af Halldóri uppá andskotann óheyrilega snúinn í fyrsta og öðru versí svo sem eftirfylgir:

Eilífur skratti og faðir kær,
án upphafs alls og enda,
á þig alleina trúum vær,
sem helvísk skrift oss kenndi,
að hafir þú fyrir þinn hæsta kraft,
himin og jörð af öngu skapt,
og skepnur allra handa.

Ég trúi og svo á Satan víst *etc.*

Hvað oss virðist full afguðadýrkun, kristilegrar trúar afneitun og svo sem frekasta guðlöstun.

Par fyrir í herrans nafni, hvört ævinlega veri blessað, með því að soddan skelfileg níðsla Guðs dýrðar og hans helgidóms má ei strafflaus afleiðast, en vitum af Guði almáttugum afhent sverðið veraldlegri valdstjórn, vondum til hegningar. Því dæmum vér fyrrnefnda persónu Halldór Finnbogason undir veraldlegs yfirvalds ströffun, nefnilega fyrst virðuglegs sýslumanns Jóns Sigurðssonar, svo mikið sem hans embættisskyldu áhærir til að hlutast, en þennan vorn dóm til forbetrunar á því að mætti vera og oss yfirsjást kann setjum vér inn fyrir vorn eruverðuga herra og *superintendentem magister* Þórð Þorláksson undir þann úrskurð og ályktun sem hans herradómur sér hér úti tilhlýða. *Interim* meðan nefnd sakapersóna Halldór Finnbogason dvelst óströffuð hér í Þverárþingi að vestan, biður og tilsegir prófasturinn séra Sæmundur Oddsson sínum héraðs heiðurlegum kennimönnum að þeir nefnda persónu til bænar taki

á þræðikunarstólnum eftir þræðikun, eftir sankti Jakobs orðum, að til iðrunar og yfirbótar leiðast mætti. Þessari vorri framanskrifaðri ályktun og dómsatkvæði til staðfestu og sannindamerkis setjum vér vor nöfn hér undir á sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir. Samþykki, Sæmundur Oddsson. (Undirskrifuð nöfn) Páll Gunnarsson eldri meh, Páll Gunnarsson eh, Halldór Jónsson meh, Þorsteinn Þórarinnsson eh, Jón Guðmundsson meh, Jón Eyjólfsson eldri eh, Jón Eyjólfsson yngri meh.

7. Álftártungu sóknarmanna meðkenning um Halldór Finnbogason: Meðkennum vér undirskrifaðir Álftártungu sóknarmenn, fyrr og nú tilkvaddir af vorum sóknar kennimanni séra Jóni Guðmundssyni, eftir skikkan eruverðugs prófastsins séra Sæmundar Oddssonar, um Halldór Finnbogason, þessa vera vora einfalda meining, að vér höldum nefndan Halldór skynbragð hafa á sínum sálhjálparefnum og margt það af góðum sálum og bænum numið og lesið hafa er kristilegum hjálpræðislærdómi viðvíkur. En þar fyrir utan í daglegri framför og háttalagi neitum vér ekki greindan Halldór hégómlega og mjög gálauslega framgengið hafa, bæði með vísnabuldrum og öðru jafnslæmu háttalagi er nú raun gefur vitni. Til merkis undirskrifum vér og undirsetja látum vor nöfn, Álftártungu í Álftaneshrepp þann 2. sunnudag í níuviknaðföstu sem er 22. dagur febrúar *anno* 1685. (Undirskrifuð nöfn) Gísli Snorrason meh, Magnús Einarsson handsalaði, Jón Þórðarson eh, Jón Halldórsson handsalaði, Gísli Sigmundsson meh, Teitur Þorleifsson handsalaði, Þorlákur Þórðarson með eigin hendi, Hannes Ásmundsson handsalaði.

No. 8. Staðarhrauns sóknarmanna meðkenning! Játum vér undirskrifaðir Hraunskirkju sóknarmenn, tilkvaddir nú sem fyrrum af vorum heiðurlegum sóknar kennimanni séra Jóni Guðmundssyni, eftir tilhlutan erugöfugs héraðs-prófastsins séra Sæmundar Oddssonar, um Halldór Finnbogason, þessa vera vora eiginlega meining, að vér höldum nefndan Halldór skynbragð hafa á sínum sálhjálparefnum og margt af heilögum sálum og andlegum bænum numið og yfirfarið hafa er til nytsamlegs sálhjálplegs fræðis heyrir, en þar fyrir utan í hvörsdaglegu siðferði¹ mótseggjum vér ekki fyrrnefndan Halldór hirðulauslega og ósómasamlega sem vitgrönnum og tilsagnar skorta munaðarleysing umgengist hafa, einkum þar hönum ekki hefur með nauðsynlegri tilhlutan hamlað og aftrað verið, hvar ein reynslan sjálf er nú opinbert vitni. Til staðfestu þessari vorri einfaldri í ljós leiddri meðkenningu, undirsett vor nöfn að Maríukirkju undir Hrauni í Hraunhrepp *anno* 1685 þann 22. dag febrúarmánaðar. (Undirskrifaðir) Nikulás Finnsson meh, Snorri Eiríksson meh, Eyjólfur Pálsson meh, Gísli Hallvarðsson meh, Jón Sigmundsson meh.

1 *siðferði*: breytt úr *framferði*

Þetta fyrir framan skrifað á átta blöðum hljóðandi um mál Halldórs Finn-
bogasonar er samhljóða hvör póstur við sinn *original*. Til vitnis vor nöfn er
samanlásam að Hítardal 25. febrúar *anno* 1685. (Undirskrifuð nöfn) Sæmundur
prestur Oddsson, Vigfús Jónsson meh, Jón Jónsson mpp, Jón Guðmundsson
meh.

Pennan hér fyrir framan skrifaðan dóm virðuglegs prófastsins séra Sæ-
mundar Oddssonar og hans héraðspresta hef ég athugað og yfirlesið, og finn
hann í Guðs heilaga orði vel grundvallaðan, hvörs vegna ég hann það mínu
embætti viðvíkur fullkomlega samþykki í öllum greinum. Til merkis undir-
skrifað nafn.

Skálholti þann 11. apríl *anno* 1685, Þórður Þorláksson.

Skikkun *magisters* Brynjólfs um tillag uppgefina presta af Holtstað undir Eyjafjöllum

Heiðarlegum og vellærðum kennimönnum séra Þorleifi Jónssyni prófasti í
Rangárþingi, séra Magnúsi Jónssyni og séra Þorsteini Jónssyni mínum elsku-
legum vinum og bræðrum í Kristo óska ég undirskrifaður náðar og miskunnar
af Guði föður fyrir Jesúm Kristum í heilögum anda. Hér með yður elskulegir
vinir auglýsandi að sá allsvoldugi eilífi Guð sem allra manna líf og heilbrigði
hefur í sinni hendi hefur sína hirtingarhönd lagt á heilsufar og líkama þess
fróma kennimanns séra Gísla Pálssonar, hvör nokkur fá ár í kennimanlegu
embætti þjónað hefur suður að Kirkjuvogs og Hvalsness kirkjusóknum, svo
hann þar fyrir forfallast og hindrast embættisins ómak og erfiði framvegis að
forstanda. En þær sóknir svo fátækar og inntektalitlar að naumlega er uppheldi
einum, þolandi því ekki kapelán og meðhjálpara í kallinu, hvörs vegna hann
hlýtur sig frá þessum þingum að gefa að næstkomandi fardögum svo að sá megi
innsetjast og við vera sem allareidu er í staðinn kallaður. En hann hverfur að
hjúkrun og þjónustu foreldra sinna með því að þeim veikleika er svo varið að
vandalausir munu ekki hann til daglegrar þjónustu annast vilja sem vonlegt er
að flestum rísi hugur við umgengni krenktra manna.

Nú er það sannlega fyrir mig komið að standast muni á skuldir hans og
ávinningur í plássinu og óvíst hvort þó hrökkur til skuldanna. Því er ekki annar
vegur til hans lífsbjargar og uppheldis næst Guði en að leita þeirra meðala sem
vorir forfeður með yfirvaldanna fyrirsögn og samþykki hafa áður við vanfæra
fátæka kennimenn fundið og framhaldið, sem er að leita þeirra staða og
kennimanna sem þar til hafa *taxeraðir* verið að öndverðu og síðan hefur við-
gengist þá við hefur þurft. Því óska ég nú og bið yður elskulegir vinir Guðs

vegna og kristilegs kærleika að ásjá þessa nauðsyn vors náunga og meðbróður í Kristo eftir góðum og loflegum kristilegra forfeðra skikkun og dæmum, og leggja af nokkra *collectu* þessum veikum og nauðstöddum kennimanni til uppheldis eftir staðanna inntektum og formegan móts við hina skástu staðina aðra í fjórðunginum, sem hér hafa tilnefndir verið, svo að öll *collectan* fjórðungsins vinnist til 5 hundraða, sem dæmt hefur verið. Tek ég svo til í yðar trausti að *taxera* af Odda hundrað, af Breiðabólstað hálf tannað hundrað, á Holti tíu aura, og að þetta gjald mætti hálfpart greiðast í málmytu í fardögum en hálfpart í smjöri, fiski eður öðrum þvífikum gagnlegum aurum að hausti að Maríumessu síðari þar í nálægð hvar hann hvílist, sem er í Borgarfirði fyrir sunnan Hvítá, svo það bregðist ekki meðan þessi hans þarfar og nauðsynja tíð stendur yfir. Og með því ég þekki yður alla einn og sérhvörn að guðhræðslu og kærleika þá er ég óefaður að þér munið án trega og mótmælis þetta Guði þægilegt ölmusuverk vel afkomast láta, hvað Guð sjálfur skal yður mildilega og ríkuglega umbuna í þessu ljósi og öðru eftir sínum blessuðum fyrirheitum hlífa yður og yðar frá allskyns voða og háska og að lyktum með eilífri dýrðar kórónu krýna. Þess óska ég yður og oss öllum í Jesú nafni *amen*.

Brynjólfur Sveinsson.

Að þetta sé rétt útskrift af *originalnum* meðkennum við undirskrifaðir, Hákon Ormsson mpp, Magnús Þorsteinsson meh.

Að þetta sé rétt útskrift af handskrifaðri *copiu originalsins* vottum við undirskrifaðir er sáum og samanlášum. Að Þingvelli þann 8. júlí *anno* 1685.

Hjalti Þorsteinsson eh

Björn Þórðarson eh

In nomine Domini amen

Anno 1686 dag 3. júlí á almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli voru þessir heiðurlegir kennimenn til aðkvæða og úrlausnar nefndir og tilkallaðir af *magister* Þórði Þorlákssyni á þeim stiftisins erindum og *casibus* sem andlegum ber yfir að segja og hingað með réttu heyra kunna. Séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Oddur Jónsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Egill Helgason, séra Jón Torfason, séra Björn Þórðarson, séra Gísli Álfsson, séra Jón Gíslason, séra Þorsteinn Þórarinsson.

1. *In primis* frambar virðuglegur prófasturinn séra Einar Einarsson eitt hjónabandsmál sem til rannsóknar komið hafði á Byáskerjum á Miðnesi *anno* 1685 þann 15. september, hvörtju svo var varið að Sigríður Marteinsdóttir hafi framborið fyrir prófastinn um hórdómsbrot hennar egtamanns Þórðar Odds-

sonar á næstumliðnu ári *anno* 1685, hvörjum framburði til styrkingar þá framkom bréf virðuglegs sýslumannsins Jóns Sigurðssonar, að greindur Þórður í barneignarbrot fallið hafi á fyrirtéðu ári. Hefur og einninn nefndur Þórður sína egtakvinnu Sigríði Marteinsdóttur fyrirgefningar beðið fyrir áðurgreint sitt hórdómsbrot, sömuleiðis auðmjúklega óskað að hún sig til hjónabandssamvistar aftur taka vildi, hvar á enginn kostur var af henni gjörður heldur óskaði hún að hjónabandið skilja megi að lögum við Þórð Oddsson, svo sem prófastsins og fimm nálægura presta skrif þar um vottar. Hafði Sigríður á fyrrgreindum prestasamfundi að Býaskerjum framlagt vitnisburði síns sóknarprests og Hvalsneskirkju sóknarmanna *sub dato* 1685 dag 2. júlí, hvar inni þeir játa og meðkenna að Sigríður Marteinsdóttir hafi sér frómlega hagað við sinn egtamann Þórð Oddsson og ekkert tilefni honum gefið til hans hórdómsbrots að þeirra vitund, hvað hið sama Þórður Oddsson hér persónulega nálægur og svo meðkennir satt vera. Var Sigríður af prófastinum aðspurð hvort hún hefði holdlegt samræði framið með Þórði Oddssyni síðan hún vissi hans hórdómsbrot, hvörju hún neitað hafði með handsölum þar uppá við prófastinn, lofandi það með eiði að sanna ef sér tildæmt yrði, hvörju Þórður Oddsson nú einninn játar. Þar fyrir að öllu þessu máli svo athuguðu og yfirveguðu er það fullkominn dómur þessarar *synodi* að hjónaband Þórðar Oddssonar og Sigríðar Marteinsdóttur sé sundurlaust og þau skyldug hér eftir sér að hegða eftir því sem tiltekur í hjónabands *articulum* Friderici secundi, nefnilega að Þórður Oddsson gifti sig ei aftur án sérdeilis kónglegrar *majestets* leyfis og sé ei heldur búfastur í þeirri sömu kirkjusókn, og ekki í þeim sama stað né héraði þar sem Sigríður hefur sitt heimili.

2. Kom einninn fram annað hórdómsmál úr Hornafirði í Skaftafellssþingi eftir skriflegri rannsókn héraðsprófastsins sáluga séra Magnúsar Péturssonar og fjöggra hans héraðspresta, sem eftir hans forlægi hafi samankomið að Bjarnanesi í hans fjarlægð og forföllum¹ 1685 þann 26. maí, hvörju svo er varið að Ingimundur Kolbeinsson hafi með opinberri barneign í hórdóm fallið framhjá sinni egtakvinnu Ólöfu Teitsdóttur, hana síðan þar um fyrirgefningar beðið og auðmjúklega viðleitast það hún vildi sig aftur náða og meðtaka til hjónabands-samvista framvegis, en hún það í allan máta fullkomlega afsagt, heldur alvarlega óskað að hún mætti eftir kónglegu lögmáli laus og frjáls verða frá hjónabandi við Ingimund Kolbeinsson. Kemur og fram í sama héraðsprestaskrifi meðkenning Ingimundar að hann gefi Ólöfu öngvar sakir sem hönum hafi orðsök verið til þess hórdómsbrots. Tjáist og líka að þau hafi hvort frá öðru frjáls verið uppá holdlegt samræði síðan hórdómsbrotið auglýstist.

1 í hans fjarlægð og forföllum: á spássú

Nú að þessu hjónabandsmáli svo yfirveguðu og athuguðu er í herrans nafni dómur og ályktan biskupsins og nálægra kennimanna að hjónaband Ingimundar Kolbeinssonar og Ólöfar Teitsdóttur sé öldungis sundurlaust og aðskilið upp héðan, og Ingimundur skyldugur að halda sig eftir kónglegar *majestets* befallingu í hjónabands *articulum*, einkum að hann megi sig ei gifta án kóngsleyfis, né heldur vistfastur vera í þeirri kirkjusókn eður héraði sem Ólöf Teitsdóttir hefur sitt heimili.

3. Í þriðja lægi var upplesið í *synodo* þetta eftirfylgjandi bréf um trúlofunarmál úr Skaftafellspingi, svo sem það sér líkast hermir orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Anno 1686 þann 11. maímánaðar að Kirkjubæjarklaustri á Síðu vorum vér undirskrifaðir prestar Skálholtsstiftis samankomnir og nú tilkvaddir af héraðs-prófastinum í Skaftafellspingi, séra Magnúsi Péturssyni, til að álíta og rannsaka þau trúlofunarkaup sem hér í Kirkjubæjarklausturs kirkjusókn framfarið höfðu millum Einars Ólafssonar og Hólmfríðar Ögmundsdóttir 1685 með jáyrði og samþykki allra þeirra er hlut að áttu því málefni þau rétt eftir *ordinantiunnar* hljóðan. Framfóru í kirkjusöfnuðinum tvær lýsingar nefndra persóna á milli, hvar eftir að nokkrum tíma liðnum nefnd Hólmfríður reyndist ólétt og fæddi barn áður en festingin og sú þriðja lýsingin skyldi framfara. Að hvörju sínu barni hún föður lýsti áðurnefndan Einar Ólafsson, en hann barninu ei viðgöngu veita vildi, samt þó meðkenndist sig holdlegt samræði með henni framið hafa. Áðurnefnd Hólmfríður framar rannsökuð lýsti föður að sama barni giftan mann Eirík Runólfsson, hvört brot Eiríkur Runólfsson meðgekk. Tóku báðir lausn opinbera nefndir menn, Einar og Eiríkur, sem og konan sjálf, og sig með féútlátum við kóngsvaldið fríuðu. Hefur nú síðan allt til þessa sig frágefíð nefndur Einar þessari framkvæmd til ektastéttarinnar að fylgja eftir því sem hér rómast skilvíslega og þó áminntur þar um oftlega verið hafi bæði af prestinum séra Einari og svo líka nýlega á þessu vori 6. dag apríl af prófastinum og göfugum sýslumanninum Ísleifi Einarssyni, og fleirum öðrum frómum mönnum, góðfúslega áfýstur að hann skyldi nefnda persónu Hólmfríði egta, þá hefur þó títtnefndur Einar það einfaldlega og alvarlega afsagt.

Var nú þráttnefndur Einar Ólafsson hingað á þennan samfund boðaður til andsvara og nú persónulega fyrir hendi viðstaddur til viðurmælis. Þar fyrir leituðum vér af hönum enn nú og aðspurðum hvort hönum væri það alvara að egta ekki þessa sína trúlofaða persónu Hólmfríði, hvar uppá hann gaf glöggt já, að hann vildi ekki henni samtengjast til egtastéttar. Þessu næst leituðum vér eftir og beiddustum af hönum að hann framlegði þær orðsakir (ef til hefði) hvörra vegna hann hana ei egta vildi, en hann frambar og færði henni á hendur þá legorðssök að hún hefði fallið með giftum manni Eiríki Runólfssyni, hvað

opinberast hefði með augljósri barneign og hennar sjálfrar viðgöngu um síðir, nokkrum tíma frá því þegar hann og Hólmfríður trúlofuðust, hvað allt sér hefði þá verið óvitanlegt þegar trúlofanin framfór, og þar fyrir þegar hann vissi hana af öðrum krenkta segist hann hafa sig frá henni gefið og eigi vilji hann hana til sátta né til þeirra náða taka sem viðvíki egtadóm við hana að binda eður fullkomna, heldur kjósi sér þeirra fríheita að njóta sem Guðs og mannanna lög um hljóða og í hjónabands *articulunum* innfærð eru um þvílík efni. Framar var nú Einar aðspurður hvort hann væri þar af saklaus eður eiðfær (ef viðlægi) að hann hefði ekkert samræði með líkamans losta saurugan haft við þessa áðurnefnda Hólmfríði síðan hann fornam og vissi hana af öðrum manni krenkta að vera, hvar við hann kvað já, og lofaði með handsölum héraðsprófastinum eið að vinna (ef sér dæmdist). Hér að auki framkom skrifleg vottuð meðkenning og ljósleg lýsing Hólmfríðar Ögmundsdóttir, þar hún óneydd því lýsir og meðkennir að hún og Einar Ólafsson hafi ei samantekið til holdlegs samræðis síðan hún fæddi sitt barn í heiminn og öngva von viti hún til að hann sig af öðrum manni¹ krenkta vissi þegar nefndur Einar og hún viðfengust til samræðis² síðan hún fæddi sitt barn í heiminn. Vottar að þessari meðkenningu eru þrír frómir menn í viðurvist séra Einars Bjarnasonar.

1. Og nú með því konan sjálf nefnd Hólmfríður afsakar Einari fyrrnefndan um samræði við sig eftir það hún vissi sig af öðrum krenkta.

2. Þess og annars að framburður og kærumál Einars til hennar leiðir sig sjálft heim til sanninda og bevísinga uppá legorðssökina með barngetnaði og fæðingunni.

3. Með því ei heldur annað ryktað né byggðafleygt verið hefur um þau en það að Einar hafi sig frá henni tilbærilega haldið um þennan tíma (svo mikið sem oss nú að heyrn augljóst er) af frómum mönnum, og enginn framkemur sakaráberi Einars í þessu máli, þar fyrir virðist oss að ekki sé nauðsyn á eiði Einars í þessu máli nema mótparturinn sér nokkuð það tilfæri sem löggilt vera kunni, og ei er enn framkomið, og æðra yfirvaldi sýnist á annan veg að álykta.

Item sýnist oss að fyrrnefndur Einar hafi ekki fyrirfarið sínu áðurnefndu kærumáli og sakargift til áðurnefndrar Hólmfríðar uppá aðskilnaðarréttinn, fyrst hann vill hana ekki náða né til sátta taka uppá egtadóminn. Hér að auki var nú fyrir oss nefnd Hólmfríður innvirðulega rannsökuð og aðspurð hvort hún nokkuð sér til forsvars framleggja kynni mót sakargift Einars, hvar um hún ekkert í ljósi lét né heldur hennar faðir Ögmundur Sighvatsson, hvör einnin

1 *manni*: breytt úr *mönnum*

2 *og öngva von ... til samræðis* er tvítekið og strikað undir síðara skiptið, en til greina kemur að hér hafi átt að koma orð um að þau hefðu ekki samrekkt síðan barnið fæddist, því eins og setningin hljóðar er eins og samræði hafi átt sér stað sem ljóst er af málavöxtum að var ekki

persónulega hér viðstaddur var. Og nú eftir því Einar framfylgir sínu ákærumáli til nefndrar Hólmfríðar og beiðist ályktunar eður álita eftir sinni sakargift eður undirréttingu framlagðri, og hér kemur líka á veginn forboð hans föðurs Ólafs Jónssonar að hann bannar og fyrirbýður þessum sínum syni Einari nefnda Hólmfríði að egta, bæði vegna áðurgreindra orðsaka og þeirra annra sem hönum þykir sínu geði og samvitsku á móti ganga og áfallið hafa síðan trúlofunina, og með því Einar beiðist fullkomlega ályktunar eður dómsaðkvæðis uppá sín framborin málefni sem fyrr segir. Þar fyrir, með því í þetta sinn er ei dómfært vegna fáleika kennimannanna, þá setjum vér þetta mál allt með sínu upplægi eftir því sem áður sagt er til ályktunar fyrir vort háverðugt yfirvald herra biskupinn *magister* Þórð Þorláksson og hans presta á næstkomandi Þingvalla *synodo*. En vora meining og sannsýna samvitsku látum vér í ljósi fyrir voru elskulegu yfirvaldi að nefndar persónur séu aðskildar hvör frá annari eftir þeim reglum sem í hjónabands *articulunum* innfærðar eru um þau mál hvorra saka vegna trúlofaðar persónur mega aðskildar vera, sem og víðari laganna bókstafur ástendur í dómum og samþykktum um viðlíkt efnum útgengnum, og til staðfestumerkis fyrrskrifuðu eru undirskrifuð nöfn þeirra virðuglegra kennimanna sem viðstaddir voru *die, loco et anno ut supra*. (Undirskrifuð nöfn) Magnús Pétursson eh, Þorleifur Árnason mpp, Ketill Halldórsson prestur meh, Bjarni prestur Sveinsson mpp, Einar Bjarnason prestur meh.

Því er ég samþykkur að þetta fyrrskrifað mál sé sett fyrir æðra yfirvald, en *articula* og dóma sem viðlíkt efni ástinga veit ég ekki. (Undirskrifað nafn) Jón prestur Sigmundsson eh.

Uppá þetta fyrrskrifað trúlofunarmál er úrlausn og ályktun kennidómsins að nefndar persónur Einar Ólafsson og Hólmfríður Ögmundsdóttir séu frí og aðskilin hvort við annað til hjónabands framkvæmdar, nema svo megí lagfærast fyrir tilhlutan góðra manna á þessu ári að Einar vilji ljúflega tilleiðast nefnda konu að egta.

4. *Anno et loco ut supra* þann 5. júlí var upplesið kónglegrar *majestets missive* til herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, sömuleiðis þar meðfylgjandi þrykkt *patent*, sérhvört með kónglegu innsigli, en bæði þess innihalds uppá einn bænadag sem að árlega skuli haldast þann fjórða föstudag eftir páska, en nú á þessu ári sem yfirstendur skuli hann haldast þann 27. dag ágústmánaðar næstkomandi, og það sama með föstum og guðrækilegu bænahaldi, án ferðalags og líkamlegra erfiðismuna.

5. Kom til tals um þá peninga og fémuni sem Staðarfellskirkju á Fellsströnd brestur uppá sitt *inventarium* eftir því sem henni eignað er í hennar máldögum. Virtist biskupinum og nálægum kennimönnum Staðarfells eignarmaður Björn Jónsson sé skyldugur þetta fyrrnefnt kirkjufé að kalla aftur með lagadómi af

erfingjum síns næsta formanns eður þeirra¹ svaramanni, eftir þeim dómi sem um slíkt efni hefur² dæmdur verið hér á alþingi af leikum og lærðum *anno* 1637. En hvað fyrir svo löngu er úr fallið að ei sé von til að aftur heimtist, þá fái þó Björn að minnsta kosti dóm og úrlausn þar uppá sér til afsökunar.

6. Var upplesið í *synodo* héraðsálit úr Dalasýslu að Staðarfelli 1685 þann 22. apríl hljóðandi um ljóstolla, hvað háir skuli greiðast, hvar uppá kenni-dómurinn svarar að menn blífi við sömu meiningu og þeir hafa þar um fyrri í ljósi látið *anno* 1680, einkum í þann máta að hjónaljóstollur skuli ei minni vera en þrjár álnir vöru eður sex fiska gildi til vigtar, en helming þessa lúki búlausir menn sem nokkra tíund gjöra. Og þetta að svo stöddu svo álituð að standa skuli inn til þess að þar kann frekari grein á að gjörast.

7. Var upplesið *in synodo* um málefni Solvegar Styrkársoóttur. Leist biskup-inum og nálægum kennimönnum tilhlýða að fríheit Solvegar bíði svo lengi að úttalað er um þann eið sem henni er dæmdur. En lögsagnaranum í Kjósarsýslu er tiltreyst hér um hið fyrsta að tilhlutast, svo ei lengi undandrægist vegna konunnar nauðsynja, en nær um eiðinn er úttalað sé séra Páli Sveinssyni víta-laust hana til fríheitanna að meðtaka með opinberri aflausn og því formi sem þar tilhlýðir. *Actum* í Þingvalla *synodo* þann 5. júlí *anno* 1686.

8. Var upplesið bréf frá heiðurlegum kennimanni séra Oddi Eyjólfssyni í Holti undir Eyjafjöllum, hvar inni hann vænist að Steinakirkja og hennar sókn undir Eyjafjöllum hafi fyrrum undir Holtskirkju legið svo sem í *annexiu* nafni, þó nú um nokkur næstumliðin ár hafi presturinn að Hólum undir Eyjafjöllum Steinakirkju og sókn þjónað, og þar í staðinn prestlega rentu uppborið, hvað séra Oddur vill nú láta lagfærað í þann máta að Steinar með sinni sókn leggist til Holtskirkju, sökum þess að kapelánar sem í Holti hafi verið forðum hefðu þjónað Steinakirkju. Einnin tjáir séra Oddur að vegur til Holtskirkju frá Steina-um sé betri og styttri en til Hóla, einnin að Hólakirkja sé svo lítil fyrir Steina-söfnuð að ei geti hönum áaukið vegna órýmis, heldur sér og ekki heldur leyfi-legt að láta það svo lengur frá Holtskirkju dragast ef annars ætti þangað með réttu að liggja. Nú að þessu efni og skrifu séra Odds svo yfirveguðu sem hér í *synodo* varð aðgjört, þá þykist biskupinn og nálægir kennimenn hér um ei kunna að svo stöddu að álykta Steinakirkju og sókn til Holtsstaðar, einkum þar ei séu fyrir hendi veitingarbréf sáluga séra Þorsteins, séra Odds eður þeirra formanna né heldur prestanna sem nú næst hafa í Hólum verið, af hvörjum annars kynni nokkur leiðrétting að finnast hvörnin þetta hafi áður með réttu

1 þeirra: breytt úr *hans*

2 hefur: vantar í handrit

haldið verið. Hér með sýnist af héraðsprófastsins séra Þorleifs Jónssonar *recommendatiu* uppá kosning Högna Ámundasonar að hann hafi í sinni tíð innsett séra Sigurð sáluga Jónsson svo vel til Steinakirkju og sóknar sem hinna annra undir Eyjafjöllum þeirra sem hann þjónaði. Tjáir og þar með að ei hafi eftir sínu forlægi Steinakirkja verið undanfelld í kosningu Högna Ámundasonar, þar hennar er ekki þar getið. Virðist þess vegna biskupinum og nálægum kennimönnum að svo prófuðu helst tilhlýða að fyrrnefnd Steinakirkja og sókn liggi til þjónustu og rentu þeim kennimanni sem í Hólum verður, inntil og svo lengi að ei koma þau skilríki fram sem þar um fyllilega fyrirgreiða á annan veg.

9. Upplás heiðurlegur kennimann séra Egill Helgason trúlofunarmál millum Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundardóttur úr Búðardalskirkjusókn, hvörju svo er varið að eftir trúlofun og aðra lýsing hafi þverúð innfallið millum nefndra persóna í þann máta að hún vill ekki manninn til egta taka né heldur hennar foreldrar það nú samþykkja, þó það væri í fyrstunni (eftir því sem framkemur) með þeirra ljúfum vilja. Hvörs vegna það sýnist föður¹ stúlkunnar skyldugt að framleggja þær vigtugar og bevísanlegar orðsakir sem hann hafi fyrir sér því hjónabandi til hindrunar. En eftir því að engin þeirra persóna sem málið snertir eru hér til andsvara í þetta sinn þá er þessu efni vikið heim í hérað aftur og tileinkar biskupinn *magister* Þórður Þorláksson að heiðurlegur kennimann séra Páll Ketilsson að Hvammi taki þetta trúlofunarmál fyrir sig það að rannsaka, meta og dæma með héraðsprestunum í Dalasýslu. En þar sem þeir hrökkva ei til sjöttardómsnefndar þá kalli séra Páll nálægustu presta, hvörja biskupinn ánefnir þessa, séra Ásgeir, séra Magnús og séra Teit Einarssyni, *item* séra Ísleif Þorleifsson, gefandi séra Páli fullmagt og myndugleika til, bæði prestana saman að kalla og persónurnar sem málið helst snertir, til þess staðar og tíma sem hönum hentugast sýnist, hvað með fyrstu hentugleikum ske ætti, svo ei lengi undandrægist. En eftir því sem hér hefur nú framkomist um þetta efni þá sýnist kennidóminum séra Egill Helgason vítalaus af sínum embættis- aðgjörðum hér úti.²

Þetta allt fyrrskrifað í nýu póstum fór fram á almennilegri stiftisins presta- stefnu að Þingvelli þann 3. og 5. júlí *anno* 1686, með nálægri kennimanna atkvæði og biskupsins sjálfs *magisters* Þórðar Þorlákssonar fullkomlegu samþykki, hvör ásamt nálægum kennimönnum³ setti sína handskrift hér undir. Þann 5. júlí *anno et loco ut supra*.

1 föður: breytt úr *honum*

2 Sjá einnig viðauka á bls. 301.

3 nálægum kennimönnum: breytt úr *kennimönnunum*

Þórður Þorláksson mpp
Einar Einarsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Jón Torfason meh
Jóhann Þórðarson eh
Gísli Álfsson eh
Daði Steindórsson mpp

Torfi Jónsson mpp
Árni Þorvarðsson eh
Oddur Jónsson eh
Egill Helgason eh
Björn Þórðarson eh
Þorsteinn prestur Þórarinnsson eh
Jón Jónsson mpp

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1687 þann 4. júlímánaðar að Þingvelli við Öxará á almennilegu prófasta- og prestamóti voru þessir heiðurlegir kennimenn í dóm nefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, séra Torfi Jónsson prófastur í Árnesþingi, séra Guðbrandur Jónsson prófastur í nyrðra parti Ísafjarðarsýslu og í Strandasýslu, séra Sigurður Jónsson prófastur í vestara parti Ísafjarðarsýslu, séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Jón Eiríksson útvalinn prófastur í Skaftafellssýslu, séra Oddur Eyjólfsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Björn Þorleifsson, séra Oddur Jónsson, séra Ísleifur Þorleifsson, séra Oddur Árnason, séra Björn Þórðarson, séra Jón Sigmundsson, séra Pétur Ámundason, séra Jóhann Þórðarson.

In primis kom fyrir kennidóminn um forsömun séra Rafns Ólafssonar á þeim bænadegi sem kóngleg *majestat* hafði tilskikkað að almennilega og árlega haldast skyldi frá *dato* 1686 og svo framvegis þann fjórða föstudag eftir páska, hvörn bænadag séra Rafn hafði ei haldið né halda viljað nú á þessu yfirstandandi ári, kirkjunni þá ei upplokið, ei heldur predikað, svo sóknarfólkið hafi jafnnært heim aftur farið, jafnvel þó séra Rafni væri sú befalling skilvíslega til handa komin frá héraðsprófastinum séra Einari Einarssyni, og þar með bréflega af hönum áminntur bænadaginn að halda, en séra Rafn hafi þó sjálfur áður nefnt bréf upplesið fyrir nálægu sóknarfólki í kirkjunni að Stað í Grindavík nokkrum tímum áður en bænadagurinn skyldi haldast, eftir því sem hér var nú vottað og handskrifað skjallega framborið.

Auglýstist hér að auki herra landsfógetans herra Christofor Heidemans röksamleg tilhlutan að forlagi og eftir bón velnefnds héraðsprófastsins, en séra Rafn ei að heldur þar við skipast né forordninguna viljað meðtaka, sem hönum af herra landsfógetanum var framboðin, samt auglýsist að hann á næstumliðnu hausti, nefnilega þann 27. ágúst, hafi á þeim tileinkaða bænadegi kennimannlega embættisgjörð í kirkjunni haldið að Stað í Grindavík.

Uppá bænadagsins forsömun nú í vor hafa þingvitni tekin verið af herra landsfógetans forlagi á Járngerðarstöðum þann 4. dag maí nú næsta, hvör vitni herra landsfógetinn afhenti handskriftuð *in originali* herra biskupinum *magis-*

ter Þórði Þorlákssyni, óskandi það hann vildi framar rannsaka hvörsu þessu málefni væri varið, uppá það að kónglegrar *majestets* bifalningu yrði skyldug hlýðni sýnd hér úti það framast mögulegt væri. Hér uppá hefur biskupinn (jafnsnart sem hann fékk þetta efni svo komið að vita) tilsett prestastefnu að Stað í Grindavík á þann 15. dag júní næstliðinn og þangað boðað skriflega séra Rafn Ólafsson til andsvara uppá þetta málefni. En með því biskupinn var sjálfur sannra forfalla vegna afsakaður á þann samfund að koma, þá setti hann í sinn stað heiðurlegan og vellærðan kennimann séra Árna Þorvarðsson með skriflegum myndugleika til að rannsaka innvirðuglega og undirbúa þetta mál með tilnefndum kennimönnum það framast fært vera kynni.

Kom nú fram handskriftuð rannsókn *in originali*, hvar inni séra Árni með þar nálægum kennimönnum ályktar það velnefndur héraðsprófasturinn séra Einar Einarsson hafi kostgæfilega viðleitast að framfylgja sinni embættisskyldu í því að áminna séra Rafn til þessa bænadags hann að halda, og sé prófasturinn þess vegna í sögðu máli öldungis vítalaus og afsakaður fyrir sína tilhlutun, hvört héraðsprestanna álit biskupinn *magister* Þórður Þorláksson og nálægur kennidómur hér að Þingvelli fullkomlega samþykkir og nú að nýju staðfestir. En það viðvíkur séra Rafni og hans viðmóti til andsvara á sagðri prestastefnu, þá auglýsa héraðsprestar að þeir hafi ei treyst sér til þess máls upptektar að gæta í Staðarkirkju í Grindavík vegna margfaldrar hindrunar er séra Rafn Ólafsson hafi þeim sýnt, með hávaða orðum og atvikum, hvörs vegna þeir hafi hlotið úr kirkjunni að rýma til tjalds út fyrir túngarð, og virðist þeim því séra Rafn ei haft hafa greind né gegnd það sinn sínu máli til nokkurs forsvars að vera, einkum þar hann hafi á sér sýnt óvitlega og ósæmilega atferð í orðum og atvikum svo sem hann var þá á sig kominn.

Framvegis auglýsist af prestanna *tractat* að Gunnar Pálsson hafi borið á séra Rafn Ólafsson að hann hafi slegið sig á umliðnum vetri þrjú höfuðhögg, svo Gunnar hafi af þeim völdum séra Rafns blár og blóðugur verið í andliti. Einnin bera Snorri Indriðason og Stefán Stefánsson samþykkilega að séra Rafn Ólafsson hafi svo talað til sóknarmanna í Grindavík annan sunnudag í sjöviknaföstu þessa árs: Þeir létu mig sem ég hefði verið faðir þeirra og bróðir í sex eður sjö ár, en síðan hefur það verið við mig sem ég hefði verið einn ár tjandans neðan úr helvíti að fáum undanteknum. Framar stendur svo í greindu skrifti prestanna að Rafn Jónsson hafi borið það uppá séra Rafn Ólafsson að hann hafi tekið skaut af konu sinni og slegið hana, svo og misþyrmt barni sínu sjövetra.

Hér með tjáist af rannsókninni að séra Rafn hafi ósæmilegum og illum óvirðingarorðum talað við prófastinn séra Einar Einarsson og hann afsagt svo sem í sjálfan *originalinn* er innfært. Sóknarmenn í sama sinn aðspurðir hvort þeir vildu hafa og halda séra Rafn Ólafsson fyrir þeirra sóknarprest og sálu-

sorgara framvegis, svöruðu samþykkilega að þeir ekki með hann nægjast vildu. Kom þó enginn sá fram sem það bæri að það hefði uppáfallið í hans kennimannlegri embættisútréttingu er neitt stórt hneyksli kynni afrísa, að undantekinni bænadagsins forsómun, en láta samt í ljósi að þeir fullkomlega haldi það séra Rafn sé rænuskertur og brestur sé fallinn í meira lægi uppá hans persónu, að fráteknum Eyjólfí á Hópi.

Hér með virðist héraðsprófastinum og tilnefndum prestum að séra Rafn Ólafsson sé í meira lægi skertur og brjálaður að viti, rænu og geðsmunum, hvörri sinni meiningu til styrkingar þeir telja hans fávíslegt orðarugl, er stundum sé bæði slæmt og ósæmlegt. Sérdeilis er þetta innfært að séra Rafn hafi svo í kirkjunni og þeim áheyrandi talað: Kong Christian fimmti komi þér og hálshöggvið mig hér í minni sóknarkirkju. Fyrirbaud einninn öllum yfir sér að dæma, vildi ei heldur í neinn máta þau ósæmleg orð aftur taka sem hann hafði til prófastsins talað.

Sóknarfólksins almenn meðkenning er að séra Rafn Ólafsson sýni nú á sér annarlega lífernisháttu í mörgum greinum hjá því sem áður hefði verið. Er og af prestanna skrifi svo eftir að taka að séra Rafn hafi í það sinn öngvaneginn viðráðanlegur verið. Og eftir því héraðsprófasturinn ásamt séra Árna Þorvarðssyni í biskupsins stað og öðrum tilnefndum prestum þykjast ei treysta sér til frekari rannsókn að gjöra í þessu máli því til fyrirgreiðslu að því sinni, þá setja þeir allan þennan málsvöxt fyrir veleruverðugan herra biskupinn *magister* Þórð Þorláksson og kennidóminn á Þingvalla prestastefnu á þann 4. dag júlí, boðandi séra Rafn Ólafsson með sínu atkvæði og sérhvorja þá sem þetta mál snertir skylduga hér að koma án forsómunar ef lagaforföll ei hindra. Hér að auki auglýsist að nær séra Rafni skyldi birtast degi síðar það prestarnir höfðu samanskrifað þann 15. júní, þá hafi séra Rafn ekki viljað neinar gætur þar að gefa, þó það væri hönum nálægum upplesið, heldur hafi hann svo talað: Ég afsegi yður meistari Þórður minn og alla yðar *jurisdictionem* inn til víðara. Einninn hafi hann þetta tillagt: Ekki er hann minn biskup.

Framar þessu láta nú í ljósi prófasturinn séra Einar Einarsson, einninn séra Árni Þorvarðsson, svo og séra Oddur Árnason og séra Pétur Ámundason, sem á Grindavíkur samfundi voru, að þeir hafi ei kunnað að merkja neitt ölaði á séra Rafni, hvorki þann 15. né 16. júní, svo hann hefði ei þess vegna mátt veita gegnileg andsvör og skikkanlegt viðmót.

Var nú af kennidóminum eftirspurt hvort séra Rafn væri hingað til þessarar alþingisprestastefnu kominn eður nokkur sá sem svörum héldi hans vegna í þessu máli og lét sig enginn í ljósi þó þess væri alvarlega óskað. Virðist samt kennidóminum að séra Rafn Ólafsson hafi hingað í þennan stað og tíma verið réttilega boðaður með sín gögn og forsvör í greindu máli. Og nú með því að

fram er borin innileg og alvarleg ósk sóknarfólksins í Grindavík að það hið fyrsta öðlast mætti annan prest sér til sálusorgara, þann betur væri skikkaður en séra Rafn með sönnum rökum vottast nú að vera bæði til orða og athæfis, þar fyrir tekur kennidómurinn í herrans nafni þetta vandamál fyrir sig það framar að yfirvega til slíkra atkvæða sem Guð gefur náð til, einkum þar ei sýnist til meiri lagfæringar horfa þó því sé heim í hérað aftur vikið.

Nú það viðvíkur forsómun og afrækslu séra Rafns á tilskikkuðum almennilegum bænadegi af kónglegri *majestat* sýnist í allan máta óforsvaranlegt bæði Guðs dýrðar og háloflegrar kónglegrar *majestats* befallingar vegna, bættist og þar á ofan ósæmlegt orðbragð og ráðlauslegt háttalag séra Rafns, sem áður er umgetið, og merkjast má í nokkurn máta að orðsakist af þrjáluðum geðsmunum eður rænubrest. Þar fyrir að heilags anda náð tilkallaðri og að þessu öllu svo prófuðu og innvirðilega athuguðu sem hér hefur framkomið um þetta málefni er fullkominn dómur og ályktun biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar ásamt tilnefndra kennimanna að séra Rafni Ólafssyni skuli ekki tiltrúast heilaga kennimannlega embættisþjónustu að fremja, svo lengi sem hann á rænu og vitsmunum hindraður er með sama hætti og fyrri segir, en sé svo að Guð virðist bót ráða á þessum hans rænubresti, þá standi framvegis um hans *promotionem* til Guðs og yfirvaldsins náða og úrræða. En það Grindavíkurstað og prestlegri rentu þar viðvíkur, þá er hann að svo stöddu frá þeim umráðum og notum öldungis dæmdur og ályktaður.¹

Anno 1687 þann 5. júlí bar eruverðugur prófasturinn séra Torfi Jónsson fram fyrir kennidóminn málefni þeirrar konu Helgu Einarsdóttur frá Oddagörðum, hvörju svo er varið að hún hefur barn kennt að frillulífisbroti þeim manni Kolbeini Magnússyni, hann að sönnu viðgöngu veitt frillulífisbroti með henni en barnsfaðerni neitað. Kemur fram að mismunur um þrjá mánuði þess tíma sem eðlilegum barnsburði svarar þar hún barnið fæddi þriðja dag jóla nú í vetur, en samgangur þeirra hefði í fyrsta sinni skeð um þingmaríumessuleyti í fyrrasumar, hvar um þeim ber ekki í milli. Samt þykist hún öngvan annan geta auglýst þessa síns barns föður vera. Hefur maðurinn opinbera aflausn tekið fyrir þetta brot og það af prófastinum sjálfum í héraði. Hefur þessi kona meinlausa kynning af sínum sóknarpresti séra Jóhanni, sérdeilis uppá það að rækja sína sóknarkirkju og með auðmýkt og iðranarmerkjum iðuglega að leita að hún mætti í kirkjunni Guðs orð heyra og til sinna kristilegra fríheita náðast í Guðs nafni. Er kennidómsins andsvar hér uppá hennar sorglegri samvitsku til vægðar að hún taki opinbera aflausn af sjálfum héraðsprófastinum séra Torfa Jónssyni með því formi sem hönum sýnist þar helst tilhlýða, en biðji sjálf síðan í sinni

1 Sjá einnig viðauka á bls. 302.

sóknarkirkju söfnuðinn opinberlega fyrirgefningar fyrir það hneyksli sem hún hefur af sér gefið. Og þessi kennidómsins úrlausn standi alleinasta í þessu máli að svo stöddu.

Item frambar velnefndur sami prófastur um efni annarar konu úr Ölvesi, Sigríðar Hallsdóttur, sem¹ hefur barn átt og þeim manni Þórði Brandssyni kennt að faðerni, en hann tildæmdan lagaeið svarið, bæði fyrir barnsfaðernið og allan frillulífisverknað með henni fyrr og síðar. Hún enn nú samt stendur við sína fyrstu lýsing. Þegar nefndur Þórður Brandsson skyldi eiðinn sverja hafði þessari Sigríði tilsagt verið þar nálægri að vera á Bakkárholtspingi, en hún hefði ei viljað, og ekki heldur hingað til viðurmælis koma eftir prófastsins skriflegri ávísun og tilsögn. Auglýsir nú einninn hennar sóknarprestur séra Oddur Árnason sig nefnda Sigríði þrálega áminnt hafa til sannleikans viðurkenningar, en hún því ei að heldur gegnt né heldur sýnt sig í kostgæfilegri rækslu til Guðs orða heyrnar, jafnvel þó hún á sóknarkirkjubænum heimilisföst verið hafi.

Ályktar kennidómurinn svo um þetta hennar málefni að hennar sóknarprestur séra Oddur áminni hana kostgæfilega, bæði heimuglega einninn í góðra manna áheyrn og jafnvel opinberlega í söfnuðinum, svo hún láti ei sína þrjósku og þverúð hindra sig frá sönnum sáluhjálparvegi og kristilegum fríheitum. En vilji eigi soddan tilheyrileg og kristileg viðleitni neins orka henni til leiðréttingar þá er veraldlegu valdi einkanlega tiltreyst sína skyldu að gjöra nefnda Sigríði að straffa láta eftir því sem kónglegrar *majestets* forordningar sýnast uppáhlyða og er af kennivaldinu svo tileinkað að hér um mætti hið fyrsta og án undandrátta rögsamleg fyrirgreiðsla verða. En fyrrtéð Sigríður hljóti svo lengi fyrir utan sín fríheit að haldast sem ei er tilheyrileg úrlausn skeð á hennar málefni, svo framt sem hún við sína þrjósku stendur.

3. Var auglýst bréfleg umkvörtun séra Jóns Salamonssonar um sex kúgilda leigna þörfun sem fylgja eiga eftir máldagabók herra Gísla Jónssonar fjórðungakirkjunni Stóradal í Mýrdal, á hvörri kirkju presturinn tjáir sig heilaga þjónustugjörð framflutt hafa að minnsta lagi þrisvar á ári nú um næstliðin þrjátigir og tvö ár. Hefur þingmanna vitnisburður tekinn verið á Dyrhólapingi í Mýrdal, að þessi fjórðungakirkja var nauðsynleg vegna vegalengdar og torfæru til Reynirskirkju. Hefur og einninn prófasturinn sálugi séra Magnús Pétursson tilsagt séra Jóni Salamonssyni eftir nefndum kirkjukúgildaleigum að ganga, jafnvel þær að lögsækja, hvörjar aðgjörðir séra Jón hefur ei treyst sér til í frammi að hafa heldur þeirra enn nú þarfnast. Uppá þetta efni prestsins nauðsynja vegna er nú svo í þetta sinn afráðið að herra biskupinn vildi séra Jón stoða með sínum bréflegum tillögum við þá göfuga og góða menn sem þessarar

1 sem: í beinu framhaldi er strikað yfir *frillulífi*

kirkju eignarráð og forsvar hafa, að þeir gjöri nefndum kennimanni nokkurn tilbærilegan jöfnuð fyrir þessa hans þörfun, sérdeilis að hann þurfi ei framvegis þar um að kvarta, einkum þar óviðurkvæmilegt sýnist að hann heldur en annar kennimaður skuli sinnar kennimannlegrar rentu missa. En vilji ei þessar herra biskupsins tillögur hrífa, þá er svo tileinkað að þetta efni leggist á næst tilkomandi ári fyrir alþingis *synodum* til frekari úrlausnar og þeir sem hér hlut að eiga séu skyldugir að láta sínar lögvarnir hér þá framkoma svo öngvu þurfi þar úti að forskjóta.

Var upplesin fyrir *synodo* skrifleg umkvörtun séra Magnúsar Einarssonar á Stað í Steingrímsfirði til herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar viðvíkjandi einkanlega því sem hönum þykir sig vanta uppá full skil hjá séra Einari Torfasyni Staðarkirkju vegna.¹ Og þó séra Einar vilji til nokkurs telja hjá séra Magnúsi uppá þeirra reikningsskap eður skuldaskipti, þá virðist samt kennidóminum að séra Einari byrji að svara fullum skilum og útgjöldum kirkjunni á Stað, bæði hennar *inventario* og sérhvörju öðru því sem hönum ber, kirkjunni og prestinum staðarins vegna út að svara, en eigi sjálfur sínar heimtur að séra Magnúsi uppá þeirra misreikning (sé hann nokkur). En með því séra Magnús var hér nú ei persónulega nálægur, þó hann hafi þar um bréflega ávísun fengið frá biskupinum, og ei heldur vildi séra Einar hér til svara koma uppá þetta efni, þó hönum væri þar um skilvís boð gjörð frá sjálfum biskupinum með séra Árna Þorvarðssyni og séra Oddi Jónssyni, heldur afsagði hér þessu máli að gegna í þetta sinn, einkum þar séra Magnús var ei persónulega nálægur, en sagðist því í héraði gegna vilja. Þar fyrir verður hér ei meir aðgjört þar um að svo stöddu.

Anno ut supra þann 7. júlí kom fyrir enn að nýju trúlofunarmál milli Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur, hvörju í fyrrasumar var heim í hérað vikið og þar síðan af prestunum yfirskoðað, hvört sitt álit þeir setja fyrir herra biskupinn *magister* Þórð Þorláksson með þeirra þar innfærðri meiningu og rannsóknun í þann máta að þeir ei þykjast kunna þá trúlofun ógilda að gjöra eftir því prófi sem þá hefur framkomið, hvört prestanna álit nú nálægum kennimönnum virðist vel og greinilega samið. Nú í annan stað auglýsist að nefndar persónur hafi enn ekki sitt hjónaband staðfest, einkanlega þess vegna að Greipur Andrésson hafi við þjófnað flæktur verið, eftir því sem virðuglegur herra lögmaðurinn Magnús Jónsson þar um nokkra vitnisburði auglýsti, og vændist einninn viðlíkri kynningu Greips, auk þeirra vitnisburða. Jafnvel kom hér fram meinlausleg kynning þessa Greips, ei síst af hans göfugum húsbónda Ara Þorkelssyni, hér nú persónulega nálægum, um þann tíma sem hann hafi til

1 Staðarkirkju vegna: breytt úr bæði Staðarkirkju og sjáífs síns vegna

hans vitað, einkum á sínu heimili. Faðir Sigríðar, Guðmundur, sem helst sýnist þetta hjónaband hafi hindrað, hefur ei enn nú svo vær vitum þá skyldu gjört sem hjónabands *articularnir* tilhalda þeim sem nokkurt forboð vilja gjöra. Sömuleiðis eru hér hvorki til viðurmælis Greipur Andrésson né Sigríður Guðmundardóttir, og enginn þeirra löglegur umboðsmaður. Þar fyrir sjá nálægir kennimenn sér í þetta sinn ei vel fært fullkominn dómsúrskurð að leggja á þetta trúlofunarmál, hvorki til hjónabands staðfestu né aðskilnaðar, heldur er það að svo prófuðu heim aftur dæmt í hérað og Guðmundur Oddsson skyldugur laga-stefnu við að leggja eftir hjónabands *articulum*. En yfirvaldinu í héraði einkum tiltreyst Guðmund að stoða svo framt hann er ei sjálffær til fyrirkallið að gjöra, uppá það að þetta málefni mætti sem fyrst greiðast, að metnum, sannbevísuðum og löglega undirbúnum¹ þeim orðsökum sem þetta hafa kunnað að hindra inn til þessa. Og að þetta mætti án undandrátta fyrst ske sem mögulegt er, svo það hið síðasta verði til fullkomlegra lykta leitt fyrir næstkomandi fardaga.

Sama stað og tíma var umtal og ósk prófastanna sem nú voru nálægir *in synodo* að þeir fá mætti árlega fullkomna útskrift af þeim málaferlum sem hér *in synodo generali tracteruð* væri, svo að sérhvor prófastur þar af eitt *exemplar* öðlaðist. Var andsvar biskupsins hér uppá að hann þeim þess unna vildi, en þeir lofuðu að láta skrifarann² sem það ómak hefði uppbera tvö mörk dönsk eður hálfan ríxdal, hvörju allir nú nálægir samþykkir voru.

Var guðrækileg skikkun og ósk biskupsins til prófastanna að eftir því að menn formerkja sá grimmi óvin kristilegrar kirkju, Tyrkinn, fastlega tilstundi að færa sína magt hingað í þessi Norðurlönd (hvörs týranna æði Guð miskunn-samlega afvendi) að prófastarnir tilhaldi sínum héraðsprestum að þeir í sérhvorri embættisgjörð að liðinni predikun gjöri sér í lagi bæn á móti Tyrkjanum en fyrir framgangi kristilegrar kirkju í því öllu sem Guðs heilaga nafni má til dýrðar verða.³

Þetta allt fyrir framan skrifað á nú *paginis* framfór í fyrrgreindri *synodo* að Þingvelli með atkvæði og ályktun fyrrtéðra prófasta og presta og samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvörju til staðfestu og sanninda-merkis þeir skrifa sitt nafn hér undir þann 7. júlí.

Þórður Þorláksson mpp
Guðbrandur Jónsson eh
Einar Einarsson eh
Ísleifur Þorleifsson eh

Torfi Jónsson mpp
Sigurður Jónsson eh
Jón Eiríksson mpp
Oddur Eyjólfsson meh

1 að metnum sannbevísuðum og löglega undirbúnum: breytt úr að metnum og sannbevísuðum

2 lcfuðu að láta skrifarann: breytt úr lcfuðu skrifaranum

3 Sjá einnig viðauka á bls. 308.

Björn Þórðarson eh
Jón Sigmundsson prestur meh
Jóhann Þórðarson mpp

Árni Þorvarðsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Oddur prestur Jónsson eh

Anno 1687 8. júlí að samankomnum undirskrifuðum kennimönnum var yfirvegað um séra Rafn Ólafsson hvörninn um hans efni skyldi framvegis höndla, og með því hann hefur verið frá kennimannlegri embættisþjónustu og rentu hér nú ályktaður, þá sýnist bráð nauðsyn viðliggja, sóknarinnar vegna, að þangað aftur annar kennimaður sem fyrst koma mætti, en herra biskupinn lætur í té fyrir sitt leyti að séra Rafn megi heimajarðarinnar á Stað njóta fyrir utan hjáleigur inn til næstu fardaga, svo framt sem hann það girnist eður getur viðhaldist. En sá prestur sem til kemur verði sér í sókninni til veru fyrir að koma svo lengi. En það viðvíkur kirkjunnar úttekt og hennar *ornamenta*, þá er einkanlega óskað af veraldlegu yfirvaldi að stoða og styrkja þann sem úttekur, svo framt sem séra Rafn sýnir þar úti nokkra tregðun, tálman eða fyrirstöðu í nokkurn máta. Hreppstjórum og búendum þeirrar sveitar er hér með einninn tilsagt að veita þeim presti kostgæfilega aðstoð sem þangað kemur, svo hann megi að hindrunarlausu heilagt kennimannsembætti fremja innan kirkju sem utan og við vandræðum varða, ef þau sýnast viðliggja. Einninn þurfi frekari aðgjörðir við séra Rafn að hafa vegna hans rænumrests, svo ei megi án vöktunar eða varðhalds vera að uggalaus, þá er þetta vandaefni sett til veraldlegs yfirvalds og lögsagnara þeirrar sýslu þar röksamlega tilhlutast og úr að ráða sem nauðsyn krefur. Framvegis auglýsist að séra Rafn hafi fyrrum meðan hann óbrjálaður var skikkað sér og hagað vel og heiðarlega með kostgæfilegri kynningu Guðs orða. Þar fyrir virðist tilheyrilegt að hönum sé unnt nokkurs tillags sér til forsgunar. Hefur veleðla herra *assessor* Christofoer Heideman af sínum munum og kristilegri meðaumkun heitið að gefa séra Rafni eitt hundrað árlega, svo og eruverðugur herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson undir sömu grein ánefnt tíu aura. En hvað frekara tillægi viðvíkur, þá er svo ráð fyrir gjört í þetta sinn að séra Rafn öðlist og uppberi hálf þriðja hundrað af þeim *beneficiis* sem fátaekum ölmusuprestum eru til uppheldisnota ánefnd. Þetta fyrrskrifað staðfest með ráði og samþykki herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar sem setti sína handskrift með oss hér undir sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Þórður Þorláksson mpp
Einar Einarsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Oddur Jónsson eh

Torfi Jónsson mpp
Oddur Eyjólfsson meh
Árni Þorvarðsson eh

Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1687 þann 14. septembermánaðar að Stað í Grindavík að settri presta-stefnu af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Þorleifur Kláusson, séra Hannes Björnsson, séra Sigurður Eyjólfsson, séra Hallkell Stef-ánsson, séra Jón Stefánsson, séra Pétur Ámundason og séra Stefán Hallkelsson, í dóm nefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni um þau vandræði Grindavíkirkirkju og sóknar sem hlotist hafa af háttalagi séra Rafns Ólafssonar. Hvar uppá gengið hafði biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar samt prófasta og presta dómur á næstumliðnu Öxarárþingi með því atriði og ályktun að séra Rafni tiltrúist ekki kennimannlega embættisþjónustu að fremja, einkum vegna afrækslu á tilskikkuðum bænadegi af kónglegri *majestat* sem og annars ósæmilegs athæfis og ljótrar breytni séra Rafns bæði í orðum og viðmóti, eftir því sem sami dómur útvísar, hvör dómur séra Rafni auglýstur var fyrst af héraðsprófastinum séra Einari Einarssyni þann 31. júlí nú næsta og honum útskrift þar af boðin sem hann vildi þó ei meðtaka. En nú síðan dómurinn var fyrir honum auglýstur kemur fram að séra Rafn hafi samt með þverúð og óhlýðni framgengið. Fyrst að sér tekið barn að skíra og í kirkjunni predikun fremja í stólnum, þar þó þá annar kennimaður var til Staðarkirkju kosinn, vígður og kominn. Og þegar presturinn séra Stefán Hallkelsson skyldi inn-setjast af heiðurlegum kennimanni séra Jóni Stefánssyni í prófastsins stað og forföllum fékkst ei lykill til kirkjunnar, hvör samt var opnuð til heilagrar þjónustugjörðar. En þegar séra Jón Stefánsson var í stólnum að predika Guðs orð þá hafi séra Rafn inn í kirkjuna gengið svo foröktunarlega allt innar að kór og predikunarstól um nefnda þjónustugjörð að hann hafi ei sitt höfuðklæði ofantekið en þeim orðum talað í sama sinn: Predikunarstólsþjófur, kirkjubrjót-ur; hvað einkanlega bera Sigmundur Jónsson hreppstjóri, Ormur Jónsson og Jón Jónsson, hvar uppá þeir höfðu handsöl við biskupinn og lofuðu við þennan sinn vitnisburð að standa og frekari skýrslu á að gjöra, ef þyrfti. Þegar séra Stefán Hallkelsson skyldi fremja heilaga embættisgjörð á þann 15. sunnudag eftir *trinitatis* var séra Rafn í kirkjunni, eftir því sem framkemur, og hafi séra Stefán óskað að til væri látinn messuskrúði og hvað annað sem til heilagrar þjónustugjörðar hlýddi, hvað hann segist ei fengið hafa af séra Rafni. En þegar séra Stefán hafi fyrir altari verið að söng þá hafi séra Rafn inn í kirkjuna gengið og predikunarstólinn að sér tekið og þar ræðu haft svo séra Stefán hafi með söfnuðinum hlotið út í kirkjugarðinn að víkja og þar fyrir hönum Guðs orð framflutt. Þetta bera með prestinum sóknarmennirnir nú nálægir.

Framar þessu kemur fram af auglýsingu þriggja persóna, nefnilega Jóns

Jónssonar, Jóns Þorkelssonar og Þórdísar Daðadóttur, að séra Rafn hafi embættissöng fyrir altari haldið, í predikunarstólnum ræðu haft og síðan sér sjálfum meðdeilt (fyrir utan nokkurs annars prests nálægð eður tilhlutan) brauð og vín, af eigin hendi fyrir altarinu, hvað skeð hefði þann síðasta ágúst nú næsta. Eru fyrrtédar þrjár persónur fulltíða og þar á heimili og hjáleigum vistfastar.

Framar þessu kom biskupinn *magister* Þórður Þorláksson til Staðar í Grindavík kirkjuna að *visitera* þann 13. september og fékk hvorki lykla að kirkjunni (þar hún þó læst var bæði að utan og innan) né heldur af kirkjunnar *ornamentis* neitt að skoða, því séra Rafn biskupinum þar hvorutveggja afsagði, þó þess væri af hönum vinsamlega og með alvöru óskað, samt lét biskupinn upplesa kirkjunnar málada svo sem hann var innskrifaður *anno* 1679, hvörju séra Rafn vildi ei nálægur vera þó hönum væri það tilsagt. Hér með lét biskupinn hönum bjóða til meðtöku handskrifaða útskrift af þeim alþingisdómi sem um hans málefni hafði gengið nú í sumar þann 4. júlí að Þingvalla presta-stefnu, en séra Rafn afsagði hana að meðtaka nema undirskriftuð væri með biskupsins eigin hendi, hvar til biskupinn þóttist ei skyldugur, einkum þar hún væri af erlegum mönnum við *originalinn* samanlesin og svo handskriftuð.

Enn nú í dag svo sem á fyrirfarandi degi var predikunarstóllinn ekki í kirkjunni, heldur fannst hann úti hrauni og var þangað sóttur, en tvær kirkjunnar klukkur fundust við altarið í mold niðurgrafnar. Og eftir því annar kirkju-skrúði og *ornament* sáust hvorki né fengust kom svo ásamt biskupinum og tilnefndum kennimönnum að þar eftir væri vel og grandvarlega leitað bæði í kirkjunni og staðnum eður hvar annarstaðar líklegt mætti vera það að finna. Baksturjám og skírnarskál af tré, *item* bryggja og fótur af predikunarstól fannst á framkirkjuloftinu ólæstu, annað ekki.

Það séra Rafns Ólafssonar viðmóti og svörum viðvíkur á þessum samfundi, þá var það bæði ósæmlegt og trássugt að merkja, og þó að nokkuð upplæsi þá sýndist það ekki eftirtakanlegt, heldur til móðs og óvirðingar ei síst uppá biskupsins síðu sem og annara góðra manna. Framvegis var auglýst handskriftuð *supplicatia* Staðarkirkju sóknarmanna til herra landfógetans, herra Christoffer Heideman, með héraðsprófastsins vitorði og uppáskrift, hvar inni þeir alvarlega óska að vegna óeirðar, ofstopa og ótilheyrilegs framferðis séra Rafns (sem heldur færi í vöxt en minnkun) að hann vildi svo tilhlutast það nefndur séra Rafn mætti sem fyrst héðan frá Stað burtkomast, einkum þar þeir uggandi séu að sá prestur sem þeim settur verði og þá var kosinn kunni prestlegt embætti hindrunarlaust að fremja svo lengi sem séra Rafn sé þar nálægur. Þar uppá hefur velnefndur herra landfógetinn skriflega svo svarað, að eftir því hann vissi ei séra Rafn dæmdan frá andlegum friðheitum og *privilegiis* þá víki hann þeirri Grindavíkurmanna ósk til úrskurðar andlegra yfirdómara að þeir þar um gjöri

sem löglegt og nauðsynlegt má vera svo Guðs þjónusta megi skikkanlega framfara án hindrunar.

Nú af því sem síðan Öxarárþing næsta hefur framkomið um ósæmilegt og trássugt framferði séra Rafns bæði í orðum og verkum, hvað menn hyggja ei í allan máta af rænubresti heldur þar meðfylgjandi hofmóð og sérgæði hans að nokkru leyti eftir því sem nú ásést og merkja má.

Þar fyrir að öllu þessu fyrrskrifuðu svo yfirveguðu og athuguðu sem framast mátti, og að heilags anda náð tilkallaðri, er fullkominn dómur og ályktun herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og tilnefndra kennimanna það séra Rafn Ólafsson sé að svo vöxnu og prófuðu hans máli úrskurðaður og rétt settur frá kennimannlegum friðheitum og þar með dæmdur undir veraldlegs yfirvalds lögsögn, dóm og atkvæði framvegis í sérhvörn máta, og þess einkanlega óskað að virðuglegur lögsagnari þessarar sýslu Jón Eyjólffsson vilji sem allra fyrst án undandráttar rögsamlega tilhlutast, svo séra Rafni héðan úr Grindavíkurkirkju-sókn að vistum og veru sem fyrst komið verði, svo ei þurfi stærri vandræði í neinn máta af að hljóta, sem annars sýnast viðliggja, því heilög þjónustugjörð og safnaðarins nauðsyn mega í öngvan máta forsómast.

Þessu öllu fyrrskrifuðu til sannindamerkis og staðfestu skrifar biskupinn *magister* Þórður Þorláksson ásamt tilnefndum kennimönnum sín nöfn hér undir með eigin höndum. *Actum ut supra.*

Þórður Þorláksson mpp
Þorleifur Kláusson eh
Sigurður Eyjólffsson mpp
Jón Stefánsson mpp

Einar Einarsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Hallkell prestur Stefánsson mpp
Pétur Ámundason prestur meh
Stefán prestur Hallkelsson meh

In nomine Domini amen

Anno 1688 þann 3. júlí að settri almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni í nálægð og viðurvist veleðla og velbyrðigs Christians Muller til Katterup, kónglegrar *majestets* commerce raad og amtmanns á Íslandi, voru þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og atkvæða nefndir um þau andleg málefni og stiftisins nauðsynjar sem þá fyrirkomu og kennivaldinu bar að yfirskoða og um að dæma í þann tíma, séra Sigurður Sigurðsson prófastur í Þornesþingi, séra Oddur Eyjólffsson, séra Hannes Björnsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Björn Þorleifsson, séra Árni Álfsson, séra Oddur Jónsson, séra Þórður Bárðarson, séra Björn Jónsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Daði Halldórsson, séra Björn Þórðarson, séra Oddur Árnason, séra Einar Gíslason og séra Gissur Bjarnason.

In primis. Var uppleið vors allranáðugasta arfakóns og herra kóng Christians fimmta *missive* til biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar *daterað* Kaupenhafn dag 31. mars *anno* 1688 með kónglegar *majestets* nafni og áþrykktu signeti, hvar inni kóngleg *majestet* befalar biskupinum kostgæfilega að ávísa hvaða helst prestaköll og hvörsu mörg séu í hans stifti, þar næst hvað margar kirkjur hvör sóknarprestur annist og það sama með þeirra eigin nafni. Sömuleiðis hvað margir residerandi kapelánar þar séu í sérhvörri sókn og þar með á hvörjum tíma, af hvörjum (hvort heldur af kónglegri *majestet*, sóknarprestinum eður öðrum) þeir séu þar tilkallaðir, þar með hvað margir húskapelánar og hvar helst þeir séu, einninn hvað langt hvör kirkja sé frá annari (sem einn prestur þjónar) og þar að auki hvörsu oft í sérhvörri kirkju predikað er, og bifalar kóngleg *majestet* að biskupinn gjöri hér á skilmerkilega og riktuga aðgreining sem framsendist í *cancelliet* hið fyrsta.

Þessari kónglegar *majestets* náðugustu bifalningu tekur biskupinn með allri hlýðni og undirgefni, viljandi þar úti fullustu gjöra svo mikið sem mögulegt er, einninn með því að á þessum naumum tíma (einkum áður en kaupför frá landinu sigla) sýnist bágð þessu svo við að koma sem vera ætti, þá óskar biskupinn með allri undirgefni að þessi framkvæmd mætti líðast þetta yfirstandandi ár uppá það að þeim yrði heldur með góðum skilum fullnægja gjörð með prófastanna styrk og aðstoð með biskupinum, sérdeilis þar hönum er ei svo grandkunnug vegalengd millum sóknarkirknanna sem sérhvör prestur annast. Og virðist nálægum kennidómi biskupinum full nauðsyn á góðum og liðugum tíma til þessarar framkvæmdar. Þess vegna óskar nú biskupinn að héraðsprófastarnir haldi sóknarprestinum til, sérhvör í sínu umdæmi, á þessu skýra og skriflega grein gjöra án allrar forsómunar sínum próföstum, en prófastarnir biskupinum með góðum skilum sendi og hönum til handa komið sé hið síðasta undir næstkomandi páska 1689.

2. Lét biskupinn upplesa tvennar ályktanir sem gjörðust hér á Þingvalla prestastefnu undir útnefnd og yfirvist sáluga *magisters* Brynjólfs Sveinssonar (loflegar minningar), hljóðandi hvör fyrir sig um héraðsprófasta og presta skylduga komu til alþingis á almennilega stiftisins prestastefnu. Hefur sú eina ályktan skeð 1639 en sú önnur 1640, sömuleiðis hafa þessar báðar *synodals* greinir og atkvæði verið í þriðja sinn hér í sama stað auglýstar og staðfestar 1678 af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni og þá nálægum kennidómi. Þykir nú biskupinum á þessum lögskilum brestur orðinn hjá þeim sem ei eru forfallalaust komnir, svo hann treystir sér naumlega til sökum slíkrar forsómunar og mannfæðu það að málunum gjöra sem fyrirkoma svo sem þörf krefur.

En það viðvíkur þeim heiðurlega og krossþjáða guðsmanni séra Torfa Jóns-

syni prófasti í Árnesþingi þá er hann sannafsakaður og vitanlega forfallaður, en hefur inn til þessa fyrrsögðum lögskilum árlega uppihaldið.

Óskar biskupinn *magister* Þórður Þorláksson enn nú að nýju að héraðs-prófastarnir þeir sem nú eru eður verða kunna vildu á þessu framvegis góða bót gjöra, bæði sjálfir í góðan og hentugan tíma að koma sem og guðhrædda og greinagóða kennimenn sérhvör úr sínu héraði með sér nefna, svo þeir ásamt þeim sjálfum til þessa samfundar komi eftir því sem að ráð hefur verið fyrir gjört og málunum sem hér eiga að greiðast mætti því heldur gegnt verða forsómunarlaust það mögulegt er, uppá það að biskupinn neyðist ei til um slíka forsömun prófastanna eður prestanna að kvarta fyrir æðra yfirvaldi.

3. Þann 4. júlí var upplesinn eftirfylgjandi seðill frá lögréttu biskupinum afhentur af lögmanninum herra Magnúsi Jónssyni svohljóðandi:

Anno 1688 þann 3. júlí framkomu þeir menn séra Einar Torfason og Ólafur Hallgrímsson í lögréttu uppá þá skikkun sem fyrirfarandi árs alþingisbók umgetur og áhrærir jörðina Brekku í Skagafirði og leggur Ólafur Hallgrímsson undir lögbingismanna úrskurð hvort séra Einar Torfason sé réttur sóknari þessa máls eður hvort ei virðist hann hafi sér þrætu tilkeypt mót andlegra persóna standi og kónglegu lögmáli, hvörju efni lögbingismenn vinsamlega vísa til herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og kennidómsins atkvæða nú í *synodo* að Þingvöllum. Til vitnis í lögréttu sama dag og ár (undirskrifað nafn) Árni Geirsson meh.

Hér uppá er kennidómsins svar að ei sjái þau rök framkomin í þessu máli sem hlýði til andlegum rétti að svo stöddu, heldur það málsins sókn og vörn viðvíkur í sérhvörn máta uppá þessa jarðarklögun þá vita sjálfir lögbingismenn það heldur undir veraldlegu valdi og þess atkvæði vera eiga, svo lengi sem það snertir ekki um prestsins embætti og heiður að dæma, hvörs vegna þessu efni er aftur til lögréttunar vikið. *Anno* 1688 þann 4. júlí.

4. Kom fyrir kennidóminn um þær persónur úr Reynirkirkjusókn í Mýrdal, Jón Sigmundsson og Guðlaugu Árnadóttur, sem saman vilja giftast, en nefndur Jón Sigmundsson hefur fyrri giftur verið stjúpdóttur nefndrar Guðlaugar, og virðist þetta efni heldur ískyggilegt það til framkvæmdar að samþykkja eftir því sem hér var nú yfirskoðað, einkum þar virðist að hníga innihald bæði úr kónglegrar *majestets* forordningu Christiani qvarti, sem og úr því danska nýja lögmáli Christiani qvinti, *lib.* 3tio, *cap.* 16, *art.* 9. En sérdeilis útpýkkilegt finnst hér á móti vera í ektaskaparefnum sem skrifað hefur *doctor* Tylemannus Heshusius. Þar fyrir að þessu svo rannsökuðu virðist biskupinum og nálægum kennimönnum ekki leyfilegt þessum fyrrnefndum persónum saman að giftast nema kóngleg *majestet* vilji þar um aðra skikkun eður úrlausn gjöra.

5. Kom fyrir *synodum* af hendi virðuglegs herra lögmannsins Magnúsar

Jónssonar um þjófnaðarmál og óærlegt orðbragð Greips Andréssonar, þeir dómar og aðgjörðir sem þar um skeð hafa síðan í fyrrasumar er þetta sama málefni hingað kom og héðan aftur í hérað sett var til frekari rannsökuunar, hvað allt hér var nú upplesið og yfirskoðað, og að því svo rannsökuðu í sérhvörn máta dæmir kennidómurinn á þessari prestastefnu þá trúlofun millum Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundardóttur öldungis lausa og þau hvort við annað löglega skilin héðan af sökum þess einkanlega að Greipur Andrésson hefur prófast eftir fyrrskrifuðum skjölum og lögmannsúrskurði að illum og óráðvöndnum manni.

6. Þann 5. júlí lét biskupinn upplesa í *synodo kónglegrar majestets* náðugasta *missive* Christiani qvinti *daterað* Kaupenhavn 14. apríl 1688, báðum biskupunum þessa lands tilsent, hvar inni kóngleg *majestet* befalar þeim kirkjunnar lögmál eftir þeim nýja rétti að yfirskoða og þar útaf það að samantaka sem landinu má best hagnast, hvar með þeir skuli einninn til sín kalla nokkra þá helstu prófasta eftir því sem það sama *missive* inniheldur í sérhvörn máta, af hvörju biskupinn *magister* Þórður Þorláksson lét riktuga útskrift hér í *synodo* samanlesa og handskrifta, og þá sömu áformar hann biskupinum *magister* Jóni Vigfússyni að senda. Það uppá nefnda *copiu* var skrifað *in synodo* er svolátandi:

Þetta fyrrskrifað kónglegrar *majestets* náðugasta *missive* er orðrétt samanlesið við sjálfan *originalinn* með kónglegrar *majestets* nafni og áþrykktu signeti, hvörn *original* biskupinn *magister* Þórður Þorláksson auglýsir sig upptekið hafa á Bessastöðum með ráði og í viðurvist herra amtmannsins, sem og herra landfógetans ásamt annara góðra manna, hvar til biskupinn þykist hafa orðsakast svo hann því heldur merkja mætti hvar eftir hann ætti sig að rétta af innihaldi þessarar kónglegrar *majestets* befallingar. En þessa riktuga og rétt samhljóða útskrift áformar hann með skilum að senda til eruverðugs herra biskupsins *magisters* Jóns Vigfússonar með fyrsta færi það mögulegt er. Til vitnisburðar og staðfestu þessu skrifum vér vor nöfn hér undir með eigin höndum er samanlásam í yfirvist sjálfs herra amtmannsins *in synodo* að Þingvelli dag 5. júlí 1688. Þar hafa undir skrifað prófasturinn séra Sigurður Sigurðsson, séra Oddur Eyjólffsson, séra Hannes Björnsson, séra Árni Þorvarðsson.

Óskar biskupinn nú góðra ráða af nálægum kennidómi hvörninn hentugast sýnist að haga þessu svo kónglegrar *majestets* bifalningu verði hér úti hlýðni sýnd það framast mögulegt er. Og virðist kennimönnunum biskupinum næsta ómögulegt þessu svo bráðlega að geta gegnt sökum naums tíma og ýmisra báginga, einkum þar þetta vandaefni hlýtur með góðum og liðugum tíma að yfirskoðast svo að það því heldur greinilega gjörast mætti eftir því sem fært er. Og með því að kóngleg *majestet* tileinkar að biskuparnir hafi hvor um sig þessu til yfirskoðunar þá helstu prófasta þeirra umdæmis þá nefnir nú biskupinn

magister Þórður Þorláksson hér til þessa heiðurlega og vellærða prófasta í Skálholtsstifti, séra Pál Björnsson prófast í Barðastrandarsýslu, séra Sigurð Sigurðsson prófast í Þórnesþingi, séra Ólaf Jónsson prófast í Þverárþingi að vestan, séra Einar Einarsson prófast í Kjalarnesþingi, að sérhvör þessara yfirskoði svo og samantaki sem þeim þykir helst henta og haga eftir kónglegrar *majestets* bifalningu landinu til góðrar nytsemi, og að velnefndir prófastar séu hvör með sitt skriflegt verk og greinilega yfirskoðun hingað til Þingvalla samankomnir á næstkomanda ári *anno* 1689 þann 25. júní uppá það að allir kynni því heldur með náðum og einingu það saman að bera sem sérhvör hefur hér úti erfiðað og aðgjört.

7. Lét biskupinn *magister Þórður Þorláksson* upplesa þann héraðsdóm sem gengið hafði undir hans útnefnd að Stað í Grindavík þann 14. september *anno* 1687 um málefni og embættisafsetning séra Rafns Ólafssonar, eftir því sem sami dómur og sá *tractatus* inniheldur, hvörju dómsatkvæði allir kennimenn nú nálægir í þessari *synodo* (í *praesentia* sjálfs herra amtmannsins) eru einnin fullkomlega samþykkir og öldungis samhljóða í allan máta. En það séra Rafns kristilegum fríheitum uppá helgidómsins þjónustu viðvíkur virðist ei forsvaranlegt hann til þeirra annars að meðtaka né heilagt altarisins *sacramentum* honum veita en með opinberri aflausn. En þar hann er nú að nokkru leyti kominn að Hlíð í Hreppum og Steinsholtskirkjusókn, þá tilsegir biskupinn séra Daða Halldórssyni að áminna kostgæfilega séra Rafn til auðmýktar og afturhvarfs svo fyrir herrans náðar tilhlutan leiðréttast kunni til hlýðni og yfirbótar. Hafði og biskupinn sjálfur bréflaga og alvarlega áminning sent séra Rafni hvör hér var einnin upplesin.

8. Bar eruverðugur prófasturinn séra Sigurður Sigurðsson fram málefni þeirrar konu Ingibjargar Þórarinsdóttur úr Snæfellssýslu, hvörju svo er varið að hún nú meir en fyrir fjórum árum hefur laungetið barn alið og það að faðerni kennt þeim manni Eigli Jónssyni, en hann með eiði synjað fyrir nefnt faðerni, hún samt við sína lýsingu staðið inn til þessa, jafnvel eina refsing af kóngsvaldinu fengið, samt tjáir prófasturinn að hún hafi iðuglega þess leitað að hún mætti í nafni Drottins til kristilegra fríheita náðast og þessa óskað með auðmjúkum iðrunarmerkjum það merkja hafi mátt. Kemur ei heldur fram að hún hafi á þessari sinni lýsingu tvímælt orðið. Er nú þess vegna hennar sálhjálparnaúðsyn svo álitin, sökum þeirrar samvitsku er menn hafa á nokkrum þeim kringumstæðum sem að hennar máli hníga, að nefnd Ingibjörg Þórarinsdóttur takist til helgidómsins fríheita með opinberri aflausn fyrir hennar barneign í saurlifnaði. Hvörmin sem varið er um sannleikans raun á hennar sögu hlýtur sjálfum Guði befalað að vera, en aflausnina veiti henni héraðsprófasturinn með því játningar innihaldi sem honum virðist með sinni gegnd þar helst

tilhlýða, hvörju ei mun verða nær komist uppá hennar síðu en augljóst og opinbert er orðið.

9. Kom til tals enn að nýju um þá konu Sigríði Hallsdóttur úr Ölvesi hvör enn stendur við sömu þverúð og fyrrum en hefur þó á næsta vori refst verið, vill þó ei annað játa né auglýsa heldur en áður, merktist og á hennar sóknarpresti séra Oddi Árnasyni að nefnd Sigríður skipist lítt við áminningar til slíkrar auðmýktar sem sanniðrandi manneskju ber að sýna, fyrir utan það sem hún við kirkju og heilaga embættisgjörð sjáist nokkrum sinnum, en í eftirleitni um sinnar sálar nauðsyn þykir prestunum hún ekki svo ræksluleg sem vera skyldi. Enn sé um hennar málefni álitíð það henni veitist ekki helgidómsins þjónusta til *sacramentisins* meðtöku að svo stöddu meðan hún gjörir ei kristilega bót á sinni ótilheyrligri þverúð.

10. Var upplesið bréf Bendt Lauritssonar frá Hraunhöfn og búðarsetumanna þar nálægt með þeirra undirskrifuðum nöfnum yfir 20 alls, hvar inni þeir óska þess að oftár en sjaldnar embættað yrði á þeirri hálfkirkju að Hraunhöfn sérdeilis sökum vegalengdar til sóknarkirkjunnar að Staðastað, einkum á vetrardag, hvar uppá að svo er svarað það biskupinn óskar af eruverðugum prófastinum séra Sigurði Sigurðssyni og treystir hönum til hér úti svo að *dispensera* að á nefndri hálfkirkju verði embættað eftir því sem hentast má vera, einkum á vetrardag. En ei að síður séu þeir skyldugir sem þar nálægir eru við hálfkirkjuna höfuðkirkjuna að sækja og hana í öngvan máta að forsóma en inni þó prestinum fyrir sitt ómak og þjónustu sá sem hálfkirkjuna heldur, svo hann sæmilega uppberi fyrir það hann framar fyrir hefur en áður hefur venja til verið eftir máldögunum.

11. Kom fyrir *synodum* velforstandigur sýslumann úr Skaftafellssþingi Ísleifur Einarsson og¹ óskaði leiðréttingar um þær persónur sem í ýmsum söknum sýslunnar sekar verða að barneignarbrotum séu til aflausnar og *sacramentis* meðteknar, víkja síðan í burt í fjarlæga staði ókvittar við kóngsvaldið og án þess vitundar, en sýslumanni þykir bággt verða mega eftir slíkum óskilapersónum og þeirra sektum að sækja, einkum ef ei hafa áður sanna vissu um þeirra brot eður fríheit fengið. Hvar uppá kennidómurinn svo svarar að vel tilheyrllegt sýnist þó sérhvör sá brotlegur verður í soddan máta veiti þá virðing og hlýðni sínu veraldlegu yfirvaldi þess að vitja uppá sitt misfelli þar því hentuglega viðkoma kann. En þar sem forföll eður fjarlægð hindra þá sé það undir prestsins góðri greind komið þar úr að ráða í forsvaranlegan máta, einkum svo að kónglegar *majestets* forordningum verði sem næst komist það mögulegt er, hvar um nefnilega hljóðar Christiani qvarti útgefið bréf um aflausnir *datum* Kaupenhafn 16. febrúar 1621.

1 og: vantar í handrit

12. Lét biskupinn upplesa bréf þess eruverðuga kennimanns séra Torfa Jónssonar prófasts í Árnesþingi, hvar inni hann sérdeilis afsakar sig vegna síns aldurdóms og þunga veikleika prófastsembætti framvegis að þjóna og óskar þar jafnframt að annar góður og guðhræddur kennimaður verði til þess embættis í sinn stað nefndur. Og þótt bæði biskupinn og aðrir nálægir kennimenn hefðu gjarnan óskað að velnefndur þessi Guðs maður hefði bæði nú og lengur við þetta starf verið, hvörju hann í mörg umliðin ár hefur vel og loflega þjónað, þá virðist samt til vorkunnar þó hann um síðir mæðist sem hvör annar elli- og krossþjáður. Í þessum alþingisreit svo vel sem héraði heima hefur hann eftir sig látið virðuglegt og loflegt mannorð með guðrækilegum og friðsömum tillögum í sérhvörn máta þar hann eftir sinni persónu eður embætti hefur viðriðinn verið, hvörs vegna hann er af kennidóminum kærleikspakkar og skyldugrar æru verðugur. En það viðvíkur prófast í hans stað aftur að nefna, þá tileinkar biskupinn það á þann hátt að allir prestar í Árnesþingi komi til þess erindis að Snæfuglstöðum í Grímsnesi á þann fyrsta dag ágúst næstkomanda prófast þá þar að kjósa samþykkilega yfir Árneshérað þann sem Guð gefur þá ráð til að nefndur verði, en biskup lofar þann til að einka í sem fyrir framan sé að kosningin rélega framfari. Hér með tilsegir biskupinn *magister* Þórður Þorláksson að nær þessi *articuli* er út af *synodals* bókinni skrifaður þá sendi hann sérhvor prestur frá sér sínum nábúa með skilum um héraðið svo hann í góðan tíma til þess síðasta komi.

13. Að síðustu óskaði herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson almennelegs vitnisburðar af samankomnum kennimönnum bæði síns embættis og persónu vegna. Hvar uppá kennimennirnir gáfu samþykkilega svo sem í einu hljóði einn loflegan róm í þann máta að hann hefði með allri hollustu og í guðsótta stundað leynt og ljóst skyldu sinnar kallanar, eftir því sem sá sami vitnisburður hljóðar og hans innihald sér líkast hermir, hvör af kennimönnum var hér í sama stað staðfestur og handskrifaður.

Þetta allt fyrrskrifað í þrettán póstum hefur svo framfarið sem hér umgetur og til staðfestu upplesið í yfirvist velæðla og velbyrðugs Christians Muller til Katterup kónglegrar *majestets* commerce raad og amtmanns á Íslandi með ályktun og atkvæði kennidómsins og samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvörju til fullkomins kraftar þetta allt undirskrifað er með eigin höndum biskupsins og kennimannanna þann 6. júlí *anno et loco ut supra*.

Christian Muller
 Árni Þorvarðsson eh
 Séra Hannes Björnsson eh
 Björn Þórðarson eh

Þórður Þorláksson mpp
 Sigurður Sigurðsson eh
 Oddur Eyjólfsson meh
 Jón Torfason meh

Jón Jónsson mpp
Einar Gíslason mpp
Gissur Bjarnason mpp
Oddur Árnason prestur mpp
Daði Halldórsson mpp

Oddur Jónsson eh
Þórður Bárðarson eh
Jóhann Þórðarson eh
Björn Jónsson eh

Opinn seðill séra Oddi Árnasyni meðdeildur um Sigríði Hallsdóttur til heilags altarisins *sacramentum*

Eftir því Sigríður Hallsdóttur nú vistföst að Reykjum í Ölvesi, sem nú fyrir tveimur árum hefur lýst Þórð Brandsson föður að því barni sem hún í heiminn fæddi, en hann með lagaeiði frá gengið, og hún hefur nú nýlega auglýst að hún hefði ósatt sagt og lygi framborið uppá greindan Þórð Brandsson um barnsfaðernið, en hefur nú opinberlega í margra erlegra manna viðurvist meðkennt og játað Ásgeir Jónsson að vera sannan föður að þessu sínu barni, og óskar þess vegna í Guðs nafni að hún ei lengur haldist frá kristilegum friðheitum. Nú þó að Ásgeir sé ei í þetta sinn nálægur þar hann er í Kaupenhavn, þá hefi ég ei samvitsku til að samþykkja henni sé lengur uppihaldið frá kristinna manna friðheitum, einkum þar hún auðmjúklega þeirra óskar. Því má hennar kirkjuprestur heiðurlegur kennimaður séra Oddur Árnason að ósekju í trausti Guðs taka hana til opinberrar aflausnar fyrir áðurgreint barneignarbrot á móti sjötta Guðs boðorði og ósannindi og lygi uppá Þórð Brandsson móti áttunda boðorði, en hún skal undir aflausnina lofa að standa til rétta fyrir yfirvaldinu um sinn síðara framburð, einkum verði honum mótmælt. Þar með byrjar henni og svo með rétttri guðrækni og sanniðrandi hjarta að tilreiða sig og búa réttilega til heilagrar aflausnar og herrans holds og blóðs meðtekningar, hvar til Guð gefi henni sína náð í Jesú nafni. Til merkis undirskrifað nafn, Þorlákshöfn dag 2. desember anno 1688, Þórður Þorláksson.

NB

Þessi fyrrgreind meðkenning Sigríðar Hallsdóttur, að Ásgeir Jónsson væri sannur faðir að sínu laungetna barni, skeði á almennilegum prestasamfundi að Arnarbæli þann 29. nóvember 1688 í sýslumannsins Einars Eyjólfssonar og heiðurlegra kennimanna viðurvist og áheyrslu, hvað hið sama hún játaði og meðkenndi opinberlega fyrir biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni sama stað en degi síðar í fyrrgreindra heiðurlegra manna viðurvist.

Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar

Anno 1688 þann 28. nóvember að settri prestastefnu að Arnarbæli í Ölvesi af héraðsprófastinum séra Þorsteini Gunnarssyni voru þessir heiðurlegir kenni-

menn, séra Árni Þorvarðsson, séra Daði Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Björn Stefánsson, séra Gísli Álfsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Oddur Árnason, séra Þórður Bárðarson, séra Björn Jónsson,¹ séra Jón Halldórsson, séra Þórður Þorsteinsson, séra Eiríkur Magnússon, séra Gísli Jónsson, séra Halldór Torfason og séra Snorri Jónsson, til dóms og álita nefndir um það hjónabands aðskilnaðarmál millum erlegs heiðursmanns Hákonar Jónssonar og Guðrúnar Markúsdóttur, hvörju svo er varið að Guðrún Markúsdóttir lýsti Berg Benediktsson holdlegan föður að því barni er hún í sumar í heiminn fæddi, hvað þau sameiginlega undir aflausn í dómkirkjunni að Skálholti fyrir herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni í safnaðarins nálægð játuðu. Hafði erlegur heiðursmann Hákon Jónsson játað sig merkja í sínu bréfi til herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar *dateruðu* 1688 þann 30. september að sinn alvarlegur vilji sé að hórdómsmálefnið hans ektakvinnu Guðrúnar Markúsdóttur hið fyrsta úttalast mætti eftir lögum og rétti, en óskar nú og beiðist af héraðsprófastinum og nálægum heiðurlegum kennimönnum að hér í dag fullkominn aðskilnaður gjörist þeirra á milli með löglegum dómi, hvörja hans ósk og beiðni að nú frambar séra Daði Halldórsson hans náungi vottaða og staðfesta í viðurvist valdsmannsins í Árnesþingi Einars Eyjólfssonar og fleiri erlegra manna þar viðstaddra, hvað kennidómurinn fullt og gilt meðtekur.

Hafði prófasturinn séra Þorsteinn Gunnarsson áðurnefnda Guðrúnu Markúsdóttur bréflega *citerað* hingað á þennan stað og dag að koma, hvörja *citatiu* heiðurlegur kennimaður séra Gísli Álfsson að Kaldaðarnesi henni auglýsti þann 5. nóvember þessa árs 1688 í tveggja erlegra votta viðurvist, Sigurðar Þorsteinssonar og Jóns Þórðarsonar, eftir hvörri fyrrtéð Guðrún Markúsdóttir var hér nú persónulega nálæg og meðkennir sig fyrrnefnda *citatiu* heyrta hafa og sig réttilega fyrirkallaða. Var nú fyrrnefndur heiðursmann Hákon Jónsson enn að nýju aðspurður hvort hann vildi ekki sína fyrrnefnda ektakvinnu Guðrúnu Markúsdóttur til hjónabandsins meðtaka, hvar til hann svo svaraði að eftir því hún óskaði þess ekki af sér þá afsagði hann það að gjöra. Aðspurði nú prófasturinn Guðrúnu Markúsdóttir hvort hún fyndi sínum ektamanni Hákon Jónssyni nokkra orðsök til þessa síns meðkennda hórdómsbrots, hvar til hún svaraði að hann hefði sér þar til öngva orðsök gefið síðan þau komu saman í þetta hjónaband, og að hann hefði vel og friðsamlega með sér umgengist.

Nú þegar svo var komið málefninu og dóminum kom hingað eðla hálærður og heiðurlegur herra *magister* Þórður Þorláksson, af hvörjum kennidómurinn er auðmjúklega óskandi góðra tillagna og leiðréttingar til úrgreiðslu þessu máli, og sýnist honum það ráðlegt að leita fullkomins og einlægs andsvars af erlegum

1 Jónsson: breytt úr Þorleifsson

heiðursmanni Hákon Jónssyni enn á ný, hvort þess enginn kostur væri að hann vildi sína ektavinnu Guðrúnu Markúsdóttur aftur náða til ektaskaparsamvista, hvar til hann þverlega nei sagði í viðurvist prófastsins og lögsagnarans í Árnesþingi og þar nálægra kennimanna, séra Jóhanns Þórðarsonar og séra Gísla Álfssonar og séra Björns Jónssonar.¹ Eftirspurði nú prófasturinn séra Þorsteinn Gunnarsson samankomna heiðurlega kennimenn hvað þeim virtist um þetta málefni og er þeirra einlægt og fullkomlegt andsvar þar uppá að endilegur aðskilnaður hljóti þeirra á milli að fullgjörast eftir því Hákon Jónsson vilji Guðrúnu ekki frammar aftur taka til hjónabands.

Því í Jesú nafni að heilags anda náð með oss tilkallaðri, að athuguðu Guðs orði af Matthei guðspjallamanns 19. *cap.* ásamt landslögum og hjónabands *articulum* Friderici secundi, háloflegrar minningar, dæmum vér fyrrnefndir prestar með fullu dómsatkvæði það hjónaband milli Hákonar Jónssonar og Guðrúnar Markúsdóttur sundurlaust og aðskilið héðan í frá, og tilsegir kennidómurinn sérhvorju þeirra Hákon Jónssyni og Guðrúnu Markúsdóttur að halda sig eftir fyrrnefndum hjónabands *articulum*, einkum að Guðrún víki af sókn og héraði því sem hann er heimilisfastur í og það hið fyrsta án forsómunar. Samþykkti þennan vorn dóm héraðsprófasturinn séra Þorsteinn Gunnarsson sem framför í nálægð lögsagnarans í Árnesþingi Einars Eyjólfssonar og með hans ráði, hvörn dóm vér samþykkilega setjum fyrir heiðurlegan hálærðan herra *magister* Þórð Þorláksson biskup Skálhóltsstiftis til umbóta og staðfestingar, hvorju til sannindamerkis og staðfestu vér undirskrifum vor nöfn með eigin höndum sama stað og ári en degi síðar en fyrr segir. (Undir hafa skrifað) Þorsteinn Gunnarsson eh, Daði Halldórsson eh, Björn Stefánsson meh, Snorri Jónsson eh, Björn Jónsson eh, Þórður Bárðarson eh, Eiríkur Magnússon meh, Þórður Þorsteinsson meh, Árni Þorvarðsson eh, Frans Ibsson mpp, Jóhann Þórðarson mpp, séra Jón Halldórsson mpp, Oddur prestur Árnason meh, Halldór prestur Torfason meh, Gísli Jónsson meh.

Þennan áðurskrifaðan dóm um hjónabandsaðskilnað Hákonar Jónssonar og Guðrúnar Markúsdóttur samþykki ég Þórður Þorláksson *superintendens* Skálhóltsstiftis fullkomlega í öllum sínum greinum og *articulis* það frekast ég má og mínu embætti tilhlýðir. Var ég og svo persónulega viðstaddur þá þessi dómur gekk. En þess óska ég að veleðla og velburðugur kónglegrar *majestets* commerce ráð og amtmann á Íslandi Christian Muller vildi einnig samþykkja þennan dóm það framast hann sér lög og rétt tilstanda. Þessu til merkis er mitt nafn hér undirskrifað með eigin hendi á prestastefnu að Arnarbæli í Ölvesi dag 29. nóvember *anno* 1688, (undirskrifað nafn) Þórður Þorláksson mpp.

1 Jónssonar: breytt úr Þorleifssonar

Anno 1688 þann 29. nóvember að settri prestastefnu að Arnarbæli í Ölvesi í viðurvist stiftisins *superintendentis magisters* Þórðar Þorlákssonar og valdsmannsins í Árnesþingi Einars Eyjólfssonar af héraðsprófastinum séra Þorsteini Gunnarssyni voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Árni Þorvarðsson, séra Daði Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Björn Stefánsson, séra Gísli Álfsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Oddur Árnason, séra Þórður Bárðarson, séra Björn Jónsson, séra Jón Halldórsson, séra Þórður Þorsteinsson, séra Eiríkur Magnússon, séra Gísli Jónsson, séra Halldór Torfason og séra Snorri Jónsson, til dóms nefndir um þá hjónabandsmisklíð sem til var fallin millum Bergs Benediktssonar og Ingvildar Jónsdóttur, hvörri svo var varið að fyrrnefndur Bergur hafði brotlegur orðið með Guðrúnu Markúsdóttir í opinberu barneignarbroti framhjá sinni ektakvinnu fyrrnefndri Ingvildi Jónsdóttur, hvörju barneignarbroti lýstu af Guðrúnu Markúsdóttur á hendur Bergi en af honum á næstumliðnu alþingi meðkenndu. Hafa þau bæði hvort um sig undir heilaga aflausn í dómkirkjunni að Skálholti í safnaðarins nálægð fyrir eðla heiðurlegum og hálærðum herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni þetta brot meðkennt og játað, uppá hvörja þeirra játning þau þá í það sinn heilaga aflausn og *sacramentum* meðtóku. Hafði prófasturinn séra Þorsteinn skriflega *citatiu* sent og tilskrifað Bergi Benediktssyni, hvörja heiðurlegur kennimaður séra Gísli Álfsson honum auglýsti þann 5. nóvember þessa árs, eftir hvörri hann var nú hingað kominn og persónulega nálægur og meðkenndi sig réttilega fyrir kallaðan. Í sama máta hafði prófasturinn skriflega *citatiu* sent til Ingvildar Jónsdóttur hingað á þessa prestastefnu að koma, hvör auglýst var 5. nóvember þessa árs af heiðurlegum kennimanni séra Gísli Álfssyni. En nú framkemur skjállega að hún vegna sjúkdóms og veikleika sé svo hindruð að ei kunni hér persónulega nálæg að vera, en hefur sitt skriflegt svar hingað sent sem hér var uppleið með hennar nafni undirskrifuðu með eigin hendi í viðurvist heiðurlegra kennimanna séra Björns Jónssonar og séra Gísli Álfssonar, einninn frómra manna Páls Sveinsonar og Jóns Þorlákssonar, hvört svo er látandi sem eftirfylgir:

Eftir því ég undirskrifuð forfallast sökum uppáfallins veikleika persónulega nálæg að vera á nú yfirstandandi prestasamfundi að Arnarbæli eftir meðtekinni *citatiu* héraðsprófastsins séra Þorsteins Gunnarssonar til andsvara uppá meðkennt hórdómsbrot míns ektamanns Bergs Benediktssonar með Guðrúnu Markúsdóttur, því er mín innileg og alvarleg bón til yðar heiðursemi að þér vilduð aðskilnað gjöra á okkar mín og míns ektamanns hjónabandi, því ég aldeilis afsegi nefndan Berg Benediktsson framvegis hér eftir til hjónabandssamvista að meðtaka, óskandi auðmjúklega að mér ei þar til í neinn máta þrengt eður tilsteðjað verði. Því játa ég með eiginlegri samvitsku að ég hefi ekki holdlegt

samræði með honum haft síðan hann að þessu hórdómsbroti er opinber orðinn (hvað Bergur Benediktsson nú sjálfur meðkennir). Svo og veit ég mig ei hafa gefið honum nokkurt tilefni til þessa hórdómsmisferlis, biðjandi erlegan ungan mann Magnús Magnússon minna vegna hér fyrir framan að vera eftir honum útgefnu umboði svo endilegur aðskilnaðardómur mín og nefnds Bergs Benediktssonar framkvæmast og fullkomnast mætti. Þessu fyrir framan skrifuðu til fullkomlegrar staðfestu undirskrifa ég mitt nafn að Hrauni á Eyrarbakka þann 29. nóvember *anno* 1688 í erlegra votta viðurvist, hvörjir sín nöfn til staðfestu þessu öllu ofanskrifuðu með mér hér undirskrifa sama stað, ár og dag sem fyrr segir. (Undirskrifuð nöfn) Ingveldur Jónsdóttir meh, Björn Jónsson meh, Gísli Álfsson meh, Páll Sveinsson meh, Jón Þorláksson meh.

Sömuleiðis framkom skriflegt umboð áðurnefndrar Ingveldar Jónsdóttur útgefið í votta viðurvist, nefnilega Páls Sveinssonar og Jóns Þorlákssonar, erlegum ungum manni Magnúsi Magnússyni, hvörs sérlegasta inntak er að hún gefur honum sitt fullkomlegt lagaumboð til allra þeirra andsvara og úrgreiðslu sem henni bæri til að svara á þessari prestastefnu móti sínum ektamanni Bergi Benediktssyni og að hann hennar vegna afsegi hjónabandssambúð með sér og Bergi Benediktssyni. Framar biður hún virðuglegan valdsmanninn Einar Eyjólfsson nefndan Magnús Magnússon að aðstoða svo að hún sitt skaðlaust uppbæra mætti, og lofar það staðfastlega að halda sem Magnús hér úti gjörir eftir áðurskrifuðum skilmálum, hvört umboð Magnús Magnússon nú nálægur meðkennir sig undirgengist hafa, hvað hið sama vottarnir meðkenndu.

Beiddist nú héraðsprófasturinn ásamt tilnefndum dómsprestum að fyrrnefndur Bergur Benediktsson hér nú undir dóminn framleggi allt hvað hann hafa kann sér til gagns og bata í þessu máli, hvar uppá framkom innlag Bergs Benediktssonar sem hann gjört hafði til veleðla herra amtmannsins Christians Muller, hvörs inntak sérlegasta svo er látandi að hann auðmjúklega umbiður velnefndan herra amtmanninn svo til að sjá að hann og hans ektakvinna Ingveldur Jónsdóttir mættu heldur eftir kónglegu lögmáli aðskilin verða en framvegis til óeiginlegrar sambúðar samantaka, lofandi þar að auki að hún í næstkomandi fardögum uppberi svo mikið í föstu og lausu gótsi sem hún með réttu hjá honum á, svo sem áðurnefnt bréf sér líkast hermir. Sömuleiðis er í það bréf innfært að Bergur Benediktsson hvorki vilji né hafi sinni ektakvinnu neitt saknæmt til að tala og muni hún þess vegna sinna friðheita njóta eftir kónglegu lögmáli það viðskilnaðinum viðvíkur, hvörju öllu Bergur Benediktsson nú fullkomlega játaði og samþykkur varð og lofar þar við að standa með hand-sölum við herra biskupinn og prófastinn. Framar segist hann ekki hafa fram að leggja.

Að þessu svo framförnu beiddist kennidómurinn þeirra skilríkja sem Magnús Magnússon vegna Ingveldar Jónsdóttur hafði fram að leggja þessu máli viðvíkjandi og sagðist hann ei hafa framar fram að leggja en hér er áður í þennan dóm innfært, hvað kennidóminum með ráði valdsmannsins Einars Eyjólfssonar virtist ánægjanlegt vera til þessa máls undirbúnings og málið allareiðu réttilega undir dómsatkvæði komið, einkum þar hér á ofan framkemur herra amtmannsins Christians Muller sendibréf herra biskupinum tilskrifað, af hvörju merkja má að honum sýnist betur fara að dómur gangi á þetta hjónabandsmál Bergs Benediktssonar og Ingveldar Jónsdóttur, heldur til skilnaðar en framvegis óeiginlegrar og hneykslunarsamrar sambúðar. Því í Guðs nafni að heilags anda náð með oss tilkallaðri, þessu máli af oss gaumgæfilega athuguðu og þess aðhnígandi kringumstæðum eftir vorri góðri samvitsku, svo og einninn Guðs og landsins lögum grandvarlega athuguðum, dæmum vér með fullu dómsatkvæði hjónaband fyrrnefndra persóna Bergs Benediktssonar og Ingveldar Jónsdóttur sundurlaust og aðskilið ævinlega upp héðan, og tilsegir kennidómurinn oftnefndum persónum Bergi Benediktssyni og Ingveldi Jónsdóttur sér hér eftir að breyta eftir því sem konunglegt lögmál í hjónabands *articulum* þeim tilheldur. Samþykkti þennan vorn dóm áðurnefndur prófastur, en bæði hann og vér fyrrnefndir dómsmenn setjum hann sameiginlega fyrir vort yfirvald og nefnilega stiftisins *superintendentem* eðla eruverðugan og heiðurlegan og hálærðan herra *magister* Þórð Þorláksson til aðsjónar og staðfestingar. Og þessu öllu framan- og ofanskriðu til fullkomlegrar styrkingar skrifum vér vor nöfn hér undir með eigin höndum, sama stað og ár, degi síðar en fyrr segir. (Undirskrifuð nöfn) Þorsteinn Gunnarsson eh, Daði Halldórsson eh, Jóhann Þórðarson mpp, Þórður Þorsteinsson meh, Björn Jónsson meh, Jón Halldórsson meh, Halldór Torfason meh, Árni Þorvarðsson eh, Frans Ibsson mpp, Þórður Bárðarson eh, Oddur prestur Árnason meh, Björn Stefánsson meh, Gísli Álfsson meh, Snorri Jónsson meh, Eiríkur Magnússon meh.

Þennan áðurskrifaðan dóm um hjónabandsaðskilnað Bergs Benediktssonar og Ingveldar Jónsdóttur samþykki ég undirskrifaður fullkomlega og staðfesti það framast ég má og mínu embætti tilhlýðir. Óska ég ásamt heiðurlegum kennimönnum sem greindan dóm gjört og gengið hafa að veleðla og velburðugur kónglegrar *majestets* commerce ráð og amtmann á Íslandi Christian Muller vildi einninn sitt samþykki hér til leggja dómnum til styrkingar. Til merkis undirskrifað nafn að Arnarbæli í Ölvesi dag 30. nóvember 1688. (Undirskrifað nafn) Þórður Þorláksson mpp.

Að þessu öllu ofanskriðu svo framförnu afhenti prófasturinn séra Þorsteinn Gunnarsson Bergi Benediktssyni *copiu* af þeim dómi sem á fyrirfaranda degi gengið hafði um hans og Ingveldar Jónsdóttur hjónabandsmál,

og áminnti prófasturinn í sama sinn Berg Benediktsson, einninn óskaði og beiddist af honum að hann hér eftir fjarlægðist að nálægð og samvistum Guðrúnu Markúsdóttur, svo þar af ekki framvegis nein vandræði eður hneyksli rísa kynni. Þessu til sannindamerkis og staðfestu skrifa sín nöfn hér að neðan þeir sem áheyrðu og viðstaddir voru, Arnarbæli 30. nóvember *anno* 1688. (Undir hafa skrifað) Árni Þorvarðsson eh, Daði Halldórsson eh, Frans Ibsson mpp, Björn Stefánsson meh, Jóhann Þórðarson eh, Þórður Bárðarson eh.

Anno 1688 þann 30. nóvember á fyrrgreindri héraðsprestastefnu að Arnarbæli í Ölvesi óskaði biskupinn *magister* Þórður Þorláksson og prófasturinn séra Þorsteinn Gunnarsson kennidómsins góðra ráða hvörmin höndla skyldi við þann vandræðamann Rafn Ólafsson forðum prest í Grindavík, það viðvíkur hans kristilegum fríheitum. Var ályktað í sumar eð var á alþingi að hann skyldi ei til heilags altarisins *sacramentis* meðtakast nema með opinberri aflausn fyrir hans misferli og hneykslanlegar ávirðingar. En hann mælist undan opinberri aflausn upp á þau *acta* sem undanfarin eru í hans máli, haldandi sig fullkomlega óhindraðan uppá sín fríheit, óskar þess vegna heimuglegrar aflausnar af prestinum séra Daða Halldórssyni. Annars segist hann neyðast til sjálfur að meðdeila sér *sacramentum* svo sem hans bréf séra Daða Halldórssyni tilsent *anno* 1688 dag 8. nóvember ljósast útvísar. Hefur Rafn Ólafsson dirfst til að meðdeila sér sjálfum *sacramentum* áður fyrri og það sama enn nú nýlega gjört, eftir því sem rómast, hvör hans tiltekt kennidóminum virðist hneykslanleg, ótilheyrileg og ólíðanleg. Sérdeilis þess vegna að það háverðuga altarisins *sacramentum* kann fyrir þá skuld að komast í stórkostlega misbrúkun og forakt, einkum þar hann er með dómi afsettur kennimannlegu embætti, en sá sem ei má öðrum heilagt *sacramentum* meðdeila honum leyfist miklu síður sjálfum sér það að veita.

Því sýnist kennidóminum það ráðlegast í þessu efni að Rafni Ólafssyni séu gjörðar þrjár áminningar af hans presti, sem nú er séra Daði Halldórsson, að hann snúi af sínum vondum vegi, játi sínar ávirðingar auðmjúklega fyrir Guði og mönnum og með sanniðrandi hjarta biðji auðmjúklega Guð um fyrirgefning. Sú fyrsta áminningin á að vera eftir *ordinantiunni* og kónglegrar *majestets recess* heimugleg. Sú önnur i tveggja erlegra votta viðurvist, en sú þriðja opinberlega af predikunarstólnum og skal hún framfara ei síðar en um næstkomandi sumarmál eður seinast um krossmessu næsta þar eftir *anno* 1689. En vilji Rafn Ólafsson ekkert skipast við þessar kristilegar¹ áminningar til góðrar leiðréttingar, þá er óskað af lösagnaranum Einari Eyjólfssyni að hann

1 kristilegar: breytt úr þrjár

vildi síns embættis skyldu hér úti gjöra eftir kónglegrar *majestets* Friderici 3 náðugasta bréfi *dateruðu* Kaupenhafn 1650 dag 3. maí um þá sem eru harðhnakkaðir og ei vilja hlýða prestanna áminningum eður kirkjunnar *disciplinæ*. Framför þetta áðurskrifað *anno, die et loco ut supra*. (Undir hafa skrifað) Þorsteinn Gunnarsson eh, Daði Halldórsson eh, Jóhann Þórðarson mpp, Björn Jónsson meh, Þórður Bárðarson eh, Þórður Þorsteinsson meh, Halldór Torfason eh, Árni Þorvarðsson eh, Frans Ibsson mpp, Gísli Álfsson meh, Björn Stefáns-son meh, Oddur prestur Árnason eh, Jón Halldórsson eh, Eiríkur Magnússon eh, Snorri Jónsson eh.

Það kennist ég undirskrifaður Einar Eyjólfsson, að ég tilkvaddur af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni og héraðsprófastinum séra Þorsteini Gunnarssyni, sem og Árnessýslu héraðs kennimönnum að Arnarbælis prestastefnu í Ölvesi þann 28. og 29. dag nóvembermánaðar 1688 til viðurvistar þeirra hjónabandsaðskilnaðarmála sem þar þá framfóru, í fyrstu Hákonar Jónssonar og Guðrúnar Markúsdóttur, og enn aftur Bergs Benediktssonar og Ingveldar Jónsdóttur, er aldeilis samþykkur í öllum þeim *punctum* sem mínu embætti viðvíkja því sem þar framför í þessum málum, og ekki veit ég lög tilstanda sem þeim tveimur hjónabandsaðskilnaðarmálum raska kunni. Til merkis mitt nafn hér undirskrifað að Oddgeirshólum dag 30. nóvember *anno* 1688.

(Undir hafa skrifað) Einar Eyjólfsson meh, Þorsteinn Gunnarsson meh, Daði Halldórsson eh, Þórður Bárðarson eh.

Þetta hér fyrir framan skrifað á fimm blöðum, um tvo hjónabandsaðskilnaðardóma og málefni Rafns Ólafssonar áður prests í Grindavík, er hér rétt *coperað* og samanlesið við sína *originala*, hvörju til merkis eru okkar undirskrifaðra nöfn með eigin hendi, Skálholti dag 22. desember *anno* 1688.

Gísli Jónsson eh
Jón Gíslason meh

Þessar línur lét biskupinn *magister* Þórður Þorláksson skrifa neðan á vitnisburð prófastsins séra Torfa Jónssonar sem tekinn var og útgefinn á prestastefnu að Arnarbæli í Ölvesi dag 28. nóvember *anno* 1688:

Viðstaddur var ég undirskrifaður á prestastefnu að Arnarbæli í Ölvesi þann 28. nóvember þá þessi hér áðurskrifaður vitnisburður virðuglegs prófastsins séra Torfa Jónssonar var útgefinn og tekinn, og játa ég fyrir mína persónu, og það framast mér er kunnugt, það allt satt vera sem prestarnir hafa hér í þessum þeirra vitnisburð meðkennt og auglýst, vitandi fyrir víst bæði af reynslu minni og frásögn að sá blessaði Guðs maður séra Torfi Jónsson er mikils og góðs lofs verðugur. Sá eilífi almáttugi Guð annist hann og alla oss í Jesú nafni *amen*. Og

Þessu til merkis og staðfestu skrifa ég mitt nafn hér undir með eigin hendi.
Anno, die et loco ut supra.

Þórður Þorláksson

Copie af bréfi Bergs Benediktssonar til herra amtmannsins um viðskilnað hans konu

Hans kóngleg *majestets* til Danmark og Noreg *etc, etc, etc*, hábetrúuðum commerce raad og amtmanni yfir Íslandi veleðla og velbyrðigum herra Christian Muller mínum háttaktandi herra *patrono* óskast friður og blessan.

Hér með hans velbyrðigheitum auðmjúklega ávísandi, að eftir því ég (hvað Guð náði) hefi mig forséð með hórdómsbroti og mín ektakvinna Ingveldur Jónsdóttir hefur bréflaga auglýst að hjónaband við mig skilja vildi bæði vegna áðurnefnds míns brots sem og þeirrar óeiningar og ósamþykkis sem (því miður) okkar á milli verið hefur í nokkur umliðin ár, og þar fyrir með því ég hvorki vil né hefi neitt saknæmt minni áðurnefndri kvinnu til að tala, því mun hún sinna fríheita njóta eftir kónglegu lögmáli það viðskilnaðinum viðvikur, hvað og einninn hentast vera mun greindrar óeiningar vegna. Bið því auðmjúklega hans velbyrðigheit herra amtmanninn svo til að sjá að fyrir hans mikilsverða aðstoð mætti framkvæmd í þessu efni verða það fyrsta, og sé svo ég og mín kvinna verðum með dómi aðskilin, þá lofa ég að hún í næstkomandi fardögum uppberi svo mikið í föstu og lausu gótsi sem hún með réttu hjá mér á, hvað ég lofa henni afhenda eður afhenda láta í næstkomandi fardögum *anno* 1689 fyrir utan *proces* eður lagasóknir. En sé svo misreikningur eður óeining hér úti okkar á milli tilfalli, þá bið ég veleðla herra amtmanninn fjóra valinkunna menn tilnefna á næstkomandi alþingi sem greiði úr greindu efni, viljandi því hlýða og eftirbreyta fyrir utan víðari *appelleran* sem hans velbyrðigheit ásamt þeim hér úti *censurerar* og úrskurðar. Hans velbyrðigheitum með veleðla *familia* hér með allsmektugum Guði befallandi og forbliver.

Hans veleðla velbyrðigheita pliktskyldugur þenari. Besseddag 26. nóvember *anno* 1688. (Undirskrifað nafn) Bergur Benediktsson meh.

Þetta innlegg Bergs Benediktssonar er rétt samhljóða því opnu bréfi sem hans velbyrðigheit herra amtmaðurinn Christian Muller sendi biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni innan í bréfi sínu og var greind *copie* upplesin á prestasamfundi að Arnarbæli dag 29. nóvember *anno* 1688, Bergi Benediktssyni áheyrandi, hvörja hann meðkenndi. Til merkis undirskrifuð nöfn að Skálholti dag 6. apríl *anno* 1689.

Þorsteinn Gunnarsson eh

Gísli Jónsson eh

In nomine Domini!

Anno 1689 þann 3. júlí að Þingvelli setti almennilegri prestastefnu Skálholtsstiftis voru þessir heiðurlegir kennimenn, prófastar og prestar Skálholtsbiskupsdæmis, til dóms og atkvæða nefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni í nálægð og náveru veleðla og velbyrðigs kónglegrar *majestets* commerce raads og amtmanns á Íslandi Christians Mullers til Katterup, séra Sigurður Sigurðsson prófastur í Snæfellssýslu, séra Halldór Jónsson eldri prófastur í Borgarfirði að sunnan, séra Einar Einarsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Þorsteinn Gunnarsson prófastur í Árnesþingi, séra Árni Þorvarðsson, séra Hannes Björnsson, séra Þorleifur Kláussón, séra Frans Ibsson, séra Oddur Jónsson, séra Daði Halldórsson, séra Björn Stefánsson, séra Björn Jónsson, séra Gísli Álfsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Jakob Bjarnason, séra Björn Þórðarson, séra Einar Gíslason, séra Halldór Torfason.

1. *In primis* var upplesinn dómur og álit héraðsprófastsins úr Snæfellssýslu séra Sigurðar Sigurðssonar og hans nefndarpresta áhrærandi hjónaskilnað Jóns Jónssonar og Ingibjargar Jónsdóttur sökum hennar barneignar í hórdómi, eftir því sem sami dómur hljóðar, og fyrrtéd hórdóms- og skilnaðarmál sýnist innvirðuglega *tracterað*. Þar fyrir er sagður héraðsdómur prófastsins af kennidómnum hér í *synodo* samþykkegla staðfestur í öllum sínum atriðisgreinum og svo í nafni Drottins með fullu dómsatkvæði ályktað að hjónaband nefndra persóna Jóns Jónssonar og Ingibjargar Jónsdóttur skal upp héðan öldungis laust og aðskilið, og Ingibjörg skyldug að halda sig eftir kónglegrar *majestets* lögmáli og hjónabands *articulum*.

2. Bar eruverðugur prófastur úr Árnesþingi séra Þorsteinn Gunnarsson fram fyrir *synodum* hórdómsmál Þorleifs Jónssonar framhá hans ektakvinnu Arnleifu Jónsdóttur, sem auglýsir sig með opinberri barneign brotligan orðið hafa í hórdómi með Iðunni Ólafsdóttur. Hefur þetta efni í héraði til nokkurs umtals komið í þann máta að Þorleifur hafi sátta leitað hjá sinni kvinnu Arnleifu fyrir meðalgöngu góðra manna. En hún aftur á móti hann með soddan skilorði kvittan gefið að hún tæki hann ekki framvegis aftur til hjónabands samvista, hvörju einnin samhljóða er það hér skriflegt framkom, að nefnd Arnleif fullkomlega afsegir Þorleif Jónsson til hjónabandsins að meðtaka. En séra Daði Halldórsson auglýsir hér nú að Þorleifur hafi þess innilega leitað, samt gefur hún hann öldungis kvittan uppá allar hjónabandssamvistir þeirra í millum inn til þessa.

Var nú hér fyrir kennidóminum til viðurmælis áðurnefndur Þorleifur og sagðist í því nafni hingað kominn vera svo sem lögstefndur væri þeim dóms-

úrskurði að hlýða sem uppá þetta hans mál gjörast kynni. En Arnleif tjáist af trúanlegum framburði öldungis ófær sökum veikleika hennar hingað á þennan samfund að koma, samt var hennar fróm og erleg kynning til máls og gjörða hér auglýst, sömuleiðis hefur hún fullkomlega og alvarlega skilnaðardóms óskað af kennivaldinu. Nú að því öllu og sérhvörju innvirðuglega rannsökuðu sem í þessu máli aðhnígandi var framborið í þennan stað, og svo framast prófuðu sem möguligt var, er í herrans nafni fullkomin dómsályktun kennidómsins á þessari prestastefnu að hjónaband Þorleifs Jónssonar og Arnleifar Jónsdóttur sé hér eftir öldungis aðskilið og sundurlaust, og Þorleifur skyldugur að halda sig eftir kónglegrar *majestets* befallingu í hjónabands *articulum*.

Hér með eru báðir þessir næstu hjónabandsskilnaðardómar settir undir yfirskoðun og samþykki veleðla herra amtmannsins herra Christians Muller.

3. Leitaði eruverðugur prófasturinn í Árnesþingi séra Þorsteinn Gunnarsson góðra ráða á þessari stiftisins prestastefnu, hvörsu höndla skyldi með þær persónur sem brotligar væri eður orðið hefði að hórdóms- eður frillulífisbrotum sín í milli, en héldu ei að síður samveru eður návistir á móti prestanna áminningum. Er hér uppá einlægt svar, úrlausn og dómsatkvæði kennivaldsins að prestarnir sérhvör í sinni sókn (þar svo ástandast kann) höndli við slíkar óhlýðugar og þverbrotnar persónur kostgæfilega, alvarlega og röksamlega eftir kónglegrar *majestets mandatum* og útgefnum forordningum, með tilheyrilegum áminningum, heimuglegum og opinberum. En þar sem slík ástundan og kostgæfilig viðleitni prestanna einskis orkar hjá slíkum þverúðarsömum manneskjum, þá virðist tilheyrilegt svo með að fara að sóknarpresturinn gjöri slíkum persónum þrjár áminningar opinberlega í söfnuðinum, afhendi þær svo vottaðar og handskrifaðar sínum héraðsprófasti. En hann síðan héraðssýslumanninum til slíkra aðgjörða sem tilheyrir, og séu fyrrtéðar óhlýðugar manneskjur rétt settar frá þeirra helgidóms fríheitum eftir sagðar áminningar og svo lengi ekki gjörist bót á undir kóngsvaldsins aðgjörðir. En um skilnað persónanna, hvort heldur víkja skuli, þá metist það og tilskikkist af prófastinum með tilstyrk valdsmannsins, svo að sú persóna sem sig skal skilja við hina aðra víki svo langt í burtu sem tilsagt verður, svo ei þurfi framvegis hneyksli verða af ósæmiligum samvistum.

4. Kom fyrir kennidóminn um uppheldisleysi séra Arngríms Péturssonar, hvör að næsta vetri vígðist til Knarar-, Laugarbrekku- og Lónskirkna. Er nú svo ástatt að nefndra sókna inntektir hrökkva ei bæði til prestsins fororgunar og þar með þess fyrra prests eftirlátinni ekkju til fullkominna nota eftir hennar náðarárs rétti, hvör nú tjáist að bæði sé fátæk og næsta því karlæg vegna hennar veikleika. Var hér um svo úrráðið með sjálfs herra biskupsins góðri tilhlutan að hann lofar fyrst séra Arngrími þetta ár að leggja af prestaölmusu *capitalnum* 1

hundrað. En af inntekt téðra sókna skuli séra Arngrímur uppbera 1 hundrað af kirknakúgilda leigunum þar þau öll til samans eru 23. Hér með skal hann hafa heytolla alla í sóknunum svo sem til fóðurs fyrir sinn hest. *Item* skal hann þar að auki uppbera sérhvorja venjulina preststolla aðra sem með réttu ber að greiða fyrir utan tíundir, hvörjar af föstu og lausu gótsi ekkjan skal öðlast og eignast. Þar með skal hún bíhalda þetta ár umráðum á prestsins lénsjörðu Litlakambi í Breiðavík og þar taka leigur í haust og landskuld að tilkomanda vori. Ellefutíu álnir af kirknanna kúgildaleigum skulu henni tilheyra á móts við séra Arngrím, en héraðsprófasturinn tileinki hvar af leigunum hvort þeirra skal meðtaka eftir því sem hann sér og veit best henta. Er nú hér með svo tileinkað að fyrrskrifuð ekkja skuli öldungis frí vera um forsorgun og greiðslur við prestinn í sérhvörn máta þetta ár.

Nú eftir því sem tjáist og teiknað er reiknast prestinum af inntektinni og með tillægi af biskupinum alls 3^{1/2} hundrað fyrir utan heytollana, hvað lítið þykir hönum til nauðsynligs uppheldis, þar allan kostnað af að taka, en menn treysta sér ei til meira frá ekkjunni að skikka af inntektinni, einkum svo hún nokkur not hafi af náðarárinu.

Framar þessu lofar biskupinn af sínum eigin góðvilja séra Arngrími til að leggja enn eina tíu aura, einnin prófasturinn séra Sigurður Sigurðsson aðra 10 aura, svo og prófasturinn séra Einar Einarsson sléttan dal. Kirknanna sóknarmönnum sérhvorjum sem ráð og efni til hafa er vinsamlega tiltreyst prestsins nauðsynjar að álíta og hönum góðvilja og aðstoð sýna, eftir því sem að þeirra góðvild og guðrækni tilhlýðir, svo hann kynni sæmilega haldinn að verða, og þeim því heldur og þeirra nauðsynjum góða forstöðu veita í hans embætti.

Hvað framvegis viðvíkur prestsins bújörð eður samastað sér til athvarfs og viðværis, þá með því að lénsjörðin sem hönum er tileinkuð í Breiðavík er óhentug hönum til heimilisveru sökum sóknanna báginda, þá er nú samþykki-
leg bón og tillögur biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og nálægra kennimanna við háverðugt og guðhrætt yfirvald að sóknarpresturinn séra Arngrímur Pétursson mætti fyrir venjulina afgift öðlast sér til varanlegra umráða og ábýlis annaðhvort Brekkubæ við Hellisvelli eður aðra kóngsjörð þá¹ sem honum kynni vel hentug vera í sóknunum til heimilis, svo hann viss og óhultur væri að hann þyrfti sig ei að ómaka að nauðsynjalausu, og hér um er prestsins vegna fullkomið og einlægt alúðartraust til yfirvaldsins sérdeilis guðhræðslu og góðvildar.

5. Þann 6. júlí kom fyrir *synodum* skriflegt innlegg eignarmanna Hoffells í

1 aðra kóngsjörð þá: breytt úr aðrar kóngsjarðir þær

Hornafirði í þann máta að þeir þykjast ei kunna að annast þann kirkjukúgildapunga sem Hoffellskirkju tilheyrir, einkum þess vegna að bæði heima-jörðin sjálf og kirkjujörðin Setberg séu svo af sér gengnar og næsta útslægnalausar orðnar að ei verði kúgildunum svo fyrirkomið að þeim borgið sé og presturinn sína tilheyrilega rentu þar af fá kunni. Er hér uppá soddan andsvar gefið á þessari *synodo* að ei þykir svo fullkomliga yfirskoðað og metið, svo það hér skilmerkiliga fyrirkomi, að jörðin sé svo af sér gengin að ei verði kirkjukúgildunum í nokkurn máta ráðstafað, hvað þó sýnist endiliga hljóta undan að ganga, en að því sanngirnilega framkvæmdu virðist hér að hníga það sama sem í það nýja kirkjunnar lögmál er innfært soddan efni viðvíkjandi, einkum þar kúgildunum verður ei á kirkjueigninni ráðstafað fyrir fjölda sakir, þá sé eignarmönnum í té látið þau að selja fyrir þá hluti sem að kirkjunni séu varanlegir og þarflegir, og það sama með ráði lénsmanns og biskups, þó svo að sá prestur sem sömu kirkju þjónar eða þjónandi verður missi ekki í neinn máta þar fyrir þeirrar venjulegrar rentu sem hönum bæri af kirkjukúgildunum að hafa, við hvörja reglu kennidómurinn stendur í þetta sinn, inn til þess kóngleg *majestet* þar á aðra skikkun gjörir.

6. Kom heiðurlegur kennimann séra Helgi Jónsson frá Staðarhrauni fyrir biskupinn og samankomna kennimenn og bar fram sín vankvæði um þungan veikleika og nauðsynjar síns elsku föðurs séra Jóns Guðmundssonar, sem nú á annað ár hefur mjög þjáður verið og séra Helgi þess vegna í hans stað aftur vígður. Kvartar nú séra Helgi um vanefni sín hann að annast aðstoðarlaust af öðrum á svo fátæku plátsi, sem góðum mönnum er kunnugt að Staðarhraun sé. Hér með er sá heiðurlegi kennimann séra Jón Guðmundsson velkenndur og þekktur að sínum guðrækiligum kenningum, merkilegum góðum gáfum og kristilegu framferði, svo þar hafi ei tvímæli áleikið að hans sóknarbörn hafi hönum þar fyrir vel unnað bæði fyrr og síðar. Nú er hér meðfylgjandi fátækt sjálfs séra Jóns að ei sé til stórra fémuna að telja hjá hönum annara en skulda barna hans á þeirra móðurarfi, og gangi því næst að sá Guðs maður sé ölmusu þurfandi. Er hér uppá biskupsins úrlausn með kennidómsins ráði og samþykki að séra Helgi uppberi þetta ár til bjargræðis sínum vanfæra föður 2¹/₂ hundrað í tillag af þeim stöðum sem til ölmusuútlaganna hafa verið *taxeraðir*, nefniliga af Staðarstað 15 aura, af Hítardal 15 aura, af Setbergi 10 aura, af Stafholti 10 aura, og skal þetta svo standa þetta næsta ár.

Þetta allt fyrrskrifað í sex póstum hefur svo framfarið sem hér umgetur og til staðfestu upplesið og auglýst í nálægð og með samþykki veðla og velbyrðugs Christians Muller til Katterup kónglegrar *majestets* commerce raad og amtmanns á Íslandi, með ályktunaratkvæði kennidómsins og samþykki biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvörju til fullkomins kraftar þetta allt

undirskrifað er með eigin höndum biskupsins og kennimanna þann 6. júlí *anno et loco ut supra*.

Christian Muller
Einar Einarsson eh
Árni Þorvarðsson eh
Björn Jónsson eh
Jóhann Þórðarson mpp
Björn Stefánsson prestur mpp
Gísli Álfsson eh

Þórður Þorláksson mpp
Sigurður Sigurðsson eh
Þorsteinn Gunnarsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Þorleifur Kláusson eh
Daði Halldórsson eh
Björn Þórðarson eh
Halldór Torfason eh

In nomine Domini

Anno 1690 dag 5. júlí að Þingvelli settri almennilegri Skálholtsstiftis presta-stefnu voru þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og atkvæða nefndir af bisk-upinum *magister* Þórði Þorlákssyni um þau stiftisins erindi eður *casus* sem kennidóminum ber yfir að segja eftir *ordinantiunni*, séra Jón Eiríksson pró-fastur í Skaftafellspingi, séra Oddur Eyjólffsson, séra Björn Þorleifsson, séra Hannes Björnsson, séra Árni Þorvarðsson, séra Steinn Jónsson, séra Daði Halldórsson, séra Björn Stefánsson, séra Sigurður Eyjólffsson, séra Halldór Torfason, séra Björn Jónsson, séra Jón Salomonsson, séra Gísli Álfsson, séra Þorvaldur Björnsson, séra Bjarni Einarsson og séra Helgi Jónsson.

1. Í fyrstu kom fyrir *synodum* dómur genginn í Ísafjarðarsýslu af prófast-inum séra Guðbrandi Jónssyni og þar til nefndum sex kennimönnum, hvör dómur útskrifaður af handskriftuðum *originali* hljóðar svo orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Anno 1690 þann 13. júní að Melgraseyri á Langadalsströnd vorum vér eftir-skrifaðir menn, Halldór Jónsson, Hannes Benediktsson, Guðmundur Hall-dórsson, Ásgeir Einarsson, Magnús Einarsson og Guðmundur Bjarnason, prest-ar Skálholtsstiftis, af prófastinum séra Guðbrandi Jónssyni tilnefndir að skoða, yfirvega og dómsaðkvæði á að leggja eftir lögum og vorri samvitsku það mál-efni sem heiðurlegur kennimann séra Jón Tómasson hér nú frambar og tilfallið er í hans kirkjusókn, sem svo er á sig komið að á þessa fyrrskrifaðs árs vors *dominica judica* að Kirkjubóli í Langadal hafi á meðal annra sinna sóknarbarna þessar tvær ógiftar persónur, Gísli Eiríksson og Giríður Indriðadóttir, til sín leitað heimuglegrar aflausnar og hana öðlast. Þar eftir hafi Giríður umgengist utan og innan kirkju allt til uppbyrjaðrar embættisgjörðar, en fyrir predikunina hafði hún barn alið, en hvar eður hvörnin segja undirskrifaðir vottar sér ei umkunnugt, en undir útdeiling heilags *sacramentis* hafði presturinn á svo

tilföllnu viðvaraður verið. Um þetta ofanskrifað bera vitni Eggert Snæbjörns-son og Páll Jónsson, hvör vitnisburður *dateraður* er að Kirkjubóli nú í ár dag 12. júní. En meðkenning Helgu Eggertsdóttur er þessi, að hún á téðum sunnu-degi úr kirkjunni um messusönginn kölluð verið hafi til Giríðar Indriðadóttur og hafi hún þá stödd verið í Kirkjubóls skála og sitt nýalið barn í trefli vafið.

Óskaði nú presturinn séra Jón Tómasson góðra ráða hvörninn sér í þessum *casu* haga skyldi, en afsakar sig í annan stað og segir sér hafi aldeilis grunlaust verið um barnsmeðgöngu sagðrar Giríðar, og jafnvel þó sér tilsegjast kynni frekari skýrslu hér á að gjöra. Hafði prófasturinn séra Guðbrandur Jónsson til þessa Melgraseyrar samfundar *citerað* og boðað báðar fyrrgreindar brotlegar persónur Gísla og Giríði til andsvara og yfirheyrslu í þessu máli, og voru þau nú hér bæði til staðar og lofuðu með handsölum við prófastinn að halda það og hafa sem þeim fyrir þetta sitt misferli með dómi af kennidóminum heima í héraði eður á alþingi tilsagt og ályktað verður, en Gísli Eiríksson biður þessi sín afsökun eður afbötun innfærast, að hann meint hafi sá barnsfæðingartími mundi ei svo skjótt að höndum koma, líka að öngva fulla vissu haft hafi að hún mundi með barni vera.

Ög að þessu svo innfærðu sem vér viljum ei forskjóta, og öðru á undanfögnu undirbúnu, tókum vær oss fyrir höndur fyrrgreindir kennimenn að skoða og yfirvega áðurtéð tilfelli og málefni.

Í fyrstu virðist oss hérnefndar persónur Gísli og Giríður óskammfeilnar og ofdirfskufullar verið hafa, að leita sinna kristilegra fríheita sem hindrunarlausar manneskjur og hún sem næst eður uppá von teflt hafi hvort að þessum sínum sauruga lífsávexti í kirkjunni við skriftarstólinn fyrir knjám síns sálusorgara eður fyrir heilögu altari léttari verða mundi, og með því sakir og misgjörninga í sérhvörju máli byrjar að meta sýnist oss þetta óforskammað blygðunarleysi fyrir báðum þessum persónum, svo sem þau munu vitað hafa hvörninn ástóðst. Ög því verr og miður, dæmin hafa þau gefist títt og oft í kristilegum söfnuði að margir hafa teflt framt um í saurlifnaðarsökum, svo karlmenn sem kvenmenn, að leita heilags *sacramentis* þó með bærilegri heilsu verið hafi, og hefur svo síðan kvenpersónan að legorðssök fyrir augljósa barneign opinber orðið að hálfsmánaðar fresti eftir það, þar fyrir utan og innan kannske, hvað viðurlita og viðbjóðslegt mun sýnast bæði fyrir Guði og guðræknum mönnum, og er ei ólíklegt að af soddan og þess háttar óhegndum glæpum og Júdas kossi orðsakist stórt hefndar- og reiðistraff almáttugs Guðs, því af opinberri aflausn kennimannsins munu soddan persónur ei svo mikinn skjögur eður saurlifnaðarins afturhald hafa, sem ef líkamleg refsing af valdsmannsins hálfu lægi við borð. En um þetta Giríðar svo umvaxið mál sem áður er tjáð þykjustum vér ei ljós dæmi eður lög til vita. *Ordinantian* segir svo í einum stað: Eftir því það sker

alls til of oft að margar halda sig ærlegar meyjar eða ekkjur og láta vígja sig saman við sinn brúðguma til ektaskapar í safnaðarins náveru, og leggjast strax þar eftir á barnssæng (hvað að eru allra herfilegustu svik bæði fyrir Guði og mönnum), þá er tilheyrilegt að vorir lénsmenn gjöri hér úti sitt embætti kostgæfilega og herði straffið. Og þar nú þetta reiknast svik fyrir Guði og mönnum við einn jarðneskan brúðguma, hvað skyldi það þá miklu framar metast við vorn himneska brúðguma Jesúm Kristum. Því virðist oss fyrrnefndum dómsmönnum áðurtéð efni hér nokkurneginn aðlúta.

Þess vegna er það vort dómsatkvæði og ályktun, að heilags anda náð tilkallaðri, að soddan hræðilegt og skelfilegt hneyksli í kristilegri kirkju eður söfnuðunum ei strafflaust líðast megi, svo aðrir mætti sjá sig svo sem í spegli af þessara fyrrgreindra persóna Gísla og Giríðar refsingu, og viti að þeir skuli Guðs reiði og mannanna hneykslanir forðast, og mun því veraldlegt vald skyldugt vera að meta þessa líkamlega straffshæð í forsvaranlegan máta og án undandráttar áleggja, svo Guðs dýrðar og náungans velferðar leitað verði. Þó setjum vær þetta vort samvitskuálit og dómsatkvæði til umbóta fyrir veðla og virðuglegan herra biskupinn *magister* Þórð Þorláksson og næstkomandi *synodum* á Þingvelli, það hér af að taka og við að auka sem þeim sýnist best haga. Samþykkti með oss þetta vort dómsálit prófasturinn séra Guðbrandur Jónsson og setti sitt nafn hér undir ásamt vorum, *anno, die et loco ut supra*. Undir hafa skrifað Guðbrandur Jónsson eh, Guðmundur Halldórsson meh, Ásgeir Einarsson meh, Halldór Jónsson eh, Hannes Benediktsson eh, Magnús Einarsson eh, Guðmundur Bjarnason eh.

Uppá þennan fyrrskrifaðan dóm er ályktun og atkvæði biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og tilnefndra kennimanna á þessari *synodo*, að eftir því ei kemur fram að téðar persónur Gísli Eiríksson og Giríður Indriðadóttir hafi kvöldmáltíðarinnar *sacramentum* meðtekið uppá þá heimuglegu aflausn sem presturinn hafi þeim í þann tíma veitt, einkum þar barneignarbrotið þess á millum opinberaðist, og sóknarpresturinn sýnist afsakaður þó þau hafi ei til útdeilingar *sacramentisins* meðtekið, fyrst svo uppá féll, þá er nú hér með tileinkað að fyrrsagðar persónur taki opinberar skriftir og aflausn fyrir þetta brot af héraðsprófastinum sjálfum séra Guðbrandi Jónssyni, með slíku alvarlegu áminningarformi sem hönum með sinni góðri skynsemi þykir þar helst tilhlýða. En ei þykjunst vér að svo prófuðu sjá kunna líkamlegt straff svo fullkomlega hér við liggja, þó þessar persónur heldur en aðrar viðlíkar hafi eigi fyrri auglýst sína heimuglega synd, en sjálfur Guð vildi hana opinbera með barnsins fæðingu, hvör tími oft kann að vera óviss fyrir þeim sem í hlut eiga ýmislegra orðsaka vegna.

2. Kom enn nú að nýju til tals á þessari prestastefnu um þá þörfun sem séra

Jón Salomonsson þykist haft hafa fyrir sína kennimannlega þjónustu að hálfkirkjunni Stóradal í Mýrdal, hvar um hann nú og einninn persónulega kvartar, þar hann nálægur er í þetta sinn, og varð sú úrlausn hér ágjörð að viðverandi sýslumanninum Páli Torfasyni svo sem til nokkra svara hér um eður fyrirgreiðslu í stað þess virðuglega höfðingsmanns, valdsmannsins Markúsar Snæbjarnarsonar, hvör að er eignarmaður tuttugu hundraða eður meir í nefndri jörðu. Sömuleiðis var hér til viðurmælis Sigurður Magnússon lögréttumaður, sem eigandi er fimmtungs í jörðunni, og með þessara beggja vitorði var það ákveðið, og svo tileinkað, að presturinn sá sem að nefndri hálfkirkju þjónar til embættisgjörðar þar skuli framvegis árlega uppbera í sín laun af öllum jarðarinnar eigendum til samans 40 álnir af haustgjöldum, einkum smjör, hvar um fyrrnefndir menn urðu ljúflega ásáttir að prestinum lúkast skyldi með góðum og þægilegum greiðslum, svo mikið sem Markúsi og Sigurði mætti viðkoma, og þetta fyrir utan venjulegar preststíundir og heytolla af jörðunni og hennar ábúendum.

Framvegis tjáir séra Jón Salomonsson að í næstu 35 ár sem hann hefur í þeim sóknunum þjónað, þá hafi hann ekkert af hálfkirkjunni uppborið í embættislaun fyrir utan einar 4 álnir vaðmáls eitt sinn af sáluga Nikulási Þormóðssyni svo sem í hálfkirkjunnar nafni, hvað biskupi og nálægum kennimönnum þykir heldur ósanngirnilegt. Þess vegna varð nú það samkomulag af hvorutveggja hálfu með biskupsins og kennimannanna ráði að presturinn mætti uppbera fyrir áðursagðan umliðinn tíma af Stóradals eignarmönnum 3 hundruð í þarflegum aurum, hvað presturinn lét sér og einninn lynda fyrir góðra manna tillögur. En með því að heiðursverður Páll Torfason þóttist ei hafa fullan myndugleika til, þessu vafalaust að lofa uppá sinn göfugan ástvin Markús Snæbjarnarson (þó Páli þætti þetta ei fjærri sanni uppátekið), þá er það vinsemdartraust og tillögur kennidómsins til virðuglegs höfðingsmanns Markúsar Snæbjarnarsonar að hann muni eftir sinni guðrækilegri greind sem hönum viðvíkur þessu góðmannlega gegna, svo presturinn mætti þetta uppbera svo mikið sem hönum viðvíkur og ei þurfi lengri tvídrægni eður umkvörtun þar af að verða.

3. Kom fyrir kennidóminn Hannes Bjarnason ásamt syni hans Sigurði og leituðu góðra ráða um kristileg fríheit Sigurðar Hannessonar, sem fyrir utan þau hefur haldinn verið nú yfir heilt ár, sérdeilis þeirrar orðsakar vegna að misklíð hafi fallið millum séra Einars Gíslasonar sóknarprests Sigurðar Hannessonar og Sigurðar sjálfs, af ósæmilegum orðum sem vottar hafa borið að Sigurður hafi við prestinn talað, uppá hvör orð dómur er genginn af lögmanninum herra Magnúsi Jónssyni og sektir þar inni dæmdar á Sigurð. Nú er svo varið að Sigurður þykist ei muna sig orðin talað hafa, svo hann geti þau meðgengið, jafnvel

þó vottarnir hafi svarið, því hann vænist sig af öli hafa drukinn verið í þann tíma sem vottarnir bera að hann hafi átt orðin að tala, en segir þar jafnframt að hafi sig slíkt hent þá vilji hann auðmjúklega biðja prestinn fyrirgefningar þar á. Og nú með því að maðurinn hefur svo langan tíma fyrir utan helgidómsins friðheit verið, og í annan stað, oss hér óljóst hvörsu þeim kringumstæðum er varið sem þar að hníga, þá er það kennidómsins ályktun uppá þetta efni að Sigurður Hannesson taki samt opinbera aflausn (einkum þar lögmanns-dómur er á málið genginn) af héraðsprófastinum séra Sigurði Sigurðssyni, með slíku formi og innihaldi að Sigurður játi undir aflausnina að það mál sem millum séra Einars og hans hafi byrjað verið sé á sig og til sekta fallið að svo prófuðu eftir fyrrskrifuðum lögmannsins dómi, og það hneyksli sem þar hafi mátt afrísa biðji hann auðmjúklega Guð og kristilega kirkju sér að fyrirgefa, sé og einninn í aflausninni alvarlega áminntur að varast ósæmileg orð við sína sálusorgara og aðra erlega menn, hvort sem hann er drukinn eður ódrukinn. En vilji ei Sigurður þetta kennidómsins atkvæði þekkjast og undir aflausnar-formið ganga, þá hlýtur hann sjálfur að ábyrgjast hvörja lagfæring hann fær, ef hann þykist um vottaleiðsluna í nokkru vanhaldinn.

4. Bar séra Helgi Jónsson á Staðarhrauni fram sín vankvæði um uppheldi síns veika og vanfæra föðurs séra Jóns Guðmundssonar, hvörjum tileinkað var í fyrrasumar hér að Þingvelli að uppbera í sitt ölmutillag $2\frac{1}{2}$ hundrað af stöðunum, svo sem þá var ánefnt, og er nú staðfest að hann skuli þess fram-vegis njóta, og nú við hans uppheldi bætt auk hins fyrra, af Staðarstað 80 álnum, af Hítardal 70 álnum og 5 aurum frá Setbergi, eru svo alls 4 hundruð sem nú þetta ár og framvegis séra Jóni til uppheldis ákveðin eru.

5. Kom fram það málefni sem prófasturinn úr Snæfellsýslu séra Sigurður Sigurðsson hingað sendi viðvíkjandi barneign Jóns Jónssonar, þess sem á fyrirfarandi ári var með dómi skilinn við sína ektakvinnu sökum hennar hór-dómsbrots, svo sem það málefni sér líkast hermir. En nú síðan er fyrrnefndur Jón opinber orðinn að barneignarbroti með Sesselju Sigurðardóttur ógiftri, hvör bæði til hjónabands voru trúlofuð og þar uppá tvær lýsingar skeðar fyrr en hún þeirra laungetið barn ól, eftir því sem í prófastsins skrifi auglýsist. Nú er svo af prófastsins skrifi augljóst að nefnd Sesselja hafi barnið fætt þann 26. október 1689, en dómurinn uppá hjónabandsskilnað Jóns Jónssonar og Ingibjargar Jónsdóttur gekk í héraði þann 7. maí sama árs og ei fyrr af biskupi samþykktur en hér á Öxarárþingi undir sama *dato*. Er nú þess vegna hér uppá *synodi* andsvar að þetta mál um Jón Jónsson og Sesselju Sigurðardóttur hljóti heima í héraði innverðuglega að rannsast og prófast hvort þessra persóna samfarir til barneignarbrotsins hafi skeð fyrr en hjónabandsskilnaðardómurinn gekk, eður og fóstrið fullburða það Sesselja fæddi og þessi Jón tjáist faðir að vera, og svo

framt sem þetta skilvíslega reynist þykir kennidóminum fullkominn skuggi á að staðfesta þeirra hjónaband, og hljóti þá framvegis þess vegna dómur að gjörast um trúlofunina hvort hún skal ekki þar fyrir rjúfast.

6. Var framborið um nauðsyn uppgefinna, vanfærra og fátækra presta, nefnilega séra Péturs Gissurssonar (sem Skálholts dómkirkjuskóla og kennimannlegu embætti þjónað hefur alls yfir 40 ár), séra Jóns Snorrasonar og séra Jóns Diðrikssonar, sem sýnist ölmusutillags nauðsynlega þurfi af stöðunum, en er þó svo ástatt að séra Einar Ólafsson hefur nú nokkur ár hálf þriðja hundrað átt að hafa í þessu tillagsnafni. Og með því ei verður svo öllum gegnt sem nauðsyn krefur, en sérhvör mætti þó nokkur not öðlast til uppheldis af tileinkuðum stöðum í Sunnlendingafjórðungi, þá verður hér ei öðruvísi úrráðið í þetta sinn en að séra Einar hafi tíu aura af Hruna, tíu aura af Gaulverjabæ, tíu aura af Görðum á Álfanesi og tíu aura af Reykholti, sem biskupinn vinsamlega tiltreystir þeirra staða höldurum að láta til hans sjálfs greiðast eður þeim það hægra er hingað til Þingvalla, einkum vegna séra Einars burðaleysis og vanefna, að ei getur þessra útláta til þeirra vitja látið. Séra Péttri fimmtán aura af Holtsstað og þar til eina fimm aura af Breiðabólstað, þó séra Oddur þykist ei meir skyldur í té að láta í þessu nafni en tíu aura, þá lætur hann samt fyrir biskupsins góðar tillögur þetta svo standa um fimmtán aura tillagið. Séra Jóni Snorrasyni á Mosfelli fimmtán aura af Breiðabólstað, en séra Jóni Diðrikssyni sökum hans langvarandi þunga veikleika fimmtán aura af Oddastað og þar til tíu aura af Breiðabólstað og þessi ölmusa lúkist fyrtréðum prestum með góðum greiðslum og í þægilegum aurum, hvar um í öngvan máta er að efa guðhrædda kennimenn. Sömuleiðis og hér að auki heitir biskupinn sjálfur að leggja þeim aldraða góða manni séra Péttri Gissurssyni á þessu ári tíu aura virði. En séra Björn Þorleifsson hefur góðmannlega umtalað að gjöra séra Jóni Diðrikssyni nokkuð framar til aðstoðar en hér fyrir ofan er ákveðið, svo það verði 40 álna virði.

Þetta allt fyrrskrifað í sex póstum hefur svo framfarið sem hér um getur, með ályktun og atkvæði kennidómsins ásamt biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvörju til sannindamerkis og kraftar þetta undirskrifað er með eigin höndum biskupsins og nálægra kennimanna, hvað þeir allir sameiginlega óska að veleðla og velbyrdig Christian Muller til Katterup, kónglegrar *majestets* commerce raad og amtmann á Íslandi vilji þetta einninn með sínu undirskrifuðu nafni staðfesta og samþykkja. *Actum Þingvelli 9. júlí anno ut supra.*

Christian Muller
Þorsteinn Gunnarsson eh
Jón Eiríksson mpp

Þórður Þorláksson mpp
Björn Þorleifsson eh
Hannes Björnsson eh

Oddur Eyjólfsson meh
Árni Þorvarðsson eh
Sigurður Eyjólfsson mpp

Jón Salomonsson meh
Steinn Jónsson mpp
Helgi Jónsson eh

Opinn seðill um barnsskoðun í Strandasýslu *anno* 1690 dag 10. júlí á alþingi útgefinn

Eftir því virðuglegur valdsmaðurinn Rögnvaldur Sigmundsson hefur minna atkvæða leitað um skoðun á ófeðruðu barni er nú tjáist 7 vetra, þá er ég því samþykktur að við þá barnsskoðun séu viðstaddir tveir heiðurlegir kennimenn, hvörjir ásamt öðrum þar tilkvöddum sína meining í ljósi láti, í hvora ætt það barn líkara sýnist.

Þórður Þorláksson

In nomine Domini amen!

Anno 1691 þann 3. júlí að settri almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli af eruverðugum og vellærðum kennimanni séra Birni Þorleifssyni prófasti í Rangárfingi, hvörjum eðla og veleruverðugur herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson hafði fullmátt og umboð gefið í sínum veikleika og vitanligum forföllum fyrir framan að vera í þetta sinn stiftisins prestastefnu að halda með þar samankomandi kennimönnum, svo að úr þeim málum yrði greitt sem þar fyrircoma og andlegum ber yfir að dæma. Voru þessir heiðurlegir kennimenn til dóms og atkvæða nefndir af séra Birni Þorleifssyni, séra Brynjólfur Jónsson prófastur í Kjalarnespingi, séra Árni Þorvarðsson nú í sama tíma útvalinn prófastur í Árnespingi, séra Halldór Jónsson, séra Hannes Björnsson, séra Einar Torfason, séra Bjarni Hallgrímsson, séra Oddur Jónsson, séra Frans Ibsson, séra Steinn Jónsson, séra Hjalti Þorsteinsson, séra Björn Stefánsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Björn Jónsson, séra Daði Halldórsson, séra Benedikt Jónsson, séra Gísli Jónsson.

1. *In primis* var upplesið *in synodo* umboðs- og fullmagtarbréf prófastsins séra Björns Þorleifssonar, hönum útgefið af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, eftir því sem hér upphaflega umgetur og svo sem það sama bréf inniheldur *daterað* Skálholti 1691 þann 19. júní.

2. Var upplesið kónglegar *majestets* allranáðugasta bréf útgefið herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, hljóðandi um íslenskrar biblíu prentverk, að biskupinn eður hans börn megi það framkvæma og þar með tiltekið að til stoðar því verki skuli hvör kirkja sú sem góða formegun hefur útleggja hálfan annan

ríxdal, en þær sem minni formegun hafa einn ríxdal sérhvör, og þær sem þaðan af fátækari eru sléttan dal hvör, og þetta tileinkað að útleggjast skuli svo vel úr Hólastifti sem Skálholtsstifti, eftir því sem sama kóngleggar *majestets* bréf inniheldur. Einnin að þær kirkjur sem nefnda peninga útleggja skuli eftir slíkri tiltölu því betra kaup á biblíunum öðlist. *Datum* kongsbréfsins Kaupenhafn 1691 dag 14. febrúar.

3. Var af Árnessýslu kennimönnum samankomnum samþykkilega til prófasts í Árnesþingi kjörinn og kallaður eruverðugur og vellærður kennimaður séra Árni Þorvarðsson að Þingvelli, hvörja samþykkilega útvalning héraðsprestarnir staðfestu með handsölum við prófastinn séra Björn Þorleifsson, og er svo síðan sett til herra biskupsins sjálfs samþykkis og *confirmatiu*.

4. Kom enn að nýju fyrir þessa *synodum* um trúlofunarmálefni Jóns Jónssonar og Sesselju Sigurðardóttur, hvörju í fyrrasumar héðan heim í hérað aftur vísað til innvirðilegrar rannsóknar og prófs hvort nefndra persóna samfarir til barneignarbrotsins hafi skeð fyrr en hjónabandsskilnaðardómurinn gekk, eður og fóstrið fullburða það Sesselja fæddi og þessi Jón tjáist faðir að vera, og reyndist þetta skilvíslegt þá hlyti framvegis dómur að gjörast um trúlofunina, hvort hún skuli ekki þar fyrir rjúfast, og með því nú koma fram vitnisburðir úr héraði, sem og sóknarprestsins ávísan um fullaldra merki þess laungetna barns sem Sesselja fætt hafði vel 6 mánuðum síðar en hjónaskilnaðardómurinn gekk, hvör tími oss virðist mjög naumur til þess að hjónabandið megi staðfestast uppá þeirra trúlofun, með því fleiru sem hér eftirtakanliga aðhnígur. Aðspurði nú heiðurligur prófasturinn séra Björn Þorleifsson fyrrnefndan Jón Jónsson hvort nokkur þau skjöl hefði fram að leggja er hans mál í téðu efni styrkja kynni eða það nokkuð er hans barnsmóður greindri Sesselju (hvör þar eftir *citatiunni* var ei persónulega nálæg) kynni til afbötunar koma, hvað ekki neitt framkom af hans hendi fyrir utan hans fróma og ærliga kynning, en öngvar málsbætur vegna Sesselju framlagðar. Þar fyrir í herrans nafni og að svo prófuðu er það fullkomin ályktan og dómsatkvæði kennidómsins á þessari *synodo* að fyrrskrifuð hjónabandstrúlofun millum Jóns Jónssonar og Sesselju Sigurðardóttur sé öldungis sundurlaus og þau hvort við annað fullkomliga skilin upp héðan.

5. Bar séra Einar Torfason fram um giftingaviðleitni Jóns Jónssonar til Þuríðar Snæbjörnsdóttur, hvör bæði eru heimilisföst í Staðarkirkjusókn á Reykjanesi. Er þessu svo varið að eldri bróðir Þuríðar gefur í hennar sjálfrar vald eftir hennar eigin vilja manninn að eignast, því hún ætti þar mest sjálf í hættu. Hér á móti kemur fram að sá yngri bróðir Þuríðar, Þórður Snæbjörnsson, sé þverliga á móti þessum giftingum, en færir þó öngvar lögmætar orðsakir til, heldur kallar hann sinn eigin vilja þverbrotinn hér úti. Nú er svo varið að nefndar

persónur Jón og Þuríður sem ektast vilja eru sín á millum að frillulífisbarneign brotleg orðin. Hér uppá er ályktan og atkvæði kennidómsins að sóknarpresti fyrirtéðra persóna Jóns og Þuríðar sé vítalaut trúlofun og hjónaband að gjöra með þeim á hentugum tíma, svo framt sem Þórður Snæbjarnarson kemur ei fram með lögmætari orðsakir til að hindra nefnt hjónaband heldur en hér hafa nú auglýstar verið, hvörjar hann sé skyldugur skilmerkilega að auglýsa þeirra sóknarpresti fyrir næstkomandi Mikaelismessu að forfallalaus. Svo og sé Jón jafnframt þessu skyldugur tilbærilegra sátta að leita við Þórð Snæbjarnarson, einninn góðlátliga að viðleitast af hönum síns samþykkis til hjónabandsins, og þetta allt í tækilega hagkvæma tíð svo hans forsómun í sögðu efni verði ei síðar umkennt, en sóknarprestur nefndra persóna séra Einar Torfason kalli til góðra ráða og aðstoðar með sér í sögðu efni, einkum orðsakinna eður annað því viðvíkjandi að meta, nefnilega séra Jón Jónsson á Ingunnarstöðum og séra Daða Steindórsson að Gufudal, hvörjum hér með tilsegist séra Einari hér úti liðsemd og aðstoð veita.

6. Þann 4. júlí kom fyrir *synodum* umkvörtun veikra presta í Skálholtsstifti, nefnilega séra Guðmundar Ketilssonar í Austfjörðum, séra Jóns Diðrikssonar og séra Jóns Snorrasonar í Sunnlendingafjórðungi, *item* í Vestfirðingafjórðungi séra Jóns Guðmundssonar á Staðarhrauni og séra Bjarna Bjarnasonar á Brjámslæk, hvörju prófasturinn séra Björn Þorleifsson með tilnefndum kennimönnum svo gegndi að séra Guðmundur Ketilsson uppberi sér til uppheldis af þessum *beneficiis* í Austfjörðum, af Hofi í Voknafirði 10 aura, af Kirkjubæ í Tungu 10 aura, af Valþjófsstað 5 aura, af Vallanesi 10 aura, af Kolfreyjustað 5 aura, Eyðölum 15 aura, Skorastað 5 aura, Stafafelli í Lóni 5 aura. En millum séra Jóns Diðrikssonar og séra Jóns Snorrasonar skiptist ölmusutillagið á þann hátt, séra Jóni Diðrikssyni af Holti undir Eyjafjöllum 15 aura, af Breiðabólstað í Fljótshlíð 1½ hundrað, af Odda 15 aura. *Summa* þessa 3 hundruð. Séra Jóni Snorrasynt af Hruna 10 aura, Gaulverjabæ 10 aura, af Görðum á Álftanesi 10 aura, Reykholti 10 aura. *Summa* 2 hundruð. Séra Jóni Guðmundssyni á Staðarhrauni greiðist í tillag af Staðarstað 2 hundruð, af Setbergi 1 hundrað, Stafholti 10 aurar. *Summa* 3½ hundrað. Séra Bjarna Bjarnasyni, hvör einn er sagður mjög veikur og vanefnaður, tilsegist að fái í ölmusutillag af Hítardal 1½ hundrað, Stað í Steingrímsfirði 40 álnir, af Stað í Grunnavík 40 álnir, Vatnsfirði 80 álnir, af Holti í Önundarfirði 10 aurar, af Selárdal 10 aurar. *Summa* 3 hundruð og 100 álnir. Tilsegist því með kennidómsins atkvæði að þessi ölmusa greiðist nefndum kennimönnum með góðum skilum, eftir því sem fyrrum hefur verið ráð fyrir gjört og vér finnum að ákveðið hafi verið, að af sérhvörju *beneficio* skuli svo mikið ölmusuprestunum greiðast.

7. 6. júlí var upplesin *supplicatio* Ólafs Markússonar eldra, hvar inni hann alúðlega óskar að hann nú loksins megi hjónaband gjöra til Ragnhildar Ólafsdóttur að liðnum þriggja ára tíma síðan kóngleg *majestet* hann til hjónabandsins náðaði. Var kennidómsins svar, með herra amtmannsins ráði, að með því Ólafur Markússon hefði betalað sína sekt til veraldlegs yfirvalds, þá sýndist honum ei lengur uppihaldandi frá hjónabandinu heldur megi heiðurlegur kennimann í hvörs sókn nú dvelst hjónabandið staðfesta millum téðs Ólafs og Ragnhildar Ólafsdóttur nær þau þess tilbærilega leita. En hvað viðvíki þeirra útlátum til næstliggjandi *hospitals* fyrir kónglegrar *majestets* allranáðugustu tillátsemi um þeirra hjónaband er sett undir veleðla og velbyrðugs herra amtmannsins *consens* og atkvæði, hvað þau eftir þeirra formegan í sögðu efni greiða skuli.

8. Var upplesinn dómur genginn að Staðarfelli á Meðalfellsströnd 1691 dag 15. apríl um Galtardalstungu hálfkirkju, einnin sóknarmanna andsvar við prófastinn séra Pál Ketilsson um sömu kirkju og einnin hans *approberan* uppá sama þeirra vitnisburð um téða kirkju að þeim ei sýnist stórnaúðsynlegt vera að hún við magt haldist, hvar uppá kennidómurinn andsvarar að þeir ei þykist myndugleika tilhafa að svo stöddu þar umbreyting á gjöra hálfkirkjuna afskipa að Galtardalstungu, með því og velbyrðugur herra amtmaðurinn lét á sér merkja að ei vildi því að svo stöddu brjála sem um fyrrtéða hálfkirkju svo lengi staðið hefði og herra biskupinn hefði ei heldur í sínu umboði við prófastinn séra Björn Þorleifsson ákveðið eða ánefnt að hér úti *dispensera* skyldi. Var því þetta bréf prófastinum séra Páli Ketilssyni aftur sent með herra amtmannsins staðfestingu og uppáskrifuðu nafni.

9. Kom fyrir *synodum* sú misklíð sem fallið hafði millum virðuglegs Odds Jónssonar Reynistaðar klausturhaldara og heiðurligs kennimanns séra Arnbjarnar Jónssonar, er af velbyrðugum herra amtmanninum var fyrir kennidómurinn vísað til yfirskoðunar og aðgjörða, hvör misklíð svo greiddist fyrir tilhlutan eruverðugs prófastsins séra Björns Þorleifssonar og annara góðra manna að þeir með handsölum sættust heilum sáttum í nefndan stað og tíma, svo hvör þeirra gaf öðrum heiðurligan og erligan vitnisburð, en Oddur Jónsson lofaði að greiða séra Arnbirni þrjú hundruð í gagnlegum landsaurum sem lúkt skyldi verða að næstkomandi fardögum eftir því sem sama sáttargjörðarbréf inniheldur.

10. Kom að nýju til tals um embættisgjörð á Hraunhafnar hálfkirkju í Staðarsveit, hvar um getið er *in synodali* 1688 *artic.* 10. En þar þó ei ákveðin viss laun fyrir þjónustugjörðina sem framin verður af prestinum á Staðarstað. Þess vegna er nú svo þar um úrlausn ágjörð í þetta sinn af kennidóminum að tilheyrilegt og billegt sýnist að presturinn á Staðarstað uppberi fyrir hvörja þá messu sem hann að Hraunhöfn embættar 6 álna eyrir á sumardag en 9 álnir eður hálfan annan eyrir á vetrardag, bæði vegna vegalengdar og líka torfæru sem um

veturinn kann uppá að falla, og þetta greiðist prestinum af þeim sem hálfkirkjuna heldur og embættisgjörðarinnar óskar.

Christian Muller

Þetta hér framan- og ofanskrið i 10 póstum fór svo fram og var samþykkt af kennidóminum með ráði og vitund heiðurlegs prófastsins séra Björns Þorleifssonar og eftir hans umboðsbréfs hljóðan af herra biskupinum hönum útgefnu sett til hans herradóms yfirskoðunar og samþykkis síðarmeir, hvað allt undanfarið veleðla og velbyrðugur herra amtmaðurinn herra Christian Muller hefur með sínu nafni og eigin handskrift staðfest hér næst fyrir framan, hvörs vegna prófastar og prestar hér nálægir setja til frekari vissu sín nöfn með eigin höndum hér undir.

Þingvelli 6. júlí *anno ut supra*.

Björn Þorleifsson eh
Árni Þorvarðsson eh
Halldór Jónsson eh
Einar prestur Torfason eh
Björn Stefánsson meh
Daði Halldórsson eh
Jóhann Þórðarson mpp

Brynjólfur Jónsson mpp
Hannes Björnsson eh
Frans Ibsson mpp
Bjarni Hallgrímsson meh
Hjalti Þorsteinsson eh
Benedikt Jónsson eh

In nomine Domini

Anno 1692 þann 5. dag júlímánaðar að Þingvelli settri almenniligri Skálholtsstiftis prestastefnu af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni í nálægð og viðurvist eðla og veleruverðugs herra *magisters* Björns Þorleifssonar *vice-superintendentis* voru þessir heiðurlegir kennimenn, prófastar og prestar Skálholtsstiftis, til dóms og atkvæða nefndir um þau málefni sem fyrir þessa *synodum* koma kynni og kennidóminum bæri úrlausn á að gjöra: séra Árni Þorvarðsson prófastur í Árnesþingi, séra Brynjólfur Jónsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Páll Gunnarsson eldri prófastur í Þverárþingi fyrir vestan Hvítá, séra Jón Salomonsson prófastur í Skaftafellssþingi, séra Oddur Eyjólfsson, séra Hjalti Þorsteinsson, séra Jón Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Steinn Jónsson, séra Björn Stefánsson, séra Hannes Björnsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Sigurður Eyjólfsson, séra Oddur Árnason, séra Vigfús Ísleifsson, séra Gunnar Pálsson, séra Helgi Jónsson, séra Jón Erlingsson.

In primis var upplesid í *synodo* prestastefnuálit framfarið að Egilstöðum á

Völlum þann 31. dag maí þessa árs 1692 í fimm póstum, af hvörjum sá fjórði um trúlofunaraðskilnað Arngríms Sigurðssonar og Guðlaugar Jónsdóttur var settur til samþykkis *magisters* Þórðar Þorlákssonar. Trúlofunin greindra persóna í milli hafði framfarið á fyrirfaranda ári 1691 dag 17. maí að Vattarnesi. Ósk beggja persónanna var að þessi trúlofun mætti sundurleysast vegna veikleika Guðlaugar Jónsdóttur, hvörjum prestarnir í Múlaþingi segja í sínum dómi mjög undarliga varið verið hafi, og einninn viðleitað verið meðala þar til þenandi sem menn hafi kunnað helst að þenkja, og hafi ekki til neins bata horft, heldur til þyngra efnis, og þetta svo viðhaldist árið um kring, og nefnd Guðlaug hafi rekkjumaður verið og þynsla þrot. Virðist því nefndum kennimönnum hættusamt og háskalið vera vegna frekari hugarþyngdar sem þar af mætti orðsakast ef þeim er saman haldið og stór nauðsyn vera þau að skilja. Þess vegna að svo prófuðu dæma héraðsprestarnir þá trúlofun milli Arngríms Sigurðssonar og Guðlaugar Jónsdóttur öldungis sundurlausa og þau hvort við annað skilin upp héðan, uppá hvörn dóm er biskupanna og *synodi* svar, að þó ei sé greinilega getið um sjúkdómsins tegund, þá sýnist þeim samt sem áður ánægjanligar orðsakir vera til trúlofunaraðskilnaðar eftir hjónabands *articulum*, einkum þar veikleiki Guðlaugar Jónsdóttur hefur svo lengi varað og viðhaldist og báðar persónurnar óska aðskilnaðar. Þess vegna samþykkja biskuparnir með *synodo* þráttnefndan trúlofunardóm prestanna að Egilstöðum að stöðugur og óraskaður standa skuli.

2. Kom fyrir þessa *synodum casus* úr Snæfellsýslu hingað sendur af prófastinum séra Ásmundi Eyjólfssyni um tvíburafæðing Vilborgar Benediktisdóttur ektakvinnu Magnúsar Þorsteinssonar, hvörju efni svo er varið að nefndar persónur hafi til hjónabands samánvígðar verið þann 12. sunnudag eftir *trinitatis* sem ber uppá 30. ágúst *anno* 1691, en nefnd Vilborg hafi tvö andvana börn í heiminn fætt á næsta vetri þar eftir, þann 6. dag febrúar 1692. Fylgir nú þessu prófastsins skrifti tveggja kvenna meðkenning úr héraði sem bera um ófullkomligleika á téðum börnum eður fósttri, hvar af merkja að þau hafi fyrr en eftir venju eður náttúrligu eðli fædd verið. Því þykist *synodus* ei kunna að álykta það fyrrtéðum ektahjónum beri opinberar skriftir standa hér fyrir í söfnuðinum *quia de occultis non judicat ecclesia*.¹

3. Þann 6. júlí sama árs var upplesið í *synodo* kónglegrar *majestets* allra-náðugasta bréf eðla og veleruverðugum herra *magister* Birni Þorleifssyni meðdeilt uppá biskupsdæmi og *vicesuperintendentis* embætti í Hólastifti, sem og uppá *successionem* á öðrum hvörjum biskupsstólnum Skálholti eður Hólum, hvör þeirra sem fyrri félli og liðugur yrði. *Datum* þess bréfs Kaupenhafn 30.

1 *quia de occultis non judicat ecclesia*: því um leynda hluti dæmir kirkjan ekki

janúar 1692. Óskar biskupinn *magister* Þórður Þorláksson og aðrir nálægir heiðurligir kennimenn virðugligum herra *magister* Birni Þorleifssyni til lukku og blessunar, svo þetta hans uppátekið háverðuga embætti mætti verða almáttugum Guði til lofs og dýrðar, en kristiligum söfnuði hér á landi til uppbyggingar, gagns og góða í Jesú nafni.

4. Kom fyrir *synodum* bréflig ósk erusamligs Sæmundar Magnússonar að Hóli í Buðlungavík, þess innihalds að heilög embættisþjónustugjörð mætti fremjast á jörðu hans Kirkjubóli í Skutulsfirði, einkum með því hann hafi þar kirkju uppbyggja látið og allt það sem þjónustugjörðinni tilhlýðir sé til reiðu. Tjáist að sú kirkja hafi áður í grunn affallið fyrir nokkrum árum, helst af þeirri orðsök að margir hafi átt parta í jörðunni og vegna fátæktar og samheldisleysis sumra eigenda kirkjugjörðin undandregist. Komu hér nú fram *copiur* af máldögum þessarar hálfkirkju, nefnilega Jóns biskups að Skálholti, hvör hana vígði 1333, hvörn máldaga og *fundatiu* Þórarinn biskup í Skálholti hefur *confirmerað* og staðfest *anno* 1362, sem og einnin Gottskálk Hólabiskup, sem sig þá nefnir *administratorem* heilagrar Skálholtskirkju *anno* 1452. En herra Oddur Einarsson biskup í Skálholti samþykkir að það allt skuli haldast eftir þennan dag af nefndrar hálfkirkju máldögum sem Guðs heilaga orði er ekki á móti og ekki heldur vorum landslögum. *Datum* þess bréfs 1590. Er augljóst af máldögunum að þar hefur verið heimamannagröftur, þar með einnin vænist Össur Bjarnason og Jón Bjarnason í sínum útgefnum vitnisburði *anno* 1692 18. júní að þar sé kirkjugarður og heimamannagröftur, og bjargligt *inventarium* sem kirkjuembættinu tilheyrir og þörf gjörist innan kirkju og utan og 2 kúgildi. Héraðs-prófasturinn heiðurligur séra Sigurður Jónsson að Holti samþykkir fyrir sitt leyti að prestur að Eyri í Skutulsfirði fremji heilaga þjónustugjörð á Kirkjubóls hálfkirkju, svo oft sem þörf gjörist á ári og eftir sínum hentugleikum. Vænist og einnin tilboði Sæmundar að halda kirkjuna tilbærilega af sinni rentu að 2 hlutum móts við Snorra Jónsson, sömuleiðis prestinum sem henni þjónar greiða og gjalda það sem hönum með réttu ber eftir máldögum og *fundatiu* áður-nefndrar kirkju, setur svo prófasturinn þetta sitt samþykki til biskupsins atkvæða. *Datum* þess samþykkis 27. maí *anno* 1690. Í sama sinn hefur Snorri Jónsson eignarmaður jarðarinnar að þriðjungi samþykkur orðið þessari áður-greindri prófastsins skikkun fyrir sína persónu.

Nú með því séra Ísleifur Þorleifsson mótmælir ei stórum að fremja embætti á þessari hálfkirkju, sé það með *consensu superiorum*, og hann fái tilbærilig ómakslaun, þá virðist biskupunum og *synodo* að Sæmundi Magnússyni afsláist ekki sín ósk, heldur að prestur á Eyri fremji þar heilaga þjónustugjörð þrisvar eður fjórum sinnum á ári þegar fólk þar girnist að meðtaka heilagt altarisins *sacramentum*. Ákveður *magister* Þórður að presturinn uppberi í sín ómakslaun

árliga 2 fjórðunga smjörs eftir kirkjukúgildin og þar að auk 10 álna virði að minnsta kosti, nema eignarmenn jarðarinnar vilji betur gjört hafa.

5. Var upplesinn *transscriptaður* máldagi Brautarholtskirkju á Kjalarnesi hljóðandi einkanliga um landamerki millum Arnarholts og Mýrarholts, sem og önnur þeirrar kirkju ítök. Sýnist kennidóminum tilheyrilegt að eignarhaldsmenn nefndrar Brautarholtskirkju haldi undir hana því sem bæði máldagar og vitnisburðir henni skilmerkilega eigna. Og þó nokkrir sýni sig í að lögfesta móti slíkum kirkjuskjölum, þá mun virðast að slíkar lögfestur hafi ekki svo mikið afl að ei framar gildi þær kónglegu forordningar sem kirknanna eign banna undir lög að leggja fyrir utan vitund og samþykki þeirra sem kirknanna forsvar eru nefndir, einkanliga þar sem lögfestunni er ei frjálsliga yfirlýst fyrir þeim sem í móti eiga.

Þetta allt fyrir framan og ofan skrifað í fimm póstum hefur svo framfarið á þessari Skálholtsstiftis prestastefnu með atkvæði tilnefndra kennimanna og samþykki herra amtmannsins veleðla og velbyrðugs herra Christian Mullers, samt beggja biskupanna *magisters* Þórðar Þorlákssonar og *magisters* Björns Þorleifssonar, hvörtjir allir til staðfestu sín nöfn hér undirskrifa þann 6. júlí *anno et loco ut supra*.

Christian Muller
Árni Þorvarðsson eh
Páll Gunnarsson eldri meh
Oddur Eyjólfsson meh
Séra Hannes Björnsson eh
Frans Ibsson mpp
Jóhann Þórðarson mpp
Steinn Jónsson mpp
Jón Erlingsson meh
Helgi Jónsson meh

Þórður Þorláksson mpp
Björn Þorleifsson mpp
Brynjólfur Jónsson mpp
Jón Salomonsson meh
Björn Stefánsson meh
Oddur Árnason mpp
Sigurður Eyjólfsson mpp
Hjalti Þorsteinsson eh
Jón Halldórsson eldri eh
Vigfús Ísleifsson prestur eh

In nomine sacro-sanctæ trinitatis

Anno 1693 þann 1. júlí að Þingvelli var almennileg Skálholtsstiftis *synodus* og prestastefna með heilags anda ákalli sett og byrjuð af *magister* Þórði Þorlákssyni *superintendenti* Skálholtsstiftis. Komu þessir heiðurlegir kennimenn, prófastar og prestar greinds stiftis, til þessarar *generalem synodum*.

1. Úr Múlaþingi prófasturinn séra Páll Ámundason.
2. Úr Skaftafellssþingi prófasturinn séra Jón Salomonsson með þessum hans héraðsprestum, séra Einari Bjarnasyni og séra Jóni Sigmundssyni.
3. Úr Rangárþingi prófasturinn séra Oddur Eyjólfsson eldri og þessir hans

prestar, séra Högni Ámundason, séra Gísli Bárðarson, séra Gissur Pétursson og séra Arngrímur Pétursson.

4. Úr Árnesþingi prófasturinn séra Árni Þorvarðsson, séra Daði Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Björn Jónsson, séra Steinn Jónsson, séra Jóhann Þórðarson og séra Gísli Álfsson.

5. Úr Kjalarnesþingi séra Páll Sveinsson og séra Oddur Árnason.

6. Úr Þverárþingi prófasturinn séra Páll Gunnarsson og séra Hannes Björnsson.

7. Úr Þórnesþingi séra Ásmundur Eyjólfsson prófastur og séra Páll Ketilsson að Staðarstað.

Í sama stað og á sama ári sem upphaflega greinir þann 3. júlí voru þessir heiðurlegir prófastar og prestar Skálholtsstiftis í dóm nefndir af biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, séra Oddur Eyjólfsson eldri prófastur í Rangárþingi, séra Páll Ámundason prófastur í Múlaþingi, séra Jón Salomonsson prófastur í Skaftafellssþingi, séra Páll Ketilsson áður prófastur í Dalasýslu, séra Einar Bjarnason, séra Jón Sigmundsson, séra Högni Ámundason, séra Gísli Bárðarson, séra Daði Halldórsson, séra Björn Jónsson, séra Páll Sveinsson og séra Gísli Álfsson, um það mál sem veleðla og velburðugur herra amtmaðurinn Christian Muller hafði með stefnu hingað setja látið, hvör velnefnds herra amtmannsins stefna svo er hljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Hans kónglegrar *majestets* til Danmerkur og Noregs *etc, etc, etc* commerce raad og amtmann á Íslandi, ég Christian Muller, stefni yður séra Páll Gunnarsson prófastur í Borgartjardarsýslu fyrir vestan Hvítá til næstkomandi Öxarár alþings þann 3. dag júlímánaðar, sem er mánudagur næstur eftir Maríumessu þessa árs 1693, fyrir *generalem synodum* Skálholtsstiftis og fyrir þann yfirdómara sem þar þá uppá kónglegrar *majestets* vegna *præsiderandi* verður, að þér á sama stað og degi fyrir réttinn framkomið með þann dóm sem þér hafið með yðar dómsprestum ályktað og undirskrifað að Krossholti í Kolbeinsstaðahrepp þann 23. febrúar þessa árs 1693, og þá viðbúnir séuð að tilsvara af hvað *authorität* og myndugleika þér með þar undirskrifuðum prestum hafið sama dóm (mínu málefni viðvíkjandi) dæmt og ályktað. Sömuleiðis tilskylda ég yður uppá réttarins vegna að þér á sama stað og dag fyrir réttinum að mæta með yður kallið og *citerið* alla yðar dómspresta sem undir sama dóm skrifaðir eru, svo þér og þeir þar greinilega forsvarið hvað helst finnast kann útilukt eða undanfellt í yðar prestastefnu *process* mig eður aðra áhrærandi sem upplesið eður vitnað verið hefur, og eftir lögum hefði borið strax fyrir réttinum að innfærast. Einnin líka hvað innfært er í sama skrif, sem tvílun er á hvort sannferðugt sé, mér eður öðrum viðvíkjandi, að þér í sama sinn með yðar fyrrnefndum dómsprestum viðbúnir séuð löglega þar til að svara.

Veri þér komnir og yðar meðdómendur með skjöl og bevísingar sem til hafa kunnið í greindu málefni yður til forsvars uppá sama dóm á fyrrgreindan stað, velviðbúinir til sérhvörs ég eða aðrar persónur hafa kunna uppá yðar fyrrnefndan dóm að *prætendera*.

Þessu ofanskriðu til staðfestu set ég mitt nafn hér undir og áþrykki siðvanalegu signeti, á Bessastöðum dag 17. mars *anno* 1693. Undir *originalinn* hefur skrifað Christian Muller LS.

Þessa ofanskriðu stefnu veleðla og velburðugs herra amtmannsins Christian Mullers meðkennir sig séð og yfirlesið hafa að Gilsbakka *anno* 1693 dag 7. apríl, Páll Gunnarsson.

Var hér nú fyrir dómi nálægur prófasturinn séra Páll Gunnarsson eldri og allir hans dómsprestar sem voru á Krossholti þann 22. og 23. febrúar fyrir utan séra Pál Gunnarsson yngra.

Veleðla og velburðugur herra amtmaðurinn Christian Muller var nú einnir nálægur hér á Öxarárþingi og sendi inn fyrir *synodum generalem* erusaman og velforstandugan sýslumanninn Jón Eyjólfsson með svolátandi bréf:

Udi denne sag mellem mig og sr. Paul Gunnarssen haver jeg givet kongelig *majestets* sysselmand Jon Eolfsson min fuldmagt saa som jeg hannem hermed befuldmægtiger mine vegne i *generali synodo* at møde, sagen at demonstrere, forklare og forsvare, saa som jeg selv til stæde var og documenterne i retten under endelig dom at fremlægge. Dette mit fuldmagt til ydermere bekræftelse under min egen haand og signet ved Øxeraa den 3. juli *anno* 1693.

Christian Muller LS

Hér næst óskaði sýslumaðurinn Jón Eyjólfsson að upplesast mætti sá prestadómur eður álit sem framfarið hafði að Krossholti 1693 þann 22. og 23. febrúar, hvað svo var gjört, en sá dómur er svo orðaður sem eftirfylgir:

Anno 1693 dag 22. febrúar að Krossholti í Kolbeinsstaðahrepp á tilsettri prestastefnu af eðla og veleruverðugum herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni voru þessir heiðurlegir kennimenn samankomnir á greindan stað, eftir velnefnds herra biskupsins *citatiu*, séra Hannes Björnsson, séra Benedikt Pétursson, séra Björn Þórðarson, sömuleiðis eftir prófastsins séra Páls Gunnarssonar eldra bréflægri boðan til héraðsprestanna fyrir vestan Hvítá, eftir herra biskupsins forlægi, séra Páll Gunnarsson yngri, séra Jón Eyjólfsson eldri, séra Jón Eyjólfsson yngri, séra Jón Halldórsson, séra Helgi Jónsson, til að rannsaka og yfirvega það málefni, fyrir hvört séra Jón Jónsson, búandi að Hítarnesi, er af herra biskupinum *citeraður* og kallaður á greindan samfund, hvar fyrir prófasturinn séra Páll Gunnarsson, eftir herra biskupsins tilsoðn, áður- og ofanskriðu kennimenn nefnir til dómsálita og yfirskoðunar á því málefni sem herra biskupinn hefur hingað sett viðvíkjandi því bréfi sem veleðla og velburð-

ugar herra amtmaðurinn herra Christian Muller hafði herra biskupinum sent og hljóðar uppá þann upplestur sem séra Jóni Jónssyni er eignað að upplesið hafi að Syðri Görðum í Staðarsveit þann 12. október *anno* 1692.

Í annan stað var upplesið fyrirkall eður *citatia* herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar til séra Jóns Jónssonar að Hítarnesi til prestamóts á þennan stað og dag eftir því sem hún sér líkast hermir, með sjálfs herra biskupsins undirskrifuðu nafni og áþrykktu signeti *in originali*. Uppá hvörja *citatiu* séra Jón Jónsson hefur sína meðkenning skrifað að hana séð og yfirlesið hafi að Hítarnesi *anno* 1693 þann 3. febrúar sem hann sjálfur nú meðkennir.

Og var nú upplesin *copia* af þeim upplestri sem séra Jóni er eignaður, og undirskrifaðir eru séra Ásmundur Eyjólffson, séra Jón Sigurðsson, séra Jón Jónsson, séra Einar Gíslason, séra Gísli Jónsson, hvör *copia* handskriftuð er af séra Steini Jónssyni og Sæmundi Jónssyni að rétt skrifuð sé eftir þeirri *copiu* sem herra amtmaðurinn sendi biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, og neitaði séra Jón Jónsson sig svo orðað bréf upplesið hafa að Syðri Görðum í Staðarsveit þann 12. október *anno* 1692.

Lét nú séra Jón Jónsson upplesa hönum útgefinn vitnisburð uppá hans framferði (hvört þeir játa guðrækilegt, sómasamlegt og loflegt í allan máta, bæði í hans embættis útréttingu og daglegri umgengni), sem þann vitnisburð útgáfu yfir fimmtíu að tölu af hans eigin sóknamönnum hér nú samankomnum.

Framar upplás séra Jón Jónsson svolátandi orð: Ég Jón Jónsson óska og beiðist að herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson eður einhvör hans vegna bevísi hans framburð og leiði þá menn í ljós sem mér eigna eður uppá mig vitna að ég hafi það bréf (sem biskupinn hermir í *citatunni*) upplesið fyrir presta-stefnudómi að Syðri Görðum í Staðarsveit, og að þeir auglýsi sig, hvort þeir eru tveir eður fleiri af öllum þeim sem hér eru samankomnir. Eftir sama hætti óska ég og beiðist að herra amtmaðurinn Christian Muller eður einhvör hans vegna bevísi þá ákæru sem biskupinn segir hann í sínu bréfi mér til handa færi, og *citatian* umgetur svoleiðis, nefnilega að þú hafir fyrir réttinum opinberlega upplesið eitt bréf, hvar úti herra amtmaðurinn segist finna sig að vera af þér stórkostlega *læderaðan*. Þetta innfært eftir eigin fyrirsögn séra Jóns.

Var nú hér nálægur prófasturinn séra Ásmundur Eyjólffson, séra Jón Sigurðsson, séra Einar Gíslason, séra Gísli Jónsson, eftir herra biskupsins ósk og tilsögn, hvörra allra nöfn eru undirskrifuð þá útskrift sem hér var framlögð og nú upplesin, hvörja séra Jón vill ei kennast svo sem áður er sagt, jafnvel þó hann neiti ei sig nokkurt afsökunarbréf upplesið hafa fyrir samfundi prestanna að Görðum í Staðarsveit 12. október *anno* 1692. Segist þó séra Jón það bréf öngvum afhent hafa, né afhenda látið, en prófasturinn séra Ásmundur og hans nálægir héraðsprestar segja sig til reiðu að sanna sína meðkenning uppá inni-

hald og atriðisgreinir þess bréfs sem séra Jón upplestið hafi, að oftnefndum prestasamfundi, þegar fyrir þá er framlagt það sama bréf sem þeir með eigin höndum undirskrifað hafa, og þeir fyrir lagasakir dæmast þar til skyldugir, hvar fyrir prestunum virðist herra biskupinn um sinn framburð afsakaður, þar þessir menn sig sjálfir opinberlega í ljós leiddu við sinn vitnisburð að standa með soddan hætti.

Hér með er nú svo á sig komið að þeir kennimenn sem undir bréfið hafa í fyrstu skrifað, nefnilega séra Ásmundur Eyjólfsson, séra Jón Sigurðsson, séra Einar Gíslason og séra Gísli Jónsson nú allir nálægir, virðast ei allir eftir lögum að mega vitni vera í þessu efni, þar prófasturinn séra Ásmundur er af hálfu séra Jóns Jónssonar stefndur með sinn dóm til alþingis og af honum um þann dóm ákærður, séra Einar Gíslason tjáðist að vera í þremenningsmægðum við séra Jón Jónsson, séra Gísli Jónsson auglýsti sig að vera öðrum og þriðja að skyldsemi við valdsmanninn Jón Eyjólfsson, hvör á prestasamfundi að Görðum í Staðarsveit var fyrir framan í þeirri ákæru sem í þann tíma að séra Jóni var borin fyrir þá þýsku *supplicatiu*, og sé þess vegna ei síst viðriðinn um bevísingar á því upplestursbréfi sem séra Jón Jónsson er nú fyrir kærður. Aðeins er séra Jón Sigurðsson hér nálægur sem finnst fyrir mægða og skyldugleika sakir mega lögvottur vera, en séra Jón Jónsson dótturmaður séra Ásmundar tjáist að vera forfallaður hingað að koma í þetta sinn, en eru þó báðir, bæði séra Jón Sigurðsson og séra Jón Jónsson ásamt hinum, í þeirri sömu dómsnefnd sem séra Jón hefur áfrýjað með stefnu við séra Ásmund.

Ög nú með því þessu er svo varið:

1. Að nefndir kennimenn vilja fyrst fá það bréf sem þeir hafa undirskrifað.
2. Mægðir og skyldugleiki, svo sem fyrrskrifað er, jafnvel þó séra Jón Jónsson léti sér þá þess vegna lynda í þetta sinn.
3. Að þeir eru viðriðnir þann dóm sem á Görðum hefur framfarið, og værum svo eftirtakandi, að sjálfum herra biskupinum þykir þeir í málinu fyrr innviklaðir.

Þá þykjunst vér ei kunna að svo prófuðu þeim lögfullan eið að dæma uppá þeirra vitnisburð, það bréfsins undirskrift viðvíkur.

Framvegis hvað áhrærir þann síðara póst biskupsins *citatiu* og áður innfærða ósk séra Jóns Jónssonar, að herra amtmaðurinn eður einhvör í hans stað bevísi hann að vera *læderaðan* af þeim téðum upplestri sem séra Jóni er eignaður og hann fyrir ákærður er; þá virðist oss það einninn hníga að þeim sömu bevísingum sem sjálfu upplesturbréfinu tilhlýðir, hvar uppá handskriftuð útskrift af herra amtmannsins bréfi biskupinum tilskrifuðu var hér nú upplesin, og virðist oss herra biskupinum það nóg forsvaranlega skrifað hafa í sinni

citatiu. En hér nú í þennan stað enginn persónulega nálægur af velburðugs herra amtmannsins hálfu sem fyrir svo stórri sakargift standi uppá ákæru við séra Jón Jónsson, þar þó verjandi og sækjandi hljóta fyrir hvörju máli að vera og persónulega til viðurmælis eður þeirra fullmyndugir svaramenn. Því kunnum vér ei meiri úrlausn hér á að gjöra en áður er sagt, uppá þann fyrra póstin, svo mikið sem bevísingum á upplestursbréfinu viðvíkur, því lögmálið segir: Sakaráberi skal vera fyrir sök hvörri, hvar að oss sýnist lúta *ordinantian* og aðrar lagagreinar.

Þess vegna, að svo sköpuðu máli, virðist oss herra biskupinn afsakaður, þó hann ei séra Jóni Jónssyni að svo prófuðu frá kennimannlegu embætti úti haldi, með því vér vitum viðgengist hafa, að þó prestar hafi verið bornir stórum sökum þá hafa þeir samt haldið allri kennimannlegri embættisþjónustu og verðugleika. Og með því að vér tilnefndir kennimenn treystum oss eigi til frekari rannsókn hér um að gjöra en fyrrskrifað stendur, svo þess vegna verði fullkomin dómsályktun uppá það efni sem hingað var sett fyrir prófastinn séra Pál Gunnarsson, þá virðist oss samt að séra Jón Jónsson sé það framast honum er mögulegt viðbúinn fyrrtéðri velburðugs herra amtmannsins ákæru að gegna á næstkomandi Öxarárþingi í allan forsvaranlegan og tilheyrilegan máta, einkanlega þar hann er bæði þangað áður af prófastinum séra Ásmundi Eyjólfsyni með dómi skyldaður að koma, og einninn sjálfur nefndum prófasti séra Ásmundi í þann sama stað stefna látið. Sömuleiðis virðist oss fullkomlega tilhlýða að þeir kennimenn í Þórnespíngi, nefnilega séra Jón Sigurðsson, séra Einar Gíslason, séra Gísli Jónsson, séra Jón Jónsson, hvörjir ásamt með prófastinum séra Ásmundi Eyjólfsyni eru undir upplestursbréfið skrifaðir, það séra Jóni Jónssyni er eignað, séu persónulega nálægir með prófastinum á næstkomandi Öxarárþingi, svo þeir og þeirra vitnisburðir þar metast megi fyrir biskupi, á þann dag sem hann þá tileinkar, sérdeilis eftir *festum visitationis Mariæ*, til hvörs kennidómsins samfundar vér þetta framsett og yfirskoðað málefni dæmum og ályktum eftir því sem fyrrskrifað stendur.

Þessu fyrrskrifuðu var með oss tilnefndum kennimönnum samþykktur prófasturinn séra Páll Gunnarsson og setti sína handskrift ásamt vorum hér undir þann 23. febrúar, *anno et loco ut supra*. (Undirskrifuð nöfn) Páll Gunnarsson eldri meh, Benedikt Pétursson prestur eh, Páll Gunnarsson yngri meh, Jón Eyjólfsson yngri meh, Helgi Jónsson eh, séra Hannes Björnsson eh, Björn Þórðarson eh, Jón Eyjólfsson eldri prestur meh, Jón Halldórsson eldri eh.

Upplas nú hér fyrir dómi velnefndur Jón Eyjólfsson þetta eftirfylgjandi innlegg veleðla og velburðugs herra amtmannsins Christian Mullers svohljóðandi orð eftir orð:

Eðla veleruverðugi og hálærði herra *superintendens*, sem og heiðurlegir og

vellærðir tilnefndir dómsmenn á þessari nú tilsettri *general synode* hér að Þingvöllum þetta ár 1693.

Með því ég undirskrifaður held að ég við prófastsins séra Páls Gunnarssonar dóm að Krossholti næstliðna 22. og 23. febrúar sé stórlega vanhaldinn, og ei hefi réttarins notið eftir kónglegrar *majestets* lögum og forordningum, svo að séra Páll Gunnarsson og hans meðdómendur vísvitandi þar úti hafi *peccerað*, þá hefi ég þar útaf til orðsakast, greindum prófasti og hans meðdómendum fyrir yðar veleruverðugheit og heiðurlegheit að láta stefna á þessa *general synode*, svo sem sjálf stefnan með fyrnefnds séra Páls Gunnarssonar uppáskrift útvisar, til hvörs enda ég í þessu mínu innleggi undir yðar endanlegan dóm og ályktun framlegg, hvað ég uppá áðurgreindan þeirra dóm sérdeilis hefi að *prætendera*, sem innifalið er í eftirfylgjandi póstum:

1. Stendur svo öndverðlega í dóminum: Hvar fyrir prófasturinn séra Páll Gunnarsson, eftir herra biskupsins tilsögn, áður- og ofanskrifaða kennimenn (hvörtjir eru þessir, séra Hannes Björnsson, séra Benedikt Pétursson, séra Björn Þórðarson) nefnir til dómsálita og yfirskoðunar á því málefni sem herra biskupinn hefur hingað sett, viðvíkjandi því bréfi sem veðla og velburðugur herra amtmáðurinn herra Christian Muller hafði herra biskupinum *etc.*

Beiðist ég nú af yður séra Páll Gunnarsson prófastur, að þér forsvarið að þá sömu hafið mátt eftir lögum nefna fyrir fullkomna dómsmenn, þar þeir munu finnast í skyldugleika sín á milli. Er ekki séra Páll Gunnarsson yðar bróðir? Er þið ekki báðir eitt vitni? Er séra Jón Eyjólfsson eldri og séra Jón Eyjólfsson yngri ekki eitt vitni? Er þeir ekki í sifskap við séra Jón í Hítarnesi annar eður báðir? Er séra Hannes Björnsson og séra Björn Þórðarson ekki systkinasynir? Fylgir hér ekki hvör öðrum og vinir séra Jóns í Hítarnesi? Kunni þér nú ekki þetta yðar persónu og embættis vegna lögmætt og velforsvaranlegt að bevísa, set ég í rétt fyrir af kónglegri *majestet* tilsett yfirvöld, hvörju yður beri hér fyrir að svara, og sakfelldum verða eftir kónglegrar *majestets* lögum.

2. Upphaf yðar dóms hljóðar svo: *Anno* 1693 dag 22. febrúar að Krossholti í Kolbeinsstaðahrepp *etc.* Síðar í sama dóm stendur: Í annan stað var upplesið fyrir kall eður *citatia* herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar til séra Jóns að Hítarnesi til prestamóts á þennan stað og dag *etc.* Var ekki greind *citatia* biskupsins upplesin á yðar prestastefnu að Krossholti af fyrrrskrifuðu *dato*? Hvar var það fyrirkall og *citatia* þá upplesið? Vilji þér ég trúi það sé sá annar upplestur á yðar prestastefnu? Því færðu þér þá þann fyrra ekki inn? Eða geti þér sýnt mér hann í yðar bréf með sannleika innfærðan? Viti þér ekki yður skyldugt að bera fram sannleikann í dóminum? Hvar uppá hljóða og befala Guðs lög og manna. Set ég því í rétt hvort þér hafið ekki hér með brotið í móti kónglegrar *majestets* lögum og vanrækt yðar embættisskyldu.

3. Stendur í yðar fyrrgreindum dómi um ofanskrifaða biskupsins *citatiu*: Eftir því sem hún sér líkast hermir með sjálfs herra biskupsins undirskrifuðu nafni og áþrykktu signeti *in originali*. Nú eftir því að fyrrgreind biskupsins *citatia* sést ekki í dóminn innfærð, hvað ég þó fullkomlega meinti vera ætti eftir kónglegrar *majestets* lögum, því þó þér vænist á hana þrykktu signeti *in originali* kann þar ekki af að sjást innihald bréfsins *citatiu*. En hvað þér hafið hér úti forsómað inn að færa, ásamt öðru sem fyrir réttinum passerað hefur og innfæra þar, set ég nú í rétt fyrir heiðurlega dómendur hvörju yður svara beri fyrir svo augljósa vanrækt yðar dómaraembættis.

4. Framvegis hljóðar yðar dómur: Eftir sama hætti óska ég að herra amtmann Christian Muller eður einhvör hans vegna bevísi þá ákæru sem biskupinn segir hann í sínu bréfi mér til handa færi, og *citatian* umgetur svoleiðis: Nefnilega að þú hafir fyrir réttinum opinberlega upplesið eitt bréf, hvar úti herra amtmaðurinn segist finna sig að vera af þér stórkostlega *læderaðan*. Þetta innfært eftir eigin fyrrisögn séra Jóns. Höfðu þér séra Páll Gunnarsson með yðar dómendum ekki betri vilja að framfylgja réttvísi í yðar dómarasæti að Krossholti en það að upptaka og innfæra í yðar dóm nokkuð það sem mér *præjudits* vera mætti, en vilja ekki innfæra og vísvitandi eftirskilja það þér eftir kónglegrar *majestets* lögum voru skyldugir inn að færa, og yður var af biskupinum tilsent um að dæma og nauðsynlegt var inn að færa, sem og ef nokkrir fleiri upplestrar verið hafa af séra Jóni Jónssyni frá Hítarnesi á Krossholts prestastefnu upplesnir, svo ég fæ nú ekki af ykkar dómi þá undirréttung sem mér þar eftir lögum að hafa. Set ég því í rétt fyrir kristilegt yfirvald hvort þér með yðar dómsmönnum hafið ekki hér úti brotið á móti yðar hollustueiði við kónglega *majestet* og beri þar fyrir að straffast eftir kónglegrar *majestets* lögum.

5. Stendur svo í yðar Krossholtsdómi: Hér með er nú svo á sig komið að þeir kennimenn sem undir bréfið hafa í fyrstu skrifað, nefnilega séra Ásmundur Eyjólffsson, séra Jón Sigurðsson, séra Einar Gíslason og séra Gísli Jónsson nú allir nálægir, virðast ei allir eftir lögum að mega vitni vera í þessu efni, þar prófasturinn séra Ásmundur er af hálfu séra Jóns Jónssonar stefndur með sinn dóm til alþingis, og af hönum um þann dóm ákærður. Nú beiðist ég af yður séra Páll Gunnarsson prófastur og yðar meðdómendum að framvísið þau lög sem þér nefnið, eftir hvörjum hérnefndir heiðurlegir kennimenn megi ekki vitni vera í þessu máli.

Í öðru lægi að prófasturinn séra Ásmundur Eyjólffsson hafi í þeim sökum verið við séra Jón í Hítarnesi, eða einhvörn af ykkur Krossholts dómendum, þann 12. október, þá séra Jón upplás sama upplestur á prestastefnu að Görðum í Staðarsveit, að hann sé mér ekki lagavitni, eftir dönskum, norskum og ís-

lenskum vors allra náðugasta arfakóns og herra lögum, um þann sama upp-
lestur sem kónglegrar *majestets* sýslumann Jón Eyjólfsson upptók í prófastsins
og prestanna náveru á Görðum í Staðarsveit, og *monsieur* Jón Eyjólfsson
útskriftar af beiddist af prófastinum séra Ásmundi Eyjólfssyni 6 prestum við-
verandi og nálægum, séra Jóni Jónssyni frá Hítarnesi nærstöddum og áheyrandi
strax eftir, þegar hann var búinn sama bréf að upplesa.

Kunni þið nú ekki þau lög sem ykkur nægilega hér úti stoði framvísa, og
þetta ykkar skrif sannferðuglega að bevísa, set ég í rétt hvort þér hér úti hafið
ekki dæmt og undirréttað ranglega og ólöglega, mér og mínu málefni til svik-
samlegrar niðurþykkingar, móti yðar embættis- og hollustueiðum, kónsins
lögum og góðri samvitsku.

6. Stendur svo í oftgreindum yðar dómi: Þar prófasturinn séra Ásmundur
Eyjólfsson er af hálfu séra Jóns Jónssonar stefndur með sinn dóm til alþingis,
og af hönum um þann dóm ákærður *etc.* Kunni þér séra Páll Gunnarsson með
yðar meðdómendum að sýna mér sakargift eður löglega ákæru í þeirri stefnu
sem prófastinn séra Ásmund segið meðstefndan til alþingis, eða hafi þið það
sannferðuglega innfært að séra Ásmundur sé af hálfu séra Jóns til alþingis
stefndur? Kunni þið ekki þetta hvorutveggja sannferðuglega bevísa, set ég í rétt
hvort þér og yðar dómsprestar það rétt og sannferðuglega framborið hafið og
ykkur ei hér með stórlega forséð í móti kónglegrar *majestets* lögum? Og þess
vegna beri yður séra Páll Gunnarsson og yðar meðdómendum að straffast.

7. Vissu þér séra Páll Gunnarsson með yðar dómendum séra Jón Sigurðs-
son, séra Einar Gíslason, séra Jón Jónsson eða séra Gísli Jónsson í nokkrum
sökum við séra Jón í Hítarnesi þá þeir voru í þingvitni með öðrum fleirum
prestum nálægir að Görðum þann 12. október 1692? Viti þið nú á þessari
stundu þeim nokkrar sakir löglega gefnar af nokkrum manni sem þá hindri frá
sannleiks vitnisburði? Eða þori þið að segja þá í þeim mægðum eða skyldug-
leika að móti lögum sé að þeir megi mínir lögvottar vera? En þér segið í yðar
dóm: Mega ei allir vitni vera í þessu efni. Viti þið þá í mægðum eða skyldug-
leika við mig? Enn sérdeilis að spyrja: Hvað viti þér prófastur séra Páll
Gunnarsson, þér séra Hannes Björnsson, þér séra Jón Halldórsson (ásamt ykkur
öðrum dómendum að Krossholti) ég hafi ykkur illt eða óréttilega tilgjört, að
sannleikans vitna (eftir ykkar ályktan) megi ei njótandi verða? Eða meintu þið
það stæði í ykkar valdi (eða nokkra annara af ykkar andlegra hálfu) mér þess að
fyrirmuna? Soddan ykkar bréf og blygðunarlaus ofdirfð mót kónglegrar *majes-
tets* lögum, til forakts og niðrunar minni persónu, set ég nú í rétt, hvort yður
beri ekki hér fyrir að líða og straffa eftir kónglegrar *majestets* lögum.

8. Stendur svo í yðar dóm, prófastur séra Páll Gunnarsson og yðar með-
dómenda: Séra Gísli Jónsson auglýsti sig að vera öðrum og þriðja við valds-

manninn Jón Eyjólfsson, hvör á prestasamfundi að Görðum í Staðarsveit var fyrir framan í þeirri ákæru sem í þann tíma að séra Jóni var borin fyrir þá þýsku *supplicatiu*, og sé þess vegna ei síst viðriðinn um bevísingar á því upplestursbréfi sem séra Jón Jónsson er nú fyrir kærður *etc.* Nú krefst ég¹ af yður séra Páll Gunnarsson og yðar meðdómendum sannferðugra bevísinga (ef ekki viljið strax ósannindamenn ályktast) hvör, hvörnin stífluð eður hljóðandi var sú ákæra sem sýslumaðurinn *monsieur* Jón Eyjólfsson var fyrir framan í, sem í þann tíma (segi þið) að séra Jóni var borin fyrir þá þýsku *supplicatiu*? *Item*, og sé þess vegna ei síst viðriðinn um bevísingar á því upplestursbréfi.

Nú stendur þó fyrrum í yðar dómi: Eftir sama hætti óska ég og beiðist að herra amtmaðurinn Christian Muller eður einhvör hans vegna bevísi þá ákæru sem biskupinn segir hann í sínu bréfi mér til handa færi og *citatian* umgetur, svoleiðis nefnilega að þú hafir fyrir réttinum opinberlega uppleið eitt bréf hvar úti herra amtmaðurinn segist finna sig að vera af þér stórkostlega *læderaðan*. Hvörnin komi þér þá til þess að skrifa eður innfæra í yðar dóm að Jón Eyjólfsson sé ekki síst viðriðinn um bevísingar á því upplestursbréfi? Setti nokkur það í rétt fyrir ykkur að Jón Eyjólfsson skyldi það bevísa, sem áður innfært sést, að séra Jón hafi af mér bevísinga beiðst? Þar ekki innfærið að Jón Eyjólfsson sé þar fyrir ákærður, ekki heldur til andsvara eður bevísinga fyrir yðar dóm fyrirkallaður, er slíkt ekki að forvilla réttinn af sjálfs þótta og illvilja? Set ég því í rétt hvort þetta með öðru fleira sé ekki af ykkur óréttferðuglega og ranglega innfært og undirrétað, og hvort yður beri eigi hér fyrir að straffast og álítast með fullkomlegri sekt eftir kónglegrar *majestets* lögum.

9. Framvegis stendur svo í yðar dóm: Þeir eru viðriðnir þann dóm sem á Görðum hefur framfarið og vær erum svo eftirtakandi að sjálfum herra biskupinum þykir þeir í málinu fyrr innviklaðir, þá þykjustum vér ei kunna að svo prófuðu þeim lögfullan eið að dæma uppá þeirra vitnisburð, það bréfsins undirskrift viðvíkur. Kunni þér prófastur séra Páll Gunnarsson með yðar dómsprestum löglega frambæra að fyrrgreindir heiðurlegir kennimenn, prófasturinn séra Ásmundur og hans meðdómendur, séu svo viðriðnir þann dóm sem hann útnefndi dag 31. október 1692 að þeir séu þar fyrir ekki hvör um sig lagavitni, eða viti þið þá ykkar eftirtekt sannferðuga eða lögmæta, að sjálfum herra biskupinum þygi þeir í málinu fyrr innviklaðir, svo að þeir frá þeirra ærlegheitum og vitnisburði löglega kunni að útilykjast, því fyrir sannleikans auglýsing til hollustu kónglegrar *majestets* veit ég ykkur hvorki lög né myndugleik til hafa þeim nokkurt *despect* eður niðran til leggja, beiðist þó fullkomlega fyrir réttinn framleggið þá sjálfs herra biskupsins anleiðing sem löglega um

1 krefst ég: í beinu framhaldi er strikað yfir og beiðist

þvílíka innviklan hljóðar, hvör ég vil nú fyrir réttinn framlögð sé, svo af sannsýnum dómendum metast megi hvað gilda skuli, þar sýnast mætti þið í ykkar dómi þvílíkt fyrir lagaskjal *citerið*.

10. Hljóðar svo yðar prófastsdómur: Þess vegna og að svo sköpuðu máli virðist oss herra biskupinn afsakaður þó hann ei séra Jóni að svo prófuðu frá kennimannlegu embætti úti haldi, með því vér vitum viðgengist hafa að þó prestar hafi verið bornir stórum sökum, þá hafi þeir samt haldið allri kennimannlegs embættisþjónustu og verðugleika, inn til þess að endilegur dómur hefur á þeirra mál gengið. Þykist ég hér af ljóslega sjá að þér með yðar dómsmönnum kunni valla eftir annara hrösun að bíða, á þeirri sköpun sem á þessu máli orðin sé, fyrir hvörja ykkar sköpun ykkur virðist biskupinn afsakaður. Ég vil trúa biskups meining verið hafi þið skylduð séra Jóns málefni með sannleika og réttvísi eftir kónglegrar *majestets* lögum yfirvega, hvar mér sýnist mikið til vanta að gjört hafið, heldur framfylgt yðar sköpunarverki á þessu máli, svo sem ótímabæran burð hefðuð vilja úr því skapa. En þar þið segist vita viðgengist hafa að þó prestar hafi verið bornir stórum sökum, þá hafi þeir samt haldið allri kennimannlegri embættisþjónustu og verðugleika, inntil þess endilegur dómur hefur á þeirra mál gengið, sé það rangur vani og á móti kónglegrar *majestets* lögum, og nema þér bevisið það lög að vera held ég þið þetta ranglega innfært hafið, eða er það eftir yðar embættiseiði að halda mér uppá rangan vana en kónglegrar *majestets* lög? Setjandi nú í rétt hvort þessi ykkar ályktun sé séra Jóni eður öðrum til bata.

11. Hljóðar svo ykkar Krossholtsdómur: Sömuleiðis virðist oss fullkomlega tilhlyða að þeir kennimenn í Þórsnesþingi, nefnilega séra Jón Sigurðsson, séra Einar Gíslason, séra Gísli Jónsson og séra Jón Jónsson, hvörjir ásamt með prófastinum séra Ásmundi Eyjólfsyni eru undir upplestursbréfið skrifaðir, það séra Jóni Jónssyni er eignað, séu persónulega nálægir með prófastinum á næstkomandi Öxarárþingi, svo þeir og þeirra vitnisburðir þar metast megi fyrir biskupi á þann dag sem hann þar tileinkar, sérdeilis eftir *festum visitationis Mariæ*, til hvörs kennidómsins samfundar vér þetta framsett og yfirskoðað málefni dæmum og ályktum eftir sem fyrrskrifað stendur.

Enn framar orðsakast ég eftir að spyrja, af yður séra Páll Gunnarsson prófastur og yðar meðdómendum, fyrir hvörja orðsök eður lagagrein tileinkið og ályktið í yðar Krossholtsdómi að heiðurlegir kennimenn, séra Jón Sigurðsson, séra Einar Gíslason, séra Gísli Jónsson og séra Jón Jónsson, skuli vera persónulega nálægir á næstkomandi Öxarárþingi, svo þeir og þeirra vitnisburðir þar metast megi fyrir biskupi, hvað þó sjálfir munið vita þvert í móti dönskum, norskum og íslenskum kónglegrar *majestets* lögum? En að fyrrgreindar persónur þar metast megi þykist ég ei skilja í hvörri meiningu innfært hafið, hvað

þó sýnast mun þeim til *despects* og óvirðingar gjört, sem þér máttuð þó vita að ykkar embættis verðugleika ekki sómdi.

Og nú eftir því að ykkar oftgreindur dómur mun í þessu og öllum framan-skrifuðu póstum sjást og álitast frásniðinn sannferðugum, veltihæflegum og löglegum réttargangi, þá set ég nú í rétt fyrir yðar veleruverðugheit og heiður-legheit með hæstu sakargift sem mér leyfileg er kónglegrar *majestets* háheita og minnar persónu vegna þessa framanskriafaða pósta, og hvað prófastinum séra Páli Gunnarssyni og hans meðdómendum beri að svara og sakfelldum vera eftir kónglegar *majestets* allranáðugast útgefnum lögum fyrir sérhvört ólöglegt, óréttvíst eður ósæmlegt sem í þráttgreindum hans dómi eftir þessu mínu innleggi finnast kann, hvar uppá ég beiðist alvarlegs og endilegs dóms sem þér viljið við standa, forsvara og bikenndir vera fyrir kónglegrar *majestets* rétti, hvar sem framkoma kann. Sömuleiðis beiðist ég að endilega ályktið hvörju greindum prófast séra Páli Gunnarssyni og hans meðdómendum mér fyrir þennan til orðsakaðan *process* kostnað ber að svara og betala. Hér með yður alla Guði befallandi.

Við Öxará dag 3. júlí *anno* 1693. Christian Muller.

Gáfum vér upphaflega nefndir dómsmenn oss nú til í herrans nafni framár að athuga og yfirvega þetta málefni.

Í stefnu veleðla og velburðugs herra amtmannsins Christian Mullers stendur svo: Ég Christian Muller stefni yður séra Páll Gunnarsson prófastur í Borgartjardarsýslu fyrir vestan Hvítá til næstkomandi Öxarár alþingis þann þriðja dag júlímánaðar, sem er mánudagur næstur eftir Maríumessu þessa árs 1693 fyrir *generalem synodum* Skálholtsstiftis og fyrir þann yfirdómara sem þar þá uppá kónglegrar *majestets* vegna *præsiderandi* verður, að þér á sama stað og degi fyrir réttinn framkomið með þann dóm sem þér hafið með yðar dómsprestum ályktað og undirskrifað að Krossholti í Kolbeinsstaðahrepp þann 23. febrúar þessa árs 1693 og þá viðbúinir séuð að tilsvara af hvað *authorität* og myndugleika þér með þar undirskriftuðum prestum hafið sama dóm (mínu málefni viðvíkjandi) dæmt og ályktað.

Uppá *authoritet* og myndugleika prestastefnu að halda framlagði nú prófasturinn séra Páll Gunnarsson fyrir dómi seðil og fullmagt biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar svolátandi sem eftirfylgir:

Eftir því ég míns embættis vegna orðsakast prestasamfund að tilsetja að Krossholti í Kolbeinsstaðahrepp þann 22. febrúar þessa árs 1693 um mál séra Jóns Jónssonar að Hítarnesi og þær ákærur sem veleðla og velburðugur herra amtmaðurinn Christian Muller færir honum í móti í sínu sendibréfi mér tilskrifuðu þann 17. nóvember *anno* 1692, og ég sökum veikra burða treysti mér ekki til einkum á þessum vetrartíma á greindan samfund að koma eður þar í

eigin persónu nálægur að vera, þá hefi ég umbeðið eruverðugan og vellærðan kennimann séra Pál Gunnarsson eldra prófast í Þverárþingi, fyrir vestan Hvítá, þetta ómak minna vegna uppá sig að taka, prestana í hans prófastsdæmi sem og heiðurlega kennimenn fyrir sunnan Hvítá, séra Hannes Björnsson, séra Benedikt Pétursson og séra Björn Þórðarson að *citera* og samankalla til Krossholti í Kolbeinsstaðahrepp uppá þann 22. dag febrúar þessa árs, eður ef þar útaf bera kann forfalla vegna þá uppá annan hentugan dag sama mánaðar, og með prestanna styrk og aðstoð að rannsaka og yfirvega það málefni fyrir hvört séra Jón Jónsson er af mér *citeraður* og kallaður á greindan samfund, einninn svo að *procedera* og dæma í þessu máli sem rétt og forsvaranlegt er, sem ég hefi frekar umskrið í mínu bréfi til prófastsins séra Páls Gunnarssonar, svo að málið mætti tilheyrilega undirbúast í héraði áður en það kemur fyrir almennilega *synodum* á alþingi, hvað allt að framkvæma ég gef velnefndum prófastinum séra Páli Gunnarssyni eldra mitt fullkomlegt umboð og myndugleika sem ég framast má. En þessu öllu til staðfestu og sannindamerkis skrifa ég mitt nafn hér undir með eigin hendi og læt þrykkja mínu venjulegu signeti að neðan.

Skálholti dag 21. janúar *anno* 1693, Þórður Þorláksson mpp LS.

Framar var hér nú auglýst *in originali citatia* biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar til séra Jóns Jónssonar að Hítarnesi, svohljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Ég Þórður Þorláksson *superintendens* Skálholtsstiftis *citera* og boða þig Jón prestur Jónsson, búandi að Hítarnesi, á prestastefnu sem tilsett er að haldast skuli að Krossholti í Kolbeinsstaðahreppi af prófastinum séra Páli Gunnarssyni eldra, þann 22. dag febrúarmánaðar þessa árs 1693, eður ef þar kann útaf að bera forfalla vegna þá uppá þann dag sem greindur prófastur séra Páll Gunnarsson eldri tilsetur. *Citera* ég þig fyrst til löglegra andsvara, hvort þú hefur skrifað eða skrifa látið það bréf sem þér er eignað að upplesið hafir fyrir prestastefnudómi að Syðri Görðum í Staðarsveit 12. október *anno* 1692, og hvort ei sýnast má í því bréfi Guðs heilagsta nafn vanbrúkað og við hégóma lagt, og hans *extraordinaria miracula* ótilhlýðilega innfærð uppá hégómlegar uppáfyndingar, ef þú annars reynist sannur að því að greint bréf skrifað og upplesið hafir.

Sömuleiðis *citera* og boða ég þig séra Jón Jónsson á greindan samfund á Krossholti til andsvara við velnefndan prófastinn séra Pál Gunnarsson eldra og hans dómsmenn uppá þær ákærur sem veleðla og velburðugur herra amtmaðurinn Christian Muller þér til handa færir í sínu bréfi mér tilskrifuðu af *dato* Bessastöðum 17. nóvember 1692, nefnilega að þú hafir fyrir réttinum opinberlega upplesið eitt bréf, hvar úti herra amtmaðurinn segist finna sig að vera af þér stórlega *læderaðan* og sér alltför nærri gengið, hvört stóra *insolents*

hann öngvan veginn megi líða að sér uppá kónglegrar *majestets* vegna, soddan ótilheyrilegt spott og foragt af slíkri persónu tilbjóðist og tilleggist, svo sem velnefnds herra amtmannsins bréf frammar sér líkast hermir, hvörs rigtuga *copie* ég hefi heiðurlegum prófastinum séra Páli Gunnarssyni tilsent. *Citera* ég þig á greindan samfund með allar þínar afbatanir sem þér og þínu máli kunna til gagns að koma.

Hér með er ég yður séra Jón Jónsson alvarlega áminnandi að þér þessari minni *citatiu* góðlátlega gegnið og yður svo hagið og hegðið í forsvari þessa máls sem einum kennimanni hlýðir, fyrir utan allskyns flækjur og króka, svo ekki verði prestlegt embætti þar fyrir lastað. Þessu til merkis er mitt nafn með eigin hendi hér undirskrifað og venjulegt signet undirþrykkt.

Skálholti dag 21. janúar *anno* 1693, Þórður Þorláksson mpp LS.

Þess vegna ályktum vér fyrrnefndir dómsmenn að prófasturinn séra Páll Gunnarsson hafi fulla magt og myndugleika haft prestamótið að Krossholti að halda uppá þann 22. dag febrúar þessa yfirstandandi árs.

En uppá áður innfært innlegg veleðla og velbyrðigs herra amtmannsins þetta svar og afbötun prófastsins séra Páls Gunnarssonar og hans dómspresta.

1. Uppá þann fyrsta póst herra amtmannsins innleggs á móti fyrrnefndum dómi, um skyldsemi og sifskap prestanna sín á milli og við séra Jón Jónsson að Hítárnesi, þetta sem eftirfylgir:

Að prófasturinn séra Páll Gunnarsson segist eigi vita í móti réttinum vera og hafi ekki kunnað að varast þó í Krossholts *tractat* séu skyldir eða tengdir menn tilkallaðir, með því hann viti svo viðgengist hafa mótmælislaust, jafnvel í *com-missions* dómi hér á Öxarárþingi *anno* 1690. Segist einninn prófasturinn séra Páll Gunnarsson og hans nálægir nefndarprestar hafa góða samvitsku bæði fyrir Guði og mönnum að þeir hvorki fyrir skyldugleika, mægðir né vináttu við séra Jón í Hítárnesi nokkurn tíma haft hafi vilja og ásetning, í áðursögðum dómi, lögum og rétti að halla á hvoruga síðu.

Virðist nú biskupinum ásamt tilnefndum kennidómi prófasturinn séra Páll Gunnarsson og hans meðdómendur hafi til þessa fyrsta pósts af herra amtmannsins innleggi ánægjanlega svarað og sig afsakað, svo mikið sem dómsmanna skyldugleika sín á milli viðvíkur, þar vær vitum ekki fyrirboðið í Guðs orði né vorum landslögum að sín á milli skyldar eða nákomnar persónur megi ekki sama dóm sitja. En það áhrærir sifskap dómsmannanna við séra Jón Jónsson í Hítárnesi virðast oss prestarnir afsakaðir með þeirri lagagrein sem stendur, þingfararbálkur *cap.* 3, að svarinn dómsmaður skuli gjöra lög og rétt hvörjum manni sem hann á yfir að dæma, svo sökuðum sem sifjuðum. *Videatur etiam kóngserfð cap.* 10.

2. Uppá annan póst sem stendur í herra amtmannsins innleggi og *prætension*

uppá fyrrsagðan dóm séra Páls Gunnarssonar, og gengur uppá þessi orð sem standa í fyrrnefndum dómi: Í annan stað var upplesið fyrirkall eður *citatia* herra biskupsins *etc.* Þar til svarar nú séra Páll Gunnarsson prófastur með sínum dómsprestum á þennan hátt:

Þar sem í Krossholts *tractat* er að kveðið, í annan stað, mega góðgjarnir menn sjálfir meta að ei höfum þar með meint fráskilnað samastaðarins, heldur aðgreining efnisins, hvar um gömul *antiquitet* munu oss að gögnum verða. Í annan stað er sömu meiningar orð sem í annan máta, í annari grein, í öðru lagi (*vide* Ólafs kóns Tryggvasonar sögu öðrum parti *cap.* 1, *pag.* 2, þar eð standa þessi orð: Eigi þér þaðan ván hinna mestu afarkosta, ef þér hafið engan höfðingjastyrk í móti, sem þér hafið áður kært fyrir mér. En í annan stað læt ek á móti drífa svá mikinn missir sem ek hefir beðið minna sæmda, *etc.* Má og einninn sjá sama máltæki í 23. *cap.*, *pag.* 99 sama part, *item cap.* 31, *pag.* 131, parti 2, og víðar annarstaðar). Er því atkvæði kennidómsins í *synodo* að ekki sjá kunni hvað prófasturinn séra Páll með sínum dómsprestum hafi hér úti brotið í móti kónglegrar *majestets* lögum, né vanrækt sína embættisskyldu.

3. Uppá þriðja pósti í herra amtmannsins innleggi, sem hljóðar um *citatiu* herra biskupsins, að hún sjáist ekki í dóminn innfærð sem hans velbyrðigheit segist þó fullkomlega meina að vera hafi átt eftir kónglegrar *majestets* lögum. Hér uppá andsvarar svo prófasturinn séra Páll Gunnarsson með sínum dómsprestum: Vær vissum oss ekki skylduga til, það inn að færa, fyrst þar ekki viss regla um í *ordinantiunni* eða vorri lögbók sem oss haldi til, stefnur eður fyrirköll inn að færa orð fyrir orð.

Er nú andsvar og endileg meining herra biskupsins og kennidómsins uppá þessa þriðju velbyrðigs herra amtmannsins *prætension* uppá oftnefndan dóm, að þó þeim sýndist að ljósara og greinilegra hefði verið að *citatia* herra biskupsins til séra Jón Jónssonar í Hítarnesi hefði öll innfærð verið, þá þykjast þeir þó sjá fullkomlega af dómnum að höfuðsökin fyrir hvörja séra Jón í Hítarnesi var *citeraður* og herra amtmanninum viðveik, nefnilega það upplestursbréf sem séra Jóni er eignað, sé þar greinilega nefnt. Þar með er augljóst af *recess* Christiani qvarti (háloflegar minningar) *lib.* 2, *cap.* 6, *art.* 5, hvað dómendum beri í sína dóms *tractata* inn að færa, nefnilega: Mæningen af hvis forset er som for dennem bæris udi rette. Því þykist ekki kennidómurinn geta séð saknæma vanrækt þeirra dómaraembættis á móti íslenskum lögum framkomna af fyrrnefndum dómsprestum í þessu efni.

4. Tekur nú kennidómurinn fyrir sig þann fjórða pósti og *prætension* velbyrðigs herra amtmannsins uppá þráttnefndan Krossholtsdóm um innfærslu í fyrrnefndan dóm á því sem herra amtmanninum kynni að vera til *præjudits* og útilýking þess sem borið hefði inn að færa og þeim var af herra biskupinum

tilsent um að dæma. Hér til svarar prófasturinn með sínum dómsprestum: Vær vitum oss ekki það hafa innfært í vorn *tractat* sem herra amtmanninum kann að vera til *præjudits*, þó vær höfum það innfært sem séra Jón fullkomlega óskaði, einkum þar hann sjálfur persónulega viðvar, en öngvan veginn erum vær oss meðvitandi í nokkurn máta að ekki höfum viljað innfæra eða vísvitandi eftirskilið það sem vér eftir kónglegrar *majestets* lögum vissum oss skylduga inn að færa. En annan upplestur af séra Jóni Jónssyni en þann sem getið er fengum vær ekki, hvað vær bevísun með vitnisburði fimm manna á þingi teknum, svohljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Anno 1693 22. febrúar að Krossholti óskaði prófasturinn séra Páll Gunnarsson og beiddist að séra Jón Jónsson framlegði þann upplestur er hann þar las, hvað séra Jón afsagði honum í té að láta. Til sannindamerkis hér um eru vor nöfn hér undir þennan vorn vitnisburð skrifuð, útgefinn að settu manntalsþingi á Lækjarbug í Hraunhrepp þann 3. maí *anno* 1693. (Undirskrifuð nöfn) Egill Finnsson meh, Sigurður Jónsson eh, Ólafur Bjarnason meh, Jón Ormsson meh, Ásmundur Erlendsson meh.

Uppá þennan fjórða póst af velburðugs herra amtmannsins innleggi á móti Krossholtsdómi, og andsvör dómsprestanna þar til, er kennidómsins einföld meining og skilningur að ei sjá þykjast í oftskrifuðum þessum Krossholtsdóms parti þann brest eða ávirðing sem til *præjudits* megi heimfærast við velburðugan herra amtmanninn, ekki heldur þykist hann kunna sjá að hér úti hafi framkomið brot eða misgjörð á móti hollustueiði við kónglega *majestet*, því hvað viðvíkur innskrifi biskupsins *citatiu* er áður erklerað af prestunum í fyrirfarandi þriðja pósti.

5. Fimmta *prætensio* sem velburðugur herra amtmaðurinn setur á móti Krossholtsdómi er sú, að herra amtmaðurinn beiðist af séra Páli Gunnarssyni og hans meðdómendum að framvísi þau lög eftir hvörjum heiðurlegir kennimenn séra Ásmundur Eyjólfsson, séra Jón Sigurðsson, séra Einar Gíslason, séra Gísli Jónsson megi ekki vitni vera í þessu máli *etc.* Uppá þennan póst er andsvar og afbötun dómsprestanna á Krossholti: Hvað helst viðvíkur vottum eða vitnisburðum um upplestursbréf séra Jóns, þá segjast þeir hafa viljað það efni svo innvirðuglega rannsaka á allar síður sem þeir hafi kunnað, því að eftir gögnum og vitnum skal hvört mál dæma, þingfararþáttur 4. *cap.*, svo slíkt mætti þeim til fyrirgreiðslu vera er síðar meir ættu þennan *tractat* að yfirskoða og á sjálft málefnið endilegan dóm leggja.

Uppá þetta andsvar og afbötun prófastsins og hans meðdómenda á móti þeirri fimmtu *prætension* herra amtmannsins er fullkomin meining og álit nú nálægs kennidóms, að séra Páll Gunnarsson með sínum Krossholtsdóms prestum sýnist nokkru lengra *procederað* og framar aðgjört hafa en þeirra *instructio*

frá herra biskupinum þeim tilhélt í máli séra Jóns Jónssonar að Hítarnesi. En eftir því oftnefndir dómshofnissmenn *protestera* að þeir hafði það gjört í hreinferðugri meiningu, sannleika málefnisins til skýrari auglýsingar, hvar til vær þeim trúum, þá kunnum vær ekki að sjá að þeir séu fyrir þá sömu *intentionem* eður aðgjörðir stórra víta verðir.

6. Sjötta *prætensio* velburðugs herra amtmannsins uppá Krossholtsdóm er þessi, hvort prófasturinn séra Páll Gunnarsson með sínum meðdómendum kunni að sýna sér sakargift eða löglega ákæru í þeirri stefnu sem prófastinn séra Ásmund Eyjólfsen segir meðstefndan til alþingis, eða hvort þeir hafi það sannferðuglega innfært að séra Ásmundur sé af hálfu séra Jóns til alþingis stefndur. Uppá þetta veleðla og velburðugs herra amtmannsins innlegg á móti dóminum er andsvar og afbatan dómshofnissmanna sem eftirfylgir:

1. Átta manna þingtekinn vitnisburður að settu manntalsþingi að Lækjarbug 3. maí *anno* 1693, hvörjir votta sig heyrta hafa séra Jón Jónsson á Hítarnesi fyrir samankominnna presta dómi á Krossholti auglýsa sig ákæru og sök gefa prófastinum séra Ásmundi Eyjólfsyni um þann dóm, fyrir hvörn hann hefði stefnt honum til alþingis, hvör seðill með undirskriftum vottanna hér var nú upplesinn.

2. Að hér í *synodo* þann 1. júlí hafi framkomið stefna Björns Jónssonar af hálfu séra Jóns Jónssonar í Hítarnesi, þar eð hann stefni séra Ásmundi með sinn dóm hingað til Öxarárþings og almennilegrar prestastefnu að Þingvöllum.

Þessi afbötun dómshofnissmanna uppá þessa *prætension* herra amtmannsins virðist nálægum kennidóm i allan máta nægjanleg, þar nú hér opinberlega framkom stefna séra Ásmundar til Öxarárþings og partarnir báðir séra Ásmundur og séra Jón hér nálægir.

7. Sjöunda innlegg velburðugs herra amtmannsins á móti oftnefndum Krossholtsdómi er innifalið í eftirfylgjandi spursmálum: Vissu þér séra Páll Gunnarsson með yðar dómendum, séra Jón Sigurðsson, séra Einar Gíslason, séra Jón Jónsson eða séra Gísli Jónsson, í nokkrum sökum við séra Jón í Hítarnesi þá þeir voru í þingvitni með öðrum fleirum prestum nálægir að Görðum þann 12. október 1692? Vitið þið nú á þessari stundu þeim nokkrar sakir löglega gefnar af nokkrum manni sem þá hindri frá sannleiks vitnisburði? Eða þori þið að segja þá í þeim mægðum eða skyldugleika að móti lögum sé að þeir megi mínir lögvottar vera? Eru þetta ei þau vitni sem ekki skulu andvitni í móti koma? En þér segið í yðar dómi (mega ei allir vitni vera í þessu efni). Vitið þið þá í mægðum eða skyldugleika við mig, enn sérdeilis að spyrja, hvað viti þér prófastur séra Páll Gunnarsson, þér séra Hannes Björnsson, þér séra Jón Halldórsson, ásamt ykkur öðrum dómendum að Krossholti, ég hafi ykkur illt eða óréttilega tilgjört, að sannleikans vitna eftir ykkar ályktan megi ei njótandi

verða, eða meintu þið það stæði í ykkar valdi (eða nokkra annara af ykkar andlegra hálfu) mér þess að fyrirmuna? Soddan ykkar skrif og blygðunarlausu ofdirfð mót kónglegrar *majestets* lögum til foragts og niðrunar minni persónu set ég nú í rétt, hvort yður beri ekki hér fyrir að líða og straffast eftir kónglegrar *majestets* lögum.

Hér uppá er prófastsins séra Páls Gunnarssonar og hans dómspresta svar og afbötun: Ekki köllum vær nefnda presta í neinum sökum, þó vær þeirra vitnisburði setjum undir annara mat, eða máttu fjórir menn einir þá þingvitni heita? Og eftir því séra Jón lýsti fyrir oss að hann hefði það bréf (sem hann sagðist upplestið hafa) öngvum afhent né afhenda látið, þar fyrir þóttunst vær óskýrir, með hvörju móti það bréf skyldi bevísast sem prestarnir höfðu undirskrifað, og þá ei sjálft fyrir hendi var. Þar næst vitum vær ekki téða kennimenn í neinum þeim mægðum eða skyldugleika vera að ei megi þess vegna sjálfs herra amtmannsins lögvottar vera, og ei vitum vær oss ályktað hafa að hans velbyrðigheit megi ei sannleikans vitna njótandi verða, því vær vildum ekki (né heldur væntum) í soddan blygðunarlausri ofdirfð finnast að gjöra hans aðallega persónu nokkra niðran eða foragt, kjósandi miklu heldur auðmjúklega að hans sjálfs *patrocinium* framvegis öðlast kynnum.

Uppá þennan sjöunda póst af innleggi herra amtmannsins á móti Krossholtsdómi virðist kennidóminum prófasturinn séra Páll og hans meðdómendur hafa andsvarað og sig afsakað, að ekki annað sjá þykist en nægjanlegt forsvar virðast megi í þann máta sem hér fyrir ofan innfært er í hinn fimmta póstin.

8. Í áttunda máta framkemur sú *prætensio* af velburðugs herra amtmannsins hálfu á móti oftnefndum Krossholtsdómi, að hans velburðugheit krefst af séra Páli Gunnarssyni og hans meðdómendum að sannferðuglega bevísi, hvör, hvörninn stíluð eða hljóðandi verið hafi sú ákæra sem sýslumaðurinn Jón Eyjólfsson var fyrir framan í, þann tíma (að þeir segja) að séra Jóni var borin fyrir þá þýsku *supplicatiu*, og sé þess vegna ei síst viðriðinn um bevísingar á því upplestursbréfi.

2. Spyr herra amtmaðurinn hvörninn Krossholtsdóms prestar komi til þess að skrifa, eða í þeirra dóm innfæra, að Jón Eyjólfsson sé ekki síst viðriðinn um bevísingar á því upplestursbréfi.

3. Spyr hans velburðugheit hvort nokkur hefði sett það í rétt fyrir þá hvort Jón Eyjólfsson skyldi það bevísa, sem áður innfært sjáist, að séra Jón hafi af sjálfum herra amtmanninum til bevísingar ábeiðst, þar ekki sé innfært að Jón Eyjólfsson sé þar frá, verður ekki heldur til andsvara eður bevísinga fyrir þeirra dóm fyrirkallaður.

Hér uppá er forsvar prófastsins séra Páls Gunnarssonar og hans dómspresta á Krossholti, þetta sem eftirfylgir:

Að þeir nú framleggja *copie* af þeirri stefnu sem herra amtmaðurinn hafði meðstefna látið séra Jóni Jónssyni, eftir hvörri stefnu að *procedera*, eftirganga og umgjöra. (Einnin *inquisition* og fyrirsvar hafa í sérhvörn máta, svo sem herra amtmaðurinn persónulega til staðar væri.) Hans velburðugheit hafði Jóni Eyjólfssyni fullmagt gefið, eftir því sem sú útskrift hljóðar, *dateruð* Bessastöðum dag 5. október *anno* 1692. En samastaður til þess samfundar var tiltekinn Garðar í Staðarsveit.

Í annan máta framleggja þeir stefnu *copiu* þar eð Jón Eyjólfsson hefur stefnt séra Jóni Jónssyni til Garða í Staðarsveit uppá þann 31. dag októbermánaðar *anno* 1692, hvörrar helsta inntak er hvort séra Jón viðstanda vilji eða mótsegja þori þeirri þýsku *supplicatiu etc.*

3. Framleggja prestarnir innlegg *monsieur* Jóns Eyjólfssonar fyrir prófastinn séra Ásmund Eyjólfsson, hvar inni hann setur í rétt fyrir prófastinn meðal annars hvort séra Jón Jónsson sé ekki skyldugur til næstkomandi alþingis með sínar málsbætur að koma til löglegra andsvara við herra amtmanninn eða hans fullmegtugan uppá Jóns stefnuspursmál og sérhvað annað sem hann því máli viðvíkjandi hefur hönum til að tala *etc.*

4. Uppá nefndan innleggspóst dæmir prófasturinn séra Ásmundur séra Jón fullkomlega lögskyldugan að mæta til að andsvara í *generalis synodo etc.*

5. Sést af þeim dómi er gekk að Görðum 19. maí að herra amtmaðurinn endurnýjar og staðfestir sína fullmagt við velaktaðan kónglegrar *majestets* sýslumann *monsieur* Jón Eyjólfsson, og hann tilsetur að vera nú sem fyrri réttan *actor* í uppbyrjuðum *process* við séra Jón Jónsson á Hítarnesi eftir sinni fyrr útgefinni fullmagt, eftir hvörju fyrrskrifuðu þeir segjast halda og skilja að Jón Eyjólfsson hafi verið fyrir framan í því máli, og ei síst viðriðinn bevísingar og ákæru fært á hendur séra Jóni herra amtmannsins vegna, eftir því sem ofanskrifaðar herra amtmannsins *instructiones* auglýsa.

Uppá þessa *resolutionem* kennimannanna á móti herra amtmannsins *præ-tension* er meining og álit kennidómsins að í þessum pósti hafi Krossholtsdóms prestar gengið fram yfir biskupsins *instruction* í nokkru og nauðsynjalausu tekið sér til Jóns Eyjólfssonar tilhlutan að yfirvega í það sinn. Samt og áður virðist kennidóminum að dómsprestarnir hafi ánægjanlega auglýst og bevísað að *monsieur* Jón Eyjólfsson hafi verið *actor* og viðriðinn málefnið sem áhrærði séra Jón Jónsson í Hítarnesi, og sú tilhlutan *monsieur* Jóns Eyjólfssonar megi til ákæru heimfærast.

9. Núnda *prætensio* veleðla og velburðugs herra amtmannsins mót þrátt-nefndum Krossholtsdómi eru þessi svohljóðandi velnefnds herra amtmannsins spurnsmál:

1. Kunni þér prófastur séra Páll Gunnarsson með yðar dómsprestum löglega

framþera að fyrrgreindir heiðurlegir kennimenn, prófasturinn séra Ásmundur og hans meðdómendur, séu viðriðnir þann dóm sem hann útnefndi dag 31. október 1692, að þeir séu þar fyrir ekki hvör um sig lagavitni?

2. Eða viti þið þá ykkar eftirtekt sannferðuga eður lögmæta að sjálfum herra biskupinum þyki þeir í málinu fyrr innviklaðir, svo þeir frá þeirra ærlegheitum og vitnisburði löglega kunni að útilykjast, því fyrir sannleikans auglýsing til hollustu við kónglega *majestet* veit ég ykkur hvorki lög né myndugheit til hafa, þeim nokkurt *despect* eður niðran tilleggja, beiðist þó fullkomlega fyrir réttinn framleggið þá sjálfs herra biskupsins anleiðing sem löglega um þvílíka innviklan hljóði, hvör ég vil nú fyrir réttinn framlögð sé, svo af sannsýnum dómendum metast megi hvað gilda skuli, þar sýnast megi þið í ykkar dómi þvílíkt fyrir lagaskjal *citerið*.

Uppá þennan póst veleðla og velburðugs herra amtmannsins innleggs er svar og afbötun prófastsins séra Páls og hans meðdómenda sem eftirfylgir: Kennimenn í Þórnesþingi sneiðum vér í öngvan máta uppá þeirra tilheyrilegt *respect* eður virðingu, en vitanlegt er að þeir eru við *processinn* riðnir að Görðum í Staðarsveit. Því er vor einföld meining að herra biskupinn haldi þá heldur en ekki fría vera frá dómsútnefnd á Krossholti, hvörjum vér kunnum þó ei í þann tíma lögfullan eið að dæma.

Þá svo langt var komið þessu máli sem nú er greint gjörðist sátt og forlíkun millum veleðla herra amtmannsins og áðurgreindra heiðurlegra kennimanna sem voru í Krossholtsdómi þann 22. og 23. febrúar þessa árs, að óskertri oftéðra kennimanna æru og *respekte* í allan máta, hvörs vegna vér fyrrnefndir dómsmenn förum ei lengra áfram í þessu máli að svo komnu. *Actum anno et loco ut supra* dag 10. júlí.

Þórður Þorláksson mpp
Oddur Eyjólfsson meh
Gísli Bárðarson eh
Jón Sigmundsson mpp
Gísli Álfsson meh
Björn Jónsson eh

Páll Ámundason meh
Páll Ketilsson meh
Jón Salomonsson meh
Högni Ámundason meh
Einar Bjarnason prestur meh
Séra Páll Sveinsson handsalaði
Daði Halldórsson eh

Anno 1693 11. dag júlí in *generalí synodo* Skálholtsstiftis að Þingvelli í viðurvist og nálægð eðla og veleruverðugs herra biskupsins *magisters* Björns Þorleifssonar voru þessir heiðurlegir kennimenn í dóm nefndir af eðla og veleruverðugum herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni *superintendenti* Skálholtsstiftis, séra Oddur Eyjólfsson prófastur í Rangárþingi, séra Páll Ketilsson áður prófastur í Dalasýslu, séra Jón Salomonsson prófastur í Skaftafellsþingi, séra Einar Bjarnason, séra Jón Sigmundsson, séra Högni Ámundason,

séra Gísli Bárðarson, séra Daði Halldórsson, séra Björn Jónsson, séra Gísli Álfsson, séra Jón Erlingsson og séra Bjarni Hallgrímsson.

Um það málefni sem veleðla og velburðugur herra amtmáðurinn Christian Muller hafði með einu innleggi innsettu fyrir þessa *synodum* og dóms á beðist, hvört innlegg svo er hljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Eðla veleruverðugir og hálærðir, heiðurlegir og velvísir dómendur.

Eftir því séra Jón Jónsson frá Hítarnesi er hingað fyrir *synodum generalem* dæmdur og skyldugur ályktaður að svara til sérhvörs sem ég hefi hönum uppá kónglegrar *majestets* og minnar persónu vegna löglega til að tala, þá set ég í rétt fyrir yðar veleruverðugheit og heiðurlegheit þetta eftirskrifað:

1. Hvörju séra Jón Jónsson skuli svara, eður sekur vera, þar hann í móti kónglegrar *majestets* lögum og *special ordu* skrifað hefur þýska *supplicatiu*, látið síðan bréfið í stokk, sem útsnaraðs nærri sjó fundist hafði, og (það mér vitanlegt er) hefur ekki herra biskupsins né minnar uppáskriftar óskað, hvað í mót stríðir kónglegrar *majestets* lögum og mér allranáðugast gefinni *instruction*.

2. Er bevísanlegt með þingsvitni að séra Jón hafi ósannferðuglega *daterað* greinda þýska *supplicatiu*, því set ég í rétt fyrir yðar veleruverðugheit og heiðurlegheit hvörju séra Jóni beri að svara eður sekur vera fyrir soddan ósnotra fyrirtekt, og hvort hönum beri ekki hér fyrir að straffast sem fyrir opinber ósannindi.

3. Ef það signet sem séra Jón Jónsson hefur brúkað og áþrykkt yfirslag *supplicatiunnar*, á hvörju sést uppáskrift til hennar *majestets* vorrar allranáðugustu arfadrottningar, bevisast nú ekki hans siðvanalegt signet, set ég í rétt hvort hönum beri ekki þar fyrir að straffast eftir kónglegrar *majestets* lögum sem fyrir fals.

4. Bevísi séra Jón ekki að hann hafi þeim fjórum Kolbeinstaða-, Krossholts-, Akra- og Hjörtseyjarkirkjum yfir tuttugu ár þjónað, þá hann skrifaði fyrrgreinda þýska *supplicatiu*, hefur hann þá ekki skrifað og undirréttað ósannferðuglega í þeirri *supplicatiu*? Hvað ég einninn set í rétt til yfirvegunar fyrir yðar veleruverðugheit og heiðurlegheit.

5. Að séra Jón Jónsson bevísi hér fyrir réttinum að hann hafi með það slag veikur verið sem hann skriflega framber í þeirri þýsku *supplicatiu*. Sömuleiðis fulla grein ágjöri hvörja hann þar með meini: Finnur maður hjálp, sem þeim nálægur er fyrir gunst eða gjald. Og kunni séra Jón sig ekki löglega þar um afsaka, að þetta um yfirvöldin sem af kónglegri *majestet* hingað í land náðuglegast innsett eru meint og skrifað hafi, set ég í rétt hvort honum beri ekki hér fyrir að straffast sem rógsmanni, sem og hvað sæmilegt sé ef ósannferðuglega veikleika uppá sig játað hefur.

6. Legg ég nú fram fyrir yðar veleruverðugheit og heiðurlegheit það bréf sem séra Jón Jónsson meðkennt hefur sig skrifað hafa, til yfirskoðunar og úrgreiðslu, hvort hann hafi ekki þar með gjört og brotið á móti sínu prestlegu embætti, eftir hvörju honum mundi þó borið hafa að óttast Guð og hneigja ekki til spottlegs hégóma hans furðanleg dásendarverk. Líka mun honum tilhlýtt hafa að heiðra kónginn eftir Guðs orða hljóðan og elska náungann eftir hans boðorði. Set ég nú því í rétt hvað séra Jón hafi sig á soddan hátt forséð í greindu sínu bréfi og upplesti sem álítast mun móti Guðs lögum og manna.

7. Óska ég og beiðist innihald þessa bréfs grandvarlega yfirvegið, því ég set í rétt fyrir yðar veleruverðugheit og heiðurlegheit hvort séra Jón Jónsson hafi ekki foragtað og vanvirt mitt skírnarnafn og persónu á móti síns embættis- og hollustueiði við kónglega *majestet* með þvílíku sínu skrifti, orðastílnun og upplestri, og hvort hönum beri ekki að straffast og líða þar fyrir eftir kónglegrar *majestets* lögum.

8. Hvað séra Jóni Jónssyni beri að svara og sakfellað fyrir þann oftgreindan upplestur sem hann meðkenndi á prestastefnu að Syðri Görðum í Staðarsveit að hann skrifað hafi og þar undirskrifað þau nöfn, Sigurður Helgason meh, Jón Jónsson meh. Set ég í rétt fyrir yðar veleruverðugheit og heiðurlegheit hvort það hans skrif sé ekki falsbréf og séra Jóni beri þar fyrir að straffast eftir kónglegrar *majestets* lögum sem fyrir fals.

9. Hvörju séra Jón skuli sekur fyrir þau ósönn orð sem hann talaði fyrir dómi á prestastefnu að Syðri Görðum þann 19. maí *anno* 1693 uppá mína persónu svohljóðandi: Ég sagði hann hefði gefið mig kvittan fyrir sína persónu; á hvörjum hans ósannferðugum orðum, sem sérhvörju ofan- og framanskriðuðu ég undirskrifaður uppá kónglegrar *majestets* og minnar persónu vegna gef séra Jóni Jónssyni fullkomna sök á sérhvörju saknæmu sem ég eftir fyrrskriðuðu hefi hönum til að tala, hvar uppá ég beiðist endilegs dóms eftir kónglegrar *majestets* lögum, sem vel viðstanda megið og bikenndir vera viljið fyrir kónglegrar *majestets* rétti, hvar sem framkoma kann.

Datum Öxarár alþing dag 4. júlí *anno* 1693, (undirskrifað nafn) Christian Muller.

Var nú séra Jón Jónsson hér persónulega fyrir réttinum nálægur og vændist veleruverðugur herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson sig bréflega óskað hafa af heiðurlegum kennimanni séra Helga Jónssyni sína *citatiu* séra Jóni auglýsa að nú til alþingis kæmi og þar lög stæði *in generali synodo*, hvörja *citatiu* séra Helgi í sínu skrifti til herra biskupsins vænist sig lesið hafa í votta viðurvist á heimili séra Jóns Jónssonar, Hítarnesi, þar hann ei kost á átti séra Jón í það sinn persónulega að finna, svo og játar séra Jón nú fyrir réttinum sig heyrð hafa að fregn að sögð *citatia* af séra Helga á sínu heimili upplestin verið hafi.

Framar voru upplesnar dómsályktanir gengnar að Krossholti í Kolbeinstaðahrepp þann 23. febrúar og að Syðri Görðum í Staðarsveit dag 19. og 20. maí, hvörjar að tilskylda séra Jón Jónsson til alþingis að koma og mæta fyrir *generali synodo* og þar fyrir sínu yfirvaldi svara, bæði til síns upplesturs að Syðri Görðum í Staðarsveit 12. október 1692 sem og til sérhvörs þess sem herra amtmáðurinn Christian Muller hefði honum þá uppá kónglega *majestet* og sinnar persónu vegna löglega til að tala, hvörs vegna séra Jón virðist nú fyrir þessa *synodum* ánægjanlega og löglega kallaður og dæmdur, og skyldugur hér lögum fyrir sig að svara til alls þess sem herra amtmannsins innlegg honum ákæru veitir og kennidóminum ber úr að greiða. En afsökun séra Jóns móti þeim póstum sem innfærðir eru í veleðla herra amtmannsins innleggi er þessi, eftir hans eigin fyrirsögn:

1. Að ekki vitað hefði fyrirboðið í kristinna manna lögum, það ei mætti í mestu auðmýkt hennar *majestet* vorri allranáðugustu drottningu til Danmerkur og Noregs *etc.* tilskrifa og undir hennar háloflegustu náð eiga um það efni.

2. Á móti öðrum pósti í herra amtmannsins innleggi, móti séra Jóni, er andsvar séra Jóns að sér þætti nauðsynlegt að þau þingvitni sem herra amtmáðurinn umgetur væri erlegir menn, einninn rannsakaðir hvað fróðir væri í rímmánaðanna dagatali, og ei af Magnúsi Hrómundssyni villtir verið hefði.

3. Til þriðja póstsins að ekkert signet annað sér gjört eða gjöra látið hafi síðan hann var prestur, annað en það sem stendur á bréfinu sem hennar háloflegu *majestet* er tilskrifað.

4. Til fjórða póstsins af innlegginu svarar séra Jón að hann hafi þeim fjórum kirkjum, Kolbeinstaða, Krossholts, Akra og Hjörtseyjar, svo lengi þjónað sem hann vænist í tilskrifti til hennar *majestets*, hvað hann einninn nú strax segist bevísa skuli, hvörja vitnisburði hann nú framlagði.

5. Uppá fimmta póstin andsvarar séra Jón að sér þyki mikið hann skuli skyldugur til sinn veikleika að bevísa, hvörn hann hafi þó ekki tilkynnt nema náungum sínum, samt séu hér nokkrir nálægir sem til reiðu séu að meðkenna að heyrt hafi séra Jón, áður en hann skrifaði fyrrnefnt bréf, í lærinu veikan verið hafa, hvað nú og einninn vottuðu tveir ærlegir menn, Ólafur Jónsson og Þorsteinn Hafliðason, og að yfirlesinni þeirra góðri kynningu tilbuðu sig veikindi séra Jóns (með það slag sem hann í *supplicatiunni* tiltekur) með eiði sanna. Framar voni að guðhræddir dómendur viðkannist að veraldarmenn gjöri flesta sína velgjörninga fyrir gunst eður náð og vinsemd til sumra, svo og veiti einninn aðstoð og hylli nokkrum fyrir betaling og forþénustu.

6. Uppá sjötta póst herra amtmannsins svarar séra Jón svoleiðis að hann vilji sinn eið tilbjóða, að hann hafi hvorki vilja né ásetning nokkurn tíma tilhaft, herra amtmanninn með þessu bréfi að sneiða eður óvirða, ellegar sínum

háyfirvöldum með spotti eður hégóma ósæmilega til að tala, allra síst Guðs allra heilagasta nafn eða hans furðanleg dásemdarverk vísvitandi vanbrúka eða við hégóma leggja.

7. Uppá þann sjöunda segist séra Jón eigi frekara svar kunna að þessu sinni til að gefa en í fyrirfarandi póst er innfært.

8. Uppá þann áttunda erklerar séra Jón svoleiðis að sinn þanki verið hafi nær þetta bréf skrifaði, þessi nöfn Sigurðar Helgasonar meh og Jóns Jónssonar meh undir það bréf skrifa, að téðra manna nöfn sér ei úr minni félli, og í öngvan máta í þeirri meiningu þar úti nokkrum manni fals eður svik að gjöra.

9. Uppá hinn níunda póst er séra Jóns erklering að hann hafi svo einfaldlega skilið og eftirtekið af herra amtmannsins ljúflegu viðmóti við sig, að hann mundi sig kvittan gefa fyrir sína persónu, hvar uppá til styrkingar hann vænist herra lögmannsins Magnúsar Jónssonar orðum, sem þannin hljóði: Þér munuð ekki hafa skilið það réttilega.

Var nú séra Jón Jónsson aðspurður af herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, hvort hann hefði nokkrar lögmætar varnir fram að leggja eður fyrir sig að bera, auk þeirra hér fyrir framan og ofan innfærðar eru, hvörju hann hér fyrir réttinum þrisvar neitaði. Og það viðvíkur afbötunum séra Jóns uppá þriðja póst í innleggi herra amtmannsins þykir oss séra Jón ánægjanlega erklering gjört hafa, þar nú voru samanborin innsigli fyrir umslagi þeirrar þýsku *supplicatiu* við innsigli er stóð á bréfi af séra Jóni tilskrifuðu biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, hvör innsigli nálægum prestum virtust með eins signeti áþrykkt verið hafa. Uppá þann fjórða póst innleggs herra amtmannsins framlagði séra Jón bevísingar svo sannreyndist að hann yfir tuttugu ár hefði sínum sóknum þjónað í prestlegu embætti þegar hann skrifaði þá þýsku *supplicatiu*. Í sama máta þykir oss séra Jón fullnægt hafa andsvari til þess fimmta póstsins, það vitnisburðum uppá hans veikindi viðvíkur. *Item* höldum vér ei ólíklegt að séra Jón hafi ekki af ásetningi eða vondum vilja meint að sneiða eður með orðum óvirða veleðla og velburðugan herra amtmanninn, einkum þar sig tilbýður hér fyrir með eiði að synja, þó þurfa þætti, svo sem sjötti póstur hans afsökunar ljóslega vottar, sem og í sama máta að séra Jón hafi ei af ásetningi viljað skrifa það bréf sem síðan væri honum skuld fyrirgefin sem fyrir annað falsbréf. En hvort það bréf er hann í áttunda pósti herra amtmannsins ákæru fyrirmætir sé falsbréf eður ei vonum vér að veraldlegu yfirvaldi tilheyri úr að greiða, en hvað þar fyrir utan er innfært af hans hálfu virðist oss ei lögmæt afbötun metast kunni móti herra amtmannsins tiltali.

Hvörs vegna biskuparnir með nálægum próföstum og prestum sér fyrir hendur tóku, að innfærðum séra Jóns afbötunum, innverðuglega að yfirvega velburðugs herra amtmannsins innlegg með þeim ákærum er hann þar inni séra

Jóni Jónssyni á hendur færir, og sýnist það margt framkoma í herra amtmannsins innleggi móti hvörju séra Jón öngvar lögmætar varnir framleggja kunni, nefnilega:

1. Það herra amtmaðurinn í fyrsta pósti kærir til séra Jóns, um þá þýsku *supplicatiu* er séra Jón skrifað hefur til hennar *majestets* vorrar allranáðugustu arfadrottningar, hvör innsveipuð fannst í pappír, læstan með þremur innsiglum, síðan innlögð í tréstock, og fundin nærri sjávarströndu, hvör *supplicatiu* háttur kennidóminum virðist gagnstæðilegur kónglegrar *majestets* lögum, næsta óvenjulegur og ótilheyrilegur fyrir einn kennimann að fordrista sig til, þvílíkri hátignarlegri persónu vorri allranáðugustu arfadrottningu svo ofdirfðarlega til að skrifa og bréfinu í soddan máta með ótilheyrilegri undirhyggju að bestilla, fyrir utan herra amtmannsins og herra biskupsins *consens* og uppáskrift.

2. Framar virðist kennidóminum séra Jón ósannindi framborið hafa bæði í *dateran* greindrar þýskrar *supplicatiu*, hvör eð prófast nokkrum dögum áður fundin en hún *dateruð* er, og það með þingsvitni bevísanlegt framkomið, svo sem annar póstur í herra amtmannsins innleggi umgetur. Einnin á þeirri prestastefnu að Görðum í Staðarsveit þann 19. maí *anno* 1693 hermdi séra Jón soddan orð uppá herra amtmanninn í samtali við sýslumanninn Jón Eyjólfsson, að herra amtmaðurinn sig kvittan gefið hefði fyrir sína persónu, og nær eð Jón Eyjólfsson hér um til hans talaði svaraði séra Jón: Ég sagði hann hefði gefið mig kvittan fyrir sína persónu, hvar til herra amtmaðurinn svaraði að hann hvorki kónglegrar *majestets* né sinnar persónu vegna séra Jón kvittan gefið hefði, segjandi það opinberlega lygi, og nær eð sýslumaðurinn Jón Eyjólfsson krafðist að séra Jón Jónsson bevísingar framlegði uppá þessi sín innfærð orð, svaraði hann þar til: Ég hefi öngvar bevísingar þar uppá, og þetta innfært úr sama prestanna dómi gengnum að Syðri Görðum, og níundi póstur í innleggi herra amtmannsins ánægjanlega útvísar.

3. Um þann upplestur séra Jóns Jónssonar að Syðri Görðum í Staðarsveit þann 12. október *anno* 1692 er kennidómurinn samhljóða þeim dómi prófastsins séra Árna Þorvarðssonar og hans dómspresta að Syðri Görðum í Staðarsveit þann 19. maí *anno* 1693 í þessu eftirfylgjandi, að hann hafi hér með brotið á móti sínu prestlegu embætti, eftir hvörju hönum bar Guð að óttast og hans nafn og furðuverk vísvitandi ei við hégóma leggja, einnin hlýðni að sýna af Guði tilsettu sínu yfirvaldi, og ei með forakti, trássugheitum, spotti né óvirðingu því gegna, þó það sinnar embættisskyldu og réttarins vegna eftirgrennslaðist áður greindum ósæmilegum tilverknaði séra Jóns. Í sama máta bar hönum sinn náunga ei með háði né spotti að atvika svo sem hann í sínum upplestri útþrykkllega sýnist gjört hafa, jafnvel þó nokkur yfirsjón hefði mátt uppáfalla, heldur það áfátt verið hefði var hans skylda eftir Guðs boðorði til betra vegar færa,

fyrir hvörjar áðurtéðar orðsakir og margt annað ólempi sem af þessu máli séra Jóns Jónssonar útkvíslast og hlotist hefur, yfirvöldunum og öðrum saklausum til stórs ómaks og skaða, einninn hans svo stórkostlega yfirsjón, bæði á móti Guðs lögum og kónglegrar *majestets* forordningum, oss sýnist hann ei lengur hæfur prestlegri þjónustugjörð forstöðu að veita.

Því að svo prófuðu og fyrir oss komnu, að heilags anda náð til vor kallaðri, dæmum vér oftnefndan séra Jón Jónsson frá sínu kalli og kennimannlegu embætti, nema Guð og kóngleg náð vilji meiri miskunn á gjöra, og með því þessi Jón Jónsson (áður prestur) tjáist allt þangað til þetta mál byrjaðist sér vel og skikkanlega hagað hafa í lærdómi og lifnaði, svo sem hans sóknamanna vitnisburðir útvísa, og oss framast vitanlegt er, viljum vér í allra djúpustu auðmýkt og undirgefni hann í svo aumkunarlegu tilstandi kónglegrar *majestets clements* og náð *recommenderaðan* hafa, ef hann þess framvegis með yfirbót og í guðs-ötta tilbærilega leitar.

Framanskriafaðan dóm samþykktu með oss fyrrskrifuðum dómsmönnum biskuparnir báðir *magister* Þórður Þorláksson og *magister* Björn Þorleifsson, hvörju öllu til staðfestu þeir ásamt með oss skrifa sín nöfn hér undir sama stað og ár, degi síðar en fyrr segir.

Þórður Þorláksson mpp
Oddur Eyjólfsson meh
Jón Salomonsson meh
Einar Bjarnason prestur meh
Daði Halldórsson eh
Högni Ámundason meh
Gísli Álfsson meh

Björn Þorleifsson mpp
Páll Ketilsson meh
Jón Sigmundsson eh
Gísli Bárðarson eh
Björn Jónsson eh
Bjarni Hallgrímsson eh
Jón Erlingsson meh

Undir sömu útnefnd sem næst fyrir framan skrifað er, *anno* 1693 dag 11. júlí *in generali synodo* að Þingvelli, lögðu sig ljúflega eruverðugur séra Árni Þorvarðsson prófastur í Árnesþingi og séra Jón Jónsson í Hítarnesi uppá það stefnufyrirkall er séra Árni var af séra Jóni meðstefndur til átjándra dags júlímánaðar, undir þann úrskurð er kennidómurinn þeirra í millum gjörði, hvað nefndir báðir málspartar með handsölum staðfestu við eðla og veleruverðugan herra biskupinn *magister* Þórð Þorláksson, lofandi síðar meir aldrei þar uppá að *prætendera*, þó tíminn kortaður væri á því er í stefnunni umgetur. Athuguðum vér í fyrstu stefnufyrirkall séra Jóns, þar hann meðstefndi séra Árna þann fyrsta júlí þessa árs til Þingvallar þann 18. júlí næstkomandi, og finnum vér í þessum stefnufresti þrettán særa daga, auk þess dags á hvörjum stefnan var lesin og þess á hvörjum þeirra mál skyldi útkljást með endilegum dómi, og sá dagur tíundi eftir Seljumannamessu á hvörjum tíma lögbók vor bannar stefnu-

lestur, þingfararballkur 9. cap., fyrir hvörjar orðsakar biskupinum ásamt nálægum próföstum og prestum virðist téð stefna ei á lagafótum standi, og þess vegna ónýt að svo stöddu. Hvörjum úrskurði til styrkingar biskuparnir báðir ásamt prófastar og prestar nú nálægir sín nöfn hér undirskrifa, sama stað og ár, degi síðar en fyrr segir.

Þórður Þorláksson mpp
Oddur Eyjólfsson meh
Jón Salomonsson meh
Björn Jónsson eh
Bjarni Hallgrímsson meh
Jón Erlingsson meh
Einar Bjarnason meh

Björn Þorleifsson mpp
Páll Ketilsson meh
Jón Sigmundsson eh
Gísli Bárðarson eh
Högni Ámundason meh
Gísli Álfsson meh
Daði Halldórsson eh

Anno 1693 in synodo generali að Þingvelli, þessir heiðurlegir kennimenn í dóm nefndir af herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni, séra Oddur Eyjólfsson eldri prófastur í Rangárþingi, séra Páll Ámundason prófastur í Múlaþingi,¹ séra Jón Salomonsson prófastur í Skaftafellssþingi, séra Páll Ketilsson áður prófastur í Dalasýslu, séra Einar Bjarnason, séra Jón Sigmundsson, séra Högni Ámundason, séra Gísli Bárðarson, séra Gísli Álfsson, séra Jón Erlingsson, séra Daði Halldórsson og séra Björn Jónsson,² um það stefnumál sem séra Jón Jónsson að Hítarnesi hafði kært til prófastsins séra Ásmundar Eyjólfssonar, hvörrar stefnu helsta inntak er þetta, að Björn Jónsson í umboði nefnds séra Jóns Jónssonar stefnir prófastinum séra Ásmundi Eyjólfssyni til almennilegrar prestastefnu 1. dag júlí þessa árs 1693 fyrir veleruverðugan herra biskupinn *magister* Þórð Þorláksson með það skrif er nefndur séra Ásmundur stílað hafi og með sinni eigin hendi undirskrifað á prestastefnu að Syðri Görðum í Staðarsveit *anno* 1692 12. dag október.

Sömuleiðis stefnir Björn Jónsson prófastinum séra Ásmundi með þann dóm er hann ganga lét þann 31. dag október á fyrrgreindum stað og ári, áhrærandi prestinn séra Jón Jónsson. Á greindan stað og dag stefnir Björn Jónsson prófastinum í eigin persónu með allt sitt forsvar sem hann kunni til stoðar og styrkingar hafa sínu skrifi og hértjáðum dómi, fyrir veleruverðugan herra biskupinn og undir þann dóm sem hann, ásamt kennidóminum, endilega ályktandi og yfirsegjandi verður yfir fyrrgreindu skrifi og oftnefndum dómi.

Ofanskrifaða stefnu að vera upplesna fyrir sér þann 17. dag nóvember *anno* 1692 meðkennist prófasturinn séra Ásmundur.

1 séra Páll Ámundason prófastur í Múlaþingi: á spássú

2 séra Björn Jónsson: í beinu framhaldi er strikað yfir og séra Jón Eyjólfsson eldri

Þessu næst framlagði séra Jón Jónsson það umboðsbréf, í hvörju hann sitt fullkomlegt umboð gefur Birni Jónssyni að stefna sinna vegna prófastinum séra Ásmundi Eyjólffssyni með hans skrif og dóm, nefndan séra Jón áhrærandi, til þessa Öxarárþings fyrir veleruverðugan herra biskupinn *magister Þórð Þorláksson*. *Datum* umboðsins að Hítarnesi í Kolbeinstaðahrepp *anno* 1692 14. dag nóvember. Þar er undirskrifað nafn, Jón Jónsson með eigin hendi.

Umboðsgjöfina með handsölum staðfesta að vera votta þessir menn Bjarni Magnússon, Guðmundur Bessason, hvörjir hér voru nú persónulega nálægir, og auglýstu sína fróma kynning með margra erlegra manna vitnisburðum, og í sama máta meðkenndu þetta framanskrifað umboð satt vera.

Uppá ofanskrifaða stefnu andsvarar prófasturinn séra Ásmundur með sínu skriflegu innleggi, hvörs innlegg er svolátandi, að nefndur prófastur séra Ásmundur finnur það að stefnufyrirkalli Björns Jónssonar að hann hafi sér öngva sök gefið uppá sinn dóm genginn að Syðri Görðum í Staðarsveit næstliðið ár 31. október, ekki heldur sig ákært í sagðri stefnu, svo sér hafi til gátu komið í hvörju helst hann gæfi sér sök, hvar fyrir hann hafi ekki kunnað sitt lagaforsvar til búa, mót hans óauglýstri ákaeru, með öðru fleira líkar meiningar sem það innlegg sér líkast hermir *daterað* Þingvöllum 1693 1. júlí með undirskriftuðu nafni, Ásmundur prestur Eyjólffsson meh.

Uppá þetta framanskrifað er kennidómsins meining og skilningur, að þar sem prófasturinn séra Ásmundur Eyjólffsson er af séra Jóni Jónssyni stefndur til forsvars sínum dómi, að hann sé skyldugur það fram að leggja nú á þessari prestastefnu í *synodo generali*, og sé þess vegna fyrir dómi löglega fyrirkallaður, einkum með því hann býður sig til téðan dóm genginn að Syðri Görðum 31. október fyrirfarandi árs að forsvara. En hvað skrifinu viðvíkur sem séra Jón Jónsson í sinni stefnu umgetur og séra Ásmundi fyrir stefnt hefur, kom nú fram að væri það sama skrif sem séra Ásmundur Eyjólffsson gjört hafði og samantekið og undirskrifað með fimm prestum, séra Jóni Jónssyni, séra Gísla Jónssyni, séra Arngrími Péturssyni, séra Jóni Sigurðssyni, séra Einari Gíslasyni, *daterað* 12. október 1692, hvörs innihald er svo sem eftirfylgir:

Að heiðurlegir kennimenn hafi verið samankomnir að Syðri Görðum í Staðarsveit, eftir bréflegrí boðan héraðsprófastsins, séra Ásmundar Eyjólffssonar, um það málefni sem veleðla og velburðugur herra amtmáðurinn Christian Muller hafi með stefnufyrirkalli tiltalað séra Jóni að Hítarnesi, til andsvara við sig eður sinn fullmegtugan sem nefnd stefna útvísi, einnin að á téðum stað og degi upplesin verið hafi herra amtmannsins fullmagt útgefin sýslumanninum Jóni Eyjólffssyni, svohljóðandi, að hann gefi hönum fullmagt í greindu málefni eftir hans stefnu hljóðan *inquisition* og fyrirsvör hafa, og í sérhvorn máta forsvaranlega *procedera*, eftirganga og umgjöra svo sem hann persónulega til staðar

væri, hvör fullmagt þeir segja sér virðist fullkomin að lögum, en annar stefnuvotturinn hafi ekki verið til andsvara og virðist þeim þess vegna málinu ekki í það sinn gegnt verða.

Framlagði nú séra Jón Jónsson í Hítarnesi eftirfylgjandi *prætensiones* uppá skrif séra Ásmundar Eyjólfsssonar skrifað og undirskrifað 12. október *anno* 1692 að Syðri Görðum í Staðarsveit, hvørs meining er að hann óskar dóms og álita, hvort oftnefndur séra Ásmundur sé jafngóður sannindamaður eftir sem áður þar hann skriflega framborið hafi 12. október *anno* 1692 að herra amtmaðurinn hefði sér með stefnufyrirkalli titalað, hvörn hann hafi þó aldrei séð til þessa dags *etc.*

Item að séra Ásmundur frambæri í sínu skrifi að sýslumaðurinn Jón Eyjólfsson hafi stefnt sér (séra Jóni Jónssyni) á almennilega prestastefnu, hvörja stefnu hann hafi ennþá ekki heyrð.

3. Vitni séra Ásmundur að nefndur sýslumaður hafi stefnt sér að nýju til Syðri Garða í Staðarsveit, hvört hann þó aldrei af nokkrum áður stefndur verið hafi.

Hér uppá svarar og sig afsakar séra Ásmundur Eyjólfsson á þennan hátt sem eftirfylgir: Að hann framleggur fyrir réttinn riktuga *copiu* að oss virðist af þeirri stefnu, hvörja veleðla og velburðugur herra amtmaðurinn Christian Muller hefur befalað löglega að auglýsa kónglegrar *majestets* sýslumanni í Hnappadalssýslu Magnúsi Hrómundssyni fyrir prestinum séra Jóni Jónssyni á Hítarnesi, *dateruð* á Bessastöðum 12. ágúst *anno* 1692. Undir þá *copiu* sem nú framkom hafa skrifað og votta að riktug væri eftir *originalnum*, Laurits Hansson Skiefig, Ólafur Pétursson eh.

2. Framkom sendibréf herra amtmannsins til prófastsins séra Ásmundar Eyjólfsssonar, undirskrifað með eigin hendi og hans velburðugheita áþrykktu signeti, í hvörju hann befalar nefndum prófastinum séra Ásmundi Eyjólfsyni prestastefnu að tilsetja á þann 12. október innverandi árs eftir sinnar stefnu hljóðan, og sér strax skriflega til vitundar gefa staðinn hvar tilnefnd prestastefna skuli haldast, svo séra Jón fái það af sýslumanninum Magnúsi Hrómundssyni að vita sem stefnuna auglýsa eigi.

Framar kom nú fram prófastsins séra Ásmundar Eyjólfsssonar opið bréf í hvörju hann til vitundar gefur hvar áðurnefnd prestastefna haldast skuli, einkum að Syðri Görðum í Staðarsveit að forfallalaus, útgefið að Breiðabólstað á Skógaströnd dag 20. ágúst 1692, hvört bréf tveir menn, Sigurður Helgason og Jón Jónsson, bera að orðrétt hafi verið lesið af sýslumanninum Magnúsi Hrómundssyni prestinum séra Jóni Jónssyni áheyrandi þann 16. september *anno* 1692 að Hítarnesi.

3. Framkom meðkenning sömu manna, Sigurðar Helgasonar og Jóns Jónssonar, hljóðandi um stefnuför sýslumannsins Magnúsar Hrómundssonar til

Hítarness og viðtal hans við prestinn séra Jón Jónsson þar sama staðar þann 16. september, í hvörri meðkenning þeir meðal annars auglýsa að Magnús Hrómundsson hafi stefnuna lesið fyrir utan kirkjudyr, og að séra Jón auglýst hafi nokkru síðar sig stefnuna heyrt hafa. Þetta *daterað* Kaldárbakka í Kolbein-staðahrepp sama ár og dag sem fyrr getur.

Nú eftir því séra Ásmundur Eyjólfsson vegna aldurdóms og kvilla þóttist ekki tilfær hér á alþingi lengur í þetta sinn að dvelja, gaf hann með *consensu* yfirvaldsins sitt umboð heiðurlegum og velskikkuðum ungum karli Árna Jónssyni, hvört hér kom nú fram *in generali synodo*, *daterað* við Öxará þann 9. júlí *anno* 1693 með undirskriftuðum nöfnum, Magnús Björnsson, Ásmundur prestur Eyjólfsson meh, Gunnlaugur Jónsson meh, þeirrar meiningar sem eftirfylgir: Að prófasturinn séra Ásmundur Eyjólfsson gefur erlegum manni Árna Jónssyni fullmagt að framleggja *in synodo generali* þann dóm sem velnefndur séra Ásmundur hafi ganga látið að Syðri Görðum í Staðarsveit þann 31. október *anno* 1692 og í sama máta að svara til þess dóms inntaks, og hann í allan máta forsvara, hvört umboð áðurnefnds Árna Jónssonar kennidóminum virðist gilt og myndugt og hann í öngvu fyrir það sama á sínum *privilegiis* hindraður, með því það sýnist ekki *ordinantiunni* á móti, hvar helst tiltekur um presta sem sér eigi ekki að skipta af stefnum eða *procuracion* veraldlegra mála. Hér að auki er séra Jón Jónsson ánægður að Árni Jónsson taki að sér forsvar séra Ásmundar í greindu efni.

Er þar fyrir uppá þessar ofanskrifaðar afbatanir prófastsins séra Ásmundar Eyjólfssonar á móti ákæru séra Jóns Jónssonar andsvar og álit veleruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og nálægs kennidóms, að þeim virðist innlegg og ákæra séra Jóns Jónssonar meir standa uppá forhaling og undandrátt í málinu heldur en að þar sé nokkur sýnileg eða greinileg rök sem auglýsi að hann hafi ekki verið með stefnu fyrirkallaður til Syðri Garða í Staðarsveit 12. október *anno* 1692, og ekki þykist velnefndur herra biskupinn né kennidómurinn kunna að sjá að séra Ásmundur Eyjólfsson sé fyrir þann *process* (svo langt sem hann náir) í nokkurn máta minni maður.

Önnur *prætensio* séra Jóns á móti fyrrnefndu skrifti séra Ásmundar er innifalin í þessu. Hvort séra Ásmundur hafi þar úti réttilega leitað Guðs dýrðar, helgunar hans nafns og hvíldardagsins, að hann tilsagði sínum héraðsprestum að koma til Syðri Garða í Staðarsveit þann 31. október á umliðnu ári, sem var mánudagur mitt á millum tveggja helgra daga, um hvörja báða helga daga hann segir þeirra embættisgjörð forsómast hafa í kirknanna söfnuði. Hér uppá andsvarast af hálfu séra Ásmundar að hann muni hafa stutt sína meining við Christiani 5ti Norske lov *lib. 1, cap. 3, art. 4*.

Hér uppá er andsvar og álit herra biskupsins og kennidómsins að þó sú

stefna með hvörri sýslumaðurinn Jón Eyjólffsson hafði stefnt séra Jóni Jónssyni herra amtmannsins vegna sé ekki á móti íslenskum lögum, samt hafi prófastinum séra Ásmundi borið að færa tímann fram yfir allraheilagramessu og skilvíslega bæði séra Jón Jónsson á Hítarnesi og héraðsprestana láta vita þann dag sem tilsetti, og alvarlega þeim tilhalda uppá þann sama að *comparera*. Ástæða kennidómsins er þessi af *recess* Christiani 4ti lib. 1, cap. 1, art. 27, hvar inni til sagt er að prófastamótið í Sellandi sem innfélli á Dionysii dag ef hann ber uppá laugardag, þá skuli það uppsetjast til næsta mánudags. Þar fyrir virðist kennidóminum séra Jón Jónsson afsakaður þó að á þann dag kæmi ekki, nefnilega 31. október, vegna á næsta degi eftirfylgjandi allraheilagramessu.

En uppá dóminn sem gjörður var að Syðri Görðum í Staðarsveit 31. október af séra Ásmundi koma nú fram af hálfu séra Jóns Jónssonar eftirfylgjandi ákæru:

1. Að hann hafi gjört nýtt og löglegt stefnufyrirkall, Jóns Eyjólffssonar sýslumanns, þar hann hafi hönum þó stefnt burt úr sinni sveit til fjórðu sveitar, hvað kennidóminum virðist ei lögum á móti, að prófastur setji þar prestastefnu sem hönum sýnist hentugast vera í héraðinu.

2. En hvað viðvíkur stefnudeginum milli tveggja helgra daga er áður tilsvarað.

3. Að prófasturinn séra Ásmundur hafi ekkert innfært úr sínu innleggi í sinn dóm.

Og 4. að hann snerti að öngvu í sínum dómi það efni sem sýslumaðurinn Jón Eyjólffsson hafi honum fyrir stefnt til andsvara, heldur leggi sitt álit á það bréf sem Jón Eyjólffsson vænist fyrir dómi að séra Jón upplesið hafi á presta-stefnunni að hönum óaðvöruðum.

Uppá hvörja pósta af séra Jóns ákæru að séra Ásmundar fullmegtugur velnefndur Árni Jónsson svarar: Til hins fyrra, að þess sama bréfs hafi séra Ásmundur minnst í sínum dómi, og nú fyrir réttinum ásamt dóminum auglýsist hvört bréf hafi og dómsvirt verið, sem hann sér líkast hermir. En uppá hinn fjórða póst svarar Árni Jónsson að prófasturinn séra Ásmundur muni virðast afsakaður þó hann ei hafi frekar snert (en gjört hefur) það efni sem séra Jón var fyrir stefndur, af Jóni Eyjólffssyni, þar hann var einasta til andsvara stefndur, en hann kunni ei hann að að spyrja fráverandi. En til þess að séra Jón segir hann leggi sitt álit á það bréf sem Jón Eyjólffsson vænist að séra Jón upplesið hafi *etc.* er andsvar Árna að hann eftirlætur dómendum að rannsaka hvort hann nokkurt ólöglegt álit þar úti gjört hafi, en hann voni séra Ásmundi vorkennist þó hann það í rétt sett af Jóni Eyjólffssyni í dóminn uppteiknaðist og til æðra yfirvalds vikið hafi.

Hér uppá er andsvar *generalis synodi* að séra Ásmundi hafi fullkomlega

borið að innfæra meiningu af afbötunum séra Jóns Jónssonar. En það viðvíkur spurnsmálum sem í stefnu Jóns Eyjólfsssonar eru innfærð sýnist prófasturinn séra Ásmundur afsakaður þó ei framar snert hafi. Hvað áhrærir ákæru séra Jóns, að séra Ásmundur leggi sitt álit á það bréf sem Jón Eyjólfsson vænist fyrir dómi að séra Jón uppleið hafi, virðist kennidóminum að séra Ásmundur hafi sér nokkuð meira fyrirtekið en hönum tilheyrði.

5. Áfrýjar séra Jón að séra Ásmundur ásamt öðrum vottað hafi að hann (séra Jón) hafi það bréf uppleið að Syðri Görðum í Staðarsveit 12. október, sem hvorki hann eður aðrir hafi meiri sannindi ágjört. Þar til svarar Árni að séra Ásmundur við búist á því, á sínum tíma, grein að gjöra, og viti sig ei skyldugan að sinni þar til svara, þar hann muni ei virðast fyrir það málefni hingað stefndur. Virðist kennidóminum að séra Ásmundur hafi ei skyldur verið að svara hér til þeirra vitnisburða, eftir stefnu séra Jóns, þar hann sýnist einasta fyrir dóminn stefndur.

6. Að síðustu aðfinnur séra Jón að séra Ásmundur dæmi sig lögskyldugan til alþingis, þar sér þó í héraði sé engin sök gefin. Hér uppá er afsökun velnefnds Árna Jónssonar, vegna séra Ásmundar, að hann eftirláti dómendum að *considerera* hvort móti lögum sé gjört, en hann styrki sig við þessa laganna grein, þingfararþátt 8. cap., að það héraðsmenn fá ei yfirtekið *etc.* Þar uppá andsvarar *synodus* að svo virðist það séra Ásmundi borið hafi próf og rannsak málsins í héraði að taka fyrir en til alþingis kæmi.

Er því fullkomin ályktun herra biskupsins og kennidómsins uppá sérhvað ofanskrifað, séra Ásmund Eyjólfsson áhrærandi í þessu efni, að prófasturinn séra Ásmundur og hans meðdómendur hafi sig forsed í oftnefndum *process* og beri þar fyrir að *mulcterast* til fátækra prestaekkna í Þórnesþingi (nefnilega ekkju séra Jóns sáluga Ormssonar og séra Sigurðar Helgasonar) um fjórar merkur (sem er eitt hundrað sjötíu og tvær álnir uppá landsvísu) í þann máta að dómsprestarnir skuli betala hálfpartinn og prófasturinn séra Ásmundur annan helminginn, öðrum til eftirdæmis að vanda betur þá *processa* sem gilda skulu í sérhvörjum málum sem þeir eiga um að dæma. *Actum Þingvelli in generali synodo anno 1693* og undirskrifað dag 12. júlí.

Þórður Þorláksson mpp
Oddur Eyjólfsson meh
Jón Salomonsson meh
Björn Jónsson eh
Jón Sigmundsson mpp
Daði Halldórsson eh

Páll Ketilsson meh
Gísli Bárðarson eh
Högni Ámundason meh
Einar Bjarnason meh
Gísli Álfsson meh
Jón Erlingsson meh

In nomine Domini!

Anno 1693 dag 6. júlí að Þingvelli voru þessir heiðurlegir kennimenn, prófasturinn séra Árni Þorvarðsson, séra Jón Torfason, séra Oddur Jónsson, séra Frans Ibsson, séra Arngrímur Pétursson, séra Jón Erlingsson og séra Gunnar Pálsson, tilnefndir af eðla og veleruverðugum *superintendenti* Skálholtsstiftis *magister* Þórði Þorlákssyni til að yfirskoða og rannsaka þá *casus* sem hingað til *synodum* eru í þetta sinn settir, kennidóminum til dóms, álita og atkvæða, og það sama undir biskupsins sjálfs og *synodi* yfirskoðun og úrskurð nú á þessu yfirstandandi Öxarárþingi, svo sem sú velnefnds herra biskupsins tilnefnd sér líkast hermir af *dato* Þingvelli dag 5. júlí anno 1693.

1. Í fyrstu var upplesið kónglegrar *majestets* allranáðugasta skrif, heiðurlegum kennimanni séra Hannesi Halldórssyni meðdeilt, að mega *succedera* í sóknarprests embætti sínum elskulegum föður prófastinum séra Halldóri Jónssyni til Reykholtskirkju, *datum* bréfsins Kaupenhafn þann 5. september anno 1692.

2. Var hér framlagt prestastefnuálit eruverðugs prófastsins í Ísafjarðarsýslu séra Sigurðar Jónssonar og hans fjöggra héraðspresta *daterað* Eyri í Skutulsfirði anno 1692 dag 8. september, hvar inni velnefndur prófasturinn ásamt prestunum setur til aðkvæða veleruverðugs herra biskupsins og *synodi generalis* þetta eftirskrifað:

1. Hvort sérhvör héraðsprestanna sé sjálfráður að koma og koma ekki til úrgreiðslu þeirra mála sem nauðsynlega kunna fyrir að koma í héraðinu nær löglega *citeraðir* eru, hvað prófastsins þar til kölluðum prestum sýnist ei svo mega tilganga eftir áður þar um gengnum ályktunum í viðlíku efni. Er andsvar og álit nú tilnefndra kennimanna að prestar í sérhvörju héraði skyldugir séu síns héraðsprófasts tilbærilegri *citatiu* að hlýða, hvar helst hann þá í hentugan stað og tíma í héraðinu samankallar nauðsynlegra aðgjörða vegna. En þar sem héraðsprestarnir forfallast, þá láti þeir sinn héraðsprófast þau lagaforföll bevísanlega uppteiknuð fá fyrir prestasamfundinn, það fyrsta þeir viðkomið geta, að *citatiunni* meðtekinni og forföllunum uppákomnum.

Í annan máta kemur fram í nefndu prestaáliti um hjónabandsmálefni Gunnars Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, hvör Guðrún Jónsdóttir tjáist augljós orðin að hórdómsbroti með Bjarna Jónssyni framhjá sínum ektamanni Gunnari Jónssyni og það fullkomlega meðkennt á báðar síður, hvört málefni velnefndur prófasturinn séra Sigurður Jónsson hefur með þessum sínum fjórum héraðsprestum *tracterað*, og vænist andsvara Gunnars Jónssonar eftir aðspurn valdsmannsins Páls Torfasonar, að nefndur Gunnar hafi öngva girnd framvegis saman við greinda Guðrúnu að vera, vegna sinnar veiki og vanmáttar sem öll-

um sé augljóst, heldur sé hans fullkomlegur vilji að þau með dómi aðskilin séu. *Item* vænast prestarnir að nefndur Gunnar í öðru útgefnu bréfi fái og afhendi allt þetta mál í Guðs hendur, eruverðugs prófastsins og hans samankallaðra kennimanna, en segi aldeilis laust við hjónabandsgjörning við Guðrúnu Jónsdóttur, að óforkrenktum öllum sínum rétti, biðjandi að hjónabandsskilnaðardómur millum sín og Guðrúnar gjörður og ályktaður sér skilvíslega sendur verði að prófuðu þessu máli. Segja nefndir héraðsprestar sína fullkomna meining að hjónaband nefndra persóna Gunnars Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur sé sundurlaust og þau héðan af aðskilin, setja þó þetta sitt álit og einfalda meining fyrir þessa *synodum generalem*.

Er andsvar og álit nú tilnefndra kennimanna hér uppá að oss virðist í þvílíkum málaferlum eigi með sex presta dómi inn fyrir *synodum generalem* að setjast það viðvíkur endilegum hjónaaðskilnaði, einninn að lögleg vitni framkomi, hvör að votta þeirrar persónu andsvör sem forfölluð er á prestasamfundinn að koma, hvað vér ei sjáum í nefnt prestastefnuáliti innfært vera. Þess vegna álitum vér nauðsynlegt að velnefndur prófasturinn séra Sigurður Jónsson með fullkomnum og löglegum sex presta dómi heima í héraði gengnum setji áðurnefnt hjónabandsmál Gunnars Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur undir endilegan dóm og úrskurð hærri yfirvalda.

3. Framkemur í nefndu prestastefnuáliti um málefni Guðmundar Jónssonar á Ingjaldssandi, hvör eð dæmdur tjáist eiðfallinn í héraði og á alpingi til fjöggra marka sekta fyrir grunsemdaráburð hans sóknarprests séra Bjarna Brynjólfssonar um sinn veikleika, hvörs vegna greindur Guðmundur tjáist að vera fyrir utan kirkjunnar fríheit og heilagt *sacramentum*, hvörs héraðsprestarnir þykjast ei vita hann enn nú tilbærilega leitað hafa af sínum sóknarpresti síðan málið tilfjell. Sýnist nú héraðsprestunum að nefndur Guðmundur skyldugur sé síns sóknarprests fyrst leita, þó hann hafi þetta tiltal af hönum hlotið, með því hann hafi sig ekki ærlega þar af hreinsað, setjandi þó þá sína meining fyrir *synodum generalem*.

Er andsvar og álit tilnefndra kennimanna hér uppá að þeim virðist héraðsprefastinum viðkoma í soddan tilfellum að *dispensera*, einkum þar sóknarpresturinn tjáist þessa Guðmundar sakaráberi verið hafa, og að nefndur Guðmundur með kristilegri forlíkun fái hjá sínum sóknarpresti séra Bjarna Brynjólfssyni fríheitaseðil til opinberrar aflausnar, svo sú misklið sem þeirra í milli fallið hefur mætti fyrst úttalast, og leiti síðan héraðsprófastsins atkvæða, og sýnist hönum þá ei það neitt í vegi vera sem nefndan Guðmund frá kristilegra fríheita meðtekning hindra megi, að hann þá af prófastinum sjálfum til opinberrar aflausnar meðtekinn sé með því formi sem prófastinum þykir tilhlýðilegast fyrir Guði og góðri samvitsku eftir því sem málefni er háttað.

3. Framlagði eruverðugur prófasturinn séra Páll Ketilsson þann dóm sem hann hafði ganga látið að Dagverðarnesi á Skarðsströnd 31. dag ágúst næstumlíðins árs um hjónabandsmál Páls Jónssonar og Hallfríðar Jónsdóttur, hvörju svo tjáist varið að nefndur Páll Jónsson hafði brotlegur orðið í hórdómi með ógiftri kvenpersónu Sigríði Guðmundsdóttur og það brot augljóst orðið með opinberri barneign og beggja þeirra ljúflegri viðgöngu. Framkemur nú skilvíslega í nefndum dómi að Hallfríður Jónsdóttir hafi afneitað Páli Jónssyni hjónabandssamvist framvegis, jafnvel þó téður Páll hafi hana beðið og boðið að taka sig aftur til hjónabandssambúðar, einninn að nefnd Hallfríður hafi hönum ei orðsök gefið til þessa hórdómsbrots, hvörs vegna að þessu máli *tracterudu* og yfirskoðuðu virðist velnefndum prófastinum og hans héraðsprestum áðurskrifaðar persónur Páll Jónsson og Hallfríður Jónsdóttir haldist héðan af, séu og reiknist lausar, liðugar og ógiftar persónur, og haldi sig héðan af frá hjónabandssambúð innbyrðis, setjandi þó það sitt dómsálit fyrir þessa *synodum* til staðfestingar svo sem nefndur héraðsdómur framar útvísar.

Er andsvar og álit nú tilnefndra kennimanna hér uppá, að téður héraðsdómur metist og haldist fullmyndugur og löglegur í öllum sínum greinum og *articulis*, svo að áðurnefnt hjónaband millum Páls Jónssonar og Hallfríðar Jónsdóttur sé öldungis sundurlaust upp héðan og þessar persónur hvor um sig sér framvegis hegði eftir því sem hjónabands *articularnir* þeim tilhaldi.

4. Kom fram skrifleg umkvörtun heiðurlegs kennimanns séra Guðmundar Ketilssonar til eðla og veleruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvar inni nefndur kennimann (sem sannferðuglega tjáist örvasa og háaldraður) umkvartar að hann þykist mjög hart úti verða hjá nokkrum þeim heiðurlegum kennimönnum, af hvörra prestaköllum herra biskupinn hafi sér sína lífsnæring og uppheldi *deputerað*. Hér tilnefnir presturinn séra Guðmundur í sínu skrifti þessa kennimenn, séra Árna Sigurðsson á Skorastað, séra Egil Guðmundsson á Stafafelli í Lóni, séra Ólaf Stefánsson í Vallanesi og séra Halldór Eiríksson í Eyðölum, en sér í lagi er að merkja á nefndu prestsins skrifti að séra Ólafur Stefánsson meini sér ei bera muni hönum tillag að greiða, þar hann í sínu kalli kapelán forsorgi. Er þess vegna auðmjúk bön og beiðni nefnds séra Guðmundar Ketilssonar til herra biskupsins guðhræðslu að hann vilji nýja skikkun gjöra *in generali synodo* á alþingi, svo prestarnir sem hann í skrifinu tilnefnir megi sig vita með allri hlýðni þar eftir að rétta, svo sem sama skrif framar útvísar. *Datum* Hallfríðarstöðum í Tungu *anno* 1693 þann 6. júní.

Er andsvar og álit hér uppá nú tilnefndra kennimanna að eruverðir prófastar í Skaftafells- og Múlaþingi alvarlega tilhaldi þeim prestum, af hvörra veitingastöðum þeim vanfæra presti séra Guðmundi Ketilssyni er sett uppheldi *deputerað*, þær skyldur við hann með góðum greiðslum og mótmælalaust í té

að láta, bæði þar sem allareidu greiðast hafa átt sem hinar er tilstanda, svo sá fátæki og ellimóði kennimann þurfi ei frammar með réttu þar yfir að klaga. En það viðvíkur séra Ólafi Stefánssyni að Vallanesi, þó sig með því afsaka vilji að kapelán í kallinu forsorgi og meini sig þess vegna frá fátæks prests tillagi fríast mega, kunnum vér ekki að sjá nefndum séra Ólafi það til afsökunar vera mega, einkum þar hann sitt kall tekið hefur með þeirri *conditione* að kapeláninn var áður í kallið innkominn, því ótilhlýðilegt má sýnast að einn heiðurlegur kennimaður sem í sínu embætti vel og trúlega þjónað hefur, og síðan í sínum aldurdómi uppgefinn og örfátækur er, skuli þurfa að þarfnast nauðsynlegs lífsuppheldis vegna ónáungalegs afdráttar þeirra sem Guð hefur blessað með stærri meðölum.

5. Komu hér fram fyrir *synodum* umkvartanir heiðurlegra kennimanna í Sunnlendingafjórðungi, séra Sigurðar Guðmundssonar, séra Jóns Diðrikssonar og séra Hallkels Stefánssonar, hvörjir allir fyrir eðla og veleruverðugum herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni skriflega umkvarta um sitt uppheldisleysi og efnabrest til daglegrar nauðpurftar og óska þess vegna alúðlega með undirgefni að sér nauðsynja vegna nokkuð tilleggjast mætti af þeim *taxeruðu beneficiis* í þessum fjórðungi.

Er andsvar og álit nú tilnefndra kennimanna hér uppá að oss virðist full nauðsyn tildraga að téðum fátækum kennimönnum af guðrækilegri yfirvaldsins liðsemd í ölmusunafni nokkuð tilleggjast mætti. Var nú eftir tillátssemi vors veleruverðuga herra biskups *magisters* Þórðar Þorlákssonar svo *deputerað* og niðursett að áðurnefndir þrír kennimenn skyldu nú á þessu yfirstandandi ári njótandi verða þess venjulega prestaútgjalds af *taxeruðum beneficiis* þessa fjórðungs, Hruna einum undanteknum, hvör staður með sínum tilliggjandi jörðum af uppáföllnum skaða nú um sinn ei er til þess útgjalds skikkaður. Var nú svo ákveðið að séra Sigurður Guðmundsson skyldi uppbera af Holti undir Eyjafjöllum 80 álnir, af Odda 100 álnir, af Breiðabólstað 60 álnir, svo hann uppberi í sinn *qvot* gild 2 hundruð. Séra Jóni Diðrikssyni tileinkast af Breiðabólstað 1 hundrað og þar að auki af Melum í Melasveit 40 álnir. Séra Hallkeli Stefánssyni tilskikkast af Gaulverjabæ 60 álnir, af Görðum á Álftanesi 60 álnir, af Reykholti 60 álnir, svo hans tillag verði 1½ hundrað. Er heiðurlegum kennimönnum sem þessa ölmusu greiða eiga allvel tiltreyst að þeir þetta góðverk í þeim fémunum afhenda láti sem þeim þurfandi fátæku prestum mætti hagsamir vera til uppheldismeðala eftir sérhvörs nauðpurft veikefnuðum hag.

6. Innlagði erlegur heiðursmann Bjarni Sigurðsson fyrir eðla og veleruverðugan herra biskupinn *magister* Þórð Þorláksson og þessa *synodum* opið bréf, í hvörju hann leitar góðra ráða hvörmin tilhaga skuli um þau kirkjukúgildi tuttugu að tölu sem fylgt hafa kirkjunni að Skarði á Landi, uppá hvörja jörð stór

skaði fallinn sé á þessum vetri af sandi og grjóti, og einkanlega á Yrjur og Ósgröf, kirkjunnar jarðir, hvörjar aldeilis affallnar séu, utan hvað Bjarni sjálfur hafi með stórum fékostnaði af túnunum á Yrjum hreinsa látið, einninn sé Skógarkot af heimalandinu fallið, með hvörju verið hafi 3 kúgildi, þar með allt kringumliggjandi land spjallað af sandi og grjóti, svo öll jörðin byggist nú ekki með tuttugu kúgildum, þar þó bóndahlutinn hafi hingað til haldinn verið tíutíu hundruð. Beiðist Bjarni því að mega leysa fjórtán af nefndum kúgildum, en setja kirkjunni aftur sjö hundruð í jörðunni Eskholti í sjálfrar Skarðskirkju sókn, hvör jarðarpartur rífbyggður sé með fjörutigi álna landskyld, og láta Skarðskirkjuprest árlega uppbera hálfar leigur af þeim sex kúgildum sem þá eftir eru. Landskuld af þessum Eskholts parti 40 álnir, og þar til tuttugu álnir af landskuldargjöldum fríðum, svo presturinn árlega uppberi 1 hundruð, hálfpart í smjöri, hálfpart í fríðum peningum, svo lengi sem jörðin skaðast ei framar en nú er. *Datum* bréfsins við Öxará dag 5. júlí anno 1693.¹

Er andsvar og álit tilnefndra kennimanna hér uppá, að oss virðist full vorkunn og nauðsyn á vera að velnefndum Bjarna Sigurðssyni megi í té látast með æðri yfirvalda samþykki kirkjukúgildin að leysa, svo sem hann ákveður, einkum þar hann setur aftur fastaeign kirkjunni til andvirðis, og vilji Bjarni þessu efni framhalda þá skyldast hann þetta kaup með vottum bréflega að staðfesta með vitund og *inspectione* háyfirvaldanna, að því tilteknu að sóknarpresturinn sem Skarðskirkju þjónar sé fullkomlega ánægður og íhaldinn fyrir sitt kennimannlegt ómak og þjónustugjörð, eftir því sem yfirvöldunum sýnist sanngjarnlegast á báðar síður.

7. Leitaði eruverðugur héraðsprófasturinn í Árnesþingi séra Árni Þorvarðsson góðra ráða og atkvæða kennidómsins, hvörninn tilhaga skyldi á þeim kirkjum sem ei kynni sjálfar sinn kúgildapunga að forsorga, hvar um velnefndur prófasturinn hafði nú á þessari *synodo* tvær skriflegar umkvartanir fengið. Eina heiðurlegs kennimanns séra Frans Ibssonar af Hruna, uppá hvörrar kirkju jarðir vitanlegur skaði fallinn er af Heklufjalli, sem og að nokkru leyti á sjálfan heimastaðinn. Tjáir presturinn séra Frans að þótt svo sé fjórtán af kirkjunnar kúgildum séu við jarðirnar sem stendur, þá séu tíu ráðstöfunarlaus. Einninn leitar presturinn ráða hvörninn hegða skuli með þau hús sem eftirstandi á þeim jörðum sem öngvir menn eru við. Aðra umkvörtun heiðurlegs kennimanns séra Björns Jónssonar að Hólum, sem ei þykist treysta sér til að forsorga þar meðfylgjandi kirkjukúgildi tuttugu og hálft að tölu, hvar af presturinn óttast orðsakast megi að kirkjan kunni síns í að missa að sér fráföllnum hjá sínum erfingjum.

Hér uppá er andsvar og álit tilnefndra kennimanna að þeim virðist nauð-

1 Sjá viðauka á bls. 325.

synlegt og hentugast í þessu efni að héraðsprófasturinn í eigin persónu *visiteri* kirkjurnar þá viðkomið getur og grandvarlega athugi þeirra háttalag í góðra manna nálægð og viðurvist, síðan það skriflega uppteikni og til vitundar gefi hærri yfirvöldum, svo þau kunni þar úti síðan því heldur að *dispensera* eftir því sem kirkjunum og prestunum má haglegast og gagnlegast vera. En um þær Hruna kirkjujarðir sem nú eyddar tjást og enginn maður er við, virtist oss hentugast mundi vera að bæjahúsin óröskuð standi undir forsvaranlegri prestsins tilsjón, einkum það hurðum og læsingum viðvökur, svo mikið sem hann viðkoma kann, sérdeilis mætti nokkur von vera að jarðirnar framvegis byggjast kynni.

8. Kom fyrir *synodum* opið skrif heiðurlegs prófastsins í Strandasýslu séra Magnúsar Einarssonar, í hvörju hann auglýsir að fátíð manneskja Jón Björnsson hafi fyrir sér tjáð sín vandræði að fyrir utan kristileg fríheit og heilags altarisins *sacramentis* meðtekning hafi sem villuráfandi sauður flækst í nokkur ár um Trékyllirsvík, Aðalvík og Grunnavík, en vilji nú auðmjúklega gegna prestanna áminningum og feginsamlega komast aftur í skaut kristilegrar kirkju og fá sátt og náð hjá Guði og mönnum á þessu sínu hirðuleysi og ávirðingum, sem hér til hafi orðsök gefið. Segist því prófasturinn í þeirri von að vort góða yfirvald, andlegt og veraldlegt, muni aumur sjá á þessari iðrandi manneskju, og af þeim myndugleika sem því sé af Guði gefinn tilskikka að hann með opinberri aflausn heim aftur leiðist til samneytis heilagra í kristilegri kirkju, hvar til prófasturinn leggur sína auðmjúka bón, því hann segist ei betur vita en nefndur Jón sýni á sér sanníðrandi manns merki, hafi og einnir komið sér ráðvandlega, svo sem hans vitnisburðir hér nú framlagðir útvísa. Einnir vænist prófasturinn að veraldlegt yfirvald hafi látið hann í friði passera þar um pláts, svo sem áður tjáð skrif útvísar af *dato* Stað í Steingrímsfirði 15. júní *anno* 1693.

Er þess vegna hér uppá andsvar og álit nú tilnefndra kennimanna að velnefndur prófasturinn séra Magnús Einarsson fái fulla vitund af veraldlegu yfirvaldi, hvörnin högum þessa Jóns Björnssonar hafi háttað verið áður en hann komst í þetta hirðuleysi, einnir hvort veraldlegt vald hafi nokkrar sakir honum til handa að færa, og þar sem prófasturinn þá formerkir að ekkert þess háttar í vegi standi sem nefndan Jón frá *disciplina ecclesiastica* hindra kunni, þá virðist oss prófastinum vítalaut og forsvaranlegt nefndan Jón Björnsson til opinberrar aflausnar og herrans kvöldmáltíðar að meðtaka með alvarlegri og guðrækilegri áminningu, að hann með allri kostgæfni og eftirleitni héðan í frá stundi og ræki sín sálhjálpæfni.

9. Kom fram fyrir *synodum* opið skrif eruverðugs prófastsins úr Skafta-fellspingi séra Jóns Salomonssonar, í hvörju hann úrlausnar og leiðréttingar beiðist:

1. Hvort líðast skuli að þeir prestar sem *citerast* af próföstum heima í héraðinu af forlagi æðra yfirvalda *ad generalem synodum* að Þingvöllum komi ekki án löglegra forfalla eða hvort að ósekju slíkt gjöra megji. Hvar til vær nú tilnefndir kennimenn andsvörum að vær í því efni stöðuglega blífum við undangengin fjögur *synodalia*, tvö þess göfuga sáluga herra *magisters* Brynjólfs Sveinssonar sem hér að Þingvelli gjörst hafa *anno* 1639 og *anno* 1640, og önnur tvö vors eðla og veleruverðuga herra biskups *magisters* Þórðar Þorlákssonar *anno* 1678 og *anno* 1688, hvör nefnd *synodalia* oss virðast fulla grein á gjöra þessari prófastsins spurning.

Í annan máta aðsyr prófasturinn hvörninn úrráða skuli þar svo fátæklega ástandist um presta er staði haldi að þeir og þeirra kvinnur séu félaus, svo ei sé annað fyrir að sjá en staðarpeningurinn (ef nokkur er) gangi til eyðslu. Knýi sig til ráðs um viðlíkt leita vanefni og fátækt þess góða guðhrædda kennimanns séra Gísla Finnbogasonar að Sandfelli í Örfum, hvör sér bréflega ávísað hafi sína fátækt og féleysi. Hér uppá andsvarast að oss virðist nauðsynlegt að héraðsprófasturinn með grandvarlegri athugasemi álfti og yfirskoði prestsins og kallsins *conditionem*, svo hann viti fyrir víst að presturinn sjálfur annaðhvort með ónauðsynlegri eyðslu eður afrækt leyfilegra uppheldismeðala sé ei orðsók til þvílíkrar örbirgðar. Og þar hann formerkir hér úti öngvan brest af prestsins hendi, fær og öngvan annan sem í forsvari vera vill um ábyrgð á kirkjunnar peningum, virðist oss prófastinum beri þar um ráða og úrlausnar leita hjá æðra yfirvaldi.

Í þriðja máta setur prófasturinn til andsvara þar presturinn séra Jón Sigmundsson nú nálægur hafi fyrir sér kvartað um lítilvægni síns uppheldis, hvort kónglegrar *majestets* bréf sem út sé gefið um uppheldi það sem prestar er þéna klaustrakirkjum á voru Norðurlandi skuli af klastrunum hafa, hvort eftir því bréfi skuli og ekki sá prestur sem þjónar klaustursins kirkju að Þykkvabæ í Álftaveri líka sitt uppheldi af Þykkvabæjarklaustri hafa, sem og sitt embættiskaup, eða ef hann er giftur skuli þess vegna á mis við það uppheldi fara. Hér uppá er alleinasta einföld meining vor tilnefndra kennimanna að vér hyggjum sérhvör prestur sem klasturkirkjunum þjónar eigi sinn kost og tæring, það mat og drykk viðvíkur, á klastrinu að hafa fyrir utan sitt *deputerað* kaup. Og eftir því að partarnir sem að þessu hlut eiga eru hér nú allir á þingi, þá virðist oss prestinum séra Jóni Sigmundssyni ráðlegt við virðuglega Þykkvabæjarklausturs haldara þar um að tala í háyfirvaldanna náveru, einkum veleðla og velbyrðugs herra amtmannsins, sem og eðla og háttaktandi landfógetans, hvörjir svo sem góðir *patroni* munu þessum fátæka presti hið besta tilleggia.

Í fjórða máta setur prófasturinn undir úrlausn, hvort líðanlegt sýnist þótt enginn ákæri að árlegur skortur um hálf misseri eður lengur orðsakast af

tillagaleysi brauðs og víns til heilagrar þjónustugjörðar, eða hvort víta- og sektalausir vera skuli þeir sem þau meðöl eiga að tilleggja ef þau bresta. Hér uppá andsvarast að oss virðist í öngvan máta líðanlegt að söfnuðurinn fyrir nokkurs manns forsómun þarfnist þeirra meðala sem til helgidómsins útteilingar handtérast eiga, en verði á þeim skortur, svo ei séu til reiðu í þann tíma sem sóknarpresturinn nauðsynlega þarf á að halda, þá segi hann í fyrstu þar til þeim sem brauð og vín kirkjunni með réttu tilleggja á, sé það *proprietary*, kirkjubóndi eða hvör annar sem þar til svara ber. Vilji hann þá ekki þeirri nauðpurft gegna, þá segi presturinn til héraðsprófastinum án allrar forsómunar eður undandráttar en prófasturinn rannsaki hvort nokkur nauðsyn tildregið hefur um þann efnabrest, og finni hann þá hjá þeim sem meðölin tilleggja átti annaðhvort hirðuleysi, afdrátt kirkjutíundanna sem fyrir útvegum brauðs og víns standa eiga eða nokkra aðra nauðsynjalausa forsómun, þá gefi hann það yfirvaldinu til vitundar, svo sá hinn sami sem hér úti sekur reynist þar fyrir tilbærilega straffast megi.

Í fimmta máta setur prófasturinn til úrlausnar, hvort nokkur skuli sér fyrir-taka að reisa á laugardegi eður sunnudagsmorgun frá sinni sóknarkirkju eður þar í milli að ótjáðum sínum nauðsynjum fyrir sóknarprestinum, eða hvörra víta verður sé ef gjörir. Hér uppá andsvarast að vær tilnefndir kennimenn vísu í þessu efni til þess dóms sem sá sálugi herra biskup *magister* Brynjólfur Sveinsson hefur ganga látið að Vallanesi í Fljótsdalshéraði Laurentii dag 1641, hljóðandi bæði um forsómun Guðs orða heyrnar, reisur og ferðalag með öðrum helgibrotum, samt kristilegrar kirkju aga og veraldlegum sektum sem á þvílíku eru dæmdar.

Í sjötta máta setur prófasturinn undir úrlausn með hvörju móti liðlegast sýnist skorður við að setja þeim óvana sem bæði heyrir og formerkist í sumum kirkjusóknum, einkum í fólkríkum söfnuðum, að margur hvör slái laust við kirkjuna og heyrn Guðs orðs, aðrir taki sig klárt burt til annara erindagjörða, sumir leggist í skraf og skvaldur, en presturinn hindrist yfir allt þetta að sjá sökum þjónustugjörðarinnar. Er vort andsvar hér uppá að prestarnir sérhvör í sinni sókn alvarlega tilhaldi sínum söfnuði inn í kirkjuna að koma strax undir það heilög þjónustugjörð byrjast og síðan undir Guðs orða heyrn sér svo hegði hið innra og ytra sem réttum Guðs orða tilheyrendum og gjörendum sómir, fyrir utan samtal, fordjarfanlegan svefn, ónauðsynlega útgöngu úr kirkjunni, samt öllu því sem sómasamlegri skikkun er á móti, en finnist nokkrir að því að þeir um embættisgjörðina standi út í kirkjugarði með hégómaskrafi og skvaldri, séu fyrst opinberlega áminntir af prestinum og síðan ef sömu framhalda opinberlega afleystir og mæti sektum svo sem fyrir annað helgibrot. Hvar til (eftir því prestarnir sjálfir ei viðkomið geta um embættistímann eftir þvílíku

að sjá) fái til tvo guðhrædda og erlega menn sem með þeim hér úti tilbærilega *inspection* hafi.

Í sjöunda máta setur prófasturinn til úrlausnar hvort ei skuli viðhaldast lofleg skikkun herra Guðbrands, að söfnuðurinn gefi sig siðsamlega að heyrðu Guðs orði strax til sinna heimkynna án allra annara veraldlegra erindagjörða. Hvar uppá andsvarast að prestarnir eftir þessari sömu guðrækilegri biskupsins skikkun líði ei sóknarfólkinu við kirkjuna veraldlegar erindagjörðir að hafa strax eftir heyrn Guðs orða, hvör öllum er skylt að hlýða í góðu og siðsömu hjarta og færa ávöxt í þolinmæði.

Í áttunda máta auglýsir velnefndur prófasturinn í sínu hér innlögðu skrifi að séra Jakob Bjarnason hafi sig bréflega umbeðið að inn mætti leggjast til úrlausnar háyfirvaldanna og *synodi*, hvort kirkjan á Kálfafelli eigi nokkra heimting eður ekki á þeirri fjöru er átt hafi Uppsafir og liggi við Smyrlabjargafjöru og gefið hefði í testamentisgjöf Henrik Árnason, sem sé fjórðungur úr öllum reka eftir máldögum. Kom hér nú fram *copie* af *visitatione* Kálfafellskirkju *anni* 1641 dag 13. september hvar inni svo stendur á meðal annars. Sýnast á spatífunni máldagabréfsins þessi eftirfylgjandi orð: Gaf Henrik Árnason í *testamentum* gjöf fjöru er átt hafa Uppsafir og liggur við Smyrlabjargafjöru sankti Ólafi á Kálfafellsstað er liggur í Fellshverfi, er það fjórðungur úr öllum reka. Tilsegist prestinum séra Jakob Bjarnasyni þetta nefnt rekaítak undir dóm og lög að færa með vitund og ráði velbyrðugs herra amtmannsins og veleruverðugs herra biskupsins, einkanlega ef nokkur frekari skjöl fást kunna nefndu máldagabréfi til styrkingar, svo presturinn forsvaranlegur sé að áðurnefnt rekaítak hafi ei undan kirkjunni gengið fyrir hans vanrækt og forsömun.

10. Óskaði heiðurlegur kennimaður séra Hannes Björnsson vitnisburðar um sitt líferni af nú nálægum kennimönnum, hvör hönum var einninn sameiginlega í té látinn góður og heiðurlegur í allan máta.

Þetta vort framan- og ofanskrifað álit og *tracteran* í níu póstum setjum vér undirskrifaðir kennimenn til yfirskoðunar og úrskurðar eðla og veleruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og *synodi generalis* nú samankominnar það af að taka og við að auka sem hálærðum herra biskupinum og eruverðu *presbyterio* virðist réttast og sannast vera. Hvörju til merkis og vitnisburðar vér skrifum vor nöfn hér að neðan með eigin höndum að Þingvelli dag 8. júlí *anno* 1693.

Árni Þorvarðsson eh
Oddur Jónsson eh
Jón Erlingsson meh

Jón Torfason meh
Arngrímur Pétursson eh
Gunnar Pálsson meh

Þessa fyrir framan skrifaða áðurnefndra heiðurlegra kennimanna *censuram* og álit í tíu póstum og á hálfu sjötta blaði framsetta staðfestir og samþykkir biskupinn *magister* Þórður Þorláksson með nálægum próföstum og prestum nú samankomnum *in synodo generali* að Þingvelli, hvörju til merkis eru undirskrifuð nöfn, Þingvelli dag 12. júlí *anno* 1693.

Christian Muller	Þórður Þorláksson mpp
Jón Salomonsson meh	Oddur Eyjólfsson meh
Einar Bjarnason prestur meh	Páll Ketilsson meh
Högni Ámundason meh	Gísli Bárðarson eh
Daði Halldórsson eh	Björn Jónsson eh
Gísli Álfsson eh	Jón Eyjólfsson meh
Jón Sigmundsson mpp	Bjarni Hallgrímsson meh

Opinn seðill biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar eðla og velburðugum Christoffer Heidemann kónglegrar *majestets* landfógeta á Íslandi afhentur á alþingi 1693, að sú misklíð eður misforstand sem risið hafði út af Krossholtsdómi milli veleðla herra amtmannsins Christians Mullers og þeirra dómspresta sem viðstaddir voru að Krossholti þann 22. og 23. febrúar mætti friðsamlega niðursetjast og til góðrar einingar komast.

Eftir því ég formerkt hefi að nokkur kali eður misforstand hafi risið út af prestasamfundi í vetur að Krossholti, þá vildi ég gjarna óska og eftir veikum mætti tilhlutast að sá kali, eður hvörju nafni heita kann, mætti niðurslást og útslokkinn vera, svo friður og kærleiki mætti vera og viðhaldast kristinna manna á meðal, svo vel æðri stéttar sem lægri, Guði til lofs og dýrðar en eins og sérhvörs samvitska til rósemdar. Guð friðarins stýri og stjórni allra vor hjörtum og hugskotum að vér mættum svo stunda og elska þennan tímanlega friðinn að vér um síðir innleiðast mættum í eilífan óendanlegan frið fyrir vorn Drottinn Jesúm Kristum. *Amen*.

Þingvelli dag 7. júlí *anno* 1693, Þórður Þorláksson mpp.

Eftir því svo vel út af veleðla og velbyrðugs herra commerce raad og amtmanns herra Christian Mullers stefnu, svo vel sem af hans innleggi *produceruðu* fyrir *generali synodo* hér á Öxarárþingi er að formerkja að hans eðla og velbyrðugheit sig finna *cjfenderuð* af þeim dómi sem af prófastinum séra Páli Gunnarssyni og hans meðdómendum á Krossholts prestastefnu dag 22. og 23. febrúar þessa árs 1693 genginn er og með því eðla veleruverðugur og hálærður herra *superintendent magister* Þórður Þorláksson með einum skriflegum *memorial* til veleðla og velbyrðugs herra landfógetans *assessor* Christoffer Heidemanns *dato* Þingvöllum dag 7. júlí 1693 óskar að þvílíkt mætti niðurslást, þá

hefur velnefndur herra landfógetinn umbeðið veleðla, veleruverðugan og hálærðan herra *superintendent* herra Einar Þorsteinsson, ásamt virðuglega og velvísa lögmennina báða herra Sigurð Björnsson og herra Magnús Jónsson, að þeir tillíka með hönum vilji *interponera* þetta mál að forlíka; þá með því nærverandi prófastur og prestar með hreinni samvitsku meðkenna að það aldrei hafi verið þeirra þankar eða ásetningur nokkurt *despect*, óvirðing eður mótfall hans velbyrðugheitum þeirra af Guði og kónglegri *majestet* tilsettu yfirvaldi þar með að gjöra, sökina sjálfa að villa eður nokkurn óforrétta, því þeir viti sína skyldu í dóminum hvörjum manni rétt gjöra, ekki síst þeirra hágunstugu yfirvaldi. En þar þeir nú sjá að þeir í framanskriðuðum dómi sig í *processens* tilhlýðilegu formi og máta nokkuð forséð og misskilið hafa, hvað þó sem fyrr er sagt ekki af ásetningi né illvilja skeð er, heldur af misskilningi, og þeir þá ei betur skildu, þá er þeirra auðmjúk bón að hans velbyrðugheit herra, amtmaðurinn Christian Muller út af kristilegum kærleika þeim það vilji tilgefa og forláta, lofandi og tilforpliktandi sig hér með að þeir hér eftir skulu finnast þeirra yfirvaldi í allan tilbærilegan máta heyrugir og hlýðnir, ásamt og nær þeir í nokkru dómarasæti sitjandi verða eftir kónglegrar *majestets* lögum og rétti grandvarlegar yfirvega og úrskurða skuli um þau málefni sem þá fyrir þá koma kunna.

Framar, með því veleðla og velbyrðugur herra amtmaðurinn í ljósi lætur að hann vegna þessa Krossholtsdóms hafi verið orðsakaður til aðra prestastefnu að Syðri Görðum í Staðarsveit að láta setja, hvört hann sjálfur persónulega með hans nauðsynlegum fylgjurum reisa þurfti, hvörrar reisu kostnaður og tæring á svo óhentugum tíma mætti vel reiknast til 1 hundraðs ríxdala. Ekki að síður lætur velbyrðugur herra amtmaðurinn sér lynda með áttatíu og átta ríxdali *in specie*, af hvörjum prófasturinn séra Páll Gunnarsson eldri lofar að betala 24 ríxdali, en nærverandi prestar lofa að betala hvör fyrir sig 8 ríxdali. En fyrir séra Pál Gunnarsson yngri lofar hans bróðir prófasturinn séra Páll að betala 8 ríxdali. Og þessir peningar séu óbrigðanlega betalaðir fyrir sankti Mikaelis messu þessa árs 1693 til velbyrðugs herra amtmannsins að Bessastöðum. Og nær þetta svo fullkomlega af prestunum haldið er þá tilgefur herra amtmaðurinn Christian Muller prestunum eftir fyrrskrifaðri þeirra ósk og begering þá yfirsjón sem þeim hefur áorðið, svo að hann þeim þar eftir ekki framar tiltala vill, heldur þessa sök hans og þeirra í milli vera láta dauða og maktarlausu.

En þessari forlíkun til frekari staðfestu undirskrifum vér ásamt málspörtunum vor nöfn hér undir fyrir neðan.

Actum við Öxará dag 9. júlí *anno* 1693. (Þessir undirskrifaðir) Christofer Heideman, Einar Þorsteinsson eh, Sigurður Björnsson mpp, Magnús Jónsson eh, Christian Muller, Páll Gunnarsson meh, Benedikt Pétursson prestur eh, Jón

Halldórsson eldri eh, séra Hannes Björnsson eh, Jón Eyjólfsson meh, Jón Eyjólfsson meh.

Þetta fyrir framan skrifað rétt *coperað* að vera eftir sínum *original* meðkenna undirskrifaðir sem sáum og samanlásu að Þingvelli anno 1693 dag 10. júlí.

Einar Bjarnason prestur meh

Jón Erlingsson mpp

Óskaði heiðurlegur kennimann séra Daði Halldórsson góðra ráða og tillagna að njóta mætti og uppbera hálfar leigur af tólf kúgildum Núpskirkju í Eystrahrepp, sem er Steinholts *beneficii annexia*, hvar uppá herra biskupinn með nálægu *clericie* andsvaraði að ei annars vissu en prestinum bæri sagðar leigur af nefndum kúgildum fullkomlega afdráttarlaust uppbera í smjörgjaldi eða þeim aurum sem presturinn vill fyrir smjórið meðtaka.

Þessu til staðfestu og styrkingar eru undirskrifuð nöfn að Þingvelli dag 12. júlí anno 1693.

Oddur Eyjólfsson meh

Jón Salomonsson meh

Björn Jónsson eh

Þórður Þorláksson mpp

Árni Þorvarðsson eh

Páll Ketilsson meh

Gísli Bárðarson eh

In nomine Domini nostri Jesu Christi amen

Anno 1694 dag 3. júlí að Þingvelli, eftir skriflegu boði veleðla háeruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar til veleruverðugs herra biskupsins *magisters* Björns Þorleifssonar að settri *generali synodo*, voru eftirskrifaðir eruverðugir og heiðurlegir kennimenn tilnefndir af veleruverðugum herra biskupinum *magister* Birni Þorleifssyni til yfirskoðunar og úrgreiðslu þeirra mála sem kennidóminum ber á þessari stiftisins prestastefnu til að svara og hér verða réttilega framborin, séra Árni Þorvarðsson prófastur í Árnesþingi, séra Brynjólfur Jónsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Magnús Einarsson prófastur í Strandasýslu, séra Hannes Björnsson, séra Jón Þorkelsson, séra Frans Ibsson, séra Daði Halldórsson, séra Einar Torfason, séra Björn Stefánsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Oddur Árnason, séra Snorri Jónsson, séra Jón Eyjólfsson eldri, séra Eiríkur Eyjólfsson, séra Árni Jónsson.

1. *In primis* var upplesið fullmaktarbréf veleðla og háeruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar útgefið veleruverðugum herra biskupinum *magister* Birni Þorleifssyni til að halda stiftisins prestastefnu hér að Þingvöllum á þessu Öxarárþingi í sínum vitanlegum forföllum eftir því sem sama bréf umhljóðar og það sér líkast hermir, *daterað Skálholti ipso die visitationis Mariæ anno 1694* með herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar

undirskriftuðu nafni og áþrykktu signeti, hvörju nálægir kennimenn með hlýðni og virðingu vel og ljúflega gegndu.

2. Auglýsti prófasturinn séra Árni Þorvarðsson þann *casum* tilfallinn í hans prófastsdæmi og Arnarbælskirkjusókn í Ölvesi, hvörjum svo er varið að Klemens Jónsson og Guðrún Svartsdóttir hafi til hjónabands trúlofast þann 29. maí næstliðinn, en eftir nefnda trúlofun auglýstist skjállega að téður Klemens hafði fyrir ellefu árum barn átt í frillulífi með Vilborgu Eyvindardóttur, hvör Vilborg og fyrrsögð Guðrún Svartsdóttir sem Klemensi var trúlofuð sannreynast eftir því sem framkemur að vera öðrum og þriðja sín í milli að frændsemi að svo talinni ætt: Á eina síðu Eyvindur Ólafsson og Vilborg hans dóttir en á aðra Oddný Ólafsdóttir, Margrét hennar dóttir og Guðrún Svartsdóttir, dóttir Margrétar. Auglýsir prófasturinn með sóknarprestisins skriflegri afsökun að þessi skyldugleiki hafi ei augljós orðið fyrir en eftir það trúlofunin var skeð, en þó fyrir en nokkur lýsing framfór í söfnuðinum þeirra í milli, hvörs vegna sóknarpresturinn sýnist hér úti afsakaður og vítalaus vera. Hér uppá er herra biskupsins og kennidómsins fullkomið dómsatkvæði og ályktun eftir sjálfsagðri laganna reglu að fyrirtæð trúlofun millum samra persóna Klemens Jónssonar og Guðrúnar Svartsdóttur sé hér með öldungis dauð og maktarlaus og hvort þeirra frá öðru aðskilið og haldi sig hér eftir sem ótrúlofaðar persónur sín í milli.

3. Þann fjórða júlí gjörðist fullkomin forlíkun millum prófastsins séra Magnúsar Einarssonar og séra Einars Torfasonar uppá þau átta hundruð sem eftirstóðu hjá séra Einari af *inventario* Staðarkirkju í Steingrímsfirði síðan um vorið *anno* 1683, hvör átta hundruð séra Einar trúverðuglega lofaði og undirbast að svara séra Magnúsi með góðum greiðslum og í slíkum skileyri sem kirkjuna vantaði uppá sitt *inventarium*, en fyrir þörfnun á téðum *inventarii* eftirstöðvum, sem og vegna þess ómaks er séra Magnús hefur fyrir haft eftir þessu að kalla kirkjunnar vegna, þá lofaði séra Einar Torfason að greiða og útgjalda prófastinum séra Magnúsi Einarssyni fjögur hundruð í þarflegum góðum og gildum landsaurum, og þessi fyrrnefnd tólf hundruð alls til samans skyldu útgreidd og lukt verða séra Magnúsi eður hans réttum meðtökumanni að velnefnds prófastsins sjálfs heimili Stað í Steingrímsfirði ei síðar en á þann 14. dag næstkomandi septembermánaðar (vel þó fyrir sé) og skyldu þessir fyrrgreindir fémunir sanngjarnlega metast af sex erlegum mönnum tilnefndum af þeim báðum séra Magnúsi og séra Einari. Og að þessum tólf hundruðum svo ríktuglega útgreiddum sem sagt er skyldi öll óeining, kæla og misklíð nefndra kennimanna á millum öldungis útslegin, dauð og maktarlaus vera í sérhvörn máta á báðar síður, hvörju helst nafni sem heita kynnu. Hvar uppá þeir höfðu báðir fullnaðarhandsöl sín í millum hér í *synodo generali*.

4. Um prestsrentu af Stokkseyrarkirkju. Þann 4. júlí sama stað og dag kom

til tals kennidóminum viðverandi umkvartsemi heiðurlegs kennimanns séra Halldórs Torfasonar frá Gaulverjabæ, að hann næst fyrirfarandi tvö ár þykist ei haldinn hluta uppborið hafa af eigendum Stokkseyrar, sem er *annexia* frá Gaulverjabæ, hvörri presturinn tjáist með stóru ómaki þjónað hafa. Taldist svo til að virðuglegur Bjarni Gíslason eigandi hálfrar Stokkseyrar reiknast skyldugur áðurtéðum séra Halldóri Torfasyni í fyrirfarandi árs kirkjukúgilda *resterandi* leigur og *pro qvoto* prestinum til nauðsynlegs fæðis fjörutigir álnir uppá landsvísu, en virðuglegur Guðmundur Jasonsson West, nú eigandi nær tuttugu hundraða sömu jarðar, reiknast nefndum séra Halldóri Torfasyni skyldugur fyrir *resterandi* kúgildaleigur og prestsins nauðsynlegan kost og tæring til samans sextíu og fimm álnir af *proportion* við það sem virðuglegur Bjarni Gíslason hingað til séra Halldóri lukt hefur. En hvað viðvíkur prestsskyldum af þeim tíu hundruðum í Stokkseyri, eign kvinnu *monsieur* Hans Vilhjálmssonar, vonar áðurtéður heiðurlegur kennimann af hans hálfu fullustu uppbera muni. Voru hér nú nálægir títtnefndir virðuglegir menn Guðmundur Jasonsson West og Bjarni Gíslason, hvörjir báðir samstundis afgreiddu heiðurlegum séra Halldóri það þeir álitust honum skyldugir vera. Hvar með presturinn var öldungis fullnægður gefandi þá báða kvitta og ákærulausa um allt undanfarið er hönum af þeim í skyldu nafni tilkalla bar. Enn nú eftirkomandi settist svo og samdist millum þessara virðuglegra manna að presturinn séra Halldór Torfason skyldi með frí og frelsi af eigendum Stokkseyrar, þeirra erfingjum eða umboðsmönnum eftir sex kirkjukúgildi sex fjórðunga smjörs, þar að auki hundrað uppá landsvísu, til samans af eigendum oftgreindrar jarðar með góðum greiðslum og í gildum landaurum uppbera, hvað séra Halldóri árlega útsvarist án nokkurs uppihalds eða lagasókna, hvörjum öllum undanförnum og áðurskrifuðum *contract* samþykkur var fyrir hönd eignarmanns Stokkseyrar tíu hundraða, tignarlegur Einar Eyjólfsson yfirdómari í lögréttu þetta ár, hvör þá auglýstist *monsieur* Hans Vilhjálmssonar jarðagóts forvaltari hér í landi.

5. 5. júlí var upplesinn héraðsdómur prófastsins séra Odds Eyjólfssonar hljóðandi um hördómsbrot Margrétar Magnúsdóttur framhjá sínum ektamanni Þorláki Gunnlaugssyni. Og var fyrsskrifaður *tractat* og héraðsálit prestanna af eðla og veleruverðugum herra biskupinum *magister* Birni Þorleifssyni með þar samankomnu *clericii* í öllum sínum póstum og atkvæðum samþykktur og staðfestur. Og eftir því að af *synodo generali* ályktað er að ánægjanlegt próf og rannsak sé tekið af velnefndum prófasti í héraði í þessu máli, eftir því sem lögin ráð fyrir gjöra, og þar með bevíslega framkemur að Margrét Magnúsdóttir hafi verið hingað til *generalem synodum* af prófastinum boðuð, þó ei sé hún hér komin, þá með ráði og samþykki veleðla og velburðugs herra amtmannsins herra Christian Mullers er fullkomin úrlausn og dómsatkvæði veleðla og vel-

eruverðugs herra biskupsins *magisters* Björns Þorleifssonar samt *generalis synodi* að nefndar persónur Þorlákur Gunnlaugsson og Margrét Magnúsdóttir skuli vera hvört frá öðru öldungis aðskilið og þeirra hjónaband sundurlaust og *rescinderað* ævinlega upp héðan, og haldi sig hér eftir sem bæði *ordinantian* og önnur kóngsins lög þeim persónum befala sem í þann máta aðskildar eru.

6. 5. júlí var upplesinn héraðsdómur prófastins séra Odds Eyólfssonar hljóðandi um hórdómsbrot Ólafs Nikulássonar með kvenpersónu að nafni Þorgerði Þorsteinsdóttur framhjá sinni ektavinnu Hergerði Brandsdóttur. Og var fyrrskrifaður *tractat* og héraðsálit prestanna svo sem það sér líkast hermir af eðla og veleruverðugum herra biskupinum *magister* Birni Þorleifssyni og þar samankomnu *clericii* í öllum sínum póstum og atkvæðum staðfestur og samþykktur. Og eftir því ályktað er af kennidóminum að fullkomið og ánægjanlegt próf og rannsak sé gjört í héraði af prófastinum í þessu máli og þau bæði dæmd með hér áðurnefndum dómi skyldug hér í eigin persónu að mæta, og þó ei séu þau hingað komin, með því og einnin að virðist þau forföll hafa, þá með ráði og samþykki veleðla og velburðugs herra amtmannsins er úrlausn og dómsatkvæði eðla og veleruverðugs herra biskupsins með samankomnu *clericii in synodo generali* að þessar persónur Ólafur Nikulásson og Hergerður Brandsdóttir skuli hvort frá öðru vera öldungis aðskilin og þeirra hjónaband sundurlaust og *rescinderað* ævinlega upp héðan, og haldi sig svo sem *ordinantian* og önnur kónglegrar *majestets* lög þeim persónum befala sem í þann máta aðskildar eru.

7. Var upplesinn héraðsdómur valdsmannsins í Strandasýslu Rögnvalds Sigmundssonar viðvíkjandi kirkjukúgildum að Felli í Kollafirði. Og með því kennidóminum virðist þær *objectiones* sem í þann dóm innfærðar eru móti því *resolverað* var *in synodo generali* af veleðla amtmanninum og kennidóminum um Fellskirkju kúgildi *anno* 1691 þá *remitterast* þessi dómur með sínu inntaki og *circumstantiis* til æðra yfirvalds hvað gilda skuli.

8. Var upplesið innlegg sýslumannsins Andrésar Andrésssonar viðvíkjandi uppbyggingu Laugarbrekkukirkju sem hann tjáir svo fátæka að ei sé sjálfbyrg af sínum efnum að byggjast, og með því að það sama innlegg sýnist ei svo fyllilega í héraði undirbúið að með réttu beri hér til að svara í þetta sinn, þá er þetta sama efni með öllum sínum *circumstantiis* heim aftur í hérað enn *remitterað* til löglegs undirbúnings af prófastinum séra Ásmundi Eyjólfssyni kirkjunnar uppbyggingu til hins besta, svo æðri yfirvöldum ofþyngist ei með því sem þeim ber ei eftir lögum til að svara.

9. Eftir veleðla og velburðugs herra amtmannsins herra Christian Mullers bréflegri tilsógn tók prófasturinn séra Árni Þorvarðsson eiða af séra Bjarna Hallgrímssyni, séra Jóni Þorvaldssyni og Þórði Oddssyni *locat* uppá þeirra vitnisburð um orð Eiríks Sigurðssonar í Skagafirði sem hann talað hafði við

herra biskupinn *magister* Björn Þorleifsson á fyrirfaranda hausti dag 2. október, hvörjir eiðar svo eru hljóðandi:

Séra Bjarni Hallgrímsson aflagði svolátandi eið: Til þess legg ég séra Bjarni Hallgrímsson hönd á helga bók og það segi ég Guði almáttugum að ég heyrði Eirík Sigurðsson tala við biskupinn *magister* Björn Þorleifsson þessi eftirfylgjandi orð: Þú lýgur það, þú lýgur það, þú lýgur það, þú lýgur það, ég akta ekki fyrir þig, ég passa ekki fyrir þig, þú hefur siglt til nokkurs að jaga fólk. Og eftir það Eiríkur þessi orð talað hafði sló hann tvisvar knipp fyrir biskupinum. Einnin sá ég Eirík hrifsa burt úr höndum á Páli Péturssyni það bréf sem hann var búinn að skrifa eftir befallingu biskupsins. Og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg.

Séra Jón Þorvaldsson aflagði svolátandi eið: Til þess legg ég Jón Þorvaldsson hönd á helga bók og það segi ég Guði almáttugum að ég heyrði Eirík Sigurðsson tala við biskupinn meistara Björn Þorleifsson þessi eftirfylgjandi orð: Þú lýgur það, þú lýgur það, ég akta ekki fyrir þig. Og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg.

Þórður Oddsson heyrari Skálholtsskóla aflagði svolátandi eið: Til þess legg ég Þórður Oddsson hönd á helga bók og það segi ég Guði almáttugum að ég heyrði Eirík Sigurðsson tala við biskupinn meistara Björn Þorleifsson þessi eftirfylgjandi orð: Þú hefur gefið mér skammaryrði fyrir sakleysi, þú hefur siglt til nokkurs að jaga fólk, ég akta ekki fyrir þig, ég passa ekki fyrir þig, ég er öldungis ódrukkinn. Og að svo stöfuðum eiði sé mér Guð hollur¹ sem ég satt segi, gramur ef ég lýg. Einnin auglýsti og frambar heiðurlegur *locaturinn* Þórður Oddsson að hann séð hefði Eirík Sigurðsson slá fjórum sinnum knipp fyrir biskupinum meistara Birni Þorleifssyni og tilbýður sig nú nærverandi *in generali synodo* þennan sinn framburð með lagaeiði staðfesta ef þörf gjörist.

10. Var yfirlýst fyrir *synodo* innlegg heiðurlegs kennimanns séra Daða Halldórssonar uppá sína prestlega rentu af Núpskirkju í Eystrahrepp til velburðugs herra amtmannsins, einkum þar séra Daði þykist ei svo fullt uppbera sem hans formaður áður fyrrum fengið hafi, uppá hvört prestsins innlegg velburðugs herra amtmannsins úrlausn er í þann máta að séra Daða beri af fyrrnefndrar kirkju *patronis* að fá svo fullkomin réttugheit sem hans formaður haft hafi og hans *collationis* bréf honum einnin tileinkar, svo presturinn því ei firrist sem honum ber með réttu að hafa.

11. Það viðvíkur tillagi uppgefinna ölmusupresta í Sunnlendingafjórðungi, nefnilega séra Sigurðar Guðmundssonar, séra Jóns Diðrikssonar og séra Hallkels Stefánssonar, þá er nú svo ákveðið fyrir sérhvörn þeirra að þeir njóti svo ölmusunnar þetta ár svo sem þeim á því fyrirfaranda var tileinkað af *beneficiis*

1 hollur: vantar í handrit

og heiðurlegum guðhræddum kennimönnum sérdeilis tiltreyst að ölmusan greiðist þessum uppgefnu prestum með góðum og þægilegum skilum því hýran gjafara hefur Guð sér kæran.

12. Óskaði *præstantissimus dominus rector* Skálholtsskóla Páll Jónsson úrlausnar af herra biskupinum og nálægum kennidómi hvort sér vítalaut væri undir sína *disciplinam* í skólann aftur inntaka Pétur Daðason sem að tjáist á næsta vetri opinber orðinn vera að meinalausri frillulífisbarneign, hvar uppá veleruverðugur herra biskupinn með kennidómsins samþykki svo svarar að þetta málefni sé nú í þetta sinn til veleðla háeruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar *resolution* inn *remitterað*, hvör eð nú er *inspector* skólans að Skálholti, eftir hvörs fyrirgreiðslu *clarissimus dominus rector* meinast í viðlíkum *casibus* sig hafa eftir að rétta.

13. Var uppleið bréf þess vísa og velforstanduga *seigneur* Andrésar Ívarssonar, hvar inni hann óskar sóknarprestarnir í héröðunum gjöri sýslumanni þess umdæmis skilvísa grein á þeim persónum sem þeir til opinberrar aflausnar taka, hvort heldur fyrir frillulífi eður aðrar sakir, hvörs vegna próföstum og prestum Skálholtsstiftis alvarlega *injungerast* þeirra persóna registur frá sér að gefa hvör sínum sýslumanni eður skilmerkilega auglýsing uppá það að kónglegrar *majestets* sakeyrir ei ótilheyrilega undanfalli fyrir nokkra forsömun.

Þetta allt fyrrskrifað í þrettán *articulum* hefur svo framfarið sem hér umgreinir og með ráði og samþykki veleðla og velburðugs herra amtmannsins herra Christian Mullers, staðfest af herra biskupinum *magister* Birni Þorleifssyni samt nálægum kennidómi, hvörju til sannindamerkis og staðfestu velburðugur herra amtmaðurinn ásamt herra biskupinum og nálægum kennimönnum skrifa sín nöfn hér undir með eigin höndum þann 5. júlí *anno et loco ut supra*.

Christian Muller
Björn Þorleifsson eh
Brynjólfur Jónsson eh
Jón Þorkelsson eh
Hannes Björnsson eh
Daði Halldórsson eh
Björn Stefánsson prestur meh
Oddur Árnason prestur mpp

Árni Þorvarðsson eh
Oddur Jónsson eh
Frans Ibsson mpp
Jóhann Þórðarson mpp
Jón Eyjólfsson meh
Snorri Jónsson eh
Gunnar Einarsson eh
Eiríkur Eyjólfsson prestur meh

In nomine sacrosanctæ trinitatis

Anno 1695 þann 4. júlí að Þingvelli settri almennilegri Skálholtsstiftis presta-stefnu voru þessir heiðurlegir kennimenn prófastar og prestar Skálholtsstiftis

samankomnir og til atkvæða og úrlausnar nefndir af biskupinum *magister Þórði Þorlákssyni* um þau málefni sem hingað fyrir þessa *synodum* koma eður koma kynni og kennidóminum ber til að hlutast og yfir að segja eftir kónglegrar *majestets* náðugustu skikkun og kirkjunnar lögum, séra Oddur Eyjólfsson prófastur í Rangárfingi, séra Árni Þorvarðsson prófastur í Árneshöfði, séra Oddur Jónsson, séra Hannes Björnsson, séra Jón Þorkelsson, séra Ólafur Pétursson, séra Jón Eyjólfsson eldri, séra Björn Stefánsson, séra Frans Ibsson, séra Björn Jónsson, séra Daði Halldórsson, séra Gissur Pétursson, séra Arngrímur Pétursson, séra Snorri Jónsson, séra Sæmundur Jónsson, séra Jóhann Þórðarson.

1. Var upplesið í *synodo* kónglegrar *majestets* allranáðugasta opið bréf þess innihalds að allar kirkjur heilar og hálfar á Íslandi með *annexium* og smá-kirkjum skuli koma Ingjaldshólskirkju til hjálpar sérhvor með hálfis hundraðs virði, meira eður minna svo sem amtmáðurinn ásamt með báðum biskupunum og lögmönnunum samt nokkrum af þeim forstandigustu prestum hér á landi, kirkjurnar eftir þeirra rentu og innkomstar háttalagi *taxera etc. Datum* kóngs-bréfsins 16. apríl anno 1695.

2. Kom fyrir *synodum* hjónabandsaðskilnaðarmál Gunnars Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur úr Ísafjarðarsýslu, hvör Guðrún fallið hafði í opinberan hórdóm framhjá sínum ektamanni Gunnari Jónssyni, hvað komið hafði fyrir héraðsprestastefnu að Holti í Önundarfirði í fyrrasumar, deginum fyrir Vítusmessu, hvar uppá prófasturinn séra Sigurður Jónsson með sínum tilkölluðum héraðsprestum, sjö að tölu, hafi í ljósi látið sitt álit og meining að þeir viti ekkert í vegi standa að þau Gunnar Jónsson og Guðrún Jónsdóttir eftir Guðs og manna lögum fullkomlega og löglega aðskilin verði það viðvikur þeirra hjónabandsskap með þeim fleirum rökum sem greindir prestar færa þessu sínu áliti til styrkingar, svo sem þeirra eigin skrif þar um sér líkast hermir. Og að þessu svo grandgæfilega athuguðu og yfirveguðu er *censura* og ályktun kennidómsins í þessari *synodo* að með veledla og velburðugs herra amtmannsins Christians Mullers ráði og samþykki hjónaband Gunnars Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur skuli vera aldeilis sundurlaust og persónurnar sig hér eftir haldi eftir því sem greinir í hjónabands *articulum* kóngs Friderichs þess annars háloflegar minningar.

3. Voru upplesnir tveir póstar sem eruverðugur prófasturinn séra Sigurður Jónsson og hans héraðsprestar höfðu sent í fyrrasumar og lagt undir ályktun kennidómsins í *synodo generali*:

1. Um þá menn sem kjósa sér legstað að annari kirkju en sinni eigin sóknarkirkju og það verður í té látið, hvort að legkaup eftir þá gjaldast skuli til þeirrar kirkju sem þeir eru að jarðsettir eður til þeirrar sem þeir eftir sóknarréttinum að jarðast áttu, ellegar og til beggja. Þar uppá hafa héraðsprestarnir í ljósi látið

sitt álit og meining að sóknarkirkjan þarfnist ekki síns legkaups sem eftir þann framliðna á að gjaldast, þó hin kirkjan sem hann er jarðsettur að njóti sinna réttugheita sem ber, utan kirkjuforverjurum semji öðruvís þar um, hvörri prestanna meining þessi *synodus* er samhljóða, *approberandi* hana í allan máta.

2. Um prestaekkjur og þeirra friðheit á meðan þær eru í erlegu ekkjustandi virðist kennidóminum að haldast skuli eftir kónglegrar *majestets* náðuglegustu *privilegiis* og gömlum vana að þær skuli fríar vera frá álögum og þyngslum, hvað vær einkum meinum vera skattgjald, gjaftolla og tünd af lausafé að undantekinni fátækratfund, sem og heytollum og ljóstollum.

4. Óskaði heiðurlegur kennimann séra Oddur Jónsson úrlausnar og leiðréttingar á þessu eftirfylgjandi:

1. Hvort kirkjukúgildi á *beneficiis* þá prestaskipti verða eigi að útsvarast leigufær eður í fullu hundraðsvirði. Hvar uppá er einlæg meining og álit kennidómsins að soddan kirkjunnar fjárskuldir eigi í fullu virði að útsvarast, hvört kúgildi hundraðsvirði eftir því sem almennilega hefur viðgengist, hvörju áleti og meiningu í allan máta er samhljóða sú Bessastaðasamþykkt sem gjörð hefur verið 1673 28. júlí, þó ei hér með fortekið að útgreiðslu- eður úttektamenn megi ekki með góðu samkomulagi sín á millum forlíkast um kúgildanna gildleika.

2. Aðspurði velnefndur séra Oddur Jónsson hvort leyfilegt væri að meðtaka þá til kristilegra friðheita sem opinberlega eru brotlegir orðnir í móti þeirri síðari boðorðatöflunni sem ekki hafa sátta og fyrirgefningar leitað til þeirra sem þeir hafa á móti brotið eða hvör víti þar skulu viðliggja ef soddan virðist óskikk-anlegt, hvar uppá nálægur kennidómur andsvarar og fullkomlega ályktar að endilega tilhlýði að sá sem brotlegur er orðinn og sig hefur í þann máta forsed á móti Guði og mönnum skuli alúðlega og innilega fyrirgefningar leita til þeirra sem hann hefur á móti brotið, svo framt sem hönum er það mögulegt. En kynni það ekki undir aflausnina að ske þá samt *obligeri* sig sá brotlegi í safnaðarins viðurvist og áheyrn að forlíkast og friðmælast við sinn mótpart það fyrsta hönum kann það mögulegt vera.

3. Óskaði virðuglegur séra Oddur Jónsson góðra ráða hvörnin höndla skyldi um þá vandræðamanneskju Sigríði Þorleifsdóttur sem í næstumliðin átta ár hafi ekki svo hann viti heilagt *sacramenti* meðtekið og þar að auk framgangi án blygðunar með ókristilegum athöfnum til orða og verka, aktandi að öngvu guðlegar áminningar af andligu valdi né refsingar af veraldlegu, hvörja presturinn segist oftliga áminnt hafa til iðrunar og umvendingar, einnin í kirkjusöfnuðinum hana til bænar tekið, en allt soddan hafi hingað til forgefins afgangið. Uppá þennann *casum* er ályktun og fullkomin meining kennidómsins að hérnefnd vandræðapersóna Sigríður Þorleifsdóttir eigi til iðrunar og afturhvarfs

af kennimönnunum, svo hér eftir sem hingað til skeð er, guðrækilega og alvarlega að áminnast, en ávöxt í þvílíkum prestanna fortölum og áminningum við hana er Guði á himnum að befala, framar kunna þeir ekki í þessu efni að að gjöra. Veraldlegt yfirvald mun ekki heldur úr láta tilvanta sinni embættis-skyldu fullnægju að gjöra svo sem nú tjáist og framkemur að hingað til gjört hafi verið.

5. Var upplesið innlegg umboðsmannsins í Vestmanneyjum, Hans Kristjáns-sonar Raufn, hvört bréf biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni í hönd kom af velburðugum herra amtmanninum Christian Muller svohljóðandi orð fyrir orð sem eftirfylgir:

Velærværdige hæderlig og høyerlærde mand *in synodo generali* á Ting-walum ønsker jeg Guds naade og fred med min tjenstlig hilsen *salutem*.

Jeg underskrevne nødes høyiligen at lade andrage for Eders velærværdighed og hæderlighed med lovlig ansvar om præsten her udi Vestmanøe som er sr. Gissur Pettersen haver ret gjort efter Guds ords regler og kongelig *majestets* lov, at tage nogen æreløs skellum til lønlig afløsning og hellig *sacrament* som han haver gjort ved en æreløs skellum Guttorm Halldorssen eftersom han vidste at han haver fortallet mig haardelig. Da sætter jeg først udi rette om det stod sr. Gissur an at komme til mig udi stoven og bede mig om Guttorm maa ikke komme ind til mig og bede mig om forladelse, hvor til jeg svarede nei, mens jeg vil finde ham paa tinget i vor. Siden blev lovlig bevist paa tinget med fuldkommen vidner hvad den skellum havde sagt om mig, som til forn var sr. Gissur vidende, og da paa tinget blev ganget dom over ham af *seigneur* Einar Eyulfssen og blev straffed som vedbør. End fremmes sætter jeg udi rette for Eders velærværdighed og hæderlighed om sr. Gissor haver ikke gjort min person afront og spot paa herrens vegne ved den æreløs skellum Guttorm i det han tog ham til hemmelig afløsning, eftersom han vidste at han var jatet klar ved mig og han i lige maade var usjug bare fordi at ville skille og befri ham, maa spørge om saadant er ikke Guds og kongelig *majestets* lov i mod. Hvem skulle tro at en præst skulle finde saadant op bare fordi at befri en æreløs skellum der med. Jeg for min person giver sr. Gissor Pettersen fuldkommen sag fordi han der udi haver *despecteret* min person, sætte udi rette om det stod hans embede an at holde denne skellum parti i det han tog ham til lovlig afløsning. Hvorfore er min begæring at faa en anden præst i sr. Gissors sted for jeg vil ikke have nogen afront af præstene her mens som jeg ikke ret her paa og en anden præst i hans sted som lever kristelig og skikkelig efter Guds ord og kongelig *majestets* lov da nødes jeg til at demonstrere saadant til mine ædle herrer *patroner* at de kan komme de til rette for det gøres høylig fornøden og jeg ikke maa være uden fortred som Gud ved jeg vil gerne leve i fred og

rolighed, hvorføre jeg tror at her bliver skikket en anden fredsommelig og skikkelig præst her ud for krakkels brødre tjener her ikke Kristi menighed til forsvarlige opbyggelse. Jeg i min tid vil ikke heller spille ordelig deputerede til legfer udi Væstmanøe til deres ophold. Forventer her om god og fuldkommen svar, hvorefter jeg kan mig rette som begæres med første at faa. Her med Eders velærværdighed og hæderlighed den høyeste Gud befalet.

Ex Corenhaul skanze, Hans Christensen Raufn.

Var nú presturinn séra Gissur Pétursson nálægur *in synodo generali* þá þetta innlegg var upplesið og þó hann þættist ei til andsvara hér í mót vera aðvaraður og að það hefði honum öldungis óvitandi verið, þá samt erkleraði hann sig uppá innleggsins pósta munnlega, en lofar fullkomnara forsvar á móti því fram að leggja það fyrsta hann þar til tíma og hentugleika fái, hvor andsvör og afbatanir séra Gissurs kennidómurinn svo mikilsverð ályktaði að ei kynni honum að svo prófuðu máli að frávísast sínu kalli, en hér um þykist kennidómurinn ei frekari aðgjörðir kunna að hafa eða í þetta sinn endilegan dómsúrskurð á að leggja. Einkum þar séra Gissur Pétursson segist ei viðbúinn sem þyrfti hér til að svara og hafi ei fyrri vitund þar af haft sér til eftirréttingar, þar með séu sér ei í hendi þau gögn sem sér megí til forsvars þéna. Er þó fullkomlega þess óskandi að þetta umboðsmannsins skrif og innlegg mætti sem fyrst fyrir yfirvaldsins tilhlutan undir innvirðuglega rannsókn koma svo séra Gissur megí einnin bæði sínu forsvari í hentugan tíma fyrirkoma sem og tilheyrilegra réttinda neyta. Megí hönum sýnast hér úti á nokkurn hátt misboðið síns embættis eða persónu vegna, samt tilsegir einkanlega biskupinn *magister* Þórður Þorláksson séra Gissuri Péturssyni að taka sína kynning og vitnisburði, bæði uppá hans embættis útréttingu og almenna umgengni, sem og sérhvör þau gögn sem honum mega til forsvars vera og yfirdragslausrar afbötunar á móti skrifuðu innleggi.

6. Kom fram innlegg umboðshaldarans Andrésar Andréssonar hvar inni hann óskar úrlausnar af kennidóminum hvort óbillegt þyki að Laugarbrekkukirkju sóknarfólk tilleggi nokkuð til hennar uppbyggingar sérhvör eftir sinni formegan, sem og útróðrafólk er í þeirri sókn staðnæmist sem vera skyldi til tveggja fiska gildis af sérhvörjum, hvört innlegg næst fyrirfarandi ár var *in synodo generali* að Þingvelli upplesið og þá henni aftur í hérað *remitterað* til löglegs undirbúnings af prófastinum séra Ásmundi Eyjólfsyni, hvar uppá hann hefur sína úrlausn gefið, *datum* að Staðarstað á héraðsprestastefnu *anno* 1695 þann 12. júní, að eftir því Laugarbrekkukirkjan ei mun reynast efnug til sinnar uppbyggingar að sömu kirkju sóknarfólk góðviljuglega leggi til hennar uppbyggingar, hvör eftir sínum efnu¹ og góðvilja. Einnin vænist prófasturinn í

1 *sínum efnu*: breytt úr *sínu standi*

sama skrifti að þeirrar kirkju nálægir sóknarmenn *anno* 1695 fimmta sunnudag eftir páska hafi því lofað.

Hér uppá er kennidómsins úrlausn og andsvar að eftir því að sjá er af *visitationum* að kirkjunnar renta hrökkvi ei til hennar uppbyggingar, en augljóst er af þeim reikningsköpum sem Andrés Andrésson framlagði að hann hefur uppá kirkjunnar uppbygging mikið kostað, þá sé tilheyrilegt að sóknin þar til nokkuð leggi, einninn sökum þess að tjáist að Andrés Andrésson hafi látið stækka kirkjuna, hvað hann segist gjört hafa í þeirri meiningu og ásetnaði að útróðrarfólk einnegin mætti fá rúm í kirkjunni og njóta Guðs orða heyrnar. Ályktar *synodus* að sérhvör útróðrarmaður tilleggi til téðrar kirkju uppbyggingar einn gildan fisk á hvörju ári í næstkomandi þrjú ár, hvörju að sérhvör einn er umbeðinn góðlátlega að gegna og þeirrar skyldu að gæta sem menn eru Guði og hans heilögu þjónustugjörð pliktugir að auðsýna.¹

7. Kom fram um uppbót fyrir hrörnun á Setbergstaðar húsum í Eyrarsveit, hvar um til greina hafði komið á héraðsprestastefnu að Staðastað þann 12. júní næstliðinn, hvörju efni svo er varið að uppbót á staðarins hús er af sex mönnum metin 17 hundruð 110 álnir. *Datum* þeirrar virðingar 1693 þann 23. maí. Nú er á aðra síðu erfingi sáluga séra Illuga Vigfússonar hans dóttir Sesselja (veik og vanfær sögð), hvörja að brestur uppá sinn móðurarf 20 hundruð eður meir en föðurarfur enginn. Hér að auki hefur kirkjubyggingarkostnaður svo reiknast 1693 23. maí að kirkjan væri erfingum sáluga séra Illuga skyldug 15 hundruð 103 álnir, hvörja skuld menn þykjast ei sjá líkindi til að erfingjar séra Illuga kunni að uppbera, einkum þar kirkjuna vantar á sín *ornamenta* þau sem henni hafa þó skrifuð verið í tíð sáluga *magisters* Brynjólfs og jafnvel í tíð *magisters* Þórðar sem *visitatiu* bækurnar útvísa. En það viðvíkur staðarins húsauppbót, áðurnefndum 17 hundruðum 110 álum, er einlæg meining kennidómsins að svo prófuðu að ei muni nær gengið verða Sesselju Illugadóttur til tjárútgreiðslu framvegis, einkum þar hún hefur áður svo mikils þarfnast sem fyrr segir. Því er fullkominn von til virðuglegs yfirvalds að ei muni eftir strangasta rétti heldur með góðu linkindi höndlað verða við séra Árna Ámundason eður hans erfingja um staðarins útsvörun, svo ei þess gjaldi sem séra Árni hefur ógilt meðtekið.

8. Var framborið það vandamál Gróu Þórðardóttur úr Álftaneskirkjusókn áhrærandi, hvörju svo er varið að það hefur á næstumliðna vetri 1694 29. nóvember til rannsökuar komið af héraðsprófastinum séra Páli Gunnarssyni eldra og fimm hans þá nálægum héraðsprestum, af hvörri héraðsrannsókn auglýsist að nefnd Gróa hafi laungetið barn í heiminn fætt í þriðju viku einmánaðar 1693 sem Grímur nefnist, en á næsta manntalsþingi þar eftir lýst Hall Finnbogason saurlífisverk með sér framið hafa, fyrir hvört verk tjáist hann

1 *auðsýna*: breytt úr *gegna*

hafi tildæmdan eið unnið. Enn framar á sama þingi auglýsist af héraðsprófastsins rannsókn að nefnd Gróa hafi lýst Þórð Jónsson¹ eigingiftan úr Rífi í Neshrepp föður að sínu barni Grími, hvör nefndur Þórður hefur með fangavottum sjöttareíð unnið fyrir hennar áburð eftir dómi lögmannsins sáluga herra Magnúsar Jónssonar að Ingjaldshóli, hvar þó nefnd Gróa var ei nálæg í það sinn þá eiðurinn var tekinn. Síðan hefur hún við sína barnsfaðernislýsing uppá Þórð staðið og þar jafnframt tvær líkamlegar refsingar úttekið eftir kóngsvaldsins tilhlutan. Einnin kemur skilvíslega fram að hún hafi af sínum sóknarpresti séra Jóni Eyjólfssyni alvarliga og oftliga áminnt verið svo heimuglega sem opinberlega hreinan sannleika að viðurkenna yfirdrepskaparlaust, svo sem hún vissi sannast vera fyrir Guði og sinni samvitsku, hvör faðir væri að þessu hennar laungetna barni Grími. En Gróa hefur allt og áður staðið á sömu barnsfaðernislýsingu uppá Þórð Jónsson. Einnin hefur hún af héraðsprófastinum í tvær reisir áminnt verið um einlæga sannleikans viðurkenning og stóð ennþá við sömu lýsing sem fyrr umgetur uppá Þórð, en óskaði samt með auðmýkt og grátandi tárum að kristileg yfirvöld vildu sér í Guðs nafni tilhjálpa að hún ekki mjög lengi útihaldist frá kristilegum fríheitum, því sig hjartanlega forlengi eftir kvittun sinna synda og herrans Jesú Kristi *sacramenti*. Nú að svo komnu þessu máli fyrir þessari vandræðaskepnu Gróu hefur hún nú nýlega í sínum sannvitnuðum sjúkdómi (svo sem sóknarpresturinn séra Jón Eyjólfsson erlegra manna vitnisburð þar uppá auglýsir) helgidómsins þjónustu, heilaga aflausn og háverðugt altarisins *sacramenti* þegið eftir hennar innilegri bæn, hvað skeði einnin með ásýnilegum og sannlíklegum iðrunarmerkjum. En hvað viðvíkur kynningu þessarar Gróu þá auglýsist að fyrir utan hennar saurlifnaðarsyndir og það þessum málefnum viðvíkur hafi hún sér kristilega og frómlega hegðað til orða og athæfis að manna vitorði.

Þetta vandamál fyrirtéðrar Gróu hefur veleruverðugur herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson í nafni Drottins og samvitskunnar vegna svo að sér tekið með nálægra kennimanna einlægu ráði og samþykki á þann hátt að þráttnefnd Gróa Þórðardóttir skuli svo framt sem Guð gefur henni líf og heilsu til, sem og eftir síns sóknarprests tilsögn auðmjúklega og opinberlega fyrirgefningar biðja í sóknarkirkjusöfnuðinum fyrir það hneyksli sem skeð hefur af þessu hennar barneignarbroti og hann hana svo með tilheyrilegri áminningu inn í söfnuðinn taki og framvegis henni helgidómsins þjónustu veiti með heimuglegri aflausn, svo lengi sem þetta hennar mál ei á annan hátt skipist en nú er komið.

9. Var upplesið í *synodo* álit virðuglegs prófastsins í Rangárþingi séra Odds

1 Þórð Jónsson: breytt úr Jón Þórðarson

Eyjólfssonar eldra og hans héraðspresta að Breiðabólstað í Fljótshlíð dag 1. október 1694 áhrærandi nokkra ákæru séra Odds Eyjólfssonar yngra í Vestmanneyjum til séra Gissurar Péturssonar, einkum fyrir það að séra Gissur hafi meðtekið til heimuglegrar aflausnar og altarisins *sacramentis* þann dreng Guttorm Halldórsson sem hafi verið missáttur við sig, en séra Oddur var um það leyti og eftir það hindraður í landi af nokkrum veikleika. Kveður prófasturinn og prestarnir á Breiðabólstað svo að orði í sínu álitu að þeim hefði þótt betur farið hafa að séra Gissur hefði undandregið að taka þennan dreng til *sacramentis* þangað til séra Oddur yngri hefði aftur útkomið í eyjarnar. Hvör þeirra meining vér kunnum ei að sjá séra Gissuri nokkurt *præjudicum* eður áfelli gjöri, ei að síður er séra Gissur og aðrir góðir kennimenn hér með áminntir að höndla athugasamlega um aflausnina og heilagt *sacramentið* svo ei takist þeir þar til snögglega sem þar eiga fyrir utan að vera og fráhaldast eftir *ordinantiunni* og kirkjunnar lögum.

Er þess vegna ósk og tilsögn *magisters* Þórðar Þorlákssonar að heiðurlegur prófasturinn séra Oddur Eyjólfsson vildi eiga góðan hlut að, svo það misforstand sem er á milli prestanna séra Odds Eyjólfssonar yngri og séra Gissurar Péturssonar, sem og annara er þetta kann að snerta, mætti friðsamlega niðursetjast með góðri og varanlegri sátt á allar síður uppá það friður og eindrægni mætti sem lengst og best haldast, Guði til lofs og dýrðar en eins og sérhvörs samvitsku til rósemi, frúnar og góðra nota.

10. Var upplesið innlegg sýslumannsins Rögnvalds Sigmundssonar, hvört hann hafði inngengið fyrir herra amtmanninn, en herra amtmaðurinn herra biskupinum tilsent, þess innihalds að hann umkvartar að nokkrar brotlegar persónur í sinni sýslu í frillulífnaðar- og legorðsmálum séu afleystar af kennidóminum og víki svo burt úr sýslunni án sinnar kvittantíu að óbetöluðum og óboðnum þeim sakeyrir sem þeir eru kónglegri *majestet* um skyldugir, *item* að þessar persónur séu í hjónaband gefnar, og óskar því Rögnvaldur að hans velburðugheit vildi sig í þessu efni til réttarins stoða. Hér uppá er kennidómsins úrlausn og andsvar að tilhlýðilegt sé að brotlegar persónur í soddan máta auðsýni þá hlýðni sínu veraldlegu yfirvaldi þess að vitja uppá sitt misferli þar því verður viðkomið, svo sem þar um getur í *synodals* bókinni *anno* 1688, þó svo að prestarnir öngvum þeim frá kristilegum friðheitum uppihaldi sem þeirra njóta ber eftir kirkjulögum, og einkanlega bréfi Christiani 4ti útgefnu Kaupenhavn 16. febrúar *anno* 1621. En prestarnir séu skyldugir að gefa sýslumanninum í sérhvörri sýslu til vitundar þeirra manna nöfn sem brotlegir hafa orðið í legorðsmálum í þeirra bókum, og það í góðan tíma eftir því sem ályktað var í *synodale* fyrirfarandi árs 1694, *artic.* 13.

11. Um tillag uppgefinna presta af *beneficiis* í Sunnlendingafjórðungi á

Þessu yfirstandandi ári kom svo saman biskupinum og heiðurlegum kennimönnum í þessari *synodo* að séra Jón Diðriksson skyldi uppbera af Holtsstað undir Eyjatjöllum 60 álnir, af Odda 80 álnir, af Breiðabólstað 100 álnir, *summa* 2 hundruð. En séra Hallkell Stefánsson af Breiðabólstað í Fljótshlíð 40 álnir, af Gaulverjabæ í Flóa 60 álnir (Hruni er frígefinn þetta ár vegna uppáfallins skaða af Heklu), af Görðum á Álfanesi 60 álnir, af Reykholti 50 álnir, af Melum í Melasveit 30 álnir, *summa* 2 hundruð. Stendur þessi skikkun alleinasta þetta ár að óskertri staðanna *taxering* sem sjá er í *concepti* þeirra nýju kirkjulaga *anno* 89.

Þetta allt áðurskrifað í ellefu póstum hefur svo framfarið sem hér um greinir í nálægð veleðla og velburðugs herra amtmannsins Christians Mullers með samþykki herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar samt kennidómsins atkvæði. Hvörju til sannindamerkis eru undirskrifuð nöfn með eigin höndum þann 8. júlí *anno et loco ut supra*.

Christian Muller
Oddur Eyjólfsson meh
Oddur Jónsson eh
Jón Eyjólfsson eldri meh
Jón Halldórsson eh
Daði Halldórsson eh
Sæmundur Jónsson eh
Snorri Jónsson eh

Þórður Þorláksson mpp
Árni Þorvarðsson eh
Hannes Björnsson prestur eh
Jón Þorkelsson eh
Frans Ibsson mpp
Arngrímur Pétursson meh
Hannes Halldórsson mpp
Gissur Pétursson mpp

In nomine Domini nostri Jesu Christi!

Anno 1696 þann 3. júlí að Þingvelli eftir skriflegu umboði eðla veleruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar til *magisters* Björns Þorleifssonar að settri *generalí synodo* voru eftirskrifaðir eruverðugir og heiðurlegir kennimenn tilnefndir af *magister* Birni Þorleifssyni til yfirskoðunar og úrgreiðslu þeirra mála sem kennidóminum ber á þessari stiftisins prestastefnu til að svara og hér verða réttilega framborin. Séra Árni Þorvarðsson prófastur í Árnessþingi, séra Oddur Jónsson prófastur í Gullbringu- og Kjósarsýslum, séra Jón Þorkelsson *vice-praepositus*, séra Þórður Oddsson, séra Daði Halldórsson, séra Frans Ibsson, séra Þorvaldur Björnsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Björn Jónsson, séra Jón Erlingsson, séra Sæmundur Jónsson, séra Magnús Oddsson.

1. *In primis* var upplesið fullmaktarbréf eðla veleruverðugs herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar *magister* Birni Þorleifssyni útgefið til að halda stiftisins prestastefnu hér að Þingvelli á þessu Öxarárþingi í sínum vitanlegum forföllum, eftir sama bréfs innihaldi sem sér líkast hermir af *dato*

Skálholti 27. júní *anni hujus* með herra biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar undirskrifuðu nafni og áþrykktu signeti, hvörju nálægir kennimenn með hlýðni og *respect* vel og ljúflega gegndu.

2. Var hér fyrir réttinum sú fáráða manneskja Jón Björnsson sem nú um nokkur umliðin ár sem villuráfandi sauður flækst hefur úr Dalasýslu í Ísa-fjarðar- og Strandasýslur, forsómandi sín sáluhjálparmeðöl og meðtekning heilags altarisins *sacramentis* í næstliðin samfelld 10 ár eftir hans sjálfs eigin meðkenningu. Og að upplesnum og yfirheyrðum mannsins ráðvandlegum vitnisburði fyrir utan þessa hans ávirðing og yfirsjón virðist nálægum kennimönnum tilhlýðilegt að nefndur Jón Björnsson, hvör sig sem ein sanniðrandi manneskja fyrir réttinum *præsenterar*, megi eigi lengur sinna sáluhjálparmeðala þarfnast fyrir yfirvaldsins forsómun, andlegs eður veraldlegs, hvörs vegna tilhlýðilegast sýnist að hann eftir *disciplina ecclesiastica* opinbera aflausn skyldugur sé að taka hið allra fyrsta nú að næstkomandi drottinsdegi hér að Þingvelli eftir lélegheitum af héraðsprófastinum eruverðugum séra Árna Þorvarðssyni, að undanfarinni títtnefnds Jóns Björnssonar skýlausri játningu svo stórkostlegrar ávirðingar og einlægri lofun undirgefinn að vera því tiltali er veraldlegt yfirvald frekar en nú er framkomið kann með réttu að hafa uppá hann að *prætendera*, sem veleðla og velbyrðigur herra amtmaðurinn Christian Muller vildi láta sér vera umhugað þeim að *injungera*. Hér að auki sé kennidómurinn alvarlega áminntur að tilhalda sínu sóknarfólki sína sálarvelferð að rækja svo vel í *sacramentisins* meðtekningu sem Guðs orða heyrn, svo hvorki sálusorgarans né sóknarbarnsins angarðar samvitskur eilífs lífs ómaklegar gjöri.

3. Var upplesið *in synodo* kónglegrar *majestets* allranáðugasta bréf heiðurlegum kennimanni séra Jóni Tómassyni meðdeilt fyrir Sandaprestakalli í Dýrafirði. *Datum* þess bréfs Kaupenhavn 27. apríl 1695.

4. Þann 4. júlí kom hér fyrir *synodum generalem* erlegur mann Þorsteinn Eyjólfsson með þá *propositionem* sem virðuglegur Einar sálugi Eyjólfsson og Guðmundur West höfðu andsvars uppá óskað kennidóminum í fyrra þann 6. júlí, hvort prestsins tillag að Stokkseyrarkirkju (er sá fjórði póstur af *synodals* bókinni uppáhljóðar *anno* 1694) takast skuli af inntektum Stokkseyrarkirkju eður jarðareigendanna? Er andsvar nálægri kennimanna að þar kirkjukúgildanna leigur kunni ei fullnægja til prestsins launa virðist tilhlýðilegt takast skuli af kirkjujarðanna landskuldum, svo ánægjanlega uppberi.

5. Þann 4. júlí var upplesinn héraðsdómur prófastsins í Rangárþingi eruverðugs séra Odds Eyjólfssonar, áhrærandi hórdómsbrot Solveigar Jónsdóttur framhjá sínum egtamanni Hannesi Sveinssyni, og var undanfarinn *tractat* og álit héraðsprestanna af eðla herra biskupsins fullmektugum *magister* Birni Þorleifssyni með samankomnum kennidómi í öllum sínum póstum og að-

kvæðum samþykktur og staðfestur. Og eftir því að af *synodo generali* ályktast að í héraði hafi ánægjanlegt próf og rannsak framfarið í greindu máli af velnefndum prófastinum eftir því lögin ráð fyrir gjöra. Og þó Hannes Sveinsson hafi hingað fyrir réttinn af prófastinum *citeraður* verið og ei ennþá kominn, þá með ráði og samþykki veleðla og velbyrðigs herra amtmannsins herra Christian Muller er fullkomin úrlausn og dómsatkvæði samankomins *clericis* hér að Þingvelli að nefndar persónur Hannes Sveinsson og Solveig Jónsdóttir skuli vera hvort frá öðru öldungis aðskilin og þeirra hjónaband sundurlaust og *rescinderað* ævinlega upp héðan og haldi sig hér eftir sem *ordinantian* og önnur kóngleg *mandata* þeim persónum tilhalda er í þann máta aðskildar eru.

6. Á sama stað og dag kom fyrir *synodum generalem* skrifleg ósk uppgefinna presta hér í stifti, séra Jóns Diðrikssonar og séra Hallkels Stefánssonar, um tillag af *beneficiis* sér til lífsnæringar. Og þó *beneficia* hér í stifti megi sýnast hafa fullt í fangi með útgiftir á þessu ári, þó samt sem áður er áður-nefndum kennimönnum *deputerað* þetta eftirfylgjandi: Séra Jóni Diðrikssyni af Holtstað undir Eyjafjöllum 50 álnir, af Breiðabólstað 60 álnir, af Odda 60 álnir. *Summa* 1 hundrað 50 álnir. Séra Hallkeli af Breiðabólstað 40 álnir, af Gaulverjabæ í Flóa 50 álnir, af Görðum á Álftanesi 40 álnir, af Reykholti 40 álnir, af Melum í Melasveit 30 álnir. *Summa* 1 hundrað 80 álnir.

7. Kom fyrir í *synodo* umkvartsemi heiðurlegs kennimanns séra Jóns Halldórssonar staðarhaldara Hítardals, að hönum þykir ábresta eftir biskupa *visitatium* uppá þeirrar kirkju *ornamenta* eina nýja biblíu íslenska, eina litla klukku og eina bjöllu. Eftirspyrjandi af kennidóminum hvar hann aðgang ætti þetta um að kalla, hvar til hönum hefur verið haldið af *visitatore* eðla herra biskupsins, eruverðugum séra Jóni Þorkelssyni 1694, hvör sama spursmáli séra Jóns Halldórssonar frá sér vísaði, setjandi það til herra biskupsins og *synodi generalis* úrlausnar. Þá virðist samankomnu *clericie* að séra Jóni Halldórssyni byrji eftir siðvanalegu *visitatiu* skilyrði af síns næsta formanns erfingjum eða þeirra formyndurum þennan *defect* með lögum og dómi inn að kalla, ef ei mjúkar afleiðist, svo kirkjan síns *inventarii* í öngvan máta þarfnist. En þar nú tjáist hans formaður prófasturinn sálugi séra Einar Einarsson hafi þangað aldrei til langvista komið (jafnvel þó *collationeraður* væri til þess sama pláts), enn síður nokkurn tíma meðtekið þeirrar kirkju *inventarium*, þar að auki eftir hann mörg ómyndug móðurlaus börn, sitt í hvörjum stað, svo óbillegt sýnist þar um nokkru tiltali mæti, heldur að séra Jón aðgang eigi að sáluga séra Einars formanns erfingjum eða þeirra forsvarsmönnum og síðan sérhvör eigi við sinn sala, þar til að þeim rekur í hvörs tíð áðurskrifuð *ornamenta* úrfallin eru.

Framan- og ofanskrifaðir 7 póstar svo framfarna að vera í náveru veleðla og velbyrðigs herra amtmannsins Christians Muller, með samþykki *magisters*

Björns Þorleifssonar og kennidómsins atkvæði. Hér um til sannindamerkis allra vor nöfn með eigin höndum undirskrifuð, Þingvelli þann 4. júlí anno 1696.

Christian Muller
Björn Þorleifsson mpp
Oddur Jónsson eh
Daði Halldórsson eh
Frans Ibsson mpp
Jóhann Þórðarson mpp
Jón Erlingsson meh
Sæmundur Jónsson eh

Árni Þorvarðsson eh
Jón Þorkelsson eh
Þórður Oddsson meh
Þorvaldur Björnsson eh
Björn Jónsson eh
Magnús Oddsson eh
Gísli Álfsson eh

In nomine Domini nostri Jesu Christi amen

Anno 1697 þann 5. júlí að settri almennilegri Skálholtsstiftis prestastefnu að Þingvelli af prófasti Árnassýslu séra Árna Þorvarðssyni, eftir skriflegu umboði eruverðugs *cjfficialis* Skálholtsstiftis séra Jóns Þorkelssonar, voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Oddur Jónsson prófastur í Kjalarnesþingi, séra Hannes Björnsson, séra Frans Ibsson, séra Þórður Oddsson, séra Jóhann Þórðarson, séra Björn Stefánsson, séra Jón Magnússon, séra Sæmundur Jónsson, séra Snorri Jónsson, séra Sigurður Snorrason, séra Þorbergur Illugason, séra Daði Halldórsson, séra Benedikt Jónsson, séra Jón Eyjólfsson, séra Gísli Jónsson, séra Oddur Árnason, prestar Skálholtsstiftis, að dæma og lög að segja í þeim andlegum málum og stiftisins nauðsynjum sem til yfirskoðunar og úrgreiðslu framlögð yrði fyrir þessum dómi, og hér með réttu *tracterast* og dæmast eiga.

1. Var upplesið opið bréf eruverðugs *cjfficialis* Skálholtsstiftis séra Jóns Þorkelssonar, í hvörju hann með ráði og samþykki veleðla og velbyrðigs herra amtmannsins Christian Muller gefur eruverðugum kennimanni séra Árna Þorvarðssyni prófasti í Árnasþingi sitt fullkomið umboð öllum þeim stiftisins nauðsynjum og erindum í Skálholtsumdæmi að gegna sem einum *cjfficiali* og stiftisins *inspector* gegna ber, með svo miklum myndugleika sem hann frekast gefa mætti og sjálfur nálægur væri, svo sem það sama bréf þar um enn framar sér líkast hermir af *dato* Bessastöðum 25. júní anno 1697 með áþrykktu signeti og undirskrifuðu nafni, Jón Þorkelsson meh, í viðurvist eðla göfugra herra lögmanna Sigurðar Björnssonar og Laurits Christianssonar Gottrup, samt virðulegra manna Jóns Eyjólfssonar, Jens Jörgenssonar og Laurits Hanssonar Skefing.

2. Var upplesið innlegg eruverðugs skólameistarans að Skálholti, Þorláks Þórðarsonar, í hvörju hann óskar og beiðist að hann og hans samarfi eruprýddur

Brynjólfur Þórðarson, mættu fullustu uppbera fyrir þá peninga sem þeirra eðla og veleruverðugi sálugi herra faðir *magister* Þórður Þorláksson hefur framar útlagt fátækum prestum til uppheldis en stiftisins jarðir (sem svo almennilega nefnast og hingað til ei verið hafa sérdeilis prestaköllum viðtengdar) hafa kunnað um hans tíð af sér að gefa, með hvörju innleggi velnefndur *dominus rector* lætur framleggja skriflegan reikning með fimm manna undirskriftum sem gjörður hefur verið að Skálholti *anno* 1696, 26. nóvember, hvör reikningur eftir því sem þar framkemur sig tilhleypur ellefutíu og fimm ríxdala.

Er þess vegna endileg ályktun og aðkvæði *synodi generalis* að velnefndum bræðrum Þorláki og Brynjólfi Þórðarsonum beri fullkomlega að uppbera svo mikla peninga sem þeirra sálugi herra faðir *magister* Þórður Þorláksson (loflegar minningar) hefur fátækum prestum stiftisins til uppheldis framar útilátið en nefndra stiftisjarða afgangur tilhrokkið hefur inn til þessa, og að velnefndir heiðursbræður Þorlákur og Brynjólfur megi fullar heimtur hafa á þeim kúgildaleigum nefndra stiftisjarða sem nú í sumar áfalla, einninn landskulda eftirfarandi árs 1698. Hér með ályktum vér að þær allar stiftisjarðir sem nokkrum prestum í Múlaþingi hafa til afgangur og uppheldis *deputeraðar* verið séu undir sama skilorði í þessu og hinar aðrar stiftisins jarðir sem nú var umgetið, að því einu undanteknu að þær, ein eður fleiri, hafi af lénsmanni eður biskupi verið einhvörju kalli til ævinlegra umráða og afgangur tileinkaðar. Hér að auki tilskilja nálægir kennimenn að reikningskapur sá sem hér kom nú fram sé rigtuglega upplagður og menn tilkallaðir af hálfu heiðurlegs prófastsins séra Árna Þorvarðssonar þrír, og aðrir þrír af hendi þeirra velnefndu bræðra, hvörjir grandvarlega eftirsjá hvort nefndur reikningur sé þeirri peninga *summu* samhljóða sem hér er áður innfærð, svo það megi auka eður minnka skuldina ef misreikningur verða kann, hvör reikningur staðinn sé fyrir alþing eftirkomanda árs 1698, einninn kunni nokkurt skjal eður *revers* að finnast eður framkoma sem það sýni að vor sálugi herra biskup hafi nokkrum kennimanni af sjálfs síns örlæti eður góðvild meira eður minna af nefndri peninga *summu* í gjafarnafni tillagt eður útilátið, þá kortist jafnan *summan* fyrir þann mun eftir réttu tiltölu.

3. Kom fram fyrir *synodum* skrifleg umkvörtun sex sóknarmanna úr Patrífirði og Sauðlausdals kirkjusókn, í hvörri þeir fyrir hans velbyrðigheitum herra amtmanninum Christian Muller frambera að þeir fátæktar og uppáfallinna harðinda vegna girnast sig undanmæla (af annars vægð fá kynni) að gjalda þann vættartoll til kirkjunnar að Saurbæ á Rauðasandi sem skattbændur í nefndri sókn téðri kirkju frá fornri tíð langvaranlega greitt hafa, hvörja þeirra umkvörtun velnefndur herra amtmaðurinn hefur *remitterað* undir þessa *synodum*, annaðhvort undir fullkomna ályktun eða og hæfilega *moderationem* í millum téðrar kirkju og fyrrgreindra skattbænda. *Item* voru nú hér fyrir dómi upplesnir

máldagar nefndrar Saurbæjarkirkju, nefnilega þessara biskupa Vilkins, herra Gísla Jónssonar, *magisters* Brynjólfs Sveinssonar og *magisters* Þórðar Þorlákssonar, hvörjir allir máldagar skipa nefndri kirkju vætt skreiðar af hvörjum skattmanni innan þinga. Einnin var framlögð handskriftuð útskrift af dómi þeim sem herra Gissur biskup í Skálholti hafði ganga látið 1546, í hvörjum hann skipar og dæmir með fullu dómsatkvæði áðurnefndri Saurbæjarkirkju til ævinlegrar eignar sínar gamlar tollvættir, hvalvættir, skæðatolla og smátíundir, svo sem áðurgreint bréf sér líkast hermir. Er þess vegna andsvar hér samankominna kennimanna að vær þykjustum ei myndugleika tilhafa kirknanna máldaga og gömul skjöl að *reforma* eður til baka ganga, einkum þau sem um svo langan aldur mótmælalaust og hvort öðru samhljóða haldist hafa, undir hvörri grein vér skiljum skjöl og máldaga títtnefndrar kirkju að Saurbæ á Rauðasandi, en sökum þess oss sýnist þeim mönnum sem þessa umkvörtun gjört hafa frekari þyngsli álögð verið hafa af þeim fyrri biskupum í þessu vættargjaldi en sérhvörjum öðrum þessa lands innbyggjurum, þá virðist oss sanngjarnlegt og vægðarsamlegt að þegar uppáfalla harðinda- og fiskileysisár, að nefnd vætt mætti þá Saurbæjarkirkju forsvarsmanni greiðast í þarflegum landsaurum kvikum eður dauðum eftir því sem kirkjunnar forsvar sér og veit bændanna þörf tildraga, eður hvað framar í nefndu máli uppá þeirra síðu *limiterað* yrði, en sett til hans velbyrðigheita herra amtmannsins góðrar aðstoðar og velþóknunar.

4. Voru framlögð fyrir *synodum* tvö innlegg heiðurligra kennimanna séra Jóns Gíslasonar forðum sóknarprests að Miðdal og séra Péturs Ámundasonar sóknarprests að Mosfelli í Mosfellssveit, í hvörjum þeir umkvarta sína fátækt, vanheilsu og elliburði, og óska alúðlega að sér nokkuð tilleggjast mætti af þeim *beneficii* í þessum Sunnlendingafjórðungi sem fátækum uppgefnum kennimönnum til uppheldisnota *taxeruð* verið hafa. Framlagði eruverðugur prófasturinn í Kjalarnesþingi séra Oddur Jónsson sendibréf heiðurligs kennimanns séra Hallkels sáluga Stefánssonar af *dato* Lambastöðum 1696 8. nóvember, í hvörju hann prófastinum tilkynnir að frá Breiðabólstað austur hafi hann hvorki í ár né í fyrra neitt meðtekið, einnin vanti sig hjá séra Halldóri í Bæ 10 aura síðan í fyrra og biður prófastinn alúðarsamlega í Guðs nafni að hann sér aðstoð veita vildi, svo að njóta mætti þeirra útláta sem yfirvaldið hefði sér til uppheldis ánaðnað, hvörs vegna staðahöldurum að Breiðabólstað í Fljótshlíð og Gaulverjabæ er hér með alvarliga tilsagt nefndan *restans* af tillagi séra Hallkels sáluga Stefánssonar greiðuglega og mótmælalaust í té að láta, nær þeir þar um af yfirvaldinu ávarpaðir verða, nema nefndir staðahaldarar kunni skjallegt og skriflegt *revers* að sýna að ákveðnu tillagi útvarað hafi, því öngvan veginn hæfir skyldugum og uppáboðnum ölmusugjörðum inni að halda, fátækum og nauðlíðandi Drottins kennimönnum til ónáungalegs afdráttar.

Var nú svo ályktað og niðursett af *taxeruðum beneficiis* þessa fjórðungs að á þessu ári skuli séra Jón Diðriksson í sitt tillag upþæra af Holti undir Eyjafjöllum 30 álnir, af Breiðabólstað 60 álnir, *item* þær 80 álnir sem sálugi séra Hallkell lýsir að hjá þess staðarhöldurum *resteri*, svo hans tillag verði af nefndum stöðum að upphæð 1 hundrað 50 álnir. Séra Jóni Gíslasyni af Holti undir Eyjafjöllum 20 álnir, af Odda 60 álnir, af Gaulverjabæ 50 álnir, svo hans *qvotur* verði að upphæð 1 hundrað 10 álnir. Séra Péttri Ámundasyni er tileinkað af Görðum á Álftanesi 40 álnir, af Reykholti 40 álnir, af Melum í Melasveit 40 álnir, svo hans *qvotur* verði eitt hundrað.

5. Kom til tals *in synodo generali* hvörsu höndla skyldi við umflakkandi utansveitar og langt að komandi manneskjur sem aftur og fram um stiftið sér bjargræðis leita, hafandi þó ei neinna skilríkra manna vitnisburði eður seðil prestanna uppá sín kristileg fríheit að í þeim óhindraðir séu, hvort prestunum sé vítalaust þess háttar menn til heimuglegrar aflausnar og herrans kvöldmáltíðar að meðtaka jafnvel þó eftirleiti, þar ei liggur stór nauðsyn við uppá þeirra heilsufar innra eða ytra. Einnin um þau ungmenni sem í soddan máta flakka með föður eða móður um sveitirnar á ómagaaldri, hvör foreldrarnir segja til herrans kvöldmáltíðar tekin verið hafa, ásamt sér, en hafa þó ekki *special* seðil af prestinum fyrir sína meðtekning. Um þá fyrri fullorðna eru nálægir kennimenn öldungis samhljóða þeirri ályktun og dómsatkvæði sem sá sálugi herra *magister* Brynjólfur Sveinsson ganga lét að Vallanesi *anno* 1641 10. ágúst, hvar svo er ákveðið að þvílíkir hlauparar nauðsynjalaust ekki meðteknir séu til heimuglegrar aflausnar, heldur sé frávísað að sækja sína kynning til þess prestsmanns, úr hvörs sókn þeir segjast vera komnir, hvör eð skrifa sína meðtekning um háttalag þeirra hinna sömu með handskriftuðu nafni og undirþrykktu signeti, svo þekkjast megi hvort soddan vitnisburðarbréf sé skilvíst eður uppdiktað *etc.* Einn hvör prestur sem hér á móti gjörir, takandi þess háttar menn út af sjálfs síns eigin vilja án sérdeilis veikleika, þar þeir hyggja þeirra lífi hætt, gjaldi 5 aura til hjálpar fátækum prestum þar í nálægð, og hafi prófastur magt til það að heimta og út að býta eftir því sem honum þykir helst viðþurfa. En um þau ungmenni sem á ómagaaldri eru höldum vér fullkomlega að þeim einnin beri prestanna *special attest* að hafa um sín kristileg fríheit ei síður en þeir fullorðnu, því þótt þau á ómagaaldri séu ekki svo sem fullorðnir menn undirgefin veraldligum lagarétti, þá eftir það þau hafa til herrans kvöldmáltíðar meðtekin verið, komast þau strax undir *disciplinam ecclesiasticam* ef í nokkru brotleg verða eða forsómunarsöm í sínum sáluhjálparefnum.

6. Óskaði *praeses* þessarar *synodi* séra Árni Þorvarðsson vegna eðla göfugrar og guðhræddrar höfðings hústrúr Guðríðar Gísladóttur og hennar eðla og eruverðugu ástkæru sona, skólameistarans Þorláks og Brynjólfs Þórðarsona af

nálægum kennidómi einfaldrar sannleiks meðkenningar um lífernisháttu, lærdóm og embættis útrétting þess veleðla háeruverðuga og hálærða herra *magisters* Þórðar Þorlákssonar forðum *superintendentis* Skálholtsstiftis (blessaðrar minningar), hvör meðkenning með einum huga og hljóði var af öllum nærverandi kennimönnum svo í té látin sem eftirfylgir.

Góðfúsúsum og guðhræddum lesendum og áheyrendum eftirfylgjandi orða óska samankomnir kennimenn þessarar Skálholtsstiftis prestastefnu náðarríkrar Guðs blessunar, árnaðarorðs Jesú Kristi og meðbýtingar heilags anda.

Mjög eftirtektaverð og minnisstæð ættu öllum þeim að vera orð þess vísa mannsins Sýrak sem guðlega lifa og kristilega deýja vilja, er þannin hljóða: En þeim helgum mönnum hvörra réttlæti ekki gleymt verður er einn góður arfur eftirlátinn og þeirra börnum. Þeirra eftirkomendur hafa í sáttmálanum staðið og fyrir þeirra skuld hafa þeirra barnabörn blífið ævinlega, og þeirra lof mun ei dvína, þeir eru í friði greftraðir, en nafn þeirra lifir eilíflega. Lýðir munu segja af þeirra vitsku og söfnuðurinn boðar þeirra lof. C. 44.

Ei mun sá stórum villt fara sem þessa núnefnda málsgrein með guðrækilegri fhugan samanbera vildi við sómasamlegan uppruna, farsæla framleiðslu, guðrækilega lífernisháttu og sigursæla útför, heiðarliga greftran og blessaða minning þess veleðla, háeruverðuga og hálærða herra *magisters* Þórðar Þorlákssonar forðum *superintendentis* Skálholtsstiftis, vors háttaktandi ástríka yfirmanns og andliga föðurs í Drottnei, hvörn allur flokkur réttsinnaðra orðsins þénara og gjörvallur hópur kristinna safnaða þessa Skálholtsstiftis eftirþreyjanlega tregar. Sá loflegi herra er um sinn við oss skilinn, svo sem Guði þóknaðist fyrir dauðlegan afgang, en hans dyggða minning er staðföst eftir hjá oss eftir guðlegum fyrirheitum. Er sú þess vegna einföld og hreinferðug sannleiks meðkenning vor að velnefndur háeruverðugur herra sálugi *magister* Þórður Þorláksson var að vorri heyrn, vitund og raun, innan og utan kirkna í allri sinni embættisframför og útréttingu og í einu orði í öllu sínu framferði leynt og ljóst, svo á sig kominn sem einum trúlyndum og velskikkuðum Guðs þénara bar og sómdi að vera í því háverðuga embætti sem sjálfur Guð hafði hönum uppálagt. Þess erum vér vottar að hann á sér bar og sýndi þau sömu kennimerki sem heilagur Paulus sínum lærisveini Timotheo fyrirskrifar að réttum biskupi fylgja skuli. Framvegis óskum vér af alhuga að manndyggð hans og góðverk öll er hann í trú og tárúm í akur kristilegrar kirkju kostgæfilega niðursáð hefur, mætti farsællega frjóvgast og dafna, Guðs rétttrúuðum börnum til æskilegustu nota, fulltrúandi að hann, sem svo góðtrúaðra fyrirmyndan var, muni dyggð sína og kostgæfni á þeim degi Drottins vors Jesú Kristi með fagnaði eilífs lífs fullkomlega uppskera. Lifið sælir góðfúsi lesari og óskið þeim öllum góðs sem þreyja eftir affallna kórónu af sínum höfðum.

Öllu ofan- og framanskriðu til sannindamerkis og staðfestu skrifum vér vor nöfn hér að neðan með eigin höndum *in synodo generali* að Þingvelli anno 1697 dag 7. júlí.

7. Þann 7. júlí innlagði fyrir *synodum* eðla og velvís *vice* lögmaðurinn herra Páll Jónsson innlegg heiðurlegs kennimanns séra Einars Torfasonar og því fylgjandi tvo sýslumannsdóma gengna á Broddanesi *annis* 1690 og 1697, *item* áminning valdsmannsins Rögnvalds Sigmundssonar til sóknarmanna Fellskirkjusóknar í Kollafirði, að þeir nefndrar kirkju veggi upphlaði, hvör skjöl hér voru eftir prestsins ósk opinberlega upplesin. Og eftir því sá fyrri dómur er héðan úr *synodo* áður *remitteraður* með sínu inntaki og *circumstantiis* til æðra yfirvalds, hvað gilda skuli, en sá síðari er settur fyrir eðla og velvísan herra lögmanninn Laurits Christiansson til þessa alþingis, þá þykjast prestarnir afsakaðir að svo stöddu þótt þeir ei ályktun gjöri um kúgildin á Felli eður þeirra missir. Það viðvíkur þeim þriðja pósti innleggs séra Einars Torfasonar að merkja er eftir framkomna áminning valdsmannsins. Er alvarligt atkvæði og ályktun *synodi* að þessarar fátæku kirkju sóknarmenn séu fullkomlega skyldugir að byggja og bæta kirkjuveggina og sérhvört torfverk að vinna sem kirkjan nauðsynlega meðþarf, nær þeim það réttilega til sagt verður, eftir *ordinantiunnar* hljóðan, einkum þar framkemur að matur hafi verið þangað fluttur og tilætlaður þeim sóknarmönnum sem að nefndu torfverki þjóna áttu.

Þetta framan- og ofanskriðu í 7 póstum svo framfarið vera á þessari stiftisins prestastefnu og ályktað af tilnefndum dómsprestum og stiftisins kennidómi, en fullkomlega samþykkt í sínum greinum og *articulis* af *praesido synodi* prófastinum séra Árna Þorvarðssyni, vottum vér undirskrifaðir er vor nöfn hér undirsetjum til staðfestu og vitnisburðar, Þingvelli dag 7. júlí anno 1697.

Christian Muller
Oddur Jónsson eh
Jón Magnússon mpp
Björn Stefánsson meh
Benedikt Jónsson eh
Séra Hannes Björnsson eh
Séra Þorbergur Illugason eh
Daði Steindórsson meh

Árni Þorvarðsson eh
Steinn Jónsson eh
Þórður Oddsson meh
Snorri Jónsson eh
Högni Ámundason eh
Daði Halldórsson eh
Gunnar Einarsson meh
Jóhann Þórðarson mpp

Viðauki

Úr bréfabókum Þórðar biskups Þorlákssonar og dálítið meira

Skjölin sem fylgja eru höfð í tímaröð og eru tekin úr bréfabókum biskups og fáeinum stöðum öðrum, en eitt innan úr prestastefnubókinni sjálfri. Greinargerð fyrir valinu er í inngangi á bls. 37-38 og þar getið heimilda fyrir hverju þeirra, auk þess sem annað er útskýrt sem máli skiptir.

Áminningarbréf til Guðrúnar Halldórsdóttur um auglýsing hennar barnsfaðernis

Þórður Þorláksson að Skálholti óskar Guðrúnu Halldórsdóttur heilags anda upplýsingar og kröftugrar aðstoðar til sannrar iðranar og yfirbótar Guði þægi-legrar en henni heilsusamlegrar í Jesú nafni.

Hér með læt ég þig vita Guðrún Halldórsdóttir að ég hefi heyrt og fornumið (hvað Guð náði) að þú enn nú áfram haldir í þinni þrjótsku í því að vilja ekki lýsa föður að þínu barni sem þú ólst á fyrirfarandi ári. Og með því soddan hneyksli og fáheyrdur trássugleiki er ekki líðandi í Guðs barna söfnuði öðrum til versta eftirdæmis, þá neyðist ég til eftir skyldu míns embættis að hlutast nokkuð hér til, hvörs vegna ég áminni þig nú í Guðs nafni að þú gætir Guðs og þinnar sáluhjálpar, meðkennandi og í ljósi látandi sannleikann um þessa þíns barns faðerni, svo þar af rísi ei meira vandræði bæði fyrir þér og öðrum. Það er að sonnu illt að drýgja syndina en þó er það mannlegt. En að binda grátt ofan á svart og framfara í þrjótsku og þrákelni, vilja ekki játa sína synd fyrir Guði og mönnum sem sérhvör maður er skyldugur, það er ekki mannlegt heldur djöfullegt og af andskotans ráðum og innblæstri.

Játa vil ég Drottni mínar yfirtroðslur, segir Davíð, þá fyrirgafst þú mér misgjörning minna synda. Gjör nú þess vegna eftir hans góðu dæmi og drag ei lengur dulur á þann misgjörning heldur seg fram sannleikann og bið Guð um náð á meðan náðartíminn er, því dauðinn er vís en dánarstundin óvís. Athuga og yfirveg þá stóru Guðs náð við þig framkomna, að hann hefur allt til nálægrar stundar liðið þig með heilsu og heilbrigði og beðið eftir þinni iðran og yfirbót. Því upplúk nú loksins í Guðs nafni dyrum þíns hjarta og veit ei mótstöðu

heilögum anda í þann máta að fara lengur áfram í þessari þinni þrjótsku, heldur lát þér vera nokkuð umhugað um þína sáluhjálp að þú sért ei lengur svo sem annar heiðingi útilukt frá þínum kristilegum friðheitum, hvað helst oflengi hefur verið. En viljir þú ekki þessum hollum ráðum gegna, hvar til ég vil þó ei geta, þá máttu ekki aðeins búast við frekari alvarlegri kirkjunnar umvöndun, heldur og svo tilheyrilegu straffi af veraldlegu yfirvaldi. Guð allrar náðar veiti þér síns heilags anda fulltingi þessarri minni velmeintri áminningu að hlýða, þér sjálfri til hins besta, og leiði þig af þessum þínum villuráfandi vegi á rétta sáluhjálparinnar braut í Jesú nafni.

Bið ég heiðurlegan kennimann séra Magnús Einarsson þetta mitt opið bréf að lesa yfir Guðrúnu Halldórsdóttur í tveggja ærlegra votta viðurvist og skrifa hér uppá hennar svar.

En til sannindamerkis öllu þessu skrifa ég mitt nafn hér undir með eigin hendi að Skálholti þann 15. janúar *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

Copie af opnu bréfi sóknarmönnum í Staðarþingá
í Steingrímsfirði tilskrifuðu um svar uppá þeirra bréf
áhrærandi þeirra sóknarprest séra Einar Torfason

Þórður Þorláksson *superintendens* Skálholtsstiftis heilsar góðum og guðhræddum sóknarmönnum Staðarkirkju í Steingrímsfirði með kveðju Guðs og bestu óskum.

Hér með kunnugt gjörandi að ég meðtók þann 13. janúar þessa árs *anno* 1677 bréf sóknarmanna í Staðarþingá í Steingrímsfirði, hvörs *datum* er skrifað Skeljavík *anno* 1677 þann 28. desember, en undirskrifað af þessum tíu mönnum Árna Einarssyni, Jóni Kolbeinssyni, Hallkeli Pálssyni, Kolbeini Jónssyni, Einari Gunnlaugssyni, Birni Ásgeirssyni, Bjarna Klemenssyni, Ögmundi Bjarnasyni, Jóni Ólafssyni yngra, Jóni Bjarnasyni. Hvörs bréfs sérlegasta efni og inntak er þetta, að með því virðuglegur prófasturinn séra Guðbrandur Jónsson hafi þessum greindum mönnum í tvær reisir til mín vísað með þeirra nauðsynja málefni, er risið hafi og risi af því vanrykti sem liggi og legið hafi á séra Einari Torfasyni og Guðrúnu Halldórsdóttur, hvör nefnd Guðrún ei hafi enn nú sitt barn sem hún á næst fyrirfarandi ári ól að þeirra vitund feðrað. Hvörs vegna oftgreindir sóknarmenn Staðarkirkju tjá sig ei fría né óneydda samvisku hafa séra Einar Torfason fyrir sinn sóknarprest að hafa sökum svo stórs hneykslis, einkum meðan málið er ekki til lykta gengið, óskandi þess vegna og umbiðjandi að yfirvöldin eftir sinni skyldu þennan vanda aftaka vilji, einkum þar þeir (þessi tíu sóknarmenn) séra Einar Torfason og hans prestlega þjónustu afsagt hafi vegna téðra orðsaka.

Er þetta mitt einfalt svar uppá þetta fyrrgreint bréf Staðarkirkju sóknarmanna:

1. Fyrst að ég kann ei vel skilja hvörninn heiðarlegur prófasturinn þessu máli enn nú að minni vitund *ótracteruðu* og óprófuðu til mín viku, þar ég meinti það fyrst í héraði *tracterast* eiga svo mikið sem andlegum víðvíkur, áður en til mín kæmi. En þó ég vel viti að velnefndur prófasturinn sé að sönnu nokkuð fjærstaddur þá er þó öllum augljóst að ég er miklu fjarlægri, og er þess vegna fyrir mér miklu óhægra og nær ómögulegt um aðgjörðir þessa máls að svo stöddu. Því vísa ég þessum góðum mönnum aftur til þeirra héraðsprófasts um þetta sitt mál svo hann þar úti gjöri sem hans embættisskylda útkrefur, en þegar það réttilega fyrir mig kemur skal ég því gegna eftir því sem Guð vill sína náð tilgefa og mínu embætti viðkemur.

2. Þar næst það víðvíkur faðerni barnsins þá er mín meining að það viðkomi ei síst veraldlegu valdi þar eftir að grennslast af konunni, með því ég formerki hún vilji ei það lostuglega segja. Hefi ég samt sem áður ei aðeins tilsagt hennar sóknarpresti séra Einari Torfasyni hana kostgæfilega að áminna til sannrar iðranar og sannleiksins viðurkenningar, heldur og svo sjálfur einn alvarlegan áminningarseðil henni tilskrifað að hún ei lengur í þessari sinni þrjótsku framfari, svo minni forsómun yrði þess síður umkennt í því mínu embætti víðvíkur.

3. Í þriðja máta þar oftgreindir sóknarmenn Staðarkirkju afsegja séra Einar Torfasen fyrir sinn sóknarprest og sálusorgara sökum uppkomins hneykslis og umbiðja um annan prest í hans stað, þá sé ég ekki með hvörjum rétti þeir kunni hann að svo komnu afsegja eður ég honum frávísa og annan kennimann í hans stað að skikka að óprófuðu máli og öngvum löglegum áburð framkomnum. Hneykslið það þeir umgeta er ekki enn nú að mínu viti augljóst eður opinbert orðið uppá séra Einars síðu, og mun flestum óforsjállegt og óviðurkvæmilegt sýnast honum frávísa sínu embætti einungis fyrir misgrun nokkurra þeirra sem hann kannski meiner vera og verið hafa sér mátulega velviljaða, eður ósvarins og óbevísads ryktis, hvörs höfund ég veit ei enn nú augljósan vera.

4. Það víðvíkur orðsökinni hvörs vegna oftéðir sóknarmenn þykjast ei geta prestlega þjónustu af séra Einari þegið, sem þeir segja að vera sína veika samvisku vegna þessa uppkomins ryktis, þá svara ég því til að ég veit ei né skynja betur en séra Einar sé enn nú að svo stöddu óhindraður í sínu prestslegu embætti á meðan hann er ei á málínu lögfallinn eður að minnsta kosti fullkomlega borinn, [því] um heimuglega [hlu]ti skal söfnuðurinn ei dæma.¹ Þess vegna held ég að góð Guðs börn megi ei síður nú en áður prestlega þjónustu af séra Einari þiggja með góðri samvitsku, því skyldi sá sem prestlegu embætti þénar

1 því um ... ei dæma: á spássíu sem skorið hefur verið af

endilega vera sannheilagur og grunlaus um alla synd þá mundi næsta lengi leita mega að þvílíkum kennimanni, en það er ei þannin. Kraftur og myndugleiki þjónustugjörðarinnar hangir ekki af persónunni sem hana fremur, heldur af sjálfum Guði sem hana hefur innsett og hana kröftuga gjörir, sem augljóst er af Guðs orði. Því er það ekki viðurkvæmilegt né skikkanlegt að sóknarmennirnir jafnsnart sem þeim þykir nokkuð að við prestinn, eður hafa nokkurn grun á honum um eitthvað, að afsegja hann þá strax og kenna um samvisku sinni að þeir geti ei prestlega þjónustu af honum þegið, því ef sérhvor er dóms verður fyrir sínu að hafa þá er og svo presturinn þess verður fyrir heiðri sínum og embætti, með því það er mikils vert. Meina ég mig þess vegna fyrir Guði og mönnum afsakaðan vera þó ég ekki að svo komnu sóknarmönnum í Staðarþingá annan prest skikki eftir þeirra ósk, viljandi það gjarnan gjöra þegar þörf krefur. En séu nokkrir (hvað ég öngvanveginn til góðra og guðhræddra manna get) sem meir af óvild en réttindum eður nauðsyn vilja ei kennimannlega¹ þjónustu af séra Einari þiggja á meðan ekkert uppá hann bevísast, hvar fyrir honum beri af sínu prestlegu embætti að setjast, þá ábyrgist þeir það sjálfir.

5. En uppá það friður og eindrægni megi því betur haldast í söfnuðinum þá vil ég fyrir mína persónu það framast ég má og mér er leyfilegt samþykkja það sem stendur í *copiu* af prófastsins bréfi mér séðri af Staðarsóknarmönnum (hvörja þeir játa nærhæfis rétt útskrifaða vera), sem mér skilst þeirrar meiningar að séra Magnús Einarsson megi að þessu sinni til heilags altarisins *sacramentis* meðtaka nokkrar persónur í Staðarþingá sem það kristilega og tilbærilega girnast með réttilegum tilbúningi og samþykki sóknarprestsins séra Einars, vonandi að séra Einar muni því ei móttæðilegur vera friðarins vegna, hvar til ég vil og svo mína bón leggja að hann það eftir þeim láti í þetta sinn að séra Magnús þeim heilagt altarisins *sacramentum* meðdeili, annaðhvort að sóknarkirkjunni Stað í Steingrímsfirði eður að hálfkirkjunni Kálfanesi.

Að síðustu er ég góða menn áminnandi og umbiðjandi heldur að niðurdempa en uppæsa ónauðsynlegt kíf og þrætur í söfnuðinum öðrum úti frá til góðs eftirdæmis, hvar með ég er oss alla Guði eilífum og orði hans náðar trúlega befallandi.

Actum Skálholti þann 15. janúar *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

1 kennimannlega: breytt úr *prestlega*

Copie af bréfi séra Magnúsi Einarssyni tilskrifðu
um áminningarseðils upplesning
fyrir Guðrúnu Halldórsdóttur og meðtekning til heilags
altarisins *sacramentis* nokkra persóna í Staðarþingá

Heiðurlegi og vellærði kennimann elskulegi vin séra Magnús Einarsson *etc.* Sérlegasta efni þessarra fárra orða að þessu sinni er það að ég bið yður að lesa þennan innlagða seðil fyrir Guðrúnu Halldórsdóttur að hennar heimili í tveggja erlegra votta viðurvist og síðan uppá seðilinn skrifa hennar svar, hvörninn sem það er látandi, og það svo undirskrifa með yðar og vottanna handskriftum, en seðilinn mér síðan senda með vissum ferðum innan í yðar bréfi. En óski prófasturinn hann að sjá þá hann kemur þar til yðar þá munuð þér honum það í té láta. Guð náði þá konu og gefi þessu vandamáli góða endalykt.

Ég formerki að heiðurlegur prófasturinn séra Guðbrandur muni samþykkt hafa að þér meðdeilduð heilagt altarisins *sacramentum* nokkrum persónum í Staðarþingá sem þess með kristilegum tilbúningi tilbærilega óska, hvað ég vil og svo fyrir mína persónu samþykkja það frekasta ég má, svo framarlega það sker með vilja og samþykki séra Einars Torfasonar, hvörn ég held enn nú vera þeirra réttan sóknarprest á meðan hann er ei lögfallinn á því máli sem uppá hann er kært og ekkert skjállega bevísast, hvar fyrir honum beri sitt tiltrúað kennimannlegt embætti að missa, því slíkt á ei að ske einungis af hatri eða óvild til prestsins, hvörs ég öngvaneginn til góðra og guðhræddra manna vil geta. Sé svo að nokkrar veikar manneskjur á sóttarsæng sinni vitji yðar þjónustu úr Staðarþingá, þá munuð þér þeim þess ekki synja að svo stöddu, hvað yður mun næst herrans hjálp vítalaust vera. Ei heldur mun séra Einar þar uppá klaga, því við soddan manneskjur er vandfarið. Guð eilífur snúi öllum vandræðum til góðs og gefi sinni kristni góðan frið um vora daga í Jesú nafni *etc.*

Skálholti þann 15. janúar *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

Copia af andsvari uppá bréf séra Árna Einarssonar

Heilsan í Guði tilsendist yður nú og jafnan, erusami og vellærði heiðursmann séra Árni Einarsson. Næst bestu óskum ávísast yður að ég meðtók yðart tilskrif með þessum yðar sendimanni, hvörs efni og inntak ég formerki er hið sama sem hins bréfsins er þér og nokkrir aðrir sóknarmenn í Staðarþingá mér tilskrifðu um óauglýst barnsfaðerni Guðrúnar Halldórsdóttur og mótmæli ykkar sóknarmanna Staðarkirkju að hafa og halda séra Einar Torfason fyrir ykkar sóknarprest. En með því ég hefi skrifað greindum sóknarmönnum eitt opið bréf til, hvar inni þér og þeir kunnið að sjá mína meining um yðar bréfs efni og inni-

hald, þá er nauðsynjalaust það hér að *repetera*. Mér þykir undarlegt að þið gjörðið ykkur svo bráðan bug að afsegja séra Einar á meðan þið vitið ei hvort hann er sannur að sök eða ei. Margt fer öðruvísi en ætlað er, hvör veit nema annað komi upp síðar, þá mundu sumir máské vilja færra hér um talað hafa, kannski nokkrir finnist sem meini þetta nokkuð vera *ex affectu*.¹ Það er nokkuð fáheyrt að sömu skuli vera *actores, testes* og *judices*.² Þið skrifið í ykkar bréfi prófastinum til að ég muni ekki honum vorkenna að setja ykkur annan prest í staðinn séra Einars, einkum þar þið vitið svo við hafa gengist á ykkar dögum þó minni orðsök væri. Þar getið þér ekki rétt til, því vissulega vorkenni ég prófastinum það, með því ég veit þar ekki lög til í soddan máli ei lengra komnu. Líka er mér það *exemplum* ókunnugt sem þið *citerið* en *contraria exempla*³ veit ég nokkur, og á meðal þeirra það að sá prestur sem fengið hafði almennilegt rykti um galdramál var ályktaður að mega kennimannlegt embætti fremja þar til eiðurinn honum dæmdist, hvað hann og svo framdi að ég meina nokkra stund eftir það hann hafði áburðinn fengið.⁴ Voru óbernskir menn í þeirri sókn og höfðu þó góða samvitsku kennimannlega þjónustu af honum þiggja. Fleiri *exempla* hirði ég ekki að þessu sinni saman að tína. Þess vegna kann ég ei að skilja fyrir hvörja viktuga orðsök að þér og aðrir sóknarmenn Staðarkirkju viljið forlata yðar sóknarkirkju svo lengi sem presturinn heldur sínu embætti og predikar hreint og klárt Guðs orð.

Það viðvíkur yðar spursmáli hvor það sómi eða leyfist prestinum sitt eigið mál sjálfum að úrskurða eður dæma sneiðilega sinn mótpart í predikunarstólnum, þar til svara ég eftir mínu fáfræði að það sómir honum eins lítt og öðrum sem hann vilja dæma að óprófaðri sök og þar eiga ekki með, því hvoru- tveggju dómarnir eru ónýtir og einskis aktandi. En langt er þar frá ég *approberi* nokkur skensorð í predikunarstól hvör þar eiga ekki heima. Það þér skrifið að þér vitið ei reglu til að þið sóknarmenn Staðarkirkju skylduð svo lengi frá *sacramenti* haldast án vissra saka, þá veit ég ei hvör ykkur hefur þar fráhaldið nema máské sjálfir þið. Ég skrifa nú til prófastinum með þessum sendimanni og óska að hann prestastefnu haldi um þetta mál með fyrstu hentugleikum, með því hún hindraðist í haust, og bið ég yður og aðra góða sóknarmenn Staðarkirkju að koma þessu bréfi fyrir með fyrstu lélegheitum. Séra Magnúsi Einarsyni hefi ég og tilskrifað og honum innan í mínu bréfi sent þann áminningarseðil, hvörs getið er í mínu bréfi til sóknarmannanna, hvörn seðil ég hefi beðið hann að lesa fyrir Guðrúnu Halldórsdóttur í tveggja ærlegra votta viðurvist.

1 Þýðing: Byggt á tilfinningum.

2 Þýðing: Ákærendur, vitni og dómara.

3 Þýðing: Dæmi og gagnstæð dæmi.

4 *nokkru stund ... fengið: breytt úr allt þar til eiðfrestaríminn var úti*

Þessu bréfi séra Magnúsar bið ég yður og svo fyrir að koma til hans með vissum ferðum það allra fysta, *etc.*

Skálholti þann 15. janúar *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

Copie af bréfi séra Einari Torfasyni tilskrifuðu um kærumál hans sóknarmanna

Næst bestu óskum *etc.* Ávísast yður að nokkrir sóknarmenn yðar tíu að tölu hafa mér tilskrifað eitt bréf með þessum þeirra sendimanni Jóni Bjarnasyni, hvörs helsta efni og inntak er það að þeir tjá sig sökum vanrýktis uppkomins af barneign Guðrúnar Halldórsdóttur ei samvisku hafa prestlega þjónustu af yður að þiggja á meðan þér því rykti ei af yður hrindið, helst þar þeir yður afsagt hafi fyrir sinn prest og kennimann. Nú með því að þetta mál er mér að mestu ókunnugt, nema hvað þeir sjálfir undirréttu, hvað mér þykir ófullkomið, og þér eruð ei heldur nálægir til andsvara, þá hefi ég þessu þeirra kærumáli aftur frá mér vikið um sinn til héraðsprófastsins heiðurlegs séra Guðbrands Jónssonar. Þó sem áður hefi ég þeim mína meining tilskrifað að ég sæi ei með hvörjum rétti þeir kynni yður að afsegja, eður ég eftir þeirra ósk þeim annan prest tilskikka, að þessu máli óprófuðu og *ótracteruðu*. Ég formerki að þeir steyti sig þar á að þessi kona hafi oftast verið á yðar heimili jafnvel síðan hún barnið ól, og þér eftir þeirra hyggju munuð lítinn gaum aðgefið hafa hana að áminna sannleikann í ljósi að láta. Nú þó ég tvíli ekki uppá að þér munuð hana heimuglega áminnt hafa eftir yðar embætti, þá óska ég þér vilduð það framvegis ekki forsóma hana til sannrar iðranar og sannleikans auglýsingar á sínu barnsfaðerni alvarlega að áminna, svo hún ei alls of lengi þarfnist sinna kristilegra fríheita, sjálfri sér til skaða og öðrum til hneykslis, því hvaða iðranarmerki er það fyrir hana að fara fram í þrjótsku og vilja ei auglýsa föður að sínu barni, öðrum úti frá til versta eftirdæmis. Barnseignina þarf hún ei frammar að meðkenna því hún er augljós, heldur hitt. En þó veraldlegu yfirvaldi beri að sönnu hér eftir að ganga vegna straffs og sekta, þá á kennimaðurinn ei að síður að gæta síns embættis í því að áminna hana að vera ei hirðulausa um það sem hennar sálhjálparefnum viðvíkur. Hefi ég henni, mér til afsökunar fyrir Guði og mönnum, einn áminningarseðil tilskrifað, hvörn ég hefi beðið séra Magnús Einarsson fyrir henni að lesa. Guð lagfæri þetta og allt annað sem aflaga fer.

Ég formerki að prófasturinn séra Guðbrandur hafi fyrir sína persónu samþykkt að séra Magnús Einarsson mætti með yðar *consensu* til heilags altarisins *sacramentis* meðtaka þær 10 persónur í Staðarþingá sem honum hafa tilskrifað, hvað ég og svo, svo mikið sem ég má, samþykkt hefi, en þó með þeirri *conditione* að það sé með yðar vilja og leyfi, óskandi að þér vilduð þetta að þessu

sinni friðarins vegna *concedera* að þessir tíu menn með þeirra konum og börnum allir vel og tilbærilega tilreiddir mættu heilaga aflausn og kvöldmáltíðar *sacramentum* af séra Magnúsi meðtaka, annaðhvort á sóknarkirkjunni Stað í Steingrímsfirði eður hálfkirkjunni Kálfanesi, einkum í þetta sinn, þar til Guð gefur lagfæring á þessu sundurþykki. En þar fyrir þurfa þeir ei í nokkurn máta að forsóma sína sóknarkirkju, það Guðs orða heym viðvíkur, meina ég þó þetta samþykkið, að ámælislaust verði uppá yðar síðu og fyrir utan nokkurt *præjudice*. Einnin vona ég að þér munuð líða þó séra Magnús þjónusti nokkrar veikar manneskjur í yðar sókn á sóttarsæng sinni, ef þær þess óska, því við soddan skepnur er vangjört. Líka munuð þér *abstinera* af sneiðmælum, einkum í predikunarstólnum, uppá þessarra manna síðu en áminna þá hógværlega til Guðs ótta og kristilegs athæfis eftir yðar embætti, hvar ég tvíla ei uppá að þér munuð sjálfir best aðgæta, því þess betur sem yður fer bæði í orðum og atvikum við þessa menn því betur lítur yðar málefni út. Guð eilífur gefi yður bestu náð og stýri yður og öllum oss til alls góðs *etc.*

Skálholti dag 15. janúar *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

PS. Ég þakka yður kærlega fyrir tilskrifid og sendinguna með Ísleifi litla í haust. Hann lærir finlega eftir vonum og er efstur í neðra bekk. Fyrir mig hefur flogið að nokkur forlíkun mundi komin vera milli Eggerts Björnssonar og yðar um Steinadalsspart, hvör tíðindi ég vil gjarnan óska að sönn væri, en sé þar ei tilhæfi til þá bið ég yður það besta að stunda til að sáttargjörðin ykkar í milli megi vel haldast. Ég skal næst Guðs hjálp trúlega halda það ég hefi lofað og einnig ríktuglega betala yður landskuldina eftir partinn á alþingi í sumar lofi Guð. *Iterum vale.*

Inntak úr bréfi prófastinum séra Guðbrandi Jónssyni tilskrifuðu um mál séra Einars Torfasonar og hans sóknarmanna

Sérlegasta efni þessarra fárra orða í þetta sinn er að tilkynna yður að sóknarmenn Staðarkirkju í Steingrímsfirði tíu að tölu hafa mér eitt bréf tilskrifað sama efnis og inntaks sem ég formerki þeir hafi yðar heiðursemi áður umskrifað, sem er um þeirra sóknarprest séra Einar Torfason, að þeir þykjast ei hafa samvisku til að þiggja prestlega þjónustu af honum sökum þess vanrýktis sem upp um hann sé komið og rís af barneign Guðrúnar Halldórsdóttur. Meðtók ég þetta þeirra bréf þann 13. janúar þessa árs *anno* 1677 af þeirra sendimanni Jóni Bjarnasyni, í hvörju greindu bréfi þeir geta að þér hafið þeim til mín vísað með þetta sitt mál. En sökum þess að það er mér enn nú að mestu ókunnugt og þeirra mótpartur er hér ei að þessu sinni til andsvara nálægur, þá þykist ég þeim

ekki aðra úrlausn að svo komnu þar uppá gefið geta en vísa þeim aftur til yðar þeirra héraðsprófasts.

En það viðvíkur þeirra ósk, þar þeir biðja um annan prest á meðan málið er ei til lykta gengið, þá hefi ég þeim tilskrifað mína meining þar uppá að ég sæi ekki rétt eða lög þar til að þeir mættu séra Einar fyrir sinn sóknarprest afsegja eður ég þeim annan í hans stað setja að óprófuðu og *ótracteruðu* máli, þar hann hefur enn nú öngvan löglegan áburð fengið. Því það sýnist hart að frávísa honum sínu embætti alleinasta fyrir grunsemi og ósvarið rykti, hvað hann kannski meinar uppkomið vera hjá nokkrum þeim sem sér séu og verið hafi mátulega velviljaðir.

Mér sýnist hér mest áriða á konunnar lýsing að hún sé vel *examineruð* um sitt barnsfaðerni, því henni verður það ljósast að vera. Vona ég að veraldlegt yfirvald muni ekki gleyma sinni skyldu þar úti. Ég hefi henni alvarlegan áminningarseðil tilskrifað sannleikann í ljósi að láta og fara ei lengur áfram í þessari sinni þrjótsku, heldur láta sér nokkuð umhugað vera um sína sáluhjálp og kristileg friðheit, hvörninn sem hún því gegnir. Seðilinn hefi ég beðið séra Magnús Einarsson fyrir henni að lesa í tveggja ærlegra votta viðurvist og skrifa hennar svar þar uppá. Meir þykist ég ekki kunna þar úti að gjöra, vonandi mig þar með afsakaðan fyrir Guði og mönnum. Ég formerki bæði af yðar bréfi í haust, sem og tilskrifti Staðarkirkju sóknarmanna, að yðar tilsett prestastefna í Steingrímsfirði hafi hindrast. Því óska ég að þér nú í vor eð kemur lofi Guð tilsetjið aftur prestasamfund á Stað í Steingrímsfirði til prestslegs rannsaks og endilegs atkvæðis þessa máls, og mun hentugastur vera sá tími þegar sýslumaðurinn þingar þar í firðinum, svo hann kunni á prestastefnunni nálægur að vera til aðstoðar og fyrirgreiðslu málinu, og munuð þér kalla verða sem flesta presta yðar prófastsdæmis í Ísafjarðarsýslu. En kunni þá ei málið á tilsettri prestastefnu í héraði til lykta leiðast þá sé þar þó tekið allt próf og rannsak sem glöggvast má og sendist til næstkomandi prestastefnu á Þingvelli og *citerist* þangað sækjandi og verjandi með öll sín gögn og vitni undir úrskurð og ályktun *synodi*.

Ég vona að Staðarkirkju sóknarmenn muni senda yður útskrift af mínu bréfi sem ég þeim tilskrifaði, hvörs vegna ég vil þetta ei framar fjölyrða að þessu sinni *etc.*

Skálholti þann 18. janúar *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

PS. Yðar úrlausn þeim tíu mótmælendum séra Einars útgefinni, að séra Magnús Einarsson megi þá til heilagrar aflausnar og *sacramentisins* meðdeilingar að þessu sinni taka ásamt með þeirra konum og börnum öllum vel og tilbærilega tilreiddum, er ég samþykkur. En þar til þykir mér þó koma eiga samþykki séra Einars, því ég veit ei betur en hann sé enn nú þeirra sóknarprestur og að svo stöddu óhindraður í sínu prestslegu embætti. En þó þetta sé

eftir þeim látið um sinn, þá er það ei af skyldu neinni heldur vegna friðarins á meðan þetta ósamþykki lagfærist ekki. Þeir kenna að sönnu um sinni samvisku, en þar skyldi ekki vera annað orðsakarkorn með, sem er óvild og gamall óþokki til prestsins. En því skyldi þeirra samviska hindra þá frá þágu kennimannlegrar þjónustu af séra Einari, svo lengi sem hann heldur sínu embætti og er ei afsettur, og þetta rykti er hvorki svarið né satt gjört. *De occultis non judicet ecclesia*.¹ En þó ske mætti að þeim líkaði ekki allt við séra Einar þá eiga þeir að vita: *Efficaciam ministerii sacri non pendere a dignitate administrantis, sed ab autoritate instituentis*.² Því er það ótilheyrilegt að strax sem sóknarmönnum þykir nokkuð að við prestinn að hlaupa þá jafnótt til að afsegja hann og kenna um samvisku sinni, hvör regla nú tekur til, því miður, nóg mjög að tíðkast, en væri þó betur afsköffuð.

Þeir *citera exempla* að þeir viti í sína tíð svo hafa tilgengið, *scilicet*,³ að prestur ryktaður hafi verið *suspensu ab administratione officii*⁴ og hans mótmælendum annar prestur í hans stað skikkaður. En það *exemplum* er mér aldeilis ókunnugt, en veit og hefi mörg *contraria exempla* sem ég skal sýna á sínum tíma ef þörf gjörist. Því þurfa þeir hvorki yður né mér að kenna um útihald frá sínum kristilegum fríheitum, heldur mega þeir það kenna sjálfum sér og sinni einþykkni.

Ég hefi tilskrifað séra Magnúsi Einarssyni að hann mundi ekki heilagrar þjónustugjörðar synja veikum manneskjum í Staðarþingá sem þess af honum óska, einkum þeim sem liggja á sóttarsæng sinni, því við soddan skepnur er vangjört.

Annað minnst ég ei sérlegra að sinni. *Iterum vale*.

Ég sendi hér með á von og vara einn opinn seðil til prestanna í vestara parti Ísafjarðarsýslu, að þeir án forsómunar komi á prestastefnuna í Steingrímsfirði, nær sem helst þeim verður það af yður til sagt, hvörn seðil þér kunnið þeim að senda ásamt með yðar *citatiu* ef yður svo list. Ef konan vill ei enn nú auglýsa barnsfaðernið þá mun ekki síst koma til tals á prestastefnunni um ryktið, að skoða það og meta, og hvort séra Einar sé skyldugur sig þar frá með lagaeiði að fría ef hans mótmælendur halda samt áfram. NB. Hvort ei megi sýnast nóg vilja mikið ef sömu vilja vera *actores, testes et censores in unam et eodem causa*.⁵ *Vale*.

1 Þýðing: Um heimuglega hluti dæmir kirkjan ekki.

2 Þýðing: Kraftur og myndugleiki þjónustugjörðarinnar hangir ekki af persónunni sem hana fremur, heldur af sjálfum Guði sem hana hefur innsett og hana kröftuga gjörir.

3 Þýðing: Nefnilega.

4 Þýðing: Afsettur kennimannlegri þjónustugjörð.

5 Þýðing: Ákærendur, vitni og dómarar í einni og sömu sök.

Copie af seðli prestum í vestara parti Ísafjarðarsýslu tilskrifuðum að koma á prestastefnu í Steingrímsfirði

Heiðurlegum og vellærðum kennimönnum i vestara parti Ísafjarðarsýslu óskar undirskrifaður Guðs náðar og blessunar fyrir Jesúm Kristum.

Með því ég fullkomlega vona að prestastefna haldast muni að vori komanda í Steingrímsfirði af eruverðugum prófastinum séra Guðbrandi Jónssyni að Vatnsfirði, um það efni sem hann mun yður ávísa, þá bið ég yður heiðurlegir kennimenn og góðir vinir, sem og tilsegi míns embættis vegna, að þér án allrar forsómunar greinda prestastefnu sækið, á þeim tíma og til þess staðar sem velnefndur heiðurlegur prófasturinn yður tilsegir. Hér með yður og alla oss Guði eilífum og orði hans náðar trúlega befallandi.

Skálholti þann 16. janúar *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

Þessi hér fyrir framan skrifuð bréf um málefni sóknarmanna í Steingrímsfirði og þeirra sóknarprests séra Einars Torfasonar uppá hálfa níundu blaðsíðu skrifuð allt frá áminningarbréfi Guðrúnar Halldórsdóttur *inclusive* hér ríktuglega og orðrétt útskrifuð að vera eftir sínum *originalum* vottum vær undirskrifaðir er sáum og samanlášum að Skálholti þann 18. janúar *anno* 1677.

Bjarni Hallgrímsson eh

Ólafur Ásmundsson meh
Bjarni Sigurðsson meh

Inntak úr bréfi prófastinum séra Guðbrandi Jónssyni tilskrifuðu um mál séra Einars Torfasonar og Steingrímsfirðinga

Steingrímsfirðingar sendu hingað ei alls fyrir löngu Jón Bjarnason sveitung sinn, með hvörjum ég yðar heiðursemi tilskrifaði, svo vel sem sjálfum þeim um þeirra klögumál. Lofaði þessi Jón Bjarnason mér fyrir víst bréfinu til yðar að koma það allra fyrsta mögulegt væri, hvörs vegna ég vona það muni nú allareiðu bestilt vera. Af því sama bréfi kunnið þér að sjá mína meining um þeirra *casum conscientiae*, en sé svo að Staðarsóknarmenn hafi yður ei sent útskrift af því opna bréfi sem ég þeim tilskrifaði, þá sendi ég á von og vara hér innan í *copie* þar af til undirréttingar. Þér ávíkið í þessu yðar síðasta bréfi hvort ei muni leyfast um þann *casum* sem snertir Staðarsóknarmanna afsökun og afbeiðni um prestlega þjónustu séra Einars að *tractera* í yður nálægum stöðum eður Ísafjarðarsýslu. Sýnist mér til minni mótmæla horfa ef það er gjört í Steingrímsfirði, þar sem málið á heima, einkum með því ég tvíla ei uppá að þér að vori komanda þar prestastefnu næst Guðs hjálp haldið.

Í seðli til prestanna í Ísafjarðarsýslu sem innlagður var í mitt sendibréf til yðar máské fyrir vangætslu sakir eður skrifaranna flýtir settur hafi verið vestari partur Ísafjarðarsýslu, fyrir norðara part, hvað ég hefi síðan athugað, þó enn nú ei fullkomlega viti hvörninn þar áttum hagar, ég meinti yðar prófastsdæmi, en það þar úti áfátt hefur mátt verða bið ég yður að leiðrétta. Annað sérlegra sem ei er innkomið í mitt fyrra bréf minnst ég ei að þessu sinni, þar með leyfir ei naumur tími langort að skrifa *etc.*

Skálholti 14. febrúar anno 1677, Þórður Þorláksson.

Um heimuglega aflausn Guðrúnar Halldórsdóttur

Anno 1677 25. febrúar að Hólum í Steingrímsfirði vorum vér undirskrifaðir viðstaddir þá presturinn séra Einar Torfason talaði við Guðrúnu Halldórsdóttur, aðspurjandi hana, fyrst hvort hún hefði boð eftir sér gjört og óskað af sér *sacramentis* eður óskaði, hvar til hún já svaraði.

Í annan máta spurði presturinn hvör hennar barnsfaðir væri. Hún svaraði: Ég lýsi hann ekki framar en ég hefi lýst.

3. Spurði presturinn heimafélkið hvort það hefði nokkurn efa um hennar sjúkleik, hvörju það neitaði.

4. Spurði presturinn hvort hún tryði því þessi aflausn og *sacramentis* meðtekning stoðaði hana til sáluhjálpar þar hún lýsti ekki barnsföðurinn, hvörju hún játaði.

Item sagðist hún ekki þora að draga það undan því Guð vissi hvað lengi mannskepnan lifði.

Þessu næst talaði presturinn um 3 iðrunarpartana opinberlega, hvar uppá hún jáyrði og lofun gjörði. Þar eftir spurði presturinn hana að hvort hún vildi opinberlega í söfnuðinum lofa að afbiðja sitt hneyksli og söfnuðinn fyrirgefningar biðja, svo og hvort hún lofaði að standa í hlýðni við sitt veraldlegt yfirvald um þetta sitt brot í því það henni tilsegði, hvört allt framanskrifað með handabandi lofaði.

Þar eftir veitti presturinn henni aflausn með handa uppáleggingu og meðtók svo heilagt *sacramenti* með bæn og blessan.

Og að þetta allt framanskrifað hafi þannin tilgengið vottum vér undirskrifaðir sama stað, degi og ári sem fyrr segir, (undirskriftuð nöfn) Jón Jónsson meh, Magnús Björnsson eh, Þorsteinn Sigfússon meh, Þórður Arason handsalar.

Inntak úr bréfi séra Einari Torfasyni tilskrifuðu með Magnúsi Björnssyni um málefni hans og Steingrímsfirðinga og annað aðskiljanlegt

Næst bestu farsældaróskum *etc.*

1. Þá ávísast yður að ég meðtók yðart tilskrif með þessum yðar sendimanni Magnúsi Björnssyni, og sendi ég yður hér innan í eftir yðar ósk handskrifaða útskrift af *synodals* bók virðuglegs herra *magisters* Brynjólfs sáluga Sveinsonar góðrar minningar, áhrærandi yðar og Steingrímsfirðinga málefni, sem *tracterað* var í *synodo anno* 1670.

2. Það viðvíkur yfirstandandi þrætum Steingrímsfirðinga þá hefi ég ekki hingað til né enn nú *approberað* þeirra aðferð, svo sem mín bréf prófastinum og þeim tilskrifuð sér líkast herma. Það eina hefi ég samþykkt að séra Magnús mætti þá mótmælendur til *sacramentis* taka eftir prófastsins tilhlutan, í það sinn, með því þeir svo stórlega kvörtuðu og klöguðu um sína samvitskuveiki. Var þó þessi mín tillátsemi sett til yðar góðs vilja og samþykkis, og með því ég nú formerki að séra Magnús hafi þá til heilags *sacramentis* meðtekið í vetur þá vona ég þér munuð þar ekki uppá klaga eður prófastinn þar fyrir ávíta, því nógu margir finnast mótmælendurnir vera þó þeim ei fjölgi.

3. Ég formerki á yðar bréfi að Guðrúnu Halldórsdóttur heilagt kvöldmál-tíðarinnar *sacramentum* meðdeilt hafið í hennar sjúkleika, hvað óskandi er hún hafi guðrækilega með sanniðrandi hjarta í stöðugri trú til Guðs miskunnar og góðri samvitsku meðtekið. En heldur mætti virðast fyrir mönnum guðræknis- og iðrunarmerki á henni hefði hún lýst sinn barnsföður svo sem hún var skyld-ug. Nú er athugavert hvort hún megi framvegis heil og ósjúk til *sacramentisins* takast svo sem önnur óhindruð persóna, á meðan hún framfer í sinni þögn og þrjótsku, jafnvel þó hún opinberlega biðji söfnuðinn fyrirgefningar á sínu broti, það barneigninni viðvíkur, sem öllum er augljóst, þar hitt hneykslið sem ei sýnist minna vera um hennar þrjótsku er enn nú óklárt. Þér sjáið sjálfir og allir skynsamir menn hvað vont og vandasamt eftirdæmi slíkt vill gefa öðrum laus-látum stelpum. Því er mitt ráð að þér eftir yðar prestlegri skyldu svo sem hennar sálusorgari áminnið hana kostgæfilega og guðrækilega til sannrar iðrunar og sannleiksins viðurkenningar og hana ei að svo stöddu án stórnauðsynja til *sacramentis* takið, fyrri en hún sannleikann í ljósi lætur eður þetta mál, hennar kristilegum friðheitum viðvíkjandi, kemur fyrir álit og ályktun kennidómsins. Guð og sjálfs míns samvitska skal mér vitni bera að ég skal hvorki henni né nokkrum öðrum vísvitandi eða viljandi nokkurn órétt eða ásælni gjöra, en þó ég framfylgi minni embættisskyldu, það besta Guð gefur mér vit á, munu góðir

og guðhræddir menn mér til vorkunnar virða, með því bæði ég og aðrir Guðs þjónar eiga stóran reikningskap að standa um síðir, sem ljóst er af orði Guðs.

4. Áhrærandi virðing Fellskirkju, hvör ég nú formerki af yðar bréfi að upp sé smíðuð að nýju (hvað vel er), þá hefi ég umbeðið séra Ásgeir Einarsson í mínu bréfi, honum í fyrravor tilskrifuðu, fyrir framan að vera um þessa kirkju-virðing minna vegna, í þann máta að kalla til virðingarinnar þrjá erlega menn minna og kirkjunnar vegna, en þér aðra þrjá af yðar hálfu, svo þeir til samans húsið virða kynni, og þann kostnað sem þér hafið þar uppá haft. Óskaði ég þess af séra Ásgeiri ei síst þess vegna¹ að þér nefnduð hann þar til í yðar bréfi *dat-eruðu anno 1676, 27. febrúar*, en kirkjureikning skal ég til reiðu vera að taka nær sem helst hann standa viljið.

5. Það viðvíkur afsögn yðar um séra Magnús Einarsson kann ég ei að sinni uppá að svara. Ég hefi ei séð yðar *collationis* bréf, en sé þar tilskilið að hann skuli sitt uppheldi hafa af *annexiunni* þar til hann til annars *promoveraðist* þá mun hann sjá og heyra vilja fullkomlegar orðsakir vegna hvörra hann víkja skuli.

6. Um það hundrað sem óskið ég séra Hallkeli yðar vegna betali, þá skal það honum gjarnan í té og til reiðu vera í góðan tíma og gildum peningum sem hann girnist og mér er meinfangalaust úti að láta, svo hann skal næst herrans hjálp hvorki uppá yður né mig þar um klaga. Líka skal ég viðleitast það besta ég get að leysa þá 12 hundraða jörð eður jarðarpart sem skrifið að honum skyldugir séuð, um hvað allt ég hefi nú áformað honum til að skrifa það allra fyrsta. En í trausti yðar mun ég halda hjá mér nokkra stund bréfi yðar honum tilskrifuðu, þar til ég fæ svar frá honum aftur, ef ske mætti ég fengi nokkra billega lausn á þessum parti, því mig grunar að það yðar bréf muni lítið fyrir mér bata, þar þér svo ríflega bjóðið og í því líkum peningum sem ég vantroysti mínum vanmætti að svo stöddu úti að láta. Samt skal ég láta hann vita að þér fyrirbúist honum þessa jörð ríktuglega að betala, viljandi og svo tilsjá hið besta að hann vel í haldinn verði af okkar viðskiptum, svo skaðlaus verði í allan máta, en yðar bréf skal þó síðar til hans komast lofi Guð með góðum skilum. Þá 30 ríxdali sem mér með Magnúsi sendið meðtek ég ekki að sinni, en þeir skulu af mér séra Hallkeli bjóðast af mínu, og sé svo hann vilji þar að ganga þá standa þeir í góðum skuldastað hjá yður, hvar til ég yður fullvel treysti, þó langtum meira væri.

Hamingjan má ráða hvort ég muni stóran ábata hafa af Steinadalsparti, um það úti er, því ekkert bréf eða boðskap hefi ég af Eggert fengið síðan í fyrra á alþingi við töluðustum. Þó er mín ósk og bón enn sem fyrri það þið vel forlíkist

1 *ei síst þess vegna*: fyrir ofan línu

og ykkar sáttargjörð trúlega haldist, viljandi það tilvinna þó ég nokkurn lítinn skaða þar af bíða mætti *etc.*

Skálholti þann 3. apríl *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

Þetta hér eftirskrifað upplas séra Einar Torfason í synodi 1677

Mínum hálærðum herra biskupi *magister* Þórði Þorlákssyni, heiðurlegum próföstum, vellærðum kennimönnum og sanngjörnum heyrurum minna orða, óska ég náðar af Guði föður fyrir Jesúm Kristum, með samverkan og upplyfting heilags anda.

Hér með auglýsandi að ég er hér kominn, sjálfviljugur, opinberandi mínar afbatanir og ástæður á móti þeim vansa, vanrykti og úthrópi sem ég hefi hlotið af nokkrum mínum sóknarmönnum á umliðnum tímum, hvar að ég held og hygg Árna Einarsson ei lægstan heldur fremstan svo vel nú sem fyrri, að frambornu úthrópi í þennan stað mér til minnkunar 1670. Hvar fyrir ég krefst og beiðist hans og þeirra allra í sinni persónu, eftir forordning Fridrichs 3 útgefinni 1660, að þeir nú framkomi um allt eitt og sérhvört er mig kunna eður mega með æru um að kæra, svo og eftir því ég hefi í héraði bæði að settum héraðsþingum og prestamóti að Stað, á þessu vori, þeirra allra hingað krafist til viðurvistar míns framburðar og mótmælis þeirra ófrægðar í persónulegri nálægð míns herra biskups og heiðurlegs kennidóms áheyrslu, að ég ei neinn þeirra óaðvaraðan af þeirra eftirdæmi nú úthrópi. En þó ég þetta ei framlegði fyrir séra Guðbrand vissi ég mig ei skyldugan: (1) Þar ég var ei löglega fyrirkallaður, (2) tveir af hönum tilnefndir dómsmenn báðir bræður, faðir þess eina, en bræður þess annars míns mótparts. (3) Hann sjálfur af mér *suspectus* vegna aðferðar í óvissu máli, að óaðspurðum herra biskupinum, er nú og (4) votta skal hans diktun og samanskrif, hafi ég rétt eftirtekið. Þar um síðar *etc.*

1. En þessar eru mínar ástæður á móti þeim ólöglegu ákærendum þeirra undanfarin skrifuð ófrægð og margvísleg viðhöndlun Árna Einarssonar við mig síðan framkomin, hvað Guðs orð og veraldlegur lagaréttur býður að að gæta. Sá heilagi munnur þess ypparsta lagasetjara býður að gæta skuli, hvörn einn hafi haft heift, hatur, óvináttu áður á sínum náunga er lögspakir ákveða. *Teste Sch. inimicus dicitur, qvi de alio dijfamiam aut malam famam spargit.*¹ Þessum hatursmönnum bægir Justinianus frá vitnisburði og frá eiðvætti. Christianus 4

Fridrich 3
1660

Christian 3,
14

Réttarbætur

Num. 38.
Deut. 19.
Jós. 20, 5.
P. 251
Just. 1.1, p. 11
Dis. 1. 23.
Tit. 5, l. 3.

1 Þýðing: Eftir vitnisburði Sch. er sá óvinur sagður sem dreifir rógi eða illum orðrómi um annan (mann).

Mannh. 10. í þeirri norðsku lögbók. En í bók vorri fríar veganda ef fjandmanns bær er á leið hans, hvörrar heiftar og öfundar að víða getur svo öfundarréttur hefur þar nafn af. Hvör haturs aðferð kallast bullusök þá einn sækir ei þau réttu löglegu meðöl, heldur hefur sinn sjálfur hvörja aðferð. Kóngleg náð fyrirbýður og að þessir vanrýktismenn hafi á greindan hátt við mig þannin sig téð, vottar sú gamla Árna skrifaða ófrægð 1670. Hvörjir nú síðan hafa leitað mér skaða að gjöra og umgengist við mig með vondum hrekkjum, en kveikja nú síðast upp deilu og stunda eftir mínu brauði, blóði og velferð, svo að þeir eru kunnir af sínum orðum að Salomons vitni, og þekkjast af sínum ávexti af Kristi atkvæði, því ef sannur kærleiki í þeim búið hefði, mundu þeir sannað hafa þess vísa Salomons orð og látið kærleikann hylja misgjörðina, ef verið hefði.

2. ástæða.

Sýr. 19, 17. Ef þeirra aðferðar form á móti Guðs orði og veraldlegum lagarétti, þar við mig ei töluðu né mig aðvöruðu áður mig úthrópuðu og skriflega vanrýktuðu. Guðs orð býður, tala þú við þinn náunga þar um fyrr en þú deilir við hann og hugsu uppá Guðs boðorð. Tala þú við þinn vin þar um, því mann lýgur gjarnan á aðra menn, þar fyrir trú ei öllu því þú heyrir, má vel ske hann hafi það ekki gjört. Þú skalt ekki hafa þinn bróður í þínu hjarta, heldur skaltu straffa hann á millum þín og hans einsamans, áminnir Kristi munnur. Hvört form loflegur Christianus 4 allvíða tilheldur og einslega að vörum bífalar: Ingen bør at beskæmmes mens alting det hjemmeligst muligt er forrettes. *Item* at paa det den berøktede om han uskyldig er ikke maa komme til vanrøkte, da skal intet skriftelig fattes om saadant.

Mh. 17 Þessa aðferð vill dóma *capituli* metast láta, hvort einn hafi bóta beðist. *Item* hvort nokkur lagaboð hafi á milli komið. En þessir gengu á bak við mig í öllu þessu óaðvaraðan. Það fyrsta bréf skrifa þeir 31. júlí. Það annað skrifa þeir 12. ágúst, en velja síðan þann sunnudag er ég til heilags *sacramentis* gekk opinberlega við kirkju allir í einum hóp 13. ágúst.

3. ástæða.

Róm. 13. Er tjórða boðorðsins yfirtroðsla af þessum haturs- og vanrýktisdrengjum gjörð, og þar úti af þeim¹ á mér þeirra presti Guðs orð og vel grundaður² lagaréttur brotinn og yfirtroðinn augljós á öllu að vera guðlegur texti og Luthers útlekking þess 4ða boðorðs, hvar að að háttupplýstur Páll postuli tilheldur, áminnandi: Gefið það hvörjum sem þér skyldugir eruð, þeim ótta er ótti heyrir, þeim heiður er heiður heyrir. Öldungurinn, segir sami heilagur Páll, haldist tvöfaldlegs

¹ af þeim: á spássú

² vel grundaður: breytt úr grundvallaður

heiður verður. Og sú hlýðni og undirgefni skal ske með ótta og skelfingu, í einfaldleik hjartans, til hvörrar hollustu undirgefni, hlýðni, heiðurs og virðingar, að postuli Pétur ásamt fastlega tilheldur, ekki einasta við spakferðuga, heldur og þá sérlunduðu yfirboðara. Hvört þeir veraldlegu lagasetjarar hafa og einnin gaumgæft þar að persónur *parentum et patronorum* skyldi *sanctæ et honestæ* af undirgefni haldast,¹ og almennilega mátti enginn án leyfis til laga kallast (þó sjálfur sök á ætti) (auk heldur af annarlegum er önga sókn né sök á á) af þeim sem hlýðninnar heiður veita á, er hálærðir *jurisconsulti* heimleiða til læri-meistara og skólapersóna, kennifeðra og tilheyrara, *teste* Schneid., hvört sjá má inngengið verið hafa í vorum gömlu landslögum, þar að befallast, að leysingi skuli eiga þyrmslir við skapdrottinn sinn.

Pét. 2, 13, 18.

Dis. 1. 37, t. 15, l. 19.

Lib. 2, t. 4, l. 13.

Just. 1. 4, t. 6, l. 38. Gula þ.b.

1. Jafnast ei orðum við hann.
2. Hverfa ei odd né egg í móti honum.
3. Fylla ei flokk fjandmanna hans.
4. Bera ei vitni mót honum.
5. Sitja ei dóm hönum í móti.

Hér ástingur bók vor og nefnir skylda nauðsyn. *Item* aðgreinir misþyrmingina hvort *atrox* eður *levis* af *jurisconsulti* nefnist, *ratione facti*, *ratione personæ*, *ratione loci*, *ratione temporis*,² er sjálf náttúran býður að munur sé lemstrarsárs eður blaks, biskups eður fjósamanns, kirkju eður peningahúss, svo að af *exemplo juris gentium*,³ innfærðu fyrir lagareglu af Justiniano *imperatore*, þar hann svo að orði kemst: *Veluti erga deum religio, ita parentibus, patronis et patriæ pareamus*.⁴ Álykta ég þessa haturs- og vanryktisdrengi heiðnum verri í þessum parti.

Arfat. 26. Just. 1. 4, par. 9.

Dis. 1. 1, tit. 2.

4. ástæða.

Að þeir eru ólöglegir sóknarar og sakgefarar er Guðs og manna lög vara fyrir taka. Sá vísi kóng Salomon samlíkir þann mann sem blandar sér við annarlegar þrætur við þann sem hundinn bindur á eyrunum, hvað ei til þíns embættis heyrir, þar láttu þína forvitni eftirliggja, *inqvit* Sýrak. Hvörju heilagur Páll allvíða samhljóðar, hvör hafi gát á sjálfum sér. Kostgæfið spakferðugir að vera og yðart eigið að stunda. Hvör ertu sem annan dæmir, hann stendur eður fellur

Prov. 16, 17.

Sýr. 3, 24.

Gal. 6.

1. Þess. 4.

1 Þýðing: Persónur foreldra og forráðamanna skyldi helgar og æruverðugar af undirgefni haldast.

2 Þýðing: hvort gróf eða minniháttar af lögmanni nefnist með tilliti til verknaðarins, persónunnar, staðarins og tímans.

3 Þýðing: af fordæmi réttar heiðingjanna.

4 Þýðing: Svo sem vér trúum af virðingu fyrir Guði, þannig skulum vér hlýða foreldrum, forráðamönnum og föðurlandinu.

Róm. 14.
2. Tím. 5.
1. Kór. 5, 12.

Jak. 1.

Dig. Re. leg.
30, item 123.

Ch. 3, 20.
Ch. pag. 326.

Mh. 23.
Kh. 9.
Ch. 3, 20.

Ch. 25.
Rec. 20.
Sýr. 20, 25.

Mannh. 2.
Schard. 792.
Mh. 25.

sínum lávarði. Gjör þig ekki hluttakara í annarlegum syndum, geym þig sjálfan hreinferðugan. Hvað koma þeir þér við sem þar fyrir utan eru? Það þú skulir þá dæma. Í sama hljóði er heilagur Jakob, að einn skuli ei dirfast hvörs manns lærimeistari vera, því allir vér brjótum margfaldlega, vottar hans heilagur munnur. *Jurisconsulti* aðkveða þannin: *Culpa est immiscere se rei, ad se non pertinenti, item, nemo alieno nomine lege agere potest.*¹ Hvörju samhljóða eru reglur vorra náðarsamlegu háttvirtu² kónga Christiani 3 og Christiani 4, hvörjar ekki einasta annarlegum fyrirbjóða annan að sikta, heldur og jafnvel að tilkaupa sér þrætur. Líka eins texti vorrar bókar, að enginn sóknari skal gefa sök á annars sæmdum né fé. En hvörjir sóknara titil bera í lögum munu lagavitringar lands vors aðgá, svo ei villist, í mannhelgi 25. *capitula*, því bók vor þar og Christiani 3 samhljóða: Ef nokkur annarlegur kjaftar út úr sér þau stórmæli eður ókvæðisorð sem hann á ei sókn né sök á, sektast hann fullum sektum, þó hann helgi sig með heimiliskviðarvitni eður segi sig af almúgafólki heyrt hafa (er Sýrak segir að lyginna flekkur almennur hjá sé) en hinn frí fyrir hans tiltali. En sé það óærleg sök og kunni hann hana ekki að sannbevísar, þá ályktast hann þar fyrir einn lygara, hvar eftir kóngurinn býður öllum dómurum að dæma. En einum sóknara eður þeim manni sem sök eður sókn á á málinu (er uppreiknast mannhelgi 2) þeir skulu til síns prófs hafa heimiliskviðarvitni sér til ástæðu, er *jurisconsulti* kalla *sempiplenam probationem*, svo að líka sem þar er manna mismunurinn löglegs tiltalara og ólöglegs, svo er og af lögspökum útheimt að sá ólöglegi hafi *plenam probationem* en sá löglegi *sempiplenam*.³ Svo skal um öll fjölmæli og fullréttisorð, útheimtir bók vor.

5. ástæða.

Deut. 21.
Act. 17.

Sýr. 18.
item 17.
item 20.
Rt. l. 9.
L. 56.

Að ólöglegir sakgefarar grubla hér í óvissu máli en í móti lögum af hatri að mér sveigja, gagnstætt Guðs orða formi eður nokkrum laga myndugleika. Sá himneski lagasetjari fyrirskrifar annan hátt um þann vegna sem finnst á akri og mann veit ei hvör hann hefur í hel slegið, og í *Actis* verða þeir framfúsu Gyðingar lastaðir er uppæstu lýðinn til Beröu á móti heilögum Páli, en þeir borgarar verða lofaðir þar sama staðar er Pál meðtóku mjög góðviljanlega. Við soddan ofurdirfsku varar Sýrak: Straffa þig fyrst áður þú dæmir aðra. Byrja þú ekki upphlaup í staðnum og áfest þig ei almúgafólki, hjá hvörju lyginna flekkur er almennur. Lítt gá þessir að laganna reglu: *Semper in obscuris qvod*

1 Þýðing: Saknæmt er að blanda sér í hlut sem kemur manni ekki við; jafnframt, enginn getur farið að lögum undir nafni annars (manns).

2 náðarsamlegu háttvirtu: skammstafað *NH* í handriti og úrlausnin er getgáta

3 Þýðing: Hálfgildings sönnun og full sönnun.

*minimum est oportet seqvi semper in dubiis benigniora sunt praeferenda.*¹ Í þvílíkum efasömum sökum leyfist ekki löglegum sóknara er stolinn er fé sínu, án líkinda sem lagagögn í sér hafa, að rannsaka hjá nokkrum einum eður tveimur, er Christianus 4 1590 staðfest hefur, ei heldur að konunni lifandi. Í Christiani *recess* sé ég erfingja leyfast að sikta nokkurn um faðerni, en þessir hatursmunnar svífast ekki guðlegt form og laganna stíl á mér brjóta, svo þeir átakast meir af hatri og ofurdirfsku en einum löglegum sóknara í lögum leyfist, er ei má soddan eður viðlík mál uppá nokkurn bera nema með heimiliskvið-arvitni. Gæddu þeim 5 skilríkjum sem lögspakur Callistratus ákveður og Hákon konungur ástingur í sinni réttarbót. Hér um fyrirskrifar *divus* Justinianus eitt víst form segjandi: *Sciant cuncti accusatores eam se rem deferre in publicam notionem debere quæ munita sit idoneis testibus, vel instructa apertissimis documentis, vel indicia ad probationem indubitatis et luce clarioribus expedita.*² En þessa vill allt hér til vanta: (1) sóknaratílinn, (2) vottana, *documenta* eður *indicia*, samlík *merediana luce*.³ Því þó samantínt hafi af sínum þorsta í mitt fall almúgafólks óvirðuglegs vitnisburði, órannsakaðs hvort ærlegir eður óærlegir menn séu, skyldir eður vandalausir, og því uppá pappír sjálfir klínt og diktað, jafnvel óskrifandi manna nöfn undir sína diktun sett og síðan fyrir héraðspresta framborið eður innskrafa látið allt í minni fráveru móti *recess* Christiani 3, þá skilst mér þvílíkt í réttskildum laga *process* lítið gilda, utan þeim sjálfum til áfellis og útmálunar. Því að *jurisconsultus* Justinianus þannin aðkveður: *Instrumenta domestica seu privata testatio seu adnotatio si non aliis quoque adminiculis adiumentur, ad probationem sola non sufficiunt. Item, solam testationem prolatam nec aliis legitimis adminiculis causam adprobata nullius esse momenti certum est.*⁴ Þar með soddan annríki *testes*, ólöglega tilkvaddir eður krafðir af ólöglegum (er kallast sleipivitni, bekkjarbréf óaktandi) hefur mér skilist lágt í lágum gilda, hvar um *jurisconsultus* Schard. þannin aðkveður: *Inconstans fama improbisque vel etiam ignotis auctoribus exorta, nullam aajecit fidem, quantumvis invulgata, quamvis conjecturam facit quia fallax est*

Just. 1. 2, c. 99.

Ch. 4, for.
1590.
Ch. r. 2.

Dig. 1. 22, t.
5, 2, 3.

HKRB.
Cod. 1. 4,
t. 19, l. 25.

Rec. Chr. 3,
14.
Cod. 1. 4, t.
19, l. 5.

Ibidem t. 20,
l. 3.
Kb. 13.
Norðsk þb.
C4, 9
Pag. 379.
Ibidem.

1 Þýðing: Í óljósum málum skal fylgja því sem er minnst, í vafamálum ber heldur að hafa það sem er hagstæðara.

2 Þýðing: Allir ákærendur vita að þeim ber að setja það mál í opinbera rannsókn sem er varið framburði áreiðanlegra vitna, byggt á augljósum sönnunum eða gert sennilegt af ótvíræðum grunsemdum sem skýrast við nánari athugun.

3 Þýðing: Samlík miðdegisljósinu.

4 Þýðing: Rannsóknir einstaklinga eða vitnisburður eða ummæli í einrúmi, ef það fær ekki jafnframt stuðning af öðru, nægir ekki eitt til sönnunar. Einnig er kveðið á um að framburður vitna einn og sér hafi ekkert vægi þegar málið er ekki stutt nokkrum öðrum lögmætum sönnunum.

*rumor. Item Paulus jurisconsultus: Falsus rumor non solet abesse.*¹ Þar fyrir veit ég þessa lagasnápa ei af mér andsvars verða uppá sitt óleyfilegt upptæki og uppkveikt vanrykti.

6. ástæða.

Þeirra aðferð og yfirtroðsla á móti 8. Guðs boðorði, laganna stíl gagnstæð, sá æðsti lagasetjari aðkveður þannin: Vert enginn baktalari á meðal þíns fólks. Láttu löstunarsaman munn vera langt frá þér. Háðgjarn maður er fyrir mönnum svívirðilegur. Ber þú ekki að þarfleysu vitni móti þínum náunga. Fyrirdæm þú öngan áður þér er sökin kunnug. Vef þig ekki í sökum annara manna. Um þessa lastmálsama menn fyrirspáir heilagur Páll, hvörja postuli Jakob ályktar, að séu lögmálsins dómarar þvílíkra samfélag og hópaðdrátt býður Guð að forðast en lögspakir fyrirbjóða þeim áheyrslu að veita: *Neque ad accusandum, neque ad testimonium ferendum.*² Kong Christian 3 *distingverar* þeirra *calumniam in duas species, majorem et minorem.*³ *Minor*, þá einn *calumnerar* annan og er ei bevíslegt, eður og hann veit þar ei annað um en almúgafólk hafi svo sagt, befalast þar ekki dómaranum að gjöra hinn frían fyrir hans tillögðu? *Major*, nær einn tilleggur einum ærukrenkingarorð og kann það ekki að bevísa, befalast þar að dæma hann fyrir einn lygara. Sama *distinctio* er í bók vorri, þar að getur í mannhelgi um ókvæðisorð og smærri hneykslyrði. Líka í sama stað talar bókin um 2 menn, þann sem sóknartitill tilheyrir eður sök á á málinu, og það upphaflega í *capitula*, en síðar um þann sem öngvan myndugleika eður rétt hefur til að tala, og það með áðursagðri tvöfaldri *distinctione*. Og þar sem þessi *calumniator* skal bevísa sína sögu, sýnist mér af laganna brunni þær af hönum útheimtist að séu *liquidissimæ* og *merediana luce clariores.*⁴ Framar það hann í *civilibus plenè probat, id in criminalibus vix semiplenam probationem impleat.*⁵ Einnin gjörist og svo greinarmunur gagnanna, hvort þau eru framleidd náunganum til falls eður frelsis. *Ratio, quia defensiones et absolutionis causa favorabilior est, quam condemnationis.*⁶ Hvað þeir loflegu herrar Christian 3 og Christian 4 íhugað munu hafa í sínum fyrrskrifuðum reglum, tilleggjandi soddan atriði: Fordrister nogen dommer her imod eller imod loven at finde nogen til lov *etc.* da straffes der for som vedbør.

1 Þýðing: Ótraustur orðrómur og ómerkilegur sem á uppruna hjá óáreiðanlegum eða jafnvel óþekktum höfundum er ekki trúverðugur, hve útbreiddur sem hann er, þótt dregnar verði af honum ályktanir, því umtal er blekkjandi. Einnig segir lögspekingurinn Páll: Falskt umtal er sjaldnast fjarri.

2 Þýðing: Hvorki til þess að ákæra né til þess að bera vitni.

3 Þýðing: Greinir óhróður þeirra í tvennt, hinn meiri og hinn minni.

4 Þýðing: Gagnskær og miðdegisljósínu bjartari.

5 Þýðing: Í einkamálum sannar fyllilega, í sakamálum uppfyllir það vart hálfa sönnun.

6 Þýðing: Rök (í máli), af því að þau leggja meira til varnar og sýknu en sakfellingar.

7. ástæða.

Er flærðar fegrunar skyn. Þeir tjá sig í fyrstu 10 eður 11, vanrýktið upp með að koma og fram að bera, en eru varla 2 löggildir, hvorki vegna skyldsemi né skilríkja, er lagavottar meðgæddir vera skulu. (1) Koma þeir fram sem löglegir sóknarar væri, lygð. Því þeir eru hvorki valdsmaður, og enginn þeirra á hér áverkabót að heimta, og ei er hér ómagi eður fulltíða maður er þeir eigi að lögum umboð á, og ei standa þeir hér til arfs, og ekki eiga þeir hér rétt á, og ei heldur hafa þeir hér til lagaumboð svo ég viti, og ei kunna þeir verknaðinn sannbevísá. Hvað þá? Ekki andsvars verðir, heldur straffs verðir bæði eftir Guðs lögum og manna. Skyldast ekki *actor cujusque causæ* probera *suum dominium*.¹ Athugist *divus Justinianus, qvi accusare volunt probationes habere debent, cum neque juris neque æqvitates ratio permittat ut alienorum instrumentorum inspiciendorum potestas fieri debeat*.² Er ekki vor regla þessu samhljóða, sá þar segir og sök gefur skal hafa próf til síns máls, ekki einasta *causæ*, heldur og líka sinnar persónu, því enginn má gefa sök á annars *etc.*

Rb. Hk.
Mannh. 2.

Ch. 3, 20.
Rb. Hk.
Sch. 1178,
n. 60.
Cod. 2, t.
1, l. 4.
Ch. R. 30.

Mh. 23.
Kb. 13.

2. Koma þeir fram sem löglegir skilríkja gæddir tilkvaddir eður krafðir vottar, með löglegum sóknara, hvað og lygð er, því þá hindrar þetta:

Kb. 2.
Ch. 3, 20.
Fb. 9.
Dig. 22.
T. 5, 3.

1. Innbyrðis skyldugleiki.

2. Meiri partur af þeim agalitlir almúgamenn, en ei þeir búar sem bók vor eður gömul lög grundvölluð umtala er skilríkis titill tilheyrir.

3. Eru þeir af mér *suspecti ad lucri favoris et gratiæ causa*³ við Árna og hans frændur gjört hafi, er rannsaka á.

4. Er óskoðað hvort ærlegir menn séu eður *inculpata vitæ*.⁴

5. Eru þeir sannreyndir haturs- og óvildarmenn af sínum orðum og gjörðum við mig framkomnum.

6. Eru þeir ótilkvaddir og ókrafðir til málsins vottunar eður framburðar, hvar fyrir þeir eru ólöglegir og auka sér nafnbót og heita hleypivottar, óaktandi, hvörjir í Guðs orði og lagaréttinum afsegjast.

Sch. 251.
Just. l. 1,
t. 25, p. 11.
Kb. 13.

8. ástæða.

Myndugleiki embættisins, orðsins og *sacramentanna* útheimtir ei lagabókstafurinn að skoðast skuli hvað nauðsyn og vorkind tilrak þann er gjörði. *Item* að rannsaka skuli sakir og misgjörninga. Þessir bera fram sína samvitskuveiki með

N. þb. 4.
Prov. 24.
Mh. 16, 17.

1 Þýðing: Skyldast ekki flutningsmaður hvers máls til þess að styðja herra sinn.

2 Þýðing: Athugist heilagur Justinianus: Þeir sem vilja ákæra verða að hafa sannanir, því hvorki andi laganna né réttlætisins leyfir að aðrar aðferðir við rannsókn máls eigi að öðlast vægi.

3 Þýðing: Eru þeir af mér grunaðir um að ætla að græða, verða sér úti um greiða og koma sér í mjúkinn.

4 Þýðing: Óskekils lífvernis.

Pag. 1022. sömu stíflun og aðkvæði og Árni í sínum gamla róg. Vísandi svo sitt gamalt og nýtt haturshjarta, en að það af yfirvöldunum áltíst fyrir *casum conscientiae*. Hvar á mót ég leiði *observationes doctissimi domini Brochmanni Cas. Consc. 5. art de diss. eccl.*, hvörjum þvílíkum að hann afvísir eftir sínum *Cas. Consc. 5. art. de script.* að þeir skuli ei vinna það til líkamlegs gróða að missa Lúk. 4. þá andlegu sælu. Hvör er sá að ei sjái hvað þyrstur Árni með sínum meðveiddum tilhangurum hafi verið og sé í mína fordjörfun, þar hann diktar í sínum fornum og nýjum mótmælisskrifum sína lyga samvitskuveiki, þar Guðs orð B. t. 2, augljóst og vorir hálærðir *doctores* fyllilega ákveða *universam verbi et sacramentorum efficaciam in solidum à principe auctore deo dependere, nam non minus (ajunt) integrum et efficacem est sacramentum, si ab homine improbissimo administretur, qvam si ejus administratio peragatur à viro, qvi sit plusquam apostolicæ sanctitatis*.¹ Svo að hvör þar í móti segi eður umefist og innslenki Róm. 3. þénaranna verðugleika eður frómleika hann tali Guðs anda á móti. Skyldi þeirra vantrú gjöra Guðs trú að öngu? Fjærri sé þú, heldur blífur það svo að Guð sé sannsögull en allir menn lygarar, því hvorki er sá nokkuð sem plantar né hinn sem vökvar, heldur Guð *etc.* Hvörjum Pauli vitnisburði heilagur Jóhannes samhljóðar, yfir hvörn þú sér andann stíga, sá er það. Þar með staðfestir sá blessaði Math. 23. munnur Kristi þessara sinna ástvina ályktun, þar hann býður að heyra þá skriftlærðu og *pharisæos*, og auðsýnir sitt kröftuga fyrirheit hjá Esajam lofað á Math. 10. predikunarávexti og kraftaverkum gjörðum af Juda forræðara. Af hvörju undirlagi Guðs orða að ég vona innri maður að sig í ljós gefi, að meir valdi hatur en Lúk. 9. guðrækninnar samvitska, þar Guðs orð og sóknarkirkjuna foraktaði er í sjálfu sér heilög voru, allt frá viku fyrir vetur þann fyrsta kóngboðna bænadag og til sunnudags 1. í föstu (ef mig rétt minnir) með margfaldri annari ómunarsemi við mig síðan í þá sókn kom, áður þetta barneignarmál á fætur reisti.

9. ástæða.

Er kennimannlegt frelsi af Guði og kónglegri náð gefið með laganna fríheitum Deut. 19. umgirt. Sá æðsti lagasetjari útheimtir og aðkveður að í 2ja og 3ja votta munni Item 17. skuli hvör sök standa. *Item* enginn skuli deyja eftir eins manns vitnisburði, er M. 10; vor blessaður æðsti biskup hjá Matth., Jóh., Pál. 2. Kór. 13 staðfestir. Hvörja Tit. dev. hig. votta lögspakir hafa svo vandað að þeir kölluðu þá *superstites, quia super eâ re*

1 Þýðing: Og vorir hálærðir doktorar fyllilega ákveða að allsherjar gagnsemi orðsins og sakramentisins stafi að öllu leyti frá Drottni Guði, því (þeir segja) að sakramentið sé ekki síður heilt og gagnlegt, þótt það sé veitt af manni sem er versta úrhak, en ef þjónusta þess er framkvæmd af manni sem sé heilagri en postularnir. valdsmaður eða almuğamaður.

*de qva agebatur stabant.*¹ Og þeirra skilríkja gæði vildu þeir útheimta láta er kostgæfilega metast áttu sem er: Dig. 22, t. 5, l. 3.

1. *Dignitas.*

2. *Fides.*

3. *Mores.*

4. *Gravitas, et in primis*

5. *Conditio an decurio an plebejus sit.*²

Hér um ástingur bók allvíða:

1. Um þeirra persónu að það sé frjáls maður og fulltíða, skilríkir menn. *Item* Mh. 10.
bóndi. Einna mest í stórmælum þar skilríki tekur góðra manna í milli segir Kb. 4.
Hákon konungur. Hk. Rb.

2. Ósekir, óskyldir, ómægðir, ærlegir og fulltíða. Kb. 2, 13.

3. Löglega tilkvaddir af réttaranum eður af sakarábera krafðir.

4. Beri viðurvist sína eftir sem framast sáu þeir og heyrðu og þvífkra vitnisburðir eiga á þingi í mótpartsins viðurvist löglega fyrirkallaðs að takast og útgefast, þar að ríður á æru, lífi eður eign, við hvört að ég hygg prestlegt embætti jöfnu skatterast. Ch. 3, 14.

Nú þó ég vel viti að í *causis civilibus* smærri og stærri auðsýni sig bevísingar *artificiales et inartificiales* ýmislegar (er svo kallast), samt útheimtist in *causis criminalibus* að *probationes* séu gagnskærar og miðdegisljósinu bjartari eftir lögspakra ályktun, *quia nemo condemnari debet nisi legitime convictus ait*,³ Sch. Hvar fyrir hálærður *doctor* heilagur Páll fyrirbýður biskupinum Timotheo að meðtaka nokkurt klögumál á móti öldungi án vitnisburðar 2ja eður 3ja, hvört og einnin kóngleg náð staðfestir öllum kennimönnum til verndar og forsvars, viðvarandi að enginn þeirra skuli svívirtur verða ellegar áþyngdur með nokkrum órétti, heldur tekur þá alla í sína vernd og forsvar. Sama atkvæðis er forordning Friðriks 3 svo um leika sem lærða, aðkveðandi 19 stöðum í sömu forordningu: Ef það löglega bevísast. Og þar sem nú vor mannhelgi tilskikkar sléttum manni sinn rétt og Christianus 3 gjörir hann frían fyrir illmælarans *calumnia*, ef hann kann hinum það ei löglega að yfirbevísar, þó hann helgi sig með *semiplena probatione* og hann á ei sókn né sök á málinu. Vona ég öngu síður yfirvaldsmaðurinn muni sinn rétt og myndugleika ósneiddan hafa og fyrir sínu embætti og friðheitum dóms verðan vera, einnin réttilega sóttan og aðvaraðan til viðurmælis undir vitnisburðartöku vottanna *examen* og dóms *tracterun* Mannh. 25.
Ch. 3, 20.
Scha. 792.
Kb. 1.
Ch. 3, 14.

1 Þýðing: Að þeir kölluðu þá yfirstöðumenn, vegna þess að þeir stóðu ofar því máli sem þeir framkvæmdu.

2 Þýðing: Virðing, trú, siðvenjur, virðuleiki, og sérstaklega það ástand hvort hann er æðsti valdsmaður eða almúgamaður.

3 Þýðing: Af því að engan skal dæma nema hann hafi lögum samkvæmt verið fundinn sekur.

vera eiga, þar hans æru eður embætti, líf eður eign snertir. Við hvört allt eitt og sérhvört mér og mínu embætti til forsvars, en þeim hatursdrenjum til mótsagnar í Guðs orði og lagaréttinum grundvallað ég fast uppástend og vil aðnjóta fyrir öllum undirdómararétti, en afskil og *appellera* undan öllum órétti og ólaga eftirdæmum. Því að *legibus non exemplis judicandum est*.¹

Hvörjar mínar 9 ástæður þeim á móti, að ég beiðist metist og yfirvegist, en vil í öngan máta þeirra áfelli undirorpinn vera heldur mínum náðuga Guði og mínu kristilegu yfirvaldi undir hvörs vernd og forsvar ég er mér með undirgefni innskjótandi.

Befalandi hér með alla oss undir voldugt vængjaskjól vors herra frelsara og himnesks fyrirbiðjara, nú og um öll ókomin dægur í Jesú nafni *amen*.

Inntak úr bréfi prófastinum séra Halldóri Jónssyni tilskrifuðu um aflausn Þorvarðs Hallssonar

Sérlegasta efni þessarra fárra orða í þetta sinn er að ávísa yðar heiðursemi að Þorvarður Hallsson kom hingað þess eyrindis að óska sinna kristilegra fríheita, heilagrar aflausnar og altarisins *sacramentis*. Er nú að merkja að hann sé lögfallinn á því máli sem hann borinn var af Þórunni Jónsdóttur um hennar barnsfaðerni, þar sjö menn hafa hann heldur sakaðan en saklausan svarið eftir sinni hyggju. Ei að síður stendur hann enn nú fastlega þar á að hann sé ekki valdur af þessu broti. Áminnti ég hann í góðra manna viðurvist að láta sannleikann í ljósi og freista ei þess sem öngvum er mögulegt, að dyljast fyrir Guði, hvörjum allir hlutir eru augljósir. Svaraði hann þar til að hann kynni það ei uppá sig að játa sem hann vissi sig fyrir Guði og sinni samvisku saklausan að vera. Er á honum að merkja að ei mótsægja muni opinberlegri aflausn fyrir eiðfallið og því hneyksli sem þar af hefur mátt leiða. Líka lofar hann í tilbærilegri hlýðni að standa við sitt veraldlegt yfirvald það viðvíkur fésektum og öðru, óskandi þess vegna og alvarlega umbiðjandi að ei lengur haldast megi frá sínum kristilegum fríheitum, hvörra hann þykist alls of lengi þarfnast hafa.

En með því mér sýnist Þorvarður fyrst yðar atkvæða og úrlausnar í þessu efni hafa átt að leita, þar með þykir mér þetta mál vandasamara en ég kunni með mitt eindæmi fljótlega þar úr að ráða, þá hefi ég vísað oftnefndum Þorvarði aftur til yðar, síns héraðsprófasts, óskandi að þér vilduð með fyrstu liðlegheitum saman kalla presta yðar prófastsdæmis á einhvörn hentugan stað sem yður sýnist til að yfirskoða og *tractera* þetta mál, hvort yður sýnist víta-laust og líðanlegt að Þorvarður takist til opinberlegrar aflausnar og heilags

1 Þýðing: Því að dæma ber samkvæmt lögum en ekki eftir fordæmum.

altarisins *sacramentis*, þó hann meðkenni ei það barneignarbrot sem uppá hann hefur verið borið af Þórunni Jónsdóttur og hans nefndarvitni hafa svarið sig hyggja hann heldur sakaðan en saklausan að vera.

Finnast þessu efni ei ólík *exempla* í *synodals* bók *magisters* Brynjólfs sáluga Sveinssonar góðrar minningar:

1. Um þá feðga Þórð Jónsson og Jón Þórðarson úr Sandasókn í Ísafjarðarsýslu að vestan, hvörjir á tildæmdum eiði fyrir galdramál féllu og voru þar að auki af eiðvættunum heldur sakaðir en saklausir svarnir.¹ Báðum húðlát dæmt á alþingi *anno* 1672. Var ályktun biskupsins og *synodi* að Þingvelli *anno* 1673 að áður nefndir feðgar skyldu opinberlega aflausn taka af prófasti og að minnsta kosti því játa er öllum væri opinbert að þeir á eiðnum lögfallnir væri.

2. Um Árna Jónsson, hvör borinn var sauðartöku af Jóni Gíslasyni á Hóli í Hörðudal. Árna dæmdur sjöttareidur fyrir áburðinn, hvörjum eið hann ei framkom, en þóttist þó ei síður í málinu saklaus vera. Dæmdist þessum manni í *synodo* á alþingi *anno* 1671 opinberleg aflausn fyrir dómfall, en þó svo að ekki leggist soddan í almennings vana að ganga í mót lögmanna dómum án lögfullrar rögsemdar.

Nú er spursmál hvort vítalaust muni vera öldungis eftir þessum eftirdæmum að breyta og hvort aðrir mega ekki kannski sér þar af dæmi taka, að framfara í þrjótsku og þrákælni, en í annan stað er vandasamt að ganga freklega á samvisku eins manns og stofna honum í stærri vanda, ef ske mætti að saklaus væri. Þykir mér ei minna vera mega en þeir sem því líkra linkinda njóta hafi góða vitnisburði um kristilegt og gott framferði til orðs og æðis. Hér uppá vil ég gjarnan heyra og sjá yðar og annarra skynsamra manna meining og *censuram*, óskandi þér vilduð það fyrsta mögulegt er þessa manns máli gegna og endilega ályktun með prestanna ráði gefa um hans fríheit, svo hann kunni ei voru upphaldi eður forsómun um að kenna *etc.*

Skálholti dag 2. mars *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

Þetta fyrir ofan og framan skrifað bréf rétt *copierað* að vera eftir sínum *original* vottum við undirskrifaðir, sem og viðstaddir vorum og heyrðum uppá samtal biskupsins *magisters* Þórðar Þorlákssonar og Þorvarðs Hallssonar eftir því sem þetta bréf umgetur. Til merkis hér um eru okkar eigin handskriftir, að Skálholti *anno, die et loco ut supra*.

Bjarni Hallgrímsson mpp

Bjarni Sigurðsson meh

1 svarnir: breytt úr *dæmdir*

Inntak bréfs þess er séra Halldór Jónsson skrifaði
séra Jóni Grímssyni að Görðum
um Þorvarðs Hallssonar hagi áður en aflausn tekur
1677 14. júlí

Efni orða þessara er yður að ávísá, sýna og senda það er gjörðist *in synodo* að Þingvelli 30. júní 1677 um aflausnarhátt Þorvarðs og um hans viðurkenning á nefndum degi og stað, svo sem þér best sjáið af álitinu hér með yður sendu. Nú er mín vinsamleg bón til yðar að þér Þorvarði annaðhvort þetta eður útskrift af því Þorvarði miðlið og hann áminnið að gæti sinnar velferðar í því sem öðru að halda sína játan er sér líkast hermir í meðfylgjandi álitu alþingis *synodi* og hlýðnast tilbærilega við andlegt og veraldlegt yfirvald, líka forlíkast vel við málsins mótparta. Hér að auki auðmjúka og alvarlega ástundan og kostgæfni áleggjið sína sóknarkirkju og Guðs orða heyrn að rækja og í allan máta kristilega sem iðrandi manni ber og sómir sér haga og hegða. Síðan að þessu og viðlíku sem heimtist af sanniðrandi manni undangengnu eður gjörðu má hann í Guðs trausti hingað til Reykholts koma og sinnar aflausnar leita með þeirri *conditione* hér tillagðri að yðar og valdsmannsins velforstandigs Guðmundar Jónssonar skriflega *commendatiu* eður ávísan mér birti og færi, svo ég úr skugga sé og verði að vítalaus hann afleysa megí eftir því mér er fyrirskrifað í áður-nefndu alþingisprestastefnuáliti, því öngvaneginn vil ég mig forgrípa hvorki á því né heldur heilagrar kirkju oss fyrirskrifuðum orðum eður reglum heldur fúslega Guði fyrir þakka að hann lætur oss sinnar og þeirra forsvars njótandi verða *etc.*

Anno 1677 þann 23. september að Ytra Hólmi á Akranesi þessum mönnum viðverandi og áheyrandi, lögréttumanninum Guðmundi Árnasyni, Gísla og Sigurði Árnasonum, Eigli Halldórssyni, Benedikt Sigurðssyni, sömuleiðis sýslumanninum Guðmundi Jónssyni, að herra lögmaðurinn Sigurður Björnsson aðspurði persónulega Þorvarð Hallsson hvort hann meðkenndi sig með hreinni samvisku fyrir Guði og mönnum sekan og brotlegan orðinn í holdlegum hórdómsverknadi með Þórunni Jónsdóttur. Hvar til að Þorvarður Hallsson svaraði viljuglega og óneyddur: Já. Hvað og hið sama hann auglýsti að verið hefði sín einföld og sundurlaus meining í þeirri meðkenningu sem að hann gjörði á næstliðnu Öxarárþingi í áheyrn herra biskupsins meistara Þórðar Þorlákssonar og hans tilkallaðra presta í *synodo*.

Uppá þessa ofanskrafaða meðkenning bað Þorvarður Hallsson Jón Bergþórsson lítilátlega og aðmjúklega í Guðs nafni með knéfalli fyrirgefningar, hvað Jón Bergþórsson í kristilegum kærleika góðmannlega gjörði með kossi og

handabandi í soddan máta að hann væri á öngvan veg honum Þorvarði til hindrunar uppá hans sáluhjálparveg og kristileg fríheit.

Til merkis hér um að þetta svo framfarið hafi votta undirskrifaðir með eigin höndum *die et loco ut supra*.

Þetta rétt út *coperað* vera af héraðsþingbókinni vottar undirskrifaður með eigin hendi, Guðmundur Jónsson.

Eftir því Þorvarður Hallsson hefur undirbundist skriflega og fullkomlega lofað það allra fyrsta honum mögulegt er að kvitta við mig þær kónglegrar *majestets* sektir sem eftir standa fyrir það misferli er hann um brotlegur orðinn er með Þórunni Jónsdóttur og í allri tilbærilegri hlýðni að standa í því honum tilsað verður af hans veraldlegu yfirvaldi, þar fyrir í Guðs trausti vil ég undirskrifaður fyrir mitt leyti ei í vegi standa að hann kristilegum fríheitum nái af virðuglegum prófasti þessarar sýslu nær hann þeirra kristilega leitandi verður.

Til merkis hér um mitt skírnamafn hér undirskrifað, Ytra Hólmi 25. september 1677, Guðmundur Jónsson.

Eftir því að Þorvarður Hallsson hefur fyrir Guðs og göfugra yfirvaldanna, sem og annara frómra manna góða tilhlutan til hlýðni gengið og sitt brot opinberliga játað og nú þar á ofan lítilátliga fyrirgefningar biður á öllu því honum hefur yfirsést í óhlýðni og andvaraleysi á móti kristilegum áminningum allt til þessa tíma, þá er hann af mér undirskrifuðum óámæltur uppá sín kristileg fríheit, óskandi gjarnan að hann fyrst inntækist í söfnuð og samneyti sanniðrandi Jesú barna. Guði blessuðum befala ég hann til bestu umönnunar og alla þá sem gott standa *amen*.

Ytra Hólmi á Akranesi 1677 25. september, Jón Grímsson.

Góðum lesara *salutem*

Undirskrifaður vottar sig hafa í Guðs trausti og af hans hálfu opinberliga aflausn veitt Þorvarði Hallssyni hér í Reykholtskirkju söfnuðinum nærverandi þann 16. sunnudag *post trinitatis* sem bar uppá 30. dag september *anno* 1677. Leitaði nýnefndur Þorvarður Hallsson téðrar aflausnar með auðmýkt og iðrandi hjarta sína synd fyrir Guði og kristnum söfnuði fúslega játaði, hlýðni skyldugur góðu yfirvaldi lofaði að þessu undangengnu og öðru sem til hans opinberrar aflausnar heyrði eftir fyrirskrifaðri *ordu* eður skikkan kristilegrar kirkju og hennar forstjórara. Að undangenginni opinberri aflausn og syndanna kvittan af Guðs hálfu meðtók Þorvarður Hallsson heilaga Drottins máltíð. Víkur hann svo héðan frá mér með góðu móti, sáttur við Guð, kvittur við kristna menn og er nú *recommenderaður* af mér eruverðugum og góðum mönnum, einkum og nefni-

lega í þessum seðli heiðurlegum séra Jóni Grímssyni hans sóknarpresti, hann biðjandi nefndan Þorvarð að meðtaka sem iðrandi manneskju og hans hór-dómssyndarhneyksli að afbiðja að sóknarkirkjunni eftir því tilsagt er í kristi-legrar kirkju lögum, hvar til ég heiðurlegum séra Jóni Grímssyni allvel treysti. Hér með hann vesalan og oss alla góðum Guði felandi.

1. október 1677, Halldór Jónsson.

Citatia til Bergs, Eiríks og Halls Einarssona

Erlegum velforstandigum sæmdarmönnum Bergi, Eiríki og Halli Einarssonum mínum tiltreystandi góðum vinum veitist náð af Guði fyrir Jesúm Kristum í krafti heilags anda. Hér með er ég undirskrifaður yður öllum velnefndum bræðrum vinsamlega ávísandi að ég með herrans hjálp ásett hefi í þessari minni umreið prestamót og samfund halda að Egilstöðum á Völlum í Fljótsdalshéraði þann 3. dag september nú næstkomandi, og eftir því ég formerkt hefi að heiðurlegur kennimann séra Böðvar Sturlason þykist vanhaldinn um kirkju- og staðarbot á Valþjófstað, hvar um ei varð á næsta Öxarárþingi af kennidóminum neitt atkvæði gjört, hvar fyrir svo mikið sem mínu embætti viðkemur og mér ber að gjöra hér úti, vil ég yður öllum vinsamlega tilsagt og ávísað hafa að þér forfallalaust á nefndan stað Egilstaði komið í nefndan tíma með yðar varnir og afbatanir mót áfrýjun séra Böðvars, svo þar úr mætti með herrans hjálp greiðast, svo mikið sem kennidóminum viðkemur.

Treystandi yður til að þessu vinsamlega gegna munuð, svo þetta úttalast mætti með sanngjörnu álitu eður góðri forlíkan ykkar í milli. Ég hefi umbeðið minn elskulegan bróður sýslumanninn Jón Þorláksson að láta þetta mitt bréf yður til handa komast með fyrstu hentugleikum á þessum dögum. Biðjandi yður síðan yðar nöfn þar undirteikna, nær séð og yfirlesið hafið, og mér það síðan aftur afhendast láta með skilum annaðhvort á fyrrnefndum samfundi eður fyrri.

Þessu og öðru framar befala ég yður og oss alla náðar, vernd og forsjá almáttugs Guðs í Jesú nafni.

Skrifað að Stórabakka í Tungu þann 23. ágúst *anno* 1677.

Sendibréfs útskrift til séra Böðvars Sturlasonar

Heiðurlegi vellærði kennimann elskulegi vin séra Böðvar Sturlason. Næst bestu velferðaróskum vitið með þessum fæstum einföldum bréfsorðum að ég í herrans nafni ásett hefi prestamót og samfund halda að Egilstöðum á Völlum þann 3. september næstkomanda, ei síst þess vegna sem viðkemur yðar áfrýjun

um kirkju- og staðarbót á Valþjófstað, hvörju ei varð svo á næstu alþingis synodo gegnt, þar mótparturinn var ei svo til andsvara né viðvaraður sem þurfa þótti. Því læt ég yður með fæstu orðum viðvaraðan vera, svo þér reiðubúnir séuð með yðar ástæður í nefndan stað og dag framkoma, sem tilhlýðir, svo þar mætti úrgreiðast svo mikið sem mögulegt er, eftir því sem mér míns embættis vegna og kennidóminum ber um að tala, hvort heldur yrði með álitu eður góðri forlíkun. Þetta svo einfalt bið ég yðar kærleika vel virða, hvörju framar *etc.*

Kirkjubæ í Tungu 24. ágúst 1677.

Útskrift af bréfi biskupsins prófastinum séra Magnúsi Péturssyni tilskrifuðu

Salutem et prosperitatem

Eruverðugur heiðurlegi og vellærði kennimann minn elskulegi vin séra Magnús Pétursson með bestu óskum og vinsemdar þakklæti. Læt ég yðar heiðursemi vita að ég í gærkvöldi meðtók yðar skrif með heiðurlegum kennimanni séra Þorleifi Árnasyni, hvar af ég merki yður sýnist orðsök til vera (einkum hans vegna) að prestar í yðar prófastsdæmi samankallist, hvörjum yðar til-mælum ég vil ei afslá, en eftir því að minni reisu er nú svo varið sem nærri get þá hlýt ég yðar heiðursemi að umbiðja undir þetta ómak með mér að létta, sérdeilis yðar héraðspresta saman að kalla sem þar fyrir sunnan eður vestan yður eru, að þeir ásamt yður samankomnir séu til Kirkjubæjarklausturs á Síðu á þann næstkomanda 24. dag september með herrans hjálp og að forfallalaus. Ég vil og gjarnan lofi Guð ástunda í nefndan tíma þar nálægur að vera ef mögulegt er.

Ég mun ávísun gjöra þeim prestum sem hér í Hornafirði og Öräfum eru. Framvegis vilda ég einninn þér svo tilsæjuð að þeir mættu einninn viðvaraðir vera í nefndan stað að koma sem viðriðnir kunna að vera þetta efni prestinum til óhróðurs eður ámælis, hvort heldur það eru ryktis upphöf eður með öðru móti, hvar um yðar heiðursemi mun gjörla kunnugt.

Hér að auki þykir mér ei óráðlegt að sýslumaður eður sýslumenn í héraðinu yrðu tilkvaddir nálægir að vera í þennan tíma, til hvörs sem taka þyrfti, og þar um bið ég yðar heiðursemi góða framkvæmd að hafa sem hitt fyrra, uppá það að hvorugum okkur um neitt hirðuleysi eða forsómun hér úti kenna þurfi.

Guð gefi bestu ráð í þessu og öðru og greiði öll vandræði á góðan veg, hvörs trúfastri náð og blessan ég fel af hendi yður með öllum ástbundnum til sálar og lífs bestu velferðar í Jesú nafni *amen*.

Skrifað að Smyrlabjörgum í Hornafirði 17. september 1677, Þórður Þor-láksson.

Citatia til presta í Hornafirði

Heiðurlegum og vellærðum kennimönnum séra Högna Guðmundssyni, séra Jóni Eiríkssyni og séra Eigli Guðmundssyni, mínum elskulegum vinum og bræðrum í Kristo, óska ég undirskrifaður náðar og blessunar af Guði föður og Drottni vorum Jesú Kristo með heilags anda hjástoð og upplýsingu.

Hér með er ég yður heiðurlegir kennimenn kunnugt gjörandi að með því eruverður prófasturinn séra Magnús Pétursson hefur mér bréflega tilkynnt að nauðsynlegt sé prestastefnu að halda í þessu héraði undir eins og ég hér í þetta sinn umríð, þá er í herrans nafni til þessa samfundar dagur tilsettur, mánudagurinn eftir 15. sunnudag *trinitatis* sem fellur uppá þann 24. dag þessa septembermánaðar, að Kirkjubæjarklaustri. Því er mín vinsamleg ósk að þér í nefndan stað og dag tímanlega samankomið að stórforfallalausni til þeirra atkvæða og úrræða sem andi Drottins vill af náð sinni meðdeilt hafa. Séra Högna Guðmundsson bið ég þennan seðil strax frá sér að senda til Bjarnaness, en séra Jón Eiríksson þaðan til Stafafells í Lóni svo að ekki forsómist. Hér með er ég yður og alla oss Guði eilífum og orði hans náðar trúlega befallandi.

Að Smyrlabjörgum í Hornafirði þann 17. september *anno* 1677, Þórður Þorláksson.

Seðill til séra Þorleifs Árnasonar um sóknarköllun *in visitatione*

Heiðurlegi vellærði kennimann séra Þorleifur Árnason. Með bestu óskum læt ég yður vitanlegt, það ég vildi yður til sagt hafa með þessum fáum orðum, að fyrir yðar tilhlutan kynni yðar sóknarfólk bæði yngri og eldri almennilega samankoma á yðar og þeirra sóknarkirkju að Kálfafelli í Fljótshverfi fyrir miðdag á næsta laugardegi, sem er 22. september nú næstkomandi, til yfirheyrnar í sínum sáluhjálpargreinum, sem og í hvörju öðru því sem mínu embætti má viðkoma að yfirheyra bæði prestsins og sóknarinnar vegna, óskandi að þetta forsómunarlaust framkvæmast meg, svo mikið sem mögulegt er, en befala yður og oss alla hér með náð Drottins í Jesú nafni *amen*.

Núpsstað 20. september 1677, Þórður Þorláksson.

Inntak úr bréfi séra Magnúsi Péturssyni tilskrifuðu um málefni séra Þorleifs Árnasonar

Jón Jónsson sendimaður að austan afhenti mér nú fyrir skömmu yðar ljúflegt tilskrif, af hvörju ég formerki að séra Þorleifur Árnason haldi enn nú ákaflega fram að vilja með lagaeiði undanfæra sig þeirri vondu grunsemi sem hann

þykist af öðrum hafa fyrir orðið, hvað gott væri ef þá færi betur eftir en áður, og öngvanveginn vil ég hann þar frá bægja, en mér þykir undarlegt að hann gjörir sér svo bráðan bug um þetta með svo stórri ákefð, þar ég formerki hann er nú af flestum í meinleysi séður. Gamall málsháttur er, að komist þó kyrrt fari.

Skyldi nú í þessu máli nýr *process* upptakast, rykti sverjast, eiður og eiðvætti dæmast, og ef prestarnir væri þá ei viljugri eiðinn að sanna en á sumum var að heyra í haust, hvörnin færi þá? Eður hvar til er slík ákefð annars en að erta uppá sig illt skap? Skyldi þá ei sú seinni villan verða argari þeirri fyrri?

Mín meining var að séra Þorleifur mundi láta sér þar með nægja að fá yðar bréf og sýslumannsins til alþingis *synodum* í sumar, helst þess innihalds að þið hefðuð þessa grunsemi heyrt og sýndist ykkur honum vorkunn og nauðsyn á sig þar undan að færa með þvílíkum eiði sem *synodo* sýnist þar til að taka. En virðist þá að ryktið skuli fyrst sverjast, kemur þá ei í sama stað niður hvort það er heldur gjört í vetur eður í sumar? Frestir á illu best, en vilji séra Þorleifur endilega fljótari aðgjörðir hér að hafa, þá er best hann ráði því. Skal ég prest-unum í yðar prófastsdæmi tilskrifa að samankoma á þann samfund sem þér tilsetjið í héraðinu, þegar ég fæ yðar orð þar um, því ei vil ég að mér sé umkennt um nokkurn undandrätt eður forsómun hér úti.

Séra Þorleifur í sínu bréfi sem hann mér tilskrifar getur þessarrar orðsakar meðal annarra hvar fyrir hann vilji sig undanfæra, sem er vegna hneykslis *in ecclesia* að svo mörgum orðin sé að hneykslunarhelli að þvílíkur skuli fyrir altari Drottins líðast. En hann er ennú að mínu viti öngri óhæfu borinn, ekki hefur hann heldur fyrir mér klagður verið, heldur gaf hans sóknarfólk honum í sumar góðan vitnisburð af hans kenningu. Það er undarlegt og fáheyrt að nokkur skuli vera sjálfs síns áklagari.

Hann biður mig í sínu bréfi um góð ráð, en ég kann honum ei betri ráð að gefa en þér og aðrir góðir menn honum gáfuð í haust að stunda frið og samþykki. Guð gefi honum þau bestu ráð. Langt sé það frá mér að ég vilji niðurbrykkja hans sakleysi eður honum nokkra hindrun gjöra að forsvara sína æru og gott nafn sem hann best kann.

Í öðru lægi vildi ég hafa við yður áminnst um *hospitals* hluti, hvort nokkuð væri af þeim til yðar komið eður ei. Ég hefi ei enn nú af sýslumönnum upp-skrifað fengið hvað þeirra upphæð er, en lögmaðurinn vill það þó sjá og líka vita hvað af verður, *etc.*

Skálholti dag 14. febrúar *anno* 1678, Þórður Þorláksson.

Inntak úr bréfi séra Þorleifi Árnasyni tilskrifuðu um hans undanfærslu

Næst bestu óskum *etc.* þá ávísast yður að ég meðtók yðart tilskrif með þessum austan sendimanni Jóni Jónssyni, hvörs helsta efni og inntak er um undanfærslu yðar á þeim misgrun eður vanrýkti sem þér þykist hafa fyrir orðið og viljið strax að ryktið sé svarið og yður eiður dæmdur.

Fyrst vegna þess að þér séuð óvissir um yðar lífdaga, en vilduð áður en við-skilduð yðar æru og líf með eiði forsvara, svo með æru til grafarinnar fara mættuð.

2. Vegna hneykslis *in ecclesia* þar þér séuð orðnir (skrifið þér) svo mörgum að hneykslunarhellu, sem er að þvílíkur skuli fyrir altari Drottins líðast *etc.*

Er það mitt einfalt andsvar að ég vil öngvanveginn hindra yður frá forsvari yðar æru eður þeirri undanfærslu sem þér kunnuð fram að koma og yður mætti að gagni vera. Guð ræður vorum lífdögum og er það best hann blessaður sjái þar fyrir svo sem fyrir öllu voru ráði og efni, því vor fyrirsjón nær harla skammt. En þér eruð enn nú að mínu viti óhindraðir að æru og embætti, þar með veit ég yður ei neinni óæru borinn vera að lögum eður nokkurn yfir yður kлага. Því þykir mér undarlegt að þér klagið sjálfir yfir nokkurs hneyksli sem enginn annar hefur að mínu viti klagað og ekki er opinbert. Vorkenni ég yður að sönnu þó þér viljið forsvara yðar sakleysi af vondum grun annarra og mun það best framkvæmast kunna með góðu hófi, *festina lente* segir gamall málsháttur.

Ég hefi skrifað heiðurlegum prófastinum til mína meining hér um og kunnið þér við hann hér um munnlega að tala. Mér skilst af hans bréfi að hann muni ei áfýsa yður heldur fljótar aðgjörðir í þessu máli að hafa, þar nú síðan í haust heyrist allt í kyrrðum liggja og ekki misgrun né órykti aukið. Best er að taka báðum höndum á móti friðnum þá hann býðst. Því sá sagði satt er svo mælti: *Pax optima rerum, qvas homini novisse datum est. Pax una triumphis innum-eris potior.*¹

En viljið þér endilega að fljótar aðgjörðir séu hafðar í þessu máli, sem ég formerki á yðar bréfi, prestasamfundur tilsettur, málið rannsakað, ryktið svarið og yður eiður dæmdur, þá má mér það vellynda fyrir mína persónu, en best mun vera að þér hafið prófastsins og góðra manna ráð þar um, og ef ykkur svo samankemur þá skal það ei tilvanta að ég skrifi prestunum í héraðinu til seðil og tilsegi þeim að koma forsómunarlaust á þann samfund sem prófasturinn tilsetur, því að afsakaður vil ég vera um alla forsómun í þessu máli og ei hirði ég að halda því lengur uppi en góðu hófi gegnir *etc.*

Skálholti dag 15. febrúar anno 1678, Þórður Þorláksson.

1 Þýðing: Friðurinn er bestur þeirra hluta sem mannum er ætlað að þekkja. Einn friður er máttugri en óteljandi sigri í hernaði.

Afskrift af sendibréfi séra Jóns Ólafssonar að Hvammi
í Norðurárdal til prófastsins séra Halldórs Jónssonar
að Reykholti

*Salutem, benedictionem et officia paratissinia tempore et loco quovis!*¹

Heiðurlegi vellærði og guðhræddi kennimann, elskulegi vin og náungi. Næst og með bestu farsældaróskum til lífs og sálar *etc.* Þá sé yðar heiðursemi vitanlegt að hér á meðal vor er mannheilt allt og meinlaust tíðinda *etc.* Einungis er það mitt bréfsefni að minnst á við yður um hjónabandsmál Magnúsar Jónssonar á Hóli og Guðrúnar Jónsdóttur sem til prestastefnu kom á Hjarðarholti í vor, þar hún kvartar um hans *impotentiam*, hann meðgengur og vilja þar fyrir bæði hvort við annað skilja. Nú hélt prófasturinn að það mundi ekki mega ske fyrr en að þremur árum liðnum og nokkrir prestarnir með honum, eftir því að í hjónabands *articulum* Friderici stendur: Þá skal þeirri persónu sem soddan veikleika hefur veitast þriggja ára frestur *etc.* Hér halda þeir fast uppá þennan *imperativum* skal, en mér sýnist þetta af kónginum til linkindar skikkað þeirri persónu sem ákærð er, ef hún vill þá vægð eður veiting þiggja. En sá þriggja ára tími komi ekki við hann, með því hann vill ekki þann þriggja ára frest þiggja. Til dæmis í *ordinantiunni* stendur um prestaekkjur, þar stendur og einninn þessi *imperativus* skal: Nær landsprestarnir deyja þá skal eftirlifandi ekkjan hafa sitt uppheldi í sókninni með sínum börnum eitt ár. En ef hún vill nú ekki þiggja þetta *privilegium*, hvör vill dæma hana til þess hún skuli þiggja það eina ár? Í öðru lagi segist þessi Guðrún Jónsdóttir hafa borið sig upp fyrir sínum þingapresti um þennan veikleika síns bónda, hvað og satt var, því nú fyrir nærri fimm árum, þá þau höfðu tvö ár saman verið í hjónabandinu, þar hún sig upp um þetta fyrir mér, en ég þaggaði hana niður í það sinn þar um að fjölyrða. Nú sýnist hún ekki eiga þess að gjalda þó ég auglýsti það ekki æðra yfirvaldi strax, með því og mér þótti ekki sóma að predika það strax á ræfri fyrir öðrum. Fyrir þessar tvær orðsakir skynjar mig ei betur en þau megi aðskiljast, eftir því og einninn mig minnir að herra Þorlákur Skúlason mundi í viðlíka máli milli Jóns sáluga Arngrímssonar og Ólöfar sálugrar Jónsdóttur fullkomlegan aðskilnaðardóm látið ganga, og er þetta mitt þriðja *argumentum*. Nú fyrir þann skuld að ég heyrði af rómi til í vor að þér og bræður yðar Ólafur skólameistari og Halldór ráðsmaður munduð sömu meiningar vera, og vænti þér munuð verða á *synodo*, þá hefði ég beðið yður að leggja yðar góð orð til í þessu efni, því ég er hræddur um að honum manninum megi nógu þungt falla ef lengur skyldi saman við hana verða að búa, af því ég bannaði honum áður fyrrum þessa götu

1 Þýðing: Heilsan, blessun og til þjónustu reiðubúinn hvenær og hvar sem er!

að ganga, sem og líka einninn séra Sigurður minn sálugi Oddsson, hvað kannski hann nokkra stund sturlað hefur og sturlar. Ég vil nú ekki framar mæða yðar heiðursemi með þessum mínum fjölyrðum, *quia sat sapienti semel*,¹ heldur öllu framar yður með heiðri og embætti.

Skrifað Hvammi Jónsmessu sjálfa *anno* 1678. (Undirskrifað nafn) Jón Ólafsson meh.

Þetta orðrétt útskrifað eftir handskriftuðum *original* votta undirskrifaðir, Þingvelli *anno* 1678 4. júlí.

Ólafur Jónsson eh

Bjarni Jónsson eh
Halldór Torfason eh

Inntak úr bréfi til séra Eiríks Vigfússonar að Hjarðarholti að koma til alþingis *synodum anno* 1678

Næst bestu óskum *etc.* Er það sérlegasta efnið þessara fárra orða að með því ég hefi heyrt og fornumið að stórmælum úr yðar prófastsdæmi væri að gegna í sumar á alþingis *synodo* lofi Guð eftir stefnu Rögnvalds Sigmundssonar, þá er mín vinsamleg ósk til yðar að þér vilduð persónulega að forfallalausum koma til nefndrar *synodum* og tilsegja yðar prófastsdæmis prestum, einkum þeim sem heimangengt eiga, þangað að koma til aðstoðar og úrgreiðslu þessa vandamáls svo mikið sem að verður gjört, svo ei sé vorri forsómun umkennt.

Guðs góður andi stýri oss öllum og stjórni bæði í þessu efni og öllum vorra embættis útréttingum svo að hans heilagasta nafns verði dýrðin en safnaðarins uppbyggingin *etc.*

Skálholti dag 8. júní *anno* 1678, Þórður Þorláksson.

Seðill til prófastsins séra Björns Snæbjörnssonar um köllun presta til Hvamms prestastefnu

Eruverðugan prófastinn í Snæfellssýslu séra Björn Snæbjörnsson er ég undirskrifaður umbiðjandi að hann sjálfur að stórförfallalausum komi á þann tilsetta prestasamfund sem skikkaður er að Hvammi í Hvammssveit á þessu sumri þann 15. dag ágúst, sem og einninn í mínu nafni tilsegi heiðurligum kennimönnum síns prófastsdæmis þangað að koma, hvörja ég tilnefni, sem eru séra Gísli Einarsson á Helgafelli, séra Ásmundur Eyjólfsson á Breiðabólstað, séra Árni Ámundason kapelán að Staðarstað, séra Jón Sigurðsson að Miklaholti og

1 Þýðing: Vegna þess að hinn vitri er sjálfum sér nógur.

séra Sigurður Halldórsson að Þæfusteini, að þeir á nefndan stað og dag komnir séu forsómunarlaust í allan máta.

Skrifað að Þingvelli 1678 dag 4. júlí, Þórður Þorláksson.

Útskrift af *citatiu* seðli til prestanna í Strandasýslu að koma á Hvamms prestastefnu

Heiðurlega kennimenn séra Einar Torfason að Stað í Steingrímsfirði, séra Ásgeir Einarsson að Tungu og séra Teit Einarsson að Skálholtsvík er ég undirskrifaður vinsamlega umbiðjandi að koma á þann prestasamfund sem tilsettur er í Hvammi í Hvammssveit þann fimmtánda ágúst þessa árs um málefni séra Árna Loftssonar og Rögnvalds Sigmundssonar. Óska ég að árdegis koma vilduð í greindan stað án forsómunar og sérhvor þennan seðil frá sér senda svo öllum þeim tilnefndum heiðurlegum kennimönnum mætti tímanlega og með fyrstu hentugleikum í hönd koma. Hér með oss alla eilífum Guði og orði hans náðarsamlega befallandi.

Þingvelli anno 1678 þann 5. júlí, Þórður Þorláksson.

Útskrift af inntaki úr bréfi prófastinum séra Eiríki Vigfússyni tilskrifuðu um Hvamms prestastefnuálit

Sérlegasta efni þessara fárra orða er að tilkynna yður að ég nú sendi með þessari bréfpellu útskriftir tvær af því prestastefnuálini sem í sumar framfór að Hvammi í Hvammssveit, fleiri *exemplaria* varð ei viðkomið að skrifa í þetta sinn sökum flýts þessa bréfberara frá Staðarhrauni. Er nú sú mín vinsamleg bön til yðar að þér vilduð aðra þessa útskrift með fyrstu hentugleikum senda eður afhenda öðrum hvorum þeirra séra Árna Loftssyni eður Rögnvaldi Sigmundssyni, en annari behaldið þér sjálfur ef yður svo sýnist. Þó vilda ég yður einkum umbeðið hafa að *communicera* og meðdeila öðrum hvorum þeirra séra Árna og Rögnvalds (sem þér ei afhendið) þessa meðsenda *copiu*. Aðra sem sjálfir munuð minna vegna skrifa láta, hvað ég bið gjarnan ei lengi mætti undandragast. Líka mun sýslumaður virðuglegur Bjarni Pétursson eitt *exemplar* hafa verða, einkum vegna þess sem fyrir hann er sett. Þar um hlýt ég og svo að heita á hurðir yðar að það vilduð skrifa láta og hönum það meðdeila, viljandi yður aftur til vilja og þóknunar vera í því þér tilsegja vilduð.

Copie af bréfi prófastinum séra Eiríki Vigfússyni tilskrifuðu um eiðvætti séra Árna Loftssonar

Ávísast yður að ég meðtók yðar ljúflegt tilskrif með séra Árna Loftssyni, af hvörju ég formerki að hann hefur að nokkru leyti framkvæmt tildæmdan eið, að Hvamms prestastefnu í sumar eð var, en til má bera Rögnvaldur þykist ei fullkomlega viðbúist hafa að eiðurinn skyldi svo snögg framkvæmast, þar séra Árna var svo langur eiðsfreststími, eftir hans ósk og nauðsynja vegna, í té látinn, en með því þér og séra Árni hafið viðleitast að viðvara og viðvara láta Rögnvald á hans heimili í góðan tíma um þessa eiðtöku (eftir því sem ég þykist formerkja) og nokkur af hans tilfengnum eiðvættum höfðu sér ómak og kostnað gjört á tilsettan samfundardag að Hjarðarholti, þá mun mörgum virðast vorkunnar vert þó eiður hafi af þeim tekinn verið, svo ei öldungis erindislaust, og bæði sér til ómaks og séra Árna til kostnaðar stærri, við svo búið hefðu heim aftur orðið að ferðast, og máske síðar meir mátt hindrast eiðssönnunina að framkvæma á öðrum tilsettum tíma. Einnin má það orðsök sýnast að eiðtökunni ei alls oflengi fresta skyldi. Það séra Árni framlagði eins fullkomnar handskriftir þeirra presta sem ókomnir voru, og með hönum tildæmdan eið höfðu lofað að sanna (þó vegna forfalla hindruðust), svo sem hinna er komnir voru og særin luktum með hönum, því öngvaneginn mun von vera að efa það þeir góðu menn framkvæmi sín heit, og mundi best vera það kynni sem fyrst að framkvæmast sem að mögulegt er og við verður komið. En með því ég veit ei hvör helst tími þeim og öðrum sem hlut að eiga má hentugastur vera, þá sé það sett til yðar *dispensationem* og þeirra samþykkis, en samkomustaðurinn sýnist mér hentugastur Hjarðarholt því þangað eiga flestir þá jöfnustu leið, og að Rögnvaldur sé vel rúmunum tíma áður aftur í annað sinn viðvaraður þar nálægur að vera ef hann vill. Einnin að vel athugað sé um eiðvættin hvort séra Árna mega að lögum til særanna gagnast eftir því sem tiltekið er í dómnum vegna skyldugleika eður mægða, svo að þvílíku verði oss ei síðar meir í nasir kastað. En séu þeir báðir jafntengdir þá er lögmálið ljóst þar um.

PS. Gott væri að sönnunarmenn séra Árna kæmu nú víst á næsta samfund nær sem helst hann tilsettur verður svo ei þyrfti fleiri atrið hér til að gjöra, hvað kannski sýnast mætti *qvadam tenus novam*.¹ Vegurinn er ei svo ýkja langur ef Guð gefur færðina og veðráttuna góða. *Vale*.

Skálholti 1678 9. nóvember, Þórður Þorláksson.

1 Þýðing: Nokkurt nýmæli.

Inntak úr bréfi prófastinum séra Eiríki Vigfússyni tilskrifuðu
um mál Rögnvalds og séra Árna,
Skálholti þann 8. apríl *anni* 1679 með Rögnvaldi

Sérlegasta efni þessara fárra orða er að ávísa yður að Rögnvaldur Sigmundsson kom hér og minntist á við mig um mál við séra Árna. Formerki ég á honum að aðfinna vilji að sumum eiðvættum séra Árna vegna tengda og skyldugleika, hvar til hann nefndi (að mig minnir þessa) séra Teit Halldórsson vegna þrímenningsmægða við sig,¹ séra Jón á Hítarnesi, séra Helga á Melum, hvað hann mun yður sjálfur greinilega segja. Tvíla ég ei uppá að þér munuð þessa og annars gæta, svo öngvaneginn forskotið sé lögmætum ástæðum mannsins, sem honum kunni að gagni að verða og réttvíslegt er og forsvaranlegt fyrir Guði og mönnum. En úttalist ei enn nú þetta mál í héraðinu, þá sé ég ei annað en það muni setjast verða til næstkomandi alþingis *synodum*, svo allir hlutaðeigendur þessa máls þar mætist. Þægi ég gjarnan bréflega ávísun af yður hér um með fyrstu hentugleikum. Ég skrifaði yður til í haust með séra Árna, hvörja bréfpellu ég vona þér munuð meðtekið hafa, hvar inni að mig minnir ég áminntist að Rögnvaldur væri réttilega viðvaraður þá eiðvætti séra Árna sem eftir eru skyldu sinn eið afleggja, svo Rögnvaldur þá viðvörðun fengi hálfum mánuði fyrir eður fyrr, svo þar kunni ei í neinn máta að að finnast, hvað best mun og svo vel að athuga. Guðs góður andi stýri yður og öllum oss það eina að gjöra og framkvæma sem hans heilagasta nafni er til lofs og dýrðar en kristilegum söfnuði til uppbyggingar *etc.*

Þetta rétt *copierað* eftir sjálfu sendibréfinu vottum við er samanlásuð að Skálholti dag 8. apríl 1679.

Árni Álfsson eh

Bjarni Sigurðsson meh

Copie af innleggi Ólafs Einarssonar í hvörju hann afsegir að
eiga stúlkukindina, *anno* 1681 *die* 5. júlí Þingvelli

Eftir því að af sannarlegri afspurn er mér til vitundar komið að sú kvenpersóna Halldís Hákonardóttir (hvör mér á fyrirfaranda sumri *anno* 1680 til ektaskapar trúlofuð var) hafi nú á næst umliðnum vetri augljós orðið að opinberri barn eign og föður að því lýst Snorra Jónsson, þá er ég auðmjúklega af eruverðugum herra biskupinum *magister* Þórði Þorlákssyni óskandi að hann þá trúlofun með fullkomnum dómi og áliti eftir lögunum rjúfast láti, því þar er enginn vegur til

1 við sig: breytt úr við konu sína

fyrir nokkur boð eður meðalgöngu þó leitað væri að ég mig til staðfestu þess trúlofunargjörnings hér eftir gefi, er og líka minna foreldra vilji mínum í þessu samþykku. Í annan máta gef ég hér með til vitundar að uppá það brot eður misferli hefur enginn við mig neinna sátta leitað, hvorki bréflega né munnlega, og ekki svo mikið að mér hafi verið af þeirra hálfu til vitundar gefið hvörmin til fallið væri, ekki heldur mínum foreldrum. Eigi heldur af þeim er í því erindi mér í föðurstað vera áttu. Í þriðja lagi þó þetta sé svo á sig komið að enginn hafi við mig neinna sátta leitað í sögðu misferli, þá vil ég þó Guðs vegna og náungalegs kærleika persónunum sem brotligar orðið hafa fyrirgefa þá ávirðing sem mér hefur verið sýnd í áðurtéðu efni. Fulltreystandi guðhræddra yfirvalda sannsýni að mér ei ofþyngja muni í uppihaldi eður *process* þessa tilferlis. Því ei er þess að vænta að ég mig í eigin persónu þar vestur *præsenter* þó það mál þar til dóms og álits komi. Þessa mína *protestation* legg ég í Guðs trausti til hans herradóms góðrar og rögsamligrar úrlausnar. Og hér með hans eruverðugheit og alla oss guðdómlegri náð bífala. Til sannindamerkis er mitt undirskrifað nafn og signet hér að neðan sett.

Þingvelli þann 5. júlí *anno* 1681, Ólafur Einarsson eh LS.

Þessi orð skrifuð uppá skrif Ólafs Einarssonar, Þingvelli *die* 6. júlí *anno* 1681

Þetta skrif og innlegg Ólafs Einarssonar hef ég lesið og yfirséð, hvört ég aftur í hendur fæ og *recommendera* eruverðugum prófastinum séra Sigurði Sigurðssyni til þeirra atkvæða og úrlausnar sem færilegt er. En ég mun afsakaður sýnast þó þessu máli ei framar gegnt geti í þetta sinn, þar persónan önnur sem í hlut á er ei nálæg og enginn af hennar hendi svo mér sé vitanlegt. Þar með einninn meðtók ég ei þetta bréf fyrr en að endaðri *synodi generali*. Þórður Þorláksson.

Boðunarseðill til Halldísar Hákonardóttur að koma fyrir alþing í *synodum*, Skálholti *die* 10. apríl *anno* 1682

Eftir því það trúlofunarmál milli Ólafs Einarssonar að Holti í Mýrdal og Halldísar Hákonardóttur er ei enn nú útkljáð, sökum þess að persónurnar báðar hafa ei nálægar verið þegar þar hefur átt um að tala; þá tilsegi ég áðurnefndri Halldísi Hákonardóttur að koma nú í sumar til alþingis fyrir *synodum generalem* sem haldast á (næst Guðs hjálp) að Þingvelli þann 30. júní þessa árs 1682, og sé hún þangað komin á greindum degi tímanlega, svo þetta mál mætti þar úttalast og til lykta leiðast með hjálp Drottins. Bið ég eruverðugan prófastinn í

Snæfellssýslu séra Sigurð Sigurðsson að lesa Halldísi Hákonardóttur þennan minn boðna seðil, svo hún viti sig þar eftir að rétta án forsómunar. Til merkis undirskrifað nafn, Þórður Þorláksson.

Póstur úr bréfi prófastinum séra Sigurði Sigurðssyni
tilskrifuðu um trúlofunarmál Ólafs Einarssonar og Halldísar
Hákonardóttur sama degi og stað

Ég merkti á yðar bréfi í haust að ei hefði mikið aðgjörst trúlofunarmáli Ólafs Einarssonar og Halldísar Hákonardóttur. Væri það betur útkljáð, hvörs vegna ég sendi nú hér innan í boðunarseðil að Halldís komi í sumar fyrir alþingis *synodum*, hvört ég hefi einnin tilsagt Ólafi að koma, en yður bið ég hið besta til að hlutast að hún þetta ei forsómi *etc.*

Boðunarseðill til Ólafs Einarssonar að koma fyrir alþing í
synodum Skálholti, *die* 10. apríl *anno* 82

Með því heiðurlegir kennimenn, prófastur og prestar í Snæfellssýslu, hafa afsakað sig fullkomlegan úrskurð á að leggja á trúlofunarmál millum yðar og Halldísar Hákonardóttur, þar þér voruð ei persónulega nálægir til andsvara á þeirra prestasamfundi, þá er þetta mál sett til alþingis *synodum* sem haldast á næst herrans hjálp að Þingvelli þann 30. júnímánaðar þessa árs 1682, hvar ég bið yður og tilsegi nálægum að vera, svo komnir séuð á greindan dag og stað tímanlega, svo þetta mál þar fullkomlega úttalast mætti með endilegri dómsályktun sem herrann gefur náð til. Bið ég yður eina línu hér undir að skrifa með eigin hendi að þennan seðil séð og lesið hafið. Guði bífalaðir.

Citatia til séra Einars Torfasonar og hans mótparta til
Garpsdals, *datum* Reykhólum á Reykjanesi,
die 25. ágúst *anno* 1683

Eftir því nokkrir menn í Reykhólakirkjusókn á Reykjanesi hafa skriflega auglýst sína áfrýjun uppá séra Einar Torfason fyrir forsómun á prestlegri þjónustu og embættisgjörð að Reykhólakirkju og í sömu sókn á næst umliðnum vetrartíma, hvör misklíð ei er enn nú niðursett né til lykta leidd, jafnvel þó þess með kristilegri áminningu óskað væri í söfnuðinum sama staðar á næst fyrirfaranda föstudegi, sem var sá síðasti tileinkaði bænadagur þessa árs, sérdeilis í þann máta að fyrtréð óeining kynni friðsamlega með góðri forlíkun og kærleika á báðar síður niðursetjast fyrir utan *process* eður lagaþrætur. Þar fyrir í herrans

nafni er tilsettur sá 18. dagur septembermánaðar nú næstkomandi til þessa máls yfirskoðunar og fyrirgreiðslu sem gjörst má verða. En samastaðurinn tileinkaður að Garpsdal við Gilsfjörð, til hvörs samastaðar í nefndan tíma ég Þórður Þorláksson *superintendens* Skálholtsstiftis býð og tilsegi séra Einari Torfasyni að koma án forsómunar með sínar lögmætar varnir og afbatanir mót greindri ákæru eður hvörju því öðru sem hönum bera kann það að forsvara, sig og sitt embætti í nokkurn máta, og kennidóminum hlýðir yfir að dæma. Sömuleiðis tilsegist hans ákærendum¹ á fyrrnefndan stað og tíma að koma með sín sannindagögn og bevísingar víðvíkjandi þeim sakargiftum sem þeir mega hann réttilega umkæra, og er hvorutveggjum hér með fullkomlega til sagt að koma vel tímanlega á tileinkuðum degi og svo lengi þar vera að þetta mætti úttalast eftir því sem mögulegt er og Guð gefur náð til.

Þessu til merkis er mitt nafn hér undirskrifað með eigin hendi að Reykhólum á Reykjanesi, Þórður Þorláksson.

Inntak úr bréfi séra Eiríki Vigfússyni tilskrifuðu
um hans komu og þriggja presta úr hans prófastsdæmi
á Garpsdals prestastefnu,
datum Reykhólum die 26. ágúst anno 1683

Læt ég yðar kærleik vitanlegt að vegna misklíðar hér í Reykhólasókn orðsakast ég til prestamót að tilsetja, sem ánefnt er að með herrans hjálp haldið verði að Garpsdal við Gilsfjörð þann 18. september nú næstkomandi, hvörs vegna ég óska vinsamlega að þér vilduð yður þangað í þann tíma ómaka, eftir okkar síðasta umtali, nefnandi þar til einnin undir sömu grein yðar héraðspresta heiðurlega kennimenn, einkum séra Pál Ketilsson og séra Egil Helgason, svo og séra Jón Loftsson (ef svo margir mega í einu frá víkja eftir yðar góðri forsjá), treystandi yður og þeim þessum mínum vinsamlegum tilmælum að gegna, að forfallalaus, svo og yðar kærleik þeim þetta að ávísa með fyrstu hentugleikum.

Guð alnáttugur stjórnir öllum vorum efnum og erindagjörðum til bestu úrræða, Þórður Þorláksson.

Sjáið nú til hið besta að yðar og hinn þriggja tilnefndra heiðurlegra kennimanna hingaðkoma ei bregðist, því mig uggir oss muni ei veita af góðum liðsmönnum á þessum samfundi.

Einslátandi bréf tilskrifað séra Ásgeiri, séra Magnúsi og séra Teiti Einarssonum að koma á Garpsdals samfund frá Reykhólum. *Anno et die ut supra.*

1 ákærendum: í handriti stendur ákæru

Um andsvar og viðmót séra Einars Torfasonar við biskupinn *magister* Þórð Þorláksson

Anno 1683 þann 12. sunnudag eftir *trinitatis* að endaðri heilagri embættisgjörð að Reykhólum afhenti herra biskupinn *magister* Þórður Þorláksson í tjaldi sínu séra Einari Torfasyni það boðunarbréf uppá tileinkaðan prestasamfund að Garpsdal á þann 18. september næstkomandi, hvört bréf vér undirskrifaðir sáum séra Einar meðtaka og yfirlesa, og heyrðum hann það einnin í niðurlæginu svo hátt lesa að vel heyrðist það fyrirkallinu viðveik. Vildi þó ei það sama bréf undirskrifa, heldur afsagði oftár en eitt sinn til Garpsdals að koma í því nafni óstefndur, sýnandi sig með háareysti og óþýðu viðmóti í sínum andsvörum mót biskupsins friðsamlegu og hógværu ávarpi, honum til styggðar-efnis og óþökkunar það merkja máttum.

Þessu til vitnisburðar eru vor nöfn hér undirskrifuð sem á heyrðum og viðstaddir vorum sama stað, ári og dag sem fyrr segir, Vigfús Hannesson eh, Sveinn Jónsson eh, Ólafur Árnason meh.

Inntak úr bréfi séra Guðbrandi Jónssyni tilskrifuðu um hans nálægð að Garpsdal, *datum* Reykhólum dag 27. ágúst 1683

Ávísast yðar heiðursemi sérlegasta efni þessara fárra orða, sem er þetta að óska yðar nálægðar á tilsettan prestasamfund að Garpsdal þann 18. september næstkomandi, hvörs samfundar helsta orðsök er óeining millum séra Einars Torfasonar og nokkra hans sóknarmanna. Er mín vinsamleg bón til yðar heiðursemi að þér látið mér ei bregðast yðar nálægð, því mér þykir oss þar um mikið varða til góðra ráða og aðstoðar. Væri svo ástatt að nokkra heiðurlega kennimenn tvo eða þrjá úr yðar prófastsdæmi með yður taka kynnuð þá vilda ég það gjarnan þiggja, óskandi að orðum mínum hér um til þeirra skila vilduð. Þórður Þorláksson.

Útskrift af bréfi prestum í Barðastrandarsýslu tilskrifuðu uppá Garpsdals prestastefnu *anno* 1683 30. ágúst

Hér með yður elskulegir vinir ávísandi, að eftir því ég í minni *visitatiu* orðsakaðist til vegna óeiningar millum séra Einars Torfasonar á Stað og nokkra Reykhólakirkju sóknarmanna að tilsetja prestasamfund sem ánefndur er að með herrans hjálp haldinn verði í Garpsdal við Gilsfjörð þann 18. september nú næstkomandi, þar fyrir bið og tilsegi vinsamlega að þér velnefndir heiðurlegir

kennimenn yður þangað ómakið á nefndan stað og tíma, til slíkrar aðstoðar og atkvæða sem kennivaldinu ber þá þar til að hlutast, og eftir því sem Guðs góður andi virðist náð til að gefa. Hér með óska ég að þetta mitt bréf með skilum fari án forsómunar frá Gufudal til Múla, þaðan til Brjámslækjar, og að sérhvor sitt nafn áteikni nær meðtekur, og að þér forsómunarlaust þessu gegnið án forfalla, svo sem fyrrskrifað er. Þórður Þorláksson.

Inntak úr bréfi séra Torfa Jónssyni tilskrifuðu
um prestastefnu sem haldast á að Ólafsvöllum þessa árs,
Skálholti 16. janúar 85

Næst kærleiks heilsan með bestu farsældaróskum. Er það nú sérlegasta efni þessara fárra orða að ávísa yðar heiðursemi það ég þykist meðþurfa yðar og nokkra fleiri þessa héraðs presta góðra ráða og atkvæða, einkum viðvíkjandi kristilegum fríheitum manns nokkurs sem hingað er nýlega kominn vestan úr Borgarfirði, að nafni Þorsteinn Högnason, og er það sá sami maður er borinn var galdraáburði norðanlands af Páli Jónssyni, hvört mál sett var til alþingis *anno* 1682 og varð þá alþingismanna dómur sá að greindur Þorsteinn skyldi líkamlega refsing hafa, þar líkindin áburðarins þóttu ei svo fullkomin að honum lífsstraff tilhlýddi, hvörja dæmda refsing Þorsteinn úttók á alþingi sama sumar. En ári síðar 1683 endurnýjar Páll Jónsson sinn áburð við Þorstein Högnason, hvar uppá svolátandi svar gefið var á alþingi sama ár sem eftirfylgir: Hvörs vegna lögmaðurinn Magnús Jónsson alvarlega beiðist og tilskikkar, með ráði og samvitund nokkra nærverandi lögréttumanna, að hérnefndur Þorsteinn Högnason sé til fanga tekinn þar hann hittast kann og í Húnavatnsþing færður undir réttvíslegt próf og rannsak þess valdsmanns sem í vestra parti þeirrar sýslu settur verður, *etc.*

Þessari tilsógn (eður hvörju nafni heita skal) hygg ég lögmann vorn Sigurð Björnsson ei öldungis samþykkan orðið hafa né hans lögréttumenn, eður máske fleiri. Hefur Þorsteinn nú síðan í Borgarfirði dvalið og enginn neitt til hans lagt hér um, hvorki í sumar á alþingi né síðan það mér er vitanlegt. Hefur hann góðra manna (bæði herra lögmansins og annara leikra og lærðra) vitnisburði um sína meinlausa hegðan síðan hann þangað kom, en heilagt altaris *sacramentum* ei meðtekið eftir það hann að norðan kom og tildæmt straff á alþingi útstóð, en þó þess á milli og enn nú alvarlega og alúðlega óskað að fá mætti kristileg fríheit. Þetta stuttlega til undirréttingar og umþenkingar.

Nú með því að þetta sýnist að miklu leyti samvitskumál vera sem konunglegrar *majestets ordinantia* tileinkar biskupi og andlegum mönnum að sér að taka og yfirvega, þá vildi ég gjarnan fleiri góðra manna ráð og meaning þar um

heyra, hvörs vegna í herrans nafni ég hefi tilsett prestasamfund að Ólafsvöllum á Skeiðum næstkomandi föstudag sem fellur uppá þann 23. janúar þessa árs 1685, á hvörn samfund ég bið yður að koma með yðar héraðsprestum, nefnilega séra Guðmundi Bjarnasyni og séra Jóhanni Þórðarsyni að Laugardælum, séra Gísla Álfssyni að Kaldaðarnesi og séra Þórði Þorsteinssyni að Villingaholti, hvörjum ég hefi opinn seðil þar um tilskrifað, sem ég bið yður og tiltreysti í góðan tíma að *promovera* svo þeim í hönd komast mætti rúmum tíma fyrir þennan tilsettan samfund. En þeim prestum sem nær mér eru skal ég sjálfur boð gjöra lofi Guð.

Vel væri (ef yður svo litist) að á greindum samfundi til tals og yfirvegunar kæmi sá ektaskapar *casu* sem umgetur í yðar bréfi fyrir jólin. Líka voga ég ei öldungis að slumra yfir embættisgjörð séra Jóns Halldórssonar þar svo víða er útbreidd og að minnsta kosti heyra hans vitnisburð þar í sókn eður hvort nokkrir sig í ljósi láti sem hann ákæra vilja. Guð stýri oss og stjórnri með síns heilags anda náð, bæði í þessu og öllu öðrum. Haldið nú til góða, *etc.* Þórður Þorláksson.

Citatia til presta nokkra í Árnessýslu

Heiðurlegum og vellærðum kennimönnum séra Guðmundi Bjarnasyni og séra Jóhanni Þórðarsyni að Laugardælum, sömuleiðis séra Gísla Álfssyni að Kaldaðarnesi og séra Þórði Þorsteinssyni að Villingaholti náð og friður af Guði, föður og Drottni í vorum Jesú Kristo!

Eftir því, góðir bræður í Kristo, ég þurfa þykist yðar góðra og hollra ráða um einn eða annan *casum* hér í stifti, einkum viðvíkjandi friðheitum manns nokkurs nýlega hingað komins að vestan, þá hef ég í herrans trausti tilsett prestasamfund að Ólafsvöllum á Skeiðum á næstkomandi föstudegi sem fellur uppá þann 23. janúar þessa árs 1685. Því bið ég yður á þennan samfund að koma tímanlega á greindum degi ei síðar en undir hádegi, og það sama án forsómunar. Eruverðugan prófastinn þessa héraðs hef ég einnig bréflaga hér um ávarpað. Almáttugum allsvaldanda Guði og orði hans náðar séu þér og allir vér eilíflega bífalaðir í Jesú nafni.

Skálholti *die* 16. janúar, Þórður Þorláksson.

Citatia til sóknarfólksins Ólafsvallnakirkju

Sóknarmönnum Ólafsvallnakirkju á Skeiðum tilsegi ég að koma til Ólafsvallna á morgun, sem er föstudagur (en 23. þessa mánaðar janúar). Verið komnir þangað um hádegiskeið en ei síðar en undir sólsetur, og sendi hvör af öðrum

þennan seðil forsómunarlaust svo ei bregðist yðar þarkoma í tilsettan tíma. Til merkis undirskrifað nafn. Skálholti *die* 22. janúar 1685, Þórður Þorláksson.

Sacramentis seðill Þorsteini Högnasyni útgefinn
Skálholti *die* 3. febrúar 1685

Þessi maður Þorsteinn Högnason hefur öðlast¹ opinbera aflausn synda sinna, einkum fyrir dómfall á alþingi *anno* 1682 og það hneyksli sem þar af hefur mátt rísa; hvörja aflausn hann meðtók í dómkirkjunni að Skálholti þann þriðja sunnudag eftir þrettánda þessa árs 1685 er féll uppá þann 25. dag janúar-mánaðar, sem er *dies conversionis sancti Pauli apostoli*. Lofaði hann Guði og kristilegum söfnuði að sjá við syndunum framvegis, forðast hneyksli og illt framferði bæði til orða og verka það framast hönum væri fyrir heilags anda náð og fulltingi mögulegt; en stunda hér eftir með allri kostgæfni það gott og kristilegt er Guði þægilegt, náunganum nytsamlegt en hönum sjálfum sáluhjálplegt, hvað að efna og framkvæma Guð veiti hönum sína náð í Jesú nafni. Er hann þess vegna (að svo stöddu) óhindraður uppá sín kristileg fríheit á meðan ekkert frekara uppá hann bevísast sem honum kann löglega þar frá að bægja.²

Til merkis undirskrifað nafn, Þórður Þorláksson.

Opinn seðill til prófastanna séra Halldórs Jónssonar,
séra Sæmundar Oddssonar,
séra Sigurðar Sigurðssonar og séra Eiríks Vigfússonar
að koma til alþingis *synodum* 1685

Eruverðugum, heiðurlegum og vellærðum kennimönnum og próföstum í Skálholti-stifti, séra Halldóri Jónssyni að Reykholti, séra Sæmundi Oddssyni að Hítardal, séra Sigurði Sigurðssyni að Staðastað og séra Eiríki Vigfússyni að Hjarðarholti, mínum elskulegum meðbræðrum, náð og friður af Guði vorum föður og herranum Jesú Kristo!

Hér með er ég vinsamlega óskandi af yður elskulegir bræður í Kristo að þér persónulega nálægir séuð á vorri almennilegri alþingis *synodo* sem nú í sumar tilstendur á venjulegum tíma að gegna þar stiftisins nauðsynjum, og einkanlega kónglegrar *majestets* erindum, sem er að taka próf uppá þá pósta sem prestar nokkrir í Hólastifti hafa angefið um biskupinn *magister* Jón Vigfússon. Bið ég að þér þangað komnir séuð það síðasta 30. dag þessa júnímánaðar, en sá 3. júlí

1 *öðlast*: breytt úr *meðtekið*

2 *bægja*: breytt úr *hindra*

þar eftir er *deputeraður* greinda pósta að rannsaka eftir hánefndrar kónglegrar *majestets* náðugustu befalningu. Látið þetta ei bregðast og tilsegið einninn nokkrum prestum úr yðar héröðum sem helst má um vanda til þessarar alþingis *synodum* að koma. Einnin bið ég sérhvörn yðar að *promovera* þennan seðil skilvíslega það allra fyrsta svo öllum fyrrgreindum heiðurlegum próföstum mætti í hönd komast það fyrsta við verður komið fyrir þetta tilstandandi alþing. Guði eilífum allra tíma befalaðir.

Skálholti *die* 13. júní *anno* 1685, Þórður Þorláksson.

Inntak úr bréfi séra Páli Ketilssyni tilskrifuðu um
trúlofun Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur,
datum Þingvelli dag 6. júlí *anno* 1686

Vitið með þessum fáum orðum þessa bréfs efni, einkum það ég óska af yðar heiðursemi að taka að yður það trúlofunarmál sem til hefur fallið í sókn séra Egils Helgasonar viðvíkjandi þeim persónum, Greipi Andréssyni og Sigríði Guðmundsdóttur, hvörju hér að Þingvöllum varð í þetta sinn ei gegnt til fullkominnar úrlausnar þar þau voru ei til svara. Því treysti ég helst yðar kærleika þetta efni minna vegna að átakast, hvar til ég gef yður mitt umboð með krafti þessara bréfsorða, bæði persónurnar sem málið viðvíkur fyrir yður að kalla á þann stað og tíma sem yður þykir hentast vera, sömuleiðis prestana í Dalasýslu og hina aðra sem ég hefi ánefnt svo sem sjálfir sjá megið af því sem hér var þar um samanskrifað, hvað ég hefi séra Eigli afhent¹ til þess að hann yður það í hendur fái. En þar ég heyri að Greipur Andrésson sé vestur í Barðastrandasýslu kominn, þá megi þér mínu forlægi vænast skriflega við séra Bjarna á Brjámslæk að hann vilji það fyrirgreiða yðar fyrirköllum við Greip hönum skilvíslega að auglýsa, svo ei þurfið frekari fyrirhöfn þar um að hafa en mögulegt er. Ég læt hér og með fylgja opinn seðil til þeirra utanhéraðspresta sem mér þótti ei óhentugt að nefna yður til aðstoðar, einkum þar í Dalasýslu verður ei fullkomlega dómfært, svo sem nærri getið. Ég treysti yður vinsamlega til að mér munuð þetta ei bregðast láta, heldur að málinu prófuðu og rannsökuðu (sem í sérhvörn máta sjáið því tilhlýða) þar fullkomna úrlausn og dóm á að gjöra með öðrum prestunum sem tilnefndir verða af yður. Þórður Þorláksson.

1 *afhent*: breytt úr *tilskrifað*

Copie af sama bréfs innlögðum seðli

Þessa heiðurlega kennimenn, séra Ásgeir, séra Magnús og séra Teit Einarssyni, sömuleiðis séra Ísleif Þorleifsson, nefni ég undirskrifaður til aðstoðar heiðurlegum kennimanni séra Páli Ketilssyni uppá það málefni Greips Andréssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur sem ég hefi hönum umboð tilgefið yfir að dæma, að téðir kennimenn vildu eftir hans ávísan þar samankoma sem hann tileinkar. Til merkis mitt nafn undirskrifað Þingvelli 6. júlí *anno* 1686, Þórður Þorláksson.

Citatia til séra Rafns Ólafssonar að Stað í Grindavík *Bessastöðum dag 27. maí anno 1687*

Læt ég yður vita séra Rafn Ólafsson að Stað í Grindavík að veleðla herra *assessor* Christophor Heidemann, kónglegrar *majestets* landfógeti yfir Íslandi, hefur mér afhent skriflegt þingvitni nokkra manna tekið, útgefið á Járngerðarstöðum á þessu ári *anno* 1687 þann 4. maí,¹ þess inntaks og meiningar að þér hafið hvorki haldið né halda viljað þann almennilega föstu- og bænadag sem konungleg *majestas* hefur af háloflegri guðrækni náðuglegast skikkað að hér í landi haldast skyldi árlega þann fjórða föstudag eftir páska, hvör bænadagur nú á þessu ári innféll þann 22. dag apríl, heldur hafi embættisgjörðin samt tilheyrilegt helgihald forsómast á greindum bænadegi. Því hef ég í herrans nafni tilsett prestasamfund að Stað í Grindavík þann 15. dag júnímánaðar þessa árs *anno* 1687 til að tala um þetta mál og eftirgrennslast hvörmin því er varið, einkum með því að kóngleg *majestet* hefur strengilega boðið og bifalað að þvílíkt skyldi ekki niðurfellast eður orðalaust hjáleiddast. Hvörs vegna ég kalla yður séra Rafn Ólafsson og boða að þér nálægir séuð á Stað í Grindavík á tilteknum degi þeim 15. júní til andsvara þessa máls eður bænadags forsómunar, sem og einninn annars er heiðurlegum héraðsprófastinum séra Einari Einarssyni og yður hefur á milli farið, einkum í Grindavíkurkirkju þann fyrsta sunnudag eftir páska á nærverandi ári. Tilsegi ég yður nálægum að vera forsómunarlaust á greindum stað og tíma með allar yðar ábatanir og skjöl sem yður kunna í þessu máli stoða. Þessari minni *citatiu* til staðfestu og sannindamerkis skrifa ég mitt nafn hér undir með eigin hendi, að Bessastöðum á Álftanesi þann 27. maí *anno* 1687. Og bið ég yður einninn yðar nafn hér undir að skrifa að séð og lesið hafið, og á hvörjum degi mánaðar að þessi *citatia* hafi yður til handa komið.

Þórður Þorláksson.

1 skr.flegt þingvitni ... 4. maí: breytt úr skr.flegan vitnisburð þingsóknarmanna Járngerðarstaða í Grindavík þar tekið og útgefið þann 4. maí

Citatia til prestanna í Kjalarnesþingi til Staðar í Grindavík
um málefni séra Rafns Ólafssonar,
Bessastöðum dag 27. maí anno 1687

Eftir því mér er til handa komið af kónglegrar *majestets* veltitrúuðum landfógeta yfir Íslandi, eðla og háttöktuðum herra Christophor Heidemann, þingvitni með undirskriftum nokkra manna *daterað* Járngerðarstöðum anno 1687 þann 4. maí að sóknarpresturinn að Stað í Grindavík séra Rafn Ólafsson skuli hafa forsómað heilaga þjónustugjörð og helgihald á þeim bænadegi sem hálofleg kóngleg *majestet* hefur allranáðugast uppáboðið að árlega haldast skuli föstudaginn næstan fyrir fjórða sunnudag eftir páska, sem á nærverandi ári var sá 22. dagur apríl, þá sökum þess að soddan ávirðing má eigi aðgjörðalaus líðast, einkum þar svo hánauðsynlegt efni og kónglegrar *majestets* alvarleg og ströng bifalning skyldugar hlýðni og framkvæmdar útkrefur. Voga ég hvorki né vil míns embættis vegna að soddan stórkostlegur brestur sé til lengdar lagfæringarlaus og frekara hneyksli í kristilegri kirkju af sér leiði, þess vegna *citera* ég og boða yður heiðurlegir kennimenn, séra Snæbjörn Einarsson, séra Páll Sveinsson, séra Pétur Ámundason og séra Jón Stefánsson, að þér með öðrum prestum sem ég þar til kalla komið forsómunarlaust á Stað í Grindavík þann 15. dag júní mánaðar þessa árs 1687 til að meta og álíta greint málefni, með því fleira sem aðhnígandi vera má því efni, að fyrir vors góða Guðs náð og yðar viðleitni og tilhlutan mætti þetta mál annaðhvort til frekara dómsaðkvæðis undirbúast eður og svo til lykta leiðast. Bið ég að sérhvor yðar skrifi nafn sitt undir þessa *citatiu*, einninn á hvörjum degi mánaðar hana meðtekið og yfirlesið hafið. Guðs góður andi leiði yður og alla oss á réttum vegi og virðist að framkvæma það í þessu efni og sérhvörju öðru sem Guði allsmegtugum til dýrðar en kristilegri kirkju til uppbyggingar þéna mætti. Hér með yður guðdómlegri náð befallandi með vinsemdar heilsan og bestu óskum.

Sama *citatia* send séra Sigurði Eyjólfssyni, séra Þorleifi Kláussyni og séra Hallkeli Stefánssyni

Item þessum þremur úr Árnæssýslu, séra Gísla Álfssyni, séra Oddi Árnasyni og séra Eiríki Magnússyni. *Sub eodem dato ut supra.*

Opinn seðill til prófastsins séra Einarssonar
um sama efni,

Bessastöðum dag 27. maí anno 1687

Eruverðugi *domine præposite* séra Einar Einarsson, eftir því að prestasamfundur er í herrans nafni tilsettur að Stað í Grindavík þann 15. júní þessa árs um embættisforsómun séra Rafns Ólafssonar á almennilegum bænadegi sem eftir kónglegrar *majestets* náðugustu bifalningu haldast átti þann 4. föstudag eftir páska, þá bið ég yður á greindum samfundi nálægan að vera, einkum þar þetta mál sýnist yður nokkuð snerta, helst í þann máta að auðsýna að þér hafið eftir yðar embætti aðvarað séra Rafn um þennan bænadag og birt honum kónglega skikkun og bifalning þessu efni viðvíkjandi, og með því ég hefi merkt og fornumið að séra Rafn Ólafsson hafi ávarpað yður ósæmilegum orðum í Grindavíkurkirkju þann fyrsta sunnudag eftir páska, þá hefi ég og svo tilætlað að á greindum samfundi skyldi þar um frekar talað verða í beggja ykkar séra Rafns viðurvist.

Þórður Þorláksson.

Inntak úr bréfi séra Sigurði Eyjólfsyni að Kálfatjörn
tilskrifuðu um sama efni, Bessastöðum dag 27. maí 87

Ávísast yður að prestasamfundur er í herrans nafni tilsettur þann 15. júní þessa árs að Stað í Grindavík sem sjá kunnið af þessum meðfylgjandi *citatium*. Er nú mín ósk til yðar að birta og auglýsa vilduð séra Rafni Ólafssyni mína *citatiu* sem hann áhrærir, og það sama í tveggja ærlegra manna og votta viðurvist, svo annaðhvort lesið þér yfir honum *citatiuna* eður sjálfur lesi hann hana og skrifi nafn sitt undir að séð og lesið hafi, afhendi svo yður síðan til forvörunar, svo hún á samfundi áðurgreindum framleggjast mætti. Bið ég yður og fullkomlega treysti að þér látið öngvan veginn bregðast þetta fyrir mig að útrétta það allra fyrsta, svo séra Rafn greinda *citatiu* heyrt og meðtekið hafi á mánudaginn er kemur sem er sá 30. maí. Séra Rafn má hvorugan okkar hér fyrir forþenja svo ég gjöri embættisskyldu mína en þér hlýðið ósk og tilsögn minni. Hina *citatiuna* til prestanna þar suður frá bið ég yður að senda með vissum ferðum og fyrstu hentugleikum til heiðurlegs kennimanns séra Þorleifs Kláussonar eftir það þér hafið hana yfirlesið og yðar nafn þar undirskrifað. En séra Þorleif bið ég að auglýsa hana séra Hallkeli Stefánssyni og síðan hjá sér forvara til samfundartímans. Ómak yðar og velvild hér úti vil ég þakklátlega ásannast láta í því mér tilsegja viljið og sjáið þér nú sjálfir að nokkuð varðar um að þetta

erindi ei forsómist, hvörs vegna ég er þess ókvíðnari að þér munuð láta yður hér umhugað vera.

Virðið vel fá bréfsorð, Þórður Þorláksson.

Þetta allt ofan- og framanskrifað á tveimur blöðum viðvirkjandi málefnum séra Rafns Ólafssonar að Stað í Grindavík er rétt útskrifað og innfært í þessa bók af þeim *originalum* sem frá Bessastöðum af biskupinum sendir voru *anno* 1687 dag 27. maí. Hvörju til sannindamerkis þeir undirskrifa sín nöfn er hvortveggja sáu og samanlásu.

Árni Þorvarðsson eh
Hákon Hannesson mpp

Gísli Jónsson mpp

Citatiu seðill til sóknarmanna í Grindavík, Skálholti dag 8. júní *anno* 87

Kirkjusóknarmönnum til Staðar í Grindavík óska ég náðar og friðar af Guði fyrir Jesúm Kristum. Eftir því að prestasamfundur tilsettur að Stað í Grindavík þann 15. júnímánaðar þessa árs 1687 um nokkur málefni sem snerta yðar prest, séra Rafn Ólafsson, þá bið ég yður og tilsegi míns embættis vegna að koma á greindan samfund forsómunarlaust vel tímanlega að greiða úr því sem þér verðið þar af samankomnum prestum aðspurðir og ykkur ber til að svara til málsins framkvæmdar og úrgreiðslu. Bið ég að sérhvör yðar sendi þennan seðil frá sér án dvalar til síns nábuá svo ekki hindrist yðar samkoma á greindan samfund. Guði befallaðir alla tíma, Þórður Þorláksson.

Citatie biskupsins til prestanna í Kjalarnesþingi að koma til Grindavíkur prestastefnu sem haldin er um séra Rafn Ólafsson, Nesi á Seltjarnarnesi dag 5. september 87

Heiðurlegum og vellærðum kennimönnum, séra Páli Sveinssyni, séra Pétri Ámundasyni, séra Jóni Stefánssyni, séra Sigurði Eyjólffssyni, séra Þorleifi Kláus-syni og séra Hallkeli Stefánssyni, sóknarprestum í Kjalarnesþingi mínum elsku-legum vinum, óska ég náðar og friðar af Guði fyrir Jesúm Kristum í krafti heil-ags anda, *amen*.

Eftir því elskulegir bræður í Kristo að ég formerki það eigi vilji enn lag-færast um málefni og háttalag séra Rafns Ólafssonar í Grindavík, heldur jafnvel að enn horfist til frekari vandræða af hans rænumbresti og ósæmilegu viðmóti, svo sem þér líka máské nokkrir fornumið hafið, þar fyrir hefur mér nauðsynlegt

sýnst að þetta efni mundi enn á ný til tals á meðal vor koma verða. Hefi þess vegna í herrans nafni ásett og tileinkað í þessari minni umreið halda prestasamfund að Stað í Grindavík á þann 14. dag þessa septembermánaðar. Óska þess vegna vinsamlega og tilsegi að sérhvör yðvarra þangað þá persónulega kominn sé í nefndan stað og tíma forsómunarlaust án lögmætra forfalla, til slíkra aðgjörða í fyrrnefndu vandaefni sem Guð gefur oss náð til úr að ráða. Hér með óska ég einnig vinsamlega og tilsegi, sérhvör yðvarra teikni sitt nafn á þetta mitt *citatiu* bréf, og nær það meðtekur, og síðan sendi tafarlaust með góðum skilum til næsta prests suður eftir sýslunni. En sá það síðast meðtekur afhendi mér það aftur á fyrrskrifuðu tileinkuðu prestamóti. Guð gefi oss sína náð og heilags anda stjórnar, svo að bæði þessi og sérhvör önnur vandræði mættu á góðan veg greiðast. Þeim sama dýrðar herra¹ befala ég yður og oss alla í Jesú nafni.

Skrifað á Nesi á Seltjarnarnesi þann 5. september *anno* 1687, Þórður Þorláksson.

Þessar línur voru skrifaðar á áminningarbréf séra Daða Halldórssonar til séra Rafns Ólafssonar

Eftir því Rafn Ólafsson vildi ei viðstaddur vera þegar þettað áminningarbréf séra Daða Halldórssonar var upplesið í kirkjusöfnuðinum að Steinsholti, þá bið ég eruverðugan prófastinn séra Einar Einarsson að tilhlutast að það bréf og lesið sé greindum Rafni Ólafssyni í erlegra votta viðurvist af þeim kennimanni í hvörri sókn hann nú dvelur, svo ei þurfi hann við að berjja að hann hafi ei heyrt eður fornumið þettað áminningarbréf. Guð gefi honum náð til að snúa af vondum vegi til sannrar iðrunar og yfirbótar í Jesú nafni. Til merkis undirskrifað nafn, Skálholti dag 3. apríl *anno* 1689, Þórður Þorláksson.

Inntak úr bréfi séra Rafni Ólafssyni tilskrifuðu um *sacramentis* meðtekning hans, Skálholti dag 6. ágúst 1689

Náð og miskunn Guðs föðurs fyrir forþénustu hans elskulegasta sonar Jesú Kristi með stjórnar heilags anda, óska ég af alhuga þér veitist Rafn Ólafsson. Ég meðtók í gærkveldi yðar tilskrif *daterað* Hlíð í Austurhrepp dag 28. júlí *anno* 89, hvar inni skrifið að þann 9. sunnudag eftir *trinitatis* næstliðinn hafi boðið yður undir opinbera aflausn með því formi og skilyrðum sem þér í bréfinu tiltakið. Nú einfaldlega að svara yður hér uppá þá skilst mér svo af yðar

1 herra: breytt úr *kóngi*

bréfi að þér viljið sjálfir ráða aflausnarforminu og þykist ekkert syndgað hafa nema á móti þriðja og 4. Guðs boðorði, og meðkennið þá synd *generaliter*. Nú veit ég vel að Guð hefur gefið yður þá vitsmuni (ef réttilega brúka vilduð) að Guð vill ekki hafa nokkra hræsni eður yfirdrepskap heldur einfalda og auðmjúka játning syndanna, og eitt kramið og sundurknosað hjarta en ekki uppblásið af hofmóðugheitanna og drambseminnar anda, djöflinum, hvörjum þér hafið máske heldur aðhlýtt en skyldi, og er því ekki að furða þó yðar uppátekt fengi slæma endalykt.

Guð og mín eigin samvitska ber mér vitni þar um að ég hefi ekki viljað ásælast yður í nokkurn máta. Því áminni ég yður nú í Guðs nafni að þér snúið af yðar vondum vegi og gefið góðar gætur að sáluhjálpi yðar og tímanlegri og eilífri velferð og ekki réttlætið sjálfan yður. Þér meðkennið að þér hafið ekki réttilega haldið hvíldardaginn en getið þess ekki neitt hvort yður þyki nokkur ávirðing orðið hafa í því að þér forsómuðuð þann kristilega bænadag sem uppásettur var af kónglegri *majestet* og gáfuð þar með öðrum Guðs börnum og yðar tiltrúuðum söfnuði hneyksli og ásteytingarefni, sem og öðrum úti frá. Það sem þér meðkennið um 4. boðorðs brotið meg þér vissulega viðstanda, en nú vilda ég þér rannsökuðuð fleiri boðorðin og *consuleret* Guð og samvitsku yðar. Er þar ekki synd á móti fyrsta og öðru boðorði? Hafi þér vanbrúkað þau sáluhjálparmeðöl sem Guð hefur sinni kristni til trúarstyrkingar gefið og eftirlátið. Ég meina heilags altarisins *sacramentis* meðferð, því þar sem að þér voruð dæmdir frá prestlegu embætti og ei tiltrúaðir að meðdeila það öðrum, þá máttu þér því síður veita yður það sjálfur. Munu þér vera öldungis frír frá 5. boðorðs brotinu þar þér (prestvígður maður) slóuð einn mann til blóðs með öðru því sem þér hafið atvikað yðar sannkristnum náunga í vondum orðum, því fleira skilst undir manndeyðslunni en manndrápið sjálft, sem þér sjá kunnið af Lutheri útlekkingu.

Um 6. boðorðið kann ég yður ekki að straffa því ei hef ég með sanni heyrt að þér hafið þar á móti brotið. Enginn þjófnaður er verri en sá að stela Guðs helgidómi sem heitir *sacrilegium in summo gradu*.¹ En þjófanna straff viti þér hvað er. Að ófrægja náunga sinn eður ljúga uppá hann löstum og skömmum viti þér að er á móti 8. boðorði. Hvort þér hafið ekki sýnt lit á að bera það við uppá mína persónu þá rannsakið það sjálfir, því hafi það satt reynst, bæði það sem þér hafið munnlega talað, skrifað og bréflega er komið, þá mundi það ekki á litlu ríða, heldur máske á æru minni og embætti, og jafnvel lífinu sjálfu, þar þér kallið mig *sacramentis* þjóf yðar, og segið ég rangan lærdóm innfært hér í landið, með öðrum virðingar *glósum* yðar sem mér gefið og gefið hafið, hvar

1 Þýðing: Helgisþjöll á hæsta stigi.

um þér leita megið yðar sjálfs samvitsku. Ei mundi saka þó þér fenguð að vita einhvörum tíma hvað réttarfar biskups er og það skuluð þér vita fyrir víst að mér er ei svo fótur fastur hér á Íslandi að ég þyrði ekki að verða yður samferða utanlands, en sjá þér þá svo til að betur fari. Nú hefi ég sagt yður meininguna í fáum orðum. Guðs góður andi hræri yðar hjarta að víkja af vondum vegi og snúa á góðan veg, því eins og englum Guðs á himnum er gleði það að sjá og vita iðran og afturhvarf syndugrar manneskju þá er mér þetta eins, sem á að elska náunga minn sem sjálfan mig.¹ Hlýðið nú vel þessari minni kristilegri viðvörun og áminningu, en vilji það ei hjálpa þá vitið fyrir víst að þar eftirfylgir líkamlegt straff af veraldlegu yfirvaldi eftir alþingismanna ályktun nú í sumar og ef það ei hjálpar þá *excommunicatio* eður útlyking af Guðs söfnuði.

Guðs góður andi leiði yður og stýri á réttan veg í Jesú nafni, ef þér viljið mig hér finna persónulega í Skálholti á næstkomandi föstudag þá er yður það í sjálfræði, meinlaust skulu þér hér vera og skiljast að mínum vilja, og þess sama vænti ég og svo af yðar hendi, en héraðsprófastur vor mun heyra á okkar samtal.

Guði befalaðir alla tíma, Þórður Þorláksson.

Opið bréf próföstum séra Páli Ketilssyni, séra Guðbrandi Jónssyni, séra Sigurði Jónssyni og séra Páli Björnssyni
sent með sendimanni að vestan
Sveinbirni Jónssyni um bæn á móti Tyrkjanum,
Skálholti 23. febrúar *anno* 88

Eruverðugum, heiðurlegum og vellærðum kennimanni NN prófasti í N sýslu náð og friður fyrir Jesúm Kristum. Það var á næst umliðnu sumri í almennilegri *synodo* að Þingvelli nauðsynlegt álitid af kennidóminum að gjörast skyldi af predikunarstólnum ein auðmjúk og innileg bæn til Guðs, að hann vildi náðarsamlega hindra ofsókn og árásir þess hræðilega og svarna kristindómsins óvinar, Tyrkjans. En nú sýnist það því nauðsynlegra að í haust sannspurðist að tyrknesk ræningjaskip hefði komið hingað í Norðursjóinn við Holland og Hjaltland, og hefði í ráði haft hingað til landsins að koma, og einkum að passa uppá Íslands kaupför og Grenlandsför, þar með líka skaða að gjöra á þessu auma og varnarlausa landi. Hvör veit nema þeir skálkar hafi enn nú sama í hug og séu nú allt hvað líður í búningi að framkvæma sinn vandan ásetning.

En hvað skulum vær aumar og varnarlausar manneskur í þessu fátæka landi

1 *mig*: í handriti stendur *minn*

annað gjöra en hrópa til Guðs í himininn og biðja hann auðmjúklega að vera vora vernd, hlífð og skjól fyrir þessum hræðilegum óvinum svo ekki komum vær í þeirra vald. Hefi ég nú prenta látið eina bæn sem ég vildi að allir prestar hér í stifti upplesti á predikunarstólnum að endaðri almennilegri bæn sem þeir eru vanir að gjöra fyrir Guðs kristni og hennar höfuðstéttum. Formálinn fyrir framan bænina til prófasta og presta í Skálhóltsstifti má lesast einu sinni fyrir söfnuðinum, en síðan lesist bænin sjálf fyrir tilheyrendunum á predikunarstólnum sérhvörn helgan dag. Bæn þessa hefi ég samantekið úr bænabók Jóhannes Arndt og Avenarii og mjög fáu þar við aukið, hvar af ég sendi hér með *N exemplaria* sem ég bið yður að *distribuera* meðal prestanna í yðar héraði. En verði nokkur afgangs þá kunnið þér að meðdeila þau guðhræddum mönnum sem það girnast. Einnin bið ég yðar heiðursemi að skrifa prestunum til í yðar prófastsdæmi og áminna þá alvarlega að fyrirhalda sínum tilheyrendum stóra nauðsyn vora og hættusemi sem vær erum í staddir að þeir færi sér það til geðs, svo þeir þess alvarlegar og innilegar ákalli Guð um hjálp og aðstoð í Jesú nafni.

Allsmektugur Guð stýri og stjórni yðar hjörðum, geði og sinni að hlutast hér til hið besta. Einkum að áminna fólkið að það nú í tíma biðji Guð alvarlega að afvenda þessu yfirhangandi syndastraffi voru, því skyldi það snögglega ádynja þá er heldur ofseint að leita Guðs miskunnar þó hún sé alltjafnt til reiðu. Uppá náð og miskunn Guðs megum vér oss alltjafnt fullkomlega reiða, ef ei spillir óþakklæti vort, athugaleysi og andvaraleysi.

Vor Drottinn Jesús Kristus, hvörjum öll makt er gefin á himni og jörðu, hann hjálpi oss, verndi og varðveiti frá öllum vorra óvina árásum, hvort heldur þeir eru sýnilegir eður ósýnilegir, og leiði oss fyrir sína blessaða forþénustu friðsamlega til eilífrar gleði og vistarveru í himinríki eftir þetta auma og fallvalt líf. *Amen.*

Kríumálið

Hans kongelig *majestets* til Danmerkur og Noreg *etc. etc. etc.* commerce raad og amtmann yfir Íslandi.

Ég Christian Muller stefni yður Jón Jónsson prestur, búandi að Hítarnesi í Þórnessþingi, til andsvara við mig eða minn fullmegtugan til prestastefnu sem haldast skal í Þórnessþingi þann 12. október, sem er miðvikudagur næstur eftir þann 20. sunnudag eftir *trinitatis* þessa árs 1692, fyrir heiðurlegan og vellærðan prófast í greindu *districte*, séra Ásmund Eyjólfsson, og á þann stað sem téður velnefndur prófastur síns embættis vegna yður tilsegir, um þá *supplicatiu* sem í þýsku máli til mín komin er með undirskrifuðu nafni Jóns Jónssonar mpp, *dateruð* Hitternes 1691 dag 12. júní. Hvort viðstanda viljið, eða mótsegja þorið, að greinda *supplicatiu* hafið sjálfir stílað eða stíla látið, sjálfir með eigin hendi

undirskrifað eða undirskrifa látið; sjálfir innsiglað eða innsigla látið, með yðar siðvanalegu innsigli, eða öðru þar til gjörðu, eða nokkur yður samvitandi hafi það gjört? Hvar eftir mér ber alvarlega að ganga eftir kónglegrar *majestets* allranáðugustu befalningu og míns *instruxis* hljóðan.

Til þessra ofanskrifaðra spurnsmála stefni ég yður í eigin persónu mér á fyrrgreindum degi skýrlega (eður mínum fullmegtugum) að svara sem viðstanda megið og bikenndir viljið vera. En þessa mína stefnu yður löglega að auglýsa hefi ég fullmagt gefið og hér með gef velöktuðum kónglegrar *majestets* sýslumanni í Hnappadalssýslu Magnúsi Hrómundssyni.

Þessu öllu ofanskrifuðu til fullkomlegs sannindamerkis skrifa ég mitt nafn hér undir og áþrykki siðvanalegu signeti. *Actum* Bessastöðum dag 12. ágúst anno 1692, Christian Muller LS.

Þetta að vera riktuga *copiu* af *originalnum testera* dag 16. ágúst anno *et loco ut supra*, undirskrifaðir, L. H. Skieffuing, Ólafur Pétursson eh.

Þessi hér fyrir ofan skrifuð stefna var lesin af sýslumanninum Magnúsi Hrómundssyni hátt, skýrt og skiljanlega, og ekkert orð sem í stefnunni stendur ólesið eður undanfellt eftirskilið, prestinum séra Jóni Jónssyni áheyrandi þann 16. september að Hítarnesi anno 1692, okkur undirskrifuðum nálægum og áheyrandi, og því til merkis okkar nöfn með eigin höndum hér undirskrifuð, Sigurður Helgason meh, Jón Jónsson meh.

Í nafni heilagrar þrenningar

Anno 1692 þann 12. október að Syðri Görðum í Staðarsveit á héraðsprestastefnu voru þessir heiðurlegir kennimenn, séra Jón Sigurðsson, séra Árni Ámundason, séra Einar Gíslason, séra Jón Jónsson, séra Gísli Jónsson og séra Arngrímur Pétursson, samankomnir eftir bréfglegri boðan eruverðugs og vel-lærðs héraðsprófastsins séra Ásmundar Eyjólfsssonar um það málefni sem vel-eðla og velburðugur herra amtmaðurinn Christian Muller hefur með stefnu-fyrirkalli tiltalað prestinum séra Jóni Jónssyni að Hítarnesi til andsvara við sig eður sinn fullmegtugan og nefnd stefna útvísar, hvar uppá á téðum stað og degi var upplestin veleðla og velburðugs herra amtmannsins Christians Mullers fullmagt, útgefin kónglegrar *majestets* sýslumanni velöktuðum Jóni Eyjólfs-syni, hvörrar inntak er svohljóðandi, að hann gefi hönum fullmagt í greindu málefni (eftir hans stefnu hljóðan) *inquisition* og fyrirsvör hafa, og í sérhövörn máta þar úti forsvaranlega *procedera*, eftirganga og umgjöra, svo sem hann persónulega til staðar væri. Hvör fullmagt oss virðist fullkomin að lögum.

En þegar svo var komið var ei annar stefnuvotturinn til andsvara, og virðist svo þessu máli ei gegnt verða að svo stöddu og undirbúnu er nú framkom.

Þar að auki stefndi virðuglegur sýslumaðurinn Jón Eyjólfsson séra Jóni Jónssyni til áðurnefndra Syðri Garða að nýju á almennilega prestastefnu á þann 31. dag október. Því tilsegir eruverður prófasturinn séra Ásmundur Eyjólfsson sínum héraðsprestum á tilsettan stað og stefnudag að koma vel tímanlega.

Og þessu áðurskrifuðu til staðfestu eru undirskrifuð nöfn *anno, die et loco ut supra*, Ásmundur prestur Eyjólfsson meh, Jón Sigurðsson meh, Einar Gíslason mpp, Jón prestur Jónsson mpp, Gísli Jónsson mpp, Arngrímur Pétursson eh.

Ofanskriðað að vera rétt *coperað* eftir sínum *original* votta undirskrifaðir að Staðastað dag 13. október 1692, Jón Sigurðsson meh, Jón Jónsson mpp.

Upplestursbréf séra Jóns

Eftir því þeir menn Sigurður Helgason og Jón Jónsson kunna ei nú í stað að framleggja *original* þeirrar *copiu*, undir hvörja sett og skrifað er Chrian Muller, og oss er hér öllum fyrir sjónum, þá gjöri ég óverðugasti herrans þénari heyrum kunnugt, séu þessir fyrrgreindir menn Sigurður og Jón myndugir metnir eður dugtugir gjörðir stefnulestur réttan sverja, að ég þykist þá varla fá réttilegs réttargangs að njóta, því hvör hann kann eigi satt að bera um það sem hann sér og áheldur, hvör vill trúá hönum að bera vitni heyrnar sinnar um réttan lestur og framburð þeirra orða sem hann skilur ekki? Mig minnir Cicero hafi þó sagt: *Magis æstimandus oculatus testes unus, quam auriti decem*. Það er sem mér skilst, meir virðandi sé eitt sjónarvitni heldur en tíu heyrnarvitni. Þar fyrir séu þessir menn dapurlegir í aðgætni sjónarinnar, hvað mikið dapurlegri mundi Cicero hafa metið þá í aðgætni heyrnarinnar, einkum þeim óskiljanlegra orða. Hvör kynni og öðruvísi á að líta en það þessir menn hafi sig sjálfir gjört að skrökvottum, hvörjum lögin banna vitni að bera?

Fyrst er ég svo eftirtakandi að þeir hafi ósannindi framborið uppá sjálfan Guð, svo sem hefði hann skikkað sína litlu skepnu og fuglkind kríuna¹ og uppklokið hennar munni og gjört hennar fjaðrir eður fætur að lifandi skriffjöðrum, mér syndugustum til að tala, álíka og forðum þá hann upplauk ösunnar munni sem átaldi Balaam.

Í annan máta sýnist mér þeir ósatt sagt hafi uppá þann saklausa og meinlausa fugl herrans kríuna, sem öngvan áreitir, öngvum mein eður illt gjörir, að hún hafi mér stefnu stílað og tilbúið, hvörrar náttúra langtum heldur er að taka síli og kría heldur en að stefna, skrifa og lesa, því ef annars það satt reyndist

1 *kríuna*: skrifað *chriuna* í stríðni skyni og þeirri stafsetningu síðan beitt í öllu bréfinu, en hér er orðið fært til nútíðarhorfs í fegurðar skyni

væri auðséð, þótt mennirnir léti undandragast mér að tiltala, þá mundi bæði krían og allir fuglar, já og einninn steinarnir, um mitt illræði í himininn hrópa.

Í þriðja máta þykist ég sjá að þessir menn hafi mér fátækum herrans þénara hér úti ekki þá minnstu ófrægð gjört, líka sem Guð á himnum væri orðinn mér svo reiður vegna þeirra eður þeirra ódádaverka að hann hefði skikkað kríuna og allar skepnur mig að angra, ofsækja eður áreita, hvað hann hefur ekki gjört blessaður, lofuð sé hans þolinmæði.

En fyrir þann velburðuga herra amtmanninn þarf ég ekki að þykja, ég er og þess ei umkominn. Veit og ei heldur hvað mikið sá góði herra fyrir mig þykir. Vona þó jafnan hans æðalleg dyggð muni hundinn síns herra njóta láta. Samt mun fleirum sýnast að sá sem tekið hefur viðurnefni hans velburðugheita og gefið eður tillagt aumlegri lítillri fuglkind kríunni (sem hefur sitt litla gervi af vængjum og véli) og skrifar Chrian Muller, að sá sami hafi stórum óvirt hans *excellens*. Það mundi og uppá aðra síðu minnkun þykja þeim manni sem hétí Magnús, þótt sléttur sýslumaður væri, væri hann í góðra manna selskap eður náveru kallaður og sérdeilis skrifaður Mangi. En þetta mun þó virðast nokkrum mun miður útlítandi að skrifa Chrian fyrir Christian og jafnvel uppnefni gefið hans velburðugheitum. En Sigurður og Jón, sem meðkenna Chrian Muller sé orðrétt *coperað* eftir sínum *original*, bera þeir eigi og vitna að herra amtmaðurinn hafi uppnefnt sig sjálfur? Hvað eru ósannindi ef þessi eru ekki ein?

Sigurður Helgason meh, Jón Jónsson meh.

Framanskrifað bréf var upplesið á prestastefnu að Syðrigörðum, af séra Jóni Jónssyni búanda að Hítarnesi, og þar meðtekið þann 12. október 1692 með sömu undirskriftum sem það sér líkast hermir. Til merkis undirskrifuð nöfn að Staðastað dag 13. október *anno* 1692, Jón prestur Jónsson mpp, Einar Gíslason mpp, Gísli Jónsson mpp, Ásmundur prestur Eyjólfsson meh, Jón Sigurðsson meh.

Þetta framanskrifað bréf var fyrir mér undirskrifuðum upplesið, hvört ég hefi aldrei fyrr en nú heyrt né séð, og það nafn sem þar undir er skrifað, Sigurður Helgason meh, hef ég hvörki skrifað né leyft þar undir að skrifa. Hvar um til merkis ég skrifa mitt nafn hér undir í herra lögmannsins og annara dánumanna nálægð að Mávahlíð dag 20. október *anno* 1692, Sigurður Helgason með eigin hendi.

Þetta mitt skrif með eigin hendi undirskrifað lofa og forplikta ég undirskrifaður mig til á næsta prestasamfundi á Miðgörðum í Staðarsveit dag 31. október þessa árs fyrir réttinum að forsvara og viðstanda, og í eigin persónu þar nálægur vera. Til merkis undirskrifa ég mitt nafn í sama stað, ár og dag sem fyrr segir, Sigurður Helgason með eigin hendi.

Undir framanskrifað, af séra Jóni Jónssyni að Hítarnesi upplestið að Miðgörðum í Staðarsveit dag 12. október *anno* 1692, hef ég aldrei mitt nafn sjálfur skrifað né leyft að skrifa. Til merkis mitt nafn undirskrifað dag 2. nóvember *anno* 1692. Að Háanesi í Ytra Skógarness landi og Miklaholtshrepp, Jón Jónsson meh.

Afbötun séra Jóns

Eruverðugan prófastinn og heiðurlega kennimenn í Snæfellssýslu bið ég undirskrifaður auðmjúklega að yfirskoða og innfæra þessa mína afbötun á móti stefnu Jóns Eyjólfssonar.

Fyrst veit ég mig með öngri misgjörð hvörki til orða eður gjörða greindan Jón tilknúið hafa mig fátækan herrans þénara með stefnufyrirkalli ónáða eður áreita, sem mér sýnist hann og sjálfur bevísi þar hann í sinni stefnu mér öngvar sakir gefur eður getur gefið. En hvað mikið prófstefnur agtast eiga, þar um munu betur en ég velvísir dómendur réttinn vita.

Í annan máta stefnir hann mér til andsvara eftir fullmagt herra amtmannsins (að hann vænist), hvörja ég þykist ei sjá kunna að hönum gefin sé mér að stefna, heldur eftir sjálfs herra amtmannsins stefnuhljóðan forsvaranlega í málinu *procedera*, því sá góði herra mun öðrum fullmagt gefið hafa sína eigin stefnu mér löglega auglýsa.

Í þriðja máta sýnist mér að Jón Eyjólfsson ei öldungis framgangi eftir stefnuhljóðan herra amtmannsins, þar hann í sinni stefnu tilnefnir bréf sem ekkert mun umgetið í stefnu herra amtmannsins, eður *supplicatiu* sem hann segir í þýsku máli komin sé til herra amtmannsins, *dateruð* Hítarnesi. Það er Jóni sjálfum gott að geta forsvarað, en ég vona þó herra amtmaðurinn í sínu stefnuskrifi vænist sú *supplicatia* væri til sín komin sem *dateruð* sé Hitarnes, sem réttvísu dómendum mun virðast nokkuð í milli bera.

Í fjórða máta þar eð Jón Eyjólfsson stefnir mér til Syðri Garða í Staðarsveit, veit ég ei eftir hvörjum rétti og mig ekkert í greindri sveit hvörki við Jón Eyjólfsson eður nokkurn annan man það brotið hafa sem hann vald eður rétt til hafa mætti mér fyrir stefna burt úr minni sveit og sýslu vestur til áðurnefndra Syðrigarða í Snæfellssýslu, eður munu nokkuð Syðrigarðar í Staðarsveit vera þeirra varnarþing sem búa í Kolbeinsstaðahrepp og Hnappadalssýslu?

Í fimmta máta þar eð Jón Eyjólfsson stefnir mér á þann 31. dag október á þessu ári 1692, þar vill hann (að mér sýnist) með sinni stefnu mér orðsök gefa að brjóta og vanhelga tvo helga daga, sem er sunnudagurinn undanfarandi mánudeginum sem er hans stefnudagur, og þar næstur eftirfylgjandi þriðjudagur sem er hátíð allra heilagra, því að á áðursagðan dag 31. október til Syðri Garða í Staðarsveit kann hvorki ég, ei heldur prófasturinn séra Ásmundur

Eyjólfsson, séra Jón Jónsson og séra Einar Gíslason að komast, og varla séra Árni Ámundason og séra Sigurður Halldórsson, nema fyrir vanhelgun (að mér sýnist) þessara tveggja helgidaga, svo fyrir mér og þeim forsómast yrði og öldungis afrækjast vor embættisskylda og heilög guðspjónustugjörð í sérhvörjum vorra kirkjusöfnuði, án allra nauðsynja, og ég þori að segja, ekki án stórrar syndar fyrir Guði, sem oss hefur öllum boðið og sagt: Minnstu á að halda helgan hvíldardag Drottins Guðs þíns. En þar vér sjáum veraldarmennina vilja hafa oss til þeirra hluta sem opinberlega eru á móti Guðs orði og skyldu vors embættis, veit ég fyrir mitt leyti framar bera hlýða Guði en mönnum, jafnvel þó gilda skyldi vort eigið líf og blóð. Vér vitum einninn þann sem sagt hefur: Hræðist ekki þá sem líkamann aflífa *etc.*

